Lagasafn
1954 - 2. bindi

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af lagasafninu. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum útgáfum lagasafnsins án endurgjalds. Hvorki Alþingi né stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skorið af dálki 2376.
Minniháttar gallar á dálkum 1625, 1740, 2376, og 2525.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

LAGASAFN

LAGASAFN

GILDANDI LÖG ÍSLENZK VORIÐ 1954

II.

ÁRMANN SNÆVARR og ÓLAFUR LÁRUSSON
bjuggu undir prentun

GEFIÐ ÚT AÐ TILHLUTAN DÓMSMÁLARÁÐUNEYTISINS

REYKJAVÍK 1955

Félagsprentsmiðjan h.f.

III. HÉRAÐSSTJÓRN

a. Almenn ákvæði.

Lög um sveitarstjórnarkosningar.

I. kafli. — Bæjarstjórnir og hreppsnefndir. Tala bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna. Kjörtímabil og hvenær kosningar fara fram. — **1. gr.** Í hverjum kaupstað skal vera bæjarstjórn. Bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skulu skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúum. Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, ákveður ráðherra tölu bæjarfulltrúa samkvæmt tillögum hreppsnefndar. Ráðherra getur breytt tölu bæjarfulltrúa innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, samkv. tillögum bæjarstjórnar. — **2. gr.** Í hverjum hreppi skal vera hreppsnefnd. Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 mönnum. Hreppsnefnd getur breytt tölu hreppsnefndarmanna innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, með samþykki sýslunefndar. — **3. gr.** Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu kosnar til 4 ára í senn (sbr. þó 5. gr.). Um leið og kosnir eru bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa menn til vara um sama tímabil, er taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í forföllum þeirra eftir þeim reglum, sem greinir í XV. kafla þessara laga. Fer um kosninguna samkvæmt ákvæðum þessara laga. — Eigi er skylt að kjósa varamenn í hreppsnefndir þar, sem hreppsnefndarkosningar eru óhlutbundnar. — **4. gr.** Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í júnímánuði. — **5. gr.** Ef kosning bæjarstjórnar eða hreppsnefndar ferst fyrir á tilskildum og auglýstum tíma, skal efna til kosninga á ný, svo fljótt sem því verður við komið. — Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, skal kjósa bæjarstjórn, svo fljótt sem því verður við komið, nema lög ákveði annað. — Þegar hreppi er skipt, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum, svo fljótt sem því verður við komið. — Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðzt meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu hans, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný. — Nú verður bæjarstjórn eða hreppsnefnd af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð fyrir það, að varamenn eru ekki fyrir hendi til að taka autt sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá kosning fara fram á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanni og varamanni í hið auða sæti, svo fljótt sem því verður við komið. — Kjörtímabil bæjarstjórnar í nýjum kaupstað og kjörtímabil hreppsnefndar í nýjum hreppi skal aldrei standa lengur en til næstu almennra bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga. Sama gildir um bæjarstjórn, sem kosin er að nýju samkvæmt heimild 4. málsgreinar, og um bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmenn, sem kosnir eru samkvæmt 5. málsgrein þessarar greinar. — Allar kosningar, sem fara fram samkvæmt þessari grein, skulu yfirkjörstjórnir auglýsa mjög rækilega og með nægum fyrirvara, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

II. kafli. — Kosningarréttur og kjörgengi. — **6. gr.** Kosningarrétt við kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda hafa allir, karlar og konur, sem 1. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram, 2. eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá, 3. hafa óflekkað mannorð, 4. eru fjárráðir. — Um óflekkað mannorð og fjárræði gilda sömu reglur og þegar um er að ræða kosningarrétt við kosningar til Alþingis. — Kjósandi neytir kosningarréttar síns í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann er búsettur, eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja. — **7. gr.** Kjörgengir í

1936
Nr. 81
23. júní

bæjarstjórn og hreppsnefnd eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi. [Kjörgengir eru einnig þeir, sem átt hafa heimili í kaupstaðnum eða hreppnum að minnsta kosti þrjá mánuði fyrir kjördag og uppfylla skilyrði 6. gr.][1] — **8. gr.** Skylt er bæði konum og körlum, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

III. kafli. — Kjördeildir. — 9. gr. Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

IV. kafli. — Kjörstjórnir. — 10. gr. Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hreppi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum. — Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi. [Við kosningar í hreppum mega þó frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsnefnd.][2]

V. kafli. — Kjörskrár. — 11. gr. Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúarmánuði ár hvert, samtímis því, sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár í kaupstöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár eftir að þær eru samdar til 23. janúar næsta ár þar á eftir, en í öðrum hreppum frá 24. maí það ár, sem þær eru samdar, til 23. maí næsta ár á eftir. — **12. gr.** Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka: 1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. greinar þessara laga og eru, þegar kjörskráin er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til. 2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar, að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur, ef þeir hafa náð þeim aldri áður en kjörskráin gengur úr gildi, enda skal þess þá getið í athugasemd við nafn þeirra, hvaða mánaðardag þeir hafa náð fullum aldri. **13. gr.** Um allan frágang kjörskrár til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga, að öðru leyti en því, er segir í 12. gr. um það, ef vanrækt hefir verið að semja kjörskrá í tæka tíð, um aðgang almennings að kjörskrá frá því að hún hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi, fer á sama hátt sem um kjörskrá við kosningar til Alþingis. — **14. gr.** Nú eiga bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenningi, og fer um allt, er að því lýtur, á sama hátt sem um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur, þegar um kosningar til Alþingis er að ræða. — **15. gr.** Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, aðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar (sbr. 5. gr.), fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst. — **16. gr.** Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einni kjördeild við sömu bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og ekki við fleiri en einar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, sína á hverjum stað, er fara fram samtímis eða með styttra millibili en eins árs. Ef kjósandi er á kjörskrá í fleiri kjördeildum en einni eða fleiri kaupstöðum eða hreppum en einum, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns. — Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr.

1) L. nr. 103, 20. des. 1945, § 1. — 2) L. nr. 84, 11. júní 1938, § 1.

1936 Nr. 81 23. júní

12. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, annars ekki.

VI. kafli. — Framboð. — 17. gr. [Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir ¾ íbúanna eru búsettir í kauptúni, skal kjósa hlutfallskosningu. Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur, og skal þá kjósa óhlutbundinni kosningu. Í hreppum, þar sem fleiri en ¼ íbúanna eru búsettur utan kauptúns, skal kjósa hlutfallskosningu, ef ⅒ kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag. Þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þessa.][1]) — **18. gr.** Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir kjördag. Oddviti skal gefa vottorð um móttöku hvers lista. — Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu. — Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í kaupstaðnum eða hreppnum um, að þeir styðji kosningu listans. Þessir meðmælendur hvers lista mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40, og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20. — Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Úrskurði bæjarstjórnar eða heppsnefndar má aftur áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 36. gr., ef úrskurður fellur um, að bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi. — Ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, má innan þriggja daga setja mann í sæti hans á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

VII. kafli. — Umboðsmenn. — 19. gr. Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. — Um umboðsmenn við bæjarstjórnar- og hlutbundnar hreppsnefndarkosningar gilda hliðstæðar reglur við það, sem gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis.

VIII. kafli. — Kosningaundirbúningur. — 20. gr. Kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis. — **21. gr.** Jafnskjótt sem framboðsfrestur er liðinn heldur yfirkjörstjórn fund og tekur til meðferðar að úrskurða framboðslistana. Skal umboðsmönnum gefinn kostur á að vera viðstaddir, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við gildandi reglur um úrskurðun framboðslista við kosningar til Alþingis. — **22. gr.** Þegar úrskurðað er, hverjir listar verði í kjöri, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., í samræmi við gildandi reglur um lista við kosningar til Alþingis. Ef listar eru ekki bornir fram af pólitískum flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn. — Því næst gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar. Í auglýsingunni skal greina bókstaf hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð. — **23. gr.** Yfirkjörstjórn sér um gerð kjörseðla, er notaðir verða á kjörfundi við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar. — Kjörseðil við hlutbundnar kosningar skal gera þannig: — Á hæfilega stórt blað úr góðum þykkum pappír skal prenta eða fjölrita listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undir bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til aðgreiningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í .....kaupstað (hreppi),** með dagsetningu og ártali. — Kjörseðlar við óhlutbundnar kosningar skulu allir vera jafnstórir, með sama lit og úr strikuðum pappír. — Yfirkjörstjórn afhendir undirkjörstjórnum í tæka tíð jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverri kjördeild og 10% framyfir. Skal hún gæta sömu varúðar um alla meðferð kjörseðla og

1) L. nr. 24, 22. febr. 1951, § 1.

1936 Nr. 81 23. júní

ganga jafntryggilega frá þeim til sendingar og skylt er um kjörseðla til Alþingis. — Yfirkjörstjórnir skulu sjá um, að undirkjörstjórnir hafi við höndina á kjördegi öll nauðsynleg kjörgögn, eins úr garði gerð og þegar um kosningar til Alþingis er að ræða. Þannig sendir hún þeim jafnframt kjörseðlunum kjörbók til afnota við kosninguna, áritað umslög: stórt umslag með utanáskrift yfirkjörstjórnar og minni umslög undir ónýtta seðla, ágreiningsseðla og afgangsseðla, svo og handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við kosningar til Alþingis, ásamt sérprentun af þessum lögum. — Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notað er við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar. — **24. gr.** Þar, sem hreppi er ekki skipt í kjördeildir og hreppsnefndarkosning er óhlutbundin, skal vera ein kjörstjórn, og undirbýr hún kosninguna og stjórnar henni.

IX. kafli. — Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar. — 25. gr. [Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá kjörstjórum þeim, sem ákveðnir eru í lögum um kosningar til Alþingis, þegar er yfirkjörstjórnin hefur auglýst framboð.][1]) — Í kauptúnum, þar sem er sérstakur lögreglustjóri, sem ekki er jafnframt sýslumaður, er heimilt að greiða atkvæði hjá honum, og ber hlutaðeigandi sýslumanni að láta honum kjörgögn í té í þessu skyni. — Sem kjörgögn við þessa kosningu skal nota afgangs utankjörfundargögn frá kosningum til Alþingis, og fer um allt, er að kosningunni lýtur, í samræmi við gildandi ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis.

X. kafli. — Atkvæðagreiðsla á kjörfundi. — 26. gr. Um kjörstaði og útbúnað þeirra gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við bæjarstjórnar- og hlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer að öllu leyti samkvæmt gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við kosningar til Alþingis, þegar um er að ræða hlutbundnar kosningar. Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa. Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman og stingur honum niður í atkvæðakassann.

XI. kafli. — Kosningarúrslit. — 27. gr. Um það, ef ekki bjóða sig fleiri fram við bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, um talning atkvæða, um mat á gildum og ógildum atkvæðum og um úrslit kosninga, hverja skuli úrskurða kosna sem bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn og hverja varamenn, í hverri röð og hverjar atkvæðatölur þeirra séu hvers um sig, fer samkvæmt gildandi ákvæðum um kosningar til Alþingis, þegar um hlutbundnar kosningar er að ræða. — Ef um óhlutbundna kosningu er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrifa tölurnar niður jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir. — Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt. — Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða hún fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis.

XII. kafli. — Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll. — 28. gr. Tilsvarandi framferði við það, sem talið er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll við kosningar til Alþingis, er jafnóleyfilegt að viðhafa við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

XIII. kafli. — Kosningakærur. — 29. gr. Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kæruna, og bæjarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku og hreppsnefnd innan 14 daga þar frá. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til ráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til ráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja,

1) L. nr. 90, 29. des. 1953, § 1.

sett á póst innan sama tíma. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. — Að öðru leyti fer um kærur út af brotum á lögum þessum í samræmi við gildandi ákvæði um kærur út af brotum á lögum um kosningar til Alþingis.

XIV. kafli. — Kosningar innan bæjarstjórna og hreppsnefnda. — 30. gr. Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa og hreppsnefndir oddvita úr flokki hreppsnefndarmanna (sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar). — Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn, eða verður kosinn, sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt. — Nú gegnir, samkvæmt sérstökum lögum, bæjarfógeti eða lögreglustjóri bæjarstjórastörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, og fer þá um atkvæðisrétt hans, málfrelsi og tillögurétt samkvæmt því, sem segir um bæjarstjóra (borgarstjóra) í 2. málsgrein þessarar greinar. — Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af ráðherra, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði. — Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf. — Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiptingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda. — **31. gr.** Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og ennfremur hlutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o. s. frv., eftir því sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les forseti (oddviti) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A,B,C o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annarri, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista. — Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni. — Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir forseti (oddviti) þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu. — **32. gr.** Skólanefndarmenn í kaupstöðum, sáttanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

XV. kafli. — Hvernig varamenn taka sæti í bæjarstjórnum og hreppsnefndum. — 33. gr. [Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til varamanna, og skulu frambjóðendur á lista, þeir

1936 Nr. 81 23. júní

er ekki ná kosningu, vera varamenn. — Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd. — Nú hafa tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar sameiginlega lista í framboði við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og sæti eins aðalfulltrúa slíks lista losnar á kjörtímabilinu, eða hann óskar að láta varamann sitja fund í sinn stað, og skal þá sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnmálaflokki og aðalmaður sá, er um er að ræða, var fulltrúi fyrir, er hann var kjörinn, taka sæti hans í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, án tillits til þess, hver í röðinni hann er af varamönnum listans. Sé enginn úr hópi varamanna slíks sameiginlegs lista í sama stjórnmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í, taka varamenn listans sæti samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. — Varamenn hreppsnefndarmanna, kosinna óhlutbundnum kosningum, taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir. — Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan. — Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.][1])

XVI. kafli. — Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda. — 34. gr. Í hverjum hreppi skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einn varamann til sama tíma. Kosning til sýslunefndar fer fram á sama tíma og kosið er til hreppsnefndar og er stjórnað af sömu kjörstjórn. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 14 daga fyrirvara. Kosningu sýslunefndarmanna skal haga á sama hátt og hreppsnefndarkosningum. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr. — **35. gr.** Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Skal þá þegar kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Kosningu skal haga eftir fyrirmælum 33. gr. — **36. gr.** Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annarra starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafizt, og fer um kosninguna eftir fyrirmælum 30. gr.

1936 Nr. 81 23. júní

XVII. kafli. — Missir kjörgengis. Bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmanni eða sýslunefndarmanni veitt lausn eða vikið frá — 37. gr. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til ráðherra. — Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli. — Úrskurði sýslunefndaroddvita og ráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

XVIII. kafli. — Kostnaður. — 38. gr. Kostnaður við bæjarstjórnarkosningar greiðist úr bæjarsjóði. Kostnaður við hreppsnefndarkosningar greiðist úr hreppssjóði.

XIX. kafli. — Refsiákvæði. — 39. gr. Brot gegn lögum þessum varða refsingum í samræmi við refsiákvæði laga um kosningar til Alþingis.

1945 Nr. 67 12. apríl

Lög um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.[a])

I. kafli. — Um fasteignaskatt. — 1. gr. Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur,[b]) og skal hann vera eins og hér segir: 1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, allt að 2%. 2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum allt að 1%.[c]) 3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum allt að 0,5%.[d]) — **2. gr.** Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.[e]) — Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda. — **3. gr.** Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka,

1) L. nr. 18, 15. maí 1942.

a) VII, 46. — b) V, 936, VI, 11, X, 349. — c) VI, 325. — d) XII, 10. — e) V, 936, VIII, 172—3.

er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Heimilt er og að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum enn fremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúðarfjölda, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina. — **4. gr.** Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana,[a]) skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili,[b]) þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa. — Á sama hátt eru undanþegnar skatti þessum jarðræktartilraunastöðvar þær, sem reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti. — Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna. — **5. gr.** Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur. — Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er. — **6. gr.** Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. — **7. gr.** Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kauptúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett. — **8. gr.** Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938. — Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum. — **9. gr.** Nú er sýsluvegasjóðsgjald innheimt í hreppi, og má þá samanlagt sýsluvegasjóðsgjald og fasteignaskattur til sveitarsjóðs eigi fara yfir hámark það, er í 1. gr. segir.

1945 Nr. 67 12. apríl

II. kafli. — Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

— **10. gr.** Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. — Gjalddagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert. — Fé Jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun. — **11. gr.** Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er: 1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 52 12. febr. 1940. 2. Að greiða fram úr fjárhagsörðugleikum bæjar- og hreppsfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum. 3. Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir. — **12. gr.** Árlega skal verja tekjum Jöfnunarsjóðs, að því leyti sem þörf krefur eða þær hrökkva til, til jöfnunar á framfærslukostnaði milli bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum VIII. kafla framfærslulaga. — Því af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar milli sveitarfélaga samkvæmt framansögðu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, að varið skuli til að greiða fram úr erfiðleikum sveitarfélaga, sem í fjárþröng eru. — Ráðherra getur og ákveðið, að úr Jöfnunarsjóði megi verja fé til hvers þess, sem miðar að því að koma betra skipulagi á stjórn og framkvæmdir sveitar- og framfærslumálefna og til að styrkja samstarf sveitarfélaga, ef fé er fyrir hendi í sjóðnum. — Þá ákveður ráðherra einnig, hvort árlegum eftirstöðvum jöfnunarfjárins skuli skipt upp milli sveitarfélaga eða þær skuli geymdar til síðari ráðstöfunar. Þegar eftirstöðvum jöfnunarfjár er skipt milli sveitarfélaga, skal það gert í réttu hlutfalli við árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu. — **13. gr.** Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber. — **14. gr.** Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og skal

a) XXIV, 399. — b) XXI, 386—8.

1945 Nr. 67 12. apríl

hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna. — **15. gr.** Nánari ákvæði um starfrækslu Jöfnunarsjóðs setur félagsmálaráðherra með reglugerð, ef hann telur þess þörf. — Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

III. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 16. gr. Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

1940 Nr. 90 14. maí

Lög um eftirlit með sveitarfélögum.

I. kafli. — Orðaskýringar. — 1. gr. Í lögum þessum merkir orðið *sveitarstjórn* bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd, *sveitarfélag* merkir bæjarfélag og hreppsfélag, *sveitarsjóður* bæjar- og hreppssjóð, og *sveitarmálefni* merkir málefni bæjarfélags og hreppsfélags.

II. kafli. — Um verksvið eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. — 2. gr. Félagsmálaráðherra hefir yfirstjórn allra sveitarmálefna í landinu. Hann skipar eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna og setur honum erindisbréf. Ennfremur er ráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. — Eftirlitsmaður hefir að árslaunum kr. 6000.00, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Úr sama sjóði greiðist og skrifstofukostnaður eftirlitsmanns og annar kostnaður við eftirlit með sveitarfélögum samkvæmt lögum þessum. — **3. gr.** Félagsmálaráðuneytið getur krafizt af öllum sveitarfélögum, að þau láti því í té alla reikninga, skýrslur og aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd eftirlits með sveitarfélögum samkv. lögum þessum. — **4. gr.** Álits eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna skal leitað um öll málefni sveitarfélaga, sem undir félagsmálaráðuneytið falla og snerta fjárhags- og framfærslumál þeirra. Félagsmálaráðuneytið getur falið eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, en senda skal eftirlitsmaður ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig eru afgreidd. — Álits og tillagna eftirlitsmanns skal einkum leita um úthlutun þess fjár, sem árlega er veitt í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar. — **5. gr.** Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita sveitarstjórnum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið varðandi fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og hver önnur mikilsverð sveitarmálefni, sem til hans er leitað með. — Hann skal og gera tillögur til ráðuneytisins um hvert það málefni, er sveitarfélag varðar og hann kemst að í starfi sínu, ef hann telur, að betur mætti fara á annan veg eða úr þurfi að bæta. — **6. gr.** Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna annast útreikninga á jöfnunarfé því, sem sveitarfélögum er greitt samkvæmt l. nr. 69/1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.[1]) — Hann hefir umsjón með því, að jöfnunarfénu sé varið samkvæmt lögum, ákvörðun ráðherra eða fyrirmælum sveitarfélaga. — **7. gr.** Nú er sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum við ríkissjóð eða ríkisstofnun, sýslufélag, sveitarfélag, sjúkrahús, sjúkrasamlag, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður ábyrgist, og er þá rétt að verja því fé úr jöfnunarsjóði til greiðslu á þessum skuldum sveitarfélagsins. — **8. gr.** Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal hafa glöggt yfirlit yfir fjárhag og viðskipti sveitarfélaga og leitast við að halda þeim til skilsemi.

III. kafli. — Um fjárþröng sveitarfélaga. — 9. gr. Sveitarfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur snúið sér til félagsmálaráðuneytisins um aðstoð, ef ætla má, að ekki rætist úr í náinni framtíð, og skal þá veita því aðstoð samkv. fyrirmælum laga þessara. — **10. gr.** Beiðni um aðstoð skal hafa verið rædd við tvær umræður í sveitarstjórn. Skal hún lögð fram í ályktunarformi, og telst hún samþykkt, ef hún hlýtur meiri hluta greiddra atkvæða á tveim löglega boðuðum fundum. Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitsgerð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja ályktuninni. — Að samþykkt þeirri lokinni skal símleiðis eða bréflega tilkynna ráðuneytinu efni ályktunarinnar svo greinilega sem verða má. — **11. gr.** Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 10. gr., og skal þá eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna falið að rannsaka fjárreiður og hag sveitarfélagsins og gefa ráðuneytinu skýrslu um málið. — **12. gr.** Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal kynna sér nákvæmlega allan hag sveitarfélagsins og athuga í samráði við sveitarstjórn, hvort fjárhagsörðugleikum verði létt af með því að draga úr gjöldum eða auka

1940 Nr. 90 14. maí

1) Sbr. nú l. nr. 67, 12. apríl 1945.

tekjur eða hvorttveggja. Telji eftirlitsmaður það fært án þess að vanræktar séu skyldur sveitarfélagsins eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og síðan senda ráðherra tillögur sínar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum eftirlitsmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort sveitarfélaginu skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum. — **13. gr.** Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum sveitarfélags með þeim hætti, sem í 12. gr. segir, og skal þá eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna sveitarfélagsins um greiðslu skulda með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxtalækkunar. Í þeim tilgangi getur eftirlitsmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra, þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal fyrir liggja glögg skýrsla um skuldir sveitarfélagsins og eignir, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, svo að sem gleggst megi sjá raunverulegan hag sveitarfélagsins. — Ef samkomulag næst milli aðila á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið. — **14. gr.** Nú næst ekki samkomulag samkvæmt 13. gr., og skal eftirlitsmaður þá, telji hann það nauðsynlegt vegna fjárhagsafkomu sveitarfélagsins, enda verði ekki á annan veg úr bætt, láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á sveitarfélagið, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir honum með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Skal í auglýsingunni taka fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir því, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er eftirlitsmanni heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. — Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem sveitarstjórn hefir tilfært sem skuldir sveitarfélagsins, skal sannprófa, hvort framtal hennar er rétt. — **15. gr.** Að innköllunarfresti liðnum skal eftirlitsmaður, svo fljótt sem því verður við komið, semja frumvarp til skuldaskila fyrir sveitarfélagið, ef hann telur, að það þurfi að fá eftirgjafir. — Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, sem samningunum er eigi ætlað að ná til, og geta trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. — Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta sveitarfélaginu er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til. — **16. gr.** Þegar eftir að samningsuppkast það er fullsamið, sem í 15. gr. getur, skal eftirlitsmaður, með ábyrgðarbréfi eða símskeyti, tilkynna það öllum lánardrottnum, er kröfu hafa lýst, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal sveitarstjórn tilkynnt efni samningsins. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu eftirlitsmanns. — **17. gr.** Telji eftirlitsmaður, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán sveitarfélaga breytt að því er vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og ennfremur að eftirgjöf fáist að meira eða minna leyti á veðtryggðum og óveðtryggðum skuldum sveitarfélags eða lánum, sem sérstök ábyrgð er fyrir, getur eftirlitsmaður gert það að skilyrði fyrir stuðningi samkv. lögum þessum, að þær breytingar fáist á þeim lánum, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar til þess, að frambúðarlausn fáist á skuldamálum sveitarfélagsins. Til breytinga á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjafa á þeim þarf þó ætíð samþykki hlutaðeigandi veðhafa eða skuldareiganda. Sama er um lán, sem tryggð eru með ábyrgð sýslunefndar, ríkissjóðs eða annara. — **18. gr.** Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 16. gr. getur, skal eftirlitsmaður leggja fram samningsfrumvarp, svo og efnahagsreikning sveitarfélagsins og áætlun um tekjur þess og gjöld, er eftirlitsmaður hefir samið og lögð hefir verið fyrir sveitarstjórn til álita. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag sveitarfélagsins, er eftirlitsmaður getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir eftirlitsmaður heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hann telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber eftirlitsmaður frumvarpið undir atkvæði skuldheimtamanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur. — **19. gr.** Hljóti frumvarpið samþykkt skuldheimtumanna, er hafa ráð yfir meira en helmingi þeirrar fjárhæðar, sem því er ætlað

1940 Nr. 90 14. maí

að ná til, er eftirlitsmanni heimilt að úrskurða, að samþykkt þessi sé fyrst um sinn skuldbindandi fyrir alla skuldheimtumenn, og falla þá niður frekari kröfur á hendur sveitarfélaginu. — **20. gr.** Nú er samningur samþykktur á skuldheimtumannafundi, og skal hann þá, svo fljótt sem verða má, lagður fyrir ráðherra til staðfestingar. Hljóti samningurinn staðfestingu ráðherra, er hann bindandi fyrir alla, er hlut eiga að máli. — Eftirlitsmaður skal því næst sjá um, að gengið verði frá nýjum lánsskjölum og að breytingar, er gerðar hafa verið á veðlánum og öðrum lánum sveitarfélags, verði rétt færðar upp í nýju efnahagsyfirliti sveitarfélagsins, er hann semur og afhendir sveitarstjórn. — **21. gr.** Samningur haggar ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut, nema slíkt hafi verið gert að skilyrði samkv. 17. gr. — **22. gr.** Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir, sbr. þó ákvæði 17. gr.: 1. Skuldir, tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meira en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati, er fyrir liggur við samningsgerðina, framkvæmdu af dómkvöddum mönnum, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins. 2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið. 3. Forgangskröfur samkvæmt 8. kap. skiptalaganna að því leyti, sem við getur átt. 4. Skuldir tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé. Um þær gildir sama og þær, sem taldar eru undir 1. lið. — **23. gr.** Frá því er sveitarfélag hefir sent beiðni þá, er getur í 10. gr., til ráðuneytisins og þangað til samkomulagsumleitunum er endanlega lokið, má sveitarfélagið eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi. — Sveitarstjórn er óheimilt að selja eignir sveitarfélagsins eða láta af hendi verðbréf þess eða lausafé meðan samningaumleitanir fara fram. Er eftirlitsmanni skylt að hafa trúnaðarmann sinn til eftirlits með sveitarstjórn meðan samningar fara fram, geti hann eigi sjálfur komið því við. — **24. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða, að verja megi úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga árlega, þegar þess er þörf, allt að 100 þús. krónum til þess að greiða fyrir skuldaskilum illa stæðra sveitarfélaga. Getur ráðherra ákveðið, að nokkurn hluta þeirrar fjárhæðar, sem þarf, megi veita sem styrk til sveitarfélagsins, er eigi sé endurkræfur, en nokkurn hlutann sem lán, er sveitarfélaginu beri að greiða ásamt vöxtum á tilteknum tíma. Ráðherra getur ákveðið, að lánið sé afborgunarlaust eða eftir atvikum bæði vaxta- og afborgunarlaust tiltekinn tíma, ef hann telur það nauðsynlegt vegna fjárhags sveitarfélagsins. — **25. gr.** Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá sveitarfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför. — **26. gr.** Eignir sveitarfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta. — **27. gr.** Ákvæði þessa kafla taka einnig til hverrar þeirrar stofnunar, sem rekin er á vegum sveitarfélags eða sveitarfélaga, annarra en atvinnufyrirtækja, svo sem hafnarsjóða, sjúkrahúsa, vatnsveitna, rafstöðva, læknisbústaða o. s. frv. Rísi ágreiningur um, hvort sveitarstjórn eða stjórnarnefnd þess fyrirtækis, sem aðstoðar er leitað fyrir, skuli fara með mál þessara stofnana að því er lög þessi snertir, sker ráðherra úr. Aðstoðar má leita fyrir stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga, hvort heldur er eitt sér eða jafnframt því að aðstoðar er leitað fyrir sveitarfélagið sjálft. — **28. gr.** Sýslunefnd getur ákveðið, ef fjárhagur sýslufélagsins er mjög erfiður, að leita aðstoðar samkvæmt þessum kafla laganna, og fer þar um að öllu leyti eins og segir um sveitarstjórnir og sveitarfélög, og kemur þá alstaðar sýslunefnd fram í stað sveitarstjórnar, að því er við getur átt.

IV. kafli. — Um að setja megi sveitarfélag undir eftirlit. — 29. gr. Nú vanrækir sveitarfélag fjárhagsskuldbindingar sínar við ríkissjóð eða skuldbindingar, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, og ekki hefir tekizt við ítrekaðar tilraunir að ráða bót á þessum misfellum, og getur þá ráðherra ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, að liðnum 6 mánuðum frá tilkynningu ráðuneytis þar að lútandi, sé skuldin eigi greidd innan þess tíma. — **30. gr.** Sá, er skuldakröfu á eða eignast á hendur sveitarfélagi, og sé krafan ekki fulltryggð með veði, getur krafizt þess, að sveitarfélagið sé sett undir eftirlit, ef fyrir hendi eru eftirfarandi ástæður: a. Bankar og aðrar viðurkenndar lánsstofnanir geta krafizt þess, að sveitarfélag sé tekið undir eftirlit, ef skuld sveitarfélags við lánsstofnunina hefir verið í vanskilum 12 mánuði eða lengur, enda hafi sveitarfélagið á þeim tíma verið krafið

1940 Nr. 90 14. maí

um skuldina eða tilkynnt, að hún væri fallin í gjalddaga. b. Einstaklingar, félög, stofnanir, önnur sveitarfélög og aðrir, sem ekki geta talizt heyra undir a-lið þessarar greinar, geta krafizt þess, að sveitarfélag sé tekið undir eftirlit, er þeir hafa fengið dóm eða úrskurð stjórnarvalda fyrir kröfu sinni á hendur sveitarfélaginu, ef krafan er ekki greidd eða um hana gerður nýr samningur fyrir aðfarardag, enda hafi dómi eða úrskurði ekki verið áfrýjað. — Ákvæði þessi taka einnig til skuldbindinga fyrirtækja og stofnana, er sveitarfélag eða sveitarfélög reka, eða rekin eru á vegum þeirra, annarra en atvinnufyrirtækja, þó aðskilinn fjárhag hafi. — Kröfur um eftirlit skal bera fram við skiptaréttinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem sveitarfélagið er. Skiptaréttur fellir úrskurð um það, hvort skilyrði þau, er að framan greinir, eru fyrir hendi. Áður en úrskurður er upp kveðinn skal rétturinn láta birta kröfuna fyrir oddvita sveitarfélagsins með áritun um frest til andsvara. Ákveða skal að minnsta kosti 2 mánaða frest frá birtingu kröfunnar. Rétturinn leitar frekari umsagnar og upplýsinga, eftir því sem honum þykir þurfa. — Rétturinn skal senda ráðuneyti því, er í hlut á, útskrift af úrskurðinum. — **31. gr.** Þegar skiptaréttur hefir kveðið upp úrskurð um, að skilyrði til eftirlits samkvæmt 30. gr. séu fyrir hendi, ákveður ráðherra, að eftirlit skuli hafið. — Ráðherra getur þó ákveðið að fresta eftirliti og reynt skuli að leysa vandræði sveitarfélagsins samkv. III. kafla laga þessara, og skal hann þá láta boða kröfuhafa á fund samkv. 13. gr. laganna, innan 2 mánaða frá því úrskurður réttarins er orðinn bindandi fyrir sveitarfélagið. — Krafa um eftirlit fellur niður, ef sveitarfélagið og kröfuhafar koma sér saman um málið, eða ef sveitarfélagið fær samninga samkvæmt ákvæðum þessara laga, samkomulagið eða samningarnir hafa öðlazt staðfestingu ráðherra. — **32. gr.** Nú hefir ráðherra ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit samkvæmt framansögðu, og skal það þá tilkynnt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og telst eftirlit hafið frá þeim degi. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir eftirlitið á hendi. — Ráðherra getur skipað honum til aðstoðar tvo menn, ef hann telur þess þörf. — **33. gr.** Sveitarstjórn fer með mál sveitarfélags síns meðan það er undir eftirliti, með þeim takmörkunum, er leiðir af ákvæðum þessara laga. — **34. gr.** Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit og notið aðstoðar samkvæmt 36. gr., getur ráðherra ákveðið, að fjármál sveitarfélagsins skuli háð samþykki eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. Getur eftirlitsmaður þá, ef ekki næst samkomulag um meðferð fjármála sveitarfélagsins milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar, tekið í sínar hendur innheimtu allra tekna. Ennfremur hefir hann þá einn rétt til að ávísa fé úr sveitarsjóði og skuldbinda sveitarfélagið á annan hátt fjárhagslega, nema um annað semjist við sveitarstjórn. Hann getur einnig, með samþykki ráðuneytisins, ákveðið hvenær og hvernig niðurjöfnun útsvara fer fram, og um notkun annarra tekjustofna, er sveitarfélagið hefir. — **35. gr.** Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit og fjárhagur þess hefir verið athugaður af eftirlitsmanni og athugasemdir hans gerðar sveitarstjórn kunnar, skal sveitarstjórn semja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið fyrir tiltekið tímabil, sem þó má eigi lengra vera en hálft annað ár. Skal eftirlitsmaður athuga nákvæmlega alla liði áætlunarinnar og ganga úr skugga um, að þeir séu í samræmi við reynslu síðustu ára. — **36. gr.** Nú telur eftirlitsmaður, að tekjur sveitarfélags samkvæmt fjárhagsáætlun hrökkvi ekki til að standast útgjöldin, og er ríkisstjórn þá heimilt að ákveða, að sveitarfélaginu skuli veitt sú aðstoð, er nægileg megi teljast, og í því formi, sem ríkisstjórnin ákveður, að þar til fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. — **37. gr.** Nú gerir ráðherra þær ráðstafanir, er í 36. gr. segir, og skal þá eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna semja nýja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið og senda hana ráðherra til staðfestingar. — Staðfestingu ráðherra þarf einnig á fjárhagsáætlun, saminni af sveitarstjórn samkvæmt 35. gr., þó eigi komi til aðstoðar þeirrar, er í 36. gr. getur. — **38. gr.** Nú hefir ráðherra staðfest fjárhagsáætlunina, og er hún þá bindandi fyrir sveitarstjórn og eftirlitsmann, og má ekki greiða úr sveitarsjóði meira af neinum lið áætlunarinnar en þar er ákveðið. Er reikningshaldari persónulega ábyrgur fyrir því, að þessa sé fyllilega gætt. — **39. gr.** Reikningshaldi sveitarfélags, sem er undir eftirliti, skal svo fyrir komið, að ávallt megi sjá, hve mikið hefir verið greitt af hverjum lið áætlunarinnar. — Reikningshaldari sveitarfélagsins er skyldur að gera sveitarstjórn aðvart um, ef hann telur, að svo langt sé komið út-

1940 Nr. 90 14. maí

1940 Nr. 90 14. maí

gjöldum á einhverjum áætlunarlið, að ætla megi, að hann þrjóti áður en reikningsárið er úti. — Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal reikningshaldari senda eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna eða trúnaðarmanni hans greinilega skýrslu um, hvað greitt hafi verið af hverjum lið áætlunarinnar og hvað inn hefir komið af tekjum. — **40. gr.** Nú kemur það í ljós, að einhver liður fjárhagsáætlunarinnar muni of lágt áætlaður, eða óviðráðanleg atvik valda óeðlilegum útgjöldum, og skal þá sveitarstjórn taka málið fyrir á fundi og gera ályktun um hækkun þess útgjaldaliðar og jafnframt gera tillögur um, á hvern hátt tekna skuli aflað til að standast útgjöldin. — Tillögur þessar skulu þegar í stað sendar eftirlitsmanni, bréflega eða símleiðis. Telji hann nauðsyn bera til þessara breytinga, leggur hann málið fyrir ráðherra. — **41. gr.** Nú er fjárhagsáætlun samin og ekki hefir verið notuð heimild 36. gr. og það kemur í ljós, að tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum, og er ráðherra þá heimilt að veita aðstoð samkv. 36. gr. eða hækka útsvör hlutfallslega. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir á hendi allt eftirlit með því, hvernig slík heimild er notuð, svo og annar skattaálöguréttur sveitarfélagsins. — **42. gr.** Ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag, sem er undir eftirliti, skuli tekið til skuldaskila samkvæmt ákvæðum 14.—25. gr. þessara laga. — **43. gr.** Ráðherra setur, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, reglur um meðferð þeirra málefna sveitarfélags, sem er undir eftirliti, og ekki geta fallið undir verksvið sveitarstjórnar, eða ekki fæst samkomulag um meðferð á milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar. Skulu þær reglur gilda um tiltekinn tíma. Ráðherra má framlengja reglur þessar eða breyta þeim meðan sveitarfélagið er háð eftirliti. — **44. gr.** Eftirlitsmaður getur, að þar til fengnu samþykki ráðherra og eftir að sveitarstjórn hefir gefizt kostur á að láta í ljós álit sitt, selt fasteignir og aðrar eignir sveitarfélags, sem er undir eftirliti, ef það þarf þeirra ekki með til starfsemi sinnar. Honum er og heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að leigja eignir slíks sveitarfélags eða fela öðrum rekstur þeirra, ef hann telur það munu betur fara en í höndum sveitarstjórnar. — **45. gr.** Sérhver starfsmaður sveitarfélags, sem er undir eftirliti, er skyldur til að fara í starfi sínu eftir þeim fyrirmælum og ákvörðunum, sem eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna eða umboðsmaður hans gefur. — **46. gr.** Nú hefir sveitarfélag notið aðstoðar samkvæmt 36. gr., og getur þá ráðherra vikið frá starfsmönnum þess, þar á meðal bæjarstjóra eða oddvita, og sett aðra í þeirra stað um tiltekinn tíma, ef hann telur vonlaust, að nægilegur árangur náist á annan hátt, eða starfsmaður óhlýðnast eða vanrækir fyrirmæli eftirlitsmanns eða laga. — **47. gr.** Ef stjórn sveitarfélags, sem er undir eftirliti, stofnar til skulda án samþykkis eftirlitsmanns, ber sveitarfélagið eigi ábyrgð á þeim. — **48. gr.** Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, tekur eftirlitið jafnt til stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins sem sveitarfélagsins sjálfs. Þó getur ráðherra ákveðið, að eftirlitið taki ekki til þessara stofnana og fyrirtækja, ef fjárhagur þeirra er svo góður, að hann telur enga nauðsyn bera til að láta eftirlitið taka til þeirra.

V. kafli. — Ýms ákvæði. — 49. gr. Samþykki sýslunefndar þarf ekki til þeirra ráðstafana, sem taldar eru í 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, þegar um er að ræða hreppsfélag, sem sett hefir verið undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, ef samþykki ráðherra er fengið fyrir þeim ráðstöfunum, er eftirlitsmaður telur nauðsynlegt að framkvæma. — **50. gr.** Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna um framkvæmdir mála eða önnur atriði samkvæmt lögum þessum, sker ráðherra úr þeim ágreiningi, en gilda skulu fyrirmæli eftirlitsmanns þar til ráðherra hefir hrundið þeim.

1940 Nr. 90 14. maí

Lög um hreppskilaþing.

1921 Nr. 69 27. júní

1. gr. Í hverjum hreppi og í kaupstað skulu menn eiga með sér tvö hreppskilaþing ár hvert, vorþing 1. til 20. júnídag og haustþing 1.—20. októberdag. Skyldur er hver búandi og aðrir, sem lögskil eiga að gera á hreppskilaþingi, að sækja það, eða setja gildan mann í sinn stað, nema forföll banni. Hver, sem ekki sækir né lætur sækja hreppskilaþing og hefir eigi lögmæt forföll, verður sektaður um 5 kr. — **2. gr.** Hreppstjóri eða bæjarfógeti skal kveðja til hreppskilaþings með hæfilegum fyrirvara með þingboði, sem berist boðleið um allan hreppinn. Hver, sem tefur þingboð um skör fram eða glatar því, er sekur um 5 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, eða gildar afsakanir séu fyrir hendi.

1921 Nr. 69 27. júní — **3. gr.** Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Mál útaf brotum gegn þeim skulu rekin sem almenn lögreglumál.

b. Sveitir og sýslur.

1927 Nr. 12 31. maí **Sveitarstjórnarlög.**

I. kafli. — Umdæmi. — 1. gr. Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk. — **2. gr.** Sýslum má eigi fækka né fjölga, né heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sérstökum lögum. — **3. gr.** Atvinnumálaráðherra hefir heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem í 4. gr. segir. — **4. gr.** Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þess farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

II. kafli. — Stjórn. — 5. gr. Stjórn sveitarmálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir. — a. Skipun hreppsnefnda o. fl. — 6. gr. Um tölu hreppsnefndarmanna, kosningarrétt og kjörgengi í hreppsnefndir, kjörtímabil og annað, sem lýtur að kosningu í hreppsnefndir, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita.[1]) — **7. gr.** Nú er hreppi skipt eða hreppar sameinaðir, og ákveður þá ráðherra eftir tillögum sýslunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hinna nýju hreppa, og skipar fyrir um kosningar, er af skiptingunni eða sameiningunni leiða. — **8. gr.** Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elzti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa oddvita. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deildarkosninga). Ef oddviti deyr eða gengur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eftir er af oddvitakjörtímanum. — Elzti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu. — Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sérstök störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða lengur, eða haft önnur sérstök störf á hendi fyrir nefndina, skorazt undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi. — Hreppsnefnd hver skal kjósa varaoddvita, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorazt undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita. — Sá er rétt kosinn oddviti eða varaoddviti, er fengið hefir meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan fengu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana. — Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita. — **9. gr.** Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sér um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir framkvæmdar. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á. — Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 8. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast bréfagerð um einstök mál eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur, o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um allt slíkt. — Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (8. gr.) — **10.**

1) L. nr. 81, 23. júní 1936.

1927 Nr. 12 31. maí

gr. Hreppsnefndin skal halda að minnsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, og auk þess svo oft, sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minnsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess. — Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund. — **11. gr.** Hreppsnefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sé um einhverja kosningu að ræða og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eftir 8. gr. — Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun. — 12. gr. Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum,[1]) undir yfirstjórn sýslunefndar. — Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sérstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og annast störf, er að því lúta (8. og 9. gr.). — **13. gr.** Hreppsnefnd hefir þau afskipti af útsvarsmálum, sem lög um útsvör[2]) ákveða. — **14. gr.** Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefir not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sé haft í góðu lagi. Hún annast um, að landamerki afréttar hreppsins og jarða hans séu ákveðin og jafnan glögg. — **15. gr.** Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrétta hreppsins og um fjallskil og réttir, smalanir afrétta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna, og gera ráðstafanir til að eyða refum, allt eftir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar[3]) o. s. frv. nánar ákveða.[a]) — **16. gr.** Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því að láta fénað sinn verða horaðan eða horfella.[4]) — **17. gr.** Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eftir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni. — **18. gr.** Hreppsnefnd hefir heimild til án milligöngu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi, og ennfremur á því að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar. — **19. gr.** Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sérstaka sveit, til lykta ráðið fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri. — **20. gr.** Tekjur sveitarsjóðs eru: 1. Útsvör. 2. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald. 3. Vextir af innstæðufé og leigufé. 4. Hundaskattur. 5. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans. 6. Frá öðrum hreppum: a) endurgjald á veittum þurfamannastyrk; b) endurgjald fyrir önnur viðskipti. 7. Óskilafjárverð. 8. Sektir eftir sættum eða dómum. 9. Gjald af síldarveiði og ufsa með nót. 10. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur. — **21. gr.** Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eftir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði. — **22. gr.** Útgjöld til skriffæra, bréfasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eftir reikningi. — Allt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega. — **23. gr.** [Oddviti skal hafa að launum um árið fimm krónur fyrir hvern mann í hreppnum samkvæmt manntali þess árs, er hann tekur laun fyrir, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum. — Á laun oddvita, önnur en innheimtulaun, greiðist verðlagsuppbót eftir almennri vísitölu, eins og hún á hverjum tíma er greidd á laun starfsmanna ríkisins. Oddvitar skulu og framvegis njóta sömu og sams konar launahækkana og opinberir starfsmenn hljóta hjá ríkinu og ríkisstofnunum.][1]) — **24. gr.** Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur: 1. Sveitarbók. Í hana skal rita: a) skýrslu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau, b) ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshald-

1) L. nr. 80, 5. júní 1947. — 2) L. nr. 66, 12. apríl 1945. — 3) L. nr. 56, 25. maí 1949. — 4) Sbr. l. nr. 44, 11. júlí 1911, l. nr. 19, 22. marz 1948, l. nr. 56, 15. nóv. 1934, l. nr. 73, 14. nóv. 1917 og l. nr. 80, 23. júní 1936. — a) XIX, 230, XXII, 222.

1) L. nr. 34, 14. marz 1951, § 1.

ara og úrskurðum sýslunefndar; ennfremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur. 2. Bréfabók, sem rita skal í orðrétt þau bréf, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum. 3. Kassabók, sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út. 4. Dagbók yfir innkomin bréf, eftir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til. 5. Kjörbók, til að rita í atkvæði til hreppsnefndarkosningar. — Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði. — **25. gr.** Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið almanaksár, og skal hann gerður eftir fyrirmynd, er ráðherra býr til. — Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess skal hann endurskoðaður af manni, sem til þess er kjörinn á hausthreppskilaþingi ár hvert. Undan þeirri kosningu getur enginn skorazt, sá er hefir kosningarrétt og kjörgengi til hreppsnefndar. — Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir 20. janúarmánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 5. febrúarmánaðar. Fyrir 10. febrúarmánaðar næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 39. gr. — Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur hreppsins. — Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari einnig gera reikning fjallskilasjóðs hreppsins síðastliðið almanaksár. Skal öll hreppsnefndin og rannsaka þann reikning og bera ábyrgð á, að hann sé réttur. Um yfirskoðun þess reiknings og úrskurðun skulu gilda öll hin sömu fyrirmæli sem um reikning hreppsins. — **26. gr.** Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum eða sýslunefndin hefir samþykkt. — **27. gr.** Um kosningar í hreppsmálefnum, ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, ellistyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, þurrabúðir, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, sauðfjárbaðanir og annað, er hreppinn varðar og eigi er sérstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög ákveða. — **28. gr.** Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess, að ályktun hreppsnefndarinnar sé gild í þessum greinum: 1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni. 2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum. 3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (23. gr.). 4. til þess að á nokkru ári verði að samantöldu lögð á hreppsbúa meiri útsvör en svo, að nemi fimmtungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áburgreinda meðaltalsupphæð. 5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni. 6. til þess að eyða innstæðufé sveitarinnar. 7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meira eða sé fyrir lengri tíma en það verði borgað aftur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán eða lengja borgunartíma þess. — Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á lögmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, og fallist þá ¾ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minnsta kosti 8 daga fyrirvara, enda sé þar tiltekið, hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum. — **29. gr.**[a]) Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með bréfi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

a) VI, 71—2.

— **30. gr.** Nú vanrækir hreppsnefnd að inna af hendi lögboðnar greiðslur eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda, og getur sýslumaður þá lagt dagsektir við, ef ekki er bætt úr innan ákveðins tíma, því er áfátt var. Slíkar sektir má tiltaka í ábyrgðarbréfi til oddvita, en ekki mega þær falla á fyrr en svo langur tími er liðinn frá dagsetningu bréfsins, að hæfilegt sé til þess að bæta úr því, sem átalið var. Sektir þessar má taka lögtaki í eignum oddvita eða þess hreppsnefndarmanns, sem sérstaklega hafði verið falið að annast það starf, sem áfátt var (9. gr.), ef hann á sök á drættinum. — Ákvörðun sýslumanns um sektir eftir þessari grein má skjóta til ráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

B. Sýslunefndir. — a. Skipun sýslunefnda. — **31. gr.** Um tölu sýslunefndarmanna, kosningarrétt og kjörgengi í sýslunefndir, kjörtímabil og annað, sem lýtur að sýslunefndarkosningu, fer eftir lögum um kosningar í málefnum sveita. — Sýslumaður er oddviti sýslunefndar. — **32. gr.** Nú er sýslunefndarmaður forfallaður, svo að hann getur ekki sótt sýslufund, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt fund. — Varasýslunefndarmaður hefur sömu skyldur og réttindi sem sýslunefndarmaður. — **33. gr.** Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, aðeins til þess tíma, er eftir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann. — **34. gr.** Um skyldu til þess að taka við kosningu í sýslunefnd gilda sömu reglur og um skyldu til þess að taka sæti í hreppsnefnd. — **35. gr.** Sýslunefndin skal eiga að minnsta kosti einn fund á ári, eftir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti. — **36. gr.** Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. — Hver nefndarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið. — **37. gr.** Oddviti stjórnar umræðum og sér um, að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar og annað er henni við kemur. Hann geymir innstæðufé sýslunnar, skuldabréf og aðrar eignir sýslufélagsins. — Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þesskonar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði. — Öll sýslunefnd hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun. — **38. gr.**[a]) Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar og leggur fullnaðarúrskurði á mál þau, er samkvæmt 15., 25. og 28. gr. laga þessara og lögum um kosningar í málefnum sveita og lögum um útsvör liggja undir hana, og svo á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löglegum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sér í sveitarstjórnarathöfnum sínum eftir lögum og löglegum fyrirskipunum. — Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld, eða leitt hjá sér að framkvæma einhverja ráðstöfun, sem hún er skyld til og ekki fellur undir 30. gr., eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sé kippt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana. — **39. gr.** Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni og fjallskilareikninga (sbr. 25. gr.). Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar

a) XXII, 222.

fyrir 10. dag marzmánaðar, og ber oddvita að svara þeim fyrir 31. marz næst á eftir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eftir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna og sendir hagstofunni. — Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eftir því sem nefndin ákveður. — **40. gr.** Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eftir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni, enda skýri hún ráðherra ýtarlega frá gerðum sínum í því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær séu jafnan í góðu lagi og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á þrem mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn í hreppi eða tveir. Hún annast um, að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk í allri sýslunni. — **41. gr.** Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila, og sömuleiðis á vorum til rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykkt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana ráðherra, sem getur veitt henni lagagildi. — **42. gr.** Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sérstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda ráðherra tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri. — **43. gr.** Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið. — **44. gr.** Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir yfirstandandi reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti, sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, skal jafna því, sem á vantar, niður á hreppsfélög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, allt í hverjum hreppi fyrir sig. — Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfélag, skal greitt úr sveitarsjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi. — **45. gr.** Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda, eftir reikningi hans, það, sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum féð. — **46. gr.** Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 7 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aftur. — **47. gr.** Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum eða það sé ákveðið af sýslunefndinni. — **48. gr.** Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins. — **49. gr.** Í janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta febrúarmánaðar senda oddvita aftur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eftir rannsakar sýslunefndin reikninginn í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara við þeim, og úrskurðar síðan reikninginn. — Reikninginn á að semja eftir áætlun þeirri, sem nefnd er í 44. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti ráðherra til yfirlits með næsta pósti eftir að reikningurinn var úrskurðaður. — Fyrir lok júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þess að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eftirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um, að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eftirrit þessi fær sýslumaður 1 kr. fyrir hverja örk, og skal það og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði. — Öll sýslunefndin hefir áyrgð á, að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur sýslufélagsins. — **50. gr.** Um menntamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, ellistyrktarsjóði, alþingiskosningar, verzlunarleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinar atvinnumála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eftir því sem lög ákveða. — **51. gr.** Þyki

1927 Nr. 12 31. maí

1927 Nr. 12 31. maí

oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda ráðherra tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eftirrit af skýrslunni. Ráðherra sker úr ágreiningnum. — **52. gr.** Með næsta pósti eftir sýslunefndarfund skal oddviti senda ráðherra endurrit af gerðabókinni til athugunar.

1951 Nr. 19 14. febr.

Lög um sveitarstjóra.

1. gr. Í hreppi, þar sem eru fleiri en 500 íbúar, er hreppsnefnd heimilt að fela sérstökum sveitarstjóra stjórn og framkvæmd hreppsmála. — **2. gr.** Ákveði hreppsnefnd að nota heimild 1. gr. laga þessara, skal hún auglýsa starf sveitarstjóra og taka við umsóknum um það. — Á löglega boðuðum hreppsnefndarfundi skal greiða atkvæði um framkomnar umsóknir, og er sá ráðinn, sem flest fær atkvæði. Nú eru atkvæði jöfn við endurtekna atkvæðagreiðslu, og skal þá hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. — **3. gr.** Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Ekki er skylt að binda ráðningu sveitarstjóra við kjörtímabil hreppsnefndar eða önnur ákveðin tímamörk. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir. — **4. gr.** Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 3. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði. — **5. gr.** Sveitarstjóri fer með störf þau, sem oddvita eru falin í sveitarstjórnarlögum, önnur en stjórn á fundum hreppsnefndar, og hefur á hendi framkvæmd málefna sveitarfélagsins. Hann annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. — Að öðru leyti skal starfsvið sveitarstjóra og verkaskipting milli hans og oddvita nánar ákveðin í samþykkt um stjórn málefna sveitarfélagsins, sem hreppsnefnd semur, en félagsmálaráðuneytið staðfestir. — **6. gr.** Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. — **7. gr.** Nú hefur sveitarstjóri tekið við starfi, og falla þá niður launagreiðslur til oddvita úr sveitarsjóði samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, en heimilt er hreppsnefnd að ákveða oddvita þóknun fyrir störf hans. — **8. gr.** Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

1951 Nr. 19 14. febr.

Lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

1945 Nr. 108 31. des.

1. gr. [Sýslunefnd er skylt][1]) að gera byggingarsamþykkt fyrir sýsluna. Undanþegnir þessu ákvæði eru löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt l. nr. 19 frá 20. okt. 1905. — Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar sérstaka samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar sýslunnar. — **2. gr.** Sýslunefnd skal kjósa nefnd manna, er semur frumvarp að byggingarsamþykkt og leggur það síðan fyrir sýslunefnd til samþykktar. — Sýslunefndin kveður að því loknu til fulltrúafundar á því svæði, er samþykktinni er ætlað að ná til, og skal hver hreppsnefnd tilnefna 2 fulltrúa á fundinn. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar til fundar og stjórnar honum. — **3. gr.** Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefur áður samþykkt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með ⅗ atkvæða mættra fulltrúa, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Samþykki fundurinn breytingar á frumvarpinu, skal það aftur lagt fyrir sýslunefnd, og getur hún enn breytt því, þó því aðeins, að ⅔ sýslunefndar greiði þeim breytingum atkvæði. Skal frumvarpið síðan sent stjórnarráðinu til staðfestingar. Vilji stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktarinnar, þá skal leggja þær breytingar fyrir sýslunefnd. Samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykktina, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð. — Frumvarp til

1) L. nr. 26, 1. apríl 1948, § 1.

samþykktar, sem ekki hefur náð ⅗ greiddra atkvæða á fulltrúafundi, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni, fyrr en á næsta aðalfundi hennar. — Staðfestar byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna. — **4. gr.** [Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í hverjum hreppi skuli vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd, og jafnmargir til vara. Kosning fer fram að afloknum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangs tíma og hreppsnefndarinnar.][1]) — [**5. gr.** Heimilt er sýslunefndum að ráða byggingarfulltrúa. Skal teiknistofa landbúnaðarins samþykkja ráðningu þeirra. — Laun byggingarfulltrúa greiðist að hálfu af viðkomandi sýslusjóðum eða öðrum aðilum innan héraðsins, en heimilt er sýslunefndum að jafna því niður jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af heildarfasteignamati jarða og húsa með lóðum. Þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5‰ af fasteignamatinu. — Byggingarsjóður greiðir helming kostnaðarins. — Greiðsla byggingarsjóðs er háð þeim takmörkunum: 1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir 7. 2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi: 1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla. 2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla. 3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla. 4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur. 5. Norður- og Suður-Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla. 6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla. 7. Gullbringu- og Kjósarsýsla. 3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga. — **6. gr.** Nú óskar sýslunefnd, að komið verði á samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa fyrir hlutaðeigandi byggingarumdæmi, sbr. 5. gr., 2. tölul., undirtölulíði 1—7, og gerir sýslunefnd þá frumvarp að samþykkt þar að lútandi og sendir öllum sýslunefndum innan byggingarumdæmisins. Hljóti samþykktin ⅗ atkvæða allra sýslunefndarmanna á samþykktarsvæðinu, er hún bindandi fyrir öll sýslufélög innan þessa byggingarumdæmis. Nái samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki löglegu samþykki samkv. 2. málslið þessarar greinar, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr byggingarsjóði, miðað við matsverð fasteigna á svæðinu borið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.][1]) — **7. gr.** Í byggingarsamþykktum skulu vera fyrirmæli um: 1. Að ákveða legu og afstöðu nýrra bygginga úr varanlegu efni, sömuleiðis bygginga, þótt ekki séu úr varanlegu efni, ef þeim er fyrirhugaður staður fast við íbúðarhús eða í nágrenni þess. 2. Eftirlit með byggingarframkvæmd þeirri, er um ræðir í 1. lið. Byggingarnefnd hefur í því sambandi heimild til að heimta, þegar byggja skal nýtt hús, að uppdráttur af húsinu sé lagður fram, að þær breytingar séu gerðar á húsinu, er henni þykir ástæða til, og ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnurekstrar, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin sem henni þykir þörf á eða gildandi lög um brunamál skipa fyrir. Enn fremur hafi nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og hafi eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. 3. Að enginn megi byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. 4. Að ef einhver byrji á smíði slíkra húsa án leyfis nefndarinnar eða byggi öðruvísi en hún hefur ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renni í sýslusjóð, og þar að auki geti nefndin látið rífa niður á kostnað eiganda, það sem gert hefur verið, ef henni þykir ástæða til. Sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem lög þessi taka til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar. 5. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni. 6. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt er samkvæmt þeim reglum, er þar um gilda. Þar, sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, er heimilt að ákveða, að hlutaðeigandi stjórn mjólkurbús hlutist til um, að byggingarfulltrúi fái afrit af skýrslu dýralæknis um þau atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sam-

1) L. nr. 26, 1. apríl 1948, § 2.

1) L. nr. 26, 1. apríl 1948, § 3.

1945 Nr. 108 31. des.

1945 Nr. 108 31. des.

bandi. — **8. gr.** Verkefni byggingarnefndar er: 1. Að veita byggingarleyfi. 2. Að hafa umsjón með því, að byggingarsamþykktum og skipulagsuppdráttum sé fylgt. — **9. gr.** Hver byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn fund á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegum framkvæmdum. — Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara, enda hafi byggingarfulltrúi undirbúið fundinn, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja. — Nefndin skal halda sérstaka fundarbók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðist af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði. — **10. gr.** Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila. — **11. gr.** Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi: 1. [Fara um byggingarumdæmið og leiðbeina íbúum þess um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í umdæminu ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.][1] 2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í byggingarsamþykkt. — **12. gr.** Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkv. l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og er þá stjórn þeirra mála heimilt að ráða byggingarfulltrúa, sem starfar á því svæði, er samþykktin gildir fyrir, til þess að hafa á hendi jafnframt því starfi sínu framkvæmdastjórn við hinar fyrirhuguðu byggingarframkvæmdir að fengnu samþykki sýslunefndar og teiknistofu landbúnaðarins. — **13. gr.** [Sýslunefndir í sama byggingarumdæmi hafa heimild til,][2] í samráði við byggingarfulltrúa og teiknistofu landbúnaðarins, að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa úr varanlegu efni, svo sem styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu, raflagnir o. s. frv. Reglugerð þessi öðlast því aðeins gildi, að hún hafi hlotið staðfestingu stjórnarráðsins. — **14. gr.** Með mál um brot á samþykktum, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

1) L. nr. 26, 1. apríl 1948, § 4. — 2) Sömu l., § 5.

1945 Nr. 108 31. des.

Lög um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.[1])

1919 Nr. 48 28. nóv.

1. gr. Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugerð um . . . þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugerðir um, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905,[2]) skal hún senda frumvarp sitt stjórnarráðinu til samþykktar og löggildingar. Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hve nær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Stjórnarráðið sér um, að reglugerðin sé prentuð í Stjórnartíðindunum, B-deildinni. — **2. gr.** . . .[3]) — **4. gr.** Í reglugerð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugerð, frá 10—500 krónur. Sektir renna í sveitarsjóð þar sem brot er framið . . .[3]) — **5. gr.** Með brot gegn löggiltum reglugerðum skal farið sem almenn lögreglumál.

1877 Nr. 31 14. des.

Lög um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu, hvorri fyrir sig, í tvö sýslufélög.

1. gr. Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu, hvorri um sig, skipt í tvö sýslufélög; skilur Reykjaheiði sýslufélög Þingeyjarsýslu, en Skeiðarársandur sýslufélög Skaftafellssýslu, eins og sýslur að fornu. Hvort þessara sýslufélaga hefir sinn fjárhag og sveitarmálefni út af fyrir sig. . . .

1887 Nr. 27 2. des.

Lög um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufélög.

1. gr. Að því, er stjórn sveitarmálefna snertir, skal Barðastrandarsýslu skipt í tvö sýslufélög. — Í öðru sýslufélaginu eru þessir hreppar: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Eyjahreppur. — Hitt sýslufélagið nær yfir vestur-

1) Sbr. l. nr. 56, 25. maí 1949. — 2) Sbr. nú l. nr. 12, 31. maí 1927, § 41. — 3) L. nr. 44, 19. maí 1930.

1887 Nr. 27 2. des. hluta sýslunnar og eru í því þessir hreppar: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Dalahreppur og Suðurfjarðahreppur. — Hvort sýslufélagið hefir sinn fjárhag og sveitarmálefni fyrir sig. . . .

1896 Nr. 3 6. marz **Lög um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufélög.**

1. gr. Að því er stjórn sveitarmálefna snertir, skal Ísafjarðarsýslu skipt í tvö sýslufélög. — Annað sýslufélagið heitir Vestur-Ísafjarðarsýsla, og eru í því þessir hreppar: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Hitt sýslufélagið heitir Norður- Ísafjarðarsýsla, og eru í því þessir hreppar: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. — Hvort sýslufélagið hefir sinn fjárhag og sveitarmálefni fyrir sig. . . .

1903 Nr. 22 3. okt. **Lög um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög.**

1. gr. Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Kjósar- og Gullbringusýslu skipt í tvö sýslufélög. Annað sýslufélagið er hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarneshreppur. Hitt sýslufélagið er Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. — Hvort sýslufélagið hefir sinn fjárhag og stjórn sveitarmálefna fyrir sig . . .

1907 Nr. 77 22. nóv. **Lög um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög.**

1. gr. Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Húnavatnssýslu skipt í tvö sýslufélög. — Annað sýslufélagið heitir Austur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir hreppar: Vindhælishreppur, Engihlíðarhreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Svínavatnshreppur, Torfalækjarhreppur, Sveinsstaðahreppur og Áshreppur. — Hitt sýslufélagið heitir Vestur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir hreppar: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. — Hvort sýslufélagið hefir sinn fjárhag út af fyrir sig . . . .

c. Kaupstaðir og kauptún.

1921 Nr. 55 27. júní **Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.**

I. Um mælingar bæja. — 1. gr. Í öllum íslenzkum kauptúnum og sjávarþorpum, sem hafa [200][1]) íbúa eða fleiri, skal mæla vandlega höfnina, allt svæðið, sem kauptúnið er byggt á, og eigi minna land umhverfis en ætla má að fullnægi vexti kauptúnsins í næstu 50 árin. Eftir mælingum þessum skal síðan gera uppdrátt af höfninni, bænum og nágrenni hans. Undanþegnir eru þó þeir bæir, sem áður hafa látið mæla land sitt og gera uppdrætti af því, sem fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerðar þeirrar, sem ræðir um í 5. gr. Þá má og undanfella að mæla höfnina, ef sæmilegir uppdrættir eru til af henni, eða hvorki eru líkindi til þess að hún verði endurbætt, henni lokað eða hafskipabryggja gerð, né útvegur geti eflzt í bænum á næstu áratugum. — **2. gr.** Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ annast mælingarnar og lætur gera uppdrættina, en verkið skal unnið af mælingarfróðum mönnum, sem stjórnarráðið samþykkir og telur hæfa til þess. Það getur krafizt þess, að verkfræðingur leysi verkið af hendi, sérstaklega ef bærinn er fjölmennur eða mælingin vandasöm. — **3. gr.** Allur kostnaður við mælingar og uppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði. — **4. gr.** Stjórnarráðið ákveður með hæfilegum fyrirvara, hvenær byrja skuli á mælingum, og um leið hvenær uppdráttum skuli lokið í hverjum bæ og hvenær eftirrit af þeim og lýsingum, sem þeim fylgja, skuli send stjórnarráðinu. — **5. gr.** Stjórnarráðið semur reglugerð[2]) um mælingarnar og hversu uppdrættir skuli gerðir, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi skilyrðum: a) Mælikvarði sé eigi minni en 1:1000. Réttar áttir (hánorður) séu sýndar. b) Á uppdrættina skulu markaðar allar byggingar og helztu mannvirki, sem byggð eru þegar uppdráttur er gerður, allar útmældar lóðir, bryggjur, götur og vegir, vatnsból, vatnsveita og frárennslispípur neðanjarðar, opin ræsi og síma- og rafmagnsleiðslur. c) Mishæðir á landi skulu sýndar með hæðarlínum frá ákveðnu sjávarmáli, og ákveður stjórnarráðið, hve þéttar þær skuli vera í hverjum bæ. d) Jarðveg skal

1) L. nr. 64, 11. júní 1938, § 1. — 2) Sbr. rgj. nr. 18, 15. marz 1922.

merkja með litum eða glöggum merkjum, svo sjá megi, hvað ræktað er og hvernig (tún, garðar), og hversu óræktaða landið er (klappir, sandur, móar, mýrar). Þá skal annaðhvort sýnt á uppdráttum eða í lýsingum, er þeim fylgja, hverjum hlutum svæðisins kann að vera hætta búin af ágangi vatns, sjávar, snjóflóða og því um líkt. e) Uppdráttunum skulu fylgja skriflegar skrár eða lýsingar, svo sem mælt verður fyrir í reglugerð (skrá yfir götur, lóðir og því líkt), sem gefi glöggar upplýsingar um öll mikilvæg atriði, er snerta ástand og skipulag bæjarins, að svo miklu leyti sem uppdrættir bera það ekki með sér. — **6. gr.** Vanræki bæjarstjórn eða hreppsnefnd að framkvæma mælingarnar á þeim tíma og á þann hátt, sem stjórnarráðið hefir mælt fyrir um hvern bæ, eða ljúka uppdráttum og lýsingum í tæka tíð, er stjórnarráðinu heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi kauptúns.

II. Um skipulagsuppdrætti. — 7. gr. Skipulagsuppdrætti skal gera yfir öll íslenzk kauptún og sjávarþorp, sem hafa [200][1]) íbúa eða fleiri. Uppdrættir þessir skulu sýna skipulagsbreytingar á byggða svæðinu og fyrirhugað skipulag á eigi minna af óbyggða bæjarstæðinu en ætla má að nægi 50 ára vexti bæjarins; ennfremur fyrirhugað skipulag á höfn og aðalbryggju, nema undanfellt hafi verið að mæla höfnina samkvæmt heimild síðast í 1. gr. — **8. gr.** Ríkisstjórnin annast alla framkvæmd á skipulagsuppdráttum. Hún lætur sérfróða menn (húsameistara, verkfræðinga) gera uppdrættina, í samráði við bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ, helztu atvinnurekendur bæjarins, heilbrigðisnefnd, ef til er, og héraðslækni. Hún getur og boðið til samkeppni um skipulag fjölmennustu bæjanna, áður en farið er að vinna að fullkomnum skipulagsuppdrætti, einnig þeirra bæja, þar sem skipulagið sýnist tiltölulega vandasamt, eða líkindi eru til þess að bærinn vaxi hraðfara. — **9. gr.** Stjórnarráðið ákveður á ári hverju, hvar gera skuli skipulagsuppdrætti og hvenær þeim skuli lokið. — [Frá því stjórnarráðið hefir ákveðið, að gera skuli skipulagsuppdrátt og til þess honum er lokið, skal bæjar- og hreppsstjórn skylt að leita umsagnar skipulagsnefndar um öll meiri háttar skipulagsatriði, svo sem nýjar götur og opin svæði, opinberar byggingar og meiri háttar mannvirki, sem áformað er að gera, svo framarlega, sem vafi getur leikið á, hvar eða hvernig þau skuli sett. Ef ekki næst samkomulag milli bæjar eða hreppsstjórnar og skipulagsnefndar um einhver atriði, má ekki byrja á verkinu fyrr en fenginn er úrskurður stjórnarráðsins.][1]) — **10. gr.** [Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti, sem stjórnarráðið lætur gera, greiðist, að því leyti, sem gjald það, sem ákveðið er í 14. gr., hrekkur ekki til, að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.][2]) — **11. gr.** Stjórnarráðið semur reglugerð um alla gerð skipulagsuppdrátta, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi atriðum:[3]) a) Markað sé fyrir allri hagnýtingu bæjarstæðisins, fiskreitum utanbæjar og öðru landi, sem nauðsynlegt kann að vera fyrir atvinnurekstur bæjarins. b) Á bæjarstæðinu skal glögglega sýnd skipting byggðar, hvar hús skuli byggð samstæð, hvar í sundurlausum röðum og hvar dreifð í smáhýsi. Þá skal og sýnt, hvar byggja megi þrílyft hús eða hærri, ef ráð er fyrir þeim gert. Þá skal og eigi aðeins markað fyrir götum, heldur og fremri og aftari húsalínum, torgum, leikvöllum og því líku. Á sérstökum uppdrætti eða uppdráttum skal sýna skipulag frárennslis og vatnsveitu, að svo miklu leyti, sem gert er ráð fyrir slíkum mannvirkjum. c) Við gerð skipulagsins skal vandlega tekið tillit til atvinnu bæjarbúa, heilbrigðis- og þrifnaðarnauðsynja, greiðrar umferðar, brunahættu og fegurðar bæjarins. Sérstaklega skal þess gætt, að opinberum og öðrum helztu byggingum sé smekklega skipað, að götur séu ekki með lengdarbungum, hafi hæfilegan halla og lokist á smekklegan hátt. Fjarlægðir á milli húshliða í íbúðargötum skulu að jafnaði miðaðar við það, að hornið milli láréttrar línu neðst úr gluggum íbúðarherbergja á aðalsólarhlið húsa og línu frá næsta húsmæni, sem ber við loft, sé eigi meiri en 26°, nema skipulag byggða þorpsins eða halli á bæjarstæðinu geri það ókleift, en ætíð skal miðað við þá húshæð, sem skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir. Þá skal og leitast við, að breytingar á byggða svæðinu skerði ekki óþarflega hagsmuni lóðareigenda. d) Mælikvarði skipulagsuppdráttar skal eigi minni en 1:2000. e) Skipulagsuppdrætti skal fylgja skrifleg lýsing, sem skýrir frá öllum helztu

1) L. nr. 64. 11. júní 1938, § 1.

1921 Nr. 55 27. júní

1) L. nr. 27, 15. júní 1926. — 2) L. nr. 64, 11. júní 1938, § 2. — 3) Sbr. rgj. nr. 18, 15. marz 1922.

atriðum, sem varða skipulagið og eigi eru auðsæ af uppdráttum, eftir því, sem reglugerð um uppdrætti ákveður. — Þar sem um smáþorp er að ræða, og lítil líkindi þykja til að þau taki fljótum framförum, skal þó stjórnarráðinu heimilt að ákveða, að uppdrættirnir séu nokkru einfaldari en hér er gert ráð fyrir. — **12. gr.** Þegar skipulagsuppdrætti er lokið, skal það opinberlega auglýst, og uppdrátturinn, ásamt lýsingu, hafður almenningi í bænum til sýnis, eigi skemur en 4 vikur. Eigendum þeirra húsa eða lóða, sem uppdrátturinn breytir tilfinnanlega, skal auk þess send skrifleg tilkynning um það samtímis. Skulu þeir hafa sent athugasemdir sínar eða mótmæli til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar áður en sýningarfrestur er á enda. Þegar honum er lokið og leitað hefir verið álits byggingar- og veganefndar, þar sem slíkar nefndir eru skipaðar, ræðir bæjarstjórn eða hreppsnefnd málið og afgreiðir það, með tillögum sínum og athugasemdum, til stjórnarráðsins, ásamt þeim skýrslum, sem fram hafa komið í málinu, eða eftirriti af þeim. — **13. gr.** [Stjórnarráðið lætur gera skipulagsuppdrætti yfir þá bæi, kauptún eða sjávarþorp, er skipulagsskyld eru samkvæmt 7. gr. laganna, en uppdráttur hefir ekki verið staðfestur fyrir, og skal þeim skipulagsuppdráttum lokið á þeim tíma, sem stjórnarráðið setur ákvæði um í hvert sinn. — Nú er kauptún eða sjávarþorp, sem skipulagsskylt er samkvæmt 7. gr., í hrörnun eða tvísýnt þykir um vöxt þess og framtíð, og getur þá stjórnin ákveðið, að frestað skuli að gera af því skipulagsuppdrátt. — Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.][1] —**14. gr.** [Skipulagsnefnd annast stjórn skipulagsmála, undir yfirstjórn stjórnarráðsins. Í nefndinni eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Nefndin kýs sér sjálf formann. — Skipulagsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, ráðið húsameistara og ráðunaut í heilbrigðismálum sér til aðstoðar. Þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra og laun aðstoðarmanns ákveður stjórnarráðið. — Kostnaður við stjórn skipulagsmála, mannahald, skrifstofukostnaður, ferðalög o. fl. greiðist úr ríkissjóði. — Til þess að standast þennan kostnað skal greiða úr ríkissjóði allt að 3‰ af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir að lög þessi ganga í gildi, í þeim bæjum, þar sem skipulagsuppdráttur hefir verið staðfestur eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagningu, sbr. 9. gr. [Gjaldið reiknast af brunabótavirðingu nýbyggingarinnar og fellur í gjalddaga þegar er hún hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla.][1] — Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um gjald þetta og hvernig það skuli innheimt.][2] — **15. gr.** Jafnóðum og skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu, sendir það þá ásamt fylgiskjölum skipulagsnefnd þeirri, sem ræðir um í 14. gr. Skal hún athuga vandlega öll atriði skipulagsins og sérstaklega allar þær breytingartillögur og athugasemdir, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir senda með uppdráttunum, og síðan gera rökstuddar tillögur um, á hvern hátt hún álítur skipulagi hvers bæjar bezt ráðið til lykta. Tillögunum skulu fylgja uppdrættir, þar sem þess kann að vera þörf. — **16. gr.** Hafi skipulagsnefnd gert breytingar á skipulagsuppdrætti einhvers bæjar, skal stjórnarráðið senda þær bæði þeim, sem skipulagsuppdráttinn gerðu, og hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd til umsagnar. Þá er leitað hefir verið endanlegra tillagna skipulagsnefndar, staðfestir stjórnarráðið skipulagsuppdráttinn . . .[3] óbreyttan eða með þeim breytingum, sem það álítur, að til bóta séu, og fær hann þá gildi sem lögmæt samþykkt fyrir bæinn, þegar er hann hefir verið opinberlega auglýstur. — [Skipulagsuppdráttur skal staðfestur af stjórnarráðinu eigi síðar en tveim árum eftir að hann hefir verið lagður fram.][3] — **17. gr.** [Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kauptúns eða sjávarþorps, þótt íbúar þess séu færri en 200, svo og til orkuvers eða sveitarþorps, ef hreppsnefnd óskar þess eða skipulagsnefnd gerir tillögur um það og stjórnarráðinu þykir sérstök ástæða til. — Eftirrit af uppdráttum bæja og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.][4]

III. Um breytingar á skipulagi bæja og eftirlit með því. — 18. gr. Ef eldur eyðir

1) L. nr. 64, 11. júní 1938, § 3.

1) L. nr. 18, 14. febr. 1951, § 1. — 2) L. nr. 64, 11. júní 1938, § 4, sbr. rgj. nr. 209, 21. okt. 1952. — 3) Sömu l., § 5. — 4) Sömu l., § 6.

mörgum húsum samtímis í kauptúni eða sjávarþorpi, skal bæjarstjórn (eða hreppsnefnd) tafarlaust athuga, hvort ekki sé ástæða til þess að gera skipulagsbreytingar á brunasvæðinu, og tilkynna stjórnarráðinu álit sitt og óskir um það. — Hvort heldur sem bæjarstjórn æskir skipulagsbreytingar eða ekki, skal leita umsagnar skipulagsnefndar um málið. — Síðan úrskurðar stjórnarráðið, hvort breyta skuli skipulaginu eða ekki. — **19. gr.** Nú vill bæjarstjórn færa út bæjarstæðið eða að einhverju leyti breyta því skipulagi, sem ákveðið er með skipulagsuppdrætti, og skal hún þá senda stjórnarráðinu beiðni um það, ásamt uppdráttum og upplýsingum, sem sýni ljóslega, hverrar breytingar er óskað og hver nauðsyn beri til hennar. Stjórnarráðið úrskurðar, hvort breyta skuli skipulaginu eða auka það, eftir að það hefir fengið umsögn skipulagsnefndar um málið. — **20. gr.** Nú hefir stjórnarráðið úrskurðað, að breyta skuli skipulagi bæjar eða auka það, og skal þá, er um mikilvægar skipulagsbreytingar er að ræða, haga framkvæmdum svo sem mælt er fyrir í 8. og 10.—15. gr. Smávægilegar breytingar staðfestir stjórnarráðið, ef meiri hluti skipulagsnefndar fellst á tillögur bæjarstjórnar. Allar skipulagsbreytingar skulu auglýstar opinberlega, nema þær séu svo lítilfjörlegar, að þær snerti aðeins hagsmuni fárra manna. Ef svo er, nægir að bæjarstjórn tilkynni þær bréflega þeim, sem hlut eiga að máli. — **21. gr.** Skylt skal öllum bæjarstjórnum að geyma vandlega öll skjöl og uppdrætti, sem lúta að skipulagi bæjarins, og auka þá eða breyta þeim, jafnóðum og byggðin eykst eða breytist, svo að ætíð megi glögglega sjá, hversu bærinn er byggður og öll veruleg mannvirki, sem gerð hafa verið. — **22. gr.** [Skipulagsnefnd hefir eftirlit með byggingu hvers bæjar, sem skipulagsuppdráttur er samþykktur fyrir. Skal vandlega rannsakað, svo oft sem þurfa þykir, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega fylgt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og endurbættir, svo sem vera ber. Nefndin hefir og eftirlit með starfi byggingarnefnda, hreppsnefnda og bæjarstjórna um allt, er að skipulagi lýtur, og veitir þeim leiðbeiningar eftir föngum. — Merkja skal á skipulagsuppdráttum þá staði, þar sem sérstök nauðsyn þykir að vanda til um útlit húsa, svo sem við torg eða aðalgötur, og skal byggingarleyfi bundið því skilyrði, að skipulagsnefnd hafi samþykkt útlitsuppdrátt. — Nefndin gefur stjórnarráðinu árlega skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.][1]) — **23. gr.** Nú kemur það í ljós við eftirlitið eða á annan hátt, að skipulagsákvæði eru brotin, og skal þá stjórnarráðið gera tafarlausa gangskör að því, að mannvirki þau, sem tvímælalaust fara í bága við skipulagið (svo sem byggt fyrir götu eða á svæði, sem ákveðið var, að skyldi vera óbyggt), séu rifin niður, nema um bráðabirgða-mannvirki sé að ræða, t. d. byggingu eftir bæjarbruna, sem stjórnarráðið hefir fallizt á. — Kostnað þann, sem af slíkum breytingum leiðir, og skaðabætur, skal greiða úr bæjar- eða hreppssjóði.

1921 Nr. 55 27. júní

IV. Um eignarnám og skaðabætur.[a]) — **24. gr.** Heimilt skal að taka lóðir og hús eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn vegna skipulagsins. Um framkvæmd eignarnámsins fer sem mælt er fyrir í lögum nr. 61, frá 14. apríl 1917, um framkvæmd eignarnáms. — **25. gr.** Hús og lóðir, sem að meira eða minna leyti ónýtast við skipulagsgerð, skal meta þannig, að jafnt tillit sé tekið til þess hagnaðar og óhagnaðar, sem stafa kann af skipulaginu, og koma þá skaðabætur því aðeins til greina, að eign hafi í heild sinni rýrnað í verðmæti. — **26. gr.** Hafi hús eða lóðir rýrzt svo mjög við skipulagið, að eigi megi nýta til byggingar, getur eigandi krafizt, að öll fasteignin sé keypt eftir mati. Þá getur og bærinn krafizt þess, að honum séu seldar, eftir mati, afklippur af lóðum, sem eru minni en svo, að nota megi til byggingar. — **27. gr.** Nú hefir skipulag breytt svo lóðum eða viðhorfi þeirra á byggingarreitum, að þær verða óhentugar til afnota; þá skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd leitast við að fá samkomulag milli eigendanna um hentugri lóðaskiptingu á reitum. Ef samkomulag næst ekki, getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd krafizt þess, að ný lóðaskipting sé gerð, svo framarlega sem ⅔ eigenda eru því samþykkir og skipulagsnefnd styður málið. — **28. gr.** Allar skaðabætur, svo og þóknun til matsmanna, skulu greiðast úr bæjar- eða hreppssjóði, nema um yfirmat sé að ræða.[b]) Þó verður eigi krafizt, að skaðabætur séu greiddar fyrr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

---

1) L. nr. 64, 11. júní 1938, § 7. — a) XVIII, 412, XIX, 363. — b) VIII, 493—4.

1905 Nr. 19 20. okt.

Lög um byggingarsamþykktir.

1. gr. [Byggingarsamþykkt má gera fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi, svo og fyrir aðra staði, sem skipulagsskyldir eru samkvæmt lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.][1]) — **2. gr.** Nú er löggiltur verzlunarstaður hreppsfélag fyrir sig, og semur þá hreppsnefndin byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstaðinn og sendir hana síðan sýslunefnd, er tekur hana til umræðu á næsta sýslufundi. Samþykki sýslunefnd samþykktina óbreytta, sendir oddviti sýslunefndarinnar hana þá þegar til stjórnarráðsins. Geri sýslunefnd breytingar á samþykkt hreppsnefndar, skal leggja breytingarnar fyrir hreppsnefndina; verði breytingarnar eigi samþykktar af hreppsnefnd, skal senda samþykktina eigi að síður til stjórnarráðsins. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktar, og skal þá leggja þær breytingar fyrir hreppsnefnd; samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykkt óbreytta eins og hún er frá hreppsnefnd og sýslunefnd eða frá hreppsnefnd, ef nefndirnar hafa ekki orðið á eitt sáttar um hana, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð. — **3. gr.** Nú er löggiltur verzlunarstaður ekki sjálfstætt sveitarfélag, heldur hluti af hreppsfélagi, og skal þá hreppsnefnd semja byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstaðinn, ef meiri hluti íbúa hans, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, æskja þess, að byggingarsamþykkt komist á fyrir hann. Ef enginn, eða eigi fleiri en einn af íbúum verzlunarstaðar, á sæti í hreppsnefnd, skal kveðja tvo af íbúunum, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa, til þess að taka sæti í hreppsnefnd meðan samþykktin er samin, og hafa þeir jafnan atkvæðisrétt sem aðrir hreppsnefndarmenn. — **4. gr.** Þá er hreppsnefnd samkvæmt næstu grein hér á undan hefir samið byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstað, skal samþykktin lögð fram til sýnis á hentugum stað í verzlunarstaðnum, eftir að það hefir birt verið með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum á staðnum eða við kirkjufund. Þá er samþykktin hefir legið frammi til sýnis í 14 daga, skal oddviti boða bæjarbúa á fund til að ræða samþykktina, og er hann fundarstjóri; á þeim fundi hafa einungis atkvæðisbærir bæjarbúar atkvæðisrétt. Á fundinum skal samþykktin rædd grein fyrir grein. Til þess að gera breytingar á einstökum ákvæðum hennar nægir meiri hluti atkvæða þeirra, sem greidd eru á fundinum. Að lokum skal samþykktin í heild sinni borin undir atkvæði, og verði hún þá samþykkt af ¾ hlutum fundarmanna skal hún send til sýslunefndar, að öðrum kosti er hún fallin í það sinn. — **5. gr.** Ef byggingarsamþykkt er löglega samþykkt á þann hátt er segir í undanfarandi grein, skal hún tekin til umræðu á næsta sýslufundi; verði hún þar samþykkt óbreytt, skal hún send til stjórnarráðsins; en verði henni breytt á sýslufundi, skal oddviti hreppsnefndarinnar bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi; verði breytingarnar samþykktar með meiri hluta atkvæða, sbr. 4. gr., skal oddviti sýslunefndar senda samþykktina til stjórnarráðsins; verði breytingar sýslunefndar eigi samþykktar, skal sýslunefndaroddviti eigi að síður senda samþykktina ásamt útskrift af fundargerðunum til stjórnarráðsins. Fallist stjórnarráðið á samþykkt óbreytta eins og hún er frá sýslunefnd og samþykkt af bæjarbúum, eða óbreytta eins og hún kom frá hreppsnefnd og bæjarbúum, er hún endileg. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktar, og skal þá bera þær breytingar undir almennan fund bæjarbúa á þann hátt, er fyrr segir; samþykki fundurinn breytingarnar, staðfestir stjórnarráðið hana, en fáist ekki lögmætt samþykki fundarins, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta hana óbreytta, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð. — Staðfestar byggingarsamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna. — **6. gr.** [Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í löggiltum verzlunarstöðum og öðrum þeim stöðum, sem um getur í 1. gr. þessara laga, skuli stofnuð byggingarnefnd,][1]) og að í henni eigi sæti 5 menn. — Í löggiltum verzlunarstað, sem er hreppsfélag fyrir sig, skal byggingarnefnd skipuð oddvita hreppsnefndarinnar sem formanni og 4 mönnum öðrum, er hreppsnefnd kýs, 2 þeirra úr sínum flokki. En þegar samþykkt er sett fyrir verzlunarstað, sem eigi er hreppur fyrir sig, skulu, auk oddvita hreppsnefndarinnar sem formanns, í byggingarnefnd sitja 2 menn, sem hreppsnefnd kýs af bæjar-

1) L. nr. 84, 16. des. 1943, § 1.

1) L. nr. 84, 16. des. 1943, § 2.

1905 Nr. 19 20. okt.

1905 Nr. 19 20. okt.

búum, og 2 aðrir menn, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan hreppsnefndar, eru skyldir til að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir hreppsnefndarmenn samkvæmt sveitarstjórnarlögunum; um aukakosningar í byggingarnefnd gildir og hið sama sem um aukakosningar í hreppsnefndir. — Í samþykktum skal ennfremur ákveðið: . . .[1]) C. Að þegar byggt er nýtt hús, skuli ávallt vera 10 álna millibil milli þess og næsta húss, nema eldtraustur veggur, svo þykkur sem nefndin ákveður, sé á milli. Þó má byggja á þessu svæði grindur eða aðrar girðingar, er hæglega má brjóta niður. D. Að byggingarnefnd hafi heimild til þess að heimta, þegar nýtt hús skal byggja, að uppdráttur af húsinu skuli lagður fram, og að henni sé heimilt að heimta þær breytingar á húsinu, er henni þykir ástæða til, svo og, að hún geti ákveðið, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefir brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, sem henni þykir þörf á vera, eða brunaábyrgðarlög skipa fyrir um. Ennfremur að nefndin skuli hafa stöðugt gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefir ákveðið, og hafi eftirlit með aðalviðgerðum á þeim. E. Að enginn megi byggja nýtt hús, eða láta fram fara aðalviðgerð á þeim, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi nefndarinnar. F. Að ef nokkur byrji á húsasmíðum, áður en hann hafi fengið skriflegt leyfi nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en hún hefir ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 10—50 krónum, er renni í sérstakan sjóð bæjarbúa, og að þar að auki megi rífa niður húsið, eða hluta af því, á kostnað eiganda, ef það er eigi byggt eftir þeim reglum, er nefndin hefir ákveðið, og að þeir sem byrja á aðalviðgerð húss, áður en þeir hafa fengið leyfi nefndarinnar til þess, skuli sæta hinum sömu sektum. G. Að byggingarnefnd hafi vald til að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa, að því er snertir stærð herbergja, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, fjarlægð ofna frá þili og útbúnað kringum þá — til þess að afstýra brunahættu —, styrkleika innviða í húsum, ytri „klæðningu“ o. s. frv. Þó öðlast sú reglugerð fyrst gildi, er stjórnarráðið hefir samþykkt hana. — **7. gr.** Byggingarnefndin skal halda sérstaka fundarbók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og skal hún undirskrifuð við lok hvers fundar eða hverrar gerðar af öllum viðstöddum nefndarmönnum; heimilt er þeim, sem eigi er samþykkur ályktuninni, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll innkomin bréf og bréfabók. Bækur þessar skulu kostaðar af hinum sérstaka sjóði bæjarbúa, en ef hann hrekkur eigi til, þá af sveitarsjóði, eins þar sem verzlunarstaður er eigi sérstakt hreppsfélag. — **8. gr.** Með mál um brot á samþykktum eftir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál, og skal oddviti byggingarnefndar kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

1) L. nr. 55, 27. júní 1921, § 29.

1905 Nr. 19 20. okt.

Lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. **1917** Nr. 75 14. maí

1. gr. Rétt er hverjum þeim, sem heimilt er að lögum að verzla hér á landi, að fá sér útmældar óbyggðar lóðir í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum til verzlunar. Sama rétt eiga sjávarútvegsmenn, búsettir hér á landi, til að fá sér útmældar lóðir í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum og veiðistöðum til útvegs. Bæði þeim, er lóðina eiga í löggiltu kauptúni eða veiðistöð eða stórar óbyggðar lóðir í kaupstöðum, og öðrum, sem önnur lögmæt réttindi eiga yfir landinu eða lóðunum, er skylt að láta af hendi svo mikla óbyggða lóð, sem þörf er á til fyrirhugaðrar verzlunar eða sjávarútvegs, enda sé lóðin eigi nauðsynleg til verzlunar, sjávarútvegs eða iðnaðar, sem þar er fyrir. — **2. gr.** Útmæling lóða samkvæmt 1. gr. má aldrei fara fram, nema hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem útmælingar er beiðzt, veiti meðmæli sín. Þegar þau meðmæli eru fengin, skal sá, er útmælingar æskir, beiða lögreglustjóra hennar skriflega. Skal þá dómkveðja 2 þar til hæfa menn, og ákveður lögreglustjóri með þeim lóð þá, sem þörf er á og taka má til atvinnurekstrar samkv. 1. gr. Að því loknu skulu hinir dómkvöddu menn meta lóðina til sölu, ef sá, sem lóð er tekin frá, æskir þess, að hún verði til eignar tekin, en til leigu, ef hann æskir þess, að hún verði tekin til leigu, enda ákveður lögreglustjóri með hinum dómkvöddu mönnum leigutímann. Um mat og framkvæmd eignarnáms fer að öðru leyti að lögum.[1]) — Nú er lóðin tekin til afnota aðeins, og er þá hvor-

1) Sbr. l. nr. 61, 14. nóv. 1917.

1917 Nr. 75 14. maí

um aðilja rétt að krefjast mats á lóðarleigu af nýju á hverjum 10 ára fresti.[a]) — **3. gr.** Það skal með öllu bannað að leggja þá kvöð á lóðir eða húseignir í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum eða veiðistöðum, að eigi megi nota þær til verzlunar eða annarrar tiltekinnar atvinnu. — **4. gr.** Þótt einstakir menn kunni að eiga höfn þá, sem löggilt kauptún er við, mega þeir eigi bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri, né frá aðgöngu að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við bryggjuafnot sjálfra þeirra, og eigi má landeigandi heldur varna stjórnarvöldum eða einstökum mönnum að gera hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld þar á höfninni, þar á, sem svo hagar til, að þess konar áhöld eru nauðsynleg. Ef einstakir menn eiga höfn, skipalægi eða uppsátur í veiðistöð, mega þeir eigi heldur meina öðrum mönnum að leggja þar fiskiskipum sínum eða nota uppsátur eða önnur lendingargögn, nema í bága komi við afnot sjálfra þeirra, né heldur banna öðrum að gera þar lendingarbætur eða aðrar umbætur, sem nauðsynlegar eru sjávarútvegi þar. Hafnabætur og lendinga má þó aðeins gera eftir tilvísun lögreglustjóra, og kveður hann með sér 2 þar til hæfa menn, sem kunnugir eru hafnarlegu og lendingarstað. Endurgjald til handa landeiganda fyrir nám hafnar hans eða uppsáturs til eignar eða afnota og afnot hafnargagna og lendinga fer eftir lögum um eignarnám. — Nú notar einhver hringa, landfestar eða önnur skipsfestaráhöld eða lendingartæki, sem hann hvorki á né hefir umráð yfir, og ber honum þá tafarlaust að láta áhöldin laus við eiganda eða umráðamann, þegar skip þeirra þurfa á þeim að halda, að viðlögðum 20 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur fyrir farast að sleppa áhöldunum, og bæti þar að auki allt það tjón, er af því kann að leiða, að hann lét þau ekki laus þegar í stað. — Skip það, er notar heimildarlaust hafnartæki eða lendingartæki annars manns, og farmur þess er að veði fyrir sektum og skaðabótum. — **5. gr.** Fyrir útmælingar eftir 1. og 4. gr. skal beiðandi greiða lögreglustjóra, auk ferðakostnaðar, 6 krónur á dag. Um kaup matsmanna fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms. — **6. gr.** Lög þessi ná ekki til Reykjavíkur.

a) XI, 479, XIII, 293, XXII, 294, 298.

Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri. **1920** Nr. 18 18. maí

1. gr. . . .[1]) — Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum samkvæmt lögum þessum, hefir bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni og gengur sá veðréttur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi. — **2. gr.**[a]) Kostnaður . . .[1]) er leiðir af því, að gerðar eru steinlímdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar gangstéttir, greiðist úr bæjarsjóði. En bæjarstjórninni er heimilt að leggja . . .[1]) gangstéttaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem . . .[1]) gangstéttir verða lagðar. — **3. gr.** Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.

Lög um nýbyggingar í Höfðakaupstað. **1946** Nr. 42 7. maí

1. gr. Ríkissjóður veitir aðstoð til þeirra framkvæmda í Höfðakaupstað í Austur-Húnavatnssýslu, sem í lögum þessum segir. Til framkvæmda þessara má verja úr ríkissjóði allt að 5 milljónum króna. Upphæðina getur ríkisstjórnin tekið að láni, ef þörf krefur, og veðsett mannvirkin til tryggingar láninu. — **2. gr.** Nefnd, sem nefnist nýbyggingarnefnd Höfðakaupstaðar, skal annast þær framkvæmdir, sem í lögum þessum greinir, og skal hún skipuð af ríkisstjórninni. Í nýbyggingarnefnd skulu eiga sæti 5 menn, og eru þeir skipaðir þannig: Skipulagsstjóri, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar, einn maður tilnefndur af Nýbyggingarráði, einn maður tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, einn maður tilnefndur af hreppsnefnd Höfðahrepps, einn maður án tilnefningar. — Laun nýbyggingarnefndar skulu ákveðin af ríkisstjórninni. — **3. gr.** Störf nýbyggingarnefndar eru: 1. Að koma upp skipulagðri byggð í Höfðakaupstað í samráði við Nýbyggingarráð og ríkisstjórn. 2. Að koma á fót atvinnufyrirtækjum í Höfðakaupstað í samráði við Nýbyggingarráð og ríkisstjórn. 3. a. Að stuðla að því, að einstaklingar, félög og stofnanir reisi íbúðarhús og önnur mannvirki í Höfðakaupstað. b. Að reisa sjálf íbúðarhús í samráði við Nýbyggingarráð og ríkisstjórnina til þess að selja þau fullsmíðuð. 4.

1) L. nr. 15, 20. júní 1923, § 155. — a) V, 937.

1946 Nr. 42 7. maí

Að koma upp handa byggðinni rafveitu, vatnsveitu og götum. 5. Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um gjaldskrár fyrir lóðarleigu, notkun rafmagns, vatns o. fl. — **4. gr.** Til ársloka 1951 fer nýbyggingarnefnd með úrskurðarvald í öllum byggingarmálum Höfðakaupstaðar. — **5. gr.** Sérhver er skyldur að láta af hendi við nýbyggingarnefnd lóðir og lóðarréttindi innan Höfðahrepps, svo og mannvirki, sem á lóðum og löndum þessum eru, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem framkvæmdir þær, sem um ræðir í lögunum, hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af nýbyggingarnefnd. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af gagnaðila hans. — **6. gr.** Nýbyggingarnefnd skal í byrjun hvers árs gera áætlun um þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á árinu, og kostnað við þær, hverja fyrir sig, og leggja þá áætlun fyrir Nýbyggingarráð og ríkisstjórnina til samþykktar. — Sérstakur reikningur skal haldinn yfir stofnkostnað hverrar greinar framkvæmda, svo sem rafveitu, vatnsveitu, gatna, íbúðarhúsa o. s. frv., svo og rekstrarkostnað hvers einstaks fyrirtækis. — **7. gr.** Ríkissjóður leigir Höfðahreppi nægilegt land fyrir hina nýju byggð. Árlegt eftirgjald skal vera 2% af fasteignamati landspildunnar, sem leigð er. Nýbyggingarnefnd greiðir árgjald þetta til ársloka 1951, og telst það sem annar kostnaður við þessar framkvæmdir. — Á þessu tímabili leigir nýbyggingarnefnd einstaklingum, félögum og stofnunum lóðir úr landspildu þessari með þeim skilmálum, sem ákveðnir verða í samráði við hreppsnefnd Höfðahrepps og ríkisstjórnina. — **8. gr.** Þeim störfum og framkvæmdum nýbyggingarnefndar, sem ekki hefir verið ráðstafað til einstaklinga, félaga eða stofnana hinn 1. janúar 1952, tekur hreppsnefnd Höfðahrepps þá við samkvæmt samningi, sem um það skal gerður milli ríkisstjórnarinnar og hreppsnefndarinnar. — Í samningi þessum skal kveðið á um afhendingu mannvirkjanna og greiðslu andvirðis þeirra.

1946 Nr. 42 7. maí

Lög um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

1946 Nr. 52 7. maí

1. gr. Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefir upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal verða sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi eru þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi, Hellir ásamt Fossnesi úr Ölfushreppi og sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi, er markast af beinni línu frá Virkisvörðu til hæsta klettsins á nyrsta ferjuholti í Hellislandi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan eru taldar, hreppamörk hins nýja Selfosshrepps. — **2. gr.** Flóagaflstorfan í Sandvíkurhreppi skal leggjast til Eyrarbakkahrepps. — **3. gr.** Selfosshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á svæði því, er hreppurinn tekur yfir. — **4. gr.** Skipti milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps á sameiginlegum eignum og skuldum núverandi Sandvíkurhrepps skal fara fram samkvæmt því, sem fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögum. — Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur og fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps. — Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur Sandvíkurhreppi (hinum nýja) fullar bætur fyrir missi tekna af því landsvæði, sem frá Sandvíkurhreppi er tekið og lagt til Eyrarbakkahrepps. — **5. gr.** Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndanna í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, eða milli hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi hinum nýja og hreppsnefndarinnar í Eyrarbakkahreppi um bætur þær, er í 4. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð. Skulu 5 menn skipa gerðardóminn. Þrjá þeirra kveður hæstiréttur og skipar einn þeirra formann dómsins, hreppsnefnd Selfosshrepps tilnefnir einn og hreppsnefndir hinna hreppanna, Ölfushrepps og Hraungerðishrepps, sinn manninn hvor, eftir því sem þeir hreppar eiga hlut að gerðinni. Á sama hátt tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Eyr-

1946 Nr. 52 7. maí

arbakkahrepps sinn manninn hvor í dóminn, að því er gerðin tekur til skipta þessara hreppa. — Ágreiningsmálum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, er skiptin varða, má og skjóta til gerðardóms þessa, en þá tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Selfosshrepps sinn manninn hvor af sinni hálfu til að taka sæti í dómnum. — Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir þá aðila, sem að honum standa, og verður honum ekki áfrýjað. — Kostnað af gerðardóminum, að því er tekur til stækkunar Selfossbyggðar, greiðir Selfosshreppur eftir ákvörðun dómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðila. — Á sama hátt greiðir Eyrarbakkahreppur kostnað af gerðardóminum að því er varðar skiptin milli Eyrarbakkahrepps og Sandvíkurhrepps hins nýja. — **6. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947. Allir, sem búsettir eru 1. janúar 1947 á svæði því, sem hinn nýi Selfosshreppur tekur yfir, öðlast þar samtímis kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Selfosshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmætu heimilisfangi fylgja.

1947 Nr. 58 24. maí

Lög um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

1. gr. Jarðirnar Egilsstaðir, Kollsstaðir og Kollsstaðagerði í Vallahreppi og jarðirnar Eyvindará, Miðhús og Dalhús ásamt eyðibýlinu Þuríðarstöðum í Eiðahreppi í Suður-Múlasýslu skulu framvegis vera sérstakt sveitarfélag í Suður-Múlasýslu og nefnast Egilsstaðahreppur. — **2. gr.** Hreppamörk hins nýja hrepps eru þessi: 1. Að sunnan, milli Vallahrepps og Egilsstaðahrepps, landamerki jarðanna Kollsstaða og Kollsstaðagerðis annars vegar og Höfða hins vegar, frá Lagarfljóti í Eyvindará, en síðan skiptir Eyvindará hreppnum (sic) inn til afrétta. 2. Að austan Fjarðarheiði og Gagnheiði. 3. Að norðan, milli Eiðahrepps og Egilsstaðahrepps, landamerki jarðanna Eyvindarár og Miðhúsa annars vegar, en Finnsstaða og Uppsala hins vegar, úr Eyvindará og inn á afrétti á Fjarðarheiði. 4. Að vestan Lagarfljót. — **3. gr.** Ríkisstjórnin gengst fyrir stofnun kauptúns í Egilsstaðahreppi, og er henni heimilt að verja fé úr ríkissjóði, ef það er fyrir hendi, en taka það að láni að öðrum kosti, til þeirra framkvæmda, sem í lögum þessum greinir. — **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir þær, sem um getur í 1. gr., eða spildur úr þeim eins og með þarf til að tryggja hinu nýja kauptúni nægilegt land. Náist ekki samningar um kaup á nægilegu eða hentugu landi til hinna fyrirhuguðu framkvæmda, getur ríkisstjórnin látið taka eignarnámi í því skyni hvert það landsvæði innan hreppsins, sem hún telur nauðsynlegt að ná eignarhaldi á vegna kauptúnsins. — Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 61/1917. — **5. gr.** Ríkisstjórnin lætur gera skipulagsuppdrátt af hinu fyrirhugaða kauptúni og aðliggjandi ræktunarlandi, og fyrr en hann hefur verið staðfestur má ekki gera nein mannvirki innan takmarka hreppsins nema meðmæli skipulagsstjóra og samþykki ríkisstjórnarinnar komi til. — **6. gr.** Ríkisstjórnin sér um, að komið verði upp nauðsynlegu gatnakerfi jafnóðum og þörf krefur á svæði því, sem kauptúninu er ætlað að standa á. Hún lætur leiða vatn til kauptúnsins og leggur höfuðvatnsæðar og aðalskolpleiðslur um kauptúnið, allt samkvæmt því, sem sýnt er á skipulagsuppdrætti, að vera eigi. Hún lætur og reisa rafstöð í kauptúninu og leggja um kauptúnið aðalleiðslur og heimtaugar, eins og venja er um rafveitur sveitarfélaga. — **7. gr.** Þegar ríkissjóður hefur eignazt land það, sem kauptúninu er ætlað að standa á, og hæfilegt land annað til ræktunar er tryggt íbúum kauptúnsins, getur ríkisstjórnin falið hreppsnefnd Egilsstaðahrepps að hafa á hendi framkvæmdir allar, er lúta að meðferð og hagnýtingu lóða og landa samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrætti og byggingarsamþykkt kauptúnsins, sem ráðherra hlutast til um, að sett verði. Lóðagjöld skulu ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hreppsnefndar. — **8. gr.** Þegar ríkissjóður hefur komið upp vatnsveitu, skolpveitu og rafveitu í Egilsstaðakauptúni, skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, er þá tekur við rekstri þeirra og viðhaldi á eigin ábyrgð með sama hætti og tíðkast um rekstur sveitarfélaga á slíkum fyrirtækjum. — Viðhald gatna hvílir og að öllu leyti á hreppssjóði. — **9. gr.** Egilsstaðahreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazt hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á því svæði, sem hreppurinn tekur yfir. — **10. gr.** Egilsstaðahreppur greiði hvorum fyrir sig, Vallahreppi og Eiðahreppi, fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin. Við ákvörðun bótagreiðslna þessara skal þó ekki meta Vallahreppi sem tekjumissi útsvarsgreiðslur eða aðrar tekjur, sem hann hefur fengið frá nýbyggðinni í Egils-

1947 Nr. 58 24. maí

1947 Nr. 58 24. maí

staðalandi síðan 1943. — Útsvörum, sem jafnað er niður í Eiðahreppi og Vallahreppi árið 1947 á þá gjaldendur, sem koma til með að verða í Egilsstaðahreppi eftir að skiptin hafa farið fram, skal skipta þannig, að helmingur þeirra renni í hreppssjóð Egilsstaðahrepps, en helmingur í hreppssjóð hinna hreppanna hvors um sig, eftir því sem við á. — Að öðru leyti fara skiptin fram samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, eftir því sem við verður komið. Ríkissjóður lánar Egilsstaðahreppi bótafé þetta, og heimilt er ríkisstjórninni að gefa eftir allt að helmingi lánsins að tveim árum liðnum, ef þess verður talin þörf. — **11. gr.** Nú næst ekki samkomulag um bætur þær, er Egilsstaðahreppur á að greiða samkv. 10. gr., og skal þá Hæstiréttur nefna þrjá menn í gerðardóm, og ákveður hann bæturnar. Kostnað af gerðardómnum greiðir ríkissjóður.

1954 Nr. 30 8. apríl

Lög um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

1. gr. Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Dalvíkurhrepps. — **2. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61, 14. nóv. 1917.

d. Reykjavík.

1872 20. apríl

Tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

1. gr. [Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra.][1]) ...[2]) — **2. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir, og bæjarmálefna yfir höfuð er á hendi oddvitans.[3]) — **3. gr.** Með samþykkt má ákveða, að hinum sérstöku bæjarmálefnum sé beinlínis stjórnað af föstum nefndum, og skal í samþykktinni tiltekið nákvæmar, hverjir skuli vera í þeim, og um vald þeirra. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sérstök bæjarstörf eftir þeim reglum, sem til skulu teknar í samþykktinni.[4]) — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur. — **4. gr.** . . .[1]) — **11. gr.** Oddviti bæjarstjórnarinnar[2]) stjórnar umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, verði rétt ritað í gerðabókina. — Til þess lögmæt ákvörðun sé gerð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti.[3]) Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita[2]) þykir nauðsyn bera til eða minnst helmingur bæjarstjórnarinnar æskir þess. — Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. Að öðru leyti ákvarðar bæjarstjórnin sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau. — **12. gr.** [Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sé gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gerðabókina.][4]) — Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja[5]) skýrslu, og leggur hann þá úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu þeirri, er bæjarfógeti[6]) sendir til landshöfðingja, skal ávallt jafnframt senda bæjarstjórninni. — **13. gr.**[7]) Fátækranefnd sú, sem stofnuð er samkvæmt reglugerð 27. nóv. 1846, skal upphafin, og skulu störf hennar falin bæjarstjórninni á hendur. Í samþykkt bæjarstjórnarinnar skulu tilteknar nákvæmari reglur um stjórn fátækramálefnanna, og má þar í einnig ákveða, að hin sérstaklega umsjón með fátækum og fátækrastofnunum

1872 20. apríl

1) L. nr. 49, 30. nóv. 1914, § 1. — 2) Sjá l. nr. 59, 14. júní 1929, § 31. — 3) Nú borgarstjórans. — 4) Sþ. nr. 73, 23. júlí 1932 og nr. 29, 12. marz 1934.

1) L. nr. 59, 14. júní 1929 og nú l. nr. 81, 23. júní 1936. — 2) Nú forseti, sbr. l. nr. 81, 23. júní 1936, § 30. — 3) Sbr. þó l. nr. 81, 23. júní 1936. — 4) L. nr. 49, 30. nóv. 1914, § 5. — 5) Nú félagsmálaráðuneytinu, sbr. augl. nr. 58, 11. sept. 1953. — 6) Nú borgarstjóri. — 7) Sbr. l. nr. 80, 5. júní 1947, § 32.

1872 20. apríl

skuli falin á hendur fátækrastjórum, sem ekki eru í bæjarstjórninni, og eru þeir skyldir að takast þenna starfa á hendur kauplaust. — Sóknarpresturinn skal taka þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og kennslu fátækra barna, og hafa atkvæði í þeim. Fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eigi þessum börnum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun, sem gerð hefir verið, til landshöfðingja. — **14. gr.** Stjórn á tekjum og gjöldum skóla skal bæjarstjórnin hafa á hendi, og yfir höfuð alla umsjón um skólasjóði og reikninga. . . .[1]) — **15. gr.** . . .[2]) — **16 gr.** . . .[3]) — **17 gr.** Bæjarstjórnin setur embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eftir uppástungu lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.[4])[a]) — **18. gr.** . . .[5]) — **19. gr.** . . .[5]) Bæjarstjórnin má heldur ekki án samþykkis landshöfðingja taka af innstæðufé kaupstaðarins, selja eða veðsetja fasteignir hans eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán, eða lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. Sömuleiðis útheimtist samþykki landshöfðingja til þess að kaupstaðurinn geti gengið í samfélag við aðrar sveitir um þinghús, fangelsi, sjúkrahús og aðrar þess háttar stofnanir. Eftir uppástungu bæjarstjórnarinnar getur landshöfðingi samþykkt breytingar á reglum þeim, sem farið er eftir, þegar jafnað er niður útgjöldum í þarfir bæjarins, ef þau verða ekki borguð með öðrum tekjum. — **20. gr.** . . .[6]) — **25. gr.** . . .[6]) Skattskyldur maður, sem ekki hefir fast aðsetur í kaupstaðnum, á að tilnefna fyrir bæjarstjórninni mann, búsettan þar, sem greiði gjöld hans. . . .[6]) — **26. gr.** Bæjarstjórnin og sérstaklega bæjarfógeti[7]) skulu hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sé rétt heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum kaupstaðarins. — **27. gr.** Fyrir opinber undirboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgerðum á skólum og fátækrahúsum, á því að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt. — **28. gr.** Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins. — **29. gr.** Ársreikning kaupstaðarins ber að semja, sem frekast unnt er, samkvæmt fyrirmynd þeirri, sem sett er fyrir áætluninni, og skal gera reikning þenna innan loka febrúarmánaðar á því reikningsári, sem í hönd fer. Skal reikning þenna síðan leggja fram til sýnis í 14 daga á þingstofu bæjarins, eða öðrum hentugum opinberum stað. Þar á eftir skulu tveir endurskoðunarmenn yfirlíta vandlega reikninginn ásamt fylgiskjölum. . . . Bæjarstjórnin er skyld að láta endurskoðurum í té allar þær skýrslur, er við þurfa, til þess að geta dæmt um tekju- og útgjaldagreinir reikningsins. Eftir að reikningshaldara hefir verið skýrt frá athugasemdum endurskoðunarmannanna, svo hann geti svarað og gert grein fyrir þeim, skal bæjarstjórnin leggja úrskurð sinn á athugasemdir þær, er gerðar hafa verið, og veita hlutaðeiganda kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þær framkvæmdir, er hann hefir tekið þátt í sem kvaddur í fasta nefnd eða fyrir þá sök, að honum hefir sérstaklega verið falið eitthvert starf á hendur í þarfir bæjarins. Vilji reikningshaldari eða aðrir, er hlut eiga að máli, ekki viðurkenna, að úrskurður sá, sem fallinn er, sé réttur, má hann, ef úrskurðurinn leggur honum á herðar peninga ábyrgð, heimta, að málið gangi til dóms og laga. — Aðalreikning kaupstaðarins skal, eftir að hann er úrskurðaður, auglýsa á prenti innan tveggja mánaða. — **30. gr.** Innan 30. septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurðum á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt útgjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gera þær ráðstafanir, er við þarf,

1872 20. apríl

1) L. nr. nr. 94, 23. júní 1936. — 2) L. nr. 19, 11. júlí 1911, § 6. — 3) L. nr. 17, 13 sept. 1901. — 4) L. nr. 50, 12. febr. 1940. — 5) L. nr. 35, 12. febr. 1940, l. nr. 61, 31. okt. 1944 og l. nr. 66, 12. apríl 1945. — 6) L. nr. 66, 12. apríl 1945. — 7) Nú borgarstjóri. — a) XIII, 320.

1872 20. apríl og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum. — **31. gr.** Bæjarstjórnin, sem nú er, skal samþykkja frumvarp til samþykktar þeirrar fyrir kaupstaðinn, er getið er um hér að framan í 3. og 13. gr., og skal senda hana landshöfðingja til staðfestingar. — Auk þess, sem fyrir er mælt í nefndum greinum, skal í samþykktinni sagt fyrir um tölu embættis- og sýslunarmanna bæjarins, veiting embættanna og lausn frá þeim, laun og störf embættismanna, og skal samþykktin ennfremur hafa inni að halda nákvæmari reglur um, hvernig semja eigi hina árlegu áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins, um tilhögun á fjárstjórn og reikningum kaupstaðarins, og um endurskoðun og úrskurð reikningsins. Enn fremur má í téðri samþykkt setja nákvæmari reglur um niðurjöfnunina eftir efnum og ástandi, og yfir höfuð um sérhvert atriði í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt að tilhaga nákvæmar samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipun þessi hefir inni að halda. — Samþykktina ber að auglýsa á prenti, eftir að landshöfðingi hefir staðfest hana. Henni má síðar breyta, og sömuleiðis auka hana eftir uppástungu bæjarstjórnarinnar, sem landshöfðingi hefir samþykkt.

1894 Nr. 5 23. febr. **Lög um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur.**

1. gr. Jarðirnar Laugarnes og Kleppur í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá fardögum 1894. . . .

1923 Nr. 46 20. júní **Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.**

1. gr. Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja. Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð, svo og Elliðaárnar með árhólmanum, árfarvegunum og landi á austurbökkum ánna, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennar, úr landi jarðanna Ártúns og Árbæjar í Mosfellshreppi, lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur. — **2. gr.** Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðunum Breiðholti, Bústöðum eða Eiði. . . .[a] — **3. gr.** Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til heimilis- og búsþarfa, enda hlíti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja.[b]) Svo skulu þeir og greiða sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sér, og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

1923 Nr. 46 20. júní

1929 Nr. 49 14. júní **Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.**

1. gr. Jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá 1. janúar 1929 að telja. — **2. gr.** Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum. — **3. gr.** Reykjavíkurkaupstaður greiðir Mosfellshreppi í eitt skipti fyrir öll fimmtán þúsund krónur.

1931 Nr. 69 8. sept. **Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.**

1. gr. Jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið frá þeim, svo og verzlunarstaðurinn Skildinganes við Skerjafjörð, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. janúar 1932. — **2. gr.** Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfalinga, sem eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, sem um ræðir í 1. gr. — **3. gr.** Fyrir árslok 1932 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal væntanleg skaðabótagreiðsla til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegna laga þessara. Reykjavík skal rétt og skylt að kaupa vatnsveitu þá,

a) III, 148. — b) III, 143—4, 147.

1931 Nr. 69 14. júní

er vatnsveitufélag Skildinganeskauptúns hefir lagt þangað úr vatnsveitu Reykjavíkur. — Allar fjárgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu ákveðnar með gerðardómi, og skal hann einnig skera úr sérhverjum ágreiningi milli málsaðilja út af lögum þessum. Gerðardóm skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess; skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurkaupstaður eftir ákvörðun gerðardómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðilja.

1943 Nr. 52 14. apríl

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

1. gr. Frá 1. maí 1943 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur jarðirnar Elliðavatn og Hólm í Seltjarnarneshreppi ásamt lóðum og löndum, sem úr þeim hafa verið seldar, svo og spildu þá úr landi jarðarinnar Vatnsenda í sama hreppi, er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að taka eignarnámi samkv. heimild í lögum nr. 57 4. júlí 1942. Ennfremur skal leggja undir lögsagnarumdæmið frá sama tíma jarðirnar Grafarholt, að svo miklu leyti, sem eignarnámsheimild 3. gr. tekur til, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaði, Lambhaga, Reynisvatn og jarðarhlutann Hólmsheiði í Mosfellshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið úr þeim. — Frá 1. maí 1953 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur þann hluta Grafarholts, sem samkvæmt 1. mgr. fellur eigi nú þegar undir það. — **2. gr.** Frá 1. maí 1943 tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, er um ræðir í 1. gr. — **3. gr.** Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt, ef ekki næst samkomulag við eiganda Grafarholts fyrir 1. júní 1943 um kaup á jörðinni, að láta taka eignarnámi jörðina Grafarholt í Mosfellshreppi, ásamt nýbýlinu Engi og þeim lóðum og löndum, er seld hafa verið úr landi jarðarinnar. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917. Eignarnámsheimild þessi tekur þó ekki til þess hluta Grafarholtslands, sem er neðan við Vesturlandsbraut. — **4. gr.** Fyrir árslok 1943 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps hins vegar, þar á meðal væntanlegar skaðabótagreiðslur til hreppanna. — **5. gr.** Allar fjárgreiðslur samkv. lögum þessum, aðrar en endurgjald fyrir Grafarholt samkv. 3. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, og skal hann einnig skera úr öllum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóminn skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess. Skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurbær eftir ákvörðun dómsins.

1943 Nr. 52 14. apríl

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík. **1903** Nr. 13 28. ágúst

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Reykjavík, skal stækka þannig, að austurtakmörk séu merkjaskurður og garður austan við Rauðarármýri (Félagstún) frá sjó upp að Laugavegi, suðurtakmörk lína frá enda nefnds garðs við Laugaveg í suðurhorn Grænuborgartúns, og þaðan lína með suðurjaðri Sauðagerðistúns vestur í Kaplaskjólsveg, og vesturtakmörkin lína þaðan í enda Framnesvegar við Grandabót. — Merkjasteinar skulu settir fyrir verzlunarlóðinni.

Lög um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi. **1942** Nr. 57 4. júlí

1. gr. Bæjarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, til þess að auka við fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, Heiðmörk. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Lög um byggingarmálefni Reykjavíkur. **1944** Nr. 61 31. okt.

1. gr. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar og stjórnarráðs. — **2. gr.** Byggingarnefnd skipa 7 menn: borgarstjóri, bæjarverkfræðingur, húsameistari bæjarins, skipulagsstjóri ríkisins og þrír menn, kosnir hlutfallskosningum í bæjarstjórn árlega samtímis öðrum föstum nefndum. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar. Byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og aðrir sérfræðingar, sem bæjarstjórnin ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt. — Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað

1944 Nr. 61 31. okt.

sá, sem í forföllunum gegnir starfi hans. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem bæjarstjórn kýs samtímis aðalmönnum og á sama hátt. — Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef á fundi eru formaður og þrír nefndarmenn aðrir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns. — **3. gr.** Um byggingarmálefni kaupstaðarins skal nánar kveðið á í byggingarsamþykkt,[a]) sem bæjarstjórn semur að fengnum tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.[1]) — **4. gr.** Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir bæjarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef bæjarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins. Nú greinir byggingarnefnd og bæjarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá stjórnarráðið úr. — **5. gr.** Í byggingarsamþykkt má ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi, sem samkvæmt henni eru veitt, og fyrir störf, er byggingarfulltrúi stöðu sinni samkvæmt vinnur í þágu einstakra manna. Gjöld þessi renni í bæjarsjóð og hafa lögtaksrétt. — **6. gr.** Byggingarfulltrúi skal þegar í stað kæra fyrir sakadómara, ef bygging er hafin, án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða á annan hátt er byggt en leyfi stendur til. — Sakadómari skal þá þegar kveða upp úrskurð um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rifið eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð bæjarsjóðs. Lögreglustjóri annast framkvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brottnáms ólöglegrar byggingar. Bæjarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd lögreglustjóra á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki að endurgreiða kostnaðinn. Bæjarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni. — Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og skal farið með slík mál sem almenn lögreglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að bann hefir verið lagt við henni skv. ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal borgarstjóra kost á því fyrir hönd bæjarsjóðs að gera í refsimálinu kröfur til þess, að kærði verður dæmdur til að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans. — **7. gr.** Byggingarfulltrúi skal semja skrá yfir allar þær byggingar, sem reistar hafa verið í óleyfi, áður en lög þessi ganga í gildi. Síðan skal með venjulegum hætti skorið úr, hvort unnt er að veita leyfi fyrir einhverjum þeirra. Hinar byggingarnar skal rífa, þegar bæjarstjórn krefst þess, og er henni skylt að gera slíka kröfu, nema hún telji, að nauðsyn sé á, að byggingin standi vegna almennra húsnæðisvandræða. Á meðan einhverjar hinna óleyfðu bygginga standa samkvæmt þessari heimild, skal það árlega borið undir bæjarstjórn, hverjar þeirra hún vill þá láta rífa. Nú stendur slík óleyfð bygging á óútvísuðu eignarlandi bæjarins, og öðlast eigandi byggingarinnar engan rétt til landsins, þótt hún standi þar. — Um niðurrif og brottnám þeirra bygginga, sem bæjarstjórn skv. 1. mgr. krefst, að brott séu teknar, fer eftir því, sem í 6. gr. segir, og varðar það viðurlögum skv. henni, ef byggingin er eigi rifin eða numin brott, jafnskjótt og krafizt er.

1) Samþ. nr. 195, 22. okt. 1945. — a) VI, 303.

1944 Nr. 61 31. okt.

Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

1914 Nr. 35 2. nóv.

1. gr. Bæjarstjórn Reykjavíkur lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og gera nákvæman uppdrátt af þeim. — Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni. — **2. gr.** Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða, og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru. — **3. gr.** Bæjarstjórnin ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir, að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa, til þess að geta framkvæmt starf sitt. — Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda

séu þeir heimilisfastir í Reykjavík eða þar staddir, viðvart, með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hve nær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá og lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóða. — Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum. — Eigendur eða umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum. — **4. gr.** Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallizt, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum. — **5. gr.**[a]) Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. Merkjadóm þenna skipa 3 menn. Kýs stjórnarráðið einn; skal hann vera lögfræðingur, og er hann formaður dómsins.[1]) Annan hinna tveggja kýs landsyfirdómurinn,[2]) en bæjarstjórn hinn. Þrír varamenn skulu og kosnir á sama hátt. Varamaður tekur sæti í dóminum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Ef bæði aðalmaður og varamaður deyja eða forfallast, skal sá, sem kaus þá, velja mann í staðinn. Í dóminum ræður afl atkvæða úrslitum. Um óhæfi (inhabilitet) merkjadómara gilda sömu reglur sem um óhæfi reglulegra dómara, samkvæmt landslögum. Áður en merkjadómari byrjar störf sín í dóminum, skal hann skrifa undir eiðspjall. Hverjum merkjadómara ber 4 kr. í þóknun fyrir hvern dag, er hann situr að merkjadómi. — **6. gr.** . . .[1]) — Vitnum er skylt að mæta fyrir merkjadómi með einnar nætur fyrirvara. Ákvæði N. L. 1—13—13 gildir eigi. Frestir skulu sem stytztir vera, og eigi lengri en 3 sólarhringar, nema brýna nauðsyn beri til. Merkjamál þarf ekki að leggja til sátta.[a]) — Nú sækja aðiljar, einn eða fleiri, eigi merkjadómþing; enda þótt löglega sé til stefnt, og skal þá dómur ganga um málið allt að einu, enda skipi dómurinn þá talsmann hverjum þeim, er eigi sækir dómþingið, en að öðru leyti skal málið fara eftir réttarfarsreglum einkamála. — **7. gr.** . . .[1]) Merkjadómur kveður og á um það, hver málsaðilja skuli greiða málskostnað, þar á meðal um kaup til dómenda. Nú þykir merkjadómi eigi ástæða til að kveða á um greiðslu kaupsins til dómenda, og greiðist það þá úr bæjarsjóði. Merkjadómi má fullnægja sem öðrum dómum. Fullnægjufrestur er 3 sólarhringar eftir dómsuppsögn. . . .[1]) — **9. gr.** [Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.][2]) — **10. gr.** [Í lóðaskrána og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs. — Ráðherra setur reglugerð,[3]) eftir tillögum bæjarstjórnar, um skyldur og störf lóðaskrárritara.][4]) — **11. gr.** [Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti á lóð eða parti úr lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.][5]) — Ef skrásettri lóð er skipt

1) Sjá nú l. nr. 65, 10. des. 1943, § 2. — 2) Sjá l. nr. 112, 19. maí 1935, § 56. — a) I, 644, XI, 189, XIV, 112, XVII, 608, XXIII. 640.

1) L. nr. 65, 16. des. 1943, § 12. — 2) L. nr. 35, 20. júní 1923, § 3. — 3) Rgj. nr. 44, 27. júní 1924, sbr. auglýs. nr. 45, 11. marz 1953. — 4) L. nr. 35, 20. júní 1923, § 4. — 5) Sömu l., § 5. — a) XIV, 180.

1914 Nr. 35 2. nóv.

í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.[a]) — **12. gr.** [Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 11. gr., svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Reykjavíkur samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.][1]) — **13. gr.** Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði, sem hér að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni. — **14. gr.** Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 7. gr.

1943 Nr. 86 16. des.

Lög um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

1. gr. Þegar Reykjavíkurkaupstaður lætur lóðir sínar og lönd á leigu, þar á meðal erfðafestuleigu, skal bæjarstjórnin eða bæjarráð í umboði hennar ákveða leiguskilmálana. — Á sama hátt ræður hafnarstjórn leigumála um lóðir Reykjavíkurhafnar. — **2. gr.** Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal vera 5% af fasteignamatsverði lóðarinnar. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af bæjarstjórn og hafnarstjórn. — **3. gr.** Ef bæjarstjórn eða hafnarstjórn selja lóðir eða lóðarspildur bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, fer um ákvörðun söluverðs með sama hætti og fyrir er mælt í 1. gr. — **4. gr.** Nú er bæjarstjórn (bæjarráð) eða hafnarstjórn ekki á einu máli um ákvörðun árleigu eða söluverðs lóðar, og skal þá leigan eða söluverðið ákveðið með mati dómkvaddra manna eftir almennum reglum um dómkvaðningu. — **5. gr.** Lóðarleigjanda, er ekki vill hlíta ákvörðun bæjarstjórnar (bæjarráðs) eða hafnarstjórnar um ákvörðun lóðarleigu eða mati samkv. 4. gr., er heimilt að krefjast yfirmats um leiguna, er framkvæmt skal af dómkvöddum mönnum. Um greiðslu matskostnaðar fer þá samkv. ákvæðum 6. gr. síðustu mgr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 14. nóv. 1917. — **6. gr.** Er næsta matstímabili lóðarleigu samkvæmt gildandi leigusamningum lýkur, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal lóðarleigan ákveðin svo sem segir í lögum þessum.

1943 Nr. 86 16. des.

1945 Nr. 28 12. febr.

Lög um brunamál í Reykjavík.

1. gr. Yfirstjórn brunamála í Reykjavík er í höndum bæjarstjórnar Reykjavíkur. — **2. gr.** Bæjarráð Reykjavíkur hefur á hendi framkvæmd brunamála bæjarins, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Bæjarráð skal hafa eftirlit með því, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er sett skal samkvæmt þeim. — **3. gr.** Bæjarstjórnin setur reglugerð um brunamál í Reykjavík, er ráðherra staðfestir. — Í reglugerðinni skulu vera almenn ákvæði um: 1. Skipun slökkviliðs bæjarins og starfsreglur þess, einkennisfatnað og tæki þess. 2. Notkun vatns, þegar bruna ber að höndum. 3. Meðferð elds og ljóss. 4. Gerð og útbúnað reykháfa og eldfæra, hreinsun þeirra og eftirlit með þeim. 5. Öryggistæki í húsum. 6. Sérstakar varúðarráðstafanir í húsum, þar sem er óvenjumikil hætta af eldi vegna margmennis, sökum starfrækslu, sem þar á sér stað, eða af öðrum orsökum, svo sem í samkomuhúsum, skólum, sjúkrahúsum, barna- og elliheimilum, bifreiðaskýlum, verksmiðjum, vinnustofum og vörugeymsluhúsum. 7. Geymslu á timbri. 8. Uppskipun, geymslu og dreifingu eldfimra efna og sprengiefna. 9. Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í reglugerð, er eigi verður talið til neins töluliðar hér að framan, og skal þá eigi að síður heimilt að taka ákvæðið upp í reglugerðina, ef það er sambærilegt við þau ákvæði, sem talin eru í fyrri töluliðum þessarar greinar.[1]) — **4. gr.** Slökkviliðsstjóranum í Reykjavík er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld, sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði sem slökkviliðsmenn. — **5. gr.** Sérhver, sem verður eldsvoða var, skal tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Vegfarendur skulu víkja úr vegi fyrir slökkviliðinu og stöðva ökutæki sín. Bifreiðarstjórum er skylt að aka slökkviliðsmanni á brunastað gegn venjulegu gjaldi. — **6. gr.** Slökkviliðið

1) L. nr. 35, 20. júní 1923, § 6. — a) XX, 415.

1) Sbr. brunamálasamþykkt nr. 144, 11. júní 1953.

1945 Nr. 28 12. febr.

hefur frjálsan aðgang að húsum og lóðum á brunastað og í nágrenni hans. Það hefur rétt til að láta ryðja í burtu mannvirkjum, svo sem húsum, girðingum og öðru, sem torveldað getur starf þess, og gera hverjar ráðstafanir aðrar, er stjórn þess telur nauðsynlegar til þess að slökkva eldinn eða hindra útbreiðslu hans. — Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið. — **7. gr.** Það tjón, sem hlýzt af ráðstöfunum slökkviliðsins samkvæmt 6. gr., skal skoða sem brunatjón. Verði það ekki bætt af vátryggingarfélögum, skal bæjarsjóður bæta tjónið eftir samkomulagi eða samkvæmt mati tveggja óvilhallra manna, er borgardómari kveður til. — **8. gr.** Lögreglusveit úr lögregluliði Reykjavíkur skal ávallt vera viðstödd bruna og aðalæfingar slökkviliðsins. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, hve fjölmenn lögreglusveitin skuli jafnaðarlega vera. — **9. gr.** Lögreglusveitinni er skylt að halda uppi aga og góðri reglu við bruna og æfingar. Hún skal, í samráði við slökkviliðsstjóra, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum. — **10. gr.** Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim, skal fara sem opinber lögreglumál. Brot varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Sektarfé rennur í bæjarsjóð Reykjavíkur.

1954 Nr. 25 13. apríl

Lög um brunatryggingar í Reykjavík.[a])

1. gr. Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins að undangengnu almennu útboði. — Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjarsjóðs og ríkissjóðs. — Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar. — **2. gr.** Bæjarstjórnin getur því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr. — Útboð samkv. 1. málsgr. 1. gr. skulu fara fram eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. — **3. gr.** Áður en bæjarstjórn gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsgr. 1. gr. — **4. gr.** Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því vátryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats. — Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun. — Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum. — **5. gr.** Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla. — Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki. — **6. gr.** Bæjarstjórn setur nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

1954 Nr. 25 13. apríl

a) (XXII, 207).

Lög um hafnsögu í Reykjavík.

1. gr. Öll skip, sem eru 30 smálestir brúttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Reykjavíkurhafnar. Komi skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann. — Herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann. — **2. gr.** [Hafnarstjórn][1]) Reykjavíkur hefir á hendi yfirstjórn hafnsögumála í Reykjavík. — [Hafnarstjórn][1]) skipar hafnsögumenn, svo marga sem þurfa

1918 Nr. 27 22. nóv.

1) L. nr. 49, 23. júní 1932, § 6.

1918 Nr. 27 22. nóv.

þykir, og ákveður laun þeirra. Launin greiðast úr hafnarsjóði Reykjavíkur. — **3. gr.** Hafnsögugjald greiðist samkvæmt reglugerð,[1]) er [hafnarstjórn][2]) Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni. — Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Reykjavíkur, og má taka þau lögtaki. — **4. gr.** Um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda skal nánara ákveðið í reglugerð,[3]) er [hafnarstjórn][2]) Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 kr. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

1940 Nr. 38 12. febr.

Lög um hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr. Bæjarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu, sem hefir einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir. — **2. gr.** Þegar bæjarstjórnin hefir leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, getur bæjarstjórnin bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni. — Vatnshitunarkerfi, sem nú eru, eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð, eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna. — **3. gr.** Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar.[4]) Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu. — Bæjarstjórnin sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefir bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti. — **4. gr.** Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur. — Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum. — **5. gr.** Hitaveita Reykjavíkur selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annarra nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórnin staðfestir.[1]) — **6. gr.** Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til Reykjavíkur og um bæinn, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna. — **7. gr.** Til tryggingar skuldbindingum, sem bæjarstjórnin tekur á sig, með samþykki ríkisstjórnarinnar, í því skyni að lögð verði hitaveita til bæjarins frá jarðhitasvæðum Reykja og Reykjahvols, sem og til tryggingar lánum, sem bæjarstjórnin kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda eða til rekstrar hitaveitunnar, getur bæjarstjórnin sett allt fyrirtækið að veði. — Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á m. sérstaklega einkaréttinda samkvæmt 1. gr., svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðva, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til Reykjavíkur, vatnsgeymar við Reykjavík, allar leiðslur um bæinn, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgæzlumanna við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum endurbótum og viðaukum. — Veðsetningin öðlast fullt gildi við þinglestur í Reykjavík, hvar sem hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru. — Vanefni

1) Rgj. nr. 59, 30. maí 1921. — 2) L. nr. 49, 23. júní 1932, § 6. — 3) Rgj. 31. des. 1918 (Stjt. 1919, B. nr. 2). — 4) Gjskr. nr. 173, 1. sept. 1943 og augl. nr. 140, 10. nóv. 1944 og augl. nr. 150, 18. ág. 1953.

1) Gjskr. nr. 233, 30. des. 1943, og nr. 224, 31. des. 1951.

1940 Nr. 38 12. febr.

1940 Nr. 38 12. febr.

bæjarstjórnin skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og reka það fyrir eiginn reikning, eða fá öðrum rekstur þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem bæjarstjórn rak það, þar til hann hefir fengið kröfur sínar greiddar að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kýs það heldur. Ef vanefndir stafa af óviðráðanlegum atvikum (force majeure) eða ófyrirsjáanlegum, afsakanlegum drætti, má bæta úr þeim með greiðslu svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Er svo stendur á, verður því ekki leitað fullnustu í hitaveitunni, né hún tekin í hendur veðhafa til rekstrar, fyrr en þrír mánuðir eru liðnir frá því vanefndir urðu. — Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir rekið það með sama rétti, sem bæjarstjórnin hafði, og getur hvorki bæjarstjórnin né önnur stjórnarvöld torveldað reksturinn á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hann nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint né óbeint. — Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að hvenær sem er getur bæjarstjórnin leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda veðskuldina að skaðlausu með vöxtum og kostnaði þeirra við yfirtökuna og reksturinn, þar á meðal rekstrartap þeirra. — **8. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allar skuldbindingar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekst á hendur nú eða síðar vegna hitaveitu samkvæmt lögum þessum, allt að 9 milljónum danskra króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í annarri mynt. — **9. gr.** Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

1911 Nr. 42 11. júlí

Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

1. gr. Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji allt skolp frá húsi hans út í göturæsið.[a]) Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda. — **2. gr.** Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum. — Lóðareigendur skulu greiða: — A. 2½‰ af fyrstu 10,000 kr. af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra. 2‰ af næstu 10,000 kr. af brunabótavirðingarverðinu. 1‰ af þeirri upphæð, er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur. Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða byggð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra húsið rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna. — B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því aðeins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til. — Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni. — **3. gr.** Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að ⅔ úr bæjarsjóði en að ⅓ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin sem gangstéttin er. — Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, eftir lengd lóðanna meðfram götunni. — **4. gr.** Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðareigendum og húseigendum samkvæmt 1. og 2. gr., eru tryggðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt allt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá allt að 5% ársvexti. — **5. gr.** Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það. . . .[1]) — **6. gr.** Allar kröfur og gjöld

a) XVI, 423, 421.

1) L. nr. 36, 4. júní 1924, § 6.

samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki[1]) sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

1901 Nr. 18 13. sept.

Lög um manntal í Reykjavík.

1. gr. Lögreglustjórinn[2]) í Reykjavík skal [á tímabilinu frá 20. til 30. nóvbr.][3]) ár hvert eftir ítarlegum reglum, er landshöfðingi setur,[4]) gera nákvæma skrá yfir alla íbúa kaupstaðarins. Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eða hafa þar dvöl; þó skal eigi telja gesti og ferðamenn. Skal tilgreina fullt nafn hvers manns, fæðingardag, ef þess er kostur, fæðingarár, fæðingarstað, stétt eða atvinnu, hvenær hann hafi flutzt til kaupstaðarins, og lögheimili hans, sé það annarsstaðar. — Sé einhver eigi viðstaddur þann dag, sem talið er, heldur fjarverandi í ferðalögum eða á annan hátt, skal hann engu að síður tekinn í manntalið. — Manntal þetta skal skráð í manntalsbók, er gerð sé eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi[5]) ákveður; þar skal og rita þær breytingar, er á verða frá einu manntali til annars jafnskjótt og lögreglustjóri fær vitneskju um það. — **2. gr.**[6]) Að viðlagðri allt að 40 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð, er hver húseigandi eða húsráðandi skyldur að gefa sjálfur fullnægjandi skýrslu um alla húsbúa sína, til afnota við manntal það, er þessi lög skipa fyrir um, eða láta annan hæfan mann, sem hann nefnir fyrir lögreglustjóra og hefir aðsetur í kaupstaðnum, gefa skýrsluna fyrir sína hönd. — Að viðlagðri sömu hegningu er hann skyldur að tilkynna lögreglustjóra innan tveggja sólarhringa, er einhver maður, er setja ber á manntalsskrá samkvæmt 1. gr., flytur í hús hans eða úr því. — **3. gr.** Úr bæjarsjóði skal greiða kostnaðinn við manntalið og manntalsskrána, þar með taldar bækur, eyðublöð o. fl., svo og laun til aðstoðarmanna, sem með þurfa auk lögregluþjónanna. — Eftirrit eftir manntalsbókinni skal láta þeim í té, er æskja þess, fyrir 50 au. gjald fyrir örk hverja, og hálfu minna fyrir hálfa örk og minni hluta úr örk. [Svo skal og árlega láta Hagstofunni í té á kostnað bæjarsjóðs eftirrit af öllu manntalinu.][7]) — **4. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál. — **5. gr.** Öllum störfum við manntal og samning manntalsskrár er héðan í frá að því er kaupstaðinn snertir létt af dómkirkjuprestinum. . . .

1901 Nr. 18 13. sept.

1) Sbr. l. nr. 29, 16. des. 1885. — 2) Sbr. nú l. nr. 49, 19. júní 1933. — 3) L. nr. 64, 22. nóv. 1907. — 4) Rgj. nr. 47, 3. maí 1902. — 5) Sbr. augl. nr. 58, 11. sept. 1953. — 6) Sjá nú l. nr. 73, 25. nóv. 1952, § 18. — 7) L. n.r 57, 26. okt. 1917, § 1.

Lög um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

1933 Nr. 49 19. júní

Störf þau, sem lögreglustjóranum í Reykjavík eru falin í lögum nr. 18 13. sept. 1901, skulu hér eftir falin borgarstjóranum í Reykjavík.

e. Akureyri.

Lög um bæjarstjórn á Akureyri.

1883 Nr. 22 8. okt.

1. gr. [Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. — Bæjarstjórnin kýs sér forseta á fundum úr flokki bæjarfulltrúanna . . .[1])][2]) — **2. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans.[3]) Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstökum tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sérstök bæjarstörf eftir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sér saman um. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. — **3. gr.** . . .[4]) — **11. gr.** [Forseti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum, og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina.][5]) Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita, þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. — Oddviti skal á undan

1) L. nr. 59, 14. júní 1929, § 38, sbr. § 31. — 2) L. nr. 65, 14. nóv. 1917, § 1. — 3) Nú bæjarstjórans. — 4) L. nr. 59, 14. júní 1929. — 5) L. nr. 65, 14. nóv. 1917, § 6.

fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi[1]) samþykkir þau. — **12. gr.** [Virðist bæjarstjóra, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gagni út fyrir vald hennar, eða hún sé gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina.][2]) Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja[1]) skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.[1]) — **13. gr.** [Í öllum málefnum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndarinnar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrétt því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi.][3]) — **14. gr.** Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu bréfi 6. janúarm. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Akureyrar með bæjarfógeta. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa. — **15. gr.** [Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkvæmt hafnarlögum.][4])[a]) — **16. gr.** Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aftri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild. — **17. gr.** Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna. — **18. gr.** . . .[5]) — **24. gr.** Bæjarstjórnin og sérstaklega bæjarfógeti[6]) skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sé, og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum kaupstaðarins. — **25. gr.** Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. [Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, er þar um eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.][1]) — **26. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgerðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt. — **27. gr.** Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins. — **28. gr.** Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán né lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.[a]) — **29. gr.** [Að loknu hverju reikningsári skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár og senda bæjarstjóranum fyrir lok febrúarmánaðar.][2]) [Lætur bæjarstjórinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta, og um hvernig slíkt sé birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt . . . um niðurjöfnunina. Reikningurinn sé því næst vandlega yfirfarinn af 2 yfirskoðunarmönnum . . . Skoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því að þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn, ásamt athugasemdum skoðunarmanna, og svari gjaldkera, fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfir-

1) Félagsmálaráðuneytið. — 2) L. nr. 65, 14. nóv. 1917, § 7. — 3) Sömu l., § 8. — 4) Sömu l., § 9. — 5) L. nr. 66, 12. apríl 1945. — 6) Nú bæjarstjóri. — a) XXIV, 611.

1) L. nr. 65, 14. nóv. 1917, § 13. — 2) L. nr. 29, 22. nóv. 1918. — a) II, 1114, 1118—19.

1883 Nr. 22 8. okt.

skoðunarmanna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sé réttur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Yfirskoðunarmönnum er skylt að endurskoða reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með. — Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarstjórinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til séu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.][1]) — **30. gr.** [Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanna og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim.[a]) Komist stjórnarráðið að því, þá er það yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal það gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur það með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt í þessum ályktunum.][2]) — [Með samþykkt[3]) bæjarstjórnarinnar, staðfestri af stjórnarráðinu, má ákveða, að sérstökum málefnum kaupstaðarins skuli stjórnað af föstum nefndum, og skal í samþykktinni tiltekið nánara um skipun þeirra, verksvið og vald.][4])

1907 Nr. 83 22. nóv.

Lög um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.

1. gr. . . .[5]) — **2. gr.** Með reglugerð,[6]) er stjórnarráðið staðfestir, getur bæjarstjórnin stofnsett og komið skipulagi á almenna vatnsveitu fyrir kaupstaðinn, og fráræslu. — Þegar þessi fyrirtæki, eða annaðhvort þeirra, er komið til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið staðfestir, leggja almennt gjald til bæjarsjóðsins á notendur fyrir afnot þess. Gjald þetta má taka lögtaki eftir lögum 16. des. 1885. — **3. gr.** Nú reynist nauðsynlegt að taka eignarnámi lóðareignir einstakra manna eða önnur réttindi til almennings nota við höfnina eður skipakvína, eða þurfi að taka óbyggða lóð eða lóðarafnot til þess að koma í framkvæmd fyrirtækjum þeim, er nefnd eru í 2. gr., og skulu þá eigendur skyldir að láta þær eignir eða réttindi af hendi við bæjarstjórnina, en greiða skal eigendum fullt endurgjald úr sjóði kaupstaðarins. — **4. gr.** . . .[1])

1907 Nr. 83 22. nóv.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar.

1. gr. Jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barði og Hamarkoti, að undanskildum Glerárdal, og jörðin Kotá, báðar í Hrafnagilshreppi, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar frá fardögum 1896. — **2. gr.** . . . — **3. gr.** Verzlunarlóð bæjarins skal aðeins ná yfir hina fornu kaupstaðarlóð, þ. e. Akureyri og Oddeyri með þeim ummerkjum, sem verið hafa, að viðbættri landsspildunni frá suðvesturhorni lóðar Jóh. Halldórssonar beina línu ofan við brekkubrún út að Grófargili í vörðu, sem þar verður sett, og þaðan beina línu í vörðu á klöpp fyrir utan og neðan Hamarkot, og þaðan beina línu í vörðu fyrir neðan Glerárgljúfur.

1895 Nr. 34 13. des.

1909 Nr. 28 9. júlí

Lög um að leggja jörðina Naust í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar.

1. gr. Jörðin Naust í Hrafnagilshreppi skal lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar frá 6. júní 1909. . . .

1920 Nr. 17 18. maí

Lög um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrar.

1. gr. Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu, að áskildu samþykki sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrar frá 6. júní 1920. . . .

1857 6. jan.

Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri.

1) Á verzlunarstaðnum Akureyri skal stofna byggingarnefnd . . .[2]) — **2)** . . .[3]) — **4)** Nefnd þessi á hér eftir, samkvæmt

1) L. nr. 65, 14. nóv. 1917, § 14. — 2) Sömu l., § 15. — 3) Sþ. nr. 88, 31. maí 1946. — 4) L. nr. 65, 14. nóv. 1917, § 16. — 5) L. nr. 62, 3. nóv. 1915, § 14. — 6) Rgj. nr. 7, 10. jan. 1922. — a) II, 1114.

1) Sbr. l. nr. 15, 20. júní 1923, § 155 og XV. og XVI. kafla. — 2) L. nr. 22, 8. okt. 1883, § 14. — 3) L. nr. 59, 14. júní 1929, § 32.

1857 6. jan.

tilskipun 17. nóvemberm. 1786, 5. gr., að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja skal, svo og til garða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð verzlunarstaðarins, og einnig til jurtagarða, en til þeirra má þó aðeins taka brekkuna. Til þessa þarf eftir á að fá samþykki hjá amtmanni.[1]) Síðan lætur sýslumaður mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aftur til verzlunarstaðarins. — Til þess verzlunarstaðurinn hér eftir geti orðið byggður eftir ákveðinni reglu, ber nefndinni ennfremur með samþykki amtmannsins að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin;[2]) á sýslumaðurinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er hann einn áður hefir mælt út; skal svo nefndin rita þær í sérstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af því að útvega bók þessa, og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja við þurfa til að rita í gerðir sínar og bréf, skal til bráðabirgða greiða úr jafnaðarsjóði amtsins, þangað til verzlunarstaðurinn sjálfur kann að eignast sjóð út af fyrir sig.[3]) — **5)** Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á verzlunarstaðnum, og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina: — A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti eða þoka einhverju eldra húsi aftur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aftur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það af verzlunarstaðnum; skal nefndin, með samþykki amtmannsins, meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið, eður hús flutt aftur á við, og jafna því niður á innbúa verzlunarstaðarins þannig, að helmingurinn komi á hina eiginlegu húseigendur, eftir flatarmáli húsa þeirra, en helminginn greiði allir þeir, er lóð hafa fengið úthlutaða, eftir stærð lóðar þeirrar, er hver hefir fengið, án þess tillit sé haft til þess, til hvers hún hefir verið notuð. — B. . . .[1]) — C.[2]) Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar mót húsbruna. Um þetta skal síðan leita samþykkis amtmanns. Ennfremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum, og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grannt reglum þeim, sem þeim eru settar. — D. Sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta gömlu húsi, eða gera talsverðar umbætur á því, á áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar, er séu samþykktar af amtmanni, um það, hvort hann megi byggja, og eftir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C. hér á undan. — E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sé gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rdl. til 25 rdl. til fátækra á þeim stað, eftir úrskurði lögregludómsins; hinn fyrrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eftir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal sýslumaður, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin eða amtmaðurinn hefir sett honum um byggingu eða viðgerð húsa, samkvæmt því, sem hér að framan er ákveðið; þó má eftir málavöxtum lækka bæturnar allt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eftir reglum þeim, er settar voru. — **6)**[3]) Það sem ákveðið er í reglugerð

1857 6. jan.

1) Sbr. nú tilsk. nr. 12, 23. ág. 1904, I. 11 og augl. nr. 58, 11. sept. 1953. — 2) Sbr. l. nr. 55, 27. júní 1921. — 3) L. nr. 22, 8. okt. 1883.

1) L. nr. 55, 10. nóv. 1905, §1. — 2) Sömu lög, § 4. — 3) Sömu lög, § 2.

1857 6. jan. þessari, skal einnig gilda um hús þau á lóð verzlunarstaðarins, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

1905 Nr. 55 10. nóv.

Lög um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri.

1. gr. Ákvæði það í opnu bréfi 6. jan. 1857 5. B., um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr né önnur op á veggjum þeim, er vita að annars manns lóð, nema því aðeins, að veggurinn sé að minnsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því, er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þyki byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru. — Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tígul-)steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, er taki 6 þuml. að minnsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé eigi minna en 7—8 þumlunga þykkur. — **2. gr.** Eftirleiðis má eigi byggja íbúðarhús né bæjarhús úr torfi í landi kaupstaðarins. Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn veitt með ⅔ atkv., ef tillaga um það kemur frá byggingarnefnd. — **3. gr.** Heimilt skal byggingarnefndinni, ef ⅔ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið. — **4. gr.** Nú reisir einhver nýtt hús eða gerir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess. — **5. gr.** Nú þykir bæjarstjórn æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykkt,[1]) er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. — Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþykktarinnar leiðir.

1) Sþ. nr. 6, 1. febr. 1928.

1905 Nr. 55 10. nóv.

1951 Nr. 16 9. febr.

Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

1. gr. Bæjarstjórn Akureyrar lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Akureyrar og gera nákvæman uppdrátt af þeim. — Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni. — **2. gr.** Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru. — **3. gr.** Bæjarstjórnin felur verkfræðingi eða ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt. — Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir á Akureyri eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún og þá lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar. — Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðaeigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum. — Eigendur og umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum. — **4. gr.** Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælinga-

1951 Nr. 16 9. febr.

maður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst ekki um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallizt, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum. — **5. gr.** Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra. — **6. gr.** Í lóðaskrána og á aðaluppdráttinn skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs. Ráðherra setur reglugerð, eftir tillögum bæjarstjórnar, um skyldur og störf lóðaskrárritara. — **7. gr.** Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti að lóð eða hluta af lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá. — Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni. — **8. gr.** Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 6. gr. svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Akureyrar samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar. — **9. gr.** Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færist á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði sem hér að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni. — **10. gr.** Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 13. gr. — **11. gr.** Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur. — Bæjarfógetinn á Akureyri er formaður merkjadóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem merkjadómsmenn heita. Þeir skulu vera að minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi og vera búsettir á Akureyri. Annan hinna tveggja merkjadómsmanna skipar hæstiréttur, en bæjarstjórn Akureyrar hinn. Á sama hátt skulu skipaðir tveir varamenn. Varamaður tekur sæti í dómnum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Merkjadómsmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Það er borgaraskylda að taka við skipun í merkjadóm eitt kjörtímabil í senn. — **12. gr.** Merkjadómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna. — **13. gr.** Formaður dómsins ákveður þóknun merkjadómsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði. Ákvörðun hans um þóknun getur bæði merkjadómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. — **14. gr.** Um málsmeðferð fyrir merkjadómi, málskostnað og fleira, skal, eftir því sem því verður við komið, farið eftir ákvæðum laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

1951 Nr. 16 9. febr.

Lög um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

1917 Nr. 66 14. nóv.

1. gr. Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji allt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganefndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Skal í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda. — Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum, samkvæmt framansögðu, hefir bæjarsjóðurinn lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðréttur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. — **2. gr.** Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, og sömuleiðis kostnaður við steinlímdar, hellulagðar og aðrar

1917 Nr. 66 14. nóv.

jafnvandaðar gangstéttir, greiðist úr bæjarsjóði.[a]) En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstéttaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð,[1]) er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða með fram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar. — **3. gr.** Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum samkvæmt lögum þessum.

1927 Nr. 49 31. maí

Lög um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

1. gr. Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans. — Til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir reglugerð,[2]) sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sé gjaldið miðað við það, hve oft er hreinsað. — Húseigandi greiðir gjaldið. — **2. gr.** Gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

f. Ísafjörður.

1917 Nr. 67 14. nóv.

Lög um bæjarstjórn Ísafjarðar.

1. gr. Umdæmi Ísafjarðar nær yfir jarðirnar Eyri með Stakkanesi og Seljaland. — **2. gr.** [Bæjarstjórn stýrir málefnum kaupstaðarins.][3]) ... — **3. gr.** Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita.[4]) — Með samþykkt skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál og skal í samþykkt kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda.[5]) Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún um það setur. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur. — Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa. ... — **12. gr.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina. — Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður auk oddvita minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. — Það skal kunngert bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. — Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. . . . — Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau. — **13. gr.** Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út fyrir valdsvið hennar, eða ákvörðun sé gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. — **14. gr.** Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **15. gr.** Bæjarstjórnin ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og 4 menn, er bæjarstjórn kýs, 2 úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu

1917 Nr. 67 14. nóv.

1) Rgj. nr. 48, 15. apríl 1925. — 2) Rgj. nr. 76, 23. nóv. 1927. — 3) L. nr. 41, 7. maí 1928. — 4) Nú bæjarstjóra. — 5) Sþ. nr. 215, 27. des. 1947 og fundarsköp nr. 216, s. d. — a) V, 937.

þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt, og renna þau í bæjarsjóð. — Með samþykkt, er bæjarstjórn setur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir, má setja reglur um leiguskilmála á leigulóðum, túnleigu og erfðafestulöndum. Leiga af löndum þessum hefir lögtaksrétt.[1]) — **16. gr.** Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins, samkv. hafnarlögum. — **17. gr.** Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna og kýs um sáttamannsefni. — . . . — **23. gr.** Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 15. janúar og 15. júlí ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur bæjarfélagsins. Séu þau eigi greidd innan hálfs mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki. . . . — **24. gr.** Bæjarstjórnin og oddviti bæjarstjórnar sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **25. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir. — **26. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á lendum, smíðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í landssjóð. — **27. gr.** Bæjarstjórn er skyld að útvega og láta landsstjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand bæjarins. — **28. gr.** Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán né til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **29. gr.** Þegar í lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar; lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kjósendum til sýnis, eins og fyrir er mælt um niðurjöfnunarskrána. — Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna . . . mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn . . . Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því að þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna. — Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágrip að vera svo fullkomið, að til séu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **30. gr.** Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir umliðið reikningsár, með öllum fylgiskjölum. Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, sem hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum. — **31. gr.** Með samþykkt þeirri, er getur um í 3. grein og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari regl-

1) Sþ. nr. 171, 5. des. 1919, rgj. nr. 74, 8. ágúst 1921.

1917 Nr. 67 14. nóv.

1917 Nr. 67 14. nóv.

ur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

1935 Nr. 48 28. jan.

Lög um verzlunarlóð Ísafjarðar.

1. gr. Verzlunarlóð Ísafjarðar skal ná yfir jarðirnar Seljaland og Eyri (með Stakkanesi), að undanskilinni Eyrarhlíð frá Urtusteini til landamerkja Hnífsdals og Eyrar (á Miðhlíð), og takmarkast að norðan af línu, sem dregin sé beina leið frá Urtusteini til fjalls.

1866 26. jan.

Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði.

1. gr. . . .[1]) — **3. gr.** Nefnd þessi á hér eftir samkvæmt tilskipun 17. nóvembermánaðar 1786 5. gr. að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja skal, svo og til jurtagarða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð kaupstaðarins. Síðan lætur bæjarfógetinn[2]) mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aftur til kaupstaðarins. Til þess að kaupstaðurinn hér eftir geti orðið byggður eftir ákveðinni reglu, ber nefndinni ennfremur að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslur um þær lóðir, er sýslumaður áður hefir mælt út; skal nefndin svo rita þær í sérstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af að útvega bók þessa og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni að þykja við þurfa til að rita í gerðir sínar og bréf, skal greiða úr bæjarsjóðnum. — **4. gr.**[3]) Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina: — A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aftur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aftur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið eður hús flutt aftur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því ris, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sé nokkur óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefir ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amtmannsins. — B. . . .[1]) — C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar mót húsbruna. Ennfremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái húsnæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sér í lagi hæð undir loftum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum og gæta þess nákvæmlega að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grannt reglum þeim, sem þeim eru settar. — D.[2]) Sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gera talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar um það, hvort hann megi byggja, og eftir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C. hér á undan. — E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði áður en þessa sé gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rd. til 25 rd. til fátækra á þeim stað, eftir úrskurði lögregludómsins; hinn fyrrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eftir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu bætur skal sá greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefir sett honum um byggingu eða viðgerð húsa, samkvæmt því, sem hér að framan er ákveðið; þó má eftir málavöxtum lækka bæturnar allt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eftir reglum þeim, er settar

1) L. nr. 67, 14. nóv. 1917, § 15. — 2) Nú bæjarstjórinn. — 3) L. nr. 23, 20. okt. 1905, § 3.

1866 28. jan.

1) L. nr. 23, 20. okt. 1905, § 1. — 2) Sömu l., § 4.

1866 26. jan.

voru. — **5. gr.**[1]) Það sem ákveðið er í reglugerð þessari, skal einnig gilda um hús þau á lóð kaupstaðarins, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

1905 Nr. 23 20. okt.

Lög um breyting á opnu bréfi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði.

1. gr. Ákvæði það í opnu bréfi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr, né önnur op á veggjum, er vita að annars manns lóð, nema því aðeins, að veggurinn sé að minnsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þyki byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru. — Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tígul-) steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minnsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé eigi minna en 7—8 þumlunga þykkur. — **2. gr.** Það skal hér eftir bannað að gera hús eða bæi af torfi. — **3. gr.** Heimilt skal byggingarnefndinni, ef ⅔ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið. — **4. gr.** Nú reisir einhver nýtt hús eða gerir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

1905 Nr. 24 20. okt.

Lög um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

1. gr. Þá er beðið er um útmæling á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eftir tillögu byggingarnefndar. — **2. gr.** Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Þó má bæjarstjórn lengja frest þennan allt að einu ári. Kaupandi skal og fá endurgoldin eftir óvilhallra manna mati þau verk, sem hann hefir unnið til umbóta á lóðinni. — **3. gr.** Andvirði seldra lóða leggist í sérstakan sjóð, og setur stjórnarráðið eftir tillögum bæjarstjórnar reglur[1]) um stjórn sjóðsins og notkun hans.

1) Sjá l. nr. 23, 20. okt. 1905, § 2.

1905 Nr. 24 20. okt.

1909 Nr. 31 9. júlí

Lög um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð undir skólabygging.

1. gr. Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð undir barnaskólahúsbygging og aðrar nauðsynlegar byggingar og svæði í sambandi við skólann. — **2. gr.** Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni. Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

1913 Nr. 49 10. nóv.

Lög um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

1. gr. [Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbætur, hafnarkví og hafnarbryggjur, og byggingar og svæði, er þörf er á í sambandi við hafnarbæturnar.][2]) — **2. gr.** Eignarnámið skal framkvæmt af 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni. — Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

1935 Nr. 88 3. maí

Lög um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr. Öll skip, sem eru 30 smálestir brúttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Ísafjarðarhafnar. Komi skip oftar en einu sinni á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann. — Herskip, skemmtiskip og fiskiskip eru undanþeg-

1) Rgj. nr. 54, 21. maí 1906. — 2) L. nr. 44, 26. okt. 1917.

1935 Nr. 88 3. maí

in hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann. — **2. gr.** Hafnarnefnd Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnsögumála á Ísafirði, undir yfirstjórn bæjarstjórnar Ísafjarðar. Bæjarstjórnin skipar hafnsögumenn, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður laun þeirra. Launin greiðist úr hafnarsjóði Ísafjarðar. — **3. gr.** Hafnsögugjaldið greiðist samkvæmt reglugerð, er hafnarnefnd Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni, svo og um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda. Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Ísafjarðar, og má taka þau lögtaki.[1]) — **4. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 kr. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

1948 Nr. 47 5. apríl

Lög um hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að veita bæjarstjórn Ísafjarðar leyfi til þess að koma upp og reka hitaaflstöð og hitaveitu á Ísafirði, einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir. — **2. gr.** Þegar bæjarstjórn hefur reist hitaaflstöð og hitaveitu, getur hún bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni. Vatnshitunarkerfi, sem nú eru eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna. — **3. gr.** Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra, húseigendum að kostnaðarlausu. Bæjarstjórnin sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefur bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti. — **4. gr.** Bæjarstjórn hefur rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, sem bæjarstjórn setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum. — **5. gr.** Hitaveita Ísafjarðar selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annarra nota, eftir því sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórn staðfestir. — **6. gr.** Lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf, til þess að veita megi vatninu um bæinn, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna. — **7. gr.** Þegar ríkisstjórnin hefur leyft að koma upp hitaaflstöð og hitaveitu samkvæmt lögum þessum, ábyrgist hún fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, lán, er bæjarstjórn Ísafjarðar tekur til framkvæmdanna, allt að 5.5 milljónum króna, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði, enda samþykki ríkisstjórnin lánskjörin. — **8. gr.** Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrá, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

1) Rgj. nr. 20, 16. febr. 1904, rgj. nr. 22, 1. apríl 1936, XI. kafli og rgj. nr. 59, 10. apríl 1942.

1948 Nr. 47 5. apríl

Lög um mjólkursölu á Ísafirði.[1])

1918 Nr. 32 22. nóv.

1. gr. Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilað að setja ákvæði[2]) um allt, er lýtur að meðferð og gæðum rjóma og mjólkur, er selja á í kaupstaðnum, svo og um tölu og legu útsölustaða þeirra vörutegunda. Heimilt er henni og að ákveða, að enginn megi standa fyrir sölu til almennings á mjólk eða rjóma, nema hann hafi til þess leyfi heilbrigðisnefndar, enda geti hún svipt þann leyfinu, er það hefir fengið, ef ástæða þykir til. — **2. gr.** Bæjarstjórn setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með mjólkurmeðferð og sölu mjólkur og rjóma. — **3. gr.** Meðan mjólkur-

1) Sbr. l. nr. 94, 5. júní 1947. — 2) Reglur nr. 64, 10. júní 1921.

1918 Nr. 32 22. nóv.

skortur er í kaupstaðnum, er bæjarstjórn heimilt að banna sölu á mjólk eða rjóma til neyzlu á sölustaðnum og veitingahúsum, svo og notkun mjólkur og rjóma til niðursuðu eða til sælgætis, sem gert er í brauðgerðarhúsum eða í sambandi við aðra atvinnu, til sölu handa almenningi. — **4. gr.** Þegar svo stendur á, sem í 3. gr. segir, er bæjarstjórninni og heimilt að setja reglur um úthlutun mjólkur, svo sem með mjólkurseðlum eða á annan hátt, eftir því sem henta þykir. — **5. gr.** Rétt er bæjarstjórn að leggja sektir við, allt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum þeim, er hún setur samkvæmt 1.—4. gr. Renna þær sektir í bæjarsjóð. — **6. gr.** Mál út af brotum á ákvæðum þeim, sem bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr., skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. — **7. gr.** Ákvæði, er bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr. laga þessara, liggja undir samþykki stjórnarráðsins.

g. Seyðisfjörður.

1919 Nr. 61 28. nóv.

Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

1. gr. Fjarðaralda með Búðareyri og Vestdalseyri og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. — Verzlunarlóð bæjarins er svæðið frá Grýtá norðan fjarðarins, með sjó fram kringum fjörðinn að Borgartanga sunnan fjarðarins og svo langt upp frá sjó, sem þurfa þykir. — **2. gr.** Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins . . .[1] — **3. gr.** Málefnum bæjarins stjórnar bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn[2] og 9 bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir lögum þessum. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir tillögum bæjarstjórnar. Oddviti bæjarstjórnar hefir því aðeins atkvæðisrétt á fundum, að hann sé bæjarfulltrúi. — **4. gr.** . . .[1] — **10. gr.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina.[2] — Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður auk oddvita meira en helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar, ef þess er krafizt. — Það er kunngert bæjarfulltrúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. — Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau. — **11. gr.** Oddviti bæjarstjórnar hefir á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir, og bæjarmálaefna yfir höfuð. — Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. — **12. gr.** Með samþykkt, sem stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, er þeim eru falin á hendur. — Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa . . .[1] — **13. gr.** Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé

1) L. nr. 59, 14. júní 1929 og nú l. nr. 81, 23. júní 1936. — 2) Nú bæjarstjórinn, sbr. sþ. nr. 95, 13. nóv. 1920.

1) L. nr. 59, 14. júní 1929, § 3.

1919 Nr. 61 28. nóv.

1919 Nr. 61 28. nóv.

bæjarfulltrúi. — **14. gr.** Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. — Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara. — **15. gr.** . . .[1]) — **16. gr.** . . .[2]) — **17. gr.** . . .[1]) — **21. gr.** Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau eins og aðrar tekjur bæjarins. Séu þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki. . . .[1]) — **22. gr.** Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sé, og eftir atvikum ávaxtað, fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **23. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. — Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir. — **24. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði og varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **25. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand. — **26. gr.** Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans, né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **27. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marzmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað. — Endurskoðunarmenn bæjarreikninga . . .,[1]) mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann. — Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan 15 daga, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta málinu til dómstólanna. — Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **28. gr.** Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum. — Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum. — **29. gr.** Með samþykkt þeirri, er um getur í 12. grein, má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

1) L. nr. 46, 15. júní 1926. — 2) L. nr. 69, 31. des. 1937, § 24.

1919 Nr. 61 28. nóv.

Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

1897 Nr. 14 6. nóv.

1. gr. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 15, 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn[2]) og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa. — **2. gr.** Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í

1) Sbr. l. nr. 59, 14. júní 1929, § 31. — 2) Nú bæjarstjórinn.

5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, aðeins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eftir í nefndinni. — **3. gr.** Til þess að kaupstaðurinn hér eftir geti orðið byggður eftir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru byggðar; skal nefndin svo rita þær í sérstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður byggt á. Kostnað við útvegun bókar þessarar og annarra þeirra embættisbóka, er nefndinni kynni að þykja við þurfa til að rita í gerðir sínar og bréf, skal greiða úr bæjarsjóðnum. — **4. gr.** Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina: A.Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aftur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn, þá skal sérhver sá, sem á óbyggða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aftur á við, eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið eður hús flutt aftur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sé hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefir ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amtsins.[1]) B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, nema eldtraustur veggur sé á milli; að öðrum kosti skal ávallt vera 10 álna autt svæði frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir. C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er ætluð eru til atvinnureksturs, er hefir brunahættu í för með sér, verði byggð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sér í lagi á hæð undir loftum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði í öllum greinum reglum þeim, sem þeim eru settar. D. Sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gera talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skrifleg ákvæði hennar um það, hvort hann megi byggja, og eftir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hér á undan. E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sé gætt, þá á bæði hann og yfirsmiður sá, er á hlut að máli, að greiða sektir frá 10 til 50 kr. í bæjarsjóð; hinn fyrrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eftir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefir sett honum um byggingu eða viðgerð húsa, samkvæmt því sem hér að framan er ákveðið; þó má eftir málavöxtum lækka sektirnar allt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eftir reglum þeim, er settar voru. — **5. gr.** Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja. — **6. gr.** Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

1) Augl. nr. 58, 11. sept. 1953.

h. Hafnarfjörður.

1929 Nr. 33 14. júní

Lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

1. gr. Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Bein lína úr „Balaklöpp", við vesturenda Skerseyrarmalar, í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunholtstúns. Þaðan beina stefnu neðanverðan Kaplakrika í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglastapaþúfu efri, beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.[1]) — Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins. — **2. gr.** Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 4 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði. — Bæjarstjóri hefir því aðeins atkvæðisrétt á fundum, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. — **3. gr.** Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórn gerir, og í bæjarmálum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstök bæjarstörf eftir reglum, sem hún setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim. — **4. gr.** Bæjarstjórn kýs sér forseta; stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina. — Fundi skal bæjarstjórnin halda í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. — Til þess að lögmæt ályktun sé gerð, verður, auk bæjarstjóra, að minnsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Séu jöfn atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur fundi, sem almennir eru. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsynlegt, eða að minnsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. — Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir. — **5. gr.** Virðist bæjarstjóra ákvarðanir bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, eða ef ákvörðun er gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miðar til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má bæjarstjóri fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ríkisstjórninni skýrslu, en hún leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ríkisstjórnarinnar. — **6. gr.** Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndar sæti og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. — **7. gr.** Bæjarstjórnin kýs 4 menn til þess að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúanna. — **8. gr.** Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar til að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka á móti kosningu. Þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt lögum. — **9. gr.** Með byggingarsamþykkt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir,[1]) má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþykktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu kostnaðar þess, sem af ákvæðum byggingarsamþykktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er bygg-

1) Sbr. l. nr. 11, 1. febr. 1936, § 4.

1) Sþ. nr. 114, 25. ágúst 1916.

ingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt, og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins. — **10. gr.** Bæjarstjórnin kýs 2 eða 4 menn til að sitja í hafnarnefnd utan bæjarstjóra, og skulu eigi færri en 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa. — **11. gr.** Með hafnarreglugerð[1]) er stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn, eftir tillögum bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins, undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og mannvirkja, svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs[2]) fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot, allt að 400 kr., er renna í sama sjóð. — **12. gr.** Bæjarstjórn kýs bæjargjaldkera og veitir honum árlega þóknun. Starf hans er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu til 1. júlí ár hvert. — **13. gr.** Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. — **14. gr.** Fé það, sem útheimtist til þess að standast útgjöld kaupstaðarins til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sérstakar tekjur kaupstaðarins ekki hrökkva til, fengið með því að leggja útsvör á íbúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki. — **15. gr.** Bæjarstjórn, og sérstaklega bæjarstjóri, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn og fjárgæzlu kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma, ennfremur gæta þess, að geymt sé á tryggum stað og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin ber ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins. — **16. gr.** Féhirðir skal skyldur til að gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu mánaðarlega eða þegar bæjarstjórn óskar þess, er sýni bæði, hvað goldizt hefir í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má féhirðir greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og minnst 1 bæjarfulltrúa, sem hefir með þau mál að gera, sem greiðslan kemur við. — **17. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing eða útboð, sem bærinn lætur halda í sína þágu, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt. — **18. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að útvega og láta ríkisstjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins. — **19. gr.** Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán né lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. — **20. gr.** Við lok hvers reikningsárs skal féhirðir semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið umliðna ár og senda hann bæjarstjórn eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert. Reikningurinn skal liggja bæjarbúum til sýnis frá 1. til 15. marz í skrifstofu bæjarstjóra. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður af 2 mönnum, sem bæjarstjórn kýs til þriggja ára í senn. Endurskoðendur hafa aðgang að bókum og sjóði bæjarins hjá féhirði, er þeim þykir þörf að gera athuganir, og er endurskoðendum skylt að yfirfara og bera saman dagbók, sjóðbók og kassa gjaldkera og einnig athuga heimildir fyrir útborgunum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Endurskoðun bæjarreikninganna skal lokið fyrir 15. maí ár hvert. Að fengnum svörum féhirðis við athugasemdum endurskoðunarmanna, skal svo reikningurinn lagður fyrir bæjarstjórn, ásamt athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum féhirðis, og leggur bæjarstjórn úrskurð sinn á reikninginn og veitir síðan kvittun fyrir reikningshaldinu samkvæmt honum. Þegar búið er að samþykkja reikninginn eða úrskurða hann, má eftir ákvörðun bæjarstjórnar birta á prenti ágrip

1) Rgj. nr. 114, 15. des. 1930. — 2) Rgj. nr. 55, 3. júní 1930.

1929 Nr. 33 14. júní

1929 Nr. 33 14. júní

af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins. — **21. gr.** Innan loka júlímánaðar ár hvert skal senda ríkisstjórninni reikning yfir hið umliðna ár með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurði bæjarstjórnarinnar á þeim.

1919 Nr. 43 28. nóv.

Lög um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verzlunarhús á, vera ákveðið með þessum takmörkum: — Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavíkurveginn, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Rafljósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjartúngarðs og þaðan beina línu í Skiphól.

1936 Nr. 11 1. febr.

Lög um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi: 1. Afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Áss í Garðahreppi. 2. Þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyrar í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar. 3. Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar að vesturhorni Engidals, þaðan meðfram Álftanesveginum að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Langholts og land það milli Arnarnes- og Hraunholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi. 4. Jarðirnar Krísuvík og Stóra-Nýjabæ í Grindavíkurhreppi.[1]) — **2. gr.** Þegar eignarnám hefir farið fram eftir 1.—3. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins. Ennfremur greiði kaupstaðurinn til einstakra manna skaðabætur fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, ef ríkissjóður selur kaupstaðnum landið, ella greiði ríkissjóður þessar skaðabætur, ef landið verður leigt kaupstaðnum. Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvorttveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skal landamerki milli aðilja um leið og þeim er afhent landið. — Skaðabætur samkvæmt upphafi þessarar greinar, svo og bætur fyrir eignarnám jarðanna Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra. — **3. gr.** Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur. — **4. gr.** Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt . . .,[1]) og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

1) L. nr. 101, 14. maí 1940.

1936 Nr. 11 1. febr.

Lög um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 [Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.].

1. gr. Jarðir þær, sem um getur í 4. tölul. 1. gr., skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringusýslu, þannig, að sýslan fái í sinn hlut lítt ræktanlegt beitiland jarðanna til sumarbeitar fyrir sauðfé, samkvæmt skiptagerð, sem framkvæmd var af hinni þar til kjörnu matsnefnd, sbr. niðurlag þessarar greinar, 1. maí 1939, en Hafnarfjarðarkaupstaður fái jarðirnar að öðru leyti með öllum gögnum og hlunnindum, sem jörðunum fylgja og fylgja ber, að undanteknum námuréttindum. — Báðir aðilar, sýslan og bæjarsjóður, greiði ríkissjóði það, sem hann hefir greitt fyrir jarðirnar, og í þeim hlutföllum, sem matsnefndin hefir ákveðið. Ríkissjóður skal þó hafa rétt til að kaupa síðar þau hitaréttindi, sem hann kann að þurfa í sambandi við námurekstur eða annað og

1) L. nr. 40, 29. apríl 1946, § 1.

1940 Nr. 101 14. maí

1940 Nr. 101 14. maí

Hafnarfjarðarkaupstaður þarf ekki að halda á til sinna þarfa. Fyrir þessi hitaréttindi skal ríkissjóður greiða hlutfallslega sama verð og hitaréttindin hafa kostað Hafnarfjarðarkaupstað samkvæmt mati á hitaréttindunum, þegar kaupstaðurinn fékk þau, að viðbættu því, sem hann hefir sameiginlega til þess kostað með árangri að auka þau. Skylt er Hafnarfjarðarkaupstað að haga ræktun og úthlutun landsins samkvæmt fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

i. Vestmannaeyjar.

1918 Nr. 26 22. nóv.

Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja.

1. gr. Vestmannaeyjar skulu teknar í tölu kaupstaða. — **2. gr.** Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum skal vera bæjarfógeti. Hann hefir auk þess öll hin sömu störf á hendi og sýslumaðurinn nú, enda hafi sömu laun úr landssjóði.[1]) — **3. gr.** Bæjarstjórnin stýrir málefnum kaupstaðarins; í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar . . .[2]) — **4. gr.** Bæjarsjóður eignast allar eigur Vestmannaeyjasýslu og Vestmannaeyjahrepps og tekur að sér allar skyldur hans og skuldbindingar. — **5. gr.** Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita. — Með samþykkt skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í samþykkt kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda.[3]) Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur. — Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa . . .[1]) — **14. gr.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina.[4]) — Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður auk oddvita minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. — Það skal kunngert bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. — Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, er þess er krafizt. — Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.[1]) — **15. gr.** Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út fyrir valdsvið hennar, eða ákvörðun sé gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. — **16. gr.** Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **17. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og 4 menn, er bæjarstjórn kýs, 2 úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.[2]) Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér; svo má þar og ákveða

1) L. nr. 60, 12. marz 1945, § 8. — 2) Sjá l. nr. 59, 14. júní 1929. — 3) Sþ. nr. 28, 11. marz 1954. — 4) Sbr. l. nr. 59, 14. júní 1929, § 5.

1) Fundarsk. nr. 74, 18. ágúst 1930, sbr. augl. nr. 124, 16. nóv. 1936 og auglýs. nr. 236, 8. nóv. 1950. — 2) Sþ. nr. 69, 4. okt. 1927.

1918 Nr. 26 22. nóv.

1918 Nr. 26 22. nóv.

hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt, og renna þau í bæjarsjóð. — **18. gr.** Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkvæmt hafnarlögum.[1]) — **19. gr.** Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna og kýs um sáttamannsefni. —**20. gr.** . . .[2]) — **21. gr.** . . .[3]) — **25. gr.** Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 15. janúar og 15. júlí ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur bæjarfélagsins. Séu þau eigi greidd innan hálfs mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki . . .[4]) — **26. gr.** Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **27. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir. — **28. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í landssjóð. — **29. gr.** Bæjarstjórn er skyld að útvega og láta landsstjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand bæjarins. — **30. gr.** Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán né til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **31. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar; lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kjósendum til sýnis, eins og fyrir er mælt um niðurjöfnunarskrána. — Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna . . .[1]) mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn . . .[1]) Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna. — Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágrip að vera svo fullkomið, að til séu greind öll atriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **32. gr.** Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum. Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, sem hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum. — **33. gr.** Með samþykkt þeirri, er getur um í 5. gr. og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

1) L. nr. 29, 23. apríl 1946. — 2) L. nr. 46, 15. júní 1926 og l. nr. 69, 31. des. 1937, § 24. — 3) L. nr. 46, 15. júní 1926. — 4) Sömu l., § 35.

1) Sbr. l. nr. 59, 14. júní 1929, § 31.

1911 Nr. 47 11. júlí

Lög um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

1. gr. Verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum takmarkast þannig: Að norðan Hörgseyri, vestur og norður með Heimakletti í Dranga fyrir norðan Eiði, þaðan í norðanvert Klif og með fjallsrótum Klifs í Hástein. Að sunnan frá Hásteini bein lína rétt fyrir sunnan Landakirkju, og þaðan bein lína austur í sjó um hól í Vilborgarstaðatúni, er frá kirkjunni ber rétt fyrir sunnan Bjarnarey.

1931 Nr. 28 8. sept.

Lög um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

1. gr. Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar veitist einkaréttur til þess að koma upp sjóveitu til fiskþvottar í Vestmannaeyjum, og skal henni heimilt að leggja pípur ofan- eða neðanjarðar um kaupstaðinn. — Landeigendum og leigjendum á því svæði, sem bæjarstjórn ákveður, að sjóveitan skuli vera, skal skylt að láta af hendi lóðir og landsafnot til hverskonar mannvirkja, sem með þarf til þess að ná sjónum og veita honum út, og jafnframt þola það óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem sjóveitan kann að hafa í för með sér, en þó gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir eftir mati dómkvaddra manna, nema samkomulag verði. Bætur fyrir jarðrask á óræktuðu landi skulu því aðeins greiddar, að talið verði, að landeigandi eða leigjandi bíði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða landsleigjanda hinsvegar um endurgjaldið, má eignarnám einnig fara fram.[1]) — **2. gr.** Þegar bæjarstjórn hefir komið á sjóveitu um kaupstaðinn, skal hún hafa einkarétt á sölu sjávar til fiskþvottar, og skal öllum útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum og yfirleitt öllum þeim, er verka fisk, skylt að nota sjó í þeim tilgangi frá sjóveitunni. — **3. gr.** Til þess að standast straum af kostnaði við rekstur og stofnkostnað sjóveitunnar skal bæjarstjórn heimilt að heimta endurgjald fyrir sjóinn, eftir gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar.[2]) — Þvottahúseigandi ábyrgist gjaldið, og má taka það lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að það skuli tryggt með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði. — **4. gr.** Bæjarstjórnin leggur veituæðarnar svo, að nokkurnveginn auðvelt verði fyrir húseigendur að ná til þeirra, og skulu þeir á sinn kostnað leggja leiðslurnar í hús sín úr aðalæðinni eða greinum úr henni, er bæjarstjórn leggur. — **5. gr.** Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja leiðslur þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við aðalæðar sjóveitunnar, og séu þeir skyldir til að fara eftir þeim reglum, er bæjarstjórn kann að setja um innlögnina og kaupgjald við þá vinnu. — Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa löggildingu, mega leggja leiðslur inn í hús í kaupstaðnum úr sjóveituæðunum. — **6. gr.** Bæjarstjórn skal heimilt að loka sjóæðunum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við leka á pípum eða hönum, eða eyða sjó að óþörfu eða vanrækja að greiða áfallin gjöld til sjóveitunnar. — **7. gr.** Hver, sem af ásettu ráði skemmir leiðslur sjóveitunnar eða önnur mannvirki, sem sjóveitunni heyra til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum. Sá, sem veldur skemmdum með vítaverðu gáleysi, skal bæta skaðann. — **8. gr.** Bæjarstjórn getur sett reglugerð um notkun sjávarins, meðferð á leiðslunum og önnur atriði, er nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, allt að 500 kr. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðina. — **9. gr.** Með mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkv. þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

1) L. nr. 61, 14. nóv. 1917. — 2) Gskr. nr. 46, 29. marz 1938 og augl. nr. 28, 16. marz 1940.

j. Siglufjörður.

1931 Nr. 28 8. sept.

Lög um bæjarstjórn á Siglufirði.

1. gr. Siglufjarðarverzlunarstaður skal tekinn í tölu kaupstaðanna, og nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Hvanneyrarhrepp. — . . .[1]) Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við

1918 Nr. 30 22. nóv.

1) L. nr. 80, 7. sept. 1942, § 5.

1918 Nr. 30 22. nóv.

allt hið nýja umdæmi og íbúa þess. — **2. gr.** . . .[1]) — **3. gr.** Verzlunarlóð kaupstaðarins hefir þessi takmörk: — a) Að vestanverðu við höfnina: Að norðan bein lína milli fjalls og fjöru, 25 föðmum fyrir norðan húsið Bakka. Að sunnan bein lína milli fjalls og fjöru, 25 föðmum fyrir sunnan húsið Hlíðarhús. Að vestan fjallið. Að austan höfnin. — b) Að austanverðu við höfnina: Að norðan svo nefndur Rjómalækur, sunnan við túnið á Staðarhóli. Að sunnan Skútuá. Að vestan höfnin. Að austan lína, sem er 50 föðmum ofar en stórstraumsflóðmál. . . .[2])

1919 Nr. 58 28. nóv.

Lög um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

1. gr. Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað er bæjarfógeti í kaupstaðnum og er launaður úr ríkissjóði.[3]) Hann hefir á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum, og stjórn málefna kaupstaðarins. — **2. gr.** [Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti, og er hann oddviti hennar. — Samþykki bæjarstjórn að velja sér bæjarstjóra, víkur bæjarfógeti úr bæjarstjórninni, en bæjarstjóri tekur við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Bæjarstjóri skal launaður úr bæjarsjóði.][4]) — **3. gr.** Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita. — Með samþykkt má setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og má í samþykkt kveða á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún þar um setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa. . . . — **12. gr.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina. — Fundir bæjarstjórnar skulu fram fara í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður auk oddvita minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. — Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, er þess er krafizt. — Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau. — **13. gr.** Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út yfir valdsvið hennar, sé gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt rita bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. — **14. gr.** Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **15. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykkt,[1]) er bæjarstjórn semur eftir tillög-

1919 Nr. 58 28. nóv.

1) L. nr. 58, 28. nóv. 1919. — 2) Sömu l. — 3) Sbr. l. nr. 60, 12. marz 1945, § 8. — 4) L. nr. 59, 11. júní 1938, § 1.

1) Sþ. nr. 85, 23. des. 1927.

1919 Nr. 58 28. nóv.

um byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt, og renna þau í bæjarsjóð. — **16. gr.** Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkvæmt hafnarlögum. — **17. gr.** Bæjarstjórn skipar bæjargjaldkera og aðra embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna og kýs sáttamannsefni. . . . — **25. gr.** Bæjarstjórn og sérstaklega oddviti bæjarstjórnar skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sé tryggilega, og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum kaupstaðarins. — **26. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt, og hver sé hinn handbæri peningaforði. Eigi má gjaldkeri greiða neitt, nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af fulltrúa þeim, er þau eiga undir. — **27. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem kaupstaðurinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á lendum, smíðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **28. gr.** Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórnarráðinu eða hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins. — **29. gr.** Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki beinlínis á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán né til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **30. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, svo og skýrslu um eignir og skuldir í árslokin, og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar. Lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kaupstaðarbúum til sýnis hálfan mánuð á vanalegum, hentugum, áður auglýstum stað. — Yfirskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi þrjú ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir og rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með. — Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningi bæjarsjóðs innan mánaðar frá því að þeir fengu hann. — Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, sem úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna. — Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágrip að vera svo fullkomið, að til séu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins. — **31. gr.** Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir hið liðna reikningsár með athugasemdum, svörum og úrskurðum. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er með þarf, og ef nauðsyn ber til getur stjórnarráðið með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum. — **32. gr.** Hið fyrsta

1919 Nr. 58 28. nóv.

1919 Nr. 58 28. nóv.

eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Siglufirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð[1]) fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál. — **33. gr.**[2]) Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með rafleiðslu og vatnsleiðslu bæjarins, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. Þurfi að taka vatn eða vatnsafl í landareign einstakra manna, skulu landeigendur skyldir til að láta í té nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og lækjum í landareign þeirra, þó svo, að þeir séu eigi með því sviptir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hvers kyns mannvirkja, er í þessu skyni þarf, þar með talið grjóttak, malartak og torfrista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem slík mannvirki hafa í för með sér, allt gegn því, að fullt endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í órækt uðu landi skulu því aðeins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það. Verði ekki samkomulagi náð um bætur þessar, skal eignarnám fram fara samkvæmt lögum. — **34. gr.** Með samþykkt þeirri, sem getur um í 3. grein og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn kaupstaðarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

1944 Nr. 10 24. marz

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr. . . .[3]) — **6. gr.** Nú hefur bæjarstjórn samkvæmt tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstaklinga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, í sambandi við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigutaka lóða þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti leigutaka, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir leigutakar, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi ríkissjóðs til verksins, fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið með uppgrefti úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaleigutaka, eftir því sem um semst. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins. — Ef lóðaleigutaki tregðast við að framkvæma fyrirmæli bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir 15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt. — Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð næstu 10 ár. — Nú hefur leigutaki greitt atkvæði móti framkvæmd verksins, og skal hann þá þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgr. eiga rétt á, að hafnarsjóður Siglufjarðar kaupi lóðarréttindi hans ásamt mannvirkjum, sem þeim fylgja, og skal verðmæti hvors tveggja ákveðið með mati, svo sem mælt er fyrir í 3. gr., ef ekki næst samkomulag á annan hátt. — Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari. — Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir. — Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir. — Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinar þessarar og þar á meðal gefa fyrirmæli um tilhögun atkvæðagreiðslu þeirrar, er um ræðir í 1. málsgr., að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar. — **7. gr.** . . .[1])

1) Rgj. nr. 78, 8. okt. 1920. — 2) Rgj. nr. 70, 28. júlí 1931, gjskr. nr. 84, 25. nóv. 1922, og augl. nr. 74, 6. sept. 1926. — 3) L. nr. 29, 23. apríl 1946, § 17.

1) L. nr. 29, 23. apríl 1946, § 17.

1942 Nr. 74 4. júlí **Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.**

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. jan. 1943 að telja. — Land það, er Siglufjarðarkaupstaður eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt er honum að leigja það, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin samþykkir. Leigumáli lóða þeirra, er síldarverksmiðjur ríkisins nú hafa á leigu, skal þó framlengjast óbreyttur að núverandi leigutíma loknum, ef stjórn síldarverksmiðja ríkisins krefst þess.

1949 Nr. 37 23. maí **Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.**

1. gr. Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði. — **2. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

k. Neskaupstaður.

1928 Nr. 48 7. maí **Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.**

1. gr. Nesverzlunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Neskaupstaður. — Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið. — Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess. — **2. gr.** . . . — **3. gr.** Verzlunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls. — **4. gr.** [Bæjarfógetinn í Neskaupstað hefir að launum 3600 krónur, er greiðast úr ríkissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.][1] — **5. gr.** [Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. — Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.][1] — **6. gr.** . . .[2] — **7. gr.** . . .[3] — **8. gr.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er krafizt. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín,[4] en stjórnarráðið staðfestir þau. — **9. gr.** [Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.][5] — Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykkt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í

1) L. nr. 23, 1. febr. 1936, § 1, sbr. nú l. nr. 60, 12. marz 1945, § 8.

1) L. nr. 23, 1. febr. 1936, § 2. — 2) Sömu l., § 3. — 3) L. nr. 59, 14. júní 1929. — 4) Fundarsköp nr. 44, 16. apríl 1929. — 5) L. nr. 23, 1. febr. 1936, § 4.

1928 Nr. 48 7. maí

henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra.[1]) Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana. — **10. gr.** Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **11. gr.** Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. — Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar. — Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna. — **12. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.[2]) Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér; svo má og þar ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrétt og renna í bæjarsjóð. — **13. gr.** Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **14. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. — [Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af nefnd þeirri innan bæjarstjórnar, er þau heyra undir.][1]) — **15. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegun á verknaði, varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **16. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand. — **17. gr.** Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, né heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **18. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marzmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis 15 daga á hentugum, auglýstum stað. Yfirskoðunarmenn kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reiknings bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefir umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því er þeir fengu þá í hendur. — Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna — en það skal hann hafa gert innan 15 daga — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má eng-

1) Sþ. nr. 43, 16. apríl 1929. — 2) Sþ. nr. 84, 23. des. 1927.

1) L. nr. 23, 1. febr. 1936, § 5.

1928 Nr. 48 7. maí

inn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna. — Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **19. gr.** Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikninga yfir umliðið reikningsár. — Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum. — **20. gr.** Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið í Neskaupstað. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið,[1]) en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál. — **21. gr.** Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. — **22. gr.** Með samþykkt þeirri, er um getur í 9. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

1943 Nr. 28 18. febr.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

1. gr. Sá hluti jarðarinnar Ormsstaða í Norðfjarðarhreppi, sem nú er eign bæjarsjóðs Neskaupstaðar, skal lagður undir lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar frá 1. apríl 1943, [svo og landsspilda sú, er liggur milli Naustalækjar að austan og Ormsstaða að vestan.][2]) — **2. gr.** Frá sama tíma tekur Neskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Norðfjarðarhreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er um ræðir í 1. gr. — **3. gr.** Bætur fyrir tekjurýrnun Norðfjarðarhrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

1) Rgj. 3. des. 1929 (Stj.t. 1931, B. nr. 94). — 2) L. nr. 38, 23. maí 1949, § 1.

1943 Nr. 28 18. febr.

I. Akranes.

1941 Nr. 45 27. júní

Lög um bæjarstjórn á Akranesi.

1. gr. Akraneskauptún skal tekið í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Ytri-Akraneshrepp og heitir Akraneskaupstaður. — Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Borgarfjarðarsýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið. — Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess. — **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ytri-Akraneshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akranesi. — **3. gr.** Verzlunarlóð kaupstaðarins er: Úr Kalmansvíkursandi syðst, sjónhendnig að vegamótum Innnes- og Kirkjugarðsvegar austan við Jaðarstún, þaðan sjónhending í Merkjaklöpp á Langasandi. — **4. gr.** Bæjarfógetinn á Akranesi hefur sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71 28. nóv. 1919,[1]) og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin í lögum. — **5. gr.** Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa

1) Sbr. l. nr. 60, 12. marz 1945, § 8.

eftir gildandi lögum. — Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði. — **6. gr.** Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — **7. gr.** Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjórn þykir nauðsyn til bera, eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau. — **8. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn. — Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana. — **9. gr.** Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **10. gr.** Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. — Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. — Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna. — **11. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá er í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir. — Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf í þágu einstakra manna skulu hafa lögtaksrétt og renna í bæjarsjóð. — **12. gr.** Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkvæmt lögum um hafnargerð á Akranesi.[1]) — **13. gr.** Bæjarstjórn, og bæjarstjóri sérstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðr-

1) Sbr. nú hafnarl. nr. 29, 23. apríl 1946.

1941 Nr.45 27. júní

um eignum bæjarins. — **14. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins. — **15. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **16. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand. — **17. gr.** Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, né heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **18. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað. — Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur. — Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna. — Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **19. gr.** Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár. — Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum. — **20. gr.** Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál. — **21. gr.** Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. — **22. gr.** Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins, samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim. — **23. gr.** . . . — *Ákvæði um stundarsakir.* Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Akraness hins vegar gera með sér samning um skipti á eignum og skuldum sýslunnar, svo og ábyrgðarskuldbindingum. Rísi nokkur ágreiningur um þau skipti, sker ráðherra úr.

1941 Nr. 45 27. júní

m. Ólafsfjörður.

Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði.

1944 Nr. 60 31. okt.

1. gr. Ólafsfjarðarkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Ólafsfjarðarhrepp og heitir Ólafsfjarðarkaupstaður. — Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Eyjafjarðarsýslu. — Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess. — **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Ólafsfjarðarhreppi, sem eru ekki útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslu-

mannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Ólafsfirði. — **3. gr.** Verzlunarlóð kaupstaðarins er: frá Brimnesi að austan og til Kotnefs að vestan, og taki lóðin á land upp 200 metra frá stórstraumsfjöruborði. — **4. gr.** Þar til laun bæjarfógetans í Ólafsfirði verða ákveðin í launalögum, hefur hann sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 3. málsgr. 11. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919,[1]) og greiðast launin úr ríkissjóði. Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum. — **5. gr.** Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. — Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði. — **6. gr.** Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — **7. gr.** Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkvæmt lögum um sveitarstjórnarkosningar. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau. — **8. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn. — Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana. — **9. gr.** Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **10. gr.** Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. — Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. — Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna. — **11. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir. — Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir. — **12. gr.**

1) Sbr. nú l. nr. 60, 12. marz 1945, § 8.

1944 Nr. 60 31. okt.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarfélagsins samkvæmt lögum um hafnargerð í Ólafsfirði. — **13. gr.** Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **14. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins. — **15. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **16. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand. — **17. gr.** Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **18. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað. — Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikingunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur. — Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna. — Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **19. gr.** Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár. — Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum. — **20. gr.** Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál. — **21. gr.** Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. — **22. gr.** Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkv. grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim. . . . — *Ákvæði um stundarsakir.* Skipti á eignum og skuldum Eyjafjarðarsýslu — svo og ábyrgðarskuldbindingum — á milli sýslunnar og Ólafsfjarðarkaupstaðar skal fara eftir samþykkt sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu á aukafundi hennar 9. sept. 1944. Hefur hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps einnig á hana fallizt. Rísi nokkur ágreiningur um skiptin, sker ráðherra úr.

1944 Nr. 60 31. okt.

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ólafsfirði. **1918** Nr. 31 22. nóv.

1945 Nr. 30 12. febr.

Lög um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka eignarnámi lóðarréttindi nálægt landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

1. gr. Ólafsfjarðarkaupstað heimilast að taka eignarnámi leigulóðarréttindi að landspildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður, 20 föðmum norðar en landamerki eru milli Brimness og Hornbrekku, og 20 faðma á breidd austur frá sjávarmáli, samkvæmt leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efterfölgers verzlun á Akureyri, og skal eignarnámið taka til mannvirkja þeirra, sem á lóðinni eru, nema eigendur þeirra kjósi að flytja þau af lóðinni. — **2. gr.** Um framkvæmd eignarnáms samkv. heimild í 1. gr. fer eftir lögum nr. 61 1917.

n. Sauðárkrókur.

1947 Nr. 57 24. maí

Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

1. gr. Sauðárkrókskauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Sauðárkrókshrepp og heitir Sauðárkrókskaupstaður. — Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Skagafjarðarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess. — **2. gr.** Sýslumaður Skagafjarðarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Sauðárkrókskaupstaðar. — **3. gr.** Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera hin sama og nú er. — **4. gr.** Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. — Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði. — **5. gr.** Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — **6. gr.** Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau. — **7. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn. — Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra.[1]) Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana. — **8. gr.** Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **9. gr.** Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. — Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. — Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna. — **10. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmál-

1947 Nr. 57 24. maí

1) Sþ. nr. 54, 11. marz 1950.

um bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir. — Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir. — **11. gr.** Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. lögum um hafnargerð á Sauðárkróki. — **12. gr.** Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **13. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins. — **14. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **15. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand. — **16. gr.** Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **17. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað. — Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur. — Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna. — Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **18. gr.** Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár. — Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur —, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum. — **19. gr.** Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál. — **20. gr.** Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. — **21. gr.** Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara

laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

1919 Nr. 51 28. nóv.

Lög um takmörk verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

1947 Nr. 3 31. jan.

Lög um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki, eins og hún er ákveðin með lögum 28. nóv. 1919, og fari salan fram frá 1. jan. 1947 að telja. — Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja. Þó skal hreppnum skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landi því eða lóðum, er hreppurinn eignast með lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda. Um leigu til hreppsins eftir þann hluta verzlunarlóðarinnar, sem hreppurinn leigir öðrum, skal fara eftir reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

1948 Nr. 39 5. apríl

Lög um eignarnám á ræktuðum og óræktuðum byggingarlóðum á Sauðárkróki sunnan Sauðár.

1. gr. Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar veitist heimild til að láta taka eignarnámi túnlóðir og óbyggðar lóðir á verzlunarlóð bæjarins sunnan Sauðár (árinnar). — Land það eða lóðir, er Sauðárkrókskaupstaður eignast samkvæmt eignarnámi þessu, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja. — **2. gr.** Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

o. Keflavík.

1949 Nr. 17 22. marz

Lög um bæjarstjórn í Keflavík.

1. gr. Keflavíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Keflavíkurhrepp og heitir Keflavíkurkaupstaður. — Umdæmi þetta skal hér eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við hið nýja umdæmi og íbúa þess. — **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Keflavíkurhreppi, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Keflavík. — **3. gr.** Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landsvæði allt innan núverandi takmarka Keflavíkurhrepps. — **4. gr.** Bæjarfógetinn í Keflavík tekur laun eftir VI. flokki launalaganna, nr. 60/1945. — Hann hefur á hendi sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómarastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum ríkissjóðs og önnur störf, gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum. Lögsaga á Keflavíkurflugvelli skal þó áfram heyra undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, á sama hátt og verið hefur.[1]) — **5. gr.** Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðist þau úr bæjarsjóði. — **6. gr.** Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — **7. gr.** Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabók. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjórn þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau. — **8. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er í hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn. — Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdssvið hennar, vera gagnstæð lög-

1) Sbr. nú l. nr. 33, 8. apríl 1954.

1949 Nr. 17 22. marz

um eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til ráðherra. — Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleiri bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana. — **9. gr.** Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **10. gr.** Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. — Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna. — **11. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir. — Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktarinnar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veita. — **12. gr.** Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. lögum, sbr. þó lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. — **13. gr.** Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **14. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins. — **15. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **16. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand. — **17. gr.** Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkv. lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **18. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjórn fyrir lok marz-mánaðar. Lætur bæjarstjórinn reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað. — Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón um. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur. — Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka

1949 Nr. 17 22. marz

1949 Nr. 17 22. marz

þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna. — Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjórn semur. Á ágrip þetta að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **19. gr.** Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár. — Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum. — **20. gr.** Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál. — **21. gr.** Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. — **22. gr.** Með samþykkt þeirri, er um getur í 8. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkv. grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot gegn þeim.

1891 Nr. 29 11. des.

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík.

1907 Nr. 72 22. nóv.

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar og hafnarinnar í Keflavík.

p. Húsavík.

1949 Nr. 109 30. des.

Lög um bæjarstjórn í Húsavík.

1. gr. Húsavíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Húsavíkurhrepp og heitir Húsavíkurkaupstaður. — Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Suður-Þingeyjarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess. — **2. gr.** Sýslumaður Þingeyjarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Húsavíkurkaupstaðar. — **3. gr.** Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera hin sama og nú er. — **4. gr.** Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum. — Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði. — **5. gr.** Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — **6. gr.** Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður. — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar. — Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórn heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en ráðherra staðfestir þau. — **7. gr.** Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn. — Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir

1949 Nr. 109 30. des.

1949 Nr. 109 30. des.

við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra.[1]) Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana. — **8. gr.** Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi. — **9. gr.** Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. — Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. — Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna. — **10. gr.** Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki. — Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra. — Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og ráðherra staðfestir. — Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir. — **11. gr.** Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. almennum hafnarlögum. — **12. gr.** Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins. — **13. gr.** Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins. — **14. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð. — **15. gr.** Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand. — **16. gr.** Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tími en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra. — **17. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marzmánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað. — Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur. — Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga, — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin. — Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna. — Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágrip af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágrip að vera

1) Sþ. nr. 216, 11. okt. 1950.

1949 Nr. 109 30. des.

1949
Nr. 109
30. des.

svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins. — **18. gr.** Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár. — Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur — með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum. — **19. gr.** Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál. — **20. gr.** Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. — **21. gr.** Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

1954
Nr. 52
12. apríl

1. gr. Jörðin Kaldbakur í Reykjahreppi, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar frá 1. maí 1954. — **2. gr.** Frá sama tíma tekur Húsavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Reykjahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar í Kaldbak. — **3. gr.** Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Reykjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þrem mönnum. Nefna aðilarnir sinn manninn hvor í dóminn, en félagsmálaráðherra skipar oddamann, sem skal vera formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðili eða báðir að nefna mann í dóminn, skal félagsmálaráðherra skipa mann eða menn í staðinn, svo að dómurinn verði fullskipaður.

IV. ATVINNUVEGIR

a. Landbúnaður.

1281 **Jónsbók. — Landsleigubálkr.**

Kap. 6.[1])**Ef leiguliði er beittr ok hver tré hann á.** ... Ef fiskveiðr fylgir leigulandi eða fuglveiðr eða eggver, ok á leigumaðr þat allt, nema frá sé skilt í kaupi þeirra, ok svá, ef þar rekr fiska eða fugla, sela, háskerðinga ok hnísur ... Nú rekr hval á fjöru þar, þá skal hann festa hval sem eigi, ok hafa VI vættir, hálft hvárt spik ok rengi, ef hvalr er tvítugr eða lengri eins kyns. Þó er hann skyldr at festa, at skemmri sé. En ef hann bergr verr hval ... en nú er tínt, þá ... ábyrgist (hann) skaða þann allan, er eigandi fær af hans úrækt.

Kap. 16.[2]) **Um landamerki ok hirðis rismál ok um beit.** Nú ganga menn á landamerki ok verða eigi á sáttir, þá eigu þeir at lögfesta til þeira merkja, er þeir segja rétt, er þar eigu lönd við fyrir utan ... Ef maðr lögfestir haga sinn, þá skal sá, er þar á land næst, reka láta bú sitt allt í þat horn landsins, er first er lögfestu hins. Nú hafa fleiri menn lögfest, þá skal hann láta reka í miðjan haga sinn um aptna. Hann skal hafa rekið fé sitt úr haga hins, þá er sól er í austri miðju, þat er hann mátti finna. Þat heita hirðis rismál. Hann skal láta sitja at um dag, ok ef svá er gert, þá er hann sýkn saka, þó at hagi hins beitist. Hvergi á maðr at bæta fyrir hagabeit, nema lögfest sé, nema hann láti reka at landi eða í land hins, svá at hann vildi, at hagi hins beittist. Þá bæti fyrir skaða ... þeim, er gras á, ok svo ef hann varðar minnr við, þar er lögfest er, en fyrr var skilt, ok svá ef hann fær eigi þann mann til hirðis, at skynsömum mönnum virðist, at vel megi gæta, ef hann vill.

Kap. 17. Um lögfesting, hver rétt er. Ef maðr lögfestir holt eða haga eða veiðistaðir, þá skal lögfesta at kirkju eða á þingi þar sem jörð liggr. Hann skal svá segja: Ek lögfesti hér í dag eign mína, er N. heitir, akra ok töður, engjar ok skóga, haga ok allar landsnytjar, er því landi fylgja, til ummerkja þeirra, er aðrir eigu í móti mér, bæði at orðfullu ok lögmáli réttu. Fyrirbýð ek héðan af hverjum manni sér at nýta eða í at vinna, nema mitt sé lof eða leyfi til, að vitni þínu N. ok þínu N. ok allra þeirra, er orð mín heyra. En sá, er lögfestir, hann skal tala svá hátt, at allir heyri þeir, er þar eru, ef þeir vilja. En sú lögfesta skal standa XII mánuði hina næstu eftir, ef eigandi lögfestir eða hans umboðsmaðr.[1]) 1281

Kap. 19. Um merkibjörk ok skógarspell ... En ef sumir (af fleiri sameigendum jarðar) leyfa íneyzlu í jörðu, en sumir eigi, þá taki sá, er eigi leyfði, ... slíkt af áverka sem í jörðu á. En ef fleiri hafa úleyft, þá taki allir ... slíkt af áverka sem í jörðu á. .... Nú ferr maðr í skóg annars manns fyrir utan leyfi þess, er á, ok vinnr í, þá ... skal hann, er í vann ... fyrir bæta ... skógarspell, ok svá þó at maðr rífi hrís á annars jörðu ... Ef maðr höggr skýlihögg á viði eða beitir eða skefr, svá at spell er á, bæti skógarspell ... Hvervetna þar sem maðr hittir áverka í skógi sínum, þá skal hann at úsekju brott taka.

Kap. 20.[2]) **Um skógarskipti ok áverka.** ... Ekki skal höggva í annars manns skóg, nema umferðarmenn farargreiðabót, hvárt sem bilar at vögum, sleða eða klyfbera, eða öðrum tréreiða, ok keyrivönd ok til eldsneytis, ef úti býr um nætrsakir í sama stað, nema hann nái hvárki kaupi né orlofi á, ok gengr nauðsyn til, þá höggvi, meðan hann þarf, ok bæti skógarspell ..., ef sá ámálgar, er á, eða hans umboðsmaðr, svá ok, ef á skipi býr.

Kap. 21. Um skóg á annars jörðu. Ef maðr á skóg á annars manns jörðu, ok á hann að njóta þess skógar svá sem á hans jörðu sjálfs sé at höggvi. Eigi skal hann eyki

1) Sbr. l. nr. 1, 10. jan. 1884, §§ 11.—14. og l. nr. 87, 19. júní 1933, §§ 37.—39. og l. nr. 8 5. febr. 1951 §§ 37.—39.

2) Sbr. Llb. 33. og 34. og rb. 2. júlí 1294, § 5.

1) Sbr. l. nr. 18, 22. marz 1949. — 2) Sbr. l. nr. 46, 27. júní 1941.

1281 þar hafa um nætr. Hann skal gera þar kol, ok hafa brott fært fyrir vetrnætr hinar næstu ok hylja grafar, svá at eigi liggi búfé í. En ef hann gerir eigi svá, bæti . . . landsdrottni . . . skaða þann allan, er verðr af gröfum þeim, er eigi váru huldar, ok svá skal hvervetna, þar sem maðr gerir kol á annars jörðu . . . Nú vill sá sér nýta lim, er skóg á á annars jörðu, þá skal hann bera láta saman lim, fauska ok stofna í köstu, hafa í brott fært innan XII mánaða þaðan frá, ok hafa þetta gert, stofna upp rætta fyrir vetrnætr hinar næstu, ok svá fauska ok lim saman borit, ella á sá, er jörð á undir, . . . ef eigi er brott fært innan XII mánaða. Ef maðr höggr annars manns skóg til hlutar, þá skal þat haldast eftir því, sem í kaup þeirra kom, ok hafa grafagerð at frjálsu svá sem þar er maðr á skóg á annars manns jörðu. Nú vill annar eigi skipta kolum eða kolviðum, þá skal þó skipta svá sem fyrr segir. Ef viðr vex um þjóðbraut þvera, svá at þar má eigi aka eða klyfjar bera, þá höggvi sá, er vill, þann við, ok kasti í skóg frá götu. Sá maðr á at beita í skógi annars, er jörð á undir, meðan meir bítr gras en skóg. Sá, er skóg á, má ok beita búi sínu, meðan meirr bítr skóg en sinu. En hverr, sem óðruvíss beitir, bæti skaða sem menn meta . . . Hverr maðr á viðarvöxt í skógarmarki sínu, meðan hann á þar fornan við nokkurn. Ef menn höggva skóg þann upp allan, er tveir menn eða fleiri eigu saman, þá skulu þeir skipta með sér merkibjörkum ok höggva þær síðast. Ok þá er skógr sá er svá eyddr, at eigi finnst viðr eftir, þá eignast sá skógarstöðu, er jörð á.

Kap. 22. Um engi á annars jörðu. Ef maðr á engi á annars manns jörðu, þá skal hinn eigi beita engi þat frá því VI vikur eru af sumri. En sá, er engit á, skal þat fyrst láta vinna, nema hann vili töðu sína fyrr vinna. En ef hann vinnr eigi svá, ok vill þó unnit hafa, þá bæti þeim, er jörð á, ok úheilagt heyit ok engit. Nú á hann engjar í fleiri manna löndum, þá skal hann sitt sumar hvert fyrst slá, ok eigi fyrri heima en þau eru öll slegin. . . . Kost á maðr at gera löggarð um þetta engi, ef eigi liggja beituteigar hér í annarra manna, V aura verðir eða meira, ok grafa í sínu engimarki torf til, ok láta hlið á garði. En ef hann vill grjótgarð hafa, þá brjóti hann, ef hann vill, í annars manns jörðu grjót upp, ok bæti . . . skaða, ef af því gerist. Rétt er honum at setja garð þann á jörð hins, á hrjóstr eða hölkn, ef eigi verða innangarðs beituteigar hins V aura verðir eðr meira. En ef hann gerir annan veg, bæti skaða . . . landsdrottni. Honum er rétt at byrgja aftr garðinn fimmtadaginn, er sex vikur eru af sumri. Hann skal hirt hafa hey sitt úr garðinum ok hliðum upp lokit, er IV vikur eru til vetrar, nema nauðsyn banni. Síðan er úheilagt heyit ok engit fyrir þeim, er jörð á undir, þó at hann lúki upp hlið á garðinum. 1281

Kap. 23. Um löggarð um hey á annars jörðu. Maðr skal gera löggarð um hey sitt í annars landi ok grafa í sínu engimarki torf til, ok svá skal hann gera löggarð í fjallhögum, þó at hann eigi sjálfr jörð undir, ok í engimarki sjálfs síns, ef eigi er lengra frá annars manns landsmarki en tvö hundruð faðma tólfræð. Ef garðr sá fellr eða þrútnar svell upp í hjá, þá skal sá, er beit á um garðinn eða svá nær, gera orð þeim, er hey á í garðinum, ok varða búfé sínu við heyi hins. En hann skal til fara um at búa eða brott færa, þegar honum er sagt forfallalaust. Ella er heyit úheilagt við þess búfé, er þar á beit svá nær. Sömu leið skal fara, ef snjó leggr at garðinum, nema sjálfr vili frá láta snjóinn. Ef hinn varðar eigi við eða gerir eigi orð, sem nú sagði, bæti skaða þann allan, sem hans fé gerir . . . þeim, er hey á. Ef maðr lætr engi sitt liggja úslegit þrjú sumur samfleytt, þá er sá eigi skyldr at verja, er jörð á, nema hinn segi fyrir fardaga, at hann vill slá engit. Nú býr maðr svá nær engi sínu, því er hann á á annars jörðu, at hann vill heiman beita ok slá eigi, þá á hann kost þess, svá at hann skal mann hafa at fé sínu, ok gæta svá, at eigi gangi í haga hins eða eng. Ef fé þess manns treðst í garði þeim, er beitina á svá nær sem fyrr var tínt, af því at löggarðr var eigi þar sem hann skyldi vera, þá á sá þat allt at bæta, er garði skyldi upp halda. Nú er hey fært í hús eða hlöður svá nær beit hins, sem fyrr váttar, þá skal svá um búa, at búfé hins komist eigi at heyinu. En ef húsit fellr ofan, þá skal beitarmaðr gera þeim orð, er á, ok verja við fé sínu, þar til er hinn kemr til, er hey á, eða gera upp sjálfr ella. Nú vill hinn eigi til fara eða hefir eigi byrgt dyrr eða vindauga, ok kemst búfé þar inn, þá ábyrgist hann, ef fé hins treðst þar eða fellr hús á . . . En ef fen eða vötn eða forað gerða um hey manna, ok er hey þegar úheilagt, er fé kemst yfir.

Kap. 24. Um viðarvöxt í engi manns á annars jörðu. Hverr maðr á engivöxt í sínu engimarki. En ef víðara vex, þá á sá, er jörð á undir. Nú vex viðr í engi manns,

1281 þar er annarr á jörð undir, ok er rétt, at sá rífi upp þann við allan, er engit á, ef þat er rifhrís, en sá á viðinn, er á jörð á undir. Þat er rifhrís, er skjótara er at rífa upp en at höggva. En þat er höggskógr, er skjótara er at höggva en rífa. Nú vex höggskógr í engi því, er maðr á á annars jörðu, þá skal sá kaupa, ef hann vill, er jörð á, eftir því sem sex skynsamir menn meta, at engit var vert. Skal sá kjósa, er engi átti, hvárt hann vill heldr hafa engi jafngott eða aðra aura. Sá, er jörð á undir, eignast bæði engit ok svá skóginn, ef hann vill eigi selja. Nú vill jarðeigandi eigi kaupa, þá eignast hinn bæði engi sitt ok skóginn. Ef engi þat spillist af eggveri, er maðr á á annars manns jörðu, þá skal á sömu leið fara sem um þat engi, er skógrinn vex á, ok svá þó at fiskivötn komi þar upp. Svá skal virða engit sem vert var áðr spilltist af skógi eða eggveri eða vatni. . . . Menn eigu at æja eykjum sínum í annars landi á sumar, þar sem eigi hefir fyrr slegit verit.[1]) Hverr maðr á gróðr á sinni jörðu. . . .

Kap. 25. Ef hey rekr á annars jörðu. Ef sjór eða vötn eða veðr rekr hey manna saman, þá skal sá, er hey á á jörðu, kveðja þann skiptis, er hey á með honum. Vill hann eigi skipta, . . . hafi þat hverr af, sem dómr dæmir. Þeir menn, er þat hey eigu, er á annars jörð rekr, skulu at frjálsu þurrka heyit þar, en eigi heim færa fyrr en skipt er. Hann má þat ok vinna á jörð hins, þar er hvárki er akr né eng, at gera löggarð um heyit. Ef hey rekr á engi hins, þá bæti honum skaða, sem metinn verðr. Ef hey rekr í haga manns, ok á sá at gera löggarð um, er hey á, ok svá at þurrka. . . .

Kap. 29. Um elds ábyrgð. . . . Brenna má maðr sinu af jörð sinni, þar sem hann vill, ok bæta skaða þann allan, er öðrum mönnum verðr af, . . . ef hann hefir þá eigi orlofs til beðit, er næstir búa. . . .

Kap. 32. Ef löggarðr er brotinn ok um löggrind ok þjóðveg. . . . En ef maðr skýtr upp grind ok fénaðr gengr í akr eða eng, bæti skaða þann, er gerr var . . . þeim, er korn á eða gras. Ok svá, ef maðr höggr grindarhæla í sundr, eða veltir steini frá, ef við liggr, ok stendr fyrir því opin. . . . En ef maðr ríðr eða gengr yfir akr, töðuvöll eða eng, ok vill eigi fara vegu rétta, sá maðr er sekr mörk við þann, er lóð á. . . .

1) Sbr. l. nr. 35, 23. okt. 1903.

Kap. 33.[1]) **Um laga innsetning á fénaði ok usla.** Nú ef einn maðr á akr, töðu eða eng, annar fénað, en þriðji garð úgildan, sá, er lóð á, skal eftir mönnum ganga ok láta þá sjá, at fénaðr er kominn í akr eða eng, þá skal hann úr taka með vitnum, ok láta . . . meta usla þann, er gerr er, ok setja inn fénað þann, er í er kominn, ok reka lausan í hús inn ok leggja hvárki á bast né band. Þó at hvert stangi annat, þá er þat í ábyrgð eiganda, en eigi þess, er inn setti. Þat skal hann ábyrgjast, ef treðst af húsþröng eða fellr hús á eða garðr, nema fénaðr felli ofan. Nú allt slíkt, sem sá missir, er búit á, fyrir þeim, er lóð á, þá lúki sá honum, er garð átti úgildan, þar sem gildr skyldi vera. Gera skal eiganda boð samdægris, er bú er inn sett. Nú vill hann eigi út leysa, þá skal standa inni til fimmtar. En ef eigi er þá út leyst, þá á sá þat, er inn setti, ok heita þá lokin uslagjöld. En ef maðr tekr fénað þann brott, er inn var settr, ok vill eigi leysa út at lögum, þat heitir lokurán. . . . 1281

Kap. 34. Um bús útlausn ok búmissu. . . . Ef sá maðr, er fyrir beit verðr, rekr búfé aptr í akr eða eng eða andvirki þess, er fé á, bæti skaða allan þann, sem af verðr, . . . ok hafi ekki fyrir þann skaða, er hann fékk. Nú rekr hann eða lætr reka búfé hins svá, at máls missir, bæti búmissu . . . þeim, er bú á. En þá missir búfé máls, er það kemr heim um aftan, er um morgin skyldi, en þat um morgin, er um aftan skyldi, nema hinn úræki at láta leita, er búfé á. . . .

Kap. 36. Um hestaat ok taglskurð. . . . Nú tekr maðr hepting af hrossi manns úlofat, gjaldi eiganda eftir dómi ok ábyrgist hross at öllu ok verk þess til þess er eigandi kemr höndum á . . . nema inn seti til uslagjalda. En ef hross eða annarr fénaðr rennr eftir manni, seti inn á næsta bæ, er á leið verðr fyrir honum, ella ábyrgist at öllu ok bæti skaða, ef eiganda verðr at. Nú vill sá eigi taka með honum eða láta inn setja fénað, er fyrir sitr, þá ábyrgist hann at öllu. . . .

Kap. 38. Um virðing á hrossi ok meðferð. . . . Nú kemr hross þat í land manns, er hann veit eigi hverr á, þá skal hann lýsa því at kirkju eða á þingi, ok ef engi kemr eftir innan hálfs mánaðar þaðan frá, er lýst var, þá er honum rétt að láta virða hrossit. Síðan má hann með fara sem hann eigi ok ábyrgist at öllu. Svá skal virða sem

1) Rb. 2. júlí 1294, § 5.

1281 þá var vert, er hann sagði til. Nú kemr eigandi eftir, kjósi sjálfr, hvárt hann vill hafa hross eða hrossverð . . .

Kap. 39. Um áverka á fénaði og dráp. Aldregi gengr fénaðr sér til úgildis. Nú drepr maðr fénað manns ok gengr við sjálfr ok segir á hendr sér, hafi hann hit dauða eða hit lama, er drap, en hinn heilt fyrir. Nú drepr maðr eða berr fénað manns, ok segir eigi sjálfr eiganda . . ., bæti löstu á sem . . . skynsamir menn meta. . . . Verkafall ok nytfall, þá skal þat bæta sem menn meta. . . .

Kap. 42. Um sætra ferð ok gerð. Hvervetna þar sem sætr eru til bæja manna, hann skal fara þar yfir annars land með búfé sitt til sætra ok fara fornar götur, ef til eru, ok hafa í togi lausahross, ef yfir eng er at fara. Nú eru keldr á götu hans, þá má hann þar gera brúar yfir ok vinna þat á jörðu hins. . . .

Kap. 43. Um sætragerð, hver vera skal. Nú skal til sætra á fjöll upp vera merki sem at fornu fari hefir verit, færa eigi úr stað, nema hann færi engum manni til meins. Svá skal þar sætr at sömu. Engi skal ok setja sætr sitt við annars haga þar sem eigi hefir at fornu verit. Þar skal mæta horn horni, en hófr hófi. . . .

Kap. 46. Um geldfjárrekstr til afréttar. . . . Eigi skulu menn málnytu sína í afrétt reka, nema ítala sé. Eigi eigu menn at lofa í afrétt, nema ítala sé, þá má hverr fylla sína ítölu. En ef sumir lofa, þá taki þeir, er eigi lofa, slíkt grasverð, sem menn meta. . . . En ef einhverr hefir úleyft, hafi grasverð á sinn hlut. . . . Eigi skal sætr gera í afrétt, en ef gerir, þá er úheilagt, þótt þeir brjóti, er afrétt eigu, ok bæti þeir þó, er sætr gerðu, skaða þann . . . hverjum, er þann afrétt á. . . . En þat er afréttr, er tveir menn eigu saman eða fleiri, hversu mikit sem hverr á í.

Kap. 47. Um mark á fénaði. Menn skulu einkenna búfé sitt allt, nema hross, ok hafa einkennt er VIII vikur eru af sumri allt þat, er hann má þá á henda. Eitt mark skal hann hafa á öllu fé sínu. En ef hann gerir eigi svá, þá er hann sekr hálfri mörk. . . . Eigi er hann sekr, þó at eigi verði rétt hans mark á því fé, er hann hefir af öðrum mönnum, en færa skal hann sem næst sínu marki. Erfðamark skal hann hafa, ef hann á. Skipta skal marki sem öðrum arfi, ef fleiri standa til. Nú vill maðr gera sér mark, þá skal hann lýsa á þingi áðr hann marki fé sitt, hvert mark hann vill hafa. Eigi skal hann þat mark hafa, er annarr hefir í því héraði eða svá nær, at fjárgöngur þeirra komi saman. Af skal hann láta marki, þó at hann hafi á þingi lýst, ef nokkurr verðr til síðarr. . . . En ef menn verða eigi fyrr varir við, at mark berr saman með þeim en fé er á fjall rekit, þar er þeir eigu samgengt, þá skulu þeir telja fé þat allt, er þeir létu reka í afrétt, ok sveri hvárr eineiði[1]) at sínu fé, ef svá var margt sem þá hefir hann talt ok þess kyns fé ok svá gamalt. Nú skal hvárr þeirra á haustit sýna grönnum sínum . . . þat fé, er þeir heimta, ok skipta svá sem þeim þykkir jafnaðr á eptir fjárfjölda, hversu margs hvárr skal missa, ef eigi heimtist allt, nema annarr hvárr hafi tvá lögliga kennendr til, að þat er hans fé, ok eigi gaf hann né galt eða sölum seldi, ok þat er hans fé, ef hann skal úræntr vera, ok ef þeir sverja þetta, þá skal hann taka þat fé at afnámi, en því færa at heimta eptir. . . . Rétt er manni at ljá öðrum manni marks, ef hann er sauðlauss, ok hafa sjálfr, þegar hann á fé, til. Ella á hann eigi heldr en aðrir, þó at erfðamark hans hafi verit. Ef dilkær eru, þá er eigi skylt at marka dilkinn. Móðir berr þar vitni um, ok svá kýr um kálf, gyltr um grís. 1281

Kap. 48. Hverr mark á at hafa, ef II eigu eitt saman. Ef tveir menn eða fleiri eigu eitt mark saman, þá skal sá af bregða, er eigi á erfðamark, nema sá sé þangat kominn í hérað, er erfðamark á, þá skal hann af bregða, en hinn haldi marki, er fyrir sitr, þó at honum sé eigi erfðamark. Nú á annarr kaupamark eða gjafamark, en annar gerðarmark, ok skal sá af bregða, er gerðarmark á. Nú eigu báðir erfðamark eða hvárgi þeirra, þá skal sá af bregða, er færi sauði á, ok skipta hit næsta haust, er þeir vitu, at mark kemr saman með þeim, svá fé sem fyrr segir. Skal sá, er mark á at hafa, beiða hinn með vitnum at bregða af marki. Ok ef hinn vill eigi af marki bregða, þá skal sá, er mark á at hafa, eignast svá margt fé sem hann á ván hvert haust síðan, ef sauðir koma svá af fjalli til, . . . hinn . . . hafi þá eina sauði, er hinum gengr af sinni tölu, er mark á at hafa. Ef sauðir eru goldnir manni, þá skal hann af marki bregða sama dag, ok færa sem næst sínu marki, ok þó at þá verði annars mark á, þá á hann, en eigi sá er mark á. En ef naut eru goldin, þá skal af marki bregða innan hálfs mánaðar. En ef eigi er

1) Sbr. l. nr. 85, 23. júní 1936, § 162.

1281 svá gert, þá eignast sá þat fé, er mark á, nema hann lofi. Eyrnamörk skulu vera, en engi önnur, á ganganda fé. Skilr mörk, þó at eyrna skipti sé. Nú verðr lamb mismarkat í stekk, þá skal sá, er markaði, gjalda annat lamb fyrir úmarkat eða verð lambs, nema hinn vili sjálfr hafa lambit ok færa sem næst sínu marki. . . .

Kap. 49. Lögréttir á haust ok fjallgöngur. Eigi skulu réttir fyrr vera en VI vikur lifa sumars. Hverr maðr, er sauði á, skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn, er lögrétt skal vera, skipa svá öðrum göngum sem þeir ráða. . . . Þar skal rétt vera sem at fornu hefir verit og svá langt ok víða til reka. Nú villast dilkar í rétt, ok verða þeir, er til kalla, eigi á sáttir, þá skulu þeir sýna grönnum sínum . . . þeim, er næstir búa rétt, ok þar sé þá, sauði sína þá, er þess væri ván, at þá dilka mundi leiða, ok skulu þeir skipta dilkum með þeim öllum, er ær kennast eigi við. Nú verðr nokkrum dilkum úskipt at síðustu rétt, þá skal bóndi sá, er réttina varðveitir, sýna grönnum sínum ok leggja sitt mark á, ok á hann þá. En ef þaðan ganga úmerktir, þá má svá hverr gera í sínu landi, þeira er sauði á. Sama mál er um eldri sauði úmarkaða eða annat fé, þat er engi telst til, nema hann mætti eigi marka. . . .

Kap. 52. Ef menn vitu eigi, hvárt eru almenningar eða afréttir. Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra . . .

Kap. 53. Um afréttarfé, ef þat gengr í heimaland. Ef fé gengr úr afrétt í land þess manns, er næstr býr afrétt, þá má hann reka fé aptr í afrétt miðja. Rétt er honum at hafa í sínu landi, svá ok at reka láta heim til þess, er á. En ef hann rekr féit í annars land, bæti þeim skaða sem menn meta. . . . Sama mál á sá, er þá er í land rekit fé eða gengr sjálft, ok svá hverr þeira manna, er þat fé kemr í land. Rétt er þeim at láta fé þat ganga hvert er vill. Ef maðr rekr geldfé manns úr afrétt ok hvaðan sem hann rekr, svá at hann þykkist eigi fyrir góðu gera, ábyrgist at öllu . . ., en bæti fyrir skaða, nema hinn hafi honum um boðit. . . .

Kap. 57. Um merkta fugla ok úmerkta. . . . Nú tekr maðr merktan fugl í sínu landi, þá skal hann gera orð eiganda innan mánaðar, ef hann er sams héraðs, ok varðveita svá at eigi spillist. En ef hann fær eigi svá varðveitt, hafi sjálfr eftir virðingu granna sinna, ok gjaldi þeim verð, er átti. Ok svá, ef hann veit eigi, hverr á, þá láti virða ok lýsi á 1281 þingi eða at kirkju innan hálfs mánaðar, ok svá hvert mark er á. Á fitjum skal fugla merkja, ok sýna mark . . . grönnum sínum. Eigi er lögmark ella. . . . Í hvers landi sem elptr verpa, þá eignist sá, er markar, ef hann veitir atróðr í sínu landi. . . . Nú hafa elptr III sumur orpit í sama landi samfleytt, þá eignast sá, er þat land átti, í hvers landi sem hann kreppir ok merkir, ok þó at annar marki, þá á hann, ef grannar hans vilja þat með eiði sanna, at þeim þykki þat líkast, at þær eltpr hafi í hans landi orpit, en hinn hafi þó fyrir starf sitt.[1]) . . .

Kap. 58. Hvat veiða má á annars manns jörðu. . . . Eigi skal maðr utan orlofs lesa ber á annars jörðu til heim at bera. En ef less, tvígildi ber, ok svá grös, ef hann less þau.

Kaupabálkr.

Kap. 16.[2]) Um ábyrgð á leigufénaði manna. Nú selr maðr kýr á leigu eða annat búfé, þá skal sá ábyrgjast at öllu, er hefir, nema við bráðasótt ok lungnasótt, kelfing eða lambburð, aldri eða lýstr reið. En þó at alla ábyrgð skili þeim á hendr, er leigir, þá skal þat eigi haldast. . . . Engi skal kú eða annat kvikfé leiga lengr en lifir, nema hann drepi sjálfr. Nú skal hann kú hafa at leigumála réttum til fardaga at öðru vári, nema þeir hafi annan eindaga á mælt sín í milli, þá er hann tók kú. Nú er sú kýr dauð, en hann átti veð í annari, þá skal hann þá hafa fyrir sína kú, því at kýr skal í kýr stað koma. En ef sú lifir, þá skal hann þá hafa, þó at sú sé eldri. En ef lestir eru á orðnir, þó at hali slitni eða horn brotni, þá skal hann þá löstu bæta. Nú vill hann kú eigi lengr leiga, þá skal hann hitta þann, er kú á, ef hann er innan héraðs, ok bjóða honum kú við váttum. En ef hann er eigi innan héraðs, þá skal hann færa kú heim ok leiða menn til ok láta sjá kú, at hún er heil ok hinum tæk, er á, þá segi hann af ábyrgð sína, ok veiti vörð kú sem sínum nautum, ok þiggi nyt af ok hafi þat fyrir gras ok gæzlu, ok ábyrgist við handvömmum sínum einum. . . . Svá skal at öllu fara um annat leigufé sem um kýr skilr. Nú drepr maðr viljahendi leigufé af fyrir utan lof þess, er á, . . . ok hafi eigandi fullar leigur af því fé svá sem lifanda væri.

1) Tsk. 20. júní 1849, § 6. — 2) Sbr. l. nr. 1, 12. jan. 1884, § 15, l. nr. 87, 19. júní 1933, § 24 og l. nr. 8, 5. febr. 1951, § 24.

1281 **Kap. 17. Um fúlgufé ok handvömm manna.** Nú felr maðr búfé sitt inni at manni at fúlgumála réttum, þá skal hann ábyrgjast við handvömmum sínum öllum. Þat eru handvömm hans, ef hann sveltir eða drepr eða þeir menn, er hann skal halda orði ok eiði fyrir. Þat eru ok handvömm hans, ef haldsmaðr hittir eigi fyrr en önd er úr, eða fellr fyrir berg ok fylgir eigi féhirðir. En ef hann sýnir áðr en húð er af flegin ok fylgir féhirðir, þá eru þat eigi handvömm hans. Þat eru handvömm hans, ef drukknar í brunni eða kyrkir klafi. En ef hess er í bandi eða rennr staurr fyrir, þá eru þat eigi handvömm hans. Þat er ok handvömm hans, ef af ofmegri deyr. Nú skal hann fæða til krossmessu á vár. Þá hitti hann þann, er á, ok bjóði honum at taka við fé sínu ok sýni honum, at fært sé at mat sér, ok segi af sína ábyrgð. Nú tekr maðr hross á fúlgu eða á bit, þá á hann at ábyrgjast við handvömmum sínum. En þat eru allt handvömm hans, er grannar hans virða til þess ok vilja þat með eiði sínum sanna, nema hann segi þat, at hann vili at engu ábyrgjast. Nú tekr maðr naut á fóðr, ok skal hann svá ábyrgjast sem fúlgunaut. Þat skal maðr eigi ábyrgjast, at kýr fái eigi kálfs, ef hann hefir graðung með nautum sínum.

1294 2. júlí **Réttarbót Eiríks konungs 2. júlí 1294.**

5. gr. Full skaðabót skal greiðast fyrir beit töðu, akra ok engja, þótt eigi sé löggarðr um. . . . Skylt er at hafa löggarð um, hvar sem hlaðit er korni eða töðu. . . . **7. gr.** En um allt þat búfé, er goldit er eða gefit, utan hross, eignist sá, sem mark á, ef eigi er af brugðit innan hálfs mánaðar síðan hann bannaði . . . **15. gr.** Nú ferr maðr á veg með hrossi ok þó at þeir sé þrír, ok stendr hey nær götu, en bær eigi allnær, þá taki þeir at úsekju, ef þeir þurfu, þat sem hross þeira eta þar, ef nauðsyn gengr til . . . **22. gr.** Ef hrútr kemr til sauða eða hafr til geita, ok gerir spell á, bæti skaða allan, ef hann er heimtr áðr. . . . **37. gr.** Ef griðungr eltir fang úr kúm, sá er heima er gætt við búi, svá at skaði virðist, bæti fjórðungi bóta, ef sannprófat er, en engu þeim, er hann lér. En ef maðr vill eigi varðveita hann eða reka í afrétt, bæti skaða þann allan, sem hann gerir. . . . **39. gr.** Ef maðr færir búnað sinn hreppa á meðal, þá skal hann segja til einkunnar sinnar í þeim hrepp, sem hann hefir bú í fært, ok láta skrá með einkunnum þeirra manna, er þar búa fyrir. . . . **44. gr.** Um kálfa ok lömb, kið ok grísi, þá sekist maðr eigi, þó at úmarkat sé, meðan í sjálfs hans landi gengr. . . . **47. gr.** . . . Skaðabætr skal gjalda sá, er svín þau á, er skaða gera, svá sem fyrir annan fénað. **1294** 2. júlí

Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða.[1] **1884** Nr. 1 12. jan.

1. gr. Hver maður, sem á jörð og nýtir eigi sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu. Nú fær hann eigi byggt jörð sína fyrir sumardag hinn fyrsta og skal hann innan hálfs mánaðar láta bjóða hana upp til ábúðar eður afnota fardagaár það, sem í hönd fer, í þeirri þinghá, sem jörðin liggur í. Vilji þá enginn taka jörðina til leigu fyrir neitt eftirgjald, skal landeigandi banna nágrönnum öll afnot hennar, og verða þau þeim þá óheimil. Nú lætur hann eigi bjóða upp jörðina sem fyrr segir, og skal hann sjálfur greiða öll lögboðin gjöld, er á jörð hvíla; en láti hann bjóða jörð sína upp til afnota, þarf hann eigi að halda uppi lögskilum fyrir jörðina það ár, ef hún verður honum arðlaus. — Hjáleigu má leggja niður og undir heimajörðina eða til annarrar hjáleigu hennar. — **2. gr.** Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, og er það byggingarbréf fyrir jörðinni. Í byggingarbréfi skal skýrt tekið fram, hve langur ábúðartími sé; en sé það eigi gert, skal svo álíta sem jörð sé byggð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. Ekkja heldur ábúðarrétti manns síns; en giftist hún aftur, missir hún hann. — **3. gr.**[a] Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar[2] og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra manna lönd; svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur liggja á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfinu, hverja landskuld greiða skal eftir jörðina og í hverjum aurum. Í því skal og ákveða, hver innstæðukúgildi fylgja jörðu og hvílík, svo og hverja leigu skuli greiða af þeim. Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbréf, og skal svo álíta sem jörð hafi byggð verið með leigumála þeim, er leiguliði kannast við að áskilinn hafi verið, nema landsdrottinn sanni að annar hafi verið.[b] — **4. gr.** Gera skal tvö sam-

1) Sbr. l. nr. 87, 19. júní 1933 og l. nr. 8, 5. febr. 1951. — 2) Sbr. l. nr. 41, 28. nóv. 1919. — a) I, 152. — b) V, 635.

hljóða frumrit af byggingarbréfi hverju, og rita landsdrottinn og leiguliði nöfn sín undir þau ásamt 2 vottum. Hefir landsdrottinn annað bréfið, en leiguliði hitt. — **5. gr.** Ef landsdrottinn byggir tveimur mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók; en landsdrottinn fái hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæti honum allan þann skaða, er hann bíður af því, að hann komst ekki að jörðu, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna. — **6. gr.** Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús, þau er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu húsa fer eftir jarðarmagni og því, sem venja er í hverri sveit eftir mati úttektarmanna; en jafnan skal afhenda leiguliða hús í gildu og góðu standi, eða með fullu álagi. — **7. gr.** Þá er leiguliðaskipti verða á jörðu, má viðtakandi taka til voryrkju, þá er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá, er sex vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hirða og hagnýta hana, þá hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, og lúki landsdrottni eins árs landskuld og leigur, sem áskilið var; en landsdrottinn má nýta sér jörð sem hann vill, eða byggja hana öðrum. — **8. gr.** Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörðu hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Heimil skal honum húsavist með viðtakanda, og þar má hann hafa fénað sinn til síðasta fardags, en hvorki má hann beita tún né engjar. — Rétt er að fráfarandi skilji eftir, þar sem viðtakanda eigi er mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má burt flytja þegar; en það skal hann hafa burt flutt fyrir næstu veturnætur. Séu búsmunir eigi fluttir burt að veturnóttum, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðingu. — **9. gr.**[1]) Eigi má fráfarandi af jörð flytja hey, áburð, eldsneyti né byggingarefni, sem sú jörð gaf af sér. Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eður byggingarefnis, þá skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni, ef hann eða umboðsmaður hans er viðstaddur, kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja það öðrum, en burt skal hann hafa flutt það af jörðu fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. — **10. gr.** Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef landsdrottinn vill ekki kaupa, skal fráfarandi bjóða þau viðtakanda, og vilji hann heldur ekki kaupa þau með sama verði, þá er fráfaranda rétt að taka þau ofan og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum er hann vill til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gera hús þar, er hin voru, en flytja burt viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að. — **11. gr.** Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður en hann fer frá jörðu, og skal hann hafa gert það í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, sem á jörðu eru, heygarða og heytóftir. Vanræki fráfarandi þetta, þá bæti hann viðtakanda það, sem úttektarmenn meta. Ekki má fráfarandi vinna meira á jörðu það vor, er hann flytur sig frá henni, en til búþarfa, og eigi svo, að viðtakanda sé mein að. Ef hann vinnur meira, en nú var mælt, eignast viðtakandi það. Nú fylgir eggver jörðu, og á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörðu. Fylgi reki leigulandi, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum. — **12. gr.** Ábúandi skal hafa öll leiguliðaafnot af jörðu sinni, nema öðruvísi sé um samið; en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og allt, sem því leigulandi fylgir. — Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, er leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki. — **13. gr.** Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, né húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgja, nema það sé í umskiptum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Hann má og eigi selja áburð af jörðu, þann er henni megi að notum verða, né farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefir aflað af jörðunni, nema því aðeins að hann fái aftur jafngildi í heyi

1) Sbr. l. nr. 19, 4. nóv. 1887, § 25.

eða beit, eða að hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eftir áskorun hreppsnefndar. Ef móti þessu er brotið, varðar það útbyggingu, enda bæti hann landsdrottni skemmdir á jörðu. — **14. gr.** Ef reki fylgir jörðu, og er hann undanskilinn leiguliðaafnotum, þá skal leiðuliði hirða við þann, er rekur, fyrir landsdrottin, og marka viðarmarki hans. Skal hann gera þetta sem sjálfur hann ætti, og draga við úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Leiguliði skal eiga af fjöru þeirri álnarlöng kefli og þaðan af smærri, ef eigi er öðruvísi um samið, eða að fornu hefir viðgengizt á þeim reka. Nú rekur hval, og skal leiguliði festa hann þeim festum og að öllu bjarga, sem lög ákveða. Gera skal hann og þegar landsdrottni orð eða umboðsmanni hans. Rétt er leiguliða að skera þegar hval, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða. — **15. gr.** Skyldur er maður að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja, og ábyrgjast fyrning þeirra; svo skal hann og við halda öðrum nytsömum mannvirkjum, sem jörðu fylgja, svo sem túngörðum, vörzlugörðum, matjurtagörðum, fénaðarréttum, heygörðum,, stíflugörðum og hverju öðru, og endurbæta það á ári hverju, svo að nýtilegt sé, og byggja upp af nýju, ef fallið hefir. Ábyrgjast skal leiguliði innstæðukúgildi jarðar sinnar, að ávallt séu til og leigufær. Nú flytur leiguliði sig frá jörðu, eða deyr, og ekkja hans bregður búi, og skal hann eða bú hans skila öllu, er jörðu fylgir, fullgildu, eða með fullu álagi. — **16. gr.** Ef skriða fellur á hús leigujarðar eða þau verða á annan hátt fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði eða jarðskjálfta, eða þau farast fyrir eldsvoða, sem leiguliða verður eigi sök á gefin, þá skulu landsdrottinn og leiguliði, ef eigi er öðruvísi um samið, gera hús aftur í sameiningu. Landsdrottinn leggi við til húsagerðar og smíðar, en leiguliði veggi alla og þök. Þó skal leiguliði greiða landsdrottni álag á hús þau, er fórust, ef þau voru eigi fullgild eftir áliti úttektarmanna. — **17. gr.** Ef land jarðar spillist af vatnságangi, skriðum, sandfoki, eða öðru því, er leiguliða verður eigi sök á gefin, þá geri hann landsdrottni orð, eða umboðsmanni hans, og er leiguliða heimilt að krefjast skoðunar á skemmdunum. Nú má skemmdir bæta á einu ári, og bætir landsdrottinn og leiguliði þær að helmingi hvor, þó svo, að leiguliði kosti eigi meiru til en jafngildi hálfri landsskuld hans. Verði jörð fyrir meiri skemmdum, eða þeim skemmdum, að hún rýrni til langframa, skal meta, hve miklum hluta landsskuldar það nemi ár hvert um ákveðinn tíma, og á þá leiguliði heimting á, að landsskuld sé sett niður um helming þess, er skemmdir eru metnar til ár hvert. — **18. gr.** Leiguliði skal ár hvert flytja út á tún og í garða allan þann áburð, er fellur til á leigujörð hans, og vinna upp tún og engi, svo að hún sé í fullri rækt. Svo skal hann og nota hlunnindi hennar á þann hátt, að sem minnst spjöll verði að. Bregði hann af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann ábúðarrétt sinn. — **19. gr.** Nú eru kveðnar jarðabætur á leiguliða eða sérstök hirðing á áburði, og greinir byggingarbréf, hverjar jarðabætur séu og hve miklar ár hvert, og hver hirðing áburðar, en leiguliði vinnur eigi slíkt, sem til skilið var, eitt ár í senn, og á landsdrottinn heimtingu á endurgjaldi fyrir jarðabæturnar, eftir óvilhallra manna mati, ef leiguliði vinnur þær eigi þegar. Vinni leiguliði eigi jarðabætur, eða hirði eigi svo áburð, sem til var skilið, fleiri ár en eitt í senn, missir hann og ábúðarrétt sinn. — **20. gr.** Nú vill leiguliði gera jarðabót, sem eigi verður talin aðeins til þess, að jörðin sé í góðri rækt og yfir höfuð vel setin, enda sé hún eigi ákveðin í byggingarbréfi hans, þá skal hann leita um það samkomulags við landsdrottin, en nái hann eigi samkomulagi við hann, þá er rétt að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hvort þeir ætla varanleg not muni verða að jarðabótinni og tilvinnandi að gera hana, og skulu þeir jafnframt gera nákvæma áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eftirgjald eftir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrottni skal bjóða að vera við mat þetta. Leiguliði skal þá bjóða, að landsdrottinn láti gera jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnaðinn við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við og greiða þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, þá er rétt að leiguliði geri jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gera hana, enda sé hún í góðu standi eða

1884 Nr. 1 12. jan.

fullt álag gert á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er 12 sinnum hærri en hækkun eftirgjaldsins. — **21. gr.** Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða, en nái hann því eigi, þá er rétt, að hann láti gera jarðabótina engu að síður, en bæti honum fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans, og er jarðabótinni er lokið, þá getur hann látið óvilhalla menn skoða hana og meta, hversu mikið jörðin megi hækka að eftirgjaldi fyrir jarðabótina; jarðabótina getur hann því næst afhent leiguliða og ber honum upp frá því að halda henni vel við, og svara henni ásamt jörðinni í góðu standi eða með fullu álagi; ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var fyrir jarðabótina. — **22. gr.** Ef leiguliði situr illa leigujörð sína, svo að tún og engi fara í órækt, eða hún á annan hátt bíður varanlegar skemmdir af hans völdum, innstæðukúgildi falla og hús hrörna yfir skör fram, og því um líkt, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr því næsta ár, og setji tryggingu fyrir. Rétt er að landsdrottinn láti gera skoðun á jörðinni, hvort er leiguliði fer frá henni eða ekki, og meta til verðs skemmdir þær, er á henni hafa orðið fyrir þessar sakir, og bæti leiguliði þær að fullu. — **23. gr.** Er meta skal skemmdir eftir 17. gr., jarðabætur eða jarðaníðslu, skulu úttektarmenn það gera. Landsdrottinn og leiguliði borgi skoðunargerð, að helmingi hvor, nema þegar svo á stendur, er segir í 22. gr.; borgar þá leiguliði einn skoðunargerð, ef hún verður á móti honum, en landsdrottinn ella. — **24. gr.** [a]) Leiguliði skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á leigujörð hans liggja, og halda uppi öllum lögskilum af henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu. Eindagi á kúgildaleigum er fyrir Mikaelsmessu ár hvert, en á landskuld fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta misseri eftir eindaga, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum í næstu fardögum, þótt honum sé eigi byggt út af jörðinni. — **25. gr.** Skyldur er leiguliði, þótt eigi sé til skilið, að færa leigur og landskuld á heimili landsdrottins ókeypis, ef eigi er fjær en þingmannaleið nemi, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðargjöldum.[a]) — **26. gr.** Þá er landsdrottinn vill neyta réttar síns að byggja leiguliða út af jörðu sinni, áður en byggingartíminn er á enda, skal hann það gert hafa fyrir jól; en leiguliði skal af jörðu fara í næstu fardögum á eftir. Útbygging skal bréfleg vera og við votta, enda sé svo skýrt að kveðið í henni, að leiguliði hafi að vísu að ganga, að hann eigi af jörðu að fara. — **27. gr.** Nú vill maður flytja sig af leigujörð sinni áður en ábúðartími hans er liðinn, og skal hann hafa sagt jörðu lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála bréflega og við votta. — **28. gr.** Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni leigur næsta ár og landskuld. Má landsdrottinn nýta sér jörð sem hann vill, eða byggja öðrum. Nú hefir leiguliði sagt jörðu lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er jörð bíður af burtför hans, eftir mati óvilhallra manna. — **29. gr.** Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, svo sem fyrr er sagt, eða byggingartíminn er á enda, eða svo er ástatt sem segir í 24. gr., og vill leiguliði eigi flytja sig af jörðu, eða beitir þrásetu, og er landsdrottni rétt að krefjast útburðar á sína ábyrgð, og fer um það eftir almennum réttarfarsreglum. — **30. gr.** Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að sínum helmingi hvor. Úttektarmenn skulu vera tveir, og fer úttekt fram um fardagaleyti. Skal þá gera fráfaranda og viðtakanda aðvart með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti til úttektar komið. — **31. gr.**[1]) Hreppstjórar eru úttektarmenn. Þar sem eigi er nema einn hreppstjóri í hreppi, skal sýslumaður nefna að auki svo marga úttektarmenn, sem hreppsnefnd þurfa þykir. Úttektarmenn þessir skulu eið sverja fyrir sýslumanni. Séu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja tilnefna til vara, er úttekt geri í forföllum annarshvors hinna, eða með þeim, ef þá greinir á. Ávallt þar er úttektarmenn greinir á, skal hinn þriðja til kveðja. — Úttektarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi eigi skemmri tíma en

a) V, 635.

1) Sjá nú l. nr. 85, 11. júní 1938, § 6. — a) I, 152.

1884 Nr. 1 12. jan.

sex ár. — **32. gr.** Úttektarmenn skulu bók hafa, er borgist af sveitarsjóði og sýslumaður löggildir; skal rita í hana allar úttektir jarða. Eigi er úttekt lokið fyrr en svo er gert. Skulu úttektarmenn því næst rita nöfn sín undir hverja úttekt henni til staðfestingar. Þeir, sem við úttekt eru staddir, fráfarandi, viðtakandi og jarðeigandi, eða umboðsmaður hans, ef hann eigi mætir sjálfur, skulu og rita nöfn sín undir úttekt. Nú skorast þeir undan að rita nöfn sín undir úttekt, og skulu úttektarmenn láta þess við getið í úttektarbókinni. — Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit af úttektum, ef þeir eru þess beiddir, og eiga þeir 50 aura fyrir hverja örk eftirrits.[1]) — **33. gr.** Úttektarmenn skulu taka fyrst út hús þau, er jörðu fylgja, og lýsa þeim greinilega, sem og göllum þeim, er á þeim eru. Næst á eftir jarðarhúsum skal taka út önnur mannvirki, þau er jörðu fylgja, svo sem eru túngarðar, vörzlugarðar, matjurtagarðar, fénaðarréttir, heygarðar, stíflugarðar og annað þesskonar. Svo skulu og úttektarmenn skoða innstæðukúgildi jarða. Rétt er, ef landsdrottinn eða viðtakandi krefst þess, að úttektarmenn skoði tún, engi og haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Úttektarmenn skulu lýsa öllu þessu nákvæmlega og kveða á hæfilegt álag fyrir þeim göllum sem á eru hverju fyrir sig. — Ef maður flytur að parti úr jörð, þá er rétt, ef hann eða landsdrottinn óska þess, að úttektarmenn skipti milli aðfaranda og annarra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, túnum, engjum, skógi og innstæðukúgildum; beitilandi og hlunnindum skal einnig skipta, ef hlutaðeigendur koma sér saman að óska þess. — Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að aflokinni úttektargerð. En greiði hann eigi þegar álagið, geri úttektarmenn lögtak til lúkningar álagningu í munum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eftir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi krafizt álags af fráfaranda að lögum, og eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það sem á vantar, nema öðruvísi hafi verið um samið. — **34. gr.** Ef einhver, sem hlut á að máli, eigi vill hlíta úttekt, sem gerð er á jörðu, er honum rétt að krefja yfirúttektar. Beiða skal hann sýslumann innan hálfs mánaðar að nefna fjóra menn til yfirúttektar, og skulu þeir haga yfirúttekt svo, sem segir um úttektir. Yfirúttektarmenn eigi sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, er krefjandi gjaldi, ef álagsupphæð eigi er breytt; ella fer um gjaldið sem segir í 30. gr.[1])

1) Sjá nú l. nr. 85, 11. júní 1938, § 6.

1884 Nr. 1 12. jan.

Ábúðarlög.

1933 Nr. 87 19. júní

I. kafli. — Um bygging jarða. — 1. gr. Jörð nefnist í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleiga, utan kaupstaða eða kauptúna, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamati, enda framfleyti býlið 9 kúgildum í minnsta lagi eða landverð þess að fasteignamati sé 1000 kr. hið minnsta. — **2. gr.** Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega. — Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, ef þær geta framfleytt til samans meira en 46 kúgildum, eða hafa sjávargagn eða önnur hlunnindi sem því svarar, nema úttektarmenn eða sveitarstjórn samþykki, sbr. þó 3. gr. 3. málsgr. og 11. gr. 4. málsgr. — Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra jarða, sem eru í ábúð sama manns, er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð helzt. — Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, en leita skal hann samþykkis úttektarmanna um það, hvernig skiptingunni skuli fyrir komið. — **3. gr.**[a]) Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki að staðaldri sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna. — Nú hefir maður að staðaldri nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur eða fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélag bíður varanlega hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, og getur sveitarstjórn þá krafizt, að hann bæti það, sem áfátt er, innan tveggja ára, en ella að hann byggi jörðina samkvæmt 1. málsgr. — [Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt, að viðlagðri allt að 3000 kr. sekt til ríkissjóðs, að bjóða sveitarstjórn að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hver aðili um sig getur krafizt yfirmats samkv. 53. gr.][2]) Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun innan mánaðar, er honum skylt að auglýsa jörðina til ábúðar.

1) Sbr. l. nr. 87, 19. júní 1933, IX. kafla, og l. nr. 8, 5. febr. 1951, IX. kafla. — 2) L. nr. 22, 12. febr. 1940, § 1. — a) XXIV, 623.

Geti hann þá enn ekki byggt hana, má hann ráðstafa henni 2 ár sem hentast þykir, en skylt er honum, ef hann getur ekki byggt jörðina innan þriggja ára, að bjóða sveitarstjórn hana aftur til ráðstöfunar. Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil af henni verður hann að inna af höndum. [Mál út af brotum gegn ákvæðum þessarar málsgreinar skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.][1]) — **4. gr.** Taki sveitarstjórn við jörð til ráðstöfunar, getur hún byggt hana öðrum, og ber þá sveitarstjórn ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum og álagi til landsdrottins. — **5. gr.** Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 3 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda hreppstjóra, er varðveiti það með öðrum embættisskjölum. — **6. gr.** Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu. — **7. gr.** Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sama leigumála sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hann hæfilegan og hvorugur aðilja sannar, að öðruvísi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjald jarðarinnar. — Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörðin er óbreytt, afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, er á henni kunna að hvíla. — **8. gr.** Ef landsdrottinn byggir fleirum en einum manni sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var eða bæta skaðann, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna.

1) L. nr. 22, 12. febr. 1940, § 1.

II. kafli. — Um ábúðartíma. — 9. gr.[a]) Allar jarðir skal byggja æfilangt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, um tiltekinn tíma, sbr. þó 3. mgr. — Ekkja leiguliða hefir ábúðarrétt hans þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð eða jarðarpart úr lífstíðarábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra til ábúðar, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara. — Nú getur jörð framfleytt meira en 36 kúgildum, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna, og er landsdrottni þá ekki skylt að byggja æfilangt meira af jörðinni en sem því svarar. — Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús eða land til fiskreita og uppsáturs í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr. — Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, önnur en til heimilisnota og búsþarfa, svo sem til áveitu og rafstöðvar, og nauðsynlegt land til virkjunar þeirra, námar og önnur þvílík verðmæti, er ekki geta talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð, en leiguliða ber bætur fyrir jarðrask og átroðning, er leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja. — **10. gr.** Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig, að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt 9. gr., og er þá sú uppsögn ógild og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

III. kafli. — Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða. — 11. gr. Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna. — Vítalaust er þó landsdrottni, ef hann leggur til nothæf jarðarhús, er nema ⅔ af landverði jarðarinnar, hvorttveggja að fasteignamati. Ennfremur er landsdrottni vítalaust, ef hann leggur til jarðarhús, er nema helmingi af landverði jarðarinnar, ef landskuld er lægri

a) XI, 328, XXIV, 184.

en 3% af verði lands og jarðarhúsa samkv. fasteignamati. — Nú fylgja jörð lóðargjöld, vatnsréttindi, námar eða önnur þvílík verðmæti, er auka verð landsins fram yfir verðgildi þess til búrekstrar, að skal þá draga verðgildi þessara verðmæta frá landverðinu, þegar meta skal skyldur landsdrottins til húsabóta. — Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur að mati úttektarmanna, svo og þær jarðir í nánd við kaupstaði eða sjávarþorp, er rétt þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands að skipta niður í spildur til ræktunar, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á leigulöndum með þeim leigumála, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. — **12. gr.** Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, er leiguliða skylt að leggja fram rif tófta, gröft allan og innlent efni, svo og aðdrætti á innlendu efni um allt að 2 km. veg og á útlendu efni um allt að 5 km. veg. — Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við ræktun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt ákvæðum 11. gr. 1. mgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og getur leiguliði þá krafizt, að landsdrottinn auki hús á jörðinni, svo sem úttektarmenn telja nægilegt, sbr. þó 11. gr. 2.—4. mgr. — Ef landsdrottinn vill ekki auka jarðarhús, er leiguliða heimilt að gera hús svo sem þörf krefur, að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn síðan meta húsagerðina til verðs, að frádregnu framlagi leiguliða, og er landsdrottni þá skylt að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn, samkvæmt því mati, enda sé þar ekki um óþarfan íburð að ræða og fullrar hagsýni gætt. Jafnan skal landsdrottni gerður kostur á að vera viðstaddur matsgerðina, og getur hann krafizt nægra sönnunargagna um kostnaðinn, að dómi úttektarmanna. — Nú hefir landsdrottinn greitt leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt 2.—3. málsgrein, og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af upphæðinni, auk vátryggingargjalds af húsunum. — Sama er um endurnýjun bæjar- eða peningshúsa, ef landsdrottinn neitar að endurreisa þau. En þá skal jafnan draga frá húsagerðarkostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, ásamt álagi og leiguliðabót, sbr. 14. gr., og tekur hækkun afgjalds aðeins til mismunarins. — Ákvæði 2.—3. málsgreinar gilda þó ekki, ef landsdrottinn hefir áður lagt til nægileg peningshús, sem nú verða eigi notuð að fullu, vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni. — Nú flytur leiguliði af jörð áður liðin eru 10 ár frá því hús voru reist á jörðinni, og á hann þá endurgjaldskröfu á landsdrottin á 1/10 af framlagi sínu fyrir hvert ár, sem vantar á þann tíma, allt samkv. mati úttektarmanna. — **13. gr.** Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að hana megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að dómi úttektarmanna. — Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að. — **14. gr.** Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra, að frádregnu framlagi leiguliða. Skal hundraðsgjaldið vera 1/3—2/3% af steinhúsum, en 3/4—1 1/2% af húsum úr öðru efni. Innheimtir sýslumaður það á manntalsþingum og fylgir því lögtaksréttur. Leiguliðabót allra leigujarða skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirsjón bankastjórnar og atvinnumálaráðuneytisins. Hver jörð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar. — Ef leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð þar til hús jarðarinnar verða endurreist. — Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, með reglugerð nánari reglur um sjóðinn. — **15. gr.** Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu, að áliti og mati úttektarmanna. Setur atvinnumálaráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. — Nú hefir leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn þá gera honum að bæta það, er á vantar, með álagi. — **16.**

1933 Nr. 87 19. júní

gr. Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi er fylgt og jörð setin yfirleitt. — **17. gr.** Séu jarðarhús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En skylt er leiguliða að annast vátryggingu fyrir hönd landsdrottins, ef hann krefst þess. — **18. gr.**[a]) Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár, gegn almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir. — Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. mgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, nema sérstakar breytingar séu orðnar á jörðinni frá því, er fasteignamat hefir síðast farið fram.

IV. kafli. — Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða. — 19. gr. Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað, sbr. þó 2. gr. 2. málsgr. og 3. gr.[b]) — **20. gr.** Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þá er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum. — **21. gr.** Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa flutt burt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu. — **22. gr.** Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefir aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa. — **23. gr.** Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda fyrir eftir mati úttektarmanna. — Ef æðarvarp, eggver, selalátur, uppsátur og fiskreitir eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum. — **24. gr.** Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá og skila þeim fullgildum við brottför. — **25. gr.** Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefir fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og sveitarstjórn samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir.[a]) — Heimilt er að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar, að dómi

a) XXIV, 184. — b) XXIII, 323.

a) XXIII, 323.

úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undantekin og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina. — Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu, eftir mati úttektarmanna. — Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir. — **26. gr.** Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að láta í té nokkrar landsnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Ennfremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefir aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum, og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur, eftir mati úttektarmanna. — **27. gr.** Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, tún eða engi fer í órækt eða hús hrörna og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu. — **28. gr.** Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, er sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Leigur skal hann greiða fyrir 1. október ár hvert, en landskuld og önnur afgjöld af jörðinni skal greiða eftir á ár hvert í fardögum, nema öðruvísi sé um samið. Nú hefir leiguliði eigi greitt jarðarafgjöldin tveim mánuðum eftir gjalddaga, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað. — Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöld að fullu fyrir veturnætur næstar eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir jól næstu á eftir. — **29. gr.** Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hinsvegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð. — **30. gr.** Hvarvetna þess, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.[a]) — Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu. — **31. gr.** Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, sbr. þó 1. tölul., ef hann: 1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr. 2. Brýtur fyrirmæli 26. gr. 3. Brýtur fyrirmæli 27. gr. 4. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr. 5. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár. — Þá hefir leiguliði og fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa við úr húsum til eldsneytis eða gera önnur þvílík spellvirki, að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliðinn halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir, hvorttveggja að mati úttektarmanna. — **32. gr.** Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála þannig að sannað verði. — **33. gr.** Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðarafgjöld næsta ár. — Nú hefir leiguliði sagt jörð lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er af hefir hlotizt, eftir mati úttektarmanna. — **34. gr.** Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

a) XI, 329.

V. kafli. — Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður. — 35. gr. Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar eins árs afgjöldum af jörðinni. — Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðarinnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi. — **36. gr.** Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að einstök fyrirmæli laga þessara nái til þess, og getur þá hvor aðilja krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa síðan hann var gerður.[a]) Nú telur annarhvor aðilja leigumála jarðar óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum.

VI. kafli. — Um reka á leigujörðum. — 37. gr. Þegar reki fylgir jörð, skal landsdrottinn hafa allan fjögra álna við og lengri, en leiguliði allan við minni, nema landsdrottinn vilji nota hann til einhverra umbóta á jörðinni. — Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, er sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu þá vera eign leiguliða. — **38. gr.** Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða. — **39. gr.** Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

1933 Nr. 87 19. júní

VII. kafli. — Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins. — 40. gr. Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta. — Heimilt er leiguliða, án samþykkis landsdrottins, að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, ef þær eru að mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni, þannig að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu. — **41. gr.** Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs. — Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í næstu grein á undan og eftir mati sömu manna. — **42. gr.** Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Ennfremur

a) XVIII, 296, 298.

ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af kostnaðarverði jarðabótarinnar. — Nú er leiguliða, að dómi úttektarmanna, ekki fært að greiða eftirgjaldshækkun samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er landsdrottni þá rétt, með samþykki úttektarmanna, að taka hluta af jörðinni til nýbýlis, gegn því að bæta leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins. — **43. gr.** Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í b-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878. Krafa sú, er leiguliði á á hendur landsdrottni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 40. gr. 2. mgr. og 41. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

VIII. kafli. — Um kaupskyldu á leigujörðum. — 44. gr. Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefir eigi svarað kauptilboði innan missiris, og hefir leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum.

IX. kafli. — Um úttektir á leigujörðum. — 45. gr. Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Úttekt á jörðu skal fram fara fyrir 20. júní. — Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti verið þar viðstaddir og gætt réttar síns. — **46. gr.** Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmann skipar sýslumaður, og tvo varamenn, að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefir úttektarmaður forföll eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður. — **47. gr.** Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka við útnefningu. — Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja starf sitt, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu. — **48. gr.** Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir: 1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 64 frá 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.,[1]) og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor. — 2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 6 krónur án ferðakostnaðar, og greiðir sá, er krafizt hefir virðingar eða skoðunargerðar. Þó kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 13. gr., að hálfu hvor. — **49. gr.** Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 16. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. — Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðabók gegn endurgjaldi samkvæmt lögum um laun hreppstjóra, nr. 64 14. nóv. 1917.[1]) — **50. gr.** Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað á skorti til þess að þau séu fullgild jarðarhús, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefir verið viðhaldið og annað, eftir því sem þurfa þykir. — Ennfremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni. — Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð er sæmilega setin. — **51. gr.** Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda. En greiði hann eigi þegar álagið, geri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í eignum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eftir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi að lögum krafizt álags frá fráfaranda, en eigi fengið

1) Sbr. nú l. nr. 85, 11. júní 1938, § 2.

1933 Nr. 87 19. júní

það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það, sem á vantar. — **52. gr.** Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðilar koma sér saman um að æskja skipta á. — **53. gr.** Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn eða yfirmatsmenn, og skulu þeir haga úttekt eða mati á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

X. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 54. gr. Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1934, og koma ákvæði þeirra til framkvæmda jafnskjótt og leiguliðaskipti verða á jörð, eða nýtt byggingarbréf er gefið út eða framlengt eftir að lög þessi öðlast gildi. Þó koma ákvæði um húsabótaskyldu landsdrottins samkvæmt 11. og 12. gr. ekki til framkvæmda fyrr en í fardögum það ár, er 5 ár eru liðin frá því er lög þessi öðlast gildi. — **55. gr.** Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 1 12. jan. 1884, jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

1951 Nr. 8 5. febr.

Ábúðarlög.

I. kafli. — Um bygging jarða. — 1. gr. Jörð nefnist í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleiga, utan kaupstaða eða kauptúna, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamati, enda framfleyti býlið 9 kúgildum í minnsta lagi eða landverð þess að fasteignamati sé 1000 kr. hið minnsta. — **2. gr.** Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega. — Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, ef þær geta framfleytt til samans meira en 46 kúgildum, eða hafa sjávargagn eða önnur hlunnindi sem því svarar, nema úttektarmenn eða sveitarstjórn samþykki, sbr. þó 3. gr. 4. málsgr. og 11. gr. 4. málsgr. — Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra jarða, sem eru í ábúð sama manns, er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð helzt. — Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, og fer um það samkvæmt ákvæðum gildandi landskiptalaga. — **3. gr.** Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nytjar ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna. — Nú hefur maður nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur né fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, getur þá sveitarstjórn krafizt þess, að jarðeigandi bæti það, sem áfátt er, innan tveggja missira eða hann byggi jörðina frá næstu fardögum samkvæmt 1. málsgrein. Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt að bjóða sveitarstjórn innan 6 daga að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats samkvæmt 53. gr. — Sveitarstjórn getur krafizt þess, að landsdrottinn láti fylgja jörðinni nauðsynleg hús og mannvirki, er henni hafa fylgt, og ekki í lakara lagi en telja verður meðallag í þeim hreppi að dómi úttektarmanna, miðað við landverð jarðarinnar, eða setja tryggingu fyrir, að svo verði. — Sinni sveitarstjórn ekki boði landeiganda um að ráðstafa ábúð á jörð hans samkv. grein þessari innan mánaðar, er landsdrottni skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá ekki byggt hana, má hann ráðstafa jörðinni næsta fardagaár. Næsta ár skal hann bjóða sveitarstjórn enn að ráðstafa jörðinni, ef hann hefur ekki byggt hana sjálfur fyrir þann tíma, er áður greinir. Er þá sveitarstjórn heimilt að byggja jörðina til lífstíðar, þannig að óheimilt sé að byggja ábúanda út af jörðinni, þó að landsdrottinn sjálfur eða skyldulið hans, sbr. 9. gr., óski að fá jörðina til ábúðar. Þegar svo hefur gengið 3 ár í röð, að jörðin byggist ekki, er jarðeiganda heimilt að ráðstafa jörðinni sem hentast þykir. — Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil verður hann að inna af höndum. — **4. gr.** Nú sinnir jarðeigandi ekki kröfu sveitarstjórnar, er um ræðir í annarri málsgr. 3. gr., eða vanrækir að bjóða sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar, svo að jörðin fer í eyði

1951 Nr. 8 5. febr.

eða hús á jörðinni eru fallin, hafa verið rifin eða annað það gert, er eigendur jarðarinnar síðustu 5 árin eiga að mestu sök á, og getur þá hlutaðeigandi hreppsnefnd krafizt þess, að sýslumaður auglýsi jörðina til sölu. Sýslumaður rannsakar því næst alla málavexti og aflar sér nauðsynlegra upplýsinga, þar á meðal umsagnar hlutaðeigandi úttektarmanna, ef um jarðníðslu er að ræða. Nú telur sýslumaður kröfu hreppsnefndar réttmæta, og skal hann þá, að undangengnum úrskurði, bjóða jörðina upp og selja hæstbjóðanda, enda leggi kaupandi fram skilríki fyrir því, að hann geti innleyst jörðina og rekið á henni hæfilegan búskap, og enn fremur yfirlýsingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali. — Nú fullnægir kaupandi ekki þessum skilyrðum, og hefur þá hreppsnefnd heimild til að ganga í kaupin. — Söluákvæði þessi taka þó ekki til hjáleigna með óskiptu beitilandi úr heimajörð, þar sem sami er eigandi að báðum jörðunum, enda sé jörðin nytjuð og sameiginlegt ræktað land ekki minnkað. — **5. gr.** Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 3 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda hreppstjóra, er varðveiti það með öðrum embættisskjölum. — **6. gr.** Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu. — **7. gr.** Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sama leigumála sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hann hæfilegan og hvorugur aðila sannar, að öðruvísi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjald jarðarinnar. — Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörðin er óbreytt, afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, er á henni kunna að hvíla. — **8. gr.** Ef landsdrottinn byggir fleirum en einum manni sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var eða bæta skaðann, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna.

1951 Nr. 8 5. febr.

II. kafli. — Um ábúðartíma. — 9. gr. Allar jarðir skal byggja ævilangt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, um tiltekinn tíma, sbr. þó 3. mgr. — Ekkja leiguliða hefur ábúðarrétt hans, þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð eða jarðarpart úr lífstíðarábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra til ábúðar, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara. — Nú getur jörð framfleytt meiru en 36 kúgildum, að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna, og er landsdrottni þá ekki skylt að byggja ævilangt meira af jörðinni en sem því svarar. — Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús eða land til fiskreita og uppsáturs í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr. — Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, önnur en til heimilisnota og búsþarfa, svo sem til áveitu og rafstöðvar, og nauðsynlegt land til virkjunar þeirra, námar og önnur þvílík verðmæti, er ekki geta talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð, en leiguliða ber bætur fyrir jarðrask og átroðning, er leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja. — **10. gr.** Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt 9. gr., og er þá sú uppsögn ógild og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

III. kafli. — Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða. — 11. gr. Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna. — Vítalaust er þó landsdrottni, ef hann leggur til nothæf jarðarhús, er nema ⅔ af landverði jarðarinnar, hvort tveggja að fasteignamati. Enn fremur er landsdrottni vítalaust, ef hann leggur til

1951 Nr. 8 5. febr.

jarðarhús, er nema helmingi af landverði jarðarinnar, ef landskuld er lægri en 3% af verði lands og jarðarhúsa samkvæmt fasteignamati. — Nú fylgja jörð lóðargjöld, vatnsréttindi, námar eða önnur þvílík verðmæti, er auka verð landsins fram yfir verðgildi þess til búrekstrar, og skal þá draga verðgildi þessara verðmæta frá landverðinu, þegar meta skal skyldur landsdrottins til húsabóta. — Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur að mati úttektarmanna, svo og þær jarðir í nánd við kaupstaði eða sjávarþorp, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytis að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands að skipta niður í spildur til ræktunar, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á leigulöndum með þeim leigumála, er þessir aðilar samþykkja. — **12. gr.** Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, er leiguliða skylt að leggja fram rif tófta, gröft allan og innlent efni, svo og aðdrætti á innlendu efni um allt að 2 km veg og á útlendu efni um allt að 5 km veg. — Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við ræktun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt ákvæðum 11. gr. 1. mgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og getur leiguliði þá krafizt, að landsdrottinn auki hús á jörðinni, svo sem úttektarmenn telja nægilegt, sbr. þó 11. gr. 2.—4. mgr. — Ef landsdrottinn vill ekki auka jarðarhús, er leiguliða heimilt að gera hús svo sem þörf krefur, að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn síðan meta húsagerðina til verðs, að frádregnu framlagi leiguliða, og er landsdrottni þá skylt að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn, samkvæmt því mati, enda sé þar ekki um óþarfan íburð að ræða og fullrar hagsýni gætt. Jafnan skal landsdrottni gerður kostur á að vera viðstaddur matsgerðina, og getur hann krafizt nægra sönnunargagna um kostnaðinn, að dómi úttektarmanna. — Nú hefur landsdrottinn greitt leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt 2.—3. málsgrein, og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af upphæðinni, auk vátryggingargjalds af húsunum. — Sama er um endurnýjun bæjar- eða peningshúsa, ef landsdrottinn neitar að endurreisa þau. En þá skal jafnan draga frá húsagerðarkostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, ásamt álagi og leiguliðabót, sbr. 14. gr., og tekur hækkun afgjalds aðeins til mismunarins. — Ákvæði 2.—3. málsgr. gilda þó ekki, ef landsdrottinn hefur áður lagt til nægileg peningshús, sem nú verða eigi notuð að fullu, vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni. — Nú flytur leiguliði af jörð áður en liðin eru 10 ár frá því hús voru reist á jörðinni, og á hann þá endurgjaldskröfu á landsdrottin á 1/10 af framlagi sínu fyrir hvert ár, sem vantar á þann tíma, allt samkv. mati úttektarmanna. — **12. gr. b.** [Nú vanrækir landsdrottinn, að dómi úttektarmanna, að fullnægja skyldum sínum samkvæmt ákvæðum laga þessara um nauðsynleg jarðarhús, og skal hann þá verða við beiðni leiguliða um veðleyfi fyrir láni í Byggingarsjóði eða Ræktunarsjóði Íslands til nauðsynlegra bygginga á jörðinni. Veðleyfið skal ná til lands og jarðarhúsa hinnar leigðu fasteignar. Landsdrottinn getur þó krafizt þess, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um, að hún ábyrgist, að lán það, er leiguliði tæki með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra bygginga á jörðinni, er úttektarmenn telja nauðsynlegar. — Landsdrottinn skal innan tveggja mánaða svara beiðni leiguliða um nauðsynleg jarðarhús eða veðleyfi samkvæmt framansögðu. Að öðrum kosti skal landsdrottinn sæta 50—100 króna dagsektum, unz hann hefur fullnægt þeirri skyldu.][1]) — **13. gr.** Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að hana megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að dómi úttektarmanna. — Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að. — **14. gr.** Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra, að frádregnu framlagi leiguliða. Skal hundraðsgjaldið vera 1/3—2/3% af steinhúsum, en 3/4—1 1/2% af húsum úr öðru efni. Innheimtir sýslumaður það á manntalsþingum og fylgir því lögtaksréttur. Leiguliðabót allra leigujarða skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður húsa á

1951 Nr. 8 5. febr.

1) L. nr. 79, 2. des. 1952, § 1.

leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og landbúnaðarráðuneytisins. Hver jörð hefur sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar. — Er leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð, þar til hús jarðarinnar verða endurreist. — Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, með reglugerð nánari reglur um sjóðinn. — **15. gr.** Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu, að áliti og mati úttektarmanna. Setur landbúnaðarráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. — Nú hefur leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn þá gera honum að bæta það, er á vantar, með álagi. — **16. gr.** Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi er fylgt og jörð setin yfirleitt. — **17. gr.** Séu jarðarhús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En skylt er leiguliða að annast vátryggingu fyrir hönd landsdrottins, ef hann krefst þess. — **18. gr.** Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár, gegn almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærsluréttti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir. — Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. mgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, nema sérstakar breytingar séu orðnar á jörðinni frá því, er fasteignamat hefur síðast farið fram.

IV. kafli. — Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða. — 19. gr. Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað. — **20. gr.** Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefur gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefur leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum. — **21. gr.** Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa futtt burt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu. — **22. gr.** Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefur aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa. — **23. gr.** Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda fyrir eftir mati úttektarmanna. — Ef æðarvarp, eggver, selalátur, uppsátur og fiskreitir eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum. — **24. gr.** Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá og skila

1951 Nr. 8 5. febr.

þeim fullgildum við brottför. — **25. gr.** Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og sveitarstjórn samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir. — Heimilt er að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar, að dómi úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undan tekin og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina. — Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu, eftir mati úttektarmanna. — Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir. — **26. gr.** Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að láta í té nokkrar landsnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Enn fremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefur aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum, og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur, eftir mati úttektarmanna. — **27. gr.** Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, tún eða engi fer í órækt eða hús hrörna og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu. — **28. gr.** Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, er sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Leigur skal hann greiða fyrir 1. október ár hvert, en landskuld og önnur afgjöld af jörðinni skal greiða eftir á ár hvert í fardögum, nema öðruvísi sé um samið. Nú hefur leiguliði eigi greitt jarðarafgjöldin tveim mánuðum eftir gjalddaga, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað. — Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöld að fullu fyrir veturnætur næstar eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir jól næstu á eftir. — **29. gr.** Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hins vegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð. — **30. gr.** Hvarvetna þess, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. — Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu. — **31. gr.** Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, ef hann: 1. er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr. 2. brýtur fyrirmæli 26. gr. 3. brýtur fyrirmæli 27. gr. 4. greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr. 5. vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár. — Þá hefur leiguliði og fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa við úr húsum til eldsneytis eða gera önnur þvílík spellvirki, að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliðinn halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir, hvort tveggja að mati úttektarmanna. — **32. gr.** Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála þannig að sannað verði. — **33. gr.** Ef leiguliði segir eigi lausri leigu-

1951 Nr. 8 5. febr.

jörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðarafgjöld næsta ár. — Nú hefur leiguliði sagt jörð lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er af hefur hlotizt, eftir mati úttektarmanna. — **34. gr.** Nú hefur landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. kafli. — Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður. — 35. gr. Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar eins árs afgjöldum af jörðinni. — Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðarinnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi. — **36. gr.** Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að einstök fyrirmæli laga þessara nái til þess, og getur þá hvor aðila krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa síðan hann var gerður. Nú telur annar hvor aðila leigumála jarðar óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum.

VI. kafli. — Um reka á leigujörðum. — 37. gr. Þegar reki fylgir jörð, skal landsdrottinn hafa allan fjögra álna við og lengri, en leiguliði allan við minni, nema landsdrottinn vilji nota hann til einhverra umbóta á jörðinni. — Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, er sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu þá vera eign leiguliða. — **38. gr.** Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa ⅔, en leiguliði ⅓ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða. — **39. gr.** Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

VII. kafli. — Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins. — 40. gr. Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á greiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta. — Heimilt er leiguliða, án samþykkis landsdrottins, að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, ef þær eru að mati hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni, þannig að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu. — **41. gr.** Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs. — Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti hlutaðeigandi héraðsráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í næstu grein á undan og eftir mati sömu manna. — **42. gr.** Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Ná-

1951 Nr. 8 5. febr.

ist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af kostnaðarverði jarðabótarinnar. — Nú er leiguliða, að dómi úttektarmanna, ekki fært að greiða eftirgjaldshækkun samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er landsdrottni þá rétt, með samþykki úttektarmanna, að taka hluta af jörðinni til nýbýlis, gegn því að bæta leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins. — **43. gr.** Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í b-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878. Krafa sú, er leiguliði á á hendur landsdrottni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 40. gr. 2. mgr. og 41. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

VIII. kafli. — Um kaupskyldu á leigujörðum. — **44. gr.** Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefur eigi svarað kauptilboði innan missiris, og hefur leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum. — Geti ábúandi ekki keypt ábýlisjörð sína eða vilji það ekki, hefur sveitarstjórn heimild til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, er hún var boðin ábúanda, og skal landsdrottinn því senda sveitarstjórn samrit af tilboði sínu til ábúanda.

IX. kafli. — Um úttektir á leigujörðum. — **45. gr.** Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Áður en úttektin fer fram, skal byggingarbréfið liggja frammi til athugunar fyrir úttektarmenn, hvort það sé lögum samkvæmt. Þegar úttektarmenn hafa fullvissað sig um, að svo sé, skulu þeir rita samþykki sitt á byggingarbréfið. — Nú telja úttektarmenn, að byggingarbréfið sé ekki lögum samkvæmt, og skulu þeir þá leitast við að fá það leiðrétt. Takist það ekki, ber þeim að rita athugasemdir sínar þar að lútandi á byggingarbréfið. — Úttekt á jörð skal fram fara fyrir 20. júní. — Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti verið þar viðstaddir og gætt réttar síns. — **46. gr.** Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmann skipar sýslumaður, og tvo varamenn, að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forföll eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður. — **47. gr.** Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka við útnefningu. — Úttektarmenn skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu. — **48. gr.** Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir: 1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., lögum nr. 57 7. maí 1940 og lögum nr. 75 5. júní 1947 um breyting á þeim lögum, og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor. 2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 6 krónur auk ferðakostnaðar, og greiðir sá, er krafizt hefur virðingar eða skoðunargerðar. Þá kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 13. gr., að hálfu hvor. — **49. gr.** Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 16. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. — Ef aðilar, einn eða fleiri, neita

1951 Nr. 8 5. febr.

1951 Nr. 8 5. febr.

að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðabók gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 85 11. júní 1938, og lögum nr. 75 5. júní 1947, um breyting á þeim. — **50. gr.** Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað á skorti til þess, að þau séu fullgild jarðarhús, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefur verið viðhaldið og annað, eftir því sem þurfa þykir. — Enn fremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni. — Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð er sæmilega setin. — **51. gr.** Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda. En greiði hann eigi þegar álagið, geri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í eignum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eftir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi að lögum krafizt álags frá fráfaranda, en eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það, sem á vantar. — **52. gr.** Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðilar koma sér saman um að æskja skipta á. — **53. gr.** Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn eða yfirmatsmenn, og skulu þeir haga úttekt eða mati á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

X. kafli. Niðurlagsákvæði. — **54. gr.** Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum allt að [kr. 6000.00.][1]) Mál út af brotum á lögum þessum svo og rannsókn sú, er um ræðir í 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála. — **55. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951. — Um jarðir, sem verið hafa í óslitinni ábúð frá því fyrir gildistöku laga nr. 87 1933, án þess að nýtt byggingarbréf hafi verið gefið út eða framlengt eftir gildistöku þeirra, fer samkvæmt lögum nr. 1 12. jan. 1884, þangað til leiguliðaskipti verða á slíkum jörðum eða nýtt byggingarbréf er gefið út. — Falla lög nr. 1 12. janúar 1884 úr gildi jafnóðum og slík leiðuliðaskipti verða.

1) L. nr. 79, 2. des. 1952, § 2.

1951 Nr. 8 5. febr.

Lög um ættaróðal og erfðaábúð. **1943** Nr. 116 30. des.

A. Um ættaróðal og óðalsrétt. — **I. kafli. — Hvernig jörð verður ættaróðal og fylgifé hennar. — 1. gr.** Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi: a. Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afrakstur inn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands. b. Að jörðin sé ekki, að áliti Búnaðarfélags Íslands, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurn veginn fullnytjuð af einum ábúanda. c. Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali. d. Að á jörðinni hvíli ekki hærri veðskuldir en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 4% af fasteignamatsverði jarðarinnar. [Þó nær ákvæði þetta ekki til vaxta af skuldum við Byggingarsjóð í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóð Íslands eða lánsstofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.][1]) — **2. gr.** Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörzlu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina. — **3. gr.** Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr. — Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn frem-

1) L. nr. 16, 22. febr. 1950, § 1.

ur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýna stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagripi og annað það, er óðalinu kann að fylgja. — Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi. — **4. gr.** Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

II. kafli. — Skyldur og réttindi óðalsbænda. — **5. gr.** Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfaranda eða búi hans helming af þáverandi fasteignamati jarðarinnar. — Frá þessari greiðslu ber að draga áhvílandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér. — **6. gr.** Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaganna, sbr. þó 5. gr. — **7. gr.** Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að framfæra fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, meðan þau kjósa að dveljast á heimili hans, enda sé honum það ekki um megn. — Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr. — **8. gr.** Hætti óðalsbóndi búskap sökum elli eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum og á engan lífserfingja, eða erfingjar hans óska eigi að taka við óðalinu, þannig að óðalserfingi í hliðarlegg ættarinnar eða óskyldur tekur við því, þá skal viðtakandi haga svo til, að fyrirrennari hans ásamt maka geti dvalizt áfram á jörðinni, ef þau óska þess, enda sé honum eigi meira mein að en svo, að við megi una. Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr. — **9. gr.** Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda. — **10. gr.** Jarðareigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins og færast ekki sem fylgifé þess. Fylgifjárupphæðir, sem þannig hafa myndazt, falla niður, er jörðin er gerð að ættaróðali. — **11. gr.** Heimilt er eiganda ættaróðals að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 1. gr. Skipting er þó því aðeins heimil, að jörðin hafi hækkað í verði um minnst 15% að jöfnu mati (það er: eftir sama verðgrundvelli og við fyrra mat), miðað við það fasteignamat, er á jörðinni var, er óðalseigandi tók við henni, nema jörðin vegna breyttra búnaðarhátta verði ekki lengur fullnytjuð af einum ábúanda. — Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu. — Áhvílandi veðskuldir skiptast milli hinna nýju ættaróðala í réttu hlutfalli við matsverð þeirra.

III. kafli. — Lántökur — veðsetning. — **12. gr.** [Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu, til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.][1]) Fylgifé má ekki veðsetja. Fylgja skulu beiðnum um lán þau, er að framan greinir, teikningar frá viðurkenndri teiknistofu af hinni fyrirhuguðu byggingu ásamt kostnaðaráætlun. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni lýsing og áætlun um kostnað við framkvæmd verksins frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þar til hæfum manni. Óheimilt er lánsstofnun og öðrum að lána út á óðalið meira en ¾ kostnaðar við umbótina, að frádregnum opinberum styrkjum, sem veittir eru til umbótarinnar. — **13. gr.** Framkvæmdir, sem gerðar eru að einhverju leyti fyrir lánsfé með veði í ættaróðali, skal óðalseigandi láta úttektarmenn hreppsins skoða og færa lýsinguna inn í úttektarbók hreppsins.

IV. kafli. — Afhending og fjárnámskröfur. — **14. gr.** Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins. — Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir. — Þegar erfingjar fráfarandi óðalsbónda eru fleiri en einn eða einkaerfingi hans tekur ekki við jörðinni, skal jafnframt skoðunargerðinni fara fram mat á jörðinni. — Hafi jörðin gengið úr sér að

1) L. nr. 16, 22. febr. 1950, § 2.

húsum eða öðru í tíð síðasta óðalseiganda að jöfnu mati, svo að meira nemi en 2% af því fasteignamati, er gilti, er fráfarandi tók við jörðinni, skal það, sem fram yfir er, bætt af fráfaranda eða búi hans nema að því leyti, sem jörðin hefur skemmzt af völdum náttúruafla, sem ábúanda var ofvaxið að bæta úr. — Hafi óðalseigandi lækkað skuldir, sem hvíldu á óðalinu, er hann tók við því, skal sú lækkun færð til frádráttar greiðslunni. — Nú hefur óðalsjörð tekið endurbótum, svo að hún hefur hækkað að jöfnu mati að meðaltali um meir en 1% á ári yfir búskapartíma fráfaranda, og ber þá viðtakandi óðalsbónda að greiða þá upphæð til fráfaranda eða til dánarbús hans. — Hafi skuldir á óðalinu aukizt, frá því er óðalseigandi tók við því, dregst sú skuldaaukning frá, þegar reiknaður er framangreindur réttur samarfa. Á sama hátt skal draga frá 50% af opinberu fé, sem óðalseigandi hefur fengið sem beinan styrk til endurbóta á jörðinni. — Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt ábúðarlögunum að öðru en því, að yfirmatsnefndin skal jafnan skipuð einum manni úr fasteignamatsnefnd og enn fremur mælingamanni jarðabóta í viðkomandi sýslu, verði því við komið. — Nú sannast við skoðun, arfaskipti eða á annan hátt, að óðalsbóndi hafi eytt fylgifé óðalsins, og ber honum eða dánarbúi hans að bæta það að fullu af óskiptum eignum búsins, en sé hann eða búið gjaldþrota, skal það vera forgangskrafa, er aðeins víkur fyrir opinberum sköttum af eigninni sjálfri. — **15. gr.** Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins, eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur. — Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur einnig hafnað kaupum á jörðinni. Aldrei má selja óðalsjörð fyrir hærra verð en sem svarar áhvílandi skuldum og kostnaði, enda verði hún ættaróðal þess, er kaupir, nema kaupandinn sé hreppsfélag eða lánveitanda hafi verið útlagt óðalið vegna þess, að fullnægjandi boð fékkst ekki. En selji hreppurinn eða lánveitandi jörðina, verður hún ættaróðal kaupanda. — Hafi sýslumaður fengið tilboð um fleiri en eitt hámarksverð í jörðina, skal hann, áður en sala fer fram, leita álits óðalseiganda um, hvern hann kýs á jörðina. — **16. gr.** Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

V. kafli. — Um ráðstöfun ættaróðals og erfðir. — **17. gr.** Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttinum, skal sýslumaður, samanber þó 21. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt. — Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum. — **18. gr.** Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðalinu, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði. — **19. gr.** Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt að erfðum til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir: a. Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir, sbr. þó 22. gr. b. Til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og gangi skilgetin börn fyrir óskilgetnum. c. Til systkina óðalsbónda og barna þeirra eftir aldursröð systkinanna, ef óðalsbóndi er barnlaus. d. Til fjarskyldari erfingja, allt í þriðja lið, þó aðeins til niðja þeirra af ættinni, er á jörðinni hafa búið, og að þeim frágengnum, til niðja forfeðra þess í beinan karllegg, sem gerði jörðina að ættaróðali. — **20. gr.**

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans. — Verði hjónin ekki ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er óðalið erfði, ráða viðtakanda. Nú er engin ákvörðun tekin, og skal þá elzta barn erfa óðalsréttinn. Afsali það sér réttinum, eftir að það er lögráða, erfist hann eftir aldri barnanna. — **21. gr.** Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja öðrum jörðina um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, samanber 17. gr. — **22. gr.** Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hafa til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda. — **23. gr.** Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá andláti óðalseiganda. — Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það. — **24. gr.** Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

VI. kafli. — Hvernig menn fyrirgera óðalsrétti. — 25. gr. Eignarrétt óðalsbónda á ættaróðalinu og fylgifé þess skal sýslumaður úrskurða til óðalserfingja hans: a. Hafi hann eytt fylgifé óðalsins og geti ekki bætt það að fullu innan árs. b. Greiði hann ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt. c. Telji hann sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap, sbr. þó 21. gr. d. Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað álits viðkomandi hreppsnefndar, situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

1943 Nr. 116 30. des.

VII. kafli. — Um ættarjarðir. — 26. gr. Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem ekki eru óðalsjarðir, en hafa annað tveggja: a. [Verið samfellt í ábúð eða eigu sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er fullnægja slíkum skilyrðum um eigu eða ábúð sömu ættar. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.][1]) b. Verið ráðstafað til erfingja, ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr. — **27. gr.** Jörð, sem ræðir um í 26. gr., a-lið, má ekki selja úr ættinni, fyrr en að ættmennum frágengnum, þ. e. niðjum þeirra af ættinni, er höfðu umráð jarðarinnar síðustu [75 árin][2]) af því tímabili, er um ræðir í 26. gr. — **28. gr.** Nú vill eigandi ættarjarðar, samkvæmt a-lið 26. gr., selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra, fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa eða geti þeir ekki uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., skal hann auglýsa jörðina í Lögbirtingablaðinu til kaups fyrir aðra ættmenn, sem eru afkomendur í 1.—3. lið einhvers þess af ættinni, er átt hefur jörðina. Hafi enginn gefið sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar eða ekki getað uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda. — **29. gr.** Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð jarðarinnar á hverjum tíma, að viðbættu matsverði umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að jarðamat hefur farið fram, og ekki hafa verið metnar. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði

1) L. nr. 16, 22. febr. 1950, § 3. — 2) Sömu l., § 4.

honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum. Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni, eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkvæmt 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæðum 35. gr. — **30. gr.** Heimilt er jarðareiganda, sem búið hefur 10 ár eða lengur á eignarjörð sinni, og að fengnu skriflegu samþykki myndugra erfingja sinna og lánardrottna, að gera með vottfestum gerningi eftirgreindar ráðstafanir fyrir jörðinni: — Að jörðin erfist samkvæmt V. kafla laga þessara, um ráðstöfun ættaróðals og erfðir, og að söluverð hennar fari aldrei yfir fasteignamatsverð að viðbættu mati úttektarmanna á endurbótum á jörðinni, eftir að fasteignarmatið fór fram, og að frádregnum ½ jarðabótastyrknum á þær umbætur. Gerning þennan skal innfæra í veðmálabók sýslunnar. — **31. gr.** Um skiptingu á jörðum, sem um ræðir í 30. gr., svo og lánsheimildir, ábúð, úttekt og nauðungarsölu, fer samkvæmt ákvæðum þeim, er gilda um óðalsjarðir. — **32. gr.** Nú selur jarðeigandi ættarjörð sína, sem hann hefur eignazt samkvæmt þeim gerningi, sem um ræðir í b-lið 26. gr. og 30. gr., öðrum en börnum sínum, samörfum eða niðjum þeirra, og verður jörðin þá ættaróðal kaupanda, og skal kaupandi gefa um það skriflega yfirlýsingu við undirskrift samningsins. — **33. gr.** Sýslumenn skulu, þegar lög þessi öðlast gildi, gera með aðstoð hreppstjóra og samkvæmt beztu heimildum, sem föng eru á, skrá yfir þær jarðir í sýslunni, er falla undir ákvæði a- og b-liðs 26. gr. Skrá þessi skal endurskoðuð árlega á manntalsþingi og leiðrétt eftir því, sem tilefni er til [Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.][1])

B. Um erfðaábúð. — VIII. kafli. — Um jarðir, sem eru í eign almennings, og um byggingu og úttekt þeirra.[a]) — **34. gr.** Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarða, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal, þegar þær losna næst úr ábúð eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðaleigu eftir lögum þessum. — Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þær, er að dómi Búnaðarfélags Íslands, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð. — **35. gr.** Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. — Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki fram tekið í byggingarbréfi. — Skylt er erfðaleiguábúanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum, án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu greiðir landsdrottinn. — **36. gr.** Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum nr. 87 19. júní 1933, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta. — Nú á ábúandi jarðarhús eða önnur mannvirki og hefur tekið lán út á jörðina til þeirra framkvæmda, og greiðir hann þá leiguliðabót af lánsupphæðinni. Skal hún ákveðin á 10 ára fresti og miðuð við eftirstöðvar lánsins, eins og þær eru við byrjun hvers tímabils, en fellur niður, þegar lánið er að fullu greitt. Fé það, er þannig hefur safnazt, er þá eign leiguliða, og á hann kröfu á að fá það útborgað til umbóta á húsum og mannvirkjum á jörðinni. — **37. gr.** Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðaábúð (sbr. 45. gr., 6. lið), skal afgjaldið aldrei vera hærra en nam síðasta jarðarafgjaldi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti. — **38. gr.** Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið miðað við þágildandi fasteignamat á landi, húsum og mannvirkjum, er landeigandi á. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru 3 ár eða meira frá því síðasta fasteignamat fór fram. — **39. gr.** Nú verður jörð fyrir varanlegum skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og getur þá ábúandi krafizt endurmats. Ekki fær þó ábúandi lækkun á

1) L. nr. 16, 22. febr. 1950, § 5. — a) XVI, 193, 196, XXIII, 322—3.

afgjaldi, nema matið leiði í ljós, að jörðin hafi rýrnað að verðmæti um minnst 20%. — Um kostnað af matinu fer eftir ákvæðum ábúðarlaganna. — **40. gr.** Þegar ábúendaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum. Úttektarmenn meta öll hús. Skal matið miðað við kostnaðarverð húsanna á þeim tíma, er matið fór fram, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Þeir skulu meta sér þau hús, er þeir telja, að ekki séu nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni, ef nokkur eru. — Þegar búið er að draga frá þau hús, með tilsvarandi mati, sem jarðareigandi á á jörðinni, enda fullnægi þau að notagildi þeim húsum, er ábúandi tók við, skal viðtakandi skyldur að kaupa það af húsum, sem þá er eftir, við matsverði. Lán þau, sem þá kunna að hvíla á jörðinni og ábúanda ber að standa straum af, skal viðtakandi taka að sér. Nú nemur áhvílandi lán hærri upphæð en matsverði húsa þeirra, er fráfarandi á, og skal hann þá eða bú hans greiða mismuninn þá þegar til viðtakanda. — Um hús þau, sem ekki teljast nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni, fer eftir samkomulagi, en náist ekki samkomulag, fer um þau hús eftir ákvæðum ábúðarlaganna. — **41. gr.** Þegar ábúendaskipti verða milli ættliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn til kvaddir ásamt umboðsmanni jarðeiganda og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér: a. Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda. Hafi þessar eignir eigi aukizt um sem svarar 1% á ári þann tíma, að jöfnu mati, skal meta á þær álag. b. Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa samkvæmt 40. gr. — **42. gr.** Ábúendur opinberra jarða samkvæmt lögum þessum missa ábúðarrétt sinn á sama hátt og af sömu orsökum og leiguliðar eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

IX. kafli. — Um landskipti og lánsheimild leiguliða. — 43. gr. Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem um ræðir í lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Þó skal það tryggt, að hvert býli hafi þá stærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki það skiptinguna. Skal þá skipta túni og engjum og að öðru leyti gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, eftir því sem þurfa þykir, og skoðast þeir úr því sem sjálfstæðar jarðir. Ekki má leiga hækka á jörð, þó að henni sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefur orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 40. og 44. gr. — **44. gr.** Þyki sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir lögum þessum, til þess að ný býli geti myndazt, skal hún senda Búnaðarfélagi Íslands álit sitt um það, og skal Búnaðarfélagið þá hlutast til um, að svo verði gert, þyki því ástæða til. Skal þá fá mann með sérþekkingu á mati og skiptingu landa til að skipta jörðinni, ásamt tveim mönnum, er sýslumaður dómkveður til þess. Skulu þeir þá meta, hver verðhækkun hefur orðið á landinu, síðan sú ætt tók við því, sem hefur það þá, og að því búnu framkvæma skiptin. Skal þá hvert býli metast sér til verðs, eins og þau verða eftir skiptin. Sá, sem hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans skulu fá fullar bætur fyrir það, sem hið útskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og ábúandi sjálfur fyrir það, sem það hefur hækkað í verði fyrir atbeina hans. Samtímis lækkar jarðarleiga hans hlutfallslega við upprunalegt verðmæti jarðarhlutanna. — Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki. — Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri. — Um byggingu þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38., 40. og 46. gr., 9. lið. — **45. gr.** [Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni, til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma. Ákvæði

1943 Nr. 116 30. des.

ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.][1])

X. kafli. — Um hvernig ábúðarréttur erfist. — 46. gr. Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í VIII. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, erfast sem hér segir: — 1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir, sbr. þó 9. lið þessarar greinar. 2. Erfðaréttur erfist til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem ábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum. 3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðarréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára. 4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barnanna skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags, að viðstöddum sýslumanni. 5. Náist ekki samkomulag eftir 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri. 6. Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar. 7. Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. 8. Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára, frá því er hann hefur tekið við ábýli sínu, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina. 9. Deyi hjón barnlaus, eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, sbr. 40. gr., skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð farið eftir tillögu fráfaranda, ef óskir liggja fyrir um það frá hans hendi, en ella eftir tillögum meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

XI. kafli. — Um sölu jarða í erfðaábúð. — 47. gr. Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfðaábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum: a. . . .[2]) b. Gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali. c. Fyrir liggi yfirlýsing viðkomandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar. — Námaréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu. — **48. gr.** Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal. — Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð. — **49. gr.** Þegar arfaskipti fara fram eftir óðalsbónda, er keypt hefur óðalseign sína, sbr. 15., 17., 29., 32. og 47. gr., geta erfingjar hans krafizt, að til skipta komi ⅔ þess verðs, er hann greiddi fyrir jörðina, að frádregnum áhvílandi skuldum, er viðtakandi óðalsbóndi tekur að sér, og enn fremur ⅔ af matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin. — **50. gr.** Nú hefur erfðaábúandi keypt jörð sína og gert hana að ættaróðali, og fellur hún þá að öllu undir ákvæði laga þessara um ættaróðal og erfðaábúð. — **51. gr.** Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna. — **52. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 kr.

1) L. nr. 16, 22. febr. 1950, § 6. — 2) L. nr. 41, 26. febr. 1946, § 3.

1943 Nr. 116 30. des.

Lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. **1952** Nr. 20 31. jan.

I. kafli. — Um stjórn landnámsmála. — 1. gr. Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða. — **2. gr.** Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru. — Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra. — **3. gr.** Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem

nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. — Búnaðarfélag Íslands, Nýbyggingarráð og Atvinnudeild háskólans skulu veita landsnámsstjóra þá sérfræðilegu aðstoð, sem þeim er unnt.

II. kafli. — Um landnám ríkisins. — 4. gr. Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði. — Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 2.5 millj. króna á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1947.[1]) — **5. gr.** Þessi undirbúningur landsins til ræktunar, sem ríkið framkvæmir og kallast landnám ríkisins, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, leggja um það vegi, sem tengdir eru aðalvegum nærliggjandi byggða, og ef reisa skal á því byggðarhverfi aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu, enn fremur skipuleggja á því byggð og skipta því sem sú byggð krefur. — **6. gr.** Landnám þetta skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins, bæjar-, sveitar- eða byggðarfélaga. Keypt skal land í þessu skyni, þar sem þess gerist þörf, og er heimilt að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu. — **7. gr.** Áður en framkvæmdir um landnámið eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, hafa látið fara fram rannsóknir um skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaða o. fl. Jafnframt skal hann hafa látið gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn. — Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast. — **8. gr.** Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélaginu í heild. — Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr. — **9. gr.** Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarfélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd, stjórnir félaga, er hafa sett sér jarðræktarsamþykktir, eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar- og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnaðarfélags Íslands. — **10. gr.** Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsamböndin eða ræktunarfélög, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum. — **11. gr.** Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra tilnefndir á fulltrúafundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjórn til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúnings að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

III. kafli. — Um byggingarsjóð. — 12. gr. Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður. — Stofnfé sjóðsins er: a. Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þessar stofnanir eru nú. b. Lán, er ríkis-

1) Sbr. l. nr. 50, 5. apríl 1948, § 1, 3.

sjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð. — **13. gr.** Tekjur sjóðsins eru: 1. Vaxtatekjur. 2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur 2.5 millj. kr. næstu 10 ár, í fyrsta skipti árið 1947. — **14. gr.** Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum, lóðum, íbúðarhúsum og peningshúsum: a. Til endurbygginga íbúðarhúsa á sveitabýlum með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í IV. kafla þessara laga. b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum samkvæmt V. kafla þessara laga. c. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum, sem reist eru á ræktuðu landi við skiptingu jarða eða landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og byggðar, og reist verða samkvæmt VI. kafla þessara laga. — Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til nokkurrar einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans. — Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. — **15. gr.** Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkv. 14. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal lánið veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum þessum skulu vera 5%. — **16. gr.** Byggingarsjóði skal heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum. — Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. — **17. gr.** Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára. — **18. gr.** Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar: 1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga. 2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda. 3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað. — **19. gr.** Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á. — Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara. — **20. gr.** Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið. — **21. gr.** Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. — **22. gr.** Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

IV. kafli. — Um endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum. — **23. gr.** Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum skulu veitt með þessum skilyrðum: 1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins. 2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af trúnaðarmönnum Brunabótafélags Íslands, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans. 3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til frambúðar og íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess. — **24. gr.** Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt

til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að húsið sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að skoða megi það jafngilt nýrri íbúð. — **25. gr.** Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt vegna skipulags byggingarinnar, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett það að skilyrði fyrir láni til endurbyggingarinnar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

V. kafli. — Um byggðarhverfi. — 26. gr. Þegar reist eru byggðarhverfi á landi, sem ríkið hefur áður numið samkvæmt 4.—10. gr., skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðarhverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir þeirra samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — **27. gr.** Byggðarhverfi nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir fyrir fram ákveðnu skipulagi. Hverju býli skulu ætlaðir minnst 12 ha til túnræktar auk nauðsynlegs beitilands, eða jafngildi þess í skilyrðum til garðræktar, vermiræktar eða annars þess, sem tryggt getur þrif býlisins. Enn njóta sama réttar í hverju byggðarhverfi býli, sem minna land hafa, ef ábúendur þeirra hafa sem aðalatvinnuveg handverk eða önnur störf, sem að dómi nýbýlastjórnar eru nauðsynleg fyrir byggðarhverfið. — **28. gr.** Þegar ákveðið hefur verið, að byggðarhverfi skuli reist á landi, sem ríkið hefur áður numið, skal landnámsstjóri láta rækta 5 ha túns og reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur þeirra býla, sem þar eiga að rísa. Til bygginganna fær hann lán úr Byggingarsjóði handa hverju býli í hverfinu, allt að 75% kostnaðar. Tekur síðan ábúandi, er flyzt á býlið, lán þetta að sér, en lánið skal vaxta- og afborgunarlaust þann tíma, sem það er á hendi landnámsstjóra. Við móttöku býlisins skal ábúandi, ef um kaup er að ræða, greiða 25% af byggingarkostnaði býlisins, enda telst hann þar á eftir eigandi þeirra bygginga, sem á býlinu eru, og þeirrar ræktunar, er hann hefur sjálfur framkvæmt. — **29. gr.** Um leið og framkvæmd er hafin til að reisa byggðarhverfi, skulu býli þau, sem þar eiga að rísa, auglýst til kaups og ábúðar eða til leigu og ábúðar, sem einnig skal heimilt. Forkaupsrétt til kaups eða leigu skulu hafa bændur og bændasynir á þeim jörðum, er á hverfislandinu hafa verið, og þar næst ábúendur á jörðum, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði, vegna þess að þær dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar. — **30. gr.** Ef eigandi og ábúandi býlis í byggðarhverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi. — **31. gr.** Allir þeir, sem gerast ábúendur í byggðarhverfi, skulu stofna með sér byggðarfélag. Félag þetta skal setja sér samþykktir í samræmi við lög þessi, og skulu þær til þess að öðlast gildi staðfestar af landbúnaðarráðherra eftir tillögum landnámsstjóra. Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveða, hvort rekinn skuli samvinnubúrekstur í byggðinni eða að hve miklu leyti, hvaða stofnanir, byggingar, vélar o. s. frv. skuli vera félagseign og hvernig með félagseignir skuli farið o. fl. þ. h. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setning samþykkta byggðarfélaga skulu sett með reglugerð. — **32. gr.** Hver bóndi í byggðarhverfi — eða byggðarfélagið, ef um samvinnubúrekstur er að ræða, — skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því, er hann tók við býlinu nýbyggðu, enda ber honum skylda til að rækta á ári hverju a. m. k. 1/10 hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra. — **33. gr.** Ef eigandi eða leigjandi og ábúandi hverfisbýlis missir rétt sinn til eignar eða leigu og ábúðar á býlinu samkv. 32. gr., skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfarandi það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati. — Í samþykktum byggðarfélaga skal ákveðið, hvernig fara skuli að, ef byggðarfélög uppfylla ekki skilyrði 32. gr. — **34. gr.** Byggðarfélögum og einstökum eigendum og ábúendum

1952 Nr. 20 31. jan.

hverfisbýla veitist fjárhagsleg aðstoð til umbóta á býlum sínum sem hér segir: 1. Styrkur til jarðræktarframkvæmda samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna. 2. Viðbótarlán úr Byggingarsjóði með sömu kjörum og stofnlánið til stækkunar íbúðarhúss og aukningar peningshúss, að því er slík stækkun og aukning er nauðsynleg að dómi landnámsstjóra. — **35. gr.** Ef 5 menn eða fleiri stofna með sér félag, er hefur að markmiði að reisa byggðarhverfi á ákveðnu landsvæði, skulu þeir senda nýbýlastjórn tillögur sínar um það, en hún lætur fara fram rannsókn á landinu. Um ákvörðun, hvort byggðarhverfið skuli reist, og framkvæmdir allar fer síðan eins og áður er fyrir mælt í lögum þessum. Þeir, sem bundizt hafa félagssamtökum um stofnun byggðarhverfisins, skulu eiga kost á að undirbúa landið til ræktunar og byggðar samkv. lögum þessum að jöfnum kostnaði og hægt er að fá slíkt gert á annan hátt eða fá atvinnu við landnámið, eins og því verður bezt við komið. Þegar þeim undirbúningi er lokið, skal þeim fengið landið í hendur til byggðar.

VI. kafli. — Um landnám einstaklinga og nýbýli. — 36. gr. Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landsnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið skuli reist. — **37. gr.** Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér hentugra að gera fyrst nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama styrks úr landnámssjóði til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo. — Þessi styrkveiting er þó bundin eftirfarandi skilyrðum: a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á. b. Að framkvæmdirnar, sem styrks njóta, séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar. c. Að styrkþegi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 5 árum eftir að ræktunarstyrkurinn var fyrst greiddur. Að öðrum kosti endurgreiði hann landnámssjóði styrkinn með 5% vöxtum frá greiðsludegi. d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar. — Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu. — **38. gr.** Nýbýli, sem verða aðnjótandi lána úr Byggingarsjóði, má jafnt reisa á ræktuðu landi með skiptingu jarða sem á landi, sem er sérstaklega vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað. Skal nýbýlið hafa minnst 12 ha lands, sem er vel fallið til túnræktar, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem að dómi nýbýlastjórnar eru ígildi þessa. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið. Þar, sem félagssræktun verður ekki við komið eða fljótvirkustu jarðvinnsluvélum, sbr. 10. gr., skal nýbýlastjórn heimilt að verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis. Sé slík greiðsla miðuð við meðalkostnað við stofnun býlis í byggðarhverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði. — **39. gr.** Þegar jörð er skipt í tvö eða fleiri býli, skal þess gætt, að hvert býli hafi svo mikið landrými að dómi nýbýlastjórnar, að hægt sé að stunda þar hagfelldan landbúnað og notfæra sér nútíma tækni. Lágmark ræktaðs túns á býli sé 4 ha, þegar skipting fer fram, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þeirrar ræktunar, og auk þess a. m. k. 8 ha lands vel til túnræktar fallið, auk nægilegs beitilands, eða önnur landgæði, sem eru ígildi þessarar ræktunar, ræktunarlands eða beitilands. — **40. gr.** Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðarhverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti. — **41. gr.** Ef eigandi nýbýlis vill selja það eða verður að láta það af hendi, gilda um það sömu reglur og um sölu og afhendingu býla í byggðarhverfum.

VII. kafli. — Um endurbyggingu eyðijarða og um eftirlit með ábúð á jörðum. — 42. gr. Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar, og hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Ný-

býlastjórn vinni enn fremur að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjórum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um eyðijarðir í hreppnum, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar. — **43. gr.** Nýbýlastjórn skal svo fljótt sem tök eru á láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir. — Nýbýlastjórn skal árlega gera skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi. — **44. gr.** Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 43. gr. Umsækjendur um jarðnæði, er leggja fram vottorð skilríkra manna um að þeir uppfylli þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið. — **45. gr.** Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki er þess valdandi, að jörð, sem nýbýlasjóður á eða nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður nýbýlasjóðs af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalstofnkostnaði býlis í byggðahverfi. — **46. gr.** Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal vera undir því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi. — **47. gr.** Verði jarðeigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í annarri málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta. — **48. gr.** Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 46. og 47. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að vera á jörðinni samkv. 45. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 38. gr., þá er jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

VIII. kafli. — Um viðhaldsskyldu o. fl. — 49. gr. Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eða endurbyggð eru samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr byggingarsjóði að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. — **50. gr.** Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann

hefur fengið lán til. Héraðsnefndir nýbýlastjórnar skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina. — **51. gr.** Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 30. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn verði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.

IX. kafli. — Um teiknistofu. — 52. gr. Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands. — **53. gr.** Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán er veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru og stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum. — **54. gr.** Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Teiknistofan leitar aðstoðar íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 45. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggingarfélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið. — **55. gr.** Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð. — **56. gr.** Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið. — **57. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands. — **58. gr.** Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum, sbr. 45. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til byggingganna.

X. kafli. — Ýmis ákvæði. — 59. gr. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.[1]) — **60. gr.** Um endurskoðun Byggingarsjóðs, starfsskýrslu o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands. — **61. gr.** . . .

Bráðabirgðaákvæði. Þeir bændur, sem rétt hafa til byggingarstyrks samkvæmt lögum nr. 108 frá 9. okt. 1941 og byrjað hafa byggingu á jörðum sínum fyrir árslok 1946, en hafa ekki fengið neinn byggingarstyrk, svo og ný-

1) Rgj. nr. 25, 21. febrúar 1950...

1952 Nr. 20 31. jan.

býlastofnendur, sem eins stendur á um, geta valið um það, hvort þeir taka endurbyggingarstyrk eða nýbýlastyrk og sæta þeim lánskjörum, er verið hafa, eða koma undir ákvæði þessara laga um lánskjör án styrks. — Nú hefur maður fengið nokkurn hluta byggingarstyrks, og getur hann þá því aðeins fengið lán samkvæmt lögum þessum, að hann endurgreiði styrkinn. — Heimilt er og stjórn byggingarsjóðs, ef nýbýlastjórn mælir með því, að veita bændum viðbótarlán úr sjóðnum til íbúðarhúsa, sem byggð hafa verið á árunum 1943—1946. — Allar ákvarðanir samkvæmt þessum bráðabirgðaákvæðum skulu afgreiddar fyrir 1. júlí 1947.

1940 Nr. 104 14. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

1. gr. Til að undirbúa stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa er ríkisstjórninni heimilt að kaupa: — a) Jarðirnar Hvamm og Kirkjuferju með hjáleigu, eða hluta úr þessum jörðum. b) Afnotarétt af jörðinni Hvoli í Ölfushreppi eða hluta úr henni. — **2. gr.** Ef ekki semst við eigendur um kaupverðið, er ríkisstjórninni heimilt að taka eignarnámi jarðir þær og afnotaréttindi, er um getur í 1. gr. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

1945 Nr. 38 15. febr.

Lög um stofnun búnaðarmálasjóðs.

1. gr. [Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Skal gjaldið reiknast af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu á milli búnaðarsambandanna annars vegar og stéttarsambands bænda hins vegar, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum. Búnaðarfélag Íslands skiptir milli búnaðarsambandanna því fé sjóðsins, er fellur í hlut þeirra, með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum söluvörum landbúnaðarins.][1] — **2. gr.** Þessar vörur eru gjaldskyldar: a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.[1]) b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði. c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur. d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum. e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds. — **3. gr.** Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt til framleiðenda, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu. — Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir. — Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a., skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumanni ríkisins. — **4. gr.** Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki. Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum vöruflokkum, ef henta þykir. — Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu og gjalddaga.[2]) — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. — **6. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 34, 1. apríl 1948, § 1.

1945 Nr. 38 15. febr.

Jarðræktarlög.

1950 Nr. 45 17. maí

I. kafli. — Um stjórn ræktunarmála og réttindi. — 1. gr. Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála. — **2. gr.** Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af fulltrúaráði, er nefnist Búnaðarþing, hefur á hendi um-

1) Nú l. 94, 5. júní 1947. — 2) Rgj. nr. 194, 26. nóv. 1949.

sjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands. — **3. gr.** Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og mælingarmanna búnaðarsambandanna undir umsjón félagsstjórnarinnar. — **4. gr.** Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki ráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Sé starfssvæði ráðunautar minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það. Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 10 ráðunauta. — Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að hálfu frá hvorri búgrein. — Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði, þar á meðal að veita bændum og öðrum aðstoð við að gera ræktunaráætlanir fyrir ábúðarjarðir eða eignarjarðir þeirra, og njóta til þess aðstoðar Búnaðarfélags Íslands. Þar sem sambandssvæði eða starfssvæði héraðsráðunautar nær yfir meira en tvö sýslufélög, er heimilt að hafa sérstaka mælingamenn þeim til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. — **5. gr.** Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir. — Laun héraðsráðunauta greiðast að ⅖ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅗ hlutum af hlutaðeigandi héraðssamböndum. Héraðsráðunautar taka laun eftir 8. fl. launalaga. — Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra. — **6. gr.** Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir. — Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum. — Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í hlutaðeigandi búnaðarfélagi. — **7. gr.** Ákvæði laga þessara um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til: 1. Allra jarða í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 87 19. júní 1933, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa. 2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. 3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingalóða á hlutaðeigandi stað. 4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins. — **8. gr.** Ræktað land telst í lögum þessum: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum. Lönd þessi má eigi skerða, eða taka undir annan atvinnurekstur, nema um sé að ræða: a. Almenna nauðsyn ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga; b. nauðsynlegan atvinnurekstur, er eigandi landsins hefur með höndum eða efnir til; c. sölu lands eða leigu, til þess að landið verði notað undir mannvirki vegna nauðsynlegs atvinnurekstrar, er eykur verðmæti þess og ætla má, að verði til varanlegra hagsbóta fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag. — **9. gr.** Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land eða hætta að nytja það til ræktunar af þeim ástæðum, sem um getur í 8. gr., staflið a—c, og skal þá ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðar úrskurðar. — **10. gr.** Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum: 1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að

1950 Nr. 45 17. maí

skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt að áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar. 2. Vegar- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það hindri eigi eða torveldi framræslu landsins, og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess jafnan gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við hlutaðeigandi héraðsráðunaut. — Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línum þessum við ræktunarframkvæmdir. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu landsins, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur að hálfu af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða hreppi) og að hálfu af þeim, er láta gera framræsluna. 3. Vegagerðaraðilum er skylt að haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots o. þ. l. — Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þrem mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

1950 Nr. 45 17. maí

II. kafli. — Um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta. — 11. gr. Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 15. gr.):

I.	Áburðargeymslur:		
	a. Safnþrær, alsteyptar	kr.	9.00 pr. m^3
	b. Áburðarhús, alsteypt eða steypt með járnþaki	—	5.00 — —
	c. Haugstæði, steypt með 1 m veggjum	—	3.00 — —
II.	Framræsla vegna túna, akur- eða engjaræktar (handgröftur):		
	a. Skurðir handgrafnir	—	1.00 — —
	b. Hnausræsi	—	0.75 — m
	c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	—	1.50 — —
III.	Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir): Helmingur rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar og olíur, og mannahald, eftir því sem það er ákveðið eða samþykkt af stjórnendum Vélasjóðs.		
IV.	Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar	—	200.00 — ha
V.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m^3 á ári	—	2.00 — m^3
VI.	Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðarstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða	—	0.30 — m
VII.	Heyhlöður:		
	a. Þurrheyshlöður steyptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu	—	1.00 — m^3
	b. Þurrheyshlöður á steyptum grunni úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni	—	0.75 — —
	c. Votheyshlöður, steyptar, með þaki úr varanlegu efni	—	5.50 — —
	[d. Garðávaxtageymslur, steyptar með þaki úr varanlegu efni	—	5.50 — —
	e. Garðávaxtageymslur úr öðru efni	—	3.00 — —][1])

1) L. nr. 8, 24. jan. 1952, § 1.

— Framlag á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar. — Framlag til jarðræktar greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla. — Framlag til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu. — Ekki veitist framlag út á minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m^3. — **12. gr.** Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, að undanteknum tölul. III. (vélgrafnir skurðir) í 11. gr. — Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélaga til sameiginlegra félagsþarfa. — **13. gr.** Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af framlaginu gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum. — **14. gr.** Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt. — **15. gr.** Ábúendum þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 11. gr. Reiknast þær til afgjaldsgreiðslu 50% hærra en styrkupphæðinni nemur.

III. kafli. — Um Vélasjóð. — 16. gr. Vélasjóður er eign ríkisins. Starfsemi sjóðsins skal vera: 1. Að kaupa vélknúnar skurðgröfur, og ef nauðsyn þykir jarðræktarvélar, og annast rekstur þeirra. 2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 21. gr., skurgröfur þær, er þau hafa með höndum. 3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 21. gr., vélavinnu við stærri ræktunarframkvæmdir, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á eða aðilar leggja til. 4. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna. — **17. gr.** Skipa skal þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar, og er hann formaður hennar, annan skipar hann samkvæmt tilnefningu Búnaðarþings, en hinn þriðja skipar hann verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, en ella einn af jarðræktarráðunautum félagsins eftir tilnefningu stjórnar þess. — **18. gr.** Starfssvið vélanefndar er: 1. Að hafa á hendi stjórn Vélasjóðs og annast alla starfsemi hans. 2. Að hafa á hendi eftirlit með viðhaldi ræktunarvéla, sem keyptar eru af ræktunarfélögum, samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum, sem um það gilda á hverjum tíma. — **19. gr.** Til þess að annast þau störf, sem um getur í 18. gr., ræður vélanefnd sér nauðsynlega aðstoðarmenn, eftir því sem þörf krefur. Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Kostnaður við framkvæmdarstjórn greiðist úr ríkissjóði. — **20. gr.** Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 16. gr., svo viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans. — **21. gr.** Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og vélanefnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, er gera skal. — **22. gr.** Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 16. gr., staflið 2, skal miðuð við,

1950 Nr. 45 17. maí

að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna. — Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð. — Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 16. gr., staflið 3, skulu hlutaðeigandi aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða. — **23. gr.** Auk ríkisframlags þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða framlag til bygginga flóðgarða og flóðgátta ⅓ kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Framlag þetta greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

IV. kafli. — Um búferlaflutning. — 24. gr. Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv. — Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhæfar til búreksturs. — **25. gr.** Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar, sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt héraðsráðunaut hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands. — Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar. — **26. gr.** Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti eigi talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis ríkisframlag samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni. — **27. gr.** Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags (sbr. 26. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum. — Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

V. kafli. — Um erfðaleigulönd. — 28. gr. Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fram fara athugun á því, hvaða lönd liggi bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis hlutaðeigandi eiganda, til þess að slík athugun megi fram fara. — Hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið til tekur. — **29. gr.** Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 28. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess. — Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd. — Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins framlagshæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á. — **30. gr.** Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigueða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því, og Alþingi veitir til þess lagalega heimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. — **31. gr.** Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda. — **32. gr.** Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan

1950 Nr. 45 17. maí

leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram. — **33. gr.** Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr., og lögum nr. 16 22. febr. 1950, um breyting á þeim lögum. — **34. gr.** Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað. — Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði: 1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu. 2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð. 3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða. — **35. gr.** Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjist. — Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati. — **36. gr.** Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, samanber 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

VI. kafli. — Almenn ákvæði. — 37. gr. Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmuna skyni, má þyngja refsinguna um helming. — Brjóti héraðsráðunautur, mælingamaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál. — **38. gr.** Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara.[1]) Einnig gefur Búnaðarfélag Íslands út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra. — **39. gr.** . . . — **Ákvæði til bráðabirgða.** Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, völ á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launalaganna. — Verkfærakaupasjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarfélaga greiðist til þeirra. — Til ársloka [1954][2]) skal þúfnasléttun í túni njóta 400—500 kr. framlags á ha, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 12. gr., enda skal framlagið bundið því skilyrði, að minnst 1/10 túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir túnþýfi í landinu frá 1945. — Til ársloka 1960 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. framlags á ha til jarðræktar að viðbættri verðlagsuppbót.

1950 Nr. 45 17. maí

Lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

1945 Nr. 7 12. jan.

I. Um jarðræktarsamþykktir. — 1. gr. Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar jarðræktarframkvæmdir á sambandssvæðinu, til þess að greiða fyrir eflingu jarðræktarinnar og koma til leiðar, að öll heyöflun bænda fari fram á véltæku landi. Jarðræktarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru: 1. Framræsla. 2. Túnasléttun. 3. Nýrækt. 4. Sléttun engja. — **2. gr.** Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á jarðræktarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frum-

1) Rgj. nr. 19, 20. febr. 1940, rgj. nr. 92, 17. maí 1951, sbr. rgj. nr. 157, 16. júlí 1952. — 2) L. nr. 8, 24. jan. 1952, § 2.

varp að jarðræktarsamþykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins með tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, — enn fremur tilkynningu um, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins. — Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarfélaga á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins. — Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp með að minnsta kosti ⅗ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra. — **3. gr.** Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera jarðrækarsamþykkt samkv. lögum þessum eða það hefur dregizt eitt ár, eftir að tillaga hefur komið fram um það á sambandsfundi, og skal þá stjórn sambandsins skylt að gera tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði, enda liggi fyrir kröfur um það frá einu eða fleiri hreppabúnaðarfélögum innan sambandsins. — Við skiptinguna skal að því stefnt, þegar um búnaðarsambönd er að ræða, er ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, að hvert sýslufélag geti orðið samþykktarsvæði fyrir sig, eftir því sem unnt er og staðhættir leyfa. Jafnframt skal þess gætt, að ekkert byggðarlag á sambandssvæðinu verði útilokað frá þátttöku í ræktunarsamþykkt, sbr. þó 7. lið 5. gr. Lágmarksstærð samþykktarsvæðisins skal miða við, að nægileg verkefni séu fyrir hendi að dómi Búnaðarfélags Íslands fyrir eina vélasamstæðu um langt árabil og tryggt þyki, að vélarnar verði árlega starfræktar að fullu. — Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu sambandsins í samþykktarsvæði eða ræktunarfélög, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi búnaðarfélaga. Stjórn sambandsins leggur því næst tillögur sínar ásamt umsögn Búnaðarfélags Íslands fyrir aðalfund sambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna. Ályktun sambandsfundar skal send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar. — Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að skiptin brjóti í bága við ákvæði laga þessara, og skal það þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin. — Þegar skiptin hafa hlotið staðfestingu, getur hvert samþykktarsvæði innan þess sambands, er skiptin ná til, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði. — Öllum undirbúningi undir þessar samþykktir svo og starfsemi þeirri, sem til er stofnað með þeim, skal haga eftir því, sem við getur átt, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum um samþykktir og starfsemi búnaðarsambanda. — Ræktunarfélög þau, er hér um ræðir, skulu velja sérstaka framkvæmdastjórn og starfa undir eftirliti hlutaðeigandi sambands og Búnaðarfélags Íslands. — **4. gr.** Í samþykktum skal kveða á um: 1. Verkefni, sem sambandið eða ræktunarfélagið tekur að sér. 2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar. 3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að þeir, er minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, sbr. þó 7. lið 5. gr. 4. Að búnaðarsambandið eða ræktunarfélagið taki þær greiðslur fyrir ræktunarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur. 5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins eða ræktunarfélagsins. 6. Reikningshald og endurskoðun. 7. Hvernig samþykkt skuli breytt. 8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi. — Nú telur Búnaðarfélag Íslands, að samþykkt brjóti í bága við lög eða reglugerð eða hún fari í bága við tilgang laga þessara, og skal það þá endursenda hana með áritaðri athugasemd og fresta að leggja hana fyrir ráðherra, unz leiðrétting er fengin. — Þegar ráðherra hefur staðfest samþykktina, gildir hún upp frá því fyrir alla félagsmenn hreppabúnaðarfélaga á samþykktarsvæðinu, sbr. þó 7. lið 5. gr. — Ráðherra skipar fyrir um birtingu samþykktarinnar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. — **5. gr.** Stjórn sambandsins annast með aðstoð Búnaðarfélags Íslands um eftirgreindar mælingar og athuganir á hverju samþykktarsvæði: 1. Stærð túna. 2. Stærð túnþýfis að flatarmáli á hverri jörð, sbr. bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaganna frá 4. júlí 1942. 3. Ræktunarástand túnanna. 4. Skilyrði til nýræktar. 5. Framræslu á landi jarðarinnar og hvernig hún skuli unnin (vegna túnanna, fyrirhugaðrar nýræktar, engjaræktar og til hagabóta, ef þess er sérstaklega óskað). 6. Skilyrði til að gera engi véltæk eða auka þau. 7. Hvort einhverjar jarðir og þá hverjar falli undir ákvæði II. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning. — Kostnaður við athuganir og mælingar þær, er hér um ræðir, ásamt nauðsynlegri kortagerð greiðist að helmingi úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að

1945 Nr. 7 12. jan.

jöfnu af Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi búnaðarsambandi. — **6. gr.** Ræktunarframkvæmdir, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skulu framkvæmdar eftir fyrirsögn trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. — Ef jarðeigandi eða ábúandi, sé jörðin í leiguábúð, vill ekki hlíta ákvörðun trúnaðarmanns, getur hann skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um tilhögun verksins. — **7. gr.** Þegar jörð er í leiguábúð, skal stjórn sambandsins gefa leigulíða kost á að gerast þátttakandi í ræktunarstarfinu samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar að jarðeiganda frágengnum, og fer þá um rétt ábúanda gagnvart jarðeiganda samkvæmt ákvæðum ábúðarlaganna. — **8. gr.** Nú hefur ræktunarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá [vélanefnd][1]) ríkisins vera stjórn sambandsins eða framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis til aðstoðar og leiðbeiningar um kaup og val nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og verkfæra vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. — [Vélanefnd][1]) ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve margar vélar af hverri tegund njóti styrks úr framkvæmdasjóði ríkisins á hverju sambands- eða samþykktarsvæði, miðað við eðlilega þörf sambandsins, stærð þess, vélakost og vinnuafköst vélanna. — **9. gr.** Verja skal úr framkvæmdasjóði ríkisins [allt að 6 milljónum króna][2]) til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er [vélanefnd][2]) ríkisins telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Styrkur þessi greiðist, jafnóðum og vélarnar eru keyptar. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og tækjum. — [Þó er ráðherra heimilt að veita styrk til að kaupa notaðar vélar, sem ekki hefur áður verið veittur styrkur til, ef verkfærakaupanefnd telur það nauðsynlegt og hagkvæmt til þess að bæta úr brýnni þörf ræktunarsambanda. Skal þá miða styrkinn við verð, er verkfæranefndin telur hæfilegt eftir aldri og ásigkomulagi vélarinnar, miðað við verð nýrra véla af sömu gerð.][3]) — **10. gr.** Framkvæmdastjórn samþykktarsvæðis ber að taka þá greiðslu fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkv. lögum þessum, að hún nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. [Vélanefnd][1]) ríkisins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, meðan vélarnar eru nýjar og nýlegar, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi sambandi eða ræktunarfélagi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma. — Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess. — [Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæðum viðkomandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs. — Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru. — Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.][1]) — **11. gr.** [Vélanefnd ríkisins skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með][2]) vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæðum laga þessara, viðgerð þeirra og viðhaldi svo og, ef þess er óskað, öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við jarðræktarframkvæmdir í sveitum. Skal hún hafa í þjónustu sinni nægilega marga vélfróða menn til að annast eftirlit þetta. Vanræki búnaðarsamband eða ræktunarfélag viðhald véla þessara, [að dómi vélanefndar][2]) eða neiti að hlíta fyrirmælum hennar þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins, ef um miklar sakir er að ræða. — **12. gr.** [Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins skulu

1) L. nr. 62, 25. maí 1950, § 1. — 2) Sömu l., § 2. — 3) L. nr. 114, 27. nóv. 1947, § 1.

1) L. nr. 62, 25. maí 1950, § 3. — 2) Sömu l., § 4.

1945 Nr. 7 12. jan.

halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af vélanefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12 gr. greiðist úr ríkissjóði.][1]) — **13. gr.** Heimilt er stjórn sambands eða samþykktarsvæðis, sem hefur sett sér jarðræktarsamþykkt, að láta ræsa fram bithaga, ef eigandi jarðarinnar óskar þess og trúnaðarmaður sá, er framkvæmdi mælingarnar á jörðinni, telur þessa jarðabót nauðsynlega vegna búrekstrar þar. — **14. gr.** Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá Búnaðarfélag Íslands senda hlutaðeigandi sambandi jarðræktarstyrk hvers samþykktarsvæðis óskertan til afgreiðslu og úthlutunar að frádregnu fyrningargjaldi samkv. 10. gr., nema sambandsstjórnin geri aðrar ráðstafanir.

II. Um húsagerðarsamþykktir. — 15. gr. Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að þau taki að sér byggingu íbúðar- og útihúsa á sambandssvæðinu á þann hátt, að þau ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til fullkomnar vélar og tæki við vinnuna. Með samþykktinni skal stefnt að því að hraða húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum í sveitum og að bændur fái með þessum hætti svo vönduð, hagkvæm, smekkleg og ódýr hús sem kostur er á. Við framkvæmdir þessar sé þess gætt, að þeir, er hafa mesta þörf fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er. — Byggingarframkvæmdir þær, er hér um ræðir, eru: 1. Íbúðarhús. 2. Peningshús. 3. Hlöður og súrheystóftir. 4. Haughús, þvaggryfjur og safnþrær. 5. Geymsluhús. — Húsin afhendist fokheld, nema öðruvísi sé um samið. — Um sambönd, sem ná yfir tvö eða fleiri sýslufélög, gilda ákvæði 3. gr. — **16. gr.** Nú ákveður sambandsfundur að koma á húsagerðarsamþykkt, og skal þá undirbúningi og framkvæmdum hagað samkvæmt fyrirmælum 2. og 3. gr. — **17. gr.** Í húsagerðarsamþykktum skal tekið fram um: 1. Verkefni þau, sem sambandið tekur að sér, sbr. 15. gr. 2. Skipun og valdsvið framkvæmdastjórnar. 3. Hvernig framkvæmdum skuli hagað, þar á meðal, að nauðsynlegt byggingarefni sé ávallt fyrir hendi, er vinnan hefst. 4. Að búnaðarsambandið taki þær greiðslur fyrir byggingarstörfin, að allur kostnaður fáist að fullu greiddur. 5. Fjáröflun og tryggingar fyrir fjárreiðum sambandsins. 6. Reikningshald og endurskoðun. 7. Hvernig samþykkt skuli breytt. 8. Hvernig samþykkt verði felld úr gildi. — **18. gr.** Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda, og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að láta byggingarfróða menn athuga og gera tillögur um, hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið á þeim jörðum, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð og annað, er að byggingu lýtur. Trúnaðarmenn þessir skulu jafnframt leita álits jarðeiganda eða leiguliða, ef um erfðaábúð er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra, eftir því sem fært þykir. — Kostnaður við þessa athugun greiðist af teiknistofu landbúnaðarins. — **19. gr.** Byggingar, sem reistar eru samkv. ákvæðum laga þessara, skulu gerðar eftir teikningu og fyrirsögn teiknistofu landbúnaðarins eða trúnaðarmanna hennar. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær, er fyrir liggja, og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, er fellir um þær fullnaðarúrskurð. — **20. gr.** Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið sett samkvæmt lögum þessum, og skal þá forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins vera stjórn sambandsins til aðstoðar um kaup og val hentugra veggjamóta ásamt vélum og verkfærum, sem nota þarf við hinar fyrirhuguðu byggingar. Forstöðumaður teiknistofunnar ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar skal kaupa, miðað við byggingarþörf hvers sambands og afköst vélanna. — Þar, sem rætt er um veggjamót í lögum þessum, er um að ræða mót af varanlegri gerð, sem auðvelt er að flytja milli vinnustaða. — **21. gr.** [Ríkissjóður greiðir styrk, ⅔ af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins og nýbýlastjórn telja samböndunum þörf á til byggingarstarfsemi þeirra. Styrkur veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum.][1]) — **22. gr.** Reikna skal sérstakt viðhalds- og fyrningargjald af veggjamótum, vélum og verkfærum, sem keypt hafa verið með styrk frá byggingarsjóði og nýbýlasjóði, á sama hátt og segir í 10. gr. Búnaðarfélag Íslands ávísar

1 L. nr. 62, 25. maí 1950, § 5.

1) L. nr. 29, 1. apríl 1948, § 1.

1945 Nr. 7 12. jan.

1945 Nr. 7 12. jan. greiðslum úr fyrningarsjóðnum samkvæmt tillögum forstöðumanns teiknistofu landbúnaðarins. Að öðru leyti skal hlíta um þetta ákvæðum 10. gr., eftir því sem við á. — **23. gr.** Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um ræðir í 15. gr., skulu ráðnir í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra. — **24. gr.** Styrkir, sem greiddir eru af opinberu fé vegna bygginga í sveitum, skulu, þegar byggingarnar eru reistar samkvæmt samþykktum þeim, sem hér um ræðir, greiðast óskertir — að frádregnu fyrningargjaldi samkvæmt 22. gr. — til hlutaðeigandi sambandsstjórna, nema þær leggi annað fyrir. — **25. gr.** Nú hefur nýbýlasjóður heitið styrk til húsagerðar, er búnaðarsamband hefur tekið að sér samkvæmt lögum þessum, og á þá sambandið kröfu til, að sjóðurinn greiði styrkinn, þegar er verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar vinnulaunum við að gera húsið fokhelt.

III. Almenn ákvæði. — **26. gr.** Búnaðarsamböndum, sem taka að sér jarðræktar- eða húsagerðarframkvæmdir samkvæmt lögum þessum, ber að tryggja sér fulla greiðslu fyrir framkvæmdir sínar hjá kostnaðarmanni framkvæmdarinnar, áður en vinna hefst. — **27. gr.** Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsamband samkvæmt lögum þessum, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum — og fylgifjárkröfu, ef um óðalsjarðir er að ræða. — Skuldir þessar má taka lögtaki. — **28. gr.** Um nánari framkvæmd laga þessara setur Búnaðarfélag Íslands reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.[1]) — **29. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerð varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

1915 Nr. 58 3. nóv.

Lög um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

1. gr. Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Stjórnarráðið útnefnir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndirnar gera tillögur um tilnefninguna; það semur reglugerð um mælingarnar og lætur sýslunefndir hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.[1]) — Undanþegin nýjum mælingum eru tún þau og matjurtagarðar, sem mæld hafa verið á síðustu 5 árum svo að ábyggilegt sé, en um ummálsdrætti þeirra fer sem fyrir er mælt í 2. gr. — **2. gr.** Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent stjórnarráðinu, en hitt jarðeiganda. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1:2000. — **3. gr.** Fyrir ummálsdrætti þá af túnum og matjurtagörðum, sem stjórnarráðinu eru látnir í té, greiðir landssjóður 3 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og skal fé þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar. — **4. gr.** Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppsjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynnt hreppsnefnd, á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundraðatölu. Þó má helmingur, sem miðaður er við hundraðatölu, aldrei fara fram úr 10 kr. á býli. Ábúanda er skylt að greiða þetta gjald, og má taka það lögtaki. En leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

1915 Nr. 58 3. nóv.

Girðingalög.

1. gr. Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 5 strengja gaddavírsgirðingar, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 6 metrar, eða girðing, er jafngildir henni að vörzlunotum. Stórgripagirðingar, sem einstakir menn setja upp í heimalöndum, séu ávallt þannig gerðar, að minnst 65 cm séu frá jörðu upp að vírstreng. — **2. gr.** Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga. — Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við

1952 Nr. 24 1. febr.

1) Rgj. nr. 36, 20. febrúar 1946 og rgj. nr. 88, 13. maí 1947.

1) Sbr. rgj. nr. 10, 28. jan. 1916.

haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni. — **3. gr.** Nú fer jörð í eyði, svo að eigi er til ætlazt, að hún byggist aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, og losnar þá jarðeigandi við þá skyldu að halda henni við og er heimilt að taka hana upp, fái hann ekki efni hennar endurgreitt með matsverði frá meðeigendum. — Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna. — **4. gr.** Vilji eigandi eða notandi ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um vírgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni. — **5. gr.** Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði allt að helmingi girðingarkostnaðarins, eftir þeim fyrirmælum, er um getur í 6. gr. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegun efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða. Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn, að taka lán vegna girðingarkostnaðarins, ber þeim, er girðingarinnar krefst, að aðstoða hann við útvegun þess, sé það nauðsynlegt að dómi matsmanna. — **6. gr.** Nú geta aðilar ekki orðið ásáttir um raunverulegan girðingarkostnað eða hlutdeild hvors um sig í honum, og skulu þá úttektarmenn þess hrepps, er hlutaðeigendur eru búsettir í, framkvæma mat á ágreiningsatriðunum samkv. 7. gr. Liggi girðing milli jarða, sem ekki eru í sama hreppi, skal hvor aðili tilnefna einn mann úr hópi úttektarmanna þess hrepps, sem hann er búsettur í, til að framkvæma matið. — Verði ágreiningur milli matsmanna, tilnefnir lögreglustjóri þrjá menn í yfirmat, og skulu þeir skera úr ágreiningnum. Liggi girðingin á mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn 2 menn hvor, og gengur einn þeirra úr eftir hlutkesti, hinir framkvæma svo matið. — Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákvarða matsmenn, hverju hann nemur. — **7. gr.** Nú telur sá, er samgirðingar er krafinn, sig lítil not eða jafnvel óhag hafa af girðingunni, og getur hann þá neitað að taka að hálfu þátt í kostnaði við uppsetningu og viðhald hennar. Náist ekki samkomulag, skulu matsmenn þeir, er um ræðir í 6. gr., meta, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni, og skiptist kostnaðurinn eftir því. Þó skal sá, er krafinn er þátttöku, aldrei greiða minna en ¼ kostnaðar og ekki meira en helming. Undantekning frá þessu er, þegar girðing er sett samkvæmt samþykkt (sbr. 17. gr. og 20. gr.) á milli afréttar og heimalands, en þá er ábúanda ekki skylt að taka þátt í girðingarkostnaðinum, ef girðingin verður ekki metin honum til verulegra hagsmuna, og aldrei meira en tilsvarandi við þá, er að samþykktinni standa, og sé hann á samþykktarsvæðinu, þá aðeins eftir þeim reglum, er samþykktin mælir fyrir um. — Vilji ábúendur eða eigendur jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ¾ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður. — **8. gr.** Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefin kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um. — **9. gr.** Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grind-

1952 Nr. 24 1. febr.

arhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins. — Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna. — Þegar vegur er lagður gegnum girt beitiland eða engjar, skal sá, er veginn leggur eða annast um, leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef hann telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess. — **10. gr.** Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja. — Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef úttektarmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna; skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir. Réttur til annarra afnota en engja og beitar helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðing skipti löndum til fullnustu. — **11. gr.** Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim. — Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísvitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli. — Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda. — **12. gr.** Girðingar úr slétt-

um vír eða vírneti má hvergi setja nær vegi en 1 metra frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi. — Girðingar úr gaddavír séu hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðjum vegi. Þar sem skurðir eru meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum teljast til vegarins, og má ekki gera girðingar á henni án sérstaks leyfis. Þegar girt er meðfram vegum á óræktuðu landi og skurður lítt fær eða ófær fénaði er á aðra hlið, má bilið frá veginum að girðingu á hina hlið vegarins eigi vera minna en 5 metrar. — **13. gr.**[1]) Enginn má gera girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, nema með leyfi vegamálastjóra, ef um þjóðveg eða fjallveg er að ræða, en með leyfi sýslunefndar, sé um sýsluveg að ræða, og leyfi hreppsnefndar, sé um aðra vegi að ræða. Synjun sýslunefndar um slík leyfi á sýsluvegum má skjóta til úrskurðar vegamálastjóra, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður; synjun hreppsnefndar um leyfi má skjóta til úrskurðar sýslunefndar. Sama bann gildir þar, sem mælt hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hafi verið. Um kostnað og viðhald slíkra hliða fer eftir fyrirmælum 9. gr. — **14. gr.** Nú er leyft að setja girðingu yfir veg með grindarhliði fyrir veginum, og skal þá hliðið vera að minnsta kosti 3 metra breitt á reiðvegi, en 4 metra breitt á akfærum vegi. Skal grindin vera svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki og haldist opin, meðan farið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka löglega gerðum hliðum á eftir sér. — **15. gr.** Skylt er að halda við girðingum og hliðum á þeim, svo að aldrei geti þær eða þau hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki vegaverkstjórum þessa ekki gætt, skulu þeir áminna girðingareigendur og gefa þeim hæfilegan frest til að koma girðingunni eða hliðinu, ef þeir eiga að annast viðhald þess, í lag, en verði það ekki gert, er vegamálastjóra heimilt að úrskurða, að viðgerðin skuli framkvæmd á kostnað þess, er viðhald girðingarinnar á að annast. — **16. gr.** Nú liggur vegur eða stígur eða vetrarleið (akbraut) yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi. Neiti

1) L. nr. 18, 28. maí 1941, § 4.

1952 Nr. 24 1. febr.

hreppsnefnd um slíkt leyfi, má skjóta málinu til hlutaðeigandi sýslunefndar, er leggur á það endanlegan úrskurð. — **17. gr.** Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar. — **18. gr.** Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. — **19. gr.** Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir. — **20. gr.** Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar. — **21. gr.** Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins. — Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir. — **22. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—2000 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot móti samþykkt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 200—2000 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykkt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er móti hreppssamþykkt. — **23. gr.** Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

1952 Nr. 24 1. febr.

Lög um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

1927 Nr. 17 31. maí

1. gr. Atvinnumálaráðuneytið skal gera þær ráðstafanir, er það álítur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands. — **2. gr.** Ráðuneytið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær. — **3. gr.** Ráðuneytið getur kvatt garðyrkjustjóra, meðan hann er launaður af opinberu fé, til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, svo og alla þá, er starfa að ræktun landsins og að einhverju leyti eru launaðir af opinberu fé. Er þessum aðstoðarmönnum ráðuneytisins heimilt að framkvæma þær rannsóknir, er þurfa þykir, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðrarreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn til rannsókna án endurgjalds og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er nauðsynlegar teljast. — **4. gr.** Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkzt, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum né af hendi láta fyrr en leyfi er til þess fengið. — **5. gr.** Í reglugerð skal ákveða, að vottorð um, að kartöflur séu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sérstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borizt til landsins. — **6. gr.** Ákveði ráðuneytið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hennar verð uppskerunnar greitt úr ríkissjóði, eftir mati dómkvaddra manna. — Kostnaður við varnarráðstafanir samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Eigendum vara, áhalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í té nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust. —

1927 Nr. 17 31. maí

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir. — **7. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100 — 5000 kr. — **8. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.[1])

1943 Nr. 85 16. des.

Lög um ítölu.

1. gr. Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara. — **2. gr.** [Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. ¼ búenda innan sveitarfélags um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til fundar búenda um málið, en búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess geta í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur búenda hreppsins sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Enginn einn maður hefir meira en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveim eða fleiri jörðum. Þess skal geta í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.][2]) — Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum. — **3. gr.** Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita. Slík krafa skal send viðkomandi hreppsnefnd, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarálykun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu. — **4. gr.** Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkv. fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda. — Sýslunefnd er heimilt að ákveða ítölu í lönd hreppsfélags, þótt ekki hafi fengizt meirihlutasamþykki fyrir því á fundi samkvæmt 2. gr., ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrannasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings. — **5. gr.** Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir og af sömu aðilum. — **6. gr.** Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því aðeins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni. — Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einum nautgrip eða hrossi á sama aldri. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett,

1) Rgj. nr. 103, 19. ágúst 1948. Augl. nr. 169. 19. sept. 1953. — 2) L. nr. 43, 23. febr. 1945.

hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans. Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands. — Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum. — **7. gr.** Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi hreppsnefnd úrskurð sinn, en hreppsnefnd tilkynnnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett á heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá hreppsnefnd, hve mikinn búpening megi reka á afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Þó sé engri jörð metin lægri ítala en svo, að unnt sé að reka lífvænlegt bú á henni. Vilji einhver ekki una úrskurði hreppsnefndar, má skjóta málinu til þriggja manna nefndar til fullnaðarákvörðunar. Skal sú nefnd þannig skipuð, að sýslumaður tilnefni einn mann, Búnaðarfélag Íslands annan, en viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja. Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. — Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi ákveðið gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi minni fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum, en tilkynna skal hann hreppsnefnd, af hverjum er tekið og hve margt. — **8. gr.** Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að það mál verði upp tekið. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landsvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn,og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara. — **9. gr.** Sandgræðslustjóri getur gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að ítölumat verði framkvæmt, ef hann telur þess þörf til varnar því, að gróðurlendi býla eða afréttar eyðist vegna ofbeitar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leitar þá samkomulags við sýslunefnd í viðkomandi héraði um, að gerð verði samþykkt um ítölu í landið. Náist ekki samkomulag um málið við sýslunefnd eða ef land það, sem um er að ræða, liggur innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð, ef hún telur þess þörf. Skipar þá stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 8. gr. — **10. gr.** Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág vegna sandgræðsluframkvæmda, að matsmenn telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum. — **11. gr.** Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppunum síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr. — **12. gr.** Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölumat skuli fram fara. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfirítölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara. — Kostnaður við yfirmatið greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 11. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats. — **13. gr.** Ef land spillist eða þrjú ár eru liðin, frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ ábúenda og jarðareigenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara. — **14. gr.** Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð. —

1943 Nr. 85 16. des.

1943 Nr. 85 16. des.

15. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkv. þeim, varða sektum frá 100—1000 krónum, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. — **16. gr.** . . . — Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

1940 Nr. 100 14. maí

Lög um skógrækt.

I. kafli. — Um markmið og stjórn skógræktar ríkisins. — 1. gr. Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði: 1) að vernda, friða og rækta skóga og skógaleifar, sem eru í landinu, 2) að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir, 3) að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur. — **2. gr.** Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum. Hann skipar skógræktarstjóra, er annast framkvæmd þessara mála. Skal hann, ef þess er kostur, hafa leyst af hendi próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan. — **3. gr.** Ráðherra skipar skógarverði að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Skulu þeir að jafnaði vera einn í hverjum landsfjórðungi. Þeir skulu hafa aflað sér verklegrar kunnáttu í skógrækt og hafa staðizt próf, sem stjórn skógræktarmála kveður á um. — **4. gr.** Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og aðstoða hann í hvívetna við skógrækt og skóggræðslu í landinu. Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar, og ennfremur hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin. — **5. gr.** Störf og starfsvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugerð, sem ráðherra setur. — Laun þeirra skulu ákveðin í fjárlögum, að því leyti sem þau eru ekki ákveðin í launalögum.

II. kafli. — Um meðferð skóga og kjarrs, friðun á lyngi o. fl. — 6. gr. Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að græða upp skóg að nýju á landinu eða á öðru jafnstóru svæði. — **7. gr.** Viðarrætur má ekki rífa upp eða skerða á neinn hátt. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði, mel eða annan hlífðargróður, heldur klippa eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna allt skógarhögg og hrístekju og að banna að skerða hverskonar gróður þar, sem ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri eða landspjöllum. Bannað er að stinga upp og flytja á brott tré og hverskonar ungviði án leyfis skógræktarstjóra eða skógarvarða. — **8. gr.** Í skógum þeim og kjarrlöndum, sem í afréttum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll beit bönnuð frá 1. nóvember til 1. júní. Nú hagar svo til á einstökum landsvæðum, að skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í bersýnilegri hættu sökum óhóflegrar beitar, að dómi skógræktarstjóra, og er landbúnaðarráðherra þá heimilt að banna eða takmarka beit á skóginn eða kjarrið um lengri eða skemmri tíma, enda komi bætur fyrir slíka skerðingu á landsnytjum, eftir mati dómkvaddra manna. Bætur þessar skal greiða úr ríkissjóði. Ráðherra getur bannað með öllu að beita geitfé á skóg eða kjarr, enda telji skógræktarstjóri, að skóginum stafi bersýnileg hætta af beitinni. — **9. gr.** Í þeim skógum og kjarri, sem er sameign fleiri manna eða jarða á óskiptu landi, mega einstaklingar ekki höggva án vitundar skógarvarðar eða eftirlitsmanns, sem segir fyrir um, hvar og hvernig grisja skuli. — **10. gr.** Óheimilt er öllum, sem eiga skóg eða kjarr eða hafa umráðarétt yfir slíku, að selja eða gefa óupphöggvinn við án þess að hafa fengið leyfi skógarvarðar til þess. — **11. gr.** Sé skógur eða kjarr í yfirvofandi hættu að dómi skógræktarstjóra fyrir örtröð eða annað það, er kann að valda háskalegum skemmdum á skógi eða skóglendi, er ráðherra heimilt að taka slík landsvæði eignar- eða leigunámi. Um slíkt eignar- eða leigunám fer eftir fyrirmælum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur eigi aðeins fyrir afnotamissi, heldur og fyrir þá aðstöðuskerðingu til lífsbjargar, er af slíkum ráðstöfunum leiðir. — **12. gr.** Skógræktarstjóri eða skógarverðir skulu fara eins oft og þörf krefur um sveitir þær, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar og kjarrs um framkvæmd alla á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorazt undan að fylgja þeim í skóginn eða kjarrið. Hann er og skyldur

1940 Nr. 100 14. maí

til þess að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á allt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu til þess að kynnast, hvernig höggva skuli. — **13. gr.** Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra, skógarvörðum, hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kann að vera falið, að fara um land sitt, hvort sem girt er eða ógirt. — **14. gr.** Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir til þess að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sér fyrirskipanir þeirra um meðferð skóga og kjarrs, sem þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 8 kr. á dag, sem greiðist af skógræktarfé. — **15. gr.** Ráðherra setur nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal þeim útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur eða kjarr er.[1])

III. kafli. — Um friðun og ræktun skóga.

— **16. gr.** Á landi því, sem skógrækt ríkisins hefir til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með. — **17. gr.** Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingunum eru, svo að öruggt sé, að þau opnist ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, skulu þeir skyldir til þess að leita þess vandlega. Heimilt er ráðherra, er sérstakar ástæður mæla með því, að dómi skógræktarstjóra, að fyrirskipa, að þau sveitarfélög, er fjárvon eiga innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað. — [**18. gr.** Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn fyrir ágangi búfjár af viðkomandi úttektarmönnum, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins láta rannsaka, hverjir eru eigendur fjárins, og láta merkja það. Síðan skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir eru eigendur fjárins og hvernig féð var merkt, en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum. Skal eigendum gefinn kostur á að vitja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra. — Komist sömu skepnur aftur inn á svæðið, og verði göllum á girðingunni og óvenjulegum snjóalögum, sbr. þó ákvæði 3. málsgr., eigi um kennt, að dómi úttektarmanna hreppsins, getur hlutaðeigandi umsjónarmaður skógræktarsvæðisins afhent fénaðinn hreppstjóra með kröfu um, að hann láti þegar lóga skepnunum og koma þeim í verð. Við þeirri kröfu er hreppstjóra skylt að verða, en skógareigandi er skyldur að greiða fjáreigendum það, sem á kann að vanta, að þeir fái fullt verð fyrir skepnur sínar. Tvöfalt niðurlagsverð greiðir skógareigandi, hafi gallar á girðingunni orðið þess valdandi, að dómi úttektarmanna, að féð komst inn í hana. — Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum, er slíka viðvörun hafa fengið, að hafa gætur á fé sínu og halda því frá viðkomandi girðingu. — Rísi ágreiningur um bætur samkvæmt grein þessari, skulu tveir dómkvaddir menn meta þær. Rétt er aðiljum að krefjast yfirmats, er þrír dómkvaddir menn framkvæma. Ákvörðun yfirmatsmanna um bætur og kostnað verður eigi skotið til dómstóla. — Séu hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað. — **19. gr.** Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjárækt arreiti einstakra manna innan umdæmisins, sem ekki falla undir ákvæði 18. gr. Enn fremur nær heimild þessi til garðlanda.][1]) — **20. gr.** Taka skal fram í byggingarbréfi gagnvart ábúendum jarða þeirra, sem eru eign ríkisins, að þeim sé skylt að hlífa svo skógi og kjarri á jörðum þessum, að hvorugt rýrni eða eyðist af völdum þeirra á meðan ábúðartími þeirra stendur. Ennfremur það, að ráðherra sé heimilt að taka til friðunar einstök skóg- eða kjarrlendi á jörðum þessum á meðan ábúð þeirra stendur, enda lækki þá afgjald jarðanna vegna afnotamissis ábúenda af hinu friðaða landi, eftir mati dómkvaddra manna. — **21. gr.** Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum eða notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði af skógræktarfé til þess að girða bæði skóglendi og skóglaust land til þess að rækta á skóg, með þeim skilyrðum er hér greinir: — Skógrækt ríkisins leggur til girðingarefni og

1) Rgj. nr. 239, 6. des. 1940.

1) L. nr. 58, 25. maí 1950, § 1.

kemur því á næstu höfn við svæði það, sem girða skal. Hún leggur og til verkstjóra við uppsetning girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið að girðingarstæði á sinn kostnað og leggur til allan þann vinnukraft, sem þarf til þess að setja upp girðinguna; skulu þeir og fæða og hýsa verkstjóra endurgjaldslaust. Gera skal samning um girðinguna milli skógræktar ríkisins annarsvegar en eiganda eða nothafa hinsvegar. Skal hann þinglesinn í þeirri þinghá, sem jörðin liggur, sem kvöð á jörðinni, á kostnað eiganda eða notanda. Skógrækt ríkisins greiðir ⅓, en eigandi eða nothafi ⅔ viðhaldskostnaðar á girðingunni fyrstu 15 árin, en að þeim tíma liðnum stendur eigandi eða nothafi straum af öllu viðhaldi hennar. Sé skóglaust land tekið til skóggræðslu, greiðir skógrækt ríkisins helming kostnaðar við gróðursetningu eða sáningu í fyrsta sinn, en eigandi eða nothafi helming á móti. Ef ný gróðursetning er nauðsynleg eða sáning, skal eigandi eða nothafi framkvæma það á sinn kostnað samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra. Hirðingu alla skal eigandi eða nothafi annast samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra eða skógarvarða. — Um friðun þessara svæða gilda sömu reglur og um friðun skóglendis, sem um getur í 16. og 17. gr. — [**22. gr.** Nú er verðmætt skóglendi í bersýnilegri hættu af gróðureyðingu, sem ekki verður stöðvuð nema með fullri friðun skóglendisins, en friðunin svo kostnaðarsöm, að eigendur og notendur landsins treystast eigi til þess samkv. þeim skilyrðum um framlag, sem sett eru í 19. gr., og er ráðherra þá heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að kosta slíka girðingu að öllu leyti, gegn því, að eigendur og nothafar ábyrgist viðhald girðingarinnar og friðun landsins fyrir ágangi. Gera skal um það samning, sbr. 19. gr., enda taka ákvæði síðustu málsgr. þeirrar greinar einnig til þess skóglendis. — Verði eigandi eða nothafi sannur að sök um endurtekna vanrækslu, getur ríkið tekið hið girta skóglendi til fullrar umsjár í allt að 20 ár á kostnað eiganda. — Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um þessar girðingar ásamt kostnaðaráætlun.][1]) — **23. gr.** Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað skógræktarinnar, rjúfa þann samning, sem gerður hefir verið um friðun eða ræktun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt, með samþykki ráðherra, að taka burt girðinguna á kostnað eiganda eða notanda. — **24. gr.** Hreppstjórar og skógarverðir skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðunarákvæðum samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt 15. gr. laganna. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um þetta til skógræktarstjóra, sem ákveður, hvað frekar skuli gert í málinu.

1940 Nr. 100 14. maí

IV. kafli. — Um skógræktarfélag Íslands. — 25. gr. Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu. — **26. gr.** Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði, að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands. — **27. gr.** Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

V. kafli. — Um skógarítök og hvernig þeim skuli af létt.[1]) — **28. gr.** Á næstu fimm árum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal skógræktarstjóri, með þremur auglýsingum í röð í Lögbirtingablaðinu, skora á alla þá, sem telja sér ítök í skóglendi annarra jarða, að lýsa ítökunum fyrir honum áður en tólf mánuðir eru liðnir frá birtingu síðustu auglýsingarinnar. — Jafnframt því, sem ítökunum er lýst, skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hversu þau hafa verið notuð síðustu áratugi og hvers virði menn telji sér þau nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum. — Ítök þau, sem ekki verður lýst á tilsettum tíma, skulu falla niður. — **29. gr.** Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrar jarðir eigi ítök í skóglendi hennar, svo sem fram er haldið, og skal þá úr þeim ágreiningi skorið svo sem lög mæla. — **30. gr.** Nú hefir skógur verið upprættur úr landi, er telst skógarítak annarrar jarðar, og fellur þá ítakið niður. — **31. gr.** Á næstu fimmtán árum eftir að lög þessi ganga í gildi má með úrskurði ráðherra heimila landeiganda að kaupa skógarítak, sem í jörð hans er. Vilji landeigandi ekki nota heimildina, má heimila eiganda ítaksins

1) L. nr. 10, 13. febr. 1943, § 1.

1) Sbr. augl. nr. 44, 1. apríl 1942.

1940 Nr. 100 14. maí

að kaupa land það, sem ítakið nær yfir. — Rísi ágreiningur um kaupverð ítaks eða lands, skal hvorttveggja metið af tveim dómkvöddum mönnum og sala fara fram samkvæmt því. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat þriggja dómkvaddra manna. — Vilji hvorugur aðila, ítaks- eða landeigandi, nota ofangreindar heimildir, getur skógræktarstjóri, með samþykki ráðherra, látið dómkveðja tvo menn til þess að skipta landi og skógi þannig, að aðilar fái land með skógi í hlutfalli við það, sem verðmæti lands og ítaks er metið. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat. Kostnaður við mat og skipti greiðist af aðilum í hlutfalli við eign þeirra í því, sem skipt hefir verið. — **32. gr.** Eftir staðfesting þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

VI. kafli. — Um sektir, málsmeðferð o. fl. — 33. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—2000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem almenn lögreglumál.

1894 Nr. 11 13. apríl

Lög um samþykktir til að friða skóg og mel.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gera samþykktir um friðun á skógum, hvers kyns sem eru, og á mel á þann hátt, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða vera hagfellt að gera samþykkt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í héraði því, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir héraðsbúar þeir, er kosningarrétt hafa til Alþingis. — Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sé fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við höndina. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2. kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — **3. gr.** Sýslunefndin semur frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr. — Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni[1]) frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gerðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með ⅔ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið,ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir síðan amtmanni[1]) til staðfestingar; en álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði héraðsfundar, og verði það þá samþykkt með ⅔ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar. — Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefir verið samþykkt með ⅔ atkvæða á héraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu. — **4. gr.** Nú þykja amtmanni[1]) nokkur ákvæði samþykktar ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær koma á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþykktin nær yfir. — Samþykkt þeirri, sem amtmaður hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á. — Amtmaður[1]) hlutast til um að samþykktirnar séu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna. — **5. gr.** Í samþykkt skal ávallt kveða á um eftirlit það, er þarf til þess að hennar sé vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir. — **6. gr.** Brot gegn staðfestum samþykktum varðar 5—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotum upp, allt að helmingi sektanna. — **7. gr.** Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

1894 Nr. 11 13. apríl

Lög um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

1941 Nr. 18 28. maí

1. gr. Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skal falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skipar sandgræðslustjóra, með sérþekkingu á sandgræðslumálum, en hann skipar sandgræðslumenn og sandgræðsluverði eftir þörfum. — **2. gr.** Heimilt er ráðherra, að fengnu

1) Tilsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I. 11.

áliti sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands, að láta girða svæði, sem uppblástur getur stafað af, og vinna þar að sandgræðslu, til þess að koma í veg fyrir uppblástur og græða foksvæðin. Sandsvæðið skal tekið eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur fyrir afnotamissi og fyrir þá aðstöðuskerðingu til lífsbjargar, sem af slíkum ráðstöfunum stafar. — **3. gr.** Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, þang, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á. Svo skal sandgræðslumönnum og heimil hagaganga fyrir hesta í beitilöndum, gegn sanngjörnu endurgjaldi. — **4. gr.** Nú setur maður girðingar fast við sandgræðslugirðingu eða áfast henni, og skulu þá hlið vera á þeim eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara með þeim til eftirlits. — **5. gr.** Sandgræðslugirðingar skulu vera sexþættar gaddavírsgirðingar, eða jafntryggar til vörzlu úr öðru efni, og að öðru leyti svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þeim skal vel við haldið og þess gætt, að undirhleðsla hafi ekki bilað. Rísi ágreiningur um það, hvort girðing uppfylli þessi skilyrði, sker hreppstjóri viðkomandi hrepps úr. — Sandgræðslugirðingar má ekki leggja yfir alfaraleið, nema önnur jafngóð sé fær, án þess bagalegur krókur verði að. Verði vegur eða alfaraleið að liggja gegnum sandgræðslugirðingu, skal hlið vera á girðingunni. Er skylt að loka þeim, enda sé þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að opna þau og loka. Ef hlið er skilið eftir opið, varðar það sektum allt að 50 kr. Að öðru leyti er umferð bönnuð um sandgræðslusvæði, nema með leyfi sandgræðslustjóra. — **6. gr.** Ef girðing skaddast, skal sá, er þess verður var, skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemmdunum, ef eftirlitsmanns nýtur eigi. Er hreppstjóra þá skylt að sjá um, að gert sé við girðinguna eins fljótt og unnt er. Verði hann þess var, að meðferð sandgræðslusvæðis sé ábótavant eða það skemmist af uppblæstri, skal hann gera sandgræðslustjóra aðvart svo fljótt sem verða má. — **7. gr.** Nú selur ráðherra landsvæði það, sem tekið er eignarnámi, og skulu þá eigendur jarða þeirra, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt á því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 55 15 .júní 1926, um forkaupsrétt leiguliða. — **8. gr.** Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, og sendir hann þá Búnaðarfélagi Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlegar skýrslur um aðstæður allar. Lætur þá félagið sandgræðslustjóra athuga landið og gera tillögur um framkvæmd verksins, áætlun um kostnað og annað, sem að því lýtur, og tekur það síðan, að fram förnu mati á landsvæðinu, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslunefndar fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkvæmt 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnota af landinu. — **9. gr.** Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 8. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkvæmt 2. gr. fyrir matsverðið, að viðbættu því, er landeigandi hefur greitt til sandgræðslunnar. — **10. gr.** Þegar sandfokið er heft og landið fullgróið, fær landeigandi umráð yfir því. Skylt er þó landeiganda að hlíta þeim reglum um notkun þess, sem settar verða til varnar því, að uppblástur byrji að nýju. Landeigandi eignast þá girðinguna, en er skyldur til þess að halda henni við á sinn kostnað, þangað til sandgræðslustjórnin gefur leyfi til að taka hana upp og fullvíst þykir, að algerlega sé tekið fyrir alla hættu af uppblæstri, allt samkvæmt samningi, er um það skal gerður. — **11. gr.** Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkvæmt 10. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna. Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjórnin rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað, eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist. — **12. gr.** Hvar þess, er því verður við komið, skal kappkostað að koma upp skógi og kjarri í sandgræðslulöndum eins fljótt og kostur er á, og fer um það samkvæmt áætlun, er Bún-

1941 Nr. 18 28. maí

1941 Nr. 18 28. maí

aðarfélag Íslands gerir í ársbyrjun, eftir að hafa leitað álits Skógræktar ríkisins, og að öðru leyti samkvæmt reglum, er landbúnaðarráðherra kann að setja. — **13. gr.** [Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna. — Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögunum.][1]) — **14. gr.** . . .[2]) — **16. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—1000 krónum, sbr. þó 5. gr., nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál. . . .

1895 Nr. 6 15. febr.

Lög til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu á þann hátt, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Þegar sýslunefndinni þykir þörf á, eða vera hagfellt að gera samþykkt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í héraði því, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir héraðsbúar þeir, er kosningarrétt hafa til Alþingis. — Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sé fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við höndina. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — **3. gr.** Sýslunefndin semur frumvarp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr. — Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni[1]) frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gerðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með ⅔ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar; en álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði héraðsfundar, og verði það þá samþykkt með ⅔ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar. — Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefir verið samþykkt með ⅔ atkvæða á héraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrr en að ári liðnu. — **4. gr.** Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktar ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþykktin nær yfir. — Samþykkt þeirri, er amtmaður hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á. — Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar séu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna. — **5. gr.** Í samþykkt skal ávallt kveða á um eftirlit það, er þarf til þess að hennar sé vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir. — **6. gr.** Brot gegn staðfestum samþykktum varðar 5—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helming sektanna. — **7. gr.** Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

1895 Nr. 6 15. febr.

1894 Nr. 12 13. apríl

Samþykktarlög um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu.

1. gr. Sýslunefndinni veitist vald til, að gera samþykkt[2]) um verndun Safamýrar á

1) L. nr. 76, 10. nóv. 1943, § 1. — 2) L. nr. 85, 16. des. 1943, § 16.

1) Tsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I. 11. — 2) Samþykkt nr. 92, 31. ágúst 1900.

1894 Nr. 12 13. apríl

þann hátt, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Nú þykir sýslunefndinni þörf á að gera samþykkt til að vernda og viðhalda Safamýri, skal hún kveðja eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hlut eiga að máli, til fundar, og eiga þeir allir atkvæðisrétt á þeim fundi. — Sýslunefndin kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sé fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa skrá yfir þá, sem atkvæðisrétt eiga á fundinum, við höndina. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — **3. gr.** Sýslunefndin semur frumvarp til samþykktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði fundar þess, er um er rætt í 2. gr. — Nú fallast fundarmenn á frumvarp nefndarinnar, breytt eða óbreytt, með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni[1]) frumvarpið til staðfestingar. — **4. gr.** Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rétti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og kveður á um, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli. — Samþykkt þeirri, sem amtmaður hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á. — Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sé prentuð í B-deild Stjórnartíðindanna. — **5. gr.** Samþykktin skal kveða á um eftirlit það, sem þarf til þess að hennar sé vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir. — **6. gr.** Brot gegn staðfestri samþykkt varðar 10—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. — **7. gr.** Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

1917 Nr. 68 14. nóv.

Lög um áveitu á Flóann.

1. gr. Landsstjórninni heimilast að láta veita vatni úr Hvítá í Árnessýslu, nálægt Brúnastöðum, á Flóann, og nái sú áveita til þeirra jarða í Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi, Gaulverjabæjarhreppi, Stokkseyrarhreppi, Eyrarbakkahreppi og Sandvíkurhreppi, þar sem landslag leyfir áveitu, en fari þó eigi yfir þau svæði í Gaulverjabæjarhreppi, sem nota áveitu úr Þjórsá. Heimild þessi kemur til framkvæmda, þá er stofnað hefir verið áveitufélag samkv. 3. gr. þessara laga og samþykkt fyrir það náð staðfestingu stjórnarráðsins. — **2. gr.** Stofnkostnaður áveitunnar, að flóðgörðum meðtöldum, greiðist að ¼ hluta úr landssjóði, en að ¾ hlutum skal áveitan kostuð af eigendum jarða þeirra, sem áveitan nær til, með þeim nánari ákvörðunum, er lög þessi setja. — Til stofnkostnaðar skal einnig telja auknings og umbætur, sem nauðsynlegt þykir að gera á áveitunni, eftir að hún er tekin til notkunar, en eru stærri en svo, að fært þyki að reikna þær til viðhalds áveitunni. — Með stofnkostnaði áveitunnar skal og telja vexti og afborganir af áveituláni því, er ræðir um í 7. gr. þessara laga, á meðan framkvæmd verksins stendur yfir, og ennfremur afborganir af láninu 5 fyrstu árin eftir að áveitan er tekin til notkunar, ef afborgana er krafizt af láninu þann tíma. — **3. gr.** Jarðeigendur á áveitusvæðinu mynda með sér áveitufélag, og nefnist það Flóaáveitufélagið. — Til þess að undirbúa stofnun áveitufélagsins skulu í hverjum hreppi á áveitusvæðinu, samkvæmt 1. gr., kosnir 2 fulltrúar á lögmætum sveitarfundi. Skulu þeir svo í sameiningu kveðja alla jarðeigendur áveitusvæðisins, með nægum fyrirvara, til stofnfundar. Atkvæðisrétt til félagsstofnunar og á félagsfundum hefir sérhver eigandi jarðar eða jarðarparts, sem áveitan nær til. Eigi einhver eða einhverjir þeirra heima utan áveitusvæðisins, geta þeir gefið öðrum umboð til þess að mæta á fundum fyrir sína hönd. Áveitufélagið telst stofnað ef ¾ fundarmanna greiða atkvæði með stofnun þess, en lögmætur er stofnfundur því aðeins að ¾ jarðeigenda sæki fundinn. — Sæki ekki nógu margir stofnfund til þess að lögmætur sé, skal samt atkvæða leitað um félagsstofnunina, og verði henni samþykkir ¾ fundarmanna, skal með sama hætti og getið var boðað til nýs stofnfundar innan 2 mánaða, og er félagsstofnunin löglega samþykkt á þeim fundi með atkvæði ¾ fundarmanna, án tillits til þess, hve margir sækja þann fund. — **4. gr.** Fyrir stofnfund skulu fundarboðendur leggja frumvarp til áveitusamþykktar. Gildir hún sem lög fyrir áveitu-

1) Sbr. tsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I. 11.

1917 Nr. 68 14. nóv.

félagið, þá er hún hefir náð samþykki fundarins og öðlazt staðfestingu stjórnarráðsins. Í samþykkt skal kveða á um, að stjórn félagsins skipi 3 menn, er kosnir séu til 1 árs í senn,[1]) og 1 til vara fyrir hvern aðalmann. Ennfremur skal greina störf félagsstjórnarinnar, réttindi og skyldur félagsmanna, umsjón og viðhald áveitunnar og greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir. Skal og getið jarða þeirra allra, er veitan nær til. — Eigi verður samþykkt gerð, nema ¾ fundarmanna greiði henni atkvæði í heild, en um einstök atriði hennar ræður afl atkvæða. Breytingar á samþykktinni, er síðar kunna að koma til á fundum áveitufélagsins, verða eigi gerðar nema ¾ fundarmanna á lögmætum félagsfundi greiði atkvæði með þeim, og öðlist breytingin staðfestingu stjórnarráðsins. — **5. gr.** Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt í 4. gr., og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rétt manna, og synjar það þá um staðfestingu, en skýrir stjórn áveitufélagsins frá ástæðum fyrir neituninni. Skal þá stjórn áveitufélagsins kveðja þegar til fundar í áveitufélaginu með nægum fyrirvara, og taka félagsmenn ákvarðanir um athugasemdir stjórnarráðsins og gilda þar um ákvæði 4. gr., þann veg að afl atkvæða ræður um einstakar breytingartillögur. — **6. gr.** Ákveða má í samþykkt allt að 400 kr. sekt fyrir brot gegn henni, og renna sektir í sjóð áveitufélagsins. — Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál. — **7. gr.** Til þess að standast stofnkostnað áveitunnar, án flóðgarða, að þeim ¾ hlutum, sem jarðeigendum ber að greiða, tekur áveitufélagið peningalán, að svo miklu leyti sem með þarf, og nýtur til þess tilstyrks landsstjórnarinnar. — Landssjóði veitist heimild til þess að ábyrgjast lán þetta, sé það ekki tekið hjá landssjóði sjálfum, en hann skal tryggður með veði í jörðum þeim á áveitusvæðinu, er áveitunnar njóta, ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar, og eru eign jarðeigenda, þó svo, að laust sé, til frjálsra afnota jarðeigenda eða veðsetningar, sem svarar ⅗ hlutum virðingarverðs hverrar jarðeignar, samkvæmt mati áður en áveitufyrirtækið var hafið, sem landsstjórnin tekur gilt, en næst þar á eftir komi veðréttur landssjóðs. — Með veðrétti þessum skal einnig tryggður viðhalds- og umsjónarkostnaður áveitunnar. Svo stendur hann og sem trygging fyrir því, að gerðir séu flóðgarðar á hinum einstöku jörðum, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — **8. gr.** Stjórn áveitufélagsins jafnar niður áveitukostnaðinum (stofnkostnaðinum) á jarðir þær, er hlut eiga að máli — en það eru allar þær jarðir, er áveitan nær til —, og skal við þá niðurjöfnun aðallega farið eftir stærð þess áveitulands, er hverri jörð tilheyrir, er reiknast þó aldrei meira en ¾ hlutar af stærð allrar jarðarinnar, með hæfilegu tilliti til þess, ef einhverjar af jörðunum standa sérstaklega að vígi um not áveitunnar. — Sé einhver áveitufélagsmanna óánægður með niðurjöfnun stjórnar áveitufélagsins, getur hann skotið máli sínu til landsstjórnarinnar, er sker úr þrætunni til fullnaðar. Eftir að allur ágreiningur er þann veg útkljáður, staðfestir stjórnarráðið niðurjöfnunina. — **9. gr.** Stjórn áveitufélagsins skal fyrir 1. október ár hvert gera áætlun um viðhalds- og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Með umsjónarkostnaði telst þóknun til félagsstjórnar og endurskoðenda. Kostnaði þessum jafnar áveitufélagsstjórnin síðan niður á jarðir þær, sem áveitan nær til, eftir sama mælikvarða og stofnkostnaðinum samkv. 8. gr. — Áveitufélagsstjórnin skal gera skrá yfir gjöld þessi, svo og afborganir þær og vexti af áveitulániinu, sem hverri einstakri jörð ber að greiða eftir ítölu hennar í stofnkostnaði áveitunnar samkv. 8. gr. Eftir gjaldskrá þessari skal áveitufélagsstjórnin innheimta árgjöldin í heild sinni hjá jarðeigendum fyrir 1. nóvember. — Reikningsár áveitufélagsins er almanaksárið. — **10. gr.** Lögtaksréttur fylgir öllum þeim áveitugjöldum, sem greind eru í lögum þessum. — Innheimtist áveitugjöldin ekki frjálslega eða með lögtaksgerð hjá skuldunaut, eða vanrækt er að gera flóðgarða á jörð samkvæmt 16. gr., skal gengið að tryggingarveðinu í jörð þeirri eða jörðum, er vanskilin eða vanrækslan stafar frá. Seljist jörð eigi á nauðungaruppboði því verði, að þessum veðskuldum sé fullnægt, skal landssjóður láta leggja sér út jörðina, enda ber hann síðan sem jarðeigandi þær skyldur, sem á jörðinni hvíla, vegna áveitunnar. — **11. gr.** Leiguliði á jörð, sem áveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa jarðeiganda skil á umsjónar- og viðhaldskostnaði áveitunnar samkvæmt hinni árlegu niðurjöfnun, svo og á fullum vöxtum af þeim

1) Sjá nú l. nr. 10, 15. júní 1926, § 5.

1917 Nr. 68 14. nóv.

¾ hlutum stofnkostnaðarins, sem jarðeiganda ber að greiða samkvæmt 2. gr., og enn fremur vöxtum af þeim hluta andvirðis flóðgarðanna á jörðinni, sem eigandi hefir lagt fram samkvæmt 15. gr. — Viðtakanda jarðar í fardögum ber að inna af hendi nefnd leiguliðagjöld yfirstandandi árs. — **12. gr.** Stjórn áveitufélagsins annast allar framkvæmdir fyrir félagsins hönd milli funda. Skal hún með samþykki landsstjórnarinnar ráða umsjónarmann áveitunnar, er segir fyrir um notkun vatnsins og sér um framkvæmd viðhaldsins. — Nánari ákvarðanir um verksvið umsjónarmannsins skulu greindar í samþykkt. — Landsstjórninni er heimilt eftirlit með því, að verkinu sé vel við haldið, eftir því sem hún telur nauðsyn á. Skal áveitufélagsstjórn og umsjónarmanni skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi. — **13. gr.** Aðalfund áveitufélagsins skal halda fyrir miðjan febrúar ár hvert. Skal stjórn áveitufélagsins boða til hans með 3 vikna fyrirvara í öllum hreppum á áveitusvæðinu, á sama hátt og boðað er til lögmætra sveitafunda. — Á aðalfundi skal tekið fyrir: 1. Stjórn áveitufélagsins skýrir frá hag og framkvæmdum félagsins á umliðnu ári. 2. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar áveitunnar fyrir sama ár. 3. Kosin stjórn áveitufélagsins[1]) og 2 endurskoðunarmenn reikninga. 4. Rædd og tekin ályktun um önnur mál, er áveituna varða. — Til aukafunda í félaginu skal boða með sama hætti og til aðalfundar. — **14. gr.** Landsstjórnin annast undirbúning og framkvæmd áveitugerðarinnar, en leita skal hún samþykkis áveitufélagsstjórnarinnar áður en tekið er tilboði um framkvæmd verksins eða ráðinn verkstjóri, ef verkið er framkvæmt á kostnað áveitufélagsins beinlínis. Aðrar ráðstafanir sínar hér að lútandi, svo sem um eftirlit með verkinu o. fl., ber landsstjórnin undir stjórn áveitufélagsins, ef henni þykja ástæður til og atvik leyfa. — **15. gr.** Jarðeigendum er skylt að láta gera nægilega flóðgarða á jörðum þeim, er áveitunnar njóta, gegn ¼ tillagi úr landssjóði samkvæmt 2. gr. En mælingar fyrir flóðgarðana og leiðbeiningar um gerð þeirra skulu látnar landeigendum í té á kostnað áveitunnar. — **16. gr.** Vanræki jarðeigandi að láta gera flóðgarða á jörð sinni samkvæmt 15. gr., getur leiguliði látið gera þá. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka í verði að varanlegu eftirgjaldi fyrir flóðgarðana, og fær þá leiguliði endurgoldinn kostnað sinn við gerð flóðgarðanna, þó ekki meira en svarar fimmtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er. — Ef hvorki landsdrottinn né leiguliði vill láta gera þá flóðgarða, sem nauðsynlegir þykja til þess, að áveitan komi að haldi, eftir áliti tveggja dómkvaddra, óvilhallra manna, getur áveitufélagsstjórnin með samþykki landsstjórnarinnar gengið að jörðinni samkvæmt 10. gr. — **17. gr.** Vilji einhverjir landeigendur á áveitusvæðinu eigi taka þátt í áveitunni eða áveitukostnaði þeim, er af henni leiðir lögum þessum samkvæmt, skal stjórn áveitufélagsins krefjast þess, að jörð sú, er um ræðir, sé tekin eignarnámi handa landssjóði, ef ekki næst samkomulag um, að jarðeigandi láti jörðina af hendi eða selji hana. Verði landssjóður eigandi slíkra jarða, gilda um skyldur þær, sem á þeim hvíla vegna áveitunnar, allar hinar sömu reglur og um jarðir einstakra manna eftir lögum þessum. — Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari, ef hann á eigi hlut í áveitunni, ella næsti héraðsdómari, 3 óvilhalla menn utan áveitusvæðisins. — Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar, 18. og 20. gr.[1]) — **18. gr.** Þegar samþykkt fyrir áveitufélagið hefir náð staðfestingu stjórnarráðsins samkvæmt 4. og 5. gr., eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina og að efni sé tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfirleitt að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem áveituverkið hefir í för með sér. Fullar bætur fyrir landnám þetta og jarðrask m. m. greiðist eigendum þeirra jarða, sem eigi geta haft not áveitunnar, en eigendum áveitujarða greiðist því að eins bætur, að landnám og jarðrask á jörðum þeirra sé meira tiltölulega en á öðrum jörðum á áveitusvæðinu. — Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeigenda og stjórnar áveitufélagsins,

1) Sjá l. nr. 10, 15. júní 1926, § 5.

1) Sjá nú vatnalög nr. 15, 20. júní 1923, XV. og XVI. kafla.

1917 Nr. 68 14. nóv.

1917 Nr. 68 14. nóv.

en náist ekki samkomulag, skulu bætur metnar af 3 óvilhöllum mönnum, sem dómkvaddir skulu til þess í eitt skipti fyrir öll fyrir allt áveitusvæðið. Um yfirmat fer eftir 20. gr. vatnsveitingalaganna frá 22. nóv. 1913.[1]) — **19. gr.** Óski jarðeigandi, er þátt tekur í áveitunni, að greiða áveitukostnað sinn allan, annan en viðhalds- og umsjónarkostnað, eða nokkurn hluta hans fyrirfram í eitt skipti fyrir öll, skal honum það heimilt. Svo skal og leyft hlutaðeigendum, er þess æskja, að láta af hendi land, er áveitunnar nýtur, upp í áveitukostnaðinn, að einhverju eða öllu leyti, er sé svo stórt og þannig lagað, að á því megi reisa nýbýli, og skal fara um mat á því landi eftir ákvæðum 17. gr., en landssjóður eignast landið. — **20. gr.** Um skipti á óskiptu landi, sem vatni er veitt á samkv. lögum þessum, fer eftir 6. gr. laga um vatnsveitingar frá 22. nóv. 1913[2])

1926 Nr. 10 15. júní

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

1. gr. Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitusvæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins, enda nemi tillag ríkissjóðs til vegagerða aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir ¼ kostnaðar til annarra framkvæmda. — **2. gr.** Áður en ráðizt er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sérfræðing til, eftir því sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sérfræðingum greiðist úr ríkissjóði. — **3. gr.** Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst að Flóaáveitufélagið skuli greiða, jafnar stjórn áveitufélagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt. — **4. gr.** Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skipta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamálastjóra. — **5. gr.** Stjórn áveitufélagsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir séu til 3 ára. Ganga þeir úr stjórninni sitt árið hver, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

1926 Nr. 10 15. júní

1933 Nr. 56 19. júní

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

1. gr. Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir. — **2. gr.** Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar. — **3. gr.** Í stað þess að greiða áveituskatt samkvæmt 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll. Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkvæmt 11. gr. — **4. gr.** Nú er land tekið samkvæmt ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu. — **5. gr.** Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu. — **6. gr.** Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum. — **7. gr.**

1) Sjá nú vatnalög nr. 15, 20. júní 1923, § 146. — 2) Sjá nú l. nr. 15, 20. júní 1923, § 48.

1933 Nr. 56 19. júní

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær. — **8. gr.** Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar. — **9. gr.** Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður. — **10. gr.** Útmæling landa samkv. ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934. — **11. gr.** Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkvæmt reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

1943 Nr. 117 30. des.

Lög um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að selja lönd, er látin hafa verið af hendi upp í áveitukostnað á Flóaáveitusvæðinu, fyrir það verð, er Búnaðarfélag Íslands metur, þó aldrei lægra en sem svarar afhendingarverði þess til ríkissjóðs. — Skilyrði fyrir sölunni eru: a. Að landið sé ekki til þess fallið að reka á því sjálfstæðan, lífvænlegan búskap, hvorki einu út af fyrir sig né í sameiningu við önnur lönd, sem kostur er á, að dómi nýbýlastjórnar. b. Að landsins sé ekki þörf til notkunar frá nærliggjandi kauptúnum. Þörf þeirra til landsins kemur þó því aðeins til greina, að þau hafi aðstöðu til að notfæra sér það, og skal um hvort tveggja hlíta úrskurði Búnaðarfélags Íslands. c. Að hlutaðeigandi hreppsnefnd mæli með sölunni. — **2. gr.** Nú er land selt, og skal þá sá jarðareigandi hafa forkaupsréttinn, er mesta þörf hefur á, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að leggja það undir býli sitt af þeim, er auðvelt eiga með að hirða um landið og notfæra sér það á allan hátt, enda leggi hann það undir jörðina.

1930 Nr. 43 19. maí

Lög um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

1. gr. Atvinnumálaráðherra er heimilt, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem til er tekið í lögum þessum, að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og Viðlagasjóði, sem hvíla á eigendum jarða í Skeiðahreppi í Árnessýslu vegna Skeiðaáveitunnar. — **2. gr.** Jarðir þær, sem átt er við í 1. gr., eru þessar: Fjall (tvö býli), Framnes, Birnustaðir, Reykir, Húsatóftir (tvö býli), Hlemmiskeið (tvö býli), Brjámsstaðir, Votamýri, Blesastaðir, Skeiðháholt, Kálfhóll, Kílhraun, Borgarkot, Langamýri, Arakot, Brúnavallakot, Syðri-Brúnavellir, Útverk, Miðbýli, Vorsabær, Efri-Brúnavellir og Árhraun. — **3. gr.** Atvinnumálaráðherra má því aðeins nota heimild þá, sem felst í 1. gr., að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum: 1. Að allir eigendur jarðanna, sem nefndar eru í 2. gr., skuldbindi sig til þess að hlíta lögum þessum. — 2. Að þeir eigendur jarðanna, sem að áliti þriggja manna nefndar, er atvinnumálaráðherra skipar, þurfa þess, vegna skuldbindinga, er ekki koma áveitunni við, leiti nauðasamninga við lánardrottna sína og nái þeim með kjörum, sem nefndin telur ekki ofvaxið fjárhag þeirra. — 3. Að hreppsnefnd Skeiðahrepps, með samþykki lögmæts hreppsfundar, ábyrgist gagnvart ríkissjóði, að eigendur jarða þeirra, sem í 2. gr. getur, greiði á árunum 1930—1980, í gjalddaga 20. október ár hvert, 2% af höfuðstóli lánanna, sem tekin hafa verið til áveitunnar og hvíla á eigendum jarðanna, eins og hann verður, þegar lög þessi öðlast gildi. — **4. gr.** Til þess að bæta ríkissjóði gjöld, sem hann hefir af lögum þessum, ef heimild 1. gr. verður notuð, er lagður verðhækkunarskattur á jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., og er hann tvennskonar, verðhækkunarskattur eftir fasteignamati og verðhækkunarskattur við sölu. — **5. gr.** Til grundvallar verðhækkunarskatti eftir fasteignamati skal leggja landverð jarðanna eins og það er talið í jarðamatsbókinni frá 1921, og kemur hann fyrst til framkvæmda við mat það, sem á fram að fara árið 1940. Skattur þessi nemur 10% af hækkun landverðsins og greiðist með jöfnum afborgunum og 6% ársvöxtum á næstu 10 árum eftir hvert almennt fasteignamat. Heimilt er þó jarðeiganda að greiða hann fyrr, ef hann óskar. — Skattur þessi greiðist í síðasta sinni af verðhækkun, sem verða kann við fasteignamatið 1980, og

1930 Nr. 43 19. maí

skal því falla burtu í síðasta lagi 1990. — Skatturinn telst aðeins af þeirri hækkun landverðsins, sem orðið hefir á síðustu 10 árum, nema í fyrsta skipti telst hann af hækkun þess á síðustu 20 árum. — Sýslumaður innheimtir skattinn á manntalsþingum og gerir ríkissjóði skil fyrir honum á sama hátt og öðrum tekjum hans. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikningshaldi skuli háttað. — **6. gr.** Söluskatturinn miðast við fasteignamat (landverð og húsaverð) eins og það er á þeim tíma, sem sala fer fram. Skatturinn nemur 20% af því, sem söluverðið er hærra en fasteignamatið, og greiðist hann sýslumanni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er fullsamið var um söluna. Bæði kaupandi og seljandi eru ábyrgir fyrir greiðslu skattsins. — Nú hefir seljandi gert húsabætur eða túnbætur síðan síðasta jarðamat fór fram, og skal þá sýslumaður, ef þess er óskað, láta fram fara mat á, hversu mikið jörðin muni hafa hækkað í verði við umbæturnar, eftir þeim reglum, sem fasteignamatsnefndir fylgja. Þegar svo stendur á sem hér segir, greiðist skatturinn af mismun söluverðs og samanlögðu fasteignamati og verði umbótanna. — Skattur samkvæmt þessari grein greiðist ekki, þegar jörð fellur í arf til maka, afkomenda eða fósturbarna. Annars greiðist hann jafnan, er sala fer fram, frá því er lög þessi öðlast gildi og til ársloka 1980. — Sýslumaður gerir árleg skil fyrir skattinum á sama hátt og segir í 5. gr. — **7. gr.** Nú greiðir jarðeigandi að fullu hluta jarðar sinnar af stofnkostnaði áveitunnar áður en 10 ár eru liðin frá því lög þessi öðlast gildi, og er þá jörð hans undanþegin öllum skatti samkvæmt lögum þessum. — **8. gr.** Jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., eru að lögveði fyrir greiðslum öllum, er ræðir um í 3.—6. gr. laga þessara, næst á eftir því, sem nú hvílir á þeim. Lögveð þetta hefir uppfærslurétt, þannig, að þegar það er greitt, sem nú hvílir á, kemur lögveðið næst á eftir almennum opinberum sköttum. — **9. gr.** Lög þessi ná ekki til þeirra jarða á áveitusvæðinu, sem eru utan Skeiðahrepps. — **10. gr.** Ríkissjóður hefir lögtaksrétt fyrir greiðslum samkvæmt lögum þessum. — **11. gr.** Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um viðhald og starfrækslu Skeiðaáveitunnar. Þar skal taka til, hvernig áveitumálum skuli stjórnað, skylda ábúendur til að halda áveitunni við, kveða á um framlög til hennar og annað, sem með þarf, til þess að hún komi að sem fyllstum notum. Reglugerð þessi gildir sem lög fyrir áveitufélagið og má ákveða sektir fyrir brot gegn henni. Þegar reglugerðin verður gefin út, fellur úr gildi samþykkt um félagsáveitu í Skeiðahreppi, 24. september 1917.

1930 Nr. 43 19. maí

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

1936 Nr. 77 23. júní

1. gr. Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, er stofnað hefir verið til vegna áveitu á Skeiðin, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir. — Ennfremur er stjórninni heimilt að taka að sér greiðslu á áveituskuldum jarðanna Skálmholts, Skálmholtshrauns og Þjótanda, og fer um endurgreiðslu þeirra skulda til ríkissjóðs eftir ákvæðum þessara laga um greiðslu á áveituskuldum annarra jarða áveitusvæðisins. — **2. gr.** Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 kr. á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar. — **3. gr.** Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll. — Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkvæmt 11. gr. — **4. gr.** Nú er land tekið samkvæmt ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó landbúnaðarráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu. — **5. gr.** Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu. — **6. gr.** Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka

1936 Nr. 77 23. júní

land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum. — **7. gr.** Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær. — **8. gr.** Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar. — **9. gr.** Lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal fara með samkvæmt því, er lög nr. 25 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, mæla fyrir um, eftir því sem við verður komið.[1]) En þangað til skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út löndin, og skulu ábúendur þeirra jarða, er löndin eru tekin frá, hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður. — **10. gr.** Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1936. En verði verkinu ekki lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1937. — **11. gr.** Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

1948 Nr. 19 22. marz

Lög um búfjárrækt.

I. kafli. — Um nautgriparækt. — 1. gr. Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkv. lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgriparæktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. — Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd. — Nú setur búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, er félagið hafði kosið til þess sérstaklega. — **2. gr.** Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún, eftir því sem við verður komið, velja fyrir vorhreppaskilaþing og á þeim tilkynna hreppsbúum, hver þau séu. — Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga. — Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl. — Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við það. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, sem leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa með kálfi, sbr. 6. gr. — **3. gr.** Bannað er að láta naut eldri en 7 mánaða ganga laus í afréttum eða í heimahögum. Þó getur kynbótanefnd leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina. — **4. gr.** Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum, sem skulu sett í reglugerð. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests. — **5. gr.** Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst, að notað skuli til undaneldis, gæzlulaust eða utan öruggrar vörzlu, og skal þá taka það í trygga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur. — Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem við verður komið taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi naut ekki verið í geymslu á ábyrgð kynbótanefndar, á nefnd-

1) Sbr. nú l. nr. 35, 25. apríl 1946.

in rétt á endurgreiðslu frá þeim, er bar ábyrgð á geymslu þess. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með mánaðar innlausnarfresti. — **6. gr.** Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 2. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum. — Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði. — Geti kýreigandi sannað, að kýr hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að greiða nema hálfan nautstoll. — Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda, að láta menn greiða nautstolla með fóðri eða heyi að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur. — **7. gr.** Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó að einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála. — Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 6. gr.), og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga. — **8. gr.** Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum nautpenings í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi nautgriparæktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast nautgriparæktarfélög. Samþykktir búnaðarfélaga og nautgriparæktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar. — **9. gr.** Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins og hér greinir, á hverja reiknaða árskú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því, að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365: 1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári. 2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári. 3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári. — Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal kveða á um í reglugerð. — **10. gr.** Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 9. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið 1. og 2. verðlaun á nautgripasýningum, eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 150.00 á 1. verðlauna naut og kr. 75.00 á 2. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga. Heimilt er þó að greiða allt að 25% hærri fóðurstyrk á naut, sem óhjákvæmilegt er að ala inni yfir sumarið. — Þau félög, sem að dómi nautgriparæktarráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk á naut sín. — **11. gr.** Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu, þar á meðal nautgriparækt, og ráða til þess sérstakan héraðsráðunaut, sbr. 75. gr., enda sé þar ekki fyrir starfandi nautgriparæktarsamband. Heimilt er nautgriparæktarfélögum í þeim búnaðarsamböndum, er ekki óska að sinna þessum verkefnum, að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega. — Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarfélaga að setja á stofn nautgripauppeldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. V. kafla. — **12. gr.** Sambönd þau, sem um ræðir í 11. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir: 1. Kr. 1.00 á ári á hverja

1948 Nr. 19 22. marz

reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar yfir til Búnaðarfélags Íslands. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir, eða héraðsráðunaut samkvæmt 75. gr., er jafnframt annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið, þar sem það er starfandi. 2. Til nautgripauppeldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálf, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir. 3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 10. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðlauna naut samkv. 10. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut. — **13. gr.** Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi. Landinu skal skipt í 4 sýningarsvæði, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kúm og 3. verðlauna á nautum. 1. og 2. verðlaun á nautum greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru 1. verðlaun 150 kr. og 2. verðlaun 50 kr. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga afkvæmi á sýningunni, sem tvímælalaust taka fram mæðrum sínum. Kúm skal veita 1., 2. og 3. verðlaun, og skal hæð þeirra ákveðin með reglugerð. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 100.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra. — **14. gr.** Nú kemur búnaðarfélag, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, eða nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði allt að kr. 400.00 til hverrar girðingar, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Ekki má styrkja fleiri en þrjár girðingar í sama hreppsfélagi.

II. kafli. — Um sauðfjárrækt. — 15. gr. Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur. — Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur. — Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins. — Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi: 1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótaféð. 2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótaféð og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki. 3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna. 4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn. — Samþykktir, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar. — **16. gr.** Félög þau, sem um ræðir í 15. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern fyrstu verðlauna hrút og allt að 50 aurum á hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga og skýrslur eru haldnar yfir og sendar til Búnaðarfélags Íslands. — Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt. — **17. gr.** Auk þess, sem um getur í 16. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, þó ekki yfir ⅔ hluta móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða framlagi annarra aðila. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að

verðlauna þessi bú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglum, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands. — Fjárræktarbú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 15. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búið, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búið skuli starfa áfram, í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búið. Greiða skal fyrir fé búsins með matsverði dómkvaddra manna. — **18. gr.** Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með sauðfjárræktarbúum, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess. Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um störf sín, en það skal birta útdrátt úr þeim. — **19. gr.** Bannað er að láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Heimilt er þó einstökum fjáreigendum að láta hrúta sína ganga með ám eftir 20. desember, ef tryggt er, að dómi hlutaðeigandi hreppstjóra, að hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni. Verði þó tjón af þessum hrútum, eru eigendur þeirra skaðabótaskyldir. — **20. gr.** Nú hittist gæzlulaus hrútur á tímabilinu, sem um ræðir í 19. gr., og er þá þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það landeiganda, sem skal taka hann í vörzlu, og ef hann á ekki hrútinn, skal hann gera eiganda hans aðvart eins fljótt og við verður komið. Eigandi skal vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því að hann fékk tilkynninguna, en að þeim tíma liðnum skal farið með hrútinn eins og óskilafé. — **21. gr.** Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum fjórða hvert ár, þar sem þess er óskað. Skal landinu skipt í fjögur sýningarumdæmi, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. — Til verðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og er ráðunautur þess í sauðfjárrækt sjálfkjörinn formaður sýningarnefndar, en hreppsnefnd kýs tvo meðdómendur og annast undirbúning sýninganna. — **22. gr.** Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær annað hvert ár, eftir því sem við verður komið. Á þessum sýningum má aðeins sýna hrúta og ær frá þeim bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur að dómi sauðfjárræktarráðunautar. — Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	fyrir fyrstu	verðlauna	hrút	..	kr. 50.00
b.	— annarra	—	—	..	— 25.00
c.	— þriðju	—	—	..	— 12.50
d.	— fyrstu	—	á	..	— 10.00
e.	— annarra	—	-	..	— 5.00
f.	— þriðju	—	-	..	— 2.50

— Enn fremur má veita fyrstu heiðursverðlaun, allt að kr. 100.00 á hrút. — Framlag ríkissjóðs samkv. þessari grein er bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi búnaðarsamband eða sýslusjóður leggi fram jafnt framlagi ríkissjóðs. — Um skilyrði fyrir verðlaunaveitingum og um fyrirkomulag afkvæmasýninga skal ákveða með reglugerð.

III. kafli. — Um hrossarækt. — 23. gr. Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. — Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega. — Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru ætluð í lögum þessum. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar. — Í lögum þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest 1½ árs eða eldri. — **24. gr.** Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 23. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða að reisa nýja girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins, skal árlega jafna niður með hlið-

sjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf. — **25. gr.** Sé enginn stóðhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur, er þess óska, krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot stóðhests í öðrum hreppi eða leyft að hafa stóðhest til notkunar. — **26. gr.** Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.[a]) — Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla. — **27. gr.** Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða L K á hægri lend, þá skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandi ekki innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er þeim þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki. — Finnist ómerktur stóðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkv. 28. og 29. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málsgr. þessarar greinar. — **28. gr.** Þegar stóðhestar hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun á héraðssýningum eða á afkvæmasýningum, skal hrossaræktarráðunautur gefa eigendum þeirra skriflega heimild til að merkja þá með kynbótahestsmerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós, að merktur stóðhestur er ekki til kynbóta að dómi hrossaræktarráðunautar, skal hann afnema heimildina. Hrossakynbótanefndir geta veitt leyfi til að merkja aðra stóðhesta með kynbótahestsmerki, ef ástæða er til og að fengnu leyfi hrossaræktarráðunautar. — Verði einhver uppvís að því að merkja stóðhest heimildarlaust með kynbótahestsmerkjum K eða LK (sbr. 29. gr.) á hægri lend, skal hann látinn sæta sektum samkv. 83. gr. þessara laga. — **29. gr.** Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélögum, einu eða fleiri sameiginlega, undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, ef það telur, að beitilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Undanþágu þessa getur Búnaðarfélagið numið úr gildi með eins árs fyrirvara. —Til þess að undanþága þessi verði veitt skal liggja fyrir umsókn um hana frá hlutaðeigandi hreppsnefndum. Fyrst skal málið hafa verið rætt á almennum sveitarfundi og verið samþykkt þar af ⅔ hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og skal síðan hafa hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli. — Enn fremur skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum, ef undanþága þessi er veitt: Stóðhestar þeir, sem sleppt er, mega ekki vera yngri en þriggja vetra, og skulu eigendur þeirra fá leyfi fyrir hvern hest. Skal hesturinn þá merktur greinilega með stöfunum LK á hægri lend og með númeri, sem ráðunauturinn ákveður, á þá vinstri. — **30. gr.** Valdi stóðhestar, sem ganga lausir eða sleppa úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eignum annarra, er eigandi þeirra skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um skaðabætur. Er hlutaðeigandi sveitarsjóður skyldur að annast greiðslur þessara skaðabóta, ef þess er krafizt. — **31. gr.** Við smölun og réttun að haustinu skulu gangnaforingjar og réttarstjórar hafa strangt eftirlit með því, að stóðhestar sleppi ekki úr stóðrekstrum, og séu þeir merktir, geta þeir krafizt skriflegra heimilda fyrir merkingu þeirra. — **32. gr.** Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast hrossaræktarfélög. Samþykktir búnaðarfélaga og hrossaræktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar. — **33. gr.** Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til

a) XXI, 446.

1948 Nr. 19 22. marz

kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan 1. verðlauna hryssum, sem hér segir: — Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi: 200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi; 150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun fyrir afkvæmi; 125 kr. ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu; 100 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur 1. verðlaun á héraðssýningu; Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti. — Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið 1. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn 2. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slíkra verðlauna verður. — Samkvæmt þessari grein skal ekki veita styrk nema einu sinni til kaupa á sama hesti. — **34. gr.** Búnaðarfélög og hrossaræktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 33. gr., fóðurstyrk til stóðhestahalds, ef þau nota stóðhest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun eða 1. eða 2. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er 150 kr. á heiðursverðlaunahest, 100 kr. á 1. verðlauna hest og 50 kr. á 2. verðlauna hest. Styrkur þessi greiðist árlega, meðan hesturinn er notaður og nýtur þessarar viðurkenningar. — **35. gr.** Búnaðarfélög, hrossaræktarfélög eða hreppsfélög, er láta reisa girðingu fyrir hrossakynbótastarfsemi, fá allt að 400 kr. styrk úr ríkissjóði á hverja girðingu að verkinu loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum, enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum: 1. að hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt nauðsyn girðingarinnar; 2. að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða honum tryggð full afnot á landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemmri tíma en 15 ár; 3. að landið sé vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands; 4. að girðingin sé minnst 5 gaddavírsstrengir eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og ekki lægri en 135 cm; 5. að styrkþegi hafi skuldbundið sig með skriflegri yfirlýsingu að halda girðingunni við í að minnsta kosti 15 ár. — **36. gr.** Þegar minni hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi og utanfélagsmenn vilja ekki vera í samvinnu við þá um kynbótastarfið, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka þátt í kostnaði af kynbótastarfi þeirra, sem utan félagsins eru. — [**37. gr.** Heimilt er hrossaræktarfélögum að mynda með sér samband til þess sameiginlega að vinna að hrossakynbótum á sambandssvæðinu, ef eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi: 1. Að sambandið nái yfir minnst 10 hreppa og þátttakendur eigi minnst 1000 hryssur. 2. Að sambandið hafi sett sér lög um starfsemi sína og fengið þau samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands. — **38. gr.** Hrossaræktarsambönd, sem mynduð verða samkvæmt lögum þessum, geta árlega notið aukastyrks á hvern stóðhest, sem þau eiga og nota eða hafa á leigu, að upphæð kr. 250.00 á hvern. Styrkur þessi skal lagður í sérstakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað hinna eldri, sem felldir eru eða seldir, og skal andvirði þeirra einnig renna óskipt í sjóðinn. — Stjórn sambandsins ákvarðar í hvert sinn, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölga hestum, enda liggi hvort tveggja fyrir, að grundvölluð ástæða hafi verið til að fella hestinn (hestana) og sá hestur (hestar), sem kaupa skal, sé taminn og helzt reyndur kynbótahestur að dómi ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og samþykki hans fyrir skiptunum liggi fyrir. — Aldrei skal veita styrk á fleiri stóðhesta en svo, að minnst 100 hryssur, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern. — Ársreikningar sambanda þeirra, sem hér um ræðir, skulu sendir Búnaðarfélagi Íslands til endurskoðunar og samþykktar.][1]) — **39. gr.** Stjórnir hrossaræktarfélaga eða kynbótanefndir skulu halda gerðabók, þar sem ritaðar eru allar ályktanir, reikningar, bréf og aðrar gerðir. — Reikningar kynbótastarfsins skulu árlega lagðir fram á aðalfundi og skulu endurskoðaðir með hreppsreikningum. — **40. gr.** Hrossaræktarráðunautur skal, eftir því sem við verður komið, ferðast um meðal bænda á vorin og sumrin og leiðbeina þeim um val á stóðhestum og hryssum til undaneldis. Hann skal mæta á þeim sveitasýningum, sem hross eru sýnd á og búnaðarsamböndin efna til, komi fram ósk um það og því verði við komið. Hrossaræktarráðunautur er formaður dómnefnda á öllum sýningum, sem haldnar eru samkvæmt þessum kafla laganna. Í forföllum ráðunautar tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað. Meðdómendur á hrossasýningum geta ekki veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunautar, hann get-

1) L. nr. 118, 29. des. 1951, § 1.

1948 Nr. 19 22. marz

ur ekki heldur veitt hrossi verðlaun, nema helmingur meðdómenda sé því samþykkur. — **41. gr.** Skipta má landinu í 4 sýningarsvæði og hrossasýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum eða í grennd við þá: 1. Þjórsártúni fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands. 2. Ferjukoti fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar. 3. Sveinsstöðum fyrir Húnavatnssýslur. 4. Sauðárkróki fyrir Skagafjarðarsýslu. 5. Hornafirði (Meðalfellsrétt) fyrir Austur-Skaftafellssýslu. — Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum. — **42. gr.** Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 41. gr., leggur ríkissjóður fram 10 aura á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar. Skal verja fé þessu til að verðlauna hryssur og enn fremur stóðhesta, er hljóta 3. verðlaun á héraðssýningum. Mega þau ekki vera hærri en hér greinir: Heiðursverðlaun á hryssu kr. 80.00; 1. verðlaun á hryssu kr. 25.00; 2. verðlaun kr. 15 og 3. verðlaun á hryssu kr. 7.00; 3. verðlaun á stóðhest kr. 30.00. — Verðlaun á aðra stóðhesta greiðast úr ríkissjóði og eru þau heiðursverðlaun kr. 200.00, 1. verðlaun kr. 100.00 og 2. verðlaun kr. 60.00. — **43. gr.** Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossi, sem er fulltamið og hefur sýnt, að það býr yfir ákjósanlegum eiginleikum að dómi hrossaræktarráðunautar, enda séu á sömu sýningu sýnd tvö eða fleiri afkvæmi þess, er hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun. — 1. verðlaun má ekki veita yngri hestum en þriggja vetra og þó því aðeins, að þeir séu tamdir og að minnsta kosti 142 cm háir (bandmál). — Hryssum má því aðeins veita 1. verðlaun, að þær séu 140 cm háar (bandmál) og nokkuð tamdar. Eigi má taka á sýningu yngri hesta en tveggja vetra og hryssur ekki yngri en 4 vetra. — **44. gr.** Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir. — Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og eldri og mæður þeirra, sem fylgja þeim á sýninguna. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þau þessi: Heiðursverðlaun kr. 180.00; 1. verðlaun kr. 100.00; 2. verðlaun kr. 60.00; 3. verðlaun kr. 40.00. — Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti. — Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að 4 árum liðnum fyrir þá stóðhesta, er hafa hlotið 2. verðlaun. — Umsóknir um afkvæmasýningar skulu komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí. — Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kýs 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn. — **45. gr.** Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu 4. hvert ár, í fyrsta skipti árið 1950, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal fyrir sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna og önnur skilyrði fer samkvæmt ákvæðum 42. og 43. gr., eftir því sem við getur átt. — Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram. — Samtök hestamannafélaga þeirra, er hafa á hendi forgöngu og stjórn þessara sýninga, skulu tilnefna 2 meðdómendur á sýningarnar. — Skrá skal sérstaka ættbók fyrir þau reiðhross, sem hljóta verðlaun á landssýningum þessum. — **46. gr.** Hrossakynbótabúi ríkisins á Hólum í Hjaltadal er heimilt með samþykki Búnaðarfélags Íslands að kaupa úrvals kynbótahross handa búinu. Hross þessi mega ekki vera yngri en 8 vetra og öruggt, að þau búi yfir verðmætum kostum, sem erfast. Heimilt er að verja úr ríkissjóði 4000 kr. í þessu skyni fjórða hvert ár, í fyrsta skipti árið 1949.

IV. kafli. — Um svínarækt og alifuglarækt.

— **47. gr.** Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að láta setja á stofn kynbótabú í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem henta þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands. — **48. gr.** Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hænsnakyn og svínakyn, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera útungunarstöð til að framleiða kynbótahænsni til sölu. — **49. gr.** Færa skal ættarskýrslur og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautarins, og gera skal samanburðartilraunir með fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja. — **50. gr.** Eftir að bú þetta hefur verið stofnsett, hefur það rétt til að flytja

1948 Nr. 19 22. marz

útungunaregg til landsins til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi. — **51. gr.** Heimilt er að halda einstaklinga- og afkvæmasýningar fyrir alifugla og svín, þar sem verðlaun eru greidd úr ríkissjóði, eftir nánari fyrirmælum, sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

V. Kafli. — Um sæðingu búfjár. — 52. gr. Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir: 1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er ⅓ byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 15 þús. kr. á stöð. Enn fremur allt að ⅓ árslauna sérfræðings í búfjársæðingu, er Búnaðarfélag Íslands ræður til að koma starfsemi stöðvarinnar í fullt lag, þar á meðal kenna væntanlegum starfsmönnum töku og geymslu sæðis og sæðingu, enda annist stöðin sæðingu nautgripa og annarra búfjártegunda. — Nú er sæðingarstöð komið upp, er einungis annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjártegunda en nautgripa, og greiðir ríkissjóður þá allt að ⅙ árslauna sérfræðings auk byggingarstyrks. 2. Rekstrarstyrk, er nemi allt að 3 kr. á hverja sædda kú, er fang fær, og 15 aur. á hverja á, sem sædd er, þó ekki yfir 4000 kr. á ári á eina sæðingarstöð. Styrkur þessi skal þó ekki veittur nema notuð séu naut, sem hlotið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, eða ef verið er að reyna ung naut, sem nautgriparæktarráðunautur mælir með. — Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem hlotið hafa viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar fyrir afkvæmi, eða eru fram úr skarandi einstaklingar af ræktuðum kynjum, enda hafi þeir fengið viðurkenningu sauðfjárræktarráðunautar til að vera notaðir á sæðingarstöð. — Vinni sæðingarstöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjártegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. — **53. gr.** Stofn- og rekstrarstyrkur til sæðingarstöðva verður ekki veittur nema Búnaðarfélag Íslands hafi fallizt á nauðsyn þess, að stöðinni sé komið á stofn, og samþykki starfstilhögun hennar. — Stofnstyrk má aðeins veita einni sæðingarstöð í sýslu, nema Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni. — **54. gr.** Þar, sem reknar eru sæðingarstöðvar, verða nautauppeldisstöðvar ekki styrktar úr ríkissjóði.

VI. kafli. — Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé. — 55. gr. Búnaðarfélögum, búfjárræktarfélögum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem færa sönnur á, að þau eða þeir haldi fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, er heimilt að fengnu leyfi stjórnar Búnaðarfélags Íslands að gera tilraunir með myndun nýrra búfjárkynja, með blöndun við innlend og erlend búfjárkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt. — Tilraunir þessar skulu gerðar undir eftirliti og í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt, er heldur sérstaka skrá yfir leyfisveitingar þessar og árangur tilraunanna á hverjum stað. Búnaðarfélag Íslands getur svipt leyfishafa fengnu leyfi, ef hann fullnægir ekki að dómi sauðfjárræktarráðunautar þeim fyrirmælum, er sett verða um þessa starfsemi. — **56. gr.** Leiði ýtarlegar og margra ára endurteknar tilraunir með blöndun erlendra búfjárkynja við íslenzkt búfé í ljós, að æskilegt muni vera að mynda ný kyn með framhaldsræktun kynblendinganna, skal hlutaðeigandi ráðunautur setja reglur um, hvernig haga skuli ræktuninni og sölu gripa af hinu nýja kyni. — Ekkert undaneldisdýr af nýjum kynjum má selja nema það sé ættbókarfært og viðurkennt af hlutaðeigandi ráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands eða fulltrúa hans. — **57. gr.** Heimilt er bændum að framleiða einblendinga til slátrunar og til ásetnings án þess að halda ættartölubækur, en þeim er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt slíka kynblendinga til ásetnings. — **58. gr.** Brot gegn því að verzla með eða afhenda óleyfilega kynblendinga af erlendum kynjum varða sektum, sem aldrei nemi minni upphæð en almennu gangverði hins selda eða afhenta fénaðar. Kynblendinga, sem seldir hafa verið eða afhentir í óleyfi, skal kaupandinn afhenda sýslumanni eða hreppstjóra, sem síðan ráðstafar þeim samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands.

VII. kafli. — Um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög. — 59. gr. Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu

vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefndin skipt hreppnum í jafnmörg forðagæzluumdæmi, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar. — **60. gr.** Kjósa skal forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar. — **61. gr.** Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvisvar sinnum um sveitina á hverjum vetri. Fyrri ferðinni skal vera lokið fyrir 15. nóvember, en þeirri síðari fyrir 20. apríl. Í hverri ferð skal forðagæzlumaður athuga vandlega fóðurbirgðir hjá bændum og fóðrun búfjárins. — Ef forðagæzlumaður telur einhver heimili í hreppnum vera í fóðurþröng eða búfé vanfóðrað, skal hann tilkynna það hreppsnefnd, sem gerir þá nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hreppsnefnd hefur heimild til að útvega fóður á kostnað hlutaðeigandi búfjáreigenda, en sveitarsjóður annast greiðslur til bráðabirgða, ef þörf krefur. — Forðagæzlumenn skulu gera skýrslu á þar til gerð eyðublöð um það, er lýtur að fóðurásetningi búfjáreigenda, svo sem um fóðurbirgðir, tölu búpenings, skepnuhöld og fyrningar. — Skýrslu þessa skal forðagæzlumaður senda sýslumanni upp úr fardögum fyrir það fardagaár, sem þá er að enda, en sýslumaður leggur þær fyrir næsta sýslufund til athugunar. Skýrslurnar skal að því búnu senda Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr þeim í samstarfi við Hagstofu Íslands. — Fyrir starf sitt skulu forðagæzlumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, og greiðist hún úr sveitarsjóði. — **62. gr.** Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum. Þegar slíkt félag er stofnað og tekið til starfa, er forðagæzlumaður leystur frá starfi sínu. — **63. gr.** Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað. — Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. nóvember. — **64. gr.** Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, þá skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa á fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rætt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar. — Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartillögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.[a]) — Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, sem því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð. — **65. gr.** Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn, og eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, en þann þriðja kýs hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið. — **66. gr.** Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra, nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern fé-

a) XII, 280.

1948 Nr. 19 22. marz

lagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. fyrir hvern nautgrip ..... 40 aura
b. fyrir hvert hross ..... 20 —
c. fyrir hverja sauðkind ..... 4 —

— Gjöld þessi eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29 16. des. 1885. — **67. gr.** Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn. — **68. gr.** Komi í ljós að lokinni skoðun, sbr. 61. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins lánað fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, sbr. 67. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins í sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára. — Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið. — Til tryggingar láni, er stjórn félagsins eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til að bjarga bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þar til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lántökudegi. Lánþegi má ekki selja né ráðstafa á annan hátt bústofninum úr eigu sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum. — **69. gr.** Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár. — **70. gr.** Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 66. gr. að nokkru eða öllu leyti. — **71. gr.** Stjórn fóðurbirgðafélags skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins. — Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlílok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins. — **72. gr.** Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra. — **73. gr.** Sýni búfjáreigandi mótþróa gegn ráðstöfunum forðagæzlumanns hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags honum til hjálpar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur úr hor sökum fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi þess, er hafði hann undir hendi, að áliti forðagæzlumanns eða stjórnar fóðurbirgðafélags, er þessum aðilum skylt að tilkynna það tafarlaust sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum, eða hreppstjóra og hann tilkynni það aftur sýslumanni. — **74. gr.** Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkv. 73. gr., skal sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppstjóra aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps, varðar það sektum.

VIII. kafli. — Um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt. — 75. gr. Búnaðarsamböndum er heimilt að ráða til sín búfjárræktarráðunaut, einnig nautgriparæktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild þessa. Starfssvæði það, sem sérhverjum ráðunaut er ætlað, skal vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra það. Sé starfssvið ráðunautar minna en meðalsýslufélag, lækkar framlag ríkisins í hlutfalli við það. — **76. gr.** Ráðunautastarfsemi þessa styrkir ríkissjóður með því að greiða ⅔ launa ráðunautanna. — Til þess að styrkur þessi verði greiddur úr ríkissjóði verða búnaðarsamböndin að leggja fram þar á móti ⅓ af launum ráðunautarins. Heimilt er búnaðarsamböndunum að ákveða á aðalfundi, að framlagi héraðsins skuli, að einhverju eða öllu leyti, jafnað niður á búfjáreigendur, enda hafi gjaldið áður verið samþykkt af meiri hluta félagsmanna í hreppabúnaðarfélögunum. Skal þeim þá falin innheimta gjaldanna, og eru þau lögtakskræf. — Geti einstök félög eða hluti sambandssvæðisins ekki notið starfskrafta héraðsráðunautar í búfjárrækt að dómi Búnaðarfélags Íslands, skulu félagsmenn þess svæðis undanþegnir gjaldinu. — Gjalddagi þessara iðgjalda er fyrir 1. nóvember ár hvert, og skulu búnaðarfélögin hafa staðið hlutaðeigandi sambandi skil á greiðslunni fyrir 31. desember sama ár. — **77. gr.** Hafi þeir aðilar, sem um ræðir í 75. gr., ákveðið að hefja starfsemi samkvæmt þessum kafla laganna og geta fullnægt þeim skilyrðum,

1948 Nr. 19 22. marz

sem sett eru, skulu þeir fá staðfestingu Búnaðarfélags Íslands á starfstilhöguninni. — **78. gr.** Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt skal meðal annars vera sem hér segir: 1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, stuðla að því, að búnaðarfélögin geri búfjárræktina samhliða jarðræktinni að aðalverkefni sínu, eða að stofnuð verði sérstök búfjárræktarfélög þar, sem þau eru ekki, ef það er líklegra til árangurs. Hafa eftirlit með þessum félögum og leiðbeina og aðstoða við skýrsluhald þeirra. 2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim með kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa. 3. Hafa umsjón með nautgripauppeldisstöðvum, sæðingarstöðvum og samböndum nautgriparæktarfélaga, ef slík eru starfandi á svæðinu. 4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarfélaga og búfjárræktarfélaga, ef þess er óskað og eftir því sem við verður komið, til að flytja þar fyrirlestra um búfjárrækt og félagsstarfsemi á því sviði. 5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl. — **79. gr.** Ekki mega búnaðarsamönd ráða aðra menn til þessara starfa en þá, sem lokið hafa háskólaprófi í búfræði, nema að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. — Héraðsráðunautum skulu greidd laun samkvæmt VIII. launaflokki launalaganna. — **80. gr.** Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslur á fjártillagi ríkissjóðs til búnaðarsambandanna samkvæmt kafla þessum.

IX. kafli. — Almenn ákvæði. — 81. gr. Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir annað búfé en hross, þegar hlutaðeigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftar en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýningar þessar. — Styrkja skal slíkar sýningar að ⅔ hlutum úr ríkissjóði og að ⅓ hluta úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun héraðssýninga, er landbúnaðarráðherra staðfestir. — **82. gr.** Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbættri verðlagsvísitölu kauplagsnefndar á hverjum tíma, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan. — **83. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð í samráði við Búnaðarfélag Íslands, er ákveður nánara um framkvæmd laga þessara.[1]) — **84. gr.** Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður. — **85. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.][2])[a]) — Með mál út af brotum gegn lögum þessum fara sem almenn lögreglumál.

1948 Nr. 19 22. marz

Lög um innflutning búfjár.

1948 Nr. 15 8. marz

1. gr. Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar. — Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu, sbr. 2. gr., og leyft innflutning á búfé, öðrum dýrum og búfjársæði, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. — Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir. — **2. gr.** Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjárgrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins. — Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjártegundir og frá hvaða landi og héraði búfé er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi. — **3. gr.** Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins. Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum. — **4. gr.** Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt lögum þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og lög þessi mæla fyrir um og þær reglugerð-

1) Rgj. nr. 74, 17. apríl 1950, sbr. rgj. nr. 154, 12. júlí 1952 og rgj. nr. 12, 2. febrúar 1954. — 2) L. nr. 11, 14. febr. 1950, § 1. — a) XXI, 446.

1948 Nr. 15 8. marz

ir, sem eftir þeim verða settar. — Heimilt er landbúnaðarráðherra að kaupa eða leigja eyju eða eyjar til þessara þarfa. — **5. gr.** Þegar búfé er keypt til innflutnings, skal hver einstök skepna skoðuð af viðurkenndum dýralækni, áður en hún er flutt úr landi, og skal vottorð um þá skoðun fylgja skepnunni hingað til lands. Enn fremur skal íslenzkur dýralæknir vera við skoðunina og hafa eftirlit með skepnunum á leiðinni til landsins. — Áður en fénaðurinn er fluttur úr landi, þar sem hann er keyptur, skal hann einangraður eigi skemur en 6 vikur undir eftirliti dýralæknis. — Áður en búféð er flutt í land, skal yfirdýralæknir skoða það og athuga heilbrigðisvottorð þess. Reynist ekkert athugavert við heilsufar búfjárins að lokinni skoðun yfirdýralæknis, skal skipa búfénu á land þar, sem sóttvarnarstöð ríkisins er, sbr. 4. gr., og er með öllu óheimilt, hvernig sem á stendur, að setja það á land annars staðar. — **6. gr.** Einangra skal hið innflutta búfé á sóttvarnarstöðinni 16 vikna tíma undir stöðugu eftirliti yfirdýralæknis. Að þeim tíma liðnum ákveður yfirdýralæknir, hvort það skuli leyst úr sóttkví og látið ganga með búfé sömu tegundar á eynni eða haldið lengur í sóttkví. — Aldrei má flytja búfé af búi ríkisins á eynni í land eða á aðrar eyjar, þar sem búfé hefur samgang við búfé í landi. — Heimilt er þó með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð ránd ýr, að loknum ákveðnum einangrunartíma. — **7. gr.** Að fengnum tillögum yfirdýralæknis setur landbúnaðarráðherra reglugerð um allt, er lýtur að rekstri búsins. Þar skulu vera glögg og ákveðin fyrirmæli um, hvaða afurðir megi selja frá búinu í land og í hvaða ástandi. Einnig skulu þar vera ströng ákvæði um, hvernig samgöngum við eyjuna skuli fyrir komið til að hindra, að sjúkdómar, sem upp kynnu að koma í hinu einangraða búfé, berist í land, svo og annað, er varðar búrekstrinn. — **8. gr.** Á búi ríkisins á eynni skal hreinræktað hið erlenda búfé, en auk þess má gera þar hvers konar tilraunir með blöndun þess með innlendu búfé, eftir tillögum ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í hlutaðeigandi búgreinum. — **9. gr.** Bústjórinn á eynni skal ráðinn með sérstöku erindisbréfi af landbúnaðarráðherra eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og samþykki yfirdýralæknis. Skal hann sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun fénaðarins sé hlýtt út í æsar og að starfsemin fari nákvæmlega eftir lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirmælum, sem um þetta verða gefin. — **10. gr.** Eftir að hið innflutta búfé hefur verið í eitt ár í einangrun með íslenzku búfé, má, ef það er heilbrigt og grunsamlegir sjúkdómar hafa ekki komið fram í hinum innlenda bústofni, sem með því hefur gengið, flytja sæði úr því til lands. Skal það gert eftir þeim varúðarreglum, er yfirdýralæknir setur, og af þeim mönnum, er hann samþykkir. — **11. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1000—20000 kr., og stöðumissi, ef sjúkdómur berst til lands vegna vanrækslu ábyrgra aðila, ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

1948 Nr. 15 8. marz

Lög um innflutning og ræktun sauðnauta. **1929** Nr. 50 14. júní

1. gr. Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar. — **2. gr.** Ríkisstjórnin getur falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með sauðnautaræktinni, velja haglendi fyrir dýrin og semja um hagagöngu og gæzlu þeirra. — Áherzla skal lögð á, þegar haglendið er valið, að lífsskilyrðin fyrir dýrin verði sem ákjósanlegust og að öruggt sé, að dýrin geti ekki tapazt. — **3. gr.** Nú fjölgar sauðnautum og tilraunir benda til, að ræktun þeirra muni verða arðvænleg, og skal þá selja bændum sauðnaut til uppeldis við sanngjörnu verði, svo sem bústofninn leyfir. — **4. gr.** Nauðsynlegan kostnað, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Lög um fóðurtryggingarsjóði. **1936** Nr. 80 23. júní

1. gr. Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að gera samþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélög um stofnun fóðurtryggingarsjóða til varnar gegn fóðurskorti. — **2. gr.** Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum. — Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri framlagi ríkissjóðs milli sýslu- og bæjarfélaga, og séu skiptin gerð í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar til að skipta framlaginu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda og bæjar-

stjórna, hver sé hlutur hverrar sýslu og bæjar á yfirstandandi ári. — **3. gr.** Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslu- eða bæjarfélagi, skal gera um það samþykkt á fundi sýslunefndar eða bæjarstjórnar. — Í samþykkt skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má ákveða, að gjaldinu sé jafnað að nokkru eða öllu leyti á búfjáreigendur og eftir hvaða reglum það sé gert. Hver bóndi stendur innheimtumanni skil á greiðslu fyrir það búfé, sem framleitt er á jörðinni eða hans ábúðarhluta af henni. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að taka upp í samþykkt ákvæði um það, að framlag til fóðurtryggingarsjóðs falli niður, er sjóðurinn hefir náð ákveðnu hámarki, svo og önnur ákvæði um meðferð sjóðsins og ráðstafanir gegn fóðurskorti, þar á meðal að til sé lágmarksfóðurforði, eftir því sem hann hefir verið ákveðinn í hverjum hreppi. Einnig að höfuðstól sjóðsins megi aldrei skerða og heimild til þeirra ráðstafana, sem um ræðir í 10. gr. — **4. gr.** Nú hefir sýslunefnd með meiri hluta atkvæða gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skulu þá sýslunefndarmenn bera frumvarpið upp hver í sínum hreppi á almennum sveitarfundi, er boðað sé til samkv. niðurlagsákvæðum 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, og skulu þeir fundir haldnir áður en 6 vikur eru liðnar frá sýslufundi þeim, sem samþykktina gerði. Atkvæðisrétt á fundum þessum hafa þeir einir, sem búfé eiga og eru 18 ára eða eldri. Þegar frumvarp sýslunefndar til samþykktar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir verið borin upp á fundum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að taka til, skulu fundargerðirnar sendar oddvita sýslunefndar, en hann telur saman atkvæðin. Ef meiri hluti samanlagðra atkvæða á hreppafundunum hefir goldið samþykktinni jákvæði sitt, sendir oddviti hana atvinnumálaráðherra til staðfestingar. Virðist ráðherra hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. — Nú hefir bæjarstjórn með meiri hluta atkv. gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skal bæjarstjórn þá með auglýsingu boða alla búfjáreigendur í bæjarfélaginu, 18 ára og eldri, með nægilegum fyrirvara á fund til þess að greiða atkvæði um samþykktina. Telst hún samþykkt, ef meiri hluti fundarmanna geldur henni jákvæði sitt. Sendir bæjarstjórn hana síðan atvinnumálaráðherra til staðfestingar, og fer um hana að öðru leyti sem um sýslusamþykkt væri að ræða. — Samþykkt, sem ráðherra hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var sett. — **5. gr.** Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, eða frumvarp um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir ekki hlotið meiri hluta atkvæða á sveitarfundi, sbr. 4. gr., að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni hlutaðeigandi hreppur oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs. Skal oddviti þá, með niðurlagsákvæði í samþykkt, áður en hún er send til staðfestingar, tilkynna, fyrir hverja hreppa sýslunnar hún skuli gilda, ef hún tekur ekki til þeirra allra. — **6. gr.** Fóðurtryggingarsjóður, sem stofnaður er samkvæmt lögum þessum, á rétt á framlagi ríkissjóðs, sem um getur í 2. gr., en þó aldrei hærri upphæð en fram er lögð á móti. — **7. gr.** Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kýs sýslunefnd eða bæjarstjórn tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður. — **8. gr.** Sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðsstjórninni gjöldin, og skal hún sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa hann þannig, að hann sé ekki til í handbæru fé á haustnóttum. — Reikningsár fóðurtryggingarsjóðs sé miðað við 1. sept. Sjóðsstjórnir semja reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv., og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum. — Í reikningum fóðurtryggingarsjóða skal halda sérreikning fyrir hverja jörð í sýslunni, og skal á honum sjást, hvað goldið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem framfleytt er á jörðinni, og á jarðarhluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn. Á sama hátt skal sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem styrk. Á 5 ára fresti skal endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa þurft að nota sjóðinn, hálft framlag þeirra í hann fyrir umrætt árabil. — Verði ábúendaskipti á jörð, má á sama hátt endurgreiða fráfarandi ábúanda hálft framlag hans í sjóðinn,

1936 Nr. 80 23. júní

1936
Nr. 80
23. júní

enda séu þá öll sömu skilyrði til staðar, önnur en færri ára ábúð. — Um búfjáreigendur í kaupstöðum gilda sömu ákvæði og um ábúendur á jörð. — Ákvæði þriðju og fjórðu málsgreinar koma ekki til framkvæmda þar, sem svo er ákveðið í samþykkt, að fóðurtryggingarsjóð megi ekki skerða. — **9. gr.** Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðsstjórnin fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram að fengnum tillögum fordagæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan síns hrepps. Fóðurbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lánaður. Um trygging fyrir andvirði fóðurbætis til handa hreppsnefndum sé ákveðið í samþykkt. Sé um bæjarfélag að ræða, tekur bæjarstjórn að sér hlutverk hreppsnefndar í sveitum. — **10. gr.** Stjórn fóðurtryggingarsjóðs er heimilt, ef samþykkt kveður svo á, að semja við verzlanir héraðsins, eina eða fleiri, um að þær birgi sig af fóðurvörum, eftir því sem sjóðsstjórnin telur nauðsynlegt, og annist öll útlán vörunnar og innheimtu á andvirði hennar, gegn því, að sjóðsstjórnin sjái hlutaðeigandi verzlunum fyrir vaxtalausu láni úr sjóðnum í allt að 8 mánuði til fóðurvörukaupanna. — **11. gr.** Nú verður almennur fóðurskortur vegna óvenjulegra vetrarharðinda, og er þá sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki sýslunefndar og að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefndar, að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag, enda sé sannað, að ásetning þeirra að haustinu hafi ekki verið verri en í meðallagi. — Á sama hátt má bæta tjón á fóðri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna óvátryggð, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann skaða meira en að ⅕ hluta, að dómi fordagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst ⅓ heildarforðans hafi eyðilagzt. — Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein. — **12. gr.** Atvinnumálaráðuneytið semur fyrirmynd að samþykktum fóðurtryggingarsjóða til hliðsjónar fyrir sýslunefndir. — **13. gr.** Ef starfsemi fóðurtryggingarsjóðs leggst niður í þeirri mynd, sem lög þessi gera ráð fyrir, er sjóðurinn eign hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélags. Aldrei má þó verja sjóðnum eða vöxtum hans til annars en fóðurtrygginga.

Lög um samþykktir um heyforðabúr.

1911
Nr. 44
11. júlí

1. gr. Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um heyforðabúr fyrir hvern hrepp innan sýslu, sem óskar þess. — **2. gr.** Sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem vill koma á hjá sér samþykkt um heyforðabúr, leggur, með samþykki lögmæts sveitarfundar, frumvarp til samþykktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppnum, sem samþykktina vill gera, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir hreppsbúar, sem kosningarrétt hafa til Alþingis. Oddviti sýslunefndar eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við höndina. — **3. gr.** Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða þeirra, er atkvæðisrétt eiga, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða, og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið í heild sinni óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það sem fyrr segir. — Frumvarp til samþykktar, sem ekki hefir náð ⅔ hlutum atkvæða á samþykktarfundi, er fallið, og má ekki koma fram á ný fyrr en á næsta aðalfundi sýslunefndar. — **4. gr.** Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa í þeim hreppi, sem hún er gerð fyrir. — Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð. — **5. gr.** Í samþykkt má ákveða:

1911 Nr. 44 11. júlí

a) Um heyásetningseftirlit. b) Um stofnun heyforðabúrs, svo sem með því, að hreppsnefndin semji við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, ellegar á annan hátt tryggja það, að ákveðinn heyforði sé til í hreppnum til hjálpar í heyþroti. c) Um ákvæðisgreiðslu úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi) til þeirra, er heyforðann ábyrgjast. d) Um verð, fyrirfram ákveðið, á heyi úr heyforðanum og innheimtu þess og gjalddaga. e) Um umsjón heyforðans, enda sé hann jafnan undir eftirliti sveitarstjórnar. — **6. gr.** Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði. Vextir af þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, sem og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á honum, endurgreiðist sveitarsjóði úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 40 aura fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans. — **7. gr.** Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert senda stjórnarráði skýrslu um heyforðabúrið í hreppnum fyrir næstliðið fardagaár, ásamt reikningi yfir kostnaðinn við það. Skal stjórnarráðið þá greiða hreppsnefndinni styrk þann úr landssjóði, er hreppnum ber, samkvæmt 6. gr., og sé styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar. — **8. gr.** Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki, samkvæmt lögum frá 16. des. 1885. — **9. gr.** Fyrir brot mót löggiltri samþykkt má ákveða sektir 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð. — Með brot gegn samþykkt skal fara sem almenn lögreglumál.

1917 Nr. 73 14. nóv.

Lög um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

1. gr. Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs. — **2. gr.** Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykkt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði því, sem ætlazt er til að samþykktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við höndina. — **3. gr.** Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það sem fyrr segir. — Frumvarp til samþykktar, er eigi hefir náð ⅔ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyrr en á næsta aðalfundi sýslunefndar. — **4. gr.** Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir. — Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð. — **5. gr.** Í samþykkt skulu ávallt vera ákvæði um stjórn kornforðabúrsins. Þar skal og kveða á um tillög til forðabúrsins, útlán á korni og endurgreiðslu þess, endurnýjun kornsins og viðhald forðabúrsins. Enn fremur skulu þar vera ákvæði um eftirlit það, er þarf til þess að samþykktarinnar sé gætt, og hvernig kostnað við forðabúrið skuli greiða. — **6. gr.** Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði. Vextir af þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, svo og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á honum, endurgreiðist sveitarsjóði úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 1 kr. fyrir 100 kg. korns í þessum hluta forðans. — **7. gr.** Stjórn kornforðabúrsins sendi stjórnaráðinu fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýrslu um forðabúrið fyrir næstliðið fardagaár, ásamt reikningi yfir kostnað við það. Skal stjórnarráðið þá greiða forðabúrinu styrk þann úr landssjóði, sem því ber samkvæmt 6. gr.

1917 Nr. 73 14. nóv.

1917 Nr. 73 14. nóv.

þessara laga, og sé styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar. — **8. gr.** Nú vill hreppur eða sýsla tryggja sér kornforða á þann hátt að semja við kaupfélag eða kaupmann um að hafa fyrirliggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka, til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd, og skal þá gera samþykkt þar um fyrir hreppinn eða sýsluna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Í samþykkt má ákveða meðal annars um kostnað við geymslu forðans og ábyrgð og hversu kostnaður sá greiðist. — **9. gr.** Nú er kornið látið ónotað að því sinni, eða einhver hluti þess, og kemur til kasta sýslunefndar eða hreppsnefndar að greiða umsamdan kostnað af þessum hluta kornsins, og fæst þá helmingur hans endurgreiddur af landssjóði, þó eigi yfir 1 kr. fyrir 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans. — **10. gr.** Samning þann, sem hér ræðir um, svo og reikningsskil fyrir notkun forðans og kostnaðinum, skal senda stjórnarráðinu, svo að glögglega verði séð, hvað landssjóði ber að greiða. — **11. gr.** Öll gjöld til kornforðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885. — **12. gr.** Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir, 2—20 kr., er renna til kornforðabúrsins. — **13. gr.** Með brot gegn samþykktum skal farið sem almenn lögreglumál.

1933 Nr. 21 19. júní

Lög um samþykktir um mat á heyi til sölu.

1. gr. Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um mat á heyi til sölu. — **2. gr.** Þegar samþykkt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga allir, er kosningarrétt hafa í sveitarmálefnum. — **3. gr.** Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþykktar. Fallist fundurinn með ⅔ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. — Fallist sýslunefndin ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með ⅔ atkvæða, fer um það sem fyrr segir. — Frumvarp, sem ekki nær ⅔ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið. — **4. gr.** Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en hún þykir fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, eða hún virðist ekki tryggja nægilega hag kaupanda eða seljanda heys, og synjar þá ráðherra um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla þá, sem kaupa eða selja hey, sem framleitt er á samþykktarsvæðinu. — Staðfestri samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað. — **5. gr.** Í samþykkt skal ákveða: a) Að allt hey, sem selt er kaupanda utan hrepps, skuli metið af matsmönnum, er lögreglustjóri nefnir til, nema aðilar séu á annað sáttir. Lögreglustjóri setur heymatsmönnum erindisbréf, og skulu þeir undirrita drengskaparvottorð áður en þeir taka við starfi sínu, um að þeir vilji rækja það af alúð og samvizkusemi. b) Hversu flokka skal hey eftir gæðum. c) Hvar mat skal fram fara. d) Um merkingu á heyi og umbúnað við sendingu. e) Um borgun til matsmanna. f) Annað, sem þurfa þykir, eftir atvikum og staðháttum. — **6. gr.** Í samþykktum má ákveða sektir í sýslusjóð, allt að 500 kr., fyrir brot gegn þeim. Mál út af þeim brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

1933 Nr. 21 19. júní

1947 Nr. 124 22. des.

Lög um dýralækna.

1. gr. Héraðsdýralæknar skulu vera 9 á landinu, og skulu umdæmi þeirra vera sem hér segir: 1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, nær yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Gullbringu- og Kjósarsýslu. 2. Borgarfjarðarumdæmi, nær yfir Borgarfjarðarsýslu og Akranes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi. 3. Dalasýsluumdæmi, nær yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu að Árneshreppi. 4. Ísafjarðarumdæmi, nær yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur báðar, Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu. 5. Varmahlíðarumdæmi, nær yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók, Húnavatnssýslur og Siglufjörð. 6. Akureyrarumdæmi,

nær yfir Ólafsfjörð, Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur. 7. Austurlandsumdæmi, nær yfir Múlasýslur báðar, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu. 8. Rangárvallaumdæmi, nær yfir Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. 9. Selfossumdæmi, nær yfir Árnessýslu og Vestmannaeyjar. Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu. — Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðslæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum samkvæmt ákvörðun ráðherra. — **2. gr.** Auk dýralækna þeirra, sem taldir eru í 1. gr., skal vera einn yfirdýralæknir, og skal hann hafa búsetu í Reykjavík. Yfirdýralæknir skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, er búpening varða, hafa eftirlit með störfum héraðsdýralækna, yfirumsjón með sóttvörnum gegn næmum búfjársjúkdómum og innflutningi búfjár og búfjárafurða. Einnig skal hann annast kjötskoðun í Reykjavík og Hafnarfirði og dýralækniseftirlit á þeim heimilum, sem selja ógerilsneydda mjólk til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. — Einnig skal ávallt starfa að minnsta kosti einn dýralæknir sem sérfræðingur við tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum. — Fyrst um sinn, meðan skortur er á dýralæknum, svo að einhver af umdæmunum, er um ræðir í 2.—9. tölulið 1. gr., eru dýralæknislaus af þeim sökum, gegnir yfirdýralæknir Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi með embætti sínu án sérstakra launa úr ríkissjóði. — **3. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar dýralækna, sem taldir eru í 1. gr., svo og yfirdýralækni. — **4. gr.** Dýralæknar skulu vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að þjóðfélagið bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma, og gegn hættum þeim, sem samfara eru neyzlu fæðutegunda, er eiga rót sína að rekja til sjúkra dýra og stafað geta af spilltum búfjárafurðum. — **5. gr.** Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir einir, sem lokið hafa embættisprófi við viðurkenndan dýralæknaháskóla og fengið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis. — **6. gr.** Komi upp næmur búfjársjúkdómur eða grunur um næman búfjársjúkdóm í umdæmi dýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða frá tjóni, er af honum getur stafað, og tilkynna það yfirdýralækni tafarlaust. Gerir yfirdýralæknir þá þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, í samráði við hlutaðeigandi dýralækni. — Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum yfirdýralæknis setja reglugerð um næma búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim og meðferð þeirra. — **7. gr.** Læknisaðgerðir á dýrum, höldnum næmum sjúkdómum, skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá. — **8. gr.** Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár, hver í sínu umdæmi. Skulu skýrslur þessar sendar yfirdýralækni fyrir 1. febrúar ár hvert. Úr skýrslum þessum skal yfirdýralæknir vinna heildaryfirlit um heilsufar búpenings um land allt samkvæmt nánari fyrirmælum landbúnaðarráðherra. — **9. gr.** Dýralæknar annast kjötskoðun, hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Þar, sem dýralæknar ná eigi til, skulu héraðslæknar annast kjötskoðun samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er um það gilda, en í samráði og undir eftirliti hlutaðeigandi héraðsdýralæknis. — Héraðsdýralæknar safna skýrslum frá þeim, er kjötskoðun annast í umdæmum þeirra, og senda þær yfirdýralækni. — Yfirdýralæknir setur þeim, er kjötskoðun annast, reglur um framkvæmd kjötskoðunarinnar og hefur heilbrigðiseftirlit og aðalumsjón með öllum sláturhúsum landsins og frystihúsum, þar sem kjöt er geymt. — **10. gr.** Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með nautgripum, heilbrigði þeirra, hirðingu, umgengni í fjósum og öðru því, er lýtur að mjólkurframleiðslu á þeim heimilum, sem framleiða sölumjólk. Skulu dýralæknar halda skýrslur um þetta eftirlit samkv. nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Skýrslur þessar skulu vera í 2 eintökum, og fær hlutaðeigandi mjólkurbú eða samsala annað eintakið, en yfirdýralæknir hitt. Skýrslurnar skulu sendar þessum aðilum eins fljótt og við verður komið. Yfirdýralæknir segir fyrir um skýrslugerð þessa og afgreiðslu þeirra. — **11. gr.** Þar, sem ekki er sérstök lyfjabúð í næsta nágrenni dýralæknis, ber honum skylda til að hafa til sölu öll algengustu dýralyf samkvæmt nánari reglum, er yfirdýralæknir setur. — **12. gr.** Héraðsdýralæknar og yfirdýralæknir skulu taka laun úr ríkissjóði. Yfirdýralæknir samkvæmt V. flokki launalaganna. Honum skal greiddur skrifstofu- og ferðakostnaður samkvæmt reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir. — Héraðsdýralæknar taka laun samkvæmt X.

1947 Nr. 124 22. des.

1947 Nr. 124 22. des.

flokki launalaganna. Auk þess skal þeim greitt fyrir störf og ferðir fyrir einstaka menn eða hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum Dýralæknafélags Íslands.[1]) — **13. gr.** Meðan svo er á statt sem segir í síðustu málsgrein 1. gr., er sýslu- og bæjarfélögum í umdæminu heimilt að semja við menn þar búsetta, sem eigi eru dýralæknar að menntun, en reyndir að meiri hæfni en almennt er til að hjálpa búpeningi, að annast dýralæknisstörf, eftir því sem kunnátta þeirra leyfir, önnur en þau, er um getur í 7. og 9. gr., til hjálpar búfjáreigendum í umdæminu, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til, að fengnu áliti yfirdýralæknis. Bæjar- og sýslufélög njóta styrks úr ríkissjóði til að greiða mönnum þeim, sem þannig eru ráðnir, hæfileg laun fyrir störf sín. Styrkurinn greiðist án tillits til þess, hvort hlutaðeigandi aðilar leggja fram fé á móti eður eigi. Þó skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, aldrei nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa, sem héraðsdýralæknum eru greidd samkv. launalögum. Leita skal tillagna yfirdýralæknis um þessar styrkveitingar. Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í umdæmið.

1935 Nr. 90 3. maí

Lög um útrýmingu fjárkláðans.

1. gr. Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum. Þó skulu undanskilin þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin. — **2. gr.** Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notuð til útrýmingarinnar. — **3. gr.** Í hverju sýslufélagi eða bæjarfélagi skal landbúnaðarráðherra, eftir tillögu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu- eða bæjarfélags. — Skal eftirlitsmaður sýslufélags tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd, en í bæjum ræður eftirlitsmaður baðstjóra eftir þörfum, í samráði við bæjarstjórn. — **4. gr.** Kostnaður við útrýmingarböðunina greiðist af þessum aðilum: 1. Baðlyf, eins og það kostar á næstu höfn, greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af fjáreigendum. 2. Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. 3. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. — **5. gr.** Skylt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að annast um, að fyrir hendi séu nothæf tæki á hverju heimili til böðunar, en fjáreigendum ber að greiða þann kostnað, sem af útvegun þeirra tækja leiðir, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þau eigi til sjálfir. — **6. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og má í þeirri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á henni. — **7. gr.** Komi það í ljós að aflokinni böðun, að útrýming fjárkláðans hefir eigi tekizt til fulls, skal tafarlaust fyrirskipa útrýmingarböðun af nýju eftir sömu reglum, á svo stóru svæði eða svæðum, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, telur þurfa.

1) Gj.skr. nr. 114, 20. sept. 1948.

1935 Nr. 90 3. maí

Lög um sauðfjárbaðanir.

1938 Nr. 19 13. jan.

1. gr. Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar. — **2. gr.** Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.[1]) — **3. gr.** Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili. — **4. gr.** Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkursstaðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður var við fjárkláða ein-

1) Rgj. nr. 104, 16. okt. 1914.

1938 Nr. 19 13. jan.

hversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og baðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðanum, sem og að fjárhús verði sótthreinsuð, svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður var einhvers sjúkdóms, sem líklegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum. — Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90, 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra. — **5. gr.** Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða fé vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar baðlyfjanna á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni. — **6. gr.** Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjárhafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar. — **7. gr.** Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90, 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður. — **8. gr.** Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þrifaböðunum þar sem svo er háttað heilbrigði sauðfjár, að dómi dýralæknis, að hætta geti stafað af böðun. — **9. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

1938 Nr. 19 13. jan.

Lög um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

1928 Nr. 11 23. apríl

1. gr. Bannað er öllum að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá banni þessu, enda setji þá reglur í hvert sinn, í samráði við ráðunaut sinn í þessum efnum, er öruggar séu til varnar því, að alidýrasjúkdómar flytjist hingað með dýrum þeim, er innflutningur verður leyfður á. — **2. gr.** Bannaður er innflutningur á þessum vörutegundum: a) Heyi, hálmi, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar. b) Ull. — Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðjuiðju, enda sé hún sótthreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti. c) Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dún, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársborðum. — Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sótthreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farmskránni vottorð um uppruna og vinnslu varanna eða sótthreinsun. — Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sótthreinsun á téðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. — d) Fóðurkökum og rófum. — Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta. — **3. gr.** Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borizt með. — **4. gr.** Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið kemur á, áður en hann stígur af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnalækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði af stað frá útlöndum dvalið eða

1928 Nr. 11 23. apríl

verið á ferð í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár. — Hafi farþeginn dvalið eða verið á ferð í slíku héraði á síðustu þrem mánuðum, skal hann tafarlaust einangraður, þar til hann og farangur hans hafa verið tryggilega sótthreinsaðir. — Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur atvinnumálaráðherra fyrirskipað sótthreinsun á farþeganum og farangri hans, ef vegabréf hans sannar ekki, að hann hafi dvalið síðustu þrjá mánuði þar, sem engin smitunarhætta var. — **5. gr.** Öll þau dýr, sem um getur í 1. gr. og eru með skipum þeim, sem koma til landsins, t. d. eign skipverja eða farþega, skulu tryggilega einangruð, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða sóttvarnalæknis, meðan skipið er hér við land. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra bannað með auglýsingu skipum þeim, er sigla hingað til lands, að hafa meðferðis nokkur þau dýr, er ræðir um í 1. gr. — **6. gr.** Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. og 5. gr., varða sektum frá 100—10000 krónum, fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafnháum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað, en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Ennfremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýzt, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins. — [Brot gegn öðrum ákvæðum laganna svo og reglugerðum og öðrum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða 500—50000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.][1]) — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. — Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál. — **7. gr.** Berist gin- og klaufaveiki til landsins, eða annar hættulegur og næmur alidýrasjúkdómur, hefir atvinnumálaráðuneytið heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu veikinnar. — [Í reglugerð getur ráðherra sett fyrirmæli um niðurskurð gripa og um einangrun heimila og héraða, þar sem gin- og klaufaveiki eða annars hættulegs alidýrasjúkdóms hefur orðið vart eða grunur leikur á, að slíkur sjúkdómur hafi komið upp. Enn fremur ákvæði um bætur úr ríkissjóði fyrir gripi, sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sótthreinsunarkostnaðar, svo og önnur þau atriði, er þurfa þykir. Í reglugerð má ákveða, að bætur fyrir slátrun gripa og afurðatjón skuli ákveðnar af þremur mönnum tilnefndum af hæstarétti og verði mati þeirra ekki skotið til yfirmats.][1])

1) L. nr. 16, 31. jan. 1952, § 1.

1928 Nr. 11 23. apríl

1947 Nr. 44 9. maí

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

I. kafli. — Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda. — 1. gr. Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldra sjúkdóma: 1. Mæðiveiki. 2. Þurramæði (þingeysk mæðiveiki). 3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé. — Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum. — Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á. — **2. gr.** Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands.

II. kafli. — Um framkvæmdastjórn. — 3. gr. Landbúnaðarráðaherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um. — **4. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman. — Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til. — **5. gr.** Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er: 1. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi. 2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum. 3. Að hafa yfirumsjón með

1) Lög nr. 16, 31. jan. 1952, § 2, rgj. nr. 20, 14. febr. 1952, rgj. nr. 225, 30. okt. 1950.

fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt. 4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun. 5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. kafli. — Um varnarlínur og varnir. — 6. gr. Varnarlínur teljast: 1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir. 2. Tvöfaldar gaddavírsgirðingar. 3. Einfaldar gaddavírsgirðingar. — Varðmenn skal hafa á varnarlínum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf. — Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna viðkomandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. — Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar. — **7. gr.** Girðingastæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitazt við að bæta það með tilsvarandi löndum í skiptum, ef unnt er. — [Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitilöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.][1]) — Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor. — **8. gr.** Girðingar á aðalvarnarlínum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlínur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður. — Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar. — Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs. — Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd. — **9. gr.** [Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum minnst 4 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum, og varnarlínum, sem einangra svæði þar sem garnaveiki hefur verið, skal viðhaldið svo lengi, að fullvíst þyki, að veikin geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum á svæðinu. — Þegar líður að þeim tíma, að sauðfjársjúkdómanefnd telur ekki ríka þörf á að viðhalda varnarlínum vegna sýkingarhættu, skal gefa aðliggjandi héruðum kost á að eignast þær endurgjaldslaust, gegn skuldbindingum um að halda þeim við að hálfu móti ríkissjóði fyrstu tvö árin og síðan að öllu leyti á sinn kostnað um óákveðinn tíma, þó ekki minna en 5 ár. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum skilyrðum, skal gefa bændum, hreppsfélögum eða upprekstrarfélögum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að kaupa þær fyrir sanngjarnt verð, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt. — Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan fjárskiptasvæða eða væntanlegra fjárskiptasvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp. — Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.][1]) — **10. gr.** Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlínur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varð-

1) L. nr. 71, 14. des. 1953, § 1.

1) L. nr. 47, 25. maí 1950, § 1.

1947 Nr. 44 9. maí

manna. — **11. gr.** Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu. — **12. gr.** Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum. — **13. gr.** [Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlínur, a. m. k. næstu 4 ár eftir að fjárskiptum lýkur báðum megin við þær, nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd, ef hún telur hættulaust, leyft flutning lambhrúta til kynbóta milli fjárskiptasvæða innan þess tíma, enda sé ekki um að ræða flutning þaðan, sem garnaveiki hefur verið.][1]) Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínu. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigandi fái fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir. Greiðast þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til. — Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til. — **14. gr.** Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. — Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað. — **15. gr.** Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnum eða stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársótta eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum. — **16. gr.** Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlínur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, ef kindunum er slátrað. — **17. gr.** Fáist vissa fyrir, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlínu, skal framkvæmdarstjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé. — **18. gr.** Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist. — **19. gr.** Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til. — **20. gr.** Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti. — **21. gr.** Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki, má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst. — Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum. — **22. gr.** Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og eigendur óska að fá það rannsakað eða sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsókn-

1) L. nr. 47, 25. maí 1950, § 2.

in gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs, en fjáreigendur kosta framkvæmd verksins. — Sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd. — **23. gr.** Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað. — Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bætur fyrir sauðfé skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á það frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrareða vorlagi. Nautgripi skal bæta eftir gangverði í þeirri sveit. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. kafli. — Um fjárskiptafélög. — 24. gr. Sauðfjársjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði. — Við skiptingu þessa skal tekið tillit til: 1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrði til að setja upp nýjar varnarlínur á sem öruggastan hátt. 2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila. 3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun og fjárrekstrum í sambandi við hana verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé. 4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, samanber V. kafla þessara laga. 5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjársjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða. — **25. gr.** Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á viðkomandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi boði fjáreigendur á fund til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum. — Á sama hátt getur sauðfjársjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið. — Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni. — Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru ⅔ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast ⅔ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skylt er sauðfjársjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum. — **26. gr.** Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram: 1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir. 2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram. 3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum. 4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur. 5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlur og aðrar sóttvarnarráðstafanir. 6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og aðstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða. — **27. gr.** Nú samþykkir fundurinn frumvarp með ⅔ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félagssvæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar, og hvenær talning atkvæða skuli fara fram. — **28. gr.** Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með ⅔ atkvæða allra mættra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir. — Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðréttting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags. — Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síð-

asta skattaframtali. — Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu. — Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á. — Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins. — **29. gr.** Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla. — Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita. — Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið ⅔ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti ⅗ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt. — Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. kafli. — Um fjárskipti. — 30. gr. Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram. — **31. gr.** Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau. — Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum: 1. Að tryggja það áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæðið sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum. 2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr. 3. Að ákveða í samráði við félagsstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið. 4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en venjulega, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum. 5. Að ákveða, hvaðan líflömb séu tekin, og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram. 6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu líflamba, í samvinnu við stjórn viðkomandi fjárskiptafélags. — **32. gr.** Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið. — **33. gr.** Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð líflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs. — **34. gr.** Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum. — **35. gr.** Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt. — Fari svo, að sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt. — Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum. — **36. gr.** Veturinn eftir

fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt í samráði við stjórn fjárskiptafélags að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaust sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grunuðu fé. — Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi. — Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af því hlýzt.

VI. kafli. — Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.[1]) — **37. gr.** [Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu, samkvæmt skattaframtali tæpum tveim árum áður en fjárskipti hefjast, þannig að við fjárskipti á árinu 1950 skal miða við framtal á árinu 1949, þ. e. fjártölu í árslok 1948 o. s. frv. Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustið 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950, skal þó miða fjártöluna við skattaframtöl þeirra fyrir tekjuárið 1948, enda haldi þeir áfram sauðfjárbúskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði.][2]) — Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærist á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu. — Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum. — Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur. — Geitfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé. — **38. gr.** [Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum bætur, sem svarar hálfu lambsverði á bótaskylda kind. Skal framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af niðurlagsverði tveggja næstu ára á undan, miðað við meðalvænleika sláturlamba á hverju fjárskiptasvæði. — Kostnað við flutning líffjár á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður. — Kostnað við fjárkaup og innansveitar tilfærslu á fé á fjárkaupasvæðum, svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða kosti fjáreigendur sjálfir. — Fjáreigendur skulu fá keypt, ef unnt er, líflömb, er nema 50% af bótaskyldri fjártölu haustið, sem fjárskipti fara fram, samanber þó 39. gr. Skylt er að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar. — Séu nægjanleg líflömb fáanleg, skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að 20% til viðbótar. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir, til þess að tryggja, að fjáreigendur fái keypt 50% af bótaskyldri lambatölu ár hvert, og heimilast í því skyni eignarnám, enda komi fullt verð fyrir. — Framlag ríkisins skal greiða ári eftir að fjárskipti hefjast, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.][1]) — **39. gr.** [Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta yfir í aðra framleiðslu, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð á svæðinu. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.][2]) — **40. gr.** [Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með [6%][3]) ríkisskuldabréfum þannig: Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að ⅔ í ríkisskuldabréfum. Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að ⅘ í ríkisskuldabréfum. — Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis. — Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra. — Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulagi bankanna, skal ákveða nánar með reglugerð. — Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til

1) Rgj. nr. 104, 19. ágúst 1948. — 2) L. nr. 47, 25. maí 1950, § 3.

1) L. nr. 47, 25. maí 1950, § 4. — 2) Sömu l., § 5. — 3) L. nr. 98, 3. des. 1951, § 1.

1947 Nr. 44 9. maí

að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.][1]) — **41. gr.** Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalda af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu. — **42. gr.** Ef sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að útrýma sjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, þar sem fjárskiptafélag fæst ekki stofnað samkvæmt lögum þessum, þá getur hún látið útrýminguna fara fram með samþykki landbúnaðarráðherra. Bætur skal þá greiða fjáreigendum samkvæmt mati eftir gildandi lögum um eignarnám, en skylt er matsmönnum að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.[a])

VII. kafli. — Almenn ákvæði. — 43. gr. Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum, eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt. — Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.[2]) — **44. gr.** Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna lækningaráð við þeim og útrýma þeim. — Einnig er honum heimilt að láta útbreiða miður næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.[2]) — **45. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma.[3]) Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir. — **46. gr.** Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 47, 25. maí 1950, § 6, rgj. nr. 190, 7. sept. 1950. — 2) Rgj. nr. 76, 1. apríl 1952. — 3) Rgj. nr. 135, 27. júní 1952, rgj. nr. 4, 2. jan. 1942, sbr. rgj. nr. 72, 17. marz 1945; rgj. nr. 40, 6. marz 1943 og rgj. nr. 51, 1. apríl 1944. — a) XI, 91.

Lög um berklaveiki í nautpeningi. **1923** Nr. 25 20. júní

1. gr. Með lögum þessum er öllum þeim, sem eiga eða hafa undir hendi nautgripi, gert að skyldu að tilkynna dýralækni hið fyrsta að hægt er öll þau sjúkdómstilfelli hjá nautpeningi, sem vekja grun um berklaveiki, samkvæmt leiðarvísi, sem atvinnumálaráðuneytið lætur semja og útbýta, og skal hann þá sjá um, að rannsókn fari fram svo fljótt sem við verður komið. — **2. gr.** Kostnað þann, sem af slíkri rannsókn leiðir, hvort sem dýralæknir framkvæmir hana sjálfur eða felur öðrum, skal eftir nánari ákvæðum atvinnumálaráðuneytisins greiða úr ríkissjóði, ef sjúkdómurinn reynist berklaveiki; ella greiðist hann að hálfu af hvorum, eiganda grips og ríkissjóði. — **3. gr.** Nú reynist nautgripur berklaveikur, og skal þá dýralæknir strax tilkynna það símleiðis atvinnumálaráðuneytinu. Er ráðuneytinu þá heimilt, með ráðum dýralæknis, að fyrirskipa niðurskurð á hinum sjúku gripum og sótthreinsun eftir þörfum. Niðurskurð skal að jafnaði fyrirskipa, ef um fáa gripi er að ræða, og ávallt, ef gripirnir teljast hættulegir vegna opinna, smitandi berkla. Séu sjúku gripirnir aftur á móti svo margir, að ekki þyki gerlegt að skera allt niður, enda ekki nauðsynlegt vegna smithættu, heimilast ráðuneytinu að fyrirskipa einangrun nautgripa á litlu eða stóru svæði, svo sem einum bæ eða fleirum saman, heilum hreppi eða sýslu, og mega nautgripir þá ekki fara burt af svæðinu nema til slátrunar, og þá þannig, að ekki komi þeir saman við aðra nautgripi. Skulu yfirvöld hrepps eða sýslu sjá um, að einangrunarfyrirskipuninni sé rækilega fylgt. — **4. gr.** Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgripum eftir lögum þessum, skal ríkissjóður greiða eiganda gripsins skaðabætur, sem svarar ½ af andvirði kjötkroppsins eins og hann mundi seljast ósjúkur og í heilu lagi í næsta kauptúni. Annars eru eiganda frjáls afnot húðarinnar, svo og kjöts og sláturs, ef og að svo miklu leyti sem dýralæknir telur það hæft til manneldis. — Sótthreinsunarlyf og umsjá með sótthreinsun annast ríkissjóður á sinn kostnað, en skylt er eiganda að leggja til alla þá hjálp endurgjaldslaust, er með þarf, bæði við rannsókn og niðurskurð gripa, svo og við sótthreinsun. — **5. gr.** Setja má með reglugerð ákvæði um útrýming berklaveiki í nautpeningi á einangruðu svæði, svo og um eftirlit með því, að einangruninni sé tryggilega fylgt. — **6. gr.** Brot móti lögum

1923 Nr. 25 20. júní

þessum og reglugerð, sem ræðir um í 5. gr., varða sektum, frá 50 til 500 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

1935 Nr. 123 27. des.

Lög um gelding húsdýra.

1. gr. Gelding húsdýra, sem eldri eru en veturgömul, skal framkvæmd af dýralæknum eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá héraðslækni eða dýralækni sanna, að þeir hafi lært að fara með staðdeyfingarlyf eða svæfingarlyf og aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem nauðsynleg er til að inna verkið vel af hendi. — **2. gr.** Sýslunefndir sjá um, að nægilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu og setur þeim skipunarbréf, er gefur rétt til starfa innan sýslu, en eigi annarsstaðar. Ákvæði þetta skerðir þó eigi réttindi skipaðra dýralækna. — **3. gr.** Þóknun fyrir verk sitt ber geldingamönnum, öðrum en dýralæknum, samkvæmt gjaldskrá, er sýslunefndir setja, hver fyrir sína sýslu. — **4. gr.** Húsdýr þau, er um getur í 1. gr., skal staðdeyfa eða svæfa áður en gelding fer fram, Til geldingar á yngri húsdýrum skal nota Burdizzo geldingatöng eða aðrar tengur af eigi lakari gerð. — Landbúnaðarráðherra setur reglur um sölu og afhending deyfingarlyfja. Hann hlutast og til um, að dýralæknar landsins gefi mönnum kost á því að læra geldingar og meðferð deyfingarlyfja.[1]) — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

1940 Nr. 64 7. maí

Lög um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

1. gr. Rannsókna- og tilraunastarfsemi landbúnaðarins, sem nýtur styrks úr ríkissjóði, skal vera framkvæmd á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum. — **2. gr.** Tilgangurinn með rannsóknum þeim og tilraunum, sem lög þessi fjalla um, er að afla vísindalegrar, hagnýtrar reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar, svo að þeir, sem landbúnað stunda, geti byggt starf sitt á traustari grundvelli en nú.

I. kafli. — Um stjórn tilraunamála. — 3. gr. Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir yfirstjórn þeirra rannsókna og tilrauna, er lög þessi ákveða. — **4. gr.** Til þess að ákveða á ári hverju, hve víðtækar rannsóknir og tilraunir skuli gera og hvernig þeim sé hagað, skal ráðherra skipa, til 5 ára í senn, tvö tilraunaráð: fyrir jarðrækt og búfjárrækt, og séu fimm menn í hvoru. Tilraunaráðin velja sér formann og ritara. — Í tilraunaráði vegna jarðræktar séu tveir tilraunastjórar aðaltilraunastöðva, forstöðumaður jarðvegsrannsókna við landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar atvinnuveganna við Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda séu þeir báðir sérfræðingar í jarðrækt. — Í tilraunaráði vegna búfjárræktar séu þessir menn: Forstöðumaður fóðrunartilrauna og forstöðumaður búfjársjúkdómarannsókna við rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, tveir menn skipaðir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda séu þeir báðir sérfræðingar í búfjárrækt, og annar forstöðumaður búfjárræktartilrauna á bændaskólunum. — Nú verða stofnsettar fleiri en tvær aðaltilraunastöðvar í jarðrækt, og skulu þá forstjórar þeirra velja tvo menn úr sínum hópi í tilraunaráðin. Sama gildir ef fleiri en tvö tilraunabú vegna búfjárræktar verða stofnuð. — Tilraunaráðin eru ólaunuð, en ferðakostnaður greiðist samkvæmt reikningi. — **5. gr.** Hvort tilraunaráð skal koma saman einu sinni á ári, en aukafundi getur formaður kvatt saman, ef sérstakar ástæður eru til eða meira hluti ráðsins krefst þess. — **6. gr.** Verksvið tilraunaráðs jarðræktar er: 1. Að gera tillögur um, hver verkefni landbúnaðardeildin tekur til meðferðar á hverjum tíma í þágu jarðræktarinnar. 2. Að kerfisbinda og samræma tilraunastarfsemi jarðræktarinnar, ákveða hver verkefni eru tekin til meðferðar á tilraunastöðvunum og hvernig þeim skuli skipt milli þeirra á hverjum tíma. 3. Að gera tillögur um framkvæmd og ákveða fyrirkomulag dreifðra tilrauna. — **7. gr.** Verksvið tilraunaráðs búfjárræktar er: 1. Að gera tillögur um, hver verkefni landbúnaðardeildin tekur til meðferðar á sviði búfjárræktarinnar. 2. Að ákveða árlega, hverjar tilraunir verði gerðar á búfjárræktartilraunabúum um fóðrun og kynbætur búpenings. 3. Að gera tillögur um fyrirkomulag og framkvæmd búfjárræktartilrauna, sem kunna að verða gerðar utan tilraunabúanna. — **8. gr.** Tilraunaráðin sjái um, að niðurstöður tilraunanna séu birtar almenningi þannig, að árlega séu gefnar út stuttar lýs-

1940 Nr. 64 7. maí

1) Rg. nr. 40, 26. apr. 1937.

ingar bændum til leiðbeiningar um þann árangur tilrauna, sem líklegt er að komi samtímis að hagnýtu gagni. Á nokkurra ára fresti skulu svo gefnar út glöggar skýrslur um öll þýðingarmestu atriði tilrauna þeirra, sem gerðar hafa verið á tilraunastöðvunum, tilraunabúunum og landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar háskólans.

II. kafli. — Um starfsemi landbúnaðardeildar rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands. — 9. gr. Til þess að annast rannsóknir fyrir landbúnaðinn skal starfa sérstök deild (landbúnaðardeild) í rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Sbr. lög nr. 97, 3. maí 1935.[1]) — **10. gr.** Landbúnaðardeildin skal hafa með höndum þessi verkefni: 1. Jarðvegsrannsóknir. 2. Jurtakynbætur og frærannsóknir. 3. Rannsókn jurtasjúkdóma. 4. Fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir. 5. Búfjárkynbætur. 6. Rannsókn búfjársjúkdóma. — Við stofnunina skulu framvegis starfa sérfræðingar í þessum fræðigreinum, og skipar ráðherra í stöðurnar, að fengnum tillögum viðkomandi tilraunaráðs, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. — **11. gr.** Landbúnaðardeildin skal gera hverskonar athuganir og rannsóknir fyrir tilraunastöðvarnar, tilraunabú bændaskólanna og bændur. Aðalverkefnin skal ákveða af tilraunaráðum í samráði við starfsmenn stofnunarinnar, en verði einhver ágreiningur milli tilraunaráðanna og forstöðumanns deildarinnar, sker landbúnaðarráðherra úr. — **12. gr.** Landbúnaðardeildin skal fá jarðnæði til afnota á hentugum stað nærri Reykjavík, þar sem hægt er að rannsaka nauðsynlegustu þætti varðandi: Fóðrun, búfjárkynbætur, búfjársjúkdóma, jurtakynbætur og jurtasjúkdóma.

III. kafli. — Um jarðræktartilraunir. — 13. gr. Tilraunastöðvarnar á Akureyri og Sámsstöðum skulu starfræktar sem aðaltilraunastöðvar í jarðrækt. Landbúnaðarráðherra skal gera samninga við eigendur stöðvanna, er tryggi það, að þær hagi starfi sínu eftir fyrirmælum tilraunaráðs og að engar þær kvaðir verði á þær lagðar, er hamli, að tilraunastarfið nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt. — Þegar fært þykir af fjárhagslegum ástæðum, skulu til viðbótar stofnsettar tvær aðrar tilraunastöðvar, önnur á Vesturlandi, hin á Austurlandi. — **14. gr.** Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef ástæða þykir til, að dómi tilraunaráðs, að setja upp útibú frá aðaltilraunastöðvunum, er taki til meðferðar sérstök verkefni, sem einhverra hluta vegna er ekki unnt að taka upp á aðalstöðvunum. — **15. gr.** Þyki tilraunaráði ástæða til, skulu niðurstöður tilrauna þeirra, sem framkvæmdar eru á tilraunastöðvunum, reyndar við mismunandi skilyrði hjá einstökum bændum. Búnaðarsamböndin skulu sjá um þá framkvæmd. Tilraunir þessar skulu aðeins gerðar á svæðum þeirra búnaðarsambanda, sem hafa héraðsráðunauta, og er þeim skylt að annast umsjón með slíkum tilraunum, undir stjórn tilraunastöðvanna. — **16. gr.** Tilraunir í garðrækt skulu framkvæmdar á garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi, eftir tillögum tilraunaráðs. — **17. gr.** Landbúnaðarráðherra skal, ef tilraunaráð mælir með því, löggilda fræ og útsæði af ákveðnum afbrigðum ræktunarjurta, þannig að óheimilt sé að verzla með fræ og útsæði af öðrum afbrigðum þeirra tegunda. Þó skal þetta því aðeins gert, að nægilegt fræ og útsæði af viðkomandi afbrigðum sé fáanlegt, að dómi Búnaðarfélags Íslands. — **18. gr.** Til þess að reyna ný verkfæri, eða breytingar á eldri verkfærum, hvort heldur eru jarðyrkjuverkfæri, heyvinnuáhöld eða önnur heimilisáhöld, skal skipa þriggja manna verkfæranefnd. Sé einn tilnefndur af búnaðarþingi, einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og sá þriðji af kennurum bændaskólans á Hvanneyri, og sé hann formaður. Verkfæratilraunir skulu fara fram við búnaðarskólann á Hvanneyri, nema hentara þyki að reyna sérstök verkfæri annarstaðar. — **19. gr.** Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við bændaskólann á Hvanneyri, undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverzlanir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri, sem ekki fást á annan hátt. — **20. gr.** Tilraunir í skógrækt séu gerðar af skógræktarstjóra í samráði við Skógræktarfélag Íslands, og sé einkum stefnt að því að rannsaka hagnýta þýðingu skógargróðurs til landverndunar gegn uppblæstri.

IV. kafli. — Um búfjárræktartilraunir. — 21. gr. Tilraunir í búfjárrækt skulu gerðar á skólabúum bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri. Kennarar skólans í búfjárrækt skulu annast stjórn tilraunanna. — **22. gr.** Á tilraunabúunum séu gerðar tilraunir með

1) Sbr. nú l. nr. 68, 7. maí 1940.

1940 Nr. 64 7. maí

1940 Nr. 64 7. maí

fóðrun og kynbætur búpenings. Einnig séu, eftir því sem við verður komið, gerðar tilraunir með heyverkunaraðferðir. Á hverjum tíma séu þau verkefni tekin til athugunar, sem mesta hagnýta þýðingu hafa, og sé tilraunaverkefnunum skipt milli búanna eftir því, sem hentugast er vegna staðhátta. — Áherzla skal lögð á að miða tilraunirnar við það, að auka notagildi og markaðshæfi hverrar búpeningstegundar. — **23. gr.** Starfsmenn landbúnaðardeildarinnar við rannsóknarstofnun háskólans í búfjárræktarrannsóknum og stjórnendur tilraunabúanna skulu sameiginlega ákveða, eftir hvaða reglum þær tilraunir séu framkvæmdar, sem tilraunaráð ákveður á hverjum tíma að gerðar séu. — **24. gr.** Þyki tilraunaráði búfjárræktar ástæða til, skulu niðurstöður tilrauna þeirra, sem fást á tilraunabúunum, reyndar við mismunandi skilyrði hjá einstökum bændum, svo og ef ástæða þykir til að gera sérstakar tilraunir, sem ekki er unnt á tilraunabúunum. Yfirumsjón með slíkum tilraunum hafa sérfræðingar rannsóknarstofnunar háskólans í búfjárrækt. — **25. gr.** Sérfræðingur í búfjárrækt við landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar háskólans skal kynna sér þær tilraunir, sem gerðar eru með að flytja sæði úr völdum kynbótadýrum til frjóvgunar kvendýra annarstaðar, og ef fært þykir, að nota þær aðferðir við kynbætur á búfé hér á landi. — Skulu þá gerðar tilraunir með að flytja sæði erlendis frá til kynblöndunar innanlands.

V. kafli. — Fjárframlög og reikningsskil. — — **26. gr.** Ríkissjóður kostar þær rannsóknir og tilraunir, sem lög þessi ákveða, og koma þær til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum. Fjárframlög skulu ákveðin í tvennu lagi, til landbúnaðardeildar rannsóknarstofnunar háskólans annarsvegar, en annarrar tilraunastarfsemi sem ríkissjóður kostar, hinsvegar. — **27. gr.** Í lok hvers árs skulu tilraunaráðin gefa Búnaðarfélagi Íslands bráðabirgðaskýrslu um tilraunastarfsemi hins liðna árs, ásamt rökstuddum tillögum um, hvað unnið skuli næsta ár og hve mikils fjár sé þörf til framkvæmdanna. — Skýrslur tilraunaráðanna skulu lagðar fyrir búnaðarþing til athugunar, og fylgi umsögn þess eða stjórnar Búnaðarfélags Íslands tillögunum til landbúnaðarráðherra. — **28. gr.** Til þess að skipta fé því, sem árlega er varið til hinnar almennu tilraunastarfsemi, skal landbúnaðarráðherra skipa þriggja manna nefnd. — Tilnefnir hvort tilraunaráð einn mann í nefndina. Þriðji maður sé búnaðarmálastjóri, og skal hann vera formaður hennar. — **29. gr.** Fjárgreiðslur til tilrauna í jarðrækt og búfjárrækt skulu afgreiddar af Búnaðarfélagi Íslands. Þær stofnanir, sem tilraunirnar hafa með höndum, geri reikningsskil til félagsins, og séu reikningarnir frá síðasta ári komnir fyrir 15. febrúar ár hvert. Þeir skulu síðan endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélagsins og úrskurðaðir af búnaðarþingi.

VI. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 30. gr. Um framkvæmd laga þessara, að svo miklu leyti sem hún er ekki ákveðin í lögunum, setur landbúnaðarráðherra reglugerðir, eftir tillögum tilraunaráðanna.

1940 Nr. 64 7. maí

Lög um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. **1944** Nr. 57 31. okt.

1. gr. Reisa skal og reka tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkv. lögum nr. 64, 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar. — **2. gr.** Tilraunastöðin fær nú þegar til umráða og eignar endurgjaldslaust og kvaðalaust 165 ha. úr austanverðri landareign jarðarinnar Reykhóla, eins og þetta er þegar afmarkað á uppdrætti að landareigninni. Takmarkast land þetta af núverandi vegi með fjallshlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan af beinni línu í Langavatn. Landinu fylgi þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess fær tilraunastöðin á sama hátt þrjár eyjar að eigin vali úr landareigninni til þess að fullnægja þörf vegna sérstakra tilrauna. — **3. gr.** Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal gerð í samráði við skipulagsstjóra ríkisins.

Lög um búreikningaskrifstofu ríkisins. **1936** Nr. 12 1. febr.

1. gr. Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til. — **2. gr.** [Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi

1936 Nr. 12 1. febr.

Íslands kostnað við búreikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrslna og eyðublaða til innfærslu búreikninga, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 5000 krónum á ári.][1]) — **3. gr.** Hlutverk búreikningaskrifstofunnar er: 1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn. 2. Að safna búreikningum víðsvegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og bændum, sem bundizt hafa félagsskap með færslu búreikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda yfirleitt og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins. 3. Að gera upp búreikninga, er skrifstofunni berast, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim hagfræðilegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Birta skal skrifstofan yfirlitsskýrslu um niðurstöður sínar fyrir hvert ár svo fljótt sem við verður komið. 4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum. 5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til að leiðbeina bændum og starfsmönnum bænda, sem bundizt hafa félagsskap með færslu búreikninga. 6. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar á sviði landbúnaðarins, ef hún óskar þess. — **4. gr.** [Skólabúum bændaskólanna og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga eftir fyrirmælum búreikningaskrifstofunnar og þeim fyrirmyndum, sem hún segir fyrir um. Búreikninga þessa með fylgiskjölum, eða afrit af þeim, skal senda búreikningaskrifstofunni til athugunar fyrir lok hvers reikningsárs. Athugasemdir þær, er hún kann að gera við reikninga þessa, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði þegar komið í lag, sem kann að reynast ábótavant samkvæmt þeim.][2]) — **5. gr.** Forstöðumanni búreikningaskrifstofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

1) L. nr. 35, 27. júní 1941, § 1. — 2) S. l., § 2.

Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1947 Nr. 94 5. júní

I. kafli. — Um skipan og verkefni framleiðsluráðs. — 1. gr. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúaráðsfundi þess, og sé einn þeirra formaður framleiðsluráðs, og 4 mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands ísl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfél. Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma. — Framleiðsluráð kýs úr sínum flokki 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar framleiðsluráðs. — Framleiðsluráð ræður sér fulltrúa, er annast dagleg störf, það getur einnig valið sér trúnaðarmenn til eftirlits, eftir því sem þörf krefur. — **2. gr.** Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru: 1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara; 2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar; 3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna; 4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan; 5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma; 6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkv. fyrirmælum laga þessara; 7. að ákveða mjólkursölusvæði samkv. lögum þessum; 8. að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málsgr. 6. gr. og 7. gr. — **3. gr.** Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. — Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því

geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

II. kafli. — Um verðskráningu.[a]) — **4. gr.** Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. — Hagstofu Íslands er skylt að afla nauðsynlegra gagna fyrir 1. júlí ár hvert um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og tekjur annarra vinnandi stétta á sama tíma. — **5. gr.** Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sjómannafélagi Reykjavíkur. — Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins. — Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi. — Nú næst ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, og skal þá vísa þeim atriðum, er ágreiningi valda, til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefnd þessi skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. — Fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin. — Ákvæðin um yfirnefnd gilda á meðan greitt er niður með ríkisfé verð landbúnaðarafurða eða ef útflutningsuppbætur eru greiddar á þær. — **6. gr.** [Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það, þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.][1]) Fulltrúar framleiðenda og neytenda geta hvor um sig óskað endurskoðunar á verðlagsgrundvellinum. Ef ósk fulltrúa um endurskoðun er komin til gagnaðila fyrir lok febrúarmánaðar það ár, sem óskað er eftir að endurskoðunin verði látin fram fara, skal hún þegar tekin til greina. Við endurskoðun þessa skal fylgja fyrirmælum 4. og 5. gr., og skal henni lokið svo tímanlega, að söluverð á landbúnaðarvörum verði ákveðið í samræmi við hana fyrir 1. ágúst sama ár. — Hagstofa Íslands reiknar árlega framleiðslukostnað landbúnaðarvara eða vísitölu hans á grundvelli áðurgreinds samkomulags eða tillagna yfirnefndar (sbr. 5. gr.), og skal framleiðsluráð miða verðlagning á landbúnaðarvörum árlega við þann útreikning. — Hið nýja verðlag tekur gildi 1. ágúst ár hvert. Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti, sem verðskráðir eru samkv. lögum þessum, fyrir annað verð en það, sem ákveðið er á hverjum stað og tíma. — **7. gr.** [Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.][1]) — **8. gr.** Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á helztu innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímann frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir. Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðið miðað við, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta. — **9. gr.** Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði.

III. kafli. — Um sauðfjárafurðir. — 10. gr. Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda,

1) L. nr. 116, 27. nóv. 1947, § 1. — a) (XVII, 514).

1) L. nr. 116, 27. nóv. 1947, § 2.

1947 Nr. 94 5. júní

er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 4. málsl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs. — Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað. — **11. gr.** Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjalddagi er, þegar slátrun fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað. — **12. gr.** Framleiðsluráð ákveður um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar. — **13. gr.** Skylt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innanlands og utan. — **14. gr.** Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna. — **15. gr.** Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

IV. kafli. — Um sölu stórgripakjöts. — 16. gr. Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt. — **17. gr.** Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef Búnaðarfélag Íslands eða félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess. — Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess. — Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars: 1. Um skiptingu landsins í sölusvæði. 2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs. 3. Að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum. 4. Um mat og flokkun hrossakjöts. 5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs. 6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

V. kafli. — Um sölu mjólkur og mjólkurafurða. — 18. gr. Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annaðhvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði. — Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningu mjólkurframleiðslu, að færa þær byggðir undir það mjólkursölusvæði, er bezt hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf. — Við skiptingu í mjólkursölusvæði skal framleiðsluráð enn fremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neyzlumjólk sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi framleiðsluráðs. — **19. gr.** Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna, þar á meðal mjólkur-

söluna á því sölusvæði. Hún annast enn fremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neyzlumjólk og afhendingu þess til framleiðsluráðs. Þar, sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af ríkisstjórninni og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði. — Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, og getur þá framleiðsluráð hlutast til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kauptún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkursöluna og annað, er hana snertir. — **20. gr.** Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn samkv. 19. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neyzlumjólk og rjóma, sem samsalan selur frá mjólkurbúunum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu, og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.[a]) — Tekjuafgangur mjólkursamsölu skal renna í verðjöfnunarsjóð hlutaðeigandi mjólkursölusvæðis eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórn samsölunnar telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins. — Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðinu. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að allir mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað. Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins. Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrir fram af stjórn samsölunnar, svo oft sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum á sama mjólkursölusvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða. Kostnað þennan ákveður samsölustjórnin eftir því, sem hún telur hæfilegt að fengnum upplýsingum um kostnað við rekstur mjólkurbúa af líkri stærð og skýrslum um starfrækslukostnað mjólkurbúanna á mjólkursölusvæðinu. — Verði ágreiningur milli mjólkurbúanna um flutningskostnað eða stöðvar- og vinnslukostnað, sker framleiðsluráð úr. — Skylt er að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stiglækkandi fyrir aðra flokka. — **21. gr.** Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 19. gr., skal öll sala og dreifing á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar. Heimilt er þó stjórn samsölunnar með samþykki framleiðsluráðs að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða eða kauptúna, að velja um, hvort þeir afhenda samsölunni sölumjólk sína og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 22. gr., eða selja hana beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald, svo sem samsölustjórnin ákveður á hverjum tíma.[a]) Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 2800 lítra ársnyt úr hverri kú, nema meðalársnyt hafi reynzt önnur samkv. skýrslu nautgriparæktarfélaga á mjólkursölusvæðinu, og skal gjaldið þá miðað við það. Skylt er að veita bæjarfélagi slíka undanþágu samkv. tillögu heilbrigðisstjórnarinnar fyrir barnamjólk, sem framleidd er á búi, sem það rekur innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins og er eign þess. Sama gildir um almenna neyzlumjólk, ef bæjarfélagið framleiðir svo mikla mjólk, að það fullnægi algerlega mjólkurþörf bæjarbúa. — Heimilt er hverjum framleiðanda, er nýtur framangreindrar undanþágu, að undanskilja til heimilisþarfa 1 lítra mjólkur á dag á hvern heimilismann hans. Heimilismenn teljast hér auk framleiðanda þeir, sem hann hefur á framfæri, og hjú hans. Framleiðandi tilkynnir tölu heimilismanna og færir sönnur á hana, ef samsölustjórnin óskar þess. — Skylt er þeim, er heimild hafa til að selja mjólk, að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti, sem tilskilin eru í lögum, heilbrigðissamþykktum og mjólkurreglugerðum á hverjum tíma. — **22. gr.** Nú

1947 Nr. 94 5. júní

a) (X, 54).

a) (IX, 361).

hefur mjólkurframleiðandi, sem búsettur er í þeim kaupstað eða kauptúni, þar sem mjólkin er seld, ræktað land til fóðuröflunar innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, og skal hann þá undanþeginn verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, sem hann framleiðir af því fóðri, er fæst af hinu ræktaða landi, og telst þá, að hektari gefi af sér kýrfóður. Fyrir það mjólkurmagn, sem þeir framleiðendur selja allt árið, jafnt sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkin er seld, og ekki selja beint til neytenda, skal þeim greiddur einn eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist upphæð þessi eftir á fyrir næstliðið ár, og skal taka tillit til þess, þegar verðjöfnunargjaldið er ákveðið. — **23. gr.** Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyrs í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins, samanber þó 22. gr. — **24. gr.** Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis, sbr. þó 22. gr. — Enn fremur er stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði heimilt að veita leyfi til að afhenda mjólk að gjöf og heimila framleiðanda að taka mjólk til eigin neyzlu utan heimilis síns, ef henni þykir sérstök ástæða til. Heimilt er samsölustjórnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. — **25. gr.** Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt.[a]) Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd. — Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annarri neyzlumjólk. — Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af framleiðsluráði, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur. — Nú telur héraðslæknir eða mjólkureftirlitsmaður, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkursamsölu, stöðvað sölu á þeirri mjólk. Sama gildir og um sölumjólk einstakra framleiðenda. — **26. gr.** Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyzlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu. — Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta. — **27. gr.** Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúns óskar þess, að víkja frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt. Aldrei skal greiða verðjöfnunargjald af sömu mjólk nema á einum stað. Verði ágreiningur um heildsöluverð einhverrar vöru, sem seld er milli verðjöfnunarsvæða, sker framleiðsluráð úr. — **28. gr.** Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi framleiðsluráðs. Getur framleiðsluráð krafizt þess, að bygging stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þeg-

a) X, 109.

1947 Nr. 94 5. júní

1947 Nr. 94 5. júní

ar þörf krefur. Í því sambandi er framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar. — Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og framleiðsluráð telur þeirra þörf og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. — Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að ¼ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum. — Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

VI. kafli. — Um verðmiðlun. — 29. gr. Verðmiðlun á kjöti, mjólk og mjólkurvörum skal haga þannig: a. Á kjöti: Greiða skal verðmiðlunargjald á allt kindakjöt, er nægi til þess að sláturleyfishafar fái greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta af framleiðanda á sláturstað. b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar á milli mjólkursölusvæða, eftir því er framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 30. gr.). — **30. gr.** Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við a- og b-lið 29. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, er þar um ræðir, og standa straum af framkvæmdum laga þessara, þar á meðal kostnaði vegna framleiðsluráðs o. fl. (sjá þó 9. gr.). — **31. gr.** Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess. — Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki. — Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta og þær geta í té látið.

1947 Nr. 94 5. júní

VII. kafli. — Um iðnað úr landbúnaðarvörum. — 32. gr. Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenzkum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins. — **33. gr.** Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 32. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

VIII. kafli. — Ýmis ákvæði. — 34. gr. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs. — [Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við framleiðsluráð.][1]) — **35. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.[a]) — Ef aðili, sem samkv. lögum þessum er skylt að gefa framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 20—200 kr.

Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

1951 Nr. 33 8. marz

1. gr. Þar, sem talað er um jeppabifreiðar í lögum þessum, er einnig átt við aðrar þær tegundir bifreiða, er hentugar þykja og fluttar kunna að vera inn til landbúnaðarþarfa. — Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slíkra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins ár hvert. Með inn-

1) L. nr. 116, 27. nóv. 1947, § 3. — a) XX, 154, 152; (VI, 337, 594).

flutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja svo fljótt sem verða má þörfum landsbúa fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirliggjandi í landinu. Gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazt hafa kauprétt samkvæmt lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð að dómi verðlagsyfirvaldanna. — **2. gr.** Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 2 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, 2 af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af landbúnaðarnefndum Alþingis. Kosning þeirra gildir til 2 ára. Sömu aðilar kjósa jafnmarga varamenn. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutafalli við þátttöku þeirra í nefndinni. — **3. gr.** Fjóra fimmtu hluta þeirra bifreiða, sem nefndin fær til ráðstöfunar, má hún aðeins afhenda bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í sveitinni og stofnunum landbúnaðarins og starfsmönnum þeirra, skógrækt og sandgræðsla með talin, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum. — **4. gr.** Nefndin aflar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga og annarra heimilisþarfa. Að fengnum þessum upplýsingum og tilkynningu gjaldeyrisyfirvaldanna um væntanlegan innflutning jeppabifreiða á árinu, tekur nefndin ákvörðun um skiptingu bifreiðanna milli sveitarfélaga. Við skiptin skal þess gætt, að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaganna í sem réttustu hlutfalli við tölu þeirra búenda í hverju búnaðarfélagi, sem geta haft bifreiðanna not, eins og áður er sagt, enda sé þá tekið fullt tillit til þeirra jeppabifreiða, sem áður hefur verið úthlutað. Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaganna tölu þeirra bifreiða, sem væntanlega koma til úthlutunar í félagið á því ári. — **5. gr.** Stjórnir hreppabúnaðarfélaga taka á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, hver af sínu félagssvæði. Nú berast búnaðarfélagsstjórn umsóknir um fleiri jeppabifreiðar en úthlutað verður í hreppinn á því ári, og gerir hún þá tillögu um, hverjum af umsækjendunum hún vill mæla með að því sinni, og sendir tillöguna að því búnu ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni til úthlutunarnefndar. Verði búnaðarfélagsstjórn ekki á eitt sátt, er minni hlutanum heimilt að senda einnig tillögur sínar ásamt greinargerð fyrir þeim til nefndarinnar. — **6. gr.** Stjórnir hreppabúnaðarfélaga skulu leitast við í tillögum sínum um úthlutun jeppabifreiða að fylgja eftirgreindum reglum: 1. Að þeir einir komi til greina, er geta vegna samgönguskilyrða haft full not bifreiðanna til flutnings á fólki og vörum að og frá heimilum sínum. 2. Að bændur gangi fyrir öðrum hreppsbúum. 3. Að þeir bændur sitji í fyrirrúmi, er afskekktast búa eða eiga lengsta leið á þjóðveg og mesta hafa flutningsþörfina. 4. Nú er ekki teljandi munur á aðstöðu umsækjenda, og skal þá láta tvo eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum. — Óheimilt er að úthluta jeppabifreiðum til þeirra, sem áður hafa fengið slíkar bifreiðar við úthlutun, eiga keyrslufæra fólksbifreið eða hafa keyrslufæra fólksbifreið á heimili sínu. Nú hefur sveitarheimili keyrslufæra vörubifreið, og kemur það heimili því aðeins til greina við úthlutun, að ekki liggi fyrir umsóknir frá öðrum, er hafa óskoraðan rétt til úthlutunar jeppabifreiða. — **7. gr.** Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt öðrum upplýsingum, ef fyrir liggja og að þessu lúta, úthlutar hún bifreiðunum. Að lokinni úthlutun sendir nefndin stofnunum landbúnaðarins og stjórnum hreppabúnaðarfélaga tilkynningu um, hverjir af umsækjendum þeirra fái úthlutað jeppabifreið. Óheimilt er að afhenda bifreið fyrr en úthlutunarnefnd hefur borizt skrifleg yfirlýsing frá stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða búnaðarfélags um, að hún skuldbindi sig að hlutast til um, að eigandi bifreiðarinnar hlíti fyrirmælum laganna í öllum greinum, og tilkynna nefndinni, ef út af ber. — **8. gr.** Bifreiðar, sem úthlutað er til landbúnaðarstofnana eða starfsmönnum þeirra samkv. 3. gr., er óheimilt að selja án samþykkis úthlutunarnefndar. Nú hættir slíkur starfsmaður störfum hjá félaginu eða stofnuninni, er hann hefur unnið hjá, og skal hann þá afhenda bifreiðina þeim aðila, er útvegaði honum bifreiðina, nema úthlutunarnefnd heimili annað eftir tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns eða félagsstjórnar. — Aðrar jeppabifreiðar, sem úthlutað er samkv. ákvæðum laga þessara til afnota í ákveðnum sveitarfélögum, er óheimilt að selja, gefa eða flytja burt úr hreppnum án samþykkis stjórn-

1951 Nr. 33 8. marz

ar hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem hlutast til um, að bifreiðin sé áður auglýst til kaups fyrir hreppsbúa. — Nú vilja hreppsbúar ekki kaupa bifreiðina, og skal eigandi þá bjóða hana úthlutunarnefnd til ráðstöfunar, enda ábyrgist hún honum andvirði bifreiðarinnar. Vilji nefndin ekki sinna boði seljanda, eða honum hefur ekki borizt svar frá nefndinni mánuði eftir að víst er, að tilboðið barst henni í hendur, er eiganda heimilt að ráðstafa bifreiðinni. — Engar bifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má selja nema með leyfi nefndarinnar og ekki yfir kostnaðarverði að meðtöldum söluskatti, þó að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru. — **9. gr.** Nú þykir augljóst, að kaupandi, sem fengið hefur jeppabifreið fyrir atbeina úthlutunarnefndar, hefur notað sér yfirvarp til að eignast hana, þ. e. notar hana t. d. ekki á heimili sínu eða í sambandi við starf sitt eða atvinnurekstur, og ber nefndinni þá að krefjast þess, að bifreiðinni verði skilað aftur til nefndarinnar. — **10. gr.** Bifreið, sem ráðstafað hefur verið gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal afhent úthlutunarnefnd gegn upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni fyrningu og skemmdum, er dómkvaddir menn meta. — **11. gr.** Stjórnum hreppabúnaðarfélaga ber skylda til, hverri á sínu félagssvæði, að fylgjast með því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og tilkynna úthlutunarnefnd, ef út af ber, en úthlutunarnefnd hlutast til um rannsókn málsins. — **12. gr.** Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.[1]) — **13. gr.**[2]) Skylt er að skrásetja allar dráttarvélar og festa á þær spjald með einkennisstöfum þeirra. Skal hver dráttarvél fá einkennisstaf bifreiða viðkomandi umdæmis, en að auki lítið d, er standi á eftir einkennisstaf umdæmisins og áður en tölustafur(ir) kemur, er einkennir vélina. Skrásetninguna annast sýslumenn með aðstoð hreppstjóra, bæjarfógetar og lögreglustjórar, og halda þeir skrásetningarbók yfir allar dráttarvélar í umdæminu og einkennisstafi þeirra. Dráttarvéleareiganda ber að tilkynna um vélina, tegund og gerð hennar, og greiða kr. 10.00 — tíu krónur — í skrásetningargjald. Skrásetningarskrifstofum er skylt að láta úthlutunarnefndinni í té um hver áramót skrá um allar dráttarvélar og jeppabifreiðar, svo og tegund þeirra og gerð, og taka sérstaklega fram, hverjar eru notaðar til landbúnaðarstarfa. — **14. gr.** Stjórnum búnaðarfélaga ber, hverri á sínu félagssvæði, að taka á móti umsóknum bænda á dráttarvélum, og fer með þær, eftir því sem við á, eins og fyrir er mælt í 5. gr. Skýrslur um umsóknir bænda um dráttarvélar og jeppabifreiðar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina þannig, að sem réttust hlutföll haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða. — **15. gr.** Innflutningsyfirvöldin ákveða tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem leyft er að flytja til landsins, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir þeim dráttarvélum milli umsækjenda. En ákvörðun um það, hvaða fáanlegar vélategundir eru fluttar inn, er á valdi þeirra einstaklinga, sem fá úthlutað vélum frá nefndinni, sbr. 19. gr. — Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu. — **16. gr.** Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti. — **17. gr.** Nú fær einhver úthlutað dráttarvél eða jeppabifreið og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni eða bifreiðinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags. — Ekki má eigandi dráttarvélar eða jeppabifreiðar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur. — **18. gr.** Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélanna og bifreiðanna. — **19. gr.** Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar eða jeppabifreiðar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvéla- eða jeppabifreiðategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal hann eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því. — **20. gr.** Úthlutunarnefnd jeppabifreiða skal í

1951 Nr. 33 8. marz

1) Rgj. nr. 84, 10. júní 1949. — 2) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43.

1951 Nr. 33 8. marz

októbermánuði ár hvert gera áætlun um það, hvað er nauðsynlegt að flytja inn á næsta ári af varahlutum til jeppabifreiða og dráttarvéla, sem til eru í landinu, og einnig innflutning á nytsamlegustu verkfærum, sem aflvélarnar geta dregið við vinnu og flutninga, svo að þær komi að sem beztum notum. Þessi áætlun sé send innflutningsyfirvöldunum, og ber að leggja á það ríka áherzlu, að þessi innflutningur fáist. — **21. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr. — **Bráðabirgðaákvæði.** Þeir aðilar, sem áður hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir jeppabifreiðum, greitt hluta andvirðis fyrir árslok 1947, en ekki fengið bifreiðarnar, skulu ganga fyrir um úthlutun að öðru jöfnu.

b. Fiskveiðar.

1922 Nr. 33 19. júní

Lög um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

1. gr. Fiskiveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka, og má aðeins hafa íslenzka báta eða skip til veiðanna.[a]) — **2. gr.** Það er í lögum þessum kallað íslenzkir bátar og skip, er íslenzkir ríkisborgarar einir eiga. — **3. gr.** Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskiveiðar utan landhelgi, mega leita skjóls við strendurnar til þess að bjarga sér undan stormi og óveðri.[b]) Annars er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi. — Það er og bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfnum inni; enn er bannað öllum öðrum en íslenzkum ríkisborgurum að flytja veiði sína í landhelgi eða á land, til þess þar að verka hana. — **4. gr.** Hvenær sem erlent fiskiskip leitar hafnar á Íslandi, skal skipstjóri þegar í stað, eða svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi innan 24 klukkustunda eftir að skipið hefir hafnað sig, gefa viðkomandi lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni þeirra það til vitundar, en valdsmaður skal athuga skipsskjölin og hafa nánar gætur á því, að ekki séu brotin lög landsins um fiskiveiðar, verzlun, tolla eða sóttvarnir, eða skipin fari í kringum þau lög, enda hefja rannsókn um þau efni, ef þörf gerist. — Fyrir skoðun skipsskjalanna skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum.[1]) Síðan skal rita á skipshafnarskrá skipsins vottorð um skoðunina og greiðslu lögskipaðs gjalds ...[2]) — **5. gr.** Er erlend síldarskip eru í landhelgi, skulu þau hafa bátana á þilfari á venjulegum stað og vörpur eða nætur innanborðs, þó ekki í bátunum. — **6. gr.** Atvinnumálaráðherra getur um eitt ár í senn veitt eiganda íslenzks fiskiskips leyfi til að hafa erlenda veiðimenn við fiskveiðarnar eða á annan hátt til aðstoðar. Þó þannig, að helmingur skipshafnar að minnsta kosti sé íslenzkur. — Er íslenzkur bátur eða skip einungis er notað við síldveiðar, má allt að helmingi áhafnar, án sérstaks leyfis, vera útlendingar. — **7. gr.** Bæði útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því, að skipshöfn fullnægi skilyrðunum til þess að reka fiskiveiðar samkvæmt 1. gr., sbr. 6. gr. — **8. gr.** Sama rétt sem íslenzkir ríkisborgarar og með sömu skilyrðum hafa þeir ríkisborgarar annarra ríkja, sem með vottorði frá valdsmanni færa sönnur á, að þeir hafi haft fast aðsetur hér á landi í 12 mánuði áður en lög þessi komu í gildi. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra, um 3 ára bil frá því er lög þessi komu í gildi, veitt þeim útlendingum, sem eiga fiskverkunarstöðvar hér á landi, leyfi til að verka fisk á stöðvum þessum, þrátt fyrir bannið í síðari málsgrein 3. greinar. Leyfið veitir ekki heimild til fiskiveiða í landhelgi eða til þess að nota erlend skip í bága við lög þessi. — **9. gr.** Atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölssmiðju, eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eiginna nota, þrátt fyrir bannið í annarri málsgrein 3. greinar.[a]) Í leyfinu, sem veita má fyrir 2 ár í senn, ber að taka fram, að það veiti ekki erlendum skipum heimild til fiskiveiða eða fiskverkunar í landhelgi, og ennfremur skal tekið fram, að leyfið falli burtu, ef skilyrði þess séu eigi haldin í öllum greinum. — **10. gr.** Þegar afli er jafnframt verkaður í skipi, sem rétt hefir til fiskiveiða í landhelgi, skal það fyrirfram setja lögreglustjóra trygging, er hann ákveður, fyrir afgjöldum, sem skipið kann að eiga að greiða. Skipstjóri skal fá vottorð um, að tryggingin sé sett, og sýna, ef kraf-

a) XIX, 72, XXII, 122, XXIV, 531. — b) II, 1210, 1208.

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apr. 1954, § 34. — 2) L. nr. 47, 27. júní 1925, § 2. — a) II, 1014, 1050, IV, 121.

1922 Nr. 33 8. marz

1922 Nr. 33 19. júní

izt er. — **11. gr.** Hlutafélög hafa því aðeins rétt til að reka fiskiveiðar og fiskverkun í landhelgi, að allt hlutaféð sé eign íslenzkra ríkisborgara. Þó mega hlutafélög, er ríkisborgarar annarra ríkja eiga hlut í, reka fiskiveiðar í landhelgi, ef meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenzkra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi, stjórn þess skipuð íslenzkum ríkisborgurum og sé helmingur þeirra búsettur þar. — Áður en hlutafélag byrjar starfsemi sína skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra á þeim stað, þar er félagið á heima, eða eigi félagið ekki heimilisfang á Íslandi, þá á þeim stað, þar er fiskiveiðarnar byrja. Breyting á samþykktum skal á sama hátt sýna lögreglustjóra. Þessi tilkynning og sýning leysir ekki viðkomanda frá tilkynningarskyldu samkvæmt hlutafélagslögunum. Samþykktirnar skulu meðal annars hafa inni að halda það ákvæði, að allir hlutir skuli skráðir á nafn, og að engin afhending eða afsal á hlutum sé gild, nema hún sé skriflega tilkynnt félagsstjórn, er jafnóðum skal rita og ávallt hafa skrá yfir alla hluthafa, þar er þess er getið, hve mikið hver eigi af hlutafénu. Lögreglustjóri skal gæta þess, að samþykktirnar séu samkvæmar löggjöfinni. — **12. gr.** Með lögum þessum eru ekki skert á neinn hátt réttindi þau, . . . sem samkvæmt ríkjasamningum kynnu að vera veitt öðrum. — **13. gr.** [Ólöglegar fiskveiðar eða fiskverkun á íslenzkum höfnum á landi eða í landhelgi verða sektum, 1 þús. til 20 þús. krónum.[a]) — Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslenzku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það sektum frá 200—5000 krónum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum 200—2500 krónum. — Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða sektum 500—10000 krónum. — Að öðru leyti varða ólöglegar fiskveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 1 þús. til 20 þús. króna sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og afli, sem í skipinu er, svo og umbúðir, ef um síld er að ræða, sem söltuð er í tunnur. Sama gildir um verkaðan og óverkaðan afla í skipum, sem hafa aflavinnslu um borð, hvort sem um er að ræða eigin veiði eða veiði annarra skipa. Skal andvirðið renna í ríkissjóð. — Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför. — Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.][1])

a) XXII, 122, XXIV, 531.

1925 Nr. 4 4. maí

Lög um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

1. gr. Þeim, sem hafa rétt til fiskiveiða í landhelgi hér við land, er óheimilt að gera út héðan eða nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi. — Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabil að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sér stað. — **2. gr.** Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi haldast óbreytt. — **3. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál.

1948 Nr. 44 5. apríl

Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

1. gr. Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.[2])[a]) — Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til. — **2. gr.** Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma. — **3. gr.** [Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100000.00.][3])[b]) — **4. gr.** Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

1) L. nr. 31, 1. apríl 1948, § 1. — 2) Rgj. nr. 21, 19. marz 1952. — 3) L. nr. 81, 8. des. 1952, § 1. — a) XXIV, 531—2. — b) XXIV, 658.

1920 Nr. 5 18. maí

Lög um bann gegn botnvörpuveiðum.

1. gr. [Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.[a]) — Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands. — Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.][1]) — **2. gr.** Nú er botnvörpuskip í landhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.[2])[b]) — **3. gr.** [Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð,[c]) en 10000—20000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó.[d]) Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.[e]) — Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó.[f]) Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða. — Nú er það ljóst af öllum atvikum,[g]) að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr. — Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. — Leggja má löghald á skipið og selja það,[a]) að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.][1]) — **4. gr.** Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 kr.[b]) Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. — Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu. — **5. gr.** Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi.[c]) Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr. — **6. gr.** Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Landhelgissjóð Íslands.[d]) Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.[e]) — **7. gr.** Mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

1) L. nr. 82, 8. des. 1952, § 1. — 2) Sbr. l. nr. 31, 27. júní 1925, § 3. — a) Í dómasöfnum HR eru 127 áfellisdómar út af brotum á 1. gr. l. nr. 5/1920. Sakfelling í HR, sýkna í hérd., I, 716, II, 509. Sýkna í HR, sakfellt í hérd., II, 1168, III, 78, 222, IV, 41, 60, 82, 202, V, 299, VI, 615, VIII, 411, 459, 525, XXIII, 317, 537. Sýkna í héraði og HR, VI, 615. Skipstjóri sýnir mótþróa við handtöku,t. d. II, 334, III, 55, IV, 133, XIV, 359, (XXIII, 492). Hugtakið botnvarpa, IV, 542, 547. — b) I, 552, 654, II, 139, 206, III, 175, 315, IV, 282, 322, 665, V, 552, VI, 340, 596, VII, 132, 496, VIII, 408, XXIII, 586. — c) XXII, 388. XXXIII, 492. XXIV, 335, 694, 697. — d) XXII, 401, 405, 501, XXIII, 305, XXV, 68. — e) II, 105, 509, III, 177, XXII, 42, 388, 514. — f) XXIII, 587. — g) III, 175—7.

1920 Nr. 5 18. maí

1937 Nr. 45 13. júní

Lög um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

1. gr.[f]) [Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira,[g]) bannaðar allt árið. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt, er sérstaklega stendur á, að veita þessum skipum leyfi til þessara veiða frá 1. okt. til 30. nóv. Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi hér-

1) **L. nr. 5, 29. jan. 1951, § 1.** — a) IV, 46—48. — b) VII, 375, 516, VIII, 26, 30, 106, 364, 643, IX, 322 (sýkna), 694 (sýkna). — c) (II, 49), II, 512, 778, III, 93, 138, 186, 193, 262, 272, 319, IV, 304, 375, V, 798, VI, 108, VII, 65, XIX, 529, (XX, 131), XX, 331, 336, 337, 343, XXI, 382, XXII, 1, XXIV, 386. — d) XX, 438. — e) XVIII, 558. — f) II, 811, IV, 199 (sýkna), XIX, 71, XX, 15, 129, XXI, 104, (XXIV, 655, 658). — g) XIX, 71, XXIV, 658.

1937 Nr. 45 13. júní

að.][1]) — Til dragnóta teljast nætur þær, er til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad). — [**2. gr.** [Að fengnum tillögum][2]) Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans er ráðherra heimilt að ákveða frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir. — Fyrir brot gegn fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þessari grein, skulu sektarákvæði og viðurlög öll hin sömu og gilda um brot gegn 1. gr. laganna.][3]) — **3. gr.** Eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja, skal þó heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land. Einnig skal heimilt að króa af síld og ufsa við land, svo sem tíðkazt hefir eftir fyrirmælum tilskipunar 12. febr. 1872, sem og að veiða síld í landhelgi með herpinót, þótt til botns taki. — Eftir sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra, sem hverju sinni skal tímabundið, geta þeir fengið að nota dragnætur í landhelgi, sem fást við vísindalegar rannsóknir. — **4. gr.** [Brot gegn 1. gr. varða sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.[a]) — Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.][4]) — **5. gr.** Hver sá, er leiðbeinir skipi við dragnótaveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 gullkrónum. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem staddur er í dragnótaveiðiskipi, eða á bát við skipshliðina, þegar það er á veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á skipinu. — **6. gr.** Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, er getur um í 3. gr.,[5]) sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi.[a]) Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.[5]) — **7. gr.** Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Fiskveiðasjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. — **8. gr.** Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál. — **9. gr.** [Ráðherra getur með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta og lengd dráttarlína, svo og um lágmarksstærð þess fisks, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi.][1]) — **10. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru refsingar lagðar við í 3. og 4. gr.[2]) laganna, varða sektum frá 100—5000 kr.][3])

1) L. nr. 26, 12. febr. 1940, § 1. — 2) L. nr. 2, 24. jan. 1951, § 1. — 3) L. nr. 83, 22. okt. 1945, § 1. — 4) L. nr. 31, 7. marz 1951, § 1. — 5) Nú 4. gr. — a) XXIV, 655.

1937 Nr. 45 13. júní

Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. **1924** Nr. 4 11. apríl

1. gr. Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5, 18. maí 1920, og lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi, nr. 33, 19. júní 1922, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sættinni jafngildi þeirra í íslenzkum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

Lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar. **1936** Nr. 83 23. júní

1. gr. Hver sá, sem sendir eða tekur á móti skeyti — hvort heldur er loftskeyti eða talskeyti — til eða frá skipi, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu. — **2. gr.** Hver sá, sem sendir skeyti til eða frá veiðiskipi, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðlað geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra. — Starfsmenn loftskeytastöðva eða lofttalstöðva mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til eða frá veiðiskipi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að skeytunum, og skulu þeir þýða skeytin, eftir því sem kringumstæður leyfa og ástæður þykja til. Þyki loftskeytamanni skeyti eða skeytaviðskipti að einhverju leyti grunsamleg, skal hann stöðva afgreiðslu slíkra skeyta og gera landssímastjóra þegar í stað aðvart, en hann

1) L. nr. 65, 7. maí 1940, sbr. rgj. nr. 50, 14. maí 1937 og rgj. nr. 21, 31. marz 1938. — 2) Nú 4. og 5. gr. — 3) L. nr. 65, 7. maí 1940. — a) XX, 131. — b) XX, 15, XXIV, 655.

1936 Nr. 83 23. júní

rannsakar málið nánar og tilkynnir dómsmálaráðherra. — Undanþegin þessum ákvæðum eru skeyti frá útlöndum og frá erlendum skipum um íslenzkar strandastöðvar til skipa í hafi. Þyki loftskeytamanni skeyti þau eða skeytaviðskipti, er um ræðir í þessari málsgrein, að einhverju leyti grunsamleg, skal hann þegar gera landssímastjóra aðvart, en hann tilkynnir dómsmálaráðherra. — **3. gr.** Öll skeyti til og frá veiðiskipum eða milli veiðiskipa — hvort heldur eru loftskeyti, talskeyti eða lofttal — skulu rituð á skeytaeyðublöð og send landsímastjórninni að liðnum hverjum mánuði, en landssíminn geymir það að minnsta kosti í 5 ár. — „Orðsendingar" til og frá veiðiskipum eru stranglega bannaðar, nema í lífsháska, aðrar en þær, sem eingöngu snerta loftskeytaþjónustuna, enda skulu afrit af þeim fylgja með skeytunum. — Til frekara eftirlits ber starfsmönnum strandastöðva landssímans og loftskeytamönnum á varðskipunum að taka og skrá, eftir því sem þeim er frekast unnt, loftskeyta- og talstöðvaviðskipti milli veiðiskipa innbyrðis og senda mánaðarlega til landssímastjórnarinnar. — Dómsmálaráðuneytið hefir hvenær sem er aðgang að öllum þeim plöggum, er varða greint eftirlit, enda hafi sá eða þeir, sem dómsmálaráðherra útnefnir til þess, undirritað þagnarheit samkvæmt fyrirmælum alþjóðareglugerðar þar um. — **4. gr.** Með reglugerð má ákveða nánar um framkvæmd laga þessara og refsa fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögunum. — **5. gr.** Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt, að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. — Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum. — **6. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem með opinber lögreglumál.

1941 Nr. 19 28. maí

Lög um veiði, sölu og útflutning á kola.

1. gr. Bannað er að veiða, flytja á land eða selja, hvort heldur innan lands eða til útflutnings, eða kaupa skarkola (Pleuronectes platessa), þykkvalúru (Pleuronectes microcephalus), sandkola (Pleuronectes limanda) og langlúru (Pleuronectes cynoglossus), sem er smærri en 27 sentímetrar á lengd og 250 grömm að þyngd. — **2. gr.** Nú eru kolategundir þær, er í 1. gr. getur, og stærri eða þyngri en þar greinir, ætlaðar til útflutnings, hvort heldur nýjar, ísvarðar, frystar, reyktar eða saltaðar, og skulu þær þá metnar og flokkaðar af fiskimatsmanni. Skal fiskimatsmaðurinn gefa vottorð um gæði og flokkun fisksins og geta um merkingu umbúða á vottorðinu, en vigtarvottorð, ef fiskurinn er fluttur út án umbúða. — Undanþeginn mati er sá fiskur, sem veiðist á skip, sem aðeins flytja eiginn afla á erlendan markað. — Um þóknun fiskimatsmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum 5. gr. laga nr. 46, 8. sept. 1931. — **3. gr.** Yfirfiskimatsmenn skulu hafa eftirlit með því, hver í sínu umdæmi, að ákvæði 1. og 2. gr. laga þessara séu haldin. Ennfremur skulu þeir jafnframt hafa eftirlit með, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki ráðherra geta yfirfiskimatsmenn falið fiskimatsmönnum að annast eftirlitið í fjarveru sinni, og skal greiðsla fyrir starfið ákveðin af ráðherra. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Fiskideild Háskóla Íslands skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir fiska hjá seljendum eða kaupendum fisks og kaupa fisk af eigendum til rannsóknanna við sannvirði, ef hún óskar þess. — **4. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð, og má í reglugerðinni setja ákvæði um sektir fyrir brot á henni. — **5. gr.** Sá, sem gerist brotlegur við ákvæði 1. gr. með því að veiða, flytja á land, selja eða kaupa smærri kola en þar er leyft, skal sæta sektum svo sem hér greinir: — Fyrir fyrsta brot 500 krónur. — Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur. — Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum, sem orðið hefur brotlegur þrisvar eða oftar. — Fyrir brot gegn 2. gr. greiðist 300 króna sekt fyrir fyrsta brot og 500 krónur fyrir hvert brot þar eftir. — Sektirnar renna í ríkissjóð. — **6. gr.** Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

1941 Nr. 19 28. maí

1954 Nr. 18 3. marz

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt

ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum,[1]) að ákvæðin í alþjóðasamningi, sem undirritaður var í London þann 5. apríl 1946, milli Íslands, Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, skuli ganga í gildi. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja frekari reglur, er kynnu að vera nauðsynlegar til þess að framfylgja greindum samningi. — Samningurinn er prentaður í þýðingu á íslenzku með lögum þessum ásamt fylgiskjölum. — **2. gr.** Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20 000.00.[2]) — **3. gr.** Með gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77 21. desember 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi frá 23. marz 1937, um möskva fiskinetja og lágmarksstærð á fiski, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bág við ákvæði nefnds samnings frá 5. apríl 1946.

Fylgiskjal.

Samningur um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda. London, 5. apríl 1946. — Inngangur. Ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Íslands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (sem hér eftir er nefnd ríkisstjórn Bretlands í þýðingu þessari), hafa gert með sér svofelldan samning um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda:

I. kafli. — Til hvers samningurinn nær. — Svæði það, er samningur þessi nær til, skal vera allt hafið innan Norður-Atlantshafs og Norður-Íshafs og aðliggjandi höf, norðan 48. norðurbreiddarbaugs og milli 42. vesturlengdarbaugs og 32. austurlengdarbaugs, að undanteknu Eystrasalti og Beltunum sunnan og austan línu, sem hugsast dregin frá Hasenörehöfða til Gnibenhöfða, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen. — **2. gr.** Ekkert atriði samnings þessa skal túlkað á þá leið, að það dragi úr forréttindum skipa, sem skráð eru í löndum samningsaðila eða eru eign þjóðborgara þeirra, til þess að stunda veiðar á hafsvæðum, þar sem samningsríkin hafa ein lögsögu um fiskveiðar. — **3. gr.** Ekkert atriði samnings þessa skal túlkað á þá leið, að það dragi úr kröfum samningsríkja að því er varðar landhelgistakmörk.

II. kafli. — Reglur um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda. — 4. gr. Að höldnum ákvæðum 8., 10. og 16. (2. mgr.) greina, skulu ákvæði samnings þessa ná til allra skipa samningsríkja, hvort sem þau stunda veiðar innan hafsvæða þar sem samningsríki hefur eitt lögsögu yfir fiskveiðum, eða utan slíkra hafsvæða. — **5. gr.** Bannað er að hafa innanborðs eða nota á nokkru skipi botnvörpur, dragnet eða annars konar net, er draga má eða toga við botn eða nærri botni, með möskvum, sem eru minna en þeir, sem tilgreindir eru í 1. fylgiskjali samnings þessa. — **6. gr.** Hvað sem ákvæðum 5. greinar líður, mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (Trachinus draco), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr, hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir, með þeim skilyrðum, (a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og (b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í II. fylgiskjali samnings þessa, verði þegar eftir veiðina fleygt útbyrðis. — **7. gr.** (1) Ekkert skip má við veiðar nota nokkurt það tæki, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 5. grein samnings þessa. — (2) Hvað sem ákvæðum undanfarandi málsgreinar líður, skal þó eigi teljast ólögmætt að festa striga, neti eða öðru efni undir poka botnvörpunets, í því skyni að forða eða draga úr sliti. — **8. gr.** Bannað er öllum skipum að hirða nokkurn sjófisk þeirra tegunda, sem tilgreindar eru í II. fylgiskjali samnings þessa, ef fiskurinn er smærri en þar greinir um hverja tegund. Skal tafarlaust fleygja slíkum fiski fyrir borð. Þó er heimilt að geyma slíkan fisk um borð í því skyni að sleppa honum lifandi á öðrum fiskimiðum. — **9. gr.** Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til þess að banna með lögum innan sinna takmarka að leggja á land, selja, sýna eða láta falan nokkurn fisk, sem tilgreindur er í II. fylgiskjali samnings þessa, ef fiskurinn er smærri en þar greinir um hverja tegund og hefur verið veiddur á miðum þeim, sem tilgreind eru í 1. grein samnings þessa. Skiptir eigi máli, hvort slíkur fiskur er óskorinn, hausskorinn eða sundurskorinn á annan hátt. —

1) Auglýs. nr. 19, 3. marz 1954. — 2) Rgj. nr. 33, 13. marz 1954.

1954 Nr. 18 3. marz

10. gr. Eigi ná ákvæði samnings þessa til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur, enda verði hann eigi seldur, sýndur eða látinn falur gegn ákvæðum 9. greinar. — **11. gr.** Samningsríkin skuldbinda sig til þess að gera virkar ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum samnings þessa og refsa fyrir brot gegn þeim, hvert innan sinna landamæra og gagnvart skipum, er frá þeim eru gerð út.

III. kafli. — Skipun fastanefndar. — 12. gr. (1) Samningsríkin skipa hvert um sig einn fulltrúa eða tvo, ef þau óska þess, í fastanefnd. — (2) Nefndin kýs sér formann, annaðhvort úr hópi nefndarmanna eða annarra, sem tilnefndir kunna að verða. Sá nefndarmanna, sem kjörinn er til formennsku, skal þegar í stað hætta að vera fulltrúi ríkisstjórnar sinnar, og skal henni rétt að skipa fulltrúa sinn í hans stað. — (3) Nefndin setur sér fundarsköp og reglur um kjörtímabil formanns og kjör síðari formanna. Getur nefndin breytt fundarsköpum eftir því, sem þurfa þykir, og nægir til þess meiri hluta atkvæða viðstaddra og atkvæðisbærra nefndarmanna. Formaður greiðir því aðeins atkvæði, að atkvæði séu að öðru leyti jöfn og ræður atkvæði hans úrslitum. — (4) Hvert samningsríki skal ráða einu atkvæði í nefndinni um öll mál, er þessa grein varða. Skiptir eigi máli, hvort nefndarmenn samningsríkis eru einn eða tveir, né hvor þeirra fer með atkvæðið. — (5) Nefndinni ber að athuga, hvort æskilegt sé að gera ákvæði samnings þessa víðtækari eða breyta þeim. Skal hún í þessu efni hafa samráð við Alþjóða-hafrannsóknaráðið, eftir því sem við verður komið. — (6) Ríkisstjórn Bretlands ber að kveðja nefndina saman til fyrsta fundar í Bretlandi, áður en tvö ár eru liðin frá því að samningur þessi kom til framkvæmda, og til síðari funda að fyrirlagi formanns. Ákveður nefndin stað og stund fyrir síðari fundina. — (7) Eigi skal nefndin halda fundi sjaldnar en þriðja hvert ár. — (8) Ríkisstjórn Bretlands skal tjá öllum samningsríkjum dagskrá fyrsta fundarins eigi síðar en mánuði áður en hann hefst. — (9) Formaður skal afhenda ríkisstjórn Bretlands fundargerðir nefndarfunda, og skal hún senda þær öllum ríkisstjórnum, sem fullgilt hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum. — (10) Samningsríkin skuldbinda sig til að framkvæma þær ályktanir nefndarinnar um viðauka við eða breytingar á samningi þessum, sem einróma hafa verið samþykktar á nefndarfundi og ríkisstjórnir þær, sem eigi áttu fulltrúa á nefndarfundi, hafa fallizt á.

— **13. gr.** (1) Í samningi þessum merkir orðið „skip“: (a) öll skip eða báta, sem notuð eru til fiskveiða á sjó eða til vinnslu á sjófiski, eða (b) öll skip eða báta, sem að nokkru eða öllu leyti eru notuð til flutninga á sjófiski, og skrásett eru í löndum samningsríkja eða eru í eigu þegna þeirra. — (2) Orðið „lönd“ (landsvæði) merkir, að því er til samningsríkjanna tekur: (a) heimaland ríkisins, (b) landsvæði, sem um er samið af hálfu ríkisstjórnar, samkv. 16. gr., og (c) hafsvæði þau, þar sem samningsríki hefur eitt lögsögu um fiskveiðar. — **14. gr.** Fullgilda skal samning þennan svo fljótt sem auðið er, og skal hann ganga í gildi tveim mánuðum eftir að allar ríkisstjórnir þær, sem hann hafa undirritað, hafa lagt fram fullgildingarskjöl sín, eða fyrr, ef svo semst um milli ríkisstjórna þeirra, er fullgilt hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum samkvæmt 15. grein, enda nær hann þá aðeins til þeirra. — **15. gr.** (1) Allar ríkisstjórnir (nema stjórnir landsvæða, sem ákvæði 16. greinar ná til), sem eigi hafa undirritað samning þennan, geta gerzt aðilar að honum hvenær sem er, eftir að hann hefur gengið í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar. Aðild skal skriflega tilkynnt ríkisstjórn Bretlands og gengur í gildi þann dag, er tekið er við henni. — (2) Ríkisstjórn Bretlands skal skýra öllum ríkisstjórnum, sem undirritað hafa eða aðilar hafa gerzt að samningi þessum, frá öllum nýjum aðildartilkynningum og hvenær við þeim er tekið.

IV. kafli. — Almenn ákvæði. — 16. gr. (1) Um leið og samningsríki undirritar eða fullgildir samning þennan eða síðar, er því heimilt að tilkynna ríkisstjórn Bretlands skriflega þá ósk sína, að samningurinn nái til tiltekinna eða allra nýlendna sinna, landssvæða erlendis, verndarsvæða eða landsvæða, sem eru undir forráðum þess eða gæzluvernd. Skal samningurinn þá ná til allra þeirra landsvæða, sem getið er í slíkri tilkynningu, svo og til skipa, sem þar eru skrásett eða eru í eigu þarlendra eigenda, og gengur hann í gildi að þessu leyti þrem mánuðum eftir að ríkisstjórn Bretlands hefur tekið við tilkynningunni. — (2) Eigi skal samningurinn ná til framangreindra landsvæða, nema slík tilkynning sé gefin þar um. — (3) Samningsríki er hvenær sem er heimilt að tilkynna ríkisstjórn Bretlands það skriflega, að það óski þess, að samningur þessi nái eigi lengur til tiltekinna eða allra nýlendna sinna, landsvæða erlendis, verndarsvæða eða landsvæða, sem eru undir forráð-

um þess eða gæzluvernd, sem tilkynnt hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar, að samningurinn nái til. Skal samningurinn þá hætta að ná til þargreindra landsvæða og til skipa, sem þar eru skrásett eða eru í eigu þarlendra eigenda, og gengur uppsögnin í gildi þrem mánuðum eftir að ríkisstjórn Bretlands hefur tekið við henni. (4) Ríkisstjórn Bretlands ber að skýra öllum ríkisstjórnum, sem undirritað hafa eða gerzt hafa aðilar að samningi þessum, frá því, hverjar tilkynningar henni hafa borizt samkvæmt ákvæðum 1. og 3. málsgreinar þessarar greinar, og jafnframt á hvaða degi samningurinn gangi í gildi eða úr gildi, að því er varðar þargreind landsvæði, hvort sem við á. — **17. gr.** Frá þeim tíma, er samningur þessi gengur í gildi, skulu ákvæði hans koma í stað ákvæða milliríkjasamningsins um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, sem gerður var í London 23. marz 1937, að því leyti, sem samningsríki þau, er aðilar voru að þeim samningi, hafa beitt þeim eða beita þeim. — **18. gr.** Þegar þrjú ár eru liðin frá því, að samningur þessi gekk í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar, má segja honum upp með tilkynningu, er stíla skal til ríkisstjórnar Bretlands. Gengur uppsögnin í gildi, að því er snertir ríkisstjórn þá, er upp segir, þrem mánuðum eftir að uppsögninni var veitt móttaka, og ber ríkisstjórn Bretlands að skýra ríkisstjórnum annarra samningsríkja frá slíku. — Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa lögmætt umboð, skrifað undir samning þennan. — *Gjört í London, 5. apríl 1946,* í einu eintaki á ensku. Gera skal franskan texta samningsins, og þegar hann hefur náð samþykki samningsríkjanna, skal hann talinn hafa hið sama gildi og enski textinn. Ber síðan ríkisstjórn Bretlands að geyma báða textana í skjalasafni sínu. — Staðfest afrit samningsins skulu látin samningsríkjum og öðrum aðildarríkjum í té.

Fylgiskjal I.

1. Á öllum hafsvæðum, sem samningur þessi nær til og tilgreind eru í 1. og 4. grein, nema þeim, sem frá greinir í 2. málsgrein þessa fylgiskjals, skal lágmarksmöskvastærð netja þeirra, sem um getur í 5. grein, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna í milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. — 2. Á miðum norðan 66° norðurbreiddar og austan Greenwichlengdarbaugsins og á Íslandsmiðum milli 68. og 62. norðurbreiddarbaugs og 28. og 10. vesturlengdarbaugs skal lágmarksmöskvastærð netja þeirra, sem um getur í 5. grein, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna í milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

1954 Nr. 18 3. mraz

Fylgiskjal II.

Fisktegundir þær, er 6., 8. og 9. grein samnings þessa gilda um, og minnsta stærð hverrar tegundar, er hirða má, landa, selja, sýna eða láta fala, eru sem hér segir:

Fisktegundir:	Lágmarksstærð heilla fiska, mæld frá granarbroddi að sporðblökuenda í cm.
Þorskur (Gadus callarias)	30
Ýsa (Gadus aeglefinus)	27
Lýsingur (Merluccius merluccius)	30
Skarkoli (Pleuronectes platessa)	25
Langlúra (Glyptocephalus cynoglossus)	28
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	25
Tunga (Solea Solea)	24
Sandhverfa (Scophthalmus maximus)	30
Slétthverfa (Scophthalmus rhombus)	30
Stórkjafta (Lepidorhombus whiff)	25
Lýsa (Gadus merlangus)	20
Sandkoli (Pleuronectes limanda)	20

Viðbætir. — Ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Íslands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem gert hafa með sér samning um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, í London 5. apríl 1946, hafa gert sér það ljóst, að samkvæmt 14. grein nefnds samnings, skal hann ganga í gildi tveim mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa lagt fram fullgildingarskjöl sín. — Á hinn bóginn telja þær óvíst, hvort sá tveggja mánaða tími muni í öllum tilvikum nægja til þess að láta fiskinet með þeirri lágmarksmöskvastærð, sem ráðgerð er í 5. grein nefnds samnings, koma í stað þeirra netja, sem fyrir hendi eru, né til þess að gera ráðstafanir til þess að banna að hirða, setja á land eða selja fisk, sem eigi nær þeirri lágmarksstærð, er 8. og 9. grein samningsins kveða á um. — Samningsríkin telja rétt, að ákvæði samningsins, nema ákvæði 5., 8. og 9. greina, komi til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 14. greinar. — Að þessu athuguðu vilja þau gera samkomulag til viðbótar nefndum samningi um að fresta gildistöku sín í milli á ákvæðum 5., 8. og 9. greina hans. — Fyrir því hafa þau orðið ásátt um það, sem hér segir: —

1954 Nr. 18 3. marz

1. gr. Milli aðilja þessa samkomulags er svo um samið, að gildistöku ákvæða 5., 8. og 9. greina nefnds samnings sé frestað um tólf mánaða bil, talið frá gildistöku samningsins samkvæmt 14. grein hans, það er að segja til 5. apríl 1954. — **2. gr.** Allar ríkisstjórnir, sem aðiljar kunna að gerast að nefndum samningi samkvæmt ákvæðum 15. greinar hans, skulu teljast bundnar gagnvart ríkisstjórnum þeim, er aðiljar eru að þessu samkomulagi, af ákvæðum þess, en með þeim er gildistöku 5., 8. og 9. greina nefnds samnings frestað til 5. apríl 1954. — **3. gr.** Samkomulag þetta gengur í gildi jafnsnemma og samningurinn gengur í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar hans. — Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa lögmætt umboð, skrifað undir samkomulag þetta. — *Gjört í London, 2. apríl 1953,* í einu eintaki á ensku og frönsku, og hafa báðir textar sama gildi. Skal eintakið geymt í skjalasafni ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Staðfest eintök beggja texta skulu látin öllum samningsríkjum í té, svo og öðrum ríkjum, er aðilar kunna að gerast að samningnum.

1888 Nr. 6 19. júní

Lög um bátfiski á fjörðum.

1. gr. Rétt er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sé, á fjörðum eða tilteknum fjarðasvæðum, sökum fiskiveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. des. 1877[1]) um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði téðra laga og laga nr. 23, 4. des. 1886[1]) gilda um slíkar samþykktir. — **2. gr.**[2]) . . . Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskiveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

1917 Nr. 86 14. nóv.

Lög um fiskiveiðasamþykktir og lendingasjóði.

1. gr. [Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem nefnd eru í lögum þessum. — Bæjarstjórnum í kaupstöðum er og heimilt að gera samþykktir í þessu efni, hverri innan síns umdæmis, enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufélög einnig um bæjarstjórnir og bæjarfélög.][3]) — **2. gr.** Þegar sýslunefnd virðist ástæða til að gera samþykkt, annað hvort fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í héraði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir þeir héraðsbúar, sem kosningarrétt hafa til Alþingis. Sýslunefnd ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða í forföllum hans einhver nefndarmanna. Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber honum 4 kr. á dag í dagpeninga og auk þess ferðakostnaður eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist hvorttveggja úr sýslusjóði. — **3. gr.** Nú er kaupstaður innan þeirra takmarka, sem samþykkt á að ná yfir, og ganga þá 3 menn, er bæjarstjórn kýs til þess úr sínum flokki, inn í sýslunefndina, ávallt þegar ræða skal um samþykktir þær, er lög þessi hljóða um, og boðar sýslumaður þá á fund sýslunefndar, þegar slík mál koma fyrir; eiga þeir þá atkvæði um allt það, er samþykktina snertir, á sama hátt og sýslunefndarmenn. Kaupstaðarbúar sækja sameiginlega með sýslubúum fundi þá, sem um er rætt í 2. gr., og greiða með þeim atkvæði um samþykktir, og eiga ávallt rétt á að setja samþykkt út af fyrir sig, eftir ákvæðum þessara laga. — **4. gr.** Sýslunefnd ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem um er rætt í 2. gr., sbr. 3. gr., frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á. Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda stjórnarráðinu frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gerðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með ⅔ hlutum greiddra atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir þær síðan stjórnarráðinu sem fyrr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að taka til greina, ber hún það af nýju undir atkvæði héraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið verði staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn fellst þá á frumvarpið með ⅔ atkvæða, ber að senda það stjórnarráðinu til staðfestingar. — Það frumvarp, eða breytingartillaga við frumvarp, sem ekki hefir verið samþykkt með ⅔ atkvæða á héraðsfundi, er fallið, og má ekki koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrr en að ári liðnu. — **5. gr.** Nú virðist stjórnarráðinu ákvarðanir í samþykkt, sem því hefir verið

1) Sjá nú l. nr. 86, 14. nóv. 1917. — 2) L. nr. 46, 15. júní 1926, §§ 8 og 9. — 3) L. nr. 9, 28. febr. 1942, § 1.

1917 Nr. 86 14. nóv.

send til staðfestingar, ganga of nærri rétti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða að þær á einhvern hátt komi í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar það þá um staðfesting sína, en gefa skal það sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, fyrirskipar um birting hennar og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem í því héraði stunda fiskiveiðar á bátum, sem samþykktin nær til, hvort sem þeir eiga heima í héraðinu eða eru aðkomandi. — Samþykkt þeirri, er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en með þeirri aðferð, er hún var stofnuð. Samþykktin heldur ekki gildi lengur en 10 ár í senn, en endurnýja má hana um jafnlangan tíma í senn á sama hátt, er hún var sett. — Stjórnarráðið hlutast til um, að fiskiveiðasamþykktir séu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna. — **6. gr.** [Nú er svo ástatt, að hreppsnefnd þykir brýn nauðsyn bera til að gera samþykkt fyrir hreppinn samkvæmt lögum þessum eða breyta áður gerðri samþykkt, en svo er langt til reglulegs sýslufundar, að ekki þykir mega draga til þess tíma að setja samþykktina, og getur þá hreppsnefndin gert samþykkt til bráðabirgða, enda er sú samþykkt háð ákvæðum 2., 4. og 5. gr. um fundarsamþykki, staðfestingu og birtingu. Bráðabirgðasamþykkt, sem staðfest hefir verið, skal jafnan borin undir næsta fund sýslunefndar. Ef sýslunefnd fellst á bráðabirgðasamþykktina óbreytta, skal það tilkynnt atvinnumálaráðuneytinu, en það birtir hana síðan sem fiskiveiðasamþykkt. Ef sýslunefnd breytir bráðabirgðasamþykkt, skal með samþykktina með áorðnum breytingum farið sem nýtt frumvarp væri, enda fellur þá bráðabirgðasamþykktin úr gildi. Bráðabirgðasamþykkt fellur og þegar niður, ef sýslunefnd synjar samþykkis.][1]) — **7. gr.** Í samþykktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áríðandi eru fyrir fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum. . . .[2]) í því héraði, er samþykktin nær yfir, svo sem um það, hver veiðarfæri og beitu skuli hafa við fiskiveiðar á hverjum stað og hverjum árstíma, og eins um það, hvort fiskilóðir og net megi að færu veðri og forfallalaust og af ásettu ráði liggja í sjó yfir nóttu, og hvernig neta- og lóðalögnum skuli hagað, til þess að fiskiveiðum sé ekki varnað um skör fram eða handfæraveiði sé spillt. Svo má og með samþykkt setja reglur um niðurburð fyrir fisk og slægingu á sjó. — Með samþykkt má og banna niðurskurð á hákarli á opnum skipum eða mótorbátum, sem lög þessi gilda um, um lengri eða skemmri tíma árs. — Í samþykkt skal ávallt ýtarlega ákveða um eftirlit með því, að hennar sé gætt, og hvernig greiða skal kostnað við það. — **8. gr.** Í samþykktum þessum má ennfremur ákveða, að skip þau, er samþykktin nær til, skuli greiða gjald í lendingarsjóð, og skal því fé einungis varið til þess að bæta lendingar á samþykktarsvæðinu, hvort heldur með því að ryðja lendingar, gera bryggjur og skjólgarða, setja upp leiðarljós eða framkvæma önnur mannvirki, er miða að því að greiða fyrir fiskiútveginum. — Lendingarsjóður skal vera í ábyrgð sýslunefndar, er sér um ávöxtun fjárins á sem tryggastan og haganlegastan hátt, og veiti hún fé úr sjóðnum, er þörf þykir, til framkvæmda framangreindra fyrirtækja. — Lendingarsjóðsgjaldið má ákveða fyrir hverja vertíð allt að 2 kr. af hlut, eða 1% af afla skipsins eða 3 kr. af lest í rúmmáli skipsins. Formaður eða skipstjóri annast um greiðslu gjaldsins, og greiðist það af óskiptum afla. — Í samþykktinni skulu settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, er segir í lögum nr. 29, 16. des. 1885. — **9. gr.** Fyrir brot á staðfestri fiskiveiðasamþykkt má ákveða sektir frá [25—500][1]) krónur, er renni í lendingarsjóð, eða ef enginn lendingarsjóður er á samþykktarsvæðinu, þá í fátækrasjóð: svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, sem brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar, megi skipaðir umsjónarmenn taka og flytja í land án úrskurðar yfirvalds, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skuli höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, er veiðarfærin voru upp tekin fyrir, sé sýknaður með dómi eða málssókn gegn honum fallin niður, eða hann hafi greitt sektir þær, er honum hafa verið gerðar, eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim. — Ákveða má og að afli, sem fenginn er með ólöglegri veiðiaðferð, skuli vera upptækur og andvirði hans renna í

1) L. nr. 117, 29. des. 1933, § 2. — 2) L. nr. 9, 28. febr. 1942, § 2.

1) L. nr. 21, 27. júní 1925, § 2.

1917 Nr. 86 14. nóv.

1917 Nr. 86 14. nóv.

lendingarsjóð, eða, ef hann er ekki til, í fátækrasjóð. — **10. gr.** Með brot gegn samþykktum samkvæmt lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

1925 Nr. 31 27. júní

Lög um einkenning fiskiskipa.

1. gr. Öll skip, íslenzk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sér glöggt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenzka landhelgi eða hafast þar við. — Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar samskonar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hér á eftir. — Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæzlu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg. — **2. gr.** Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenzkri landhelgi. — **3. gr.** Það varðar sektum, frá 50—2000 kr., ef fiskiskip kemur í íslenzka landhelgi, eða hefst þar við, án þess að hafa á sér merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.[1]) — Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá allt að 400 kr. sekt við því. — Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenzkri landhelgi með vísvitandi duldum, afmáðum eða afbökuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausa veiði um allt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli. — **4. gr.** Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landhelgissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrrsetja skip og síðan selja, að undangenginni aðför, til lúkningar hvorstveggja.

1) Sbr. l. nr. 5, 18. maí 1920, § 2.

1901 Nr. 20 13. sept.

Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum.

1. gr. Með konungslegri tilskipan[1]) má fyrir þann tíma, er lög þessi gilda, setja reglur um sérstaklega skrásetning og fiskiveiðaskírteini fyrir skip þau öll, er heima eiga á Íslandi og stunda fiskiveiðar í Norðursjónum fyrir utan landhelgi, og samkvæmt 1. gr. laga 13. des. 1895[2]) um skrásetning skipa hafa rétt til þess að hafa danskt flagg,[3]) svo og um tölusetning og merking skipanna, veiðarfæra þeirra o. fl. Svo má og fyrir sama tíma fyrirskipa nánari ákvæði, er miða til þess að halda uppi góðri reglu við fiskiveiðar á téðu svæði, og koma í veg fyrir spell og skemmdir á netum og öðrum áhöldum fiskimanna; loks má setja reglur þær, er þurfa þykir um eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum þeim, er gefin verða út samkvæmt framansögðu. — **2. gr.** [Hlutaðeigandi lögreglustjórar annast um skrásetning skipanna eftir 1. gr. og eins um mæling þá, sem gera þarf í þessu skyni, séu þau ekki þegar eftir hinum almennu reglum mælingarskyld, svo og um útgáfu fiskiveiðaskírteinis og merking skipanna. Fyrir þetta greiðist ekkert gjald],[4]) en kostnað við merking skipanna skulu skipaeigendur greiða; á þeim hvílir og sú skylda, að halda við bókstöfum þeim, tölum og öðrum merkjum, er hafa sett verið. — **3. gr.** Auk skaðabóta þeirra, er menn eftir almennum lögum geta bakað sér með því að hlýða eigi fyrirmælum þeim, er gerð verða samkvæmt 1. gr., má dæma þá í sekt, allt að 200 kr. — Um sektamál þau og mál um ábyrgð til skaðabóta, þar sem sektir dæmast, fer sem um opinber lögreglumál. — **4. gr.** Lög þessi ... skulu vera í gildi, meðan samningur sá stendur óhaggaður, er gerður var í Haag 6. maímán. 1882 um löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum.

1913 Nr. 54 10. nóv.

Lög um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi.

1. gr. Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um eftirlit úr landi með fiskiveiðum í landhelgi. — **2. gr.** Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykkt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar

1) Tilsk. nr. 32, 13. sept. 1901 og tilsk. nr. 46, 19. des. 1902. — 2) Nú l. nr. 17, 8. marz 1948, § 1. — 3) Nú ísl. fána. — 4) L. nr. 29, 25. sept.1902.

1913 Nr. 54 10. nóv.

á svæði, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við höndina. — **3. gr.** Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með ⅔ atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir. — Frumvarp til samþykktar, er eigi hefir náð ⅔ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný í sýslunefnd fyrr en á næsta aðalfundi hennar. — **4. gr.** Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, sem hún nær yfir. — Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð. — **5. gr.** Í samþykkt skal ávallt vera ákvæði um, hvernig eftirlitinu úr landi skuli stjórnað og yfir hvert svæði það skuli taka. Þar er og heimilt að ákveða, að greiða skuli yfir vertíð hverja allt að tveggja króna gjald af hverjum hlut á opnum skipum og mótorbátum á því svæði, er samþykkt nær yfir, til að standast kostnað af eftirlitinu. — **6. gr.** Gjald það, er ræðir um í 5. gr., greiðist af óskiptum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþykktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins og reikningsskil, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám, án undanfarins dóms eða sáttar.

Konungsbréf (til stiftamtm. og amtm.) um fiskiútveg á Íslandi. **1758** 28. febr.

1) Allir formenn og hásetar, sem hafa látið sig leigja eður festa til að róa nokkrum fiskibát um vertíðina, skulu án forsómunar koma í þann áskilda vissa tíma á þann stað, hvar þeir ætla að róa, og það allir í einu, undir það straff, að bæta fyrir þann tíma, sem þeir koma eigi, nefnilega hver formaður fyrir viku 2 mörk, fyrir hálfan mánuð 4 mörk, og fyrir 3 vikur 1 ríkisdal; í sama máta hver háseti helming á móti því, sem fyrir formanninn er skilið. — **2)** Þegar formaðurinn hefir snúið skipinu upp og fengið allar þar til heyrandi tilfæringar, má enginn af hásetunum á nokkurn hátt hindra hann frá því að sækja sjóinn, hve nær sem tækifæri gefst til þess, heldur skal sérhver skyldur vera, þegar hann er af formanninum kallaður, að láta sig án dvalar finna við bátinn og á honum róa, og varði 5 fiska í hvert sinn, að nokkur er í landi, þegar honum er sagt til, og fleiri en ¼ af bátunum í þeirri veiðistöðu róa þann dag á sjó. — **3)** Ef nokkur háseti er burtu eina klukkustund, eftir það honum hefir verið sagt til, og hinir aðrir eru komnir til bátsins, skal hann gjalda þrjá fiska í sekt fyrir það, nema hann geti sannað lögleg forföll. — **4)** Enginn háseti má á sjónum á nokkurn hátt kúga formanninn til að fara til lands, fyrr en hann skipar það sjálfur, og varði 2 fiska fyrir hvert sinn, er nokkur lætur á sér heyra mögl um það, að formaðurinn sitji of lengi á sjónum, og kemur öðrum til hins sama. — **5)** Hver sá háseti, er sýnir sig hyskinn eða latan til að fiska og lætur ekki að formannsins áminningum og skipan, sem hann gerir honum í því tilliti, skal gjalda 2 fiska í hvert sinn. — **6)** Eins og formennirnir eru skyldir að hafa gætur á, að hásetar þeirra verki afla sinn sem bezt þeim er mögulegt, svo ber þeim líka, þá slíkir dagar til falla, að ekkert tækifæri gefst til að róa og sækja sjóinn, að til halda þeim á meðan að hlaða upp og endurbæta sína fiskigarða á þeim stöðum, sem hverjum fyrir sig er á vísað; og finnist nokkur forsómunarsamur í þessu, og hafi þess vegna að vertíðarlokum miður verkaðan fisk en aðrir, þá skal hann gjalda 2 mörk. Í sama máta skal og formaðurinn hafa vakandi auga á, að hásetar sínir haldi sjóklæðum þeirra í góðu standi, svo að enginn þurfi, ef það brestur, að hindrast frá róðri og vera ónýtur til sjósóknarinnar. —

1758 28. febr.

7) Formaðurinn skal einnig halda sínum hásetum til að verka þeirra þorskhöfuð og hrogn vel og hreinlega, og það, sem þeir þurfa eigi af hrognunum til matar hvað eftir annað, skulu þeir salta niður til sölu eður eigin nautnar. — 8) Enginn háseti má yfirgefa þann fiskibát, á hvern hann er ráðinn, fyrr en formaðurinn hefir upp sagt vertíðinni, nema hann hafi fengið formannsins leyfi þar til, vegna mikilvægra orsaka. En strjúki þar á móti nokkur burt án formannsins vitundar og samþykkis, þá skal sá hinn sami takast af sýslumanni og bæta fyrir það fjárlátum eða straffi á líkamanum, eftir málavöxtum. — 9) Sérhver formaður skal kostgæfilega sækja fiskiveiðar, þegar veðurátt og sjór leyfa það, og má enginn af þeim vera í landi þann dag, sem einn fjórði partur af bátum þeirrar veiðistöðu, hvar hann rær, eru á sjó, nema hann geti sannað, að hann hafi gilda orsök til þessa. — 10) Formaðurinn skal einnig hafa vakandi auga á, að fiskibát hans sé altíð haldið í góðu standi með veiðarfærum og öðru tilheyrandi, sem og að hann í hvert sinn verði settur svo hátt upp frá sjónum og skorðaður, að honum geti hvorki grandað sjór eða stormur. Líka skal hann halda sínum hásetum til að gera bátinn jafnaðarlega hreinan. — 11) Hann skal og nákvæmlega gæta þess, að hver og einn fari varlega með árar og önnur bátsins og fiskifangsins áhöld; og finnist nokkur háseti, annaðhvort af vangæzlu ellegar með vilja, að brjóta ár eður skemma önnur bátnum tilheyrandi áhöld, þá skal formaðurinn halda þeim sakaða til að bæta strax skaðann og gjalda þar að auk sannsýnilega þokkabót. . . . 17) Allar þær bætur, sem í áminnstum tilfellum eiga úti að látast, skal hlutaðeigandi sýslumaður, ef þær verða ekki góðmótlega afgreiddar, láta hreppstjórana krefja og geyma í kassa einum, sem þar til er ger; að hverju gerðu þeim á svo að skipta, að sá, er uppvíst gerði, fái ¼ af þeim, sýslumaður ¼, og hinn helmingurinn falli til fátækra atorkusamra fiskimanna, er missa báta sína, sem og ekkna og barna þeirra, sem farast við fiskiveiðar, þegar þau álítast að vera nauðstödd. Og líkt sem sýslumaður skal ábyrgjast þetta, svo heldur hann og tilhlýðilegan reikning bæði yfir inngjald og útgjald, og gerir á hverju ári skil fyrir því.

1945 Nr. 1 12. jan.

Lög um róðrartíma fiskibáta.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við Faxaflóa, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip í flóanum og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir. — **2. gr.** Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr. — **3. gr.** Brot gegn reglugerð,[1]) sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 500.00 —5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

1945 Nr. 1 12. jan.

1872 12. febr.

Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót.[2])

1. gr. Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft að króa af síld eða upsa með nót upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgerðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni. — [Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, og skal þá gjalda landshlut, 3 af hundraði af veiðinni, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að háfa veiði úr herpinót, liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá gjalda landshlut 4 af hundraði.][3]) — **2. gr.** Geri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn, er rétturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman. — **3. gr.** Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sé um samið milli hans og landsdrottins. — **4. gr.** Hafi fleiri en einn tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarformanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðs-

1) Rgj. nr. 8, 13. jan. 1945. — 2) Sbr. l. nr. 45, 13. júní 1937. — 3) L. nr. 4, 1. febr. 1936, § 1.

1872 12. febr.

maður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli. — **5. gr.** Þegar nót er upp dregin, er formaður skyldur til, áður en nótarmenn fara burt, að segja til veiðarinnar þeim, sem eftir næstu grein á undan á hlut að máli, og svo framarlega sem mönnum ekki hefir komið saman um annað, skal þá þegar gjalda landshlut með þeim parti af veiðinni, sem lögákveðinn er, og í því, sem veiðzt hefir. Sé ekki farið eftir ákvörðun þessari, eða ef rangt er sagt til veiðarinnar, skal landshlutur goldinn tvöfalt. Sé rangt sagt til veiðarinnar í sviksamlegum tilgangi, kemur það þar að auk undir hin almennu hegningarlög. — **6. gr.** Bátar, veiðarfæri og afli nóteigenda skulu standa í veði fyrir landshlut og skaðabótum eftir 2. gr. — **7. gr.** Sé nót lögð á helgidegi, og síld eða upsi króaður inni, skal gjalda 2—50 rd. þóknun til fátækrasjóðs hreppsins, eftir því hvernig drættinum er varið og ákvörðun sýslumanns. Þessa þóknun má taka lögtaki. —**8. gr.** Þar sem nót er lögð, má, eftir að búið er að gefa út streng og byrjað á lagningunni, og þessu er haldið áfram án þess óvanaleg töf eigi sér stað, engin veiðarfæri leggja niður á því sviði, sem ætlazt má á að nótin lyki fyrir. — Sé net áður útlögð, sem eru því til fyrirstöðu að nótin verði dregin og fest, hefir formaður nótarinnar rétt til að taka þau upp, ellegar að draga nótina í land, og, ef til vill, hin útlögðu net með, ef hann bætir eiganda skaða og veiðispjöll. — Nú er nót fest, og liggur yfir veiðarfærum, þá má þau eigi upp taka án samþykkis nótarformanns. Þar á móti skal nóteigandi, þegar svo á stendur, annaðhvort skila veiðarfærunum jafngóðum, áður en 12 stundir líði, eða bæta þau með öðrum nýjum og óaðfinnanlegum, eða borga þau í peningum tvennu verði. Auk þessa skal eiganda bætt veiðispjöll eftir því, sem almennt aflast dægur hvert, unz goldið er. — Net, sem liggja á sviði því, sem nótin lykur fyrir, má formaður nótarinnar taka upp að ósekju, en borgi veiðispjöll. — **9. gr.** Sitji fleiri en einir nótarmenn fyrir síld eða upsa, hafa þeir rétt til nótlagnar, sem fyrst hafa gefið út nótstrenginn og byrjað að leggja nótina, og sé þessu haldið áfram tafarlaust svo sem verður, mega engir hinna tálma þessu. Nú hafa tvennir nótarmenn byrjað að leggja út nót samstundis og aðrir innar, þá skulu þeir, ef síld eða upsi er í báðum nótum og ytri nótin ekki getur bjargað afla sínum, áður en sú innri er upp tekin, hafa drátt í sameiningu, og skal hlutur hvorra fyrir sig ákveðinn eftir áætlun, ef þeir hafa ekki komið sér öðruvísi saman. — Nú leggja tvennir nótarmenn samstundis, og hvorir í mót öðrum, og draga hvorugir nótina í land til sinnar hliðar, þá skulu þeir hafa drátt í sameiningu, og skipta til helminga. — **10. gr.** Nót, sem engin veiði er í, skal strax upp tekin, ef eigandi nótar, sem utar liggur, og veiði er í, krefst þess. — Nóteigandi, sem hefir nót lagða þannig, að öðrum er meinað að leggja nætur sínar, eða draga þær á land, skal skyldur til, þegar þess er krafizt, að draga fram nót sína eða flytja festar og vörp svo mikið sem verður, án þess að skaða afla sinn. — **11. gr.** Hver sá, er á nokkurn hátt reynir að tálma nótveiði, og eins hver sá, er með ásettu ráði skemmir nót, sem er lögð út og fest, eða spillir veiðinni að öllu eða nokkru leyti, skal sæta hegningu eftir tilskipun þessari, að því leyti sem þyngri hegning ekki liggur við verki hans eftir hinum almennu hegningarlögum. — **12. gr.** Fyrir brot gegn ákvörðununum í 8.—11. gr. skulu koma sektir, frá 5 til 200 rd. Sektirnar renna í landssjóð. — **13. gr.** Með sektamál eftir tilskipun þessari skal farið sem opinber lögreglumál. — Sök skal niður falla, þegar hlutaðeigandi við birtingu stefnunnar undirgengst að borga sekt þá, sem dómarinn hefir stungið upp á í stefnunni innan takmarka þeirra, sem nefnd eru í 12. gr., og greiðir sekt þessa og málskostnað að auki, áður 3 sólarhringar líði. — Gerð þessa skal dómari bóka í dómabókina svo fljótt sem verður, um leið og stefnan er lögð fram. — **14. gr.** Um sakarfyrning skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 67. gr. í hinum almennu hegningarlögum.[1])

1872 12. febr.

Lög um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót.

1901 Nr. 53 20. des.

1. gr. Þilskipum má ekki án samþykkis landeiganda eða ábúanda leggja við festar að haustinu eða í vetrarlegu þar, sem tíðkast síldar- eða upsaveiði með nót, þannig, að þau á nokkurn hátt tálmi veiðinni. Sé það gert, kærir landeigandi eða ábúandi fyrir lögreglustjóra, er kveður með sér tvo kunnuga, óvilhalla menn, til að álíta, hvort skipið liggi svo, að það tálmi veiðinni. Úrskurði þeir, að svo sé, og annað jafntryggt lægi sé fáanlegt í nánd, er heimilt að færa skipið úr stað eftir tilvísun lögreglustjóra, svo framarlega að eigandi skipsins eða umsjónarmað-

1) Sjá nú hegnl. nr. 19, 12. febr. 1940 § 81.

1901 Nr. 53 20. des.

ur þess ekki gerir það tafarlaust, eftir að honum hefur verið birtur úrskurðurinn. — **2. gr.** Kostnað þann, sem leiða kann af færslu skipsins, skal skipseigandi greiða. Ferðakostnaður lögreglustjóra og borgun fyrir álitsgerðina greiðist af gerðarbeiðanda samkvæmt 5. gr. laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl. 13. marz 1891.[1])

1914 Nr. 39 2. nóv.

Lög um beitutekju.

1. gr. Sérhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skipti, sem hann tekur beitu. — Fyrir skemmri tíma greiðist sama gjald. —**2. gr.** Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skipti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans, samkvæmt 1. gr. — Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skipti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það 10 til 20 kr. sekt fyrir hvert skipti. — **3. gr.** Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það 20 til 200 króna sekt, og borga skal hann allan svo upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði. — **4. gr.** Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna. — **5. gr.** Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sé um samið. Séu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu. — Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru, og skal hann þá greiða tvöfalt gjald. — **6. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. — **7. gr.** Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

1946 Nr. 45 7. maí

Lög um beitumál.

1. gr. Skipa skal þriggja manna nefnd, og er verkefni hennar að sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé til í öllum verstöðvum landsins næg og góð beita við eðlilegu verði. — **2. gr.** Ríkisstjórnin skipar beitunefnd til tveggja ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna, en einn án tilnefningar, og er hann formaður. — **3. gr.** Beitunefnd skal kappkosta að hafa sem nánast samband við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna um störf þau, er nefndin hefur með höndum. Kostnaður af störfum beitunefndar, þar með talin laun nefndarmanna, sem ráðherra ákveður, skal greiðast úr ríkissjóði. — **4. gr.** Beitunefnd skal áætla þörf landsmanna fyrir frysta beitu og kynna sér, hversu horfir um öflun hennar. Fiskifélag Íslands skal annast skýrslu- og upplýsingasöfnun fyrir nefndina. Öllum þeim, sem hafa með höndum sölu eða geymslu á beitusíld, og öllum útgerðarmönnum er skylt að láta Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir, hvenær sem þess er óskað. — **5. gr.** Ef athugun beitunefndar leiðir í ljós, að sérstök ástæða sé til að óttast beituskort, er henni heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að frysta eða láta frysta síld til beitu. — **6. gr.** Beitunefnd er heimilt, með samþykki ráðherra, að leigja, kaupa eða byggja hús og tæki til síldarfrystingar og síldargeymslu í þeim tilgangi, sem um ræðir í 5. gr. — Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500 þús. króna lán til frystihúsa, er nefndin kaupir eða lætur byggja. — **7. gr.** Nú lætur nefndin frysta síld til beitu, og skal hún þá seld svo vægu verði sem nefndin telur kleift. Útgerðarmenn og félög þeirra eiga forkaupsrétt að beitu frá nefndinni. Beitunefnd getur takmarkað sölu á beitu, ef henni þykir við þurfa vegna hættu á misskiptingu beituforðans. — **8. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að veita beitunefnd ríkisábyrgð fyrir allt að 200 þús. kr. rekstrarfé vegna síldarfrystingar samkv. 5. gr., ef til hennar kemur. Sérstakt bókhald skal haldið fyrir frystihúsastarfsemina og rekstrinum hagað þannig, að hann svari kostnaði. Í varasjóð skal að minnsta kosti leggja 5% af útsöluverði beitusíldar. — **9. gr.** Ef beitunefnd telur nauðsynlegt, að tekinn verði upp fastur rekstur eins eða fleiri frystihúsa, til þess að tryggja nægа, góða beitu við sanngjörnu verði, þá skal hún, ef hún telur það betur fara, beita sér fyrir almennum samtökum meðal útvegsmanna og hlutarmanna, um að þeir myndi með sér félag, sem hafi rekstur slíkra húsa með

1) Sjá nú l. nr. 75, 14. nóv. 1917, § 5.

1946 Nr. 45 7. maí

höndum. — Nú er stofnað til slíkra félagssamtaka á samvinnugrundvelli og félagið opið fyrir alla fiskimenn og útvegsmenn, og skal því félagi þá afhent frystihús beitunefndar með kostnaðarverði, enda sé stofnsamningur þess og samþykktir staðfest af ráðherra. — **10. gr.** Óheimilt er að selja frysta síld til beitu, nema hún hafi verið metin af beitumatsmanni og vottorð hans fylgi um, að beitan sé góð og óskemmd vara og að henni fylgi ekki meiri klaki en þörf krefur. — **11. gr.** Lögreglustjóri skipar beitumatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, eftir tillögu beitunefndar. Beitumatsmenn annast starf það, sem þeim er falið með lögum þessum, samkv. nánari reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum beitunefndar. Beitumatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji vinna störf sín vel og samvizkusamlega og fara eftir settum reglum um matið. — Kaup beitumatsmanna ákveður ráðherra að fengnum tillögum beitunefndar, en þeir greiða kaupið, sem síldina selja. — Beitumatsmenn mega ekki þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir, né vera þeim á þann hátt háðir, að ætla mætti þá hlutdræga í matinu. — **12. gr.** Beitunefnd er heimilt að ákveða hámarksverð á frosinni beitu, enn fremur hámark frystigjalds á beitu, geymslugjalds á beitu og geymslugjalds á beittri línu. — Brot gegn verðlagsákvörðunum nefndarinnar varða sektum, allt að 50000 kr., auk þess sem allur óleyfilegur söluhagnaður skal gerður upptækur. — **13. gr.** Rekstur sá, er beitunefnd annast samkvæmt lögum þessum, er undanþeginn útsvari og tekju- og eignarskatti. — [**14. gr.** Ráðherra er heimilt, ef hann telur ástæðu til og að fengnum tillögum beitunefndar, að setja reglur um beituskurð á vetrarvertíð, svo sem um hver vera megi hámarksnotkun á beitu í hvern róður.][1]) — **15. gr.** Brot á lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkv. þeim, varða sektum allt að 10000 kr. — Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

1921 Nr. 53 27. júní

Lög um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum.

1. gr. Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hér á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefir verið, nema annars sé getið í ráðningarsamningi háseta. — **2. gr.** [Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í 3 vökur. Skulu ⅔ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en ⅓ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skipta vökum, að hver háseti hafi að minnsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.][1]) — Fyrirfram gerðir samningar um lengri vinnutíma í senn en fyrir er mælt í þessari grein eru ógildir, en ekki skal það talið brot á ákvæðum hennar, þó háseti, eftir eigin ósk í einstök skipti, vinni lengur í senn en þar er um mælt. — **3. gr.** Engin af fyrirmælum 1. og 2. gr. gilda, þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu. — **4. gr.** Skipstjóri ber ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt. — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 13, 28. febr. 1947, § 1.

1921 Nr. 53 27. júní

Lög um afla- og útgerðarskýrslur.

1941 Nr. 55 27. júní

1. gr. Skylt er að gefa skýrslur um allan þann fisk, sem veiddur er hér við land af íslenzkum skipum, svo og afla erlendra skipa, sem lagður er á land. Vatnafiskar eru undanskildir. Sömuleiðis er skylt að gefa skýrslur um útgerð skipa, mannatölu og úthaldstíma og annað það, er að útgerð lýtur, svo sem beitubirgðir, birgðir af útflutningsvörum og annað þess háttar. — Fiskifélag Íslands skal sjá um söfnun skýrslnanna í fullu samráði við Hagstofu Íslands og hafa til þess umboðsmenn í öllum helztu veiðistöðvum landsins. Skal Fiskifélagið láta Hagstofu Íslands í té fengnar skýrslur eins oft og hagstofan álítur nauðsynlegt. — **2. gr.** Fiskifélagið skal birta yfirlit yfir heildaraflann eins oft og þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á mánuði hverjum. Skal Fiskifélaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða félögum um fiski í landinu, nema öðruvísi sé ákveðið. — **3. gr.** Eftirtaldir aðilar skulu skyldir til að gefa skýrslur: 1. Skipstjórar og formenn, 2. útgerðarmenn og félög, 3. fiskkaupmenn og fisksalar, 4. niðursuðuverksmiðjur og aðrar verksmiðjur, sem vinna úr fiski, 5. hraðfrystihús, 6. síldarverksmiðjur, 7. síldarútvegsnefnd, 8. síldarsaltendur, 9. fiskimálanefnd, 10. fiskútflytjendur, 11. fiskverkunar-

1) L. nr. 45, 7. maí 1928.

1941 Nr. 55 27. júní

stöðvar. Atvinnumálaráðherra ákveður fyrirkomulag skýrslusöfnunarinnar með reglugerð, að fengnum tillögum Fiskifélagsins. — **4. gr.** Fiskifélag Íslands sér fyrir eyðublöðum til skýrslusafnenda, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu. — **5. gr.** Vanræki einhver að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum eða þeim reglugerðum, sem út verða gefnar samkvæmt þeim, sæti sá sektum, 25—100 kr. á dag frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin. — **6. gr.** Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

1934 Nr. 74 29. des.

Lög um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

1. gr. Stofna skal síldarútvegsnefnd, skipaða 5 mönnum og 5 til vara. Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, og einn skal kosinn af síldarútvegsmönnum, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar formann úr hópi hinna þingkosnu nefndarmanna. Kosningin gildir til þriggja ára, en skipun formanns til eins árs. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu allir dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann. Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað. Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði. — **2. gr.** Síldarútvegsnefnd hefir með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar, söltunarleyfa á síld og löggildir síldarútflytjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með öðrum verkunaraðferðum en nú eru tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins. — Til þess að standast kostnað af þessum störfum nefndarinnar, getur síldarútvegsnefnd ákveðið, með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð 2% — tveir af hundraði — af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þyki, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar. — **3. gr.** Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum eða í íslenzkri landhelgi, eða verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum, að ísaðri síld undanskilinni, til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur. Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingum af millisíld. — **4. gr.** Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma. — Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi, skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52, 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að vera skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum, enda ráði umsækjandi yfir því lágmarksmagni síldar, er nefndin ákveður. — Nú hefir sölusamlag síldarframleiðenda eða samvinnufélag umráð yfir 75% af síldarframleiðslu landsmanna, eða sama hundraðshluta af síld, sem verkuð er með sérstakri verkunaraðferð, og getur síldarútvegsnefnd þá ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháan eða hærri hundraðshluta af síldarframleiðslunni eða þeirri sérverkuðu síld, er það hefir umráð yfir, enda sé þá æðsta vald í félagsmálum hjá félagsfundum og atkvæðisréttur félagsmanna miðist eigi nema að nokkru leyti við síldarmagn, svo að enginn þeirra geti farið með meira en $\frac{1}{20}$ af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra á fundum þess. — **5. gr.** Þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á síld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkv. lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að síldarútflytjendur skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar. — **6. gr.** Útflytj-

1934 Nr. 74 29. des.

1934 Nr. 74 29. des.

endur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning síldar, og hefir nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt. — **7. gr.** Nú verður það nauðsynlegt, að dómi síldarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði síldar eða sölu á síldarframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma og ákveða hámark söltunar á hverju skipi. — **8. gr.** Síldarútvegsnefnd úthlutar veiði- og verkunarleyfum. Allir síldarútgerðarmenn skulu fyrir þann tíma, er nefndin ákveður, sækja um veiðileyfi fyrir skip sín. Skal í leyfisbeiðninni tilgreina tölu skipa, stærð og einkennistölu og áætla afla til verkunar. Ennfremur skal skýra frá, hjá hvaða saltanda og hvernig síldin skuli verkuð, svo og hver hafi síldina til sölumeðferðar. — Allir síldarsaltendur skulu fyrir sama tíma sækja um verkunarleyfi til nefndarinnar og skýra frá, hve margar tunnur hverrar tegundar þeir óska að verka og af hvaða skipum. — Hver saltandi, er söltunarleyfi fær, er skyldur að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um hámark verkunargjalds á hverja tunnu, sem hann saltar fyrir útgerðarmenn, og um ábyrgð á síldarverkuninni. — Allir síldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að veiðinni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við síldarframleiðendur. Skýrslur um veiði og verkun skal gefa nefndinni daglega. — **9. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver síldareigandi beri ábyrgð á gæðum sinnar síldar, ákvæði um jafnaðarverð á síld sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa. — **10. gr.** Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta. — **11. gr.** Nú telur ríkisstjórnin og síldarútvegsnefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki síldarútvegsnefndar, ef félag síldarframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 3. málsgr. 4. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja síld til útlanda, enda séu þá framkvæmdarstjórar tveir, og tilnefni síldarútvegsnefnd annan þeirra. — Sé slíkur félagsskapur síldarframleiðenda eigi til eða síldarútvegsnefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið síldarútvegsnefnd einkasölu á síld til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá síldarútvegsnefnd tvo framkvæmdarstjóra til þess að annast síldarsöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar. — Sé síldarútvegsnefnd falin einkasala á síld, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar. — **12. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.[1])

1934 Nr. 74 29. des.

Lög um síldarleit úr lofti.

1954 Nr. 56 21. apríl

1. gr. Halda skal uppi síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina, eftir því sem nánar verður ákveðið af síldarleitarnefnd og síldarleitarstjóra. — **2. gr.** Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn síldarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu síldarútvegsnefndar og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs. Ráðherra skipar einn þeirra formann. Nefndin ber nafnið síldarleitarnefnd og skal vera ólaunuð. — **3. gr.** Síldarleitarnefnd ræður síldarleitarstjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. — Síldarleitarstjóri ræður starfsmenn síldarleitarinnar, tekur á leigu flugvélar til leitarinnar og hefur með höndum daglega stjórn hennar, allt í samráði við síldarleitarnefnd. Hann skal dveljast á Siglufirði eða Raufarhöfn um síldarleitartímann. Má

1) Rgj. nr. 132, 23. júní 1952.

1954 Nr. 56 21. apríl

hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu, sem síldarleitin stendur yfir. — **4. gr.** Í júnímánuði ár hvert skulu síldarverksmiðjur ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 100 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði af síldarleit á síldarvertíð þeirri, er þá fer í hönd, þar með talin laun síldarleitarstjóra, en hann tekur saman kostnaðinn þegar að vertíð lokinni og skiptir honum eigi síðar en um næstu áramót á eftirtalda aðila sem hér segir: — Fiskimálasjóður greiði ⅓ hluta kostnaðar. ⅔ hlutum skal jafnað niður á síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur, er reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi. Við þá skiptingu skal miða við tunnufjölda herpinótasíldar til útflutnings og málafjölda bræðslusíldar, og skal tunna saltsíldar látin jafngilda hálfu öðru máli til bræðslu. Síldarútvegsnefnd greiðir allt gjaldið af saltsíldinni, en síldarverksmiðjurnar af bræðslusíldinni í hlutfalli við þann málafjölda, sem þær hver um sig hafa tekið til vinnslu á síldarvertíðinni. — Nú hrekkur framlag einhvers þeirra aðila, er í 1. málsgr. getur, ekki til greiðslu þess hluta síldarleitarkostnaðar, er í hans hlut kemur samkv. 2. málsgr., þegar lokareikningar hafa verið gerðir, og er honum þá skylt að greiða það, sem á vantar, enda á hann á sama hátt endurgreiðslurétt, ef hlutur hans reynist minni en framlaginu nemur. — **5. gr.** Þegar síldarleitargjöld eru fallin í gjalddaga samkvæmt 4. gr., má innheimta þau með sama hætti og opinber gjöld, og skal sýslumönnum og bæjarfógetum skylt að gera það, ef síldarleitarstjóri beiðist þess. — **6. gr.** Atvinnumálaráðherra ákveður samkvæmt tillögum síldarleitarnefndar, hvort nota skuli dulmálslykla við fréttasendingar síldarleitarinnar. — **7. gr.** Nú hefur atvinnumálaráðherra ákveðið, að fréttasendingar síldarleitarinnar skuli fara fram á dulmáli, og skal síldarleitarstjóri þá semja dulmálslykil, einn eða fleiri, og afhenda hann starfsmönnum síldarleitarinnar, stjórn Landssíma Íslands, landhelgisgæzlunni og skipstjórum á íslenzkum síldveiðiskipum. Kostnaður vegna dulmálslykla telst til síldarleitarkostnaðar. — Þeim aðilum, sem fá dulmálslykla eða fréttir á dulmáli frá síldarleitinni, skal skylt að fara með það sem trúnaðarmál. — **8. gr.** Brot gegn ákvæðum 7. gr. varða sektum til ríkissjóðs frá 500 til 10000 krónum. Ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað, er heimilt að svipta hinn brotlega dulmálslykli og innsigla tæki hans. — Mál út af brotum gegn 7. gr. skulu sæta meðferð opinberra mála.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana vegna útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

1946 Nr. 46 7. maí

1. gr. Vegna verðhækkunar þeirrar til bátaútvegsins á nýjum þorski og ýsu, sem ákveðin var með auglýsingu 5. janúar 1946, heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast hraðfrystihúsum landsins allt að 5 aura á innvegið kg miðað við slægðan fisk með haus. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en söluverð þeirra 1945. Nú reynist söluverð hraðfrystra þorsk- og ýsuflaka hærra en á árinu 1945, en þó ekki sem svarar verðhækkuninni á nýja fiskinum, og skal þá meta, að hve miklu leyti ábyrgð ríkissjóðs kemur til greina. — Ef söluverð á hraðfrystum þorsk- eða ýsuflökum verður hærra en kr. 1.10 fyrir enskt pund komið í skip, miðað við sams konar verkun og gilt hefur fyrir enskan markað, þá skal það, sem umfram er, þó ekki meira en 2½ eyrir af pundi, renna í ríkissjóð. — Það, sem kann að fást umfram kr. 1.125 fyrir pundið, skiptist að jöfnu milli hraðfrystihúsaeigenda og fiskframleiðenda. — **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka á leigu frá miðjum apríl fram í seinni hluta maí og annast rekstur á allt að 20 fiskflutningaskipum og kaupa fisk í þau til útflutnings til þess að tryggja það, að ekki falli niður útflutningur á ísvörðum fiski bátaútvegsins. — **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa til útflutnings eða ábyrgjast sölu á allt að 7000 tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, er miðist við kr. 1.70 hvert kílógramm af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks. — **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á andvirði útfluttra afurða, sem seldar kunna að verða með gjaldfresti, enda hafi ríkisstjórnin samþykkt söluna. — **5. gr.** Atvinnumálaráðherra getur sett fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um getur í lögum þessum, þar á meðal um þau sönnunargögn, er hann telur þurfa, fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt hið tilskilda lágmarksverð, sem ákveðið er af samninganefnd utanríkisviðskipta á hverjum tíma.

1944 Nr. 9 24. marz

Lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

1. gr. Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíða fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Fé úr honum skal verja svo sem segir í lögum þessum, annaðhvort sem beinum styrkjum eða vaxtalausum lánum til skipakaupa. — **2. gr.** Enginn getur fengið styrk né lán samkvæmt lögum þessum, nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt og Fiskifélag Íslands hefur mælt með. Sama gildir um vél skipsins. Smíði skipanna fari fram undir eftirliti þeirra, er atvinnumálaráðuneytið ákveður. — **3. gr.** Atvinnumálaráðherra skipar 5 manna nefnd, er hefur á hendi úthlutun fjár úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skulu 4 þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn af hverjum flokki, en formaður án tilnefningar. — Nú óskar einhver styrks eða vaxtalauss láns til þess að láta smíða fiskiskip, og skal hann þá senda nefndinni umsókn um það. Umsókninni skal fylgja efnahagsreikningur umsækjanda og vottorð skattstjóra eða formanns skattanefndar um það, hver hafi verið aðalatvinna umsækjanda síðustu tvö ár. Enn fremur skal fylgja skýrsla um stærð skipsins, fyrirhugaða vélartegund og stærð og upplýsingar um umsamið eða áætlað kostnaðarverð. — **4. gr.** Þegar styrkur eða vaxtalaust lán eru veitt, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir útgerðarmenn, sjómenn, félög sjómanna og útgerðarmanna, er stundað hafa útgerð eða fiskveiðar sem aðalstarf, enn fremur bæjar- eða sveitarfélög, sem láta smíða skip til atvinnuaukningar í bænum eða hreppsfélaginu. Við ákvörðun um styrkveitingu eða lánveitingu skal taka tillit til efnahags umsækjanda. — **5. gr.** Upphæð styrks má ekki vera hærri en 75000 kr. á skip, og má styrkurinn ekki nema meira en 25% af byggingarkostnaði skipsins. — Lán verða aðeins veitt gegn 2. eða 3. veðrétti. Mega þau að viðbættum lánum með betri veðrétti ekki nema meira en 85% af byggingarkostnaði skips, þó aldrei hærri en 100 þús. kr. Lánið sé vaxtalaust til 10—15 ára og greiðist með jöfnum afborgunum. — Nú hafa verið veitt vaxtalaus lán, og skal innheimtu þeirra hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut, enda hafi fullrar hagsýni verið gætt í rekstrinum og fé ekki dregið út úr honum til annarra hluta. — **6. gr.** Sala á bát, sem styrk hefur hlotið eða vaxtalaust lán samkvæmt lögum þessum, er óheimil, nema atvinnumálaráðuneytið hafi ritað samþykki sitt á afsalið og jafnframt ákveðið, hvort styrkurinn eða lánið eða hluti þar af skuli endurgreiðast. — Sé verðmæti báta, þegar sala fer fram, jafnmikið eða meira en kostnaðarverðið, skal endurgreiða styrkinn að fullu. Að öðrum kosti skal endurgreiða mismuninn á verðmæti bátsins, miðað við verð þegar selt er, og þeirrar fjárhæðar, sem upphaflega var fyrir bátinn goldin af eiganda sjálfum. Sé verðmætið minna en upphaflega var fyrir bátinn goldið af eiganda að frádreginni styrkupphæð, skal eigi krefjast endurgreiðslu á styrknum. — Leita skal ráðherra tillagna Fiskifélags Íslands um þessa framkvæmd. — Nú óskar eigandi skips, er styrk eða lán hefur hlotið samkvæmt lögum þessum, að selja það, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag hafa forkaupsrétt að skipinu að öðru jöfnu. — Kvöð þessari skal þinglýsa. — **7. gr.** Nú er skipi, sem styrkur eða lán hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, eigi haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga, eða skipið hefur verið tekið til annarra afnota meira en 6 mánuði, og getur þá atvinnumálaráðherra krafizt endurgreiðslu að fullu á styrk eða láni að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og sveitarstjórnar þar, sem skipið er skrásett. — **8. gr.** Styrkur eða lán samkvæmt lögum þessum greiðist ekki fyrr en fiskibáturinn er fullbúinn og hefur verið skoðaður af skipaskoðunarmönnum eða umboðsmönnum atvinnumálaráðuneytisins. — **9. gr.** Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum og tekur við greiðslu afborgana. — Gerir Fiskveiðasjóður Íslands atvinnumálaráðherra árlega skil fyrir innheimtum afborgunum, og skal fé þetta greitt til baka í sjóðinn. — Störf þessi annast Fiskveiðasjóður án sérstakrar þóknunar svo og um útborgun styrkja eftir ákvörðun ráðherra. — **10. gr.** Þeir, sem njóta styrks eða lána samkvæmt lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður. — **11. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands. — **12. gr.** Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 10. gr. þess-

1944 Nr. 9 24. marz

ara laga ná einnig til þeirra styrkja, sem hér eftir verða veittir samkvæmt lögum nr. 34, 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

1945 Nr. 48 23. febr.

Lög um skipakaup ríkisins.

1. gr. [Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða fiskiskip, erlendis eða innanlands, með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félagasamtökum eða bæjar- og sveitarfélögum.][1] — **2. gr.** [Til framkvæmda samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 milljóna króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.][2]

1945 Nr. 109 31. des.

Lög um togarakaup ríkisins.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. — **2. gr.** Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

1948 Nr. 16 8. marz

Lög um smíði tveggja þilfara togara í tilraunaskyni.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða í tilraunaskyni einn tveggja þilfara dieseltogara með öllum nýtízku vélum og útbúnaði til fullkominnar hagnýtingar á fiski og vinnuafli, þannig að hirða megi allan afla, hverju nafni sem nefnist, og breyta honum jafnóðum í skipinu í sem verðmætasta vöru með sem minnstum framleiðslukostnaði. — Skal tæknilegur undirbúningur hafinn nú þegar og honum lokið fyrir árslok 1948. — **2. gr.** Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. þessara laga heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 4 milljóna króna lán fyrir hönd ríkissjóðs.

1950 Nr. 50 25. maí

Lög um togarakaup ríkisins.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að 10 togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. — [Einnig er ríkisstjórninni heimilt að kaupa einn togara innanlands og taka til þess nauðsynleg lán.][3] — Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 57125000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir. — **2. gr.** [Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 90% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess lán það, er um ræðir í 1. gr. laga þessara, og önnur lán, sem heimilað er að taka í því skyni. Lánin skulu kaupendur fá með eigi lakari kjörum en ríkissjóður fær þau. Þó skal heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í XVII. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1951, halda gildi sínu.][1] — [**3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 6.5 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja olíukyndingartæki í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 90% af kostnaðarverði eða matsverði skipanna með olíukyndingu.][2]

1950 Nr. 50 25. maí

Lög um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

1. gr. Til viðbótar þeirri lánsheimild, sem veitt er í 1. gr. laga nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins, er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 16 millj. króna lán eða jafnvirði þess í erlendum gjaldeyri, til þess tíma og með þeim kjörum, er um semst. Veðsetja má togarana með 2. veðrétti til tryggingar láninu.

1950 Nr. 88 27. okt.

Lög um síldarverksmiðjur ríkisins.

1. gr. Hver sá, er reisa vill eða stækka síldarverksmiðjur hér á landi, skal hafa til þess leyfi ríkisstjórnarinnar. — **2. gr.** Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar. — **3. gr.** Síldarverðsmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið. — **4. gr.**[a]) Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum, kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn. [Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.][3]) Stjórnin kýs sér sjálf formann. — Yfirstjórn verksmiðjanna er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefir hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmenn hafa þar fast aðsetur

1938 Nr. 1 5. jan.

1) L. nr. 54, 7. maí 1946, § 1. — 2) S. l., § 2. — 3) L. nr. 111, 27. des. 1951, § 1.

1) L. nr. 50, 16. marz 1951, § 1. — 2) L. nr. 111, 27. des. 1951, § 2. — 3) L. nr. 43, 19. maí 1938, § 1. — a) XVIII, 286.

1938 Nr. 1 5. jan.

þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda. — Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna. — Stjórn verksmiðjanna ræður framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum. Annast hann sölu afurðanna í samráði við stjórnina. — Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið. — Stjórn verksmiðjanna ákveður með erindisbréfi starfsvið framkvæmdarstjóra og laun. — **5. gr.** Endurskoðendur verksmiðjanna eru þrír, skipaðir af atvinnumálaráðherra, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til eins árs í senn. — **6. gr.** Verksmiðjustjórninni er óheimilt, án samþykktar Alþingis, að auka við verksmiðjurnar nýjum vélum eða mannvirkjum umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan og hagfelldan rekstur þeirra vinnslutækja, sem fyrir eru. — Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun. — **7. gr.** Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.[a]) — **8. gr.** Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi Alþingi lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna. — **9. gr.** Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning. — **10. gr.** Áður en starfræksla verksmiðjanna hefst, skal stjórn þeirra gera samninga við þá útgerðarmenn, er óska að fá verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, svo og um tölu veiðiskipa. Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verða reknar það ár. — Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar. — **11. gr.** Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir: 1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma. 2. Afborgun af stofnkostnaði síldarverksmiðjanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð. 3. Ekki minna en 2% fyrningargjöld af húsum og mannvirkjum og 5% af vélum og áhöldum. 4. 5% gjald í varasjóð. — Við afhendingu síldarinnar til vinnslu má greiða eigendum hennar allt að 85% af áætlunarverði síldarinnar nýrrar, ákveðnu samkvæmt þessu og með hliðsjón af 9. gr. Komi það í ljós, er allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, að andvirði afurðanna meira en hrökkvi fyrir útgjöldum þeim, sem talin eru upp í 1.—4. lið þessarar greinar, ásamt þeim hluta áætlunarverðsins, sem greiddur hefir verið til þeirra, sem lagt hafa inn síld til vinnslu, og fyrir tilsvarandi hluta af andvirði keyptrar síldar, skal því, er þá kann að vera eftir, skipt í réttu hlutfalli við síldarmagn milli þeirra, er lagt hafa inn síld til vinnslu, og verksmiðjanna sjálfra, er teljast eigendur þeirrar síldar, sem keypt hefir verið á fast verð við afhendingu. — **12. gr.** Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög panta fyrir 30. september ár hvert.[a]) — Hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélaga ákveður ríkisstjórnin ár hvert, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. september það af síldarmjöli, sem þau telja sig

a) XVIII, 286.

a) XVIII, 280 o. áfr.

1938 Nr. 1 5. jan.

þurfa og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar. — Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr. — **13. gr.** Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. júlí ár hvert. — Að þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirritaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu. — Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og ríkisreikningnum. — **14. gr.** Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. [Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni áður en útsvör eru ákveðin.][1]) — [Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.][2]) — Þær greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt. — **15. gr.** Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð. — **16. gr.** . . . — **17. gr.** . . .

1932 Nr. 66 23. júní

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa erlendum manni eða félagi að reisa og starfrækja síldarbræðsluverksmiðju á Austurlandi.

1. gr. Nú sækir erlendur maður eða félag um leyfi til þess að reisa og starfrækja síldarbræðslustöð á Austurlandi og sannar, að hann eða það hafi nægilegt fjármagn, og skal þá ríkisstjórninni vera heimilt, að fengnum meðmælum bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar á þeim stað, er umsækjandi óskar eftir aðsetri, að veita umsækjanda leyfi til þess að reisa þar síldarbræðsluverksmiðju og starfrækja hana í allt að 30 árum, og jafnframt leyfi til þess að eiga eða leigja nægilegt land handa fyrirtækinu, enda sé það tryggt, að eingöngu íslenzkt verkafólk, að undanteknum sérfræðingum, starfi í þjónustu fyrirtækisins.

1932 Nr. 66 23. júní

Lög um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa síldarverksmiðju einhversstaðar á svæðinu frá Hornbjargi að Langanesi, að fengnum tillögum síldarútgerðarmanna um staðinn (sbr. 2. gr.), enda geti sú verksmiðja brætt að minnsta kosti 2000 mál síldar á sólarhring. Nær heimildin til þess að reisa stöðina svo fljótt, að hún geti tekið til starfa eigi síðar en í byrjun síldarvertíðar 1935. — Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram 100 þús. kr. til kaupa á hlutum í h/f Síldarbræðslunni á Seyðisfirði. — **2. gr.** Ríkisstjórnin leitar nú þegar með auglýsingu eftir tillögum þeirra manna, er gert hafa út skip á herpinótaveiðar við Norðurland síðastliðið sumar, um það, hvar verksmiðjan skuli reist. Skal í auglýsingunni tiltekið, hvenær tillögurnar skuli síðast komnar. — **3. gr.** [Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, annaðhvort í krónum eða sterlingspundum, allt að 1 milljón króna eða 45000 sterlingspundum.][1]) — **4. gr.** . . .[2])

1934 Nr. 15 25. jan.

1935 Nr. 47 28. jan.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.

1. gr. Ríkisstjórninni heimilast að kaupa og starfrækja síldarverksmiðju þá, sem nú er á Raufarhöfn, ef hagkvæmir samningar nást um kaupin. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í þessu skyni. — **2. gr.** Stjórn síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði hefir á hendi stjórn síldarverksmiðjunnar á Raufarhöfn undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. — **3. gr.** Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar.

1) L. nr. 51, 27. júní 1941, § 1. — 2) L. nr. 48, 14. apríl 1943, § 1.

1) L. nr. 43, 28. jan. 1935, § 1. — 2) Sbr. l. nr. 1, 5. jan. 1938.

1938 Nr. 10 13. jan.

Lög um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er geti tekið til starfa á árinu 1938 eða 1939, vinni úr um 2400 málum síldar á sólarhring og verði útbúin tækjum til fljótvirkrar losunar og vinnslu. Skal byggingu verksmiðjunnar eftir föngum hagað þannig, að síðar verði auðvelt að koma við stækkun. — Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjunum á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2400 mál síldar á sólarhring. — [Ríkisstjórninni er heimilt að útvega síldarverksmiðjum ríkisins á Raufarhöfn lóðir eftir þörfum, og má í því skyni taka eignarnámi lóðir og leigurétt yfir lóðum, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, ásamt mannvirkjum á slíkum lóðum, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, ef eigi næst samkomulag um kaup á þessu. Skal um framkvæmd slíks eignarnáms fara eftir ákvæðum laga nr. 61, 14. nóvember 1917.][1] — **2. gr.** . . .[2] — **3. gr.** Um stofnun og starfrækslu hinnar nýju verksmiðju á Raufarhöfn fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

1940 Nr. 42 12. febr.

Lög um breyting á lögum nr. 10, 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring. — Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verksmiðjurnar með téðum lögum. — **2. gr.** . . .[2] — **3. gr.** Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins. — **4. gr.** Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að þriðjungi þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

1940 Nr. 42 12. febr.

Lög um heimild til lántöku fyrir síldarverksmiðjur ríkisins.

1. gr. Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í lögum nr. 10 13. jan. 1938 og lögum nr. 42 12. febr. 1940, heimilast stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka lán, að upphæð allt að þrjár milljónir og tvö hundruð þúsund krónur. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur téðra lána. — Gera skal mönnum kost á þátttöku í láni þessu í bönkum landsins og útibúum þeirra, svo og í sparisjóðum í öllum héruðum landsins.

1941 Nr. 131 19. des.

Lög um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

1. gr. Ríkið lætur reisa nýjar síldarverksmiðjur á þessum stöðum:

1.	Á Siglufirði	10	þúsund	mála	verksmiðju
2.	- Sauðárkróki	5	—	—	—
3.	- Raufarhöfn	5	—	—	—
4.	- Húsavík	9	—	—	—
5.	- Skagaströnd	5	—	—	—
6.	- Hólmavík	5	—	—	—

[7. á Norðausturlandi sunnan Langaness 5 þúsund mála verksmiðju. Undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar skal lokið á árinu 1947 og byggingarframkvæmdir hafnar 1948.][1] — Ennfremur lætur ríkið reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rannsóknir sýna, að það sé tímabært. — **2. gr.** [Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 43 millj. kr.][2] — **3. gr.** Um stofnun og rekstur verksmiðja þeirra, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir lögum nr. 1, 1. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

1942 Nr. 93 25. sept.

1) L. nr. 33, 12. júní 1939, § 1. — 2) L. nr. 131, 19. des. 1941, § 2.

1) L. nr. 79, 5. júní 1947, § 1. — 2) L. nr. 51, 17. maí 1947, § 1.

1950 Nr. 21 8. marz

Lög um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og starfrækja stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins. — **2. gr.** Til byggingarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán innanlands eða utan fyrir hönd ríkissjóðs, að fjárhæð allt að 4 milljónir króna. — **3. gr.** Um stofnun og rekstur vinnslustöðvar þeirrar, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir lögum nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

1946 Nr. 47 7. maí

Lög um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir. — Til þess að standast kostnað af byggingu verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 3 millj. kr. lán. — **2. gr.** Tilgangur verksmiðjunnar er að hafa forustu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra slíkra verksmiðja, sem reistar kunna að verða á landinu. — **3. gr.** [Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal annast byggingu verksmiðjunnar og allan rekstur hennar. — Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.][1])

1940 Nr. 60 7. maí

Lög um síldartunnur.

1. gr. Eigi má nota umbúðir um síld til söltunar nema ónotaðar, heilar og óskemmdar tunnur, er uppfylla eftirfarandi skilyrði eða önnur, er sett kunna að verða samkvæmt reglugerð. Heimilt er þó að nota undir síld tunnur, sem notaðar hafa verið áður hér á landi, enda séu slíkar tunnur taldar nothæfar af matsmönum. — Hver furuheiltunna skal rúma að minnsta kosti 118,5 lítra og í mesta lagi 121,5 lítra. — Hver furuhálftunna skal rúma að minnsta kosti 59,25 lítra og í mesta lagi 60,75 lítra. — Hver greniheiltunna skal rúma 120 lítra. — Hver grenihálftunna skal rúma 60 lítra. — Tunnurnar skulu vera þéttar og búnar til úr vel þurru efni. Stafurinn má ekki vera brenndur. Tré, sem ekki er lagarhelt, má ekki nota. Ekki má nota staf eða botnfjalir úr mismunandi viðartegundum í sömu tunnu. — **2. gr.** Hver sá, er stunda vill tunnusmíði sem atvinnu, skal sækja um löggildingu til þess til atvinnumálaráðherra, og skal hver tunna merkt versmiðjumerki, eftir nánari fyrirmælum ráðherra. — **3. gr.** Þeir, sem flytja inn tómar tunnur, sem ætlað er að nota undir síld, eða efni í síldartunnur, bera ábyrgð á, að tunnur þær eða efni í tunnur, er þeir flytja inn, uppfylli skilyrði þau, er sett eru í lögum þessum og reglugerð um síldartunnur, sem sett verður samkvæmt þeim. — Innfluttar tunnur skulu merktar með tilsvarandi merkjum og tunnur þær, er smíðaðar eru í landinu. — **4. gr.** Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um, hvernig haga skuli eftirliti með tunnum, sem fluttar eru inn í landið eða smíðaðar hér á landi, svo og um efni í tunnur og annað það, er þurfa þykir um framkvæmd laga þessara. — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara með sem almenn lögreglumál, og varða sektum frá 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

1940 Nr. 60 7. maí

Lög um frestun á framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um síldartunnur.

1943 Nr. 46 14. apríl

1. gr. Framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um síldartunnur, skal frestað þangað til lokið er styrjöld þeirri, er nú geisar, og eðlileg viðskipti geta aftur hafizt landa milli. — Ríkisstjórnin ákveður, hvenær lögin skuli koma til framkvæmda af nýju og birtir um það auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda.

Lög um síldarnætur.

1902 Nr. 28 25. sept.

1. gr. Þegar síldarnætur eru fluttar til Íslands frá öðrum ríkjum, skal skýra lögreglustjóra frá því. Þegar síldarnæturnar hafa verið notaðar við veiðar, má ekki flytja þær aftur frá landinu. — **2. gr.** Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða sektum frá 50 til 500 kr., sem renna í landssjóð. Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.

Lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

1949 Nr. 52 25. maí

1. gr. Ríkið rekur fiskvinnslustöð í Reykjavík, er nefnist fiskiðjuver ríkisins. — **2. gr.** Fiskiðjuver ríkisins skal frysta og sjóða niður fisk og síld og verka þessi hráefni á annan þann hátt, sem stjórn þess ákveður í hvert sinn og aðstæður leyfa. Það skal framleiða ís, og enn fremur heimilast því að hafa á hendi fisksölu til bæjarbúa í Reykjavík. — Það skal

1) L. nr. 60, 24. maí 1947, § 1.

1949
Nr. 52
25. maí

og hafa forgöngu um að reyna nýjar aðferðir við verkun á fiski, enda verði veitt fé í því skyni í fjárlögum hverju sinni, er slíkar tilraunir hafa í för með sér verulegan kostnað. Sérstaklega skal unnið að athugunum á því, hvort niðursuða í stórum stíl sé arðvænleg hér á landi. Við tilraunir þessar skal höfð samvinna við atvinnudeild háskólans og fiskmatsstjóra. — **3. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast lán allt að 1200000 króna, er tekið verður innanlands eða utan til þess að fullgera fiskiðjuverið. Enn fremur heimilast henni að ábyrgjast rekstrarlán, allt að 500000 kr., er tekið verður til þess að framleiða nýjar tegundir afurða, sem fiskiðjuverið reynir að afla markaða fyrir erlendis. — **4. gr.** Stjórn fiskimálasjóðs annast stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Fiskiðjuverið skal rekið sem sjálfseignarstofnun með sérstöku reikningshaldi, og skal fjárhagur þess vera algerlega aðskilinn frá fjárhag fiskimálasjóðs. Stjórn fiskimálasjóðs fær ekki sérstaka þóknun fyrir stjórn fiskiðjuvers ríkisins. Til að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift meiri hluta stjórnenda. — **5. gr.** Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. — **6. gr.** Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun hans að fengnu samþykki ráðherra. Áður en ráðizt er í meiri háttar framkvæmdir, skal jafnan leitað samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ýtarlega greinargerð og kostnaðaráætlun. — **7. gr.** Endurskoðendur skulu skipaðir af ráðherra. — **8. gr.** Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningsskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ráðherra afrit af efnahags- og rekstrarreikningum fiskiðjuversins, undirskrifað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur fiskiðjuversins á árinu. Reikningar skulu árlega birtir í B-deild stjórnartíðinda. — **9. gr.** Fiskiðujver ríkisins greiðir ekki útsvar né tekju- og eignarskatt. — **10. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, ef meiri hluti hennar samþykkir, að selja fiskiðjuver ríkisins félagi útvegsmanna, útgerðarfyrirtækja eða samtökum samvinnufélaga.

1949
Nr. 52
25. maí

Lög um olíugeyma o. fl.

1943
Nr. 110
30. des.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja hæfilega stóra olíugeymslustöð fyrir brennsluolíur á hentugum stað í landinu til aðalbirgðageymslu. — Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja tankskip af hæfilegri stærð til flutnings á brennsluolíum meðfram ströndum landsins. — Tæki þessi getur ríkisstjórnin leigt sambandi olíusamlaga, sem fullnægir skilyrðum 4. greinar, eða látið annast rekstur þeirra fyrir reikning ríkissjóðs. — Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni f. h. ríkissjóðs eða verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, allt að 5 milljónum króna. — **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að styrkja þau olíusamlög og félög útgerðarmanna, er fullnægja skilyrðum 4. gr., til þess að koma upp olíugeymum í verstöðvum landsins, þó ekki nema eitt félag í hverri verstöð. — **3. gr.** Aðstoð ríkisstjórnarinnar má veita með beinum styrk og með lánum. Hámark styrks skal vera ⅕ af byggingarkostnaði eða kaupverði. Lán mega vera allt að 50% af byggingarverðinu eða kaupverðinu, og skal það veitt úr fiskveiðasjóði Íslands, þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins. Fiskveiðasjóður veitir þessi lán gegn fyrsta veðrétti í olíugeymum ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Vextir skulu vera 4%. Umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra skal leitað um stærð og stað fyrir olíustöðvar, áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt. — **4. gr.** Skilyrði fyrir því, að olíusamlög eða félög útgerðarmanna verði aðnjótandi þeirra réttinda, sem þessi lög greina, er, að öllum útgerðarmönnum, útgerðarfélögum og öðrum félögum, sem eru verulegir notendur brennsluolíu, sé heimil þátttaka í þeim, að þau skipti arði af rekstri olíusölunnar í hlutfalli við viðskipti hvers félaga og að hver félagi hafi aðeins eitt atkvæði. — Skilyrði fyrir því, að samband olíusamlaga verði aðnjótandi réttinda þessara laga, er, að félögum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., sé heimil þátttaka og að sambandið sé í grundvallaratriðum rekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. — [Við álagningu skatta eða annarra opinberra gjalda á olíusamlög eða sam-

1943 Nr. 110 30. des.

band olíusamlaga, er stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skal gilda sama regla og um samvinnufélög.][1]) — **5. gr.** Hætti eitthvert félag að fullnægja skilyrðum 4. gr. eða ef félag starfrækir ekki olíustöð sína, þá er ráðherra heimilt að endurheimta veittan styrk og úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga. Olíugeymi, sem veittur hefur verið styrkur til eða lán samkvæmt lögum þessum, má ekki selja nema að fengnu leyfi ráðherra, og skulu þá félög á staðnum, þeirrar tegundar, sem nefnd eru í 2. gr., hafa forgangsrétt til kaupa, og að þeim frágengnum hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag. — **6. gr.** Ef þörf krefur, getur ríkisstjórnin tekið lóðir og lóðarréttindi eignarnámi til þess að reisa á olíugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt, eftir að hafa fengið umsögn Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra, að ákveða, að ríkisstjórnin taki leigunámi eða eignarnámi olíugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum eða félögum útgerðarmanna, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíum til landsmanna. — Eignarnámsheimild samkvæmt þessari grein fellur niður, sé hún eigi notuð innan eins árs frá gildistöku laganna. — **7. gr.** Atvinnumálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

c. Verzlun.

1925 Nr. 52 27. júní

Lög um verzlunaratvinnu.

1. gr. Verzlun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverzlunar, umboðsverzlunar (commission), lausaverzlunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup (agentur). — Undanskilin lögum þessum eru þó: 1. Lyfjaverzlun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfjum. 2. Sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða skuldalið hans, og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu.[a]) 3. Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans, nemenda eða sveina. 4. Vöruútvegun manna í félagi til eigin þarfa, enda sé varan aðeins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrirfram. 5. Sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum.[a]) — Um farandsala, sem ekki eru hér búsettir, fer samkvæmt gildandi lögum.[1]) — Nú verður ágreiningur um það, hvort leyfi þurfi, og má þá fyrirfram krefja dómstóla úrlausnar um hann með málsókn á hendur lögreglustjóra með þeim hætti, sem í 9. gr. segir. — **2. gr.** Enginn má reka verzlun á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögum þessum samkvæmt. — **3. gr.** Hver maður, karl eða kona, giftur sem ógiftur, getur fengið leyfi til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunar ekki verið af honum dæmdur, ef hann: 1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt, og hefir verið það síðasta árið. 2. Er fjárráður. 3. Hefir forræði á búi sínu og hefir haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verzlunarleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans. 4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni verzlunarleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, fyrr en hann hefir verið sýknaður með dómi. 5. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verzlun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, er hér að lýtur,[2]) eftir að hafa leitað álits verzlunarráðsins og sambands íslenzkra samvinnufélaga. — Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverzlana. 6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verzlun. — **4. gr.** Verzlunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum né sýslunar, né maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verzlunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.[a]) — **5. gr.** Nú vill félag eða stofnun reka hér verzlun, og skal þá svo með fara, sem hér segir: 1. Ef félag er, þar sem nokkrir félagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og félagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra,

1) L. nr. 8, 24. jan. 1945, § 1. — a) IX, 297, 295.

1) L. nr. 78, 22. nóv. 1907. — 2) Augl. 31. des. 1925 (sjá Stjtíðindi 1926 B, nr. 43, bls. 87—88). — a) XX, 429.

1925 Nr. 52 27. júní

er heimilt er að rita firmað, skal vera að minnsta kosti einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr. 2.a) Ef félag er, þar sem enginn félaga ber ábyrgð á skuldum félags, eða stofnun, þá skal aðili eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdarstjórar og að minnsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr., og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—4. og 6. tölul. 3. gr. Meðal þeirra, sem heimilt er að rita firmað, skal vera að minnsta kosti einn fulltrúi eða stjórnandi, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. Ef hlutafélag er, þá skal hlutafé enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félags, er brjóti í bág við íslenzk lög. — **6. gr.** Verzlunarleyfi er bundið við nafn. Þó er ekkju heimilt að halda áfram verzlun látins manns síns án nýs leyfis, enda þótt hún fullnægi ekki skilyrðum 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi öllum ákvæðum 3. gr. — Bú aðilja, er verzlunarleyfi hafði, getur selt vörubirgðir hans og gert aðrar þær ráðstafanir, er heppilegar þykja til þess, eftir sama verzlunarleyfi. — Erfingi, sem eldri er en 16 ára, má og þar til hann hefir náð lögaldri reka verzlun samkvæmt verzlunarleyfi arfleifanda, enda þótt hann fullnægi eigi skilyrðunum í 2. málsl. 4. tölul. og 5. tölul. 3. gr., en hafa skal hann forstöðumann fyrir verzluninni, er fullnægi öllum skilyrðum 3. gr. — **7. gr.** Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—3. tölul., fyrsta málsl. 4. tölul. og 6. tölul. 3. gr. segir, sbr. þó 6. gr., eða ef réttur til verzlunar er af honum dæmdur.[1]) — Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri félags eða stofnunar einhvers þess, sem áskilið er í 5. gr., félag eða stofnun missir íslenzks heimilsfangs eða helmingur hlutafjár eða meira verður eign manna búsettra erlendis, og skal aðili þá hafa komið þessu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breytingin varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á. — **8. gr.** Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi, sbr. þó 10. gr. — Halda skal lögreglustjóri skrá yfir öll afhent leyfi. Skal þar greina: Nafn leyfishafa, hverskonar verzlun leyfið hljóðar um, hvar verzla megi samkvæmt því, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og það annað, er ráðherra kann að ákveða. — Eftirrit af því, er ár hvert hefir verið ritað í skrána, skal senda atvinnumálaráðuneytinu um áramót hver, og heldur það skrá yfir alla þá, er verzlunarleyfi hafa á landinu. — **9. gr.** Nú synjar lögreglustjóri um verzlunarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst verzlunarheimild sína, og er honum þá rétt að bera úrskurð lögreglustjóra undir ráðherra innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar. En allt að einu er aðilja rétt að leita úrlausnar dómsvaldsins, og stefnir hann þá lögreglustjóra fyrir gestarétt á varnarþingi hans áður en sex mánuðir séu liðnir frá dagsetning úrskurðar lögreglustjóra, ef málið hefir ekki verið borið undir ráðherra, en ella sex mánuðum frá dagsetning úrskurðar hans. Skyldur er aðili að hlýða úrskurði lögreglustjóra eða ráðherra, þar til honum er hrundið með dómi. — **10. gr.** Í verzlunarleyfi skal greina, hverskonar verzlun (stórsala, smásala, sveitaverzlun o. s. frv.) leyfð er. Leyfi til verzlunar einnar tegundar felur ekki í sér heimild til að að reka annarskonar verzlun; þó má sá, er leyfi hefir fengið til stórsölu, einnig reka umboðsverzlun og tilboðasöfnun eftir sama leyfisbréfi. — Verzlunarleyfi veitir einungis heimild til verzlunar í ákveðnum kaupstað eða löggiltum verzlunarstað, eða í ákveðinni sveit, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar greinar og 11. gr. [Leyfi til þess að reka útibú frá aðalverzlun má veita með sömu skilyrðum og almenn verzlunarleyfi, þótt eigi sé það stofnsett í löggiltum verzlunarstað.][1]) — Veita má sama aðilja leyfi til verzlunar á fleirum stöðum en einum í senn, svo og leyfi til fleiri tegunda verzlunar í senn. Stórsalar, umboðssalar og tilboðasafnarar geta þó ekki fengið leyfi til annarskonar verzlunar í sama kaupstað eða kauptúni eða í sömu sveit en einhverrar eða allra þriggja þessara verzlunartegunda, nema þeir hafi þar opna sölubúð. — Rétt er þeim, er hafa leyfi til stórsölu, umboðssölu eða tilboðasöfnunar, að safna tilboðum í vörur sínar hvar á landi sem er og í íslenzkri landhelgi. — **11. gr.** Leyfi til

1) Sbr. l. nr. 62, 11. júní 1938, § 19, l. nr. 63, 31. des. 1937, §§ 36—37, l. nr. 25, 14. júní 1929, § 8, l. nr. 62, 30. des. 1939, § 17 og l. nr. 19, 12. febr. 1940, § 68. — a) XVIII, 58.

1) L. nr. 11, 13. febr. 1943.

1925 Nr. 52 27. júní

sveitaverzlunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppilegt, að verzlun sé í þeirri sveit, enda sé umsækjandi þar heimilisfastur og að hennar dómi hæfur til að reka verzlunina. — **12. gr.** Leyfi til lausaverzlunar veitir lögreglustjóri þar, sem leyfisbeiðandi er heimilisfastur, eða þar, sem hann hyggst að byrja verzlun sína. — Leyfið veitir heimild til að verzla hvar við land sem er, ef það hljóðar um verzlun á skipi, og til að verzla hvar á landi sem er, ef það hljóðar um verzlun á landi, og jafnan veitir leyfið heimild til verzlunar til næsta nýárs eftir dagsetningu þess. Taka skal fram í leyfi, hvort það heimilar verzlun á landi eða á skipi. Takmarka má og þær vörur, sem heimilt sé að selja. — **13. gr.**[1]) Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

Leyfi til stórsölu ..... kr. 1000,00
Leyfi til lausaverzlunar ..... — 250,00
Leyfi til annarrar verzlunar .... — 200,00

— Ef smásali hefir fleiri opnar sölubúðir en eina í sama kaupstað eða kauptúni, skal hann greiða hið síðasttalda gjald af hverri sölubúð. — **14. gr.** Sektum varðar til ríkissjóðs, frá 100—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum, ef maður: — 1. Rekur verzlun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum, án þess að hafa fengið leyfi eða eftir að hann hefir misst það. — 2. Byrjar verzlun án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki skilyrðum fyrir að halda byrjaðri verzlun áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir. — Auk sekta skal dæma sökunaut til þess að greiða í ríkissjóð gjöld þau fyrir leyfi, er honum bar að greiða, en hann hefir ekki goldið. — Mál út af brotum gegn fyrimælum greinar þessarar sæta meðferð almennra lögreglumála. — **15. gr.** Skylt er hverjum þeim, sem rekur einhverja þá atvinnu, er í lögum þessum greinir, að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður komst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða upplýsingar hans.

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43.

Lög um farandsala og umboðssala. **1907** Nr. 78 22. nóv.

1. gr. Farandsalar og umboðssalar, sem ekki hafa fast aðsetur hér á landi, og bjóða til kaups útlendan varning, eða gefa kost á að útvega eða gera um kaup á vörum, er síðar koma frá útlöndum, skulu leysa leyfisbréf áður en þeir hefja atvinnurekstur hér á landi. Leyfisbréfið gefur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem farandsalinn kemur fyrst við land, eða byrjar atvinnurekstur sinn. Gildir það fyrir 1 ár, reiknað frá dagsetningardegi. — **2. gr.** Í leyfisbréfinu skal tekið fram, hvort leyfishafi reki atvinnu fyrir sjálfan sig eða í umboði annarra, og þá fyrir hvert eða hver nafngreind firmu eða verksmiðju. Skal leyfishafi, áður en leyfisbréfið er afhent honum, lýsa skriflega yfir því, að viðlögðum drengskap, að hann reki eigi umboðsstörf fyrir aðra eða fleiri en þá, er tilgreindir eru. — **3. gr.**[1]) Fyrir leyfisbréfið skal leyfishafi greiða 200 króna gjald, hafi hann aðeins umboð eða vörur til framboðs frá einu firma eða verksmiðju. En hafi hann vöruframboð fyrir fleiri, greiði hann 50 króna viðbótargjald fyrir hvern; þannig, að sá, sem hefir umboð fyrir 2, greiði 250 kr., fyrir 3, 300 krónur o. s. frv. Leyfisbréfsgjaldið greiðist til lögreglustjóra fyrir fram, og rennur í landssjóð. — **4. gr.** Hafa skulu lögreglustjórar eftirlit með leyfisbréfum farandsala, sérstaklega að því er snertir nöfn og tölu þeirra firma og verksmiðja, er þeir reka störf fyrir. Sýna skal farandsali leyfisbréf sitt hlutaðeigandi lögreglustjóra, áður en hann byrjar atvinnurekstur í því lögsagnarumdæmi. Ritar lögreglustjóri ókeypis vottorð á bréfið um, að honum hafi það sýnt verið. — **5. gr.** Leyfisbréf farandsala skulu bundin við nafn. Að öðru leyti skipar ráðherra fyrir um fyrirkomulag þeirra og efni. — **6. gr.** Umboðssalar, eða farandsalar, er hafa fast aðsetur hér á landi, og greiða hér lögboðin gjöld, skulu leysa borgarabréf, sem innlendir kaupmenn, sbr. lög nr. 28, 7. nóv. 1879[2]) eða lög, er síðar kunna að verða sett um það efni. — **7. gr.** Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál, og sæta þau sektum frá 10 til 500 krónum. — Sé brotið fólgið í því, að farandsali eða umboðssali hafi eigi leyst leyfisbréf samkvæmt lögum þessum, skal hann auk sektanna greiða

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — 2) Sbr. nú l. nr. 52, 27. júní 1925.

gjald það, er honum bar að greiða. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landssjóð.

1836 28. des. **Opið bréf, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir, með tilliti til tilskipananna um þá íslenzku kauphöndlun og skipaferðir.**

1) Sá mismunur, sem hingað til hefir verið milli kaupstaða og autoriseraðra útliggjarastaða á Íslandi, skal framvegis aftekinn vera, þó skal Reykjavík í suðuramtinu, er samkvæmt tilskipuninni af 17. nóvbr. 1786, § 18, hefir hlotið sérlega lögtign, framvegis nefnast kaupstaður. Aðrir hingað til svokallaðir kaupstaðir, nefnilega Eskifjörður og Eyjafjörður[1]) í austur- og norðuramtinu, svo og Grunnafjörður[2]) í vesturamtinu, ásamt með þeim autoriseruðu útliggjarastöðum, nefnilega Hafnarfirði,[3]) Keflavík,[4]) Eyrarbakka og Vestmannaeyjum[5]) í suðuramtinu, Berufirði, Vopnafirði, Húsavík,[6]) Hofsós, Skagaströnd, Siglufirði,[7]) og Raufarhöfn í norður- og austuramtinu, svo og Reykjarfirði, Ísafirði,[8]) Dýrafirði, Bíldudal, Patreksfirði, Flatey, Stykkishólmi, Ólafsvík, Önundarfirði og Búðum í vesturamtinu, skulu framvegis nefnast „autoriseraðir höndlunarstaðir“ . . .

1887 Nr. 30 2. des. **Lög um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði.**

1897 Nr. 33 18. des. **Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði.**

1912 Nr. 18 28. okt. **Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.**

1842 14. des. **Opið bréf, viðvíkjandi fullgilding Seyðisfjarðar[9]) í Íslands norður- og austuramti, svo og Portlands eður Dyrhóla í Íslands suðuramti, til að vera kaupskaparpláz.**

1846 23. des. **Opið bréf um skipun tveggja kauptúnastæða á Íslandi, við Þórshöfn í norðaustur-amtinu og á Borðeyri við Hrútafjörð í vestur-amtinu.**

1863 19. jan. **Opið bréf um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi.**

(Papafjarðarós í Skaftafellssýslu, Straumfjörður í Mýrasýslu[1]) og Skeljavík í Strandasýslu). **1863** 25. maí

Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.[2]) **1867** 22. marz

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Blönduós í Húnavatnssýslu. **1875** Nr. 21 15. okt.

Lög um löggildingu verzlunarstaðar í Þorlákshöfn í Árnessýslu. **1877** Nr. 13 24. ágúst

Lög um verzlun á Geirseyri við Patreksfjörð. **1877** Nr. 14 24. ágúst

(Leyft að reka verzlun á Geirseyri, þannig, að Geirseyri og hinn eldri verzlunarstaður Vatneyri, séu að álíta sem einn verzlunarstaður).

Lög um löggiltan verzlunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi. **1879** Nr. 14 15. sept.

Lög um kauptún við Kópaskersvog í Norður-Þingeyjarsýslu. **1879** Nr. 26 24. okt.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hornafjarðarós[3]) í Austur-Skaftafellssýslu. **1879** Nr. 27 24. okt.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hesteyri við Hesteyrarfjörð innan Ísafjarðarsýslu. **1881** Nr. 17 4. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Kolbeinsárós í Skagafirði. **1881** Nr. 18 4. nóv.

Lög um löggilding nýrra verzlunarstaða. **1883** Nr. 30 8. nóv.

(a. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu;[4]) b. Búðardalur við Hvammsfjörð í Dalasýslu;[5]) c. Skarðsstöðin við Gilsfjörð í sömu sýslu; d. Við Bakkafjörð á Langanesströndum í Norður-Múlasýslu; e. Við Lagarfljótsós í sömu sýslu; f. Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suður-Múlasýslu; g. Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu; h. Við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu; i. Stokkseyri í Árnessýslu og k. í Grímsey[6]) í Eyjafjarðarsýslu.

1) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 22, 8. okt. 1883. — 2) Á að vera Grundarfjörður. — 3) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 75, 22. nóv. 1907. — 4) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 17, 22. marz 1949. — 5) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 26, 22. nóv. 1918. — 6) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 109, 30. des. 1949. — 7) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 30, 22. nóv. 1918. — 8) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 23, 8. okt. 1883. — 9) Nú kaupstaður, sbr. l. nr. 15, 8. maí 1894.

1) Stjr. br. nr. 2, 22. febr. 1939. — 2) Stjr. br. nr. 2, 24. jan. 1941. — 3) Stjr. br. nr. 12, 21. apr. 1922 og stjr. br. nr. 32, 28. maí 1937. — 4) Strj. br. nr. 114, 10. júlí 1939. — 5) Sbr. augl. nr. 112, 26. júlí 1897. — 6) Stjr. br. nr. 2, 29. febr. 1940.

1887 Nr. 29 2. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaftafellssýslu.**[1])

1890 Nr. 3 3. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.**

1890 Nr. 4 3. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði.**

1890 Nr. 5 3. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu.**

1890 Nr. 6 3. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð.**

1905 Nr. 39 20. okt. **Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð.**

1890 Nr. 7 3. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Héraðsflóa.**

1892 Nr. 4 15. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar.** (Við Ingólfshöfða (Kárahöfn) í Austur-Skaftafellssýslu).

1892 Nr. 5 15. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði.**[2])

1893 Nr. 39 24. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði.**

1893 Nr. 41 24. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði.**

1893 Nr. 42 24. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (í Gullbringusýslu).**

1894 Nr. 14 13. apríl **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (við Eyjafjörð).**

1895 Nr. 7 15. febr. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Hrafneyri við Hvalfjörð.**

1895 Nr. 8 15. febr. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi.**

1895 Nr. 9 15. febr. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði.**

1895 Nr. 10 15. febr. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð.**

1) Stjr. br. nr. 8, 25. febr. 1938. — 2) Stjr. br. nr. 34, 11. júní 1937.

1895 Nr. 39 13. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar [á Bakka og Bakkagerði]**[1]) **í Borgarfirði (í Norður-Múlasýslu).**

1895 Nr. 40 13. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga**[2]) **(austanvert við Miðfjörð í Húnavatnssýslu).**

1895 Nr. 41 13. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.**

1895 Nr. 42 13. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu.**

1897 Nr. 35 18. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Grafarnesi við Grundarfjörð.**

1897 Nr. 36 18. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu.**

1897 Nr. 37 18. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum.**

1897 Nr. 38 18. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð.**

1897 Nr. 39 18. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu.**

1899 Nr. 36 5. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Ísafjarðarsýslu.**[3])

1899 Nr. 37 5. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Strandasýslu.**

1901 Nr. 45 8. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.**

1901 Nr. 46 8. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Sandgerðisvík í Gullbringusýslu.**[4])

1902 Nr. 41 6. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Flatey á Skjálfanda.**[5])

1902 Nr. 42 6. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Járngerðarstaðavík í Grindavík.**

1902 Nr. 43 6. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa.**

1) L. nr. 50, 26. okt. 1917; stjrbr. nr. 77, 6. júlí 1912. — 2) Stjrbr. nr. 146, 5. des. 1930. — 3) Stjrbr. nr. 39, 7. maí 1920. — 4) Stjrbr. nr. 6, 16. febr. 1935 og nr. 1, 16. jan. 1939. — 5) Stjrbr. nr. 75, 1935.

1903 Nr. 54 26. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu.**

1903 Nr. 55 27. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu.**

1903 Nr. 56 27. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.**

1922 Nr. 19 19. júní **Lög um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.**

1903 Nr. 57 27. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð.**

1903 Nr. 58 27. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu.**

1903 Nr. 59 27. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu.**

1903 Nr. 60 27. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu.**

1905 Nr. 35 20. okt. **Lög um löggilding verzlunarstaða**
(að Gerðum í Garði í Gullbringusýslu, við Maríuhöfn í Kjósarsýslu, að Syðra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu,[1]) við Lambhúsvík á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, . . .[2]) og við Holtsós undir Eyjafjöllum).

1907 Nr. 27 16. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð.[3])**

1907 Nr. 65 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.[4])**

1907 Nr. 66 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu.**

1907 Nr. 67 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.**

1907 Nr. 68 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu.**

1907 Nr. 69 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.**

1) Stjr.br. nr. 33, 8. júní 1932. — 2) L. nr. 60, 31. okt. 1944. — 3) Stjr.br. nr. 74, 16. maí 1911. — 4) Stjr.br. nr. 3, 26. maí 1931.

1935 Nr. 101 3. maí **Lög um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.**

1907 Nr. 70 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi.[1])**

1907 Nr. 71 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Eysteinseyri við Tálknafjörð.**

1909 Nr. 47 30. júlí **Lög um löggilding verzlunarstaða**
(við Skaftárós í Vestur-Skaftafellssýslu, við Kúðaós í sömu sýslu, við Klettsvík í Neshreppi innan Ennis,[2]) á Skarfstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu og á Hjallanesi í Staðarfellslandi í sömu sýslu).

1909 Nr. 48 30. júlí **Lög um löggilding Dalvíkur.[3])**

1911 Nr. 48 11. júlí **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Hvalsneskrókur í Austur-Skaftafellssýslu, Herdísarvík í Árnessýslu, Kvíabryggja undir Stöð á Snæfellsnesi, Gunnarsstaðaey í Hvammsfirði í Dalasýslu, Hjálmarsvík í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu og Hámundarstaðir við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu).

1912 Nr. 17 22. okt. **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Gjögur við Reykjarfjörð í Strandasýslu og Skálavík á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu).

1913 Nr. 39 20. okt. **Lög um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.[4])**

1914 Nr. 42 2. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu.**

1915 Nr. 69 3. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Höfn í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.[5])**

1918 Nr. 28 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu.**

1919 Nr. 46 28. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.[6])**

1919 Nr. 49 28. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Gunnlaugsvík (sunnan megin Hvammsfjarðar).**

1) Stjr.br. nr. 71, 2. maí 1911. — 2) Stjr.br. nr. 98, 15. sept. 1915. — 3) Stjr.br. nr. 75, 18. júní 1912 og nr. 72, 27. maí 1943. — 4) Stjr. br. nr. 111, 10. júlí 1939. — 5) Stjr. br. nr. 9, 30. apr. 1938. — 6) Stjr. br. nr. 151, 9. sept. 1939.

1919 Nr. 54 28. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Mýramel (í Dýrafirði).**

1920 Nr. 20 18. maí **Lög um löggilding verzlunarstaða í Valþjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð.**[1])

1921 Nr. 18 27. júní **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð.**[2])

1922 Nr. 16 19. júní **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð.**

1924 Nr. 9 4. júní **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa.**

1924 Nr. 14 4. júní **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Málmeyjarsund innan við Votaberg.**

1924 Nr. 20 4. júní **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Fúluvík í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu.**

1925 Nr. 23 27. júní **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hellnum í Breiðuvíkurhreppi.**

1926 Nr. 8 15. júní **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Við Jarðfallsvík í Málmey í Skagafjarðarsýslu, á Melstað í Selárdal í Barðastrandarsýslu og í Leirhöfn á Sléttu í Þingeyjarsýslu).

1927 Nr. 19 31. maí **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Á Litla-Árskógssandi í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu og Drangsnesi við Steingrímsfjörð í Strandasýslu).

1928 Nr. 18 7. maí **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Í Bervík í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu).

1929 Nr. 8 14. júní **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu og í Sigurðarstaðavík á Melrakkasléttu).

1930 Nr. 20 19. maí **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Á Eyrum við Seyðisfjörð (Hánefsstaðaeyrum og Þórarinsstaðaeyrum) og í Gunnólfsvík við Finnafjörð, hvorttveggja í Norður-Múlasýslu).

1930 Nr. 33 19. maí **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.**

1) Stjr. br. nr. 112, 10. júlí 1939. — 2) Stjr. br. nr. 110, 10. júlí 1939.

1931 Nr. 25 8. sept. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.**[1])

1931 Nr. 51 8. sept. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð.**

1935 Nr. 44 28. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð og Höfnum í Finnafirði).

1935 Nr. 46 28. jan. **Lög um löggildnig verzlunarstaðar á Hvalskeri við Patreksfjörð.**[2])

1935 Nr. 87 3. maí **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.**

1935 Nr. 96 3. maí **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn.**

1936 Nr. 64 23. júní **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði.**[3])

1936 Nr. 76 23. júní **Lög um löggilding verzlunarstaða.**
(Við Núpsbót í Dýrafirði og í Selárdal í Arnarfirði).

1937 Nr. 23 13. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.**[4])

1938 Nr. 14 13. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.**[5])

1940 Nr. 86 14. maí **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Auðkúlubót í Auðkúluhreppi í Arnarfirði.**

1953 Nr. 14 10. febr. **Lög um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.**

1905 Nr. 61 10. nóv. **Lög um ákvörðun verzlunarlóða.**

1. gr. Stjórnaráði Íslands veitist heimild til að ákveða eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda takmörk verzlunarlóðar í löggiltum verzlunarstöðum, svo og til að breyta takmörkum verzlunarlóðar þar, nema ákvæðin hafi verið með lögum. — **2. gr.** Af verzlunarlóðunum skal gera uppdrátt og senda stjórnarráðinu eitt eintak af honum, en annað skal leggja við skjöl hreppsins; ber hreppsnefnd að láta setja og halda við glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar. Kostnaður við þetta hvorttveggja greiðist úr

1) Stjr. br. nr. 7, 25. febr. 1938. — 2) Stjr. br. nr. 109, 10. júlí 1939. — 3) Stjr. br. nr. 40, 6. júní 1939. — 4) Stjr. br. nr. 113, 10. júlí 1939. — 5) Stjr. br. nr. 64, 11. maí 1940.

sveitarsjóði. Ákvæðin um takmörk verzlunarlóðar skulu birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

1854 15. apríl

Lög um siglingar og verzlun á Íslandi.

1. gr. Eftirleiðis skal öllum innanríkiskaupmönnum vera heimilt að taka utanríkisskip á leigu og hafa til verzlunar sinnar á Íslandi, þó skulu þeir gæta þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — **2. gr.** Utanríkisskipum skal einnig leyft vera að hleypa inn á þessar hafnir á Íslandi: Reykjavík, Vestmannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð, þó ekki hafi þegnar Danakonungs leigt þau.[1]) Þó eiga skipstjórar, undir eins og þeir koma, að gefa lögreglustjóranum það til vitundar, og séu þeir ekki útbúnir með tilhlýðileg heilbrigðisskírteini, verða þeir að láta rannsaka heilsufar skipverja, og í öllu hegða sér eftir því, sem yfirvaldið segir fyrir.[2]) En ekki mega þeir selja neitt af farminum né kaupa aðrar vörur en þær, sem skipverjar þurfa sjálfir til nauðsynja sinna eða skips síns, fyrri en þeir hafa fullnægt skilmálum þeim, sem settir eru til að geta verzlað,[3]) . . .[4]) og skal yfirvaldið hafa vandlega gætur á þessu. — **3. gr.** Svo skal einnig utanríkismönnum leyft vera héðan í frá að sigla upp öll löggilt kauptún á Íslandi og verzla þar. . . .[5]) Einnig mega utanríkismenn eins og innanríkismenn flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og eins fara kaupferðir milli Íslands og annarra landa Danaveldis, þó má ekki hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vöruflutninga, hvorki hafna á milli á Íslandi, né milli Íslands og hinna hluta ríkisins.[6]) . . .[7]) — **8. gr.** . . .[8]) — **9. gr.** Öll afbrigði gegn reglum þeim, sem framan eru taldar, nema stórglæpir sé, svo sem svik og falsan, varða 10 til 100 rd. sektum til fátækrasjóðs á þeim stað, en séu þau ítrekuð, þá tvöfalt meira, og má ganga svo eftir sektunum, að leggja löghald á skip og farm, og selja á uppboðsþingi svo mikið af farminum, sem þarf í sektargjald og málskostnað. — **10. gr.** Að öðru leyti eru þeir utanríkismenn, sem sigla til Íslands, skyldir að hegða sér eftir lögum þeim, sem þar gilda, einkum að því er verzlun snertir. . . . Sérhver lögreglustjóri á Íslandi skal sjá um, að utanríkismenn gæti þeirra lagaboða, sem þá snerta.

1) L. nr. 52, 27. júní 1925. — 2) L. nr. 34, 12. apríl 1954. — 3) Sbr. l. nr. 52, 27. júní 1925. — 4) Sbr. l. nr. 28, 7. nóv. 1879, § 1. — 5) Sbr. l. nr. 28, 7. nóv. 1879, § 4. — 6) Sbr. l. 17. apríl 1868. — 7) L. nr. 52, 27. júní 1925, § 12. — 8) L. nr. 63, 31. des. 1937.

1909 Nr. 45 30. júlí

Lög um námsskeið verzlunarmanna.

1. gr. Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verzlanir eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið, er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis. — **2. gr.** Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára. — **3. gr.** Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.), en 5 ár. — **4. gr.** Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemanda einnig séð fyrir ókeypis kennslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms. — **5. gr.** Fyrstu 2 mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum. — **6. gr.** Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum allt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, má reka hann burt frá náminu. — **7. gr.** Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Nema brýna nauðsyn beri til, má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna. — **8. gr.** Á sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgða-

1909 Nr. 45 30. júlí

könnun á sér stað. Nemandi skal fá 10 daga sumarfrí. — **9. gr.** Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarrar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðal annars skal hann gæta þess, að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skírteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað. — **10. gr.** Nú sýkist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar, og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist, og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðilja.[1]) — **11. gr.** Námssamningur verður ógildur: 1. Þá er verzlun hættir eða eigandi hennar verður gjaldþrota. 2. Þá er verzlunarstjóri deyr, ef nemandi óskar þess, að samningi sé slitið (með samþykki fjárráðamanns, ef svo á stendur). — **12. gr.** Rísi ágreiningur milli samningsaðilja út af námssamningi, skal það mál útkljá af gerðardómi. Gerðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gerðardómsins er bæjarfógeti. Neiti annar málsaðili að útnefna menn í gerðardóminn, skal hinum aðiljanum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá, sem beiðist gerðar, skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns, og kveður hann málsaðilja, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gerðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu, og ræður afl atkvæða; þó má veita aðiljum frest, allt að 8 dögum, í eitt skipti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málsaðiljar eru algerlega bundnir við úrskurð gerðardómsins. Mæti einhver gerðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gerðarmönnum, sem mættir eru. — Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur. — **13. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 200 krónum, og mál út af þeim skal farið með sem almenn lögreglumál.

1) Sbr. l. nr. 80, 5. júní 1947, § 12.

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða. **1936** Nr. 17 1. febr.

1. gr. Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða. — **2. gr.** Í samþykktum þessum má kveða á um það, að kaup og sala megi eigi fara fram í sölubúðum kaupmanna tiltekinn tíma á sólarhring hverjum eða tiltekna daga, eftir því sem til hagar á hverjum stað, svo og að kaupmenn skuli skyldir að loka sölubúðum sínum á tilteknum tíma. — Setja má og í samþykkt samskonar ákvæði um kaup og sölu utan sölubúða, er fram fer á götum eða torgum á varningi, sem eigi má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. — Í samþykkt má ennfremur ákveða, að veita megi sérverzlunum undanþágu að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn, og renna skal í bæjarsjóð. — Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur. — Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra. — **3. gr.** Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd gert samþykkt samkvæmt 1. gr., og skal hún þá senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar. — Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina og ákveður, hvenær hún skuli koma til framkvæmdar. — Samþykkt heldur gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður, en endurnýja má hana, á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma. —

1936 Nr. 17 1. febr.

Samþykktir samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna. — Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot.[a]) Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð. — Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1938 Nr. 62 11. júní

Lög um bókhald.

1. gr. Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.[b]) — **2. gr.** 1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.[c]) 2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög. 3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög. 4. Umboðssalar, farandsalar, matgisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur. 5. Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með talið lýsis- og síldarbræðslur, þvotta- og baðhús, rjómabú, íshús, vatns- og rafmagnsveitur. 6. Þeir, sem reka útgerð til fiskveiða, mann- og vöruflutninga og fiskverkun. 7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra. 8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga. 9. Þeir, sem reka kvikmyndahús, leikhús, hringleikhús (cirkus) og fjölleikhús (varieté). 10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málflutningsmannsstörfum. 11. Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðingastörfum. 12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé. 13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir. — Læknum, tannlæknum og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók. — **3. gr.** Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir: 1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu. 2. Handiðnaðarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri. 3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor, eða 1 bát allt að 20 smálesta. 4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri. 5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga. 6. Þeir byggingarmeistarar, málflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu. — **4. gr.** Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. 2. gr., 1.—13. tölul., sbr. 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.[a]) — Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra. — **5. gr.**[a]) **Frumbækur.** Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar. — Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 kr. — **6. gr.**[a]) **Sjóðbók.** Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Ennfremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í

a) I, 452; b) XIV, 214, 211; c) (IX, 295), XIV, 214, 211, XVIII, 305, XXII, 463.

a) XVIII, 305, XXII, 463.

sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð. — Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi fræðslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.) — Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett. — Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur. — **7. gr.**[a]) **Viðskiptamannabók.** Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkvæmt frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti. — Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.). — Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptamannareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum. — **8. gr.**[a]) Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn: 1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum, reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.). 2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað. 3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning). 4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum. 5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn. 6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum. — Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.). — **9. gr.** Þeim fyrirtækjum, sem hafa vélabókhald, er heimilt að færa bækur þær, er um ræðir í 6.—8. gr., sem lausblaðabækur. En þá skal jafnframt færa í sérstaka bók, ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, reikningsjöfnuði aðalbókar og viðskiptamannajöfnuði. Bók þessi má ekki vera lausblaðabók, en skal vera löggilt, og má þá jafnframt nota hana sem efnahagsbók. — **10. gr.** Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.[a]) — Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 3 mánuðum eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 4 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 5 mánuðum eftir lok reikningsárs. — Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar. — **11. gr.**[b]) Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins. — Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Þó ber yfirleitt að tilfæra fasteignir, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn, með kostnaðarverði, að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Sé frá þessu vikið, skulu reikningarnir bera það greinilega með sér. — Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi. — **12. gr.**[b]) Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra. — **13. gr.**[b]) Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með

a) XVIII, 305, XXII, 463.

1938 Nr. 62 11. júní

a) IV, 442, XVIII, 305, XXII, 463. — b) XVIII, 305, XXII, 463.

1938 Nr. 62 11. júní

lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annarri innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli línu eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar. — Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum. — **14. gr.**[a]) Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum. — **15. gr.** Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send. — **16. gr.** Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumlíks, og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt. — Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur. — Nú eru báðir málsaðiljar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi. — **17. gr.** Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hlíti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag. — **18. gr.** Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.[a]) — **19. gr.** Brot gegn 4. gr. og 6.—10. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.[b]) — **20. gr.** Brot gegn 1. og 12.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr.[b]) Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi,[1]) eða betrunarhúsvinnu,[1]) allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. — **21. gr.** Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

a) XXII, 463.

1938 Nr. 62 11. júní

Lög um löggilta endurskoðendur. 1953 Nr. 89 29. des.

1. gr. Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni, sem: 1. er svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt þeim starfa; 2. er 25 ára gamall; 3. er íslenzkur ríkisborgari; 4. er búsettur hér á landi; 5. er lögráða og hefur forræði fjár síns; 6. hefur óflekkað mannorð; 7. hefur lokið prófraun, sem mælt er í 2. gr. — **2. gr.** Sá, sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar samkvæmt 1. gr., skal ganga undir próf fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar. Skal prófraunin við það

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) X, 149, XIV, 214, 211, XVIII, 305, XXII, 463. — b) XVIII, 305, XXII, 463.

1953 Nr. 89 29. des.

miðuð, að í ljós sé leitt, að prófmaður hafi öðlazt þá þekkingu og reynslu, að hann sé starfanum vaxinn. — Engum er heimilt að ganga undir próf samkvæmt 1. mgr., nema hann hafi unnið þrjú ár samtals að endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda. Nú hefur prófmaður unnið þrjú ár að endurskoðun án handleiðslu löggilts endurskoðanda eða störf, sem jafna má til endurskoðunar, og getur ráðherra þá að fengnum tillögum prófnefndar veitt undanþágu frá ákvæði 1. málsliðs þessarar greinar. — Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum prófnefndar að veita undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá prófraun samkvæmt 1. mgr. manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis. — Nú hefur prófmaður lokið prófi í Háskóla Íslands í fræðigrein, og er hann þá undanþeginn prófi, að því er hana varðar. Ráðherra getur að fenginni umsögn prófnefndar veitt undanþágu frá prófi í fræðigrein, sem prófmaður hefur lokið háskólaprófi í erlendis. — Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinir, framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna. — **3. gr.** Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja prófraun endurskoðenda samkvæmt lögum þessum og fullnægja til þess skilyrðum laganna. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreinir, kennslu og kennslugjöld skulu sett með reglugerð. Í reglugerð má og ákveða, að kennarar þeir, sem kennslu annast á námskeiði, prófi nemendur, hver í sinni grein, og jafngildir það próf þá prófraun fyrir prófnefnd, að því er þá námsgrein varðar. — **4. gr.** Endurskoðandi skal fá skírteini, er ráðherra gefur út, um löggildingu sína. — Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða 500 krónur í ríkissjóð. — **5. gr.** Þeim einum, sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar, er heimilt að nefnast „löggiltur endurskoðandi". Bönnuð er notkun starfsheitis, sem til þess er fallin að valda því, að maður sé talinn vera löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki. — **6. gr.** Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra. — **7. gr.** Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samvizkusemi í hvívetna og halda lög og reglur, sem að starfi mínu og framkvæmd þessa lúta. — **8. gr.** Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra, á hvaða stöðum þeir reka skrifstofur. — **9. gr.** Nú ákveður dómari, að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara, og skal þá til þess starfs kveðja löggiltan endurskoðanda, ef hans er þar kostur.[a]) — **10. gr.** Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar félags löggiltra endurskoðenda, hvort endurskoðunarstarf er samrýmanlegt öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra, og hefur endurskoðandinn þá fyrirgert löggildingu sinni. — **11. gr.** Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, sbr. 10. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. En veita má ráðherra honum að fengnum tillögum prófnefndar löggildingu af nýju, ef hann síðar fullnægir til þess lagaskilyrðum að dómi ráðherra. — **12. gr.** Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni eftir kröfu ákæruvalds undir dómara þess máls. — Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra, og skal sakarefnið þá borið undir dómstóla, og fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi, unz dómur gengur. — **13. gr.** Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði. — **14. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða allt að 10000 króna sektum til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.[1]) — **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal þó eigi beitt, fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

1953 Nr. 89 29. des.

Lög um verzlunarskýrslur.

1922 Nr. 12 19. júní

1. gr. Um allar innfluttar og útfluttar vörur skulu viðtakendur eða sendendur varanna vera skyldir til, um leið og þeir taka

1) Rgj. nr. 217, 30. des. 1953. — a) IX, 295, 600.

1922 Nr. 12 19. júní

við vörunum eða senda þær, að láta lögreglustjórum eða þeim, sem koma í þeirra stað, í té skýrslur um tegund og magn varanna, löndin, sem þær eru keyptar frá eða seldar til, svo og innkaupsverð innfluttra vara, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og söluverð útfluttra vara á útflutningshöfn hér á landi, allt eftir því sem eyðublöð þau greina og reglugerðir, sem landsstjórnin gefur út. — Í lögum þessum telst handhafi farmskírteinis móttakandi innfluttrar vöru og sendandi útfluttrar vöru sá, er samkvæmt farmskírteini því, sem fylgja á vörunum til útlanda, er sendandi vörunnar. En sé sendandi fjarverandi, þá hvílir skyldan til að gefa verzlunarskýrslu á þeim, sem annast afgreiðsluna á vörunni fyrir hann á burtfararstað útflutningsskips. Útflutningshöfn telst sú höfn, þar sem vara er látin í skip og farmskírteini gefið út yfir hana beint til útlanda, hvort sem hún er flutt alla leið með sama skipi eða umhlaðin síðar í önnur skip. — Á sama hátt skal gefa skýrslur um böggla, sem koma til landsins eða sendir eru úr landi í bögglapósti, en póststjórnin heimtir inn skýrslur um þá, en eigi lögreglustjóri. — **2. gr.** Eigi má án samþykkis lögreglustjóra eða umboðsmanns hans afhenda viðtakendum innfluttar vörur né afgreiða vörur til útflutnings fyrr en verzlunarskýrslur hafa verið gefnar um þær. Brot gegn þessum fyrirmælum varða sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanns skipsins, ef hann er þar á staðnum. — **3. gr.** Ef viðtakandi vöru eða sendandi veit eigi um verð vörunnar, þegar skýrslu skal gefa, en býst við að fá vitneskju um það innan skamms tíma, má veita honum stuttan frest til skýrslugjafar um verðið, gegn því, að hann skuldbindi sig til að skýra frá verðinu sérstaklega að frestinum liðnum. Ef búast má við, að ekki fáist vitneskja um verðið fyrr en eftir langan tíma, þá skal gefa skýrslu strax um verðið, sem þá skal setja eftir áætlun. — **4. gr.** Auk þess útdráttar úr farmskrá skips um þær vörur, er fara eiga á hverja einstaka höfn, sem samkvæmt lögum nr. 38, 27. júní 1921,[1]) um vörutoll, ber að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar eiga að affermast, skal einnig afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn annað samhljóða eintak af farmskránni um vörur til þeirrar hafnar. Skal það síðan sent hagstofunni ásamt verzlunarskýrslunum um þær vörur, er í farmskránni standa. — Nú er innflutt vara tilfærð á farmskrá skips til annars staðar en þess, sem innflytjandi samkvæmt farmskírteini á að fá hana afhenta, og skal þá sá, er annast um umhleðsluna, eða ef um skipaafgreiðslumenn er að ræða, afgreiðslumaður sá, sem veitti vörunum móttöku frá útlöndum, senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þar sem móttakandi er, farmskrá yfir vörur þær, sem sendar eru, og annað eintak af þeirri farmskrá ber honum að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem varan er send frá, og varðar sömu sektum og getur í 2. gr., ef út af er brugðið. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á þeim stað, sem varan er send frá, bera farmskrá þessa saman við hina erlendu farmskrá og skrifa þar að lútandi vottorð á hana. Um innheimtu og skil innflutningsskýrslna fyrir slíkum vörum fer svo á sömu leið og þær hefðu verið innfluttar beint frá útlöndum til viðtakanda. — Fyrir hvert skip, er tekur vörur til útflutnings á einhverri höfn, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður þess afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar samrit af farmskrá um farm skipsins frá þeirri höfn, þar sem taldar séu upp allar vörur, sem skipið hefir tekið þar við til útflutnings, þar með einnig þær vörur, sem umhlaðnar hafa verið þar úr öðrum skipum, og tilgreint vörumagn hverrar vöru, er komi heim við hleðsluskírteini, og sé skráin undirrituð af skipstjóra. Farmskráin sendist svo hagstofunni ásamt verzlunarskýrslunum um vörur þær, sem á henni standa. — **5. gr.** Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu, varðar það sektum, frá 10—1000 kr. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem hann hefir fengið frest til að gefa, má þröngva honum til þess, að frestinum liðnum, með dagsektum, 2—10 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda. — **6. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

1) Nú l. nr. 63, 31. des. 1937, § 23.

1922 Nr. 12 19. júní

Lög um metramæli og vog.

1907 Nr. 33 16. nóv.

1. gr. Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi. — Tugakerfi skal ráða í skiptingu mælis og vogar. — **2. gr.** Lengd metra og þyngd kílógramms skal jafnt þeirri fyrirmynd mælistærða þessara, sem ákveðin

1907 Nr. 33 16. nóv.

er af allsherjarstofnuninni fyrir mæli og vog í Parísarborg. — **3. gr.** Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiptinefni, sem nú skal greina. — **Lengdarmál.** Frumeining lengdarmáls er metri. 1 desímetri er 1/10 metra. 1 sentímetri er 1/100 metra. 1 mílímetri er 1/1000 metra. 1 dekametri er 10 metrar. 1 hektómetri er 100 metrar. 1 kílómetri er 1000 metrar. 10 kílómetrar er metramíla. — **Flatarmál.** Frumeining flatarmáls er fermetri. Einn ari er 100 fermetrar. Einn hektari er 100 arar. Einn ferkílómetri er 100 hektarar. — **Rúmmál.** Frumeining rúmmáls er teningsmetri. Þúsundasti hluti teningsmetra (teningsdesímetri) er lítri. 1 desílítri er 1/10 lítra. 1 sentílítri er 1/100 lítra. 1 dekalítri er 10 lítrar. 1 hektólítri er 100 lítrar. — **Vog.** Frumeining vogar er 1 lítri vatns og nefnist kílógramm. 1 kílógramm er 1000 grömm. 1 desígramm er 1/10 úr grammi. 1 sentígramm er 1/100 úr grammi. 1 mílígramm er 1/1000 úr grammi. 1 dekagramm er 10 grömm (1/100 úr kílógrammi). 1 hektógramm er 100 grömm (1/10 úr kílógrammi). 1 tonn er 1000 kílógrömm. — Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hver íslenzk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum og hverjar styttingar skuli hafa til þess að tákna frumeiningar þær og skiptinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.[1]) — **4. gr.** Konungur ákveður tímatakmark, er þó má eigi síðar vera en þrem árum eftir staðfesting laga þessara, en upp frá því skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli.[2]) — Frá sama tíma má nota metramæli og metravog í verzlun og viðskiptum, þegar þeim, er skiptin eiga, kemur saman um það. Að tveim árum liðnum eftir nefnt tímatakmark skal eingöngu nota metramál og metravog; þó getur konungur ákveðið, að vogarlóð og reizlur, er gerðar eru eftir vogarkerfinu frá 1. des. 1865, sé notuð fyrst um sinn; svo má og framvegis nota vogarlóð þau, sem löggilt eru til meðalasölu og vigtar dýrindismálma, til þess, er þau eru ætluð. Á því tímabili, þegar nota má metrakerfið jafnhliða núgildandi mæli og vog, skal í hverri þeirri búð eða byrgi, þar er verzlun er rekin í smásölu, vera upphengd eða á annan auðveldan hátt höfð til sýnis kaupendum tafla, staðfest af stjórnarráðinu, er sýni breytingu mælis og vogar úr einu kerfinu í annað. — Aðfluttar vörur, sem eigi er raskað umbúðum á, má hafa til sölu eftir mæli þeim og vog, sem þær eru seldar eftir í landi því, er þær fluttust frá. — **5. gr.** Hlutfallið milli núgildandi mælis og vogar og metramælis og metravogar skal telja svo sem nú skal greina, bæði í opinberum erindum og einstakra manna skiptum: 1 míla á landi 7.532 kílómetra. 1 sjómíla 1.855 kílómetra (1 vika sjávar 7.408 kílómetra). 1 faðmur 1.8831 metra. 1 alin 0.6277 metra. 1 fet 0.31385 metra. 1 þumlungur 2.615 sentímetra. 1 lína 2.18 mílímetra. 1 fermíla 56.7383 ferkílómetra. 1 túndagslátta 0.31914 hektara. 1 engjateigur (dagslátta) 0.56736 hektara. 1 ferfaðmur 3.546 fermetra. 1 feralin 0.394 fermetra. 1 ferfet 0.0985 fermetra. 1 ferþumlungur 6.84 fersentímetra. 1 teningsfet 0.030916 teningsmetra. 1 brennifaðmur (72 teningsfet) 2.226 teningsmetra. 1 pottur (1/32 teningsfet) 0.9661 lítra. 1 almenn tunna (lýsistunna 120 pottar) 1.1593 hektólítra. 1 öltunna (136 pottar) 1.3139 hektólítra. 1 korntunna (144 pottar) 1.3912 hektólítra. 1 kornskeppa 17.39 lítra. 1 anker (39 pottar) 37.68 lítra. 1 skippund 160 kílógrömm. 1 pund 0.5 kílógrömm. 1 tunna smjörs (224 pund) 112 kílógrömm. — Þegar reiknað er aðflutningsgjald og útflutningsgjald, skal þó, ef ekki er öðruvísi ákveðið í sérstökum lögum, telja 1 pott sama sem 1 lítra. — Stjórnarráð Íslands getur, ef þörf gerist, sett nánari ákvarðanir um hlutföllin milli metrakerfis og núgildandi mælis og vogar, þar á meðal um styttan tugabrotareikning við útreikning annarra opinberra gjalda. — **6. gr.** Brot móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssjóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál.

1) Augl. nr. 109, 30. des. 1909. — 2) Augl. nr. 66, 27. des. 1909.

1907 Nr. 33 16. nóv.

Lög um mælitæki og vogaráhöld.

1924 Nr. 13 4. júní

1. gr. Hver sú verzlun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau séu rétt. — Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða

1924 Nr. 13 4. júní

upphæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð. — **2. gr.** Löggildingu mælitækja og vogaráhalda hafa á hendi lögreglustjórar í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, samkvæmt nánari ákvæðum, sem felast í lögum þessum og sett verða í konunglegri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, er sé stórt C með X innan í og kórónu yfir, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram og af hvaða lögreglustjóra hún sé framkvæmd. — **3. gr.** Mælitæki og vogaráhöld, sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, sem ræðir um í 1. gr., skal löggilda, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., áður en byrjað sé að nota þau, enda sé gerð þeirra slík, að fullnægi ákvæðum konungstilskipunar þeirrar, er um ræðir í 2. gr. — **4. gr.** Heimilt er hverjum þeim, sem mælitæki eða vogaráhöld þarf að nota, að kaupa þau hvar sem bezt þykir, enda sé gætt fyrirmæla laga þessara um gerð þeirra og löggildingu. — **5. gr.** Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfélög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin séu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið réttilega fyrirmælum laga þessara. — Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins. — Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annast um, að lögreglustjórar hafi jafnan rétt tæki til að reyna mælitæki og vogaráhöld, er löggilt skulu vera, og skulu fyrirmyndir slíkra tækja geymdar í vörzlum þess. — **6. gr.** Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakkt eða ónákvæmt við skoðun samkvæmt 5. grein, eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyrr en viðgerð hefir farið fram á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju af einhverjum þeirra lögreglustjóra, sem löggildingu hafa á hendi. Notendur mega hvorki sjálfir né með aðstoð annarra breyta löggiltum tækjum né gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin. — **7. gr.** Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, séu rétt löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru séu rétt, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf. — **8. gr.** Lögreglustjórum ber engin sérstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslu til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.[1]) — Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur. — **9. gr.** Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

1924 Nr. 13 4. júní

Tilskipun um mælitæki og vogaráhöld.

1925 Nr. 1 13. marz

1. gr. Hver sú verzlun, sem mæla þarf varning eða vega, skal til þess nota löggilt mælitæki og vogaráhöld. Löggilt skulu og vera þau mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs eða til þess að byggja á þeim vottorð um vog eða mæli. En löggilt eru þau mælitæki og vogaráhöld, sem lögreglustjórarnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum hafa löglega stimplað með löggildingarmerkinu, sem er stórt C með X innan í og kórónu yfir og auk þess merki, er gefi til kynna, hver lögreglustjórinn hafi framkvæmt löggildinguna og hvaða ár hún hafi fram farið, svo og þau mælitæki og vogaráhöld, sem til voru, þegar lög um mælitæki og vogaráhöld frá 4. júní 1924 öðluðust gildi og löggilt eru á réttan og löglegan hátt eftir þeim reglum, er gilt hafa þangað til. — **2. gr.** Hver sá lögreglustjóri, sem hefir á hendi löggildingu mælitækja og vogaráhalda samkvæmt lögum nr. 13 frá 4. júní 1924, skal hafa undir höndum og nota við löggildingu þau prófunartæki, sem nú verða talin: — Prófvog, er tekur 20 kg. og hefir nákvæmnina 0.2 g., — prófvog, er tekur 2 kg. og hefir þá nákvæmnina 50 mg., og — prófvog er tekur 100 g., og hefir þá

1) Nú l. nr. 85, 11. júní 1938, § 7.

nákvæmnina 2 mg. — Nákvæm vogarlóð úr látúni að þyngd: 20 kg., 10 kg., 5 kg., 1 kg., 500 g., 200 g., 100 g., 50 g., 20 g., 10 g., 5 g., 2 g. og 1 g. — Skekkjan á þessum lóðum má vera hvort heldur vill + eða ÷, en eigi má hún nema meiru en ⅛ úr leyfilegri skekkju á þeim lóðum, sem löggilt verða sbr. 19. gr. c. — Kvarði úr látúni eða góðu tré 1 metri að lengd og merktur við hvern millimetra. Skekkjan á kvarðanum má hvergi vera meiri en 0.1 mm. — Mæliker úr tini eða látúni og með glerplötum til að draga yfir. Mælikerin taki: 5 lítra, 2 lítra, 1 lítra, ½ lítra, 2 desílítra og 1 desílítra. Skekkjan á mælikerum þessum má eigi fara fram úr ¹⁄₁₀₀₀ af rúmmálinu, ef mælikerið er 1 lítri eða meira, en á minni mælikerum ¹⁄₅₀₀ úr rúmtaki þeirra. — Til prófunar á vogum skal lögreglustjórinn í Reykjavík hafa 50 járnlóð, hvert 20 kg. að þyngd, en lögreglustjórinn á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, hver 25 járnlóð, er sé hvert 20 kg að þyngd, og auk þess skal hver lögreglustjóri hafa þessi járnlóð: 3 að þyngd 10 kg., 3 að þyngd 5 kg., 4 að þyngd 2 kg. og 4 að þyngd 1 kg., og þessi látúnslóð: 2 að þyngd 500 g., 2 að þyngd 200 g., 1 að þyngd 100 g., 1 50 g., 2 20 g., 1 10 g., 1 5 g., 2 2 g. og 1 að þyngd 1 g. Skekkjan á þessum lóðum má vera bæði + og ÷, en eigi fara fram úr helming af skekkju þeirri, sem leyfileg er á verzlunarlóðum, er þau eru löggilt, smb. 19. gr. c. — Öll áðurgreind prófunartæki skulu vera stimpluð af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með þar til gerðum sérstökum stimpli, er sé A & S með kórónu yfir. — **3. gr.** Lögreglustjórar skulu sjá um, að prófunartæki séu vel geymd og þeir hlutar þeirra, sem eru úr járni, ryðgi ekki. Ef ástæða er til þess að ætla, að þau hafi skekkzt svo nokkru nemi, skulu þeir tafarlaust tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, er þá gerir ráðstafanir til að tækin séu prófuð og önnur fengin í staðinn, ef ástæða er til þess. — Allar löggildingagerðir skulu lögreglustjórar rita í bækur, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir löggilt til þess. — Merki lögreglustjóranna eru þessi:

í Reykjavík 

á Ísafirði 

á Akureyri 

á Seyðisfirði 

í Vestmannaeyjum

4. gr. Þeir lögreglustjórar, sem löggildingu hafa á hendi, löggilda þessi mælitæki og vogaráhöld: 1) kvarða, 2) mæliker, 3) vogarlóð og 4) vogir, svo að nota megi þau til að mæla varning eða vega í verzlunum, til að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vog eða mæli eða til annars, sem ákveðið kann að verða. — **5. gr.** Löggilding og endurlöggilding fer að jafnaði aðeins fram á löggildingarstofum lögreglustjóranna. Þegar hlutaðeigandi lögreglustjóri telur ástæðu til þess, getur hann samt látið löggildinguna fara fram á öðrum stað. Þá skal sá, sem löggildingin er gerð fyrir, greiða kostnað við ferðalög og flutning áhalda til og frá staðnum auk venjulegs löggildingargjalds allt samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur.[1]) — **6. gr.** Þeir, sem óska að láta löggilda eða endurlöggilda mælitæki og vogaráhöld, skulu senda skriflega beiðni um það til lögreglustjóra, sem löggildingu hefir á hendi; ákveður hann þá, hvenær koma skuli með tækin til löggildingar og hvenær þau skuli verða sótt aftur. Ef tækin eru eigi sótt á tilteknum tíma, getur lögreglustjóri komið þeim til geymslu á kostnað og ábyrgð eiganda, og sé þeirra eigi vitjað að 3 mánuðum liðnum, má selja þau til greiðslu áföllnum kostnaði. Verði afgangur af söluverðinu, fellur hann í ríkissjóð, ef eigandi vitjar hans eigi innan 6 vikna frá sölunni. Þegar um tæki með óvenjulegri gerð er að ræða, getur lögreglustjórinn krafizt þess, að löggildingarbeiðninni fylgi nákvæm lýsing á gerð tækjanna. — **7. gr.** Þeir, sem nota löggilt mælitæki eða vogaráhöld við afhendingu eða móttöku vöru, skulu sjá um, að þau séu rétt. — Ávallt skal notandi gæta þess, að þær vogir standi rétt, sem hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan útbúnað, er sýnir, hvenær þær standa rétt. — Þeir, sem nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, skulu leita endurlöggildingar, er skekkjan á þeim fer út fyrir þau takmörk, sem tiltekin eru í tilskipun þessari, eða sá tími er liðinn, sem löggildingin gilti fyrir. — Notendur löggiltra mælitækja og vogaráhalda mega hvorki sjálfir eða með aðstoð annarra breyta þeim eða gera við þau, nema

1) Gskr. nr. 183, 1. sept. 1950.

þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin. — **8. gr.** Kvarðar mega löggildast, þegar mælikvarðarnir á þeim eru að lengd 1 metri eða ½ metri. Mælikvörðunum skal að endilöngu skipt í sentímetra, þó má skipta einum eða fleiri sentímetrum við enda mælikvarðans eða öllum mælikvarðanum í millímetra. Eigi má skipta mælikvarðanum neinstaðar í minni einingar en millímetra. — Allar takmarkalínur eininganna skulu vera glögg strik, mótuð eða höggvin í það efni, sem kvarðinn er gerður úr, og skulu strikin liggja í fleti hornréttum á lengdarlínur kvarðans. Að minnsta kosti tíunda hver eining skal vera merkt skýrt með tölu. — Öll lengd mælikvarðans skal vera stimpluð á hann í tölum ásamt einingarnafninu metri eða m, sentímetri eða cm. — **9. gr.** Kvarðar skulu vera úr efni, er veitir nægа tryggingu fyrir því, að mælikvarðinn verpist eigi né á annan hátt breyti lengd sinni út fyrir hin settu takmörk, og skulu kvarðarnir vera svo gildir, að eigi sé hætta á, að þeir bogni til muna, ef þeim er eigi sérstaklega misboðið í meðferðinni. — Trékvarðar skulu gerðir úr vel þurrum, beinvöxnum og kvistlausum eskivið, hlyn, ahorni eða öðrum þeim viðartegundum, sem eigi verpast né breytast að mun við áhrif hita og raka. Yfirborð kvarðans, sem eigi má hafa hrufur eða sprungur, skal vera gljáð (bónað) eða borið á það lakk eða fernis. — Þar sem endi mælikvarðans fellur saman við enda kvarðans sjálfs, skal kvarðaendinn vera þverhníptur, og á trékvörðum, sem eigi eru sívalir, skulu þá endabrúnir mælikvarðans vera varðar með málmþynnu, sem greypt sé inn í tréð þannig, að yfirborð málmþynnunnar og trésins í kring sé í beinu áframhaldi. Málmþynnan skal vera fest við tréð á tryggilegan hátt og þannig fyrir komið, að hægt sé að stimpla í einu hana og tréð umhverfis. — Kvarðarnir mega eigi vera svo bognir, að á beri, og sá hluti af hliðum kvarðans, sem hefir mælikvarða á merktan, skal vera sléttur. Sívala trékvarða með einum mælikvarða, sem aðeins er skipt í sentímetra, má þó löggilda, þó að mælikvarðinn sé merktur á hið sívala yfirborð kvarðans. — Löggilding kvarða gildir, meðan löggildingarmerkin eru ósködduð, nema sýnilegt sé, að kvarðinn hafi breytt sér síðan hann var löggiltur. — **10. gr.** Mæliker úr blikki, aluminium eða tini löggildast í þessum stærðum: 10 lítrar, 5 lítrar, 2 lítrar, 1 lítri, ½ lítri, 2 desílítrar og 1 desílítri. Mælikerin skulu vera svo sterk, að eigi sé hætt við, að þau breyti lögun eða stærð með venjulegri meðferð. — Mælikerin skulu vera sívöl og jafnvíð að ofan og neðan. Hlutfallið milli þvermáls og hæðar að innanmáli skal vera því sem næst 2 : 3. — Þegar mælikerin standa á láréttum fleti skulu barmar þeirra einnig vera í láréttum fleti, en hliðarnar vera hornrétt á flötinn. — Mælikerin mega hafa víðari kraga, sem nær upp fyrir barminn, en eigi telst rúmið fyrir ofan barminn með rúmtaki kersins. Mælikerin mega hafa hanka. — Á mælikeri úr blikki, sem óskað er eftir að fá löggilt, skal vera lóðað tin með sléttu og nægilega stóru yfirborði á þeim stöðum, þar sem löggildingarmerkin skulu sett. — Á hverju keri skal standa með skýru og óafmáanlegu letri í tölum með einingarnafninu lítri eða l, desílítri eða dl. á eftir, hvað kerið tekur barmaslétt, og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmtak sé rétt. — Löggilding þessara mælikera gildir meðan löggildingarmerkin eru ósködduð, nema það sýni sig, að kerin hafi breytt lögun og stærð síðan þau voru löggilt. — **11. gr.** Ennfremur löggildast eftirtöld mæliker til sérstakrar notkunar: — Til mælingar á lifur og grút löggildast ker, sem taka 20 lítra eða 50 lítra, og skulu þau vera úr eik, beyki, eða öðrum jafngóðum við, og vel bent með föstum járngjörðum og að öllu leyti svo sterk, að þau þoli venjulega meðferð, án þess að breyta lögun eða stærð. Mælikerin skulu hafa strokklögun, hlutföllin milli hæðar og þvermáls botns og ops skulu vera 6 : 3 : 4. — 20 lítra mælikeri skal vera skipt í lítra með varanlegum mörkum — skorum og koparnöglum — sem mörkuð eru innan í kerið og fyrir ofan 20 lítra markið skal vera bil, er taki allt að 5 lítrum. 5, 10, 15 og 20 lítra mörkin skulu vera auðkennd frá öðrum lítra mörkum. 50 lítra kerið skal á sama hátt hafa varanleg mörk fyrir hverja 5 lítra, og fyrir ofan efsta (50 lítra) markið skal vera allt að 10 lítra rúm óskipt. — Á hlið hvers mælikers skal rituð með óafmáanlegu letri tala, er sýnir, hve mikið má mæla í því, og nafnið lítri eða l á eftir tölunni. — Í þessum mælikerum má aðeins mæla lifur eða grút. — Til mælingar á nýrri síld löggildast mæliker úr tré, sem rúma sléttfull 50 lítra, 100 lítra og 150 lítra.[1]) Mæliker þessi skulu hafa tunnulögun, og op og botn vera jafnvíð, en

1) Sjá l. nr. 36, 19. maí 1930, § 1.

þvermál miðjunnar 1⅙ sinnum þvermál opsins, eða því sem næst, og hæðin 1⅓ sinnum þvermál opsins. — Mælikerin skulu vera úr þurrum og hörðum viði, svo sem eik eða beyki, og stafirnir falla vel og slétt saman, löggin vera nægilega djúp, og botn vel sterkur, svo að mælikerin brotni eigi né breyti stærð með þeirri meðferð, er þeim er ætlað að verða fyrir. Gjarðir allar skulu vera úr góðu járni eða öðrum jafngóðum málmi og festar svo við stafina, að eigi raskist. Í botninn og hliðarnar neðan til skulu vera 12 göt, 15 mm að þvermáli hvert. Mælikerin skulu hafa tvo hanka. — Á hlið hvers mælikers skulu vera brenndar tölur með orðunum lítrar eða l á eftir, er sýni, hve mikið kerið tekur barmaslétt, og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmmál sé rétt. — Til mælingar á bensíni má löggilda faststandandi mæla, sem standa í sambandi við bensíngeyma, svo að hægt sé að dæla bensíninu úr geyminum í mælinn, án þess að hann sé hreyfður, og sömuleiðis tæma hann með því að opna krana, sem sé vel þéttur, þegar honum er lokað. Við hverja mælingu skal mælirinn mæla 5 eða 10 lítra, og skal sú tala standa á mælinum með skýrum stöfum. Á hverjum mæli skal vera glerhólkur, sem sé ekki meira en 8 cm. í þvermál, og skal vera á honum glöggt merki. Þegar mælirinn er fullur, skal bensínyfirborðið nema við merkið. — Löggilding mælikera úr tré til mælingar á lifur (grút) og nýrri síld gildir á meðan löggildingarmerkin eru ósköddð og kerin hafa eigi sýnilega breytt sér, síðan þau voru löggilt. Löggilding bensínmæla gildir eigi lengur en 1 ár. — **12. gr.** Vogarlóð löggildist í þessum stærðum: 20 kílógrömm, 10 kílógrömm, 5 kílógrömm, 2 kílógrömm, 1 kílógramm, ½ kílógramm, 500 grömm, 200 grömm, 100 grömm, 50 grömm, 20 grömm, 10 grömm, 5 grömm, 2 grömm, 1 gramm. — Á hvert vogarlóð skal vera mótuð þyngd þess með skýrum tölum og einingarnafnið kílógramm eða gramm undir tölunni. Í stað einingarnafnanna mega þó standa skammstafanir þeirra: kg eða g, og skulu þær þá standa rétt á eftir tölunni. — Á steypujárnslóðum, sem mega vera ½ kílógramm eða þyngri, skal þó þyngd lóðanna sýnd með upphleyptum stöfum, tölu með kg á eftir, steyptum með lóðinu. Á sama fleti steypujárnslóðsins og þyngdartalan er á, skal vera hæfilega stór hola með blýfyllingu til að móta í löggildingarmerkið. — Löggilding vogarlóða úr látúni eða kopar gildir eigi lengur en 12 ár. — Löggilding vogarlóða úr járni gildir eigi lengur en 9 ár. — **13. gr.** Aðeins má löggilda þær vogir, sem eru svo vel gerðar og traustar, að þær haldist nægilega nákvæmar og réttar langan tíma, ef gætilega er með þær farið. — Ennfremur verða vogirnar að fullnægja eftirtöldum skilyrðum, til þess að þær megi löggildast: — 1) Hinir einstöku hlutar vogarinnar mega ekki svigna eða á annan hátt breyta lögun við mesta þunga, er leyfilegt er að vega á voginni. — 2) Sérhver vog skal hafa mundang, er sýni svo glöggt, hvenær vogin er í jafnvægi, að auðvelt sé að greina það með berum augum nógu nákvæmlega. Reizlur, sem eigi eru notaðar í verzlunarbúðum, eru undanþegnar þessu skilyrði. — 3) Sérhver vog, sem flytja má til, og eigi stendur á sama, hvernig niður er sett, skal hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan tryggan útbúnað til að sýna, hvort vogin er sett rétt niður. Vogir, sem eru fastar og óflytjanlegar, verða eigi löggiltar, fyrr en þær eru settar niður og festar, þar sem þær eiga að vera. — 4) Allar vogarstengur skulu gerðar úr málmi, og séu þær settar út úr jafnvægi, þá skulu þær sveiflast nokkrum sinnum fram og aftur, unz þær stöðvast aftur í hinni upphaflegu jafnvægisstöðu. — 5) Allar vogarstengur skulu leika á stálhnífseggjum, sem standa á plötum úr hertu stáli. Plöturnar mega einnig vera úr agati eða öðru stálhörðu efni, ef það á við gerð vogarinnar. Hnífana má eigi vera hægt að flytja, svo að lengd vogarstanganna breytist. Hið sama gildir um plöturnar, sem hnífarnir standa á, ef það getur haft áhrif á lengd vogarstanganna. — 6) Engin áhrif má það hafa á þyngdina, hvar lóðin eða það, sem vegið er, stendur á vogarskálunum. — 7) Ef vog er útbúin með stillilóði, skal umbúnaður þess vera þannig, að það verði eigi misbrúkað. — 8) Á hverri vog skal standa með skýru og áberandi letri, hvað þungt megi á hana vega. — **14. gr. Jafnarma vogir.** Ef hægt er að taka af og skipta um skálarnar á jafnörmuðum vogum, þá má jafnvægisstaða vogarinnar eigi breytast, þótt skálarnar séu teknar burtu eða skipt sé um skálarnar á örmunum. — Löggilding metaskála með einni vogstöng gildir eigi lengur en 12 ár. — Löggilding borðvoga með mörgum vogstöngum gildir eigi lengur en 9 ár. — **15. gr. Desímalvogir.** Á desímalvogum skal þyngd þess, sem vegið er, vera þyngd lóðanna, sem halda

1925 Nr. 1 13. marz

því í jafnvægi, margfölduð með tíu. — Allar desímalvogir skulu hafa útbúnað til að stöðva aðalvogstöngina. Á desímalvogum skal að minnsta kosti mega vega 20 kílógrömm. — Löggilding desímalvoga gildir eigi lengur en 6 ár. — **16. gr. Reizluvogir.** Reizluvogir hafa lóð, sem flytja má til eftir arminum eftir því, hve þungt það er, sem vegið er. — Aðalvogarstöngin, sem má myndast af fleirum en einni samhliða stöngum, ef þær eru samfastar, skal vera merkt með glöggum og nákvæmum skerðingum eða strikum, sem séu grafin, höggvin eða á annan varanlegan hátt merkt í stöngina. Bilin milli merkjanna skulu vera jöfn og að minnsta kosti 4 millímetrar. Á reizlum, sem ekki hafa mundang, mega bilin þó vera 3 mm. Að minnsta kosti fimmta hver skerðing eða strik skal vera merkt á varanlegan hátt með skýrum tölum, er tilgreini þungann í kílógrömmum, og aftan við töluna yzt á vogarstönginni skal enn fremur bæta kg. Á sömu vogarstönginni má vera fleiri en ein merkjaröð, ef þeim er svo fyrir komið, að það getur eigi valdið ruglingi. Lóðið skal sjálfkrafa grípa inn í skerðingarnar á vogarstönginni eða hafa fjaðraútbúnað, svo að það haldist fast við stöngina, ef því er sleppt. Lóðið skal vera þannig úr garði gert, ef til vill með föstum vísi, að eigi geti vafi á því leikið, hvernig eigi að lesa á vogina. — Á aðallóðinu má vera annað lóð, hreyfanlegt fram og aftur, til að sýna minni þyngdarmun, og gilda hin sömu ákvæði um það og aðallóðið með þeim breytingum, sem við eiga. — Löggilding reizlna, sem eigi hafa mundang, gildir 10 ár, en löggilding annarra reizluvoga gildir 6 ár. — **17. gr.** Lögreglustjóri, sem hefir á hendi löggildingu samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld, getur, þegar hann telur þörf á því, löggilt um stundarsakir mælitæki og vogaráhöld, sem að efni, stærð eða gerð eru frábrugðin því, sem fyrr er sagt í 8.—16. gr., ef þau að dómi hans eru til þess hæf, en senda skal hann þegar í stað stjórnarráðinu nákvæma lýsingu á tækjunum. Ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið telur ástæðu til þess, gefur það út reglugerð um löggildingu þessara tækja; að öðrum kosti má eigi framlengja löggildingu þeirra né löggilda önnur tæki af sömu gerð. — **18. gr.** Skekkjan á mælitækjum og vogaráhöldum er munurinn á milli þess, sem mælingarstærðin í raun og veru er, og þess, sem mælingartækið segir hana vera. Skekkjan er „pósitív" (+) þegar mælingartækið segir mælingarstærðina minni en hún er, en segi það hana of mikla, er skekkjan „negatív" (÷). — **19. gr.** Mælitæki og vogaráhöld má eigi löggilda, ef skekkjan á þeim fer út yfir þau takmörk, sem nú verða greind: a) Kvarðar: Skekkjan á kvörðum má jafnt vera „negatív" sem „pósitív". — Á metra mælikvarða má skekkjan vera 0.8 mm. á allri lengdinni. — Á ½ metra mælikvarða má skekkjan vera 0.5 á allri lengdinni. — Skekkjan á lengdinni frá hverju striki til enda mælikvarðans má eigi fara fram úr skekkjutakmörkun alls kvarðans. Á hverjum afmörkuðum sentímetra má skekkjan ekki nema meiru en 0.5 mm., og á hverjum afmörkuðum millimetra eigi meiru en 0.2 mm. — b) Mæliker: Skekkjan má aðeins vera „pósitív". — Á 1 lítra mælikerum og stærri kerum má skekkjan vera $\frac{1}{125}$ úr öllu rúmtakinu. — Á 2 desílítra mælikerum $\frac{1}{100}$ úr öllu rúmtakinu. — Á 1 desílítra mælikerum $\frac{1}{50}$ úr öllu rúmtakinu. — c) Vogarlóð: Skekkjan má aðeins vera „pósitív".

Á	20	kílógramma	lóði	má	skekkjan	vera	+	4 grömm,
–	10	—	—	—	—	—	+	2 —
–	5	—	—	—	—	—	+	1.25 —
–	2	—	—	—	—	—	+	600 millígrömm,
–	1	kílógramms	—	—	—	—	+	400 —
–	½	—	—	—	—	—	+	250 —
–	200	gramma	—	—	—	—	+	100 —
–	100	—	—	—	—	—	+	60 —
–	50	—	—	—	—	—	+	50 —
–	20	—	—	—	—	—	+	30 —
–	10	—	—	—	—	—	+	20 —
–	5	—	—	—	—	—	+	16 —
–	2	—	—	—	—	—	+	12 —
–	1	gramms	—	—	—	—	+	10 —

1925 Nr. 1 13. marz

— d) Vogir: Skekkjan getur verið til beggja hliða, + og ÷. — Þegar vog, sem löggildast á, er prófuð, og jafnvægi er fengið, þá skal sjást greinilegur munur á jafnvægisstöðunni, þegar lóði er bætt öðru megin á, er samsvarar hinni mestu skekkju. — Skekkjan á vogum má eigi fara fram úr 1/1000 úr þyngd þess, sem vegið er, ef það er 1/10 eða meira úr hinum mesta þunga, er leyfilegt er að vega á vogina. Á reizlum, sem eigi hafa mundang, má skekkjan vera helmingi meiri, eða 1/500. — **20. gr.** Löggilt mælitæki og vogaráhöld má ekki nota, þegar skekkjan á þeim er orðin meiri en tvöföld hin mesta leyfilega skekkja við löggildingu; þó má skekkjan á tækjum, sem verið er að nota, ætíð vera jafnt „negatív" sem „pósitív". — **21. gr.** a) Kvarðar: Þar sem endi kvarðans og mælikvarðans falla saman, skal stimpla löggildingarmerkið á kvarðaendann, ef hægt er, annars skal stimpla það á mælikvarðann, og svo nálægt enda hans, að ytri brún löggildingarmerkisins falli í endamark mælikvarðans. Ef endi trémælikvarða er varinn með málmþynnu, skal láta löggildingarmerkið ná bæði á málmþynnuna og tréð í kring. Álíti lögreglustjóri það nauðsynlegt, má setja 2 löggildingarmerki á þann enda mælikvarðans. Ætíð skal stimpla báða enda mælikvarðans með löggildingarmerki. Ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjórans skal stimpla á mælikvarðann rétt aftan við stafina, er tilgreina lengd mælikvarðans. — b) Mæliker: Á mæliker skal löggildingarmerki sett á hlið kersins ofan við töluna, er tilgreinir rúmtak þess, og ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjórans þar út undan. Annað löggildingarmerki skal setja á barm kersins eða svo nálægt honum sem hægt er. Ennfremur skal setja löggildingarmerki á botn kersins; ef botninn er lóðaður í, skal reynt að láta löggildingarmerkið ná út á samskeytin. Á mæliker úr tré skulu löggildingarmerkin brennd á samskeyti stafa. — c) Vogarlóð: Á steypujárnslóð skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar og merki löggildingarstjóra mótað í blýið, sem fyllir þar til gerða holu í efri hlið lóðsins. — Vogarlóð úr öðrum málmi skulu stimpluð með löggildingarmerkinu á þá hlið þeirra, sem stafirnir eru á, sem tilgreina þyngd þeirra, og ef unnt er skal löggildingarmerkið vera ofan við stafina. Ennfremur skal setja á gagnstæða (neðri) hlið lóðsins lítið löggildingarmerki og ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjóra, ef unnt er. — d) Vogir: Þar sem aðalvogarstöngin er útbúin með löggildingarholum, fylltum með linum málmi, skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar og merki lögreglustjóra stimplast á aðra málmfyllinguna, og fyrir ofan löggildingarmerkið skal stimpla númer það, sem vogin hefir í löggildingarbókinni. Efst í hina málmfyllinguna er þá stimpluð tala með kg. á eftir, er tilgreini, hve þungt megi vega á vogina. En ef vogarstöngin hefir ekki löggildingarholur, þá skulu áður greind löggildingarmerki sett þar á vogina, sem heppilegast er, annaðhvort með því að stimpla þau í sjálfa vogarstöngina eða með því að brennimerkja með þeim trégrind vogarinnar. — Ef hlutaðeigandi lögreglustjóri telur þess þörf, skal auk þess setja annarsstaðar á vogina löggildingarmerki, ártal eða númer til að tryggja það, að gerð vogarinnar raskist eigi, án þess að það sjáist á löggildingarmerkjunum. — **22. gr.** Mælitæki og vogaráhöld, sem löggilt hafa verið áður á löglegan hátt, má endurlöggilda, ef þau fullnægja löggildingarskilyrðunum. Við endurlöggildingu er stimplað á mælitæki og vogaráhöld ártal endurlöggildingarinnar og lítið löggildingarmerki við ártalið, ef því verður við komið, svo og merki lögreglustjóra, ef hann hefir eigi löggilt tækið áður. — Ef hin fyrri löggildingarmerki eru að einhverju leyti sködduð, þá skulu sett ný löggildingarmerki í stað hinna sködduðu. — Ef gert er við mælitæki eða vogaráhald, sem hefir brotnað, skal setja löggildingarmerki á hin bækluðu samskeyti. — **23. gr.** Löggildingarmerki eru ónýtt annaðhvort með því að afmá merkin eða með því að stimpla ofan í þau merkið # . — **24. gr.** Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. laga nr. 13 frá 4. júní 1924. — **25. gr.** Við hina almennu skoðun mælitækja og vogaráhalda skal dæmt óheimilt að nota lengur mælitæki og vogaráhöld, 1) ef löggildingarmerki þeirra eru eigi í réttu lagi, 2) ef svo langt er liðið frá löggildingu þeirra, að hún er fallin úr gildi, 3) ef vogir við prófun eru svo stirðar eða rangar, að skekkjan á þeim fer út fyrir hin settu takmörk. — Ennfremur getur skoðunarmaður krafizt, að mælitæki og vogaráhöld séu send til endurlöggildingar, ef hann hefir ástæðu til að halda, að

1925 Nr. 1 13. marz

1925 Nr. 1 13. marz

þau séu orðin röng, en geta skal hann þá um ástæðuna í skoðunargerðinni. — **26. gr.** Hin almenna skoðun mælitækja og vogaráhalda skal rituð í þar til löggiltar bækur. Hreppstjórar skulu við hver árslok senda sýslumönnum nægilega ýtarlegan útdrátt úr skoðunargerðum liðins árs, en lögreglustjórar og sýslumenn senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina eigi seinna en í apríl ár hvert. — **27. gr.** Brot gegn ákvæðum tilskipunar þessarar varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

1915 Nr. 60 3. nóv.

Lög um löggilta vigtarmenn.

1. gr. Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, en stjórnarráðið gefur þeim erindisbréf.[1]) Landssjóður leggur þeim til stimpla, og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði. — **2. gr.** Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var. — **3. gr.** Þóknun fyrir starfið greiða þeir, sem þá nota, eftir ákvæði lögreglustjóra, þó ekki minna en 75 aura um klukkustund.

1943 Nr. 43 14. apríl

Lög um greiðslu íslenzkra afurða.

1. gr. Hver sá, sem kaupir íslenzkar afurðir, hvort heldur er sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir eða íslenzkar iðnaðarvörur, skal greiða þær í peningum, þegar seljandi krefst þess, og má eigi greiða þær með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. — **2. gr.** Nú eru afurðir seldar fastákveðnu verði, og skal þá greiða verð þeirra að fullu á þann hátt, sem 1. gr. kveður á um. En ef afurðir eru seldar óákveðnu verði með rétti til verðuppbótar síðar eða afhentar í umboðssölu, hvort sem til kaupmanna, samvinnufélaga eða annarra er, þá skal greiða að minnsta kosti helming af gangverði afurðanna svo sem í 1. gr. segir, en afganginn á sama hátt eigi síðar en 2 mánuðum eftir að unnt var að ákveða verðuppbót eða umboðssali fékk í sínar hendur andvirði þeirra vara, sem hann hefur selt. — **3. gr.** Hagstofa Íslands skal ákveða gangverð afurða samkv. 2. gr. eftir því, sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð, sem ráðherra setur. — **4. gr.** Brot gegn lögum þessum varða 500—1000 króna sektum, nema um ítrekað brot sé að ræða. Skal það þá varða allt að 10 þús. króna sekt. — Sektirnar renna í ríkissjóð.

1) Erbr. nr. 93, 27. maí 1916.

1943 Nr. 43 14. apríl

1933 Nr. 84 19. júní

Lög um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

1. gr. Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu.[a]) Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum. Sérstaklega er bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast: a) auðkenni, sem gefa rangar upplýsingar eða geta vakið rangar hugmyndir um framleiðslustað (eða land) vörunnar, um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag.[b]) — b) auðkenni, sem komið geta kaupandanum til þess að halda það, að allur sá mismunandi varningur, sem í verzlun er á boðstólum, stafi frá sama framleiðslustað (eða landi), eða sé búinn til á sama hátt, þótt þessu sé ekki svo varið nema að sumu leyti. — c) auðkenni, sem segja ósatt um það, að vara hafi hlotið viðurkenningu á sýningu, hafi verið reynd af opinberum yfirvöldum eða hlotið meðmæli þeirra, eða njóti eða hafi notið einkaleyfisverndar. Falli niður einkaleyfi eða slíkt, má þó halda tákni þess á því af vörunni, sem það hefir verið sett á áður en leyfið féll niður. — Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, frá 50 til 4000 krónum. Refsinguna má þó þyngja, þannig að hún verði allt að sex mánaða einfalt fangelsi,[1]) þegar sökin er mikil, sérstaklega ef um er að ræða ítrekað brot. — Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldur til þess að leiðrétta hinar villandi upplýsingar,[c]) þar á meðal villandi auðkenni á vörunum, ef um slíkt er að ræða og vörurnar eru enn í eigu hans eða umráðum. Ef um er að ræða vörur, sem framleiddar eru erlendis, skal hinn sakfelldi þó mega flytja þær úr landi, ef hann kýs það heldur. — **2. gr.** Sakarauki skal það telj-

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) VIII, 391. — b) V, 790, VI, 335, 332. — c) VIII, 397, 392.

ast, ef hin villandi auðkenni, sem 1. gr. fjallar um, eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnmiðum eða á auglýsingaspjöldum, sem mikið ber á.[a]) — **3. gr.** Refsiákvæði þau, sem að framan greinir, skulu þó ekki gilda um þau auðkenni — þótt þau gætu vakið ranga hugmynd um framleiðslustað vörunnar —, sem hafa að almenningsáliti eða samkvæmt viðskiptavenjum fengið þá merkingu að tákna almennt tegund eða framleiðsluhætti vörunnar eða því um líkt, en ekki framleiðslustaðinn beinlínis. — Nú er það æskilegt vegna almenningsheilla, að einhver vöruauðkenni séu undanþegin ákvæðum þessum, og má þá veita slíka undanþágu með konunglegri tilskipun. Brot á ákvæðum slíkrar tilskipunar varða refsingum samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., laga þessara. — Auðkenni, sem í því er fólgið, að greind er mynt, mál eða vog, telst ekki auðkenning á framleiðslustað vörunnar. Þótt notuð sé í vöruauðkenni önnur tunga en tunga þess lands, sem varan er framleidd í eða flutt frá, ber ekki að telja það eitt villandi auðkenni, nema form og efni auðkennisins sé einnig að öðru leyti saknæmt samkvæmt lögum þessum. — Auðkenni, sem eitt út af fyrir sig gæti talizt villandi um framleiðslustað vöru, skal þó ekki talið svo, ef því fylgir greinileg og rétt viðbót, sem segir til um hinn rétta framleiðslustað. — **4. gr.** Bannað er að selja eða hafa á boðstólum hér á landi vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir, eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi, eins og merkjum hins svo nefnda „Rauða kross“ eða „Genfar kross“. — Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 200 kr. — Sömu refsingu skal sæta: a) sá, sem í heimildarleysi notar slík merki, auðkenni eða nöfn á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verzlunarskjölum. — b) sá, sem notar íslenzka ríkisskjaldarmerkið, eða útlend ríkisskjaldarmerki án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi. — c) sá, sem selur eða hefir á boðstólum vörur, framleiddar erlendis eða erlendar að uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefir í heimildarleysi verið sett mynd eða nafn íslenzka fánans, skjaldarmerki íslenzka ríkisins eða mynd af konunginum og ættmönnum hans. — **5. gr.** Útsölu (skyndisölu) má hafa annaðhvort tvisvar á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi einn mánuð í hvort skipti, eða einu sinni á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi tvo mánuði. Nánari ákvæði um það, á hvaða tíma árs útsölur megi halda innan hinna einstöku greina verzlunarinnar, getur atvinnumálaráðherra ákveðið með sérstakri reglugerð, eftir tillögum hlutaðeigandi kaupmannafélaga. — Nú er á einhvern hátt auglýst, að útsala sé haldin af sérstökum ástæðum, t. d. vegna flutnings verzlunarinnar, eigendaskipta eða vegna þess, að verzlunin á að hætta — hvort heldur er vegna gjaldþrota, greiðslusamnings, láts eigandans eða annarra orsaka — eða til sölu á skemmdum vörum, vörum, sem sagðar eru keyptar úr gjaldþrotabúi, dánarbúi eða í sambandi við greiðslusamning, eða vörur keyptar á uppboði, og má þá sú útsala eigi standa yfir lengur en þrjá mánuði. — Um leið og auglýstar eru útsölur þær, sem ræðir um í 2. mgr. greinar þessarar, og eigi síðar en þrem dögum eftir að útsalan er byrjuð, ber að tilkynna lögreglustjóra um upphaf útsölunnar og um það, hve lengi hún skuli standa, af hvaða ástæðum og hvaða vörur verði boðnar til sölu. — Á útsölum, sem auglýst hefir verið, að haldnar séu til þess að selja skemmdar vörur, skal þeim vörum haldið aðgreindum frá öðrum vörum verzlunarinnar, eða sett á þær sérstök merki. — **6. gr.** Frá reglum þeim, sem settar eru í 5. gr. 1. og 2. mgr., getur lögreglustjóri veitt undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Útsala, sem haldin er vegna þess að verzlunin hættir, má þó undir engum kringumstæðum standa lengur en eitt ár. — **7. gr.** Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni. — Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns. — **8. gr.** Brot gegn ákvæðum 5.—7. gr. varða sektum, allt að 1000 kr. — **9. gr.**[a]) Bannað er að nota í

a) VIII, 391.

a) VII, 250, XVIII, 228, XXI, 417, XXII, 87, 89, 201, XXIV, 259.

1933 Nr. 84 19. júní

1933 Nr. 84 19. júní

atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefir ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingu um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villzt verði á því og öðru einkenni, sem annað atvinnufyrirtæki notar með fullum rétti. — Brot gegn ákvæðum þessum, framin af ásettu ráði, varða sektum, allt að 2000 kr. — **10. gr.** Bannað er að kenna verzlunar-, iðnaðar- eða atvinnufyrirtæki, svo og vörutegundir, við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema leyfi viðkomandi stjórnarvalda komi til. — Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 5000 kr. — **11. gr.** Nú fer einhver með eða útbreiðir um annað atvinnufyrirtæki rangar sögusagnir, sem miða til þess að hnekkja því fyrirtæki, eða í því skyni að hæna til sín viðskiptamenn þess, hvort heldur slíkar sögusagnir snerta eiganda fyrirtækisins, vörur þess eða aðra hagi, og skal hann þá sæta sektum, allt að 6000 kr., og ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.[1])[a]) — **12. gr.** Ef einhver notar sjálfur eða veitir öðrum í heimildarleysi upplýsingar um verzlunar- eða rekstrarleyndarmál núverandi eða fyrrverandi húsbónda síns eða félaga, eða rýfur af ásettu ráði samningsbundið trúnaðarsamband, sem veitt hefir honum vitneskju um þessi leyndarmál, þá skal hann sæta sektum, allt að 6000 krónum, eða 6 mánaða einföldu fangelsi,[1]) ef sakir eru miklar.[b]) Þó skal refsingin falla niður, ef liðin eru meira en 3 ár frá því að samningum var slitið. — **13. gr.** Hver sá, er með gjöfum eða hlunnindum til starfsmanns kaupmanns eða verzlunarfyrirtækis reynir til að fá hann til þess að eiga viðskipti við sig, sæti sektum, allt að 2000 kr., eða allt að 6 mánaða einföldu fangelsi,[1]) ef hann hefir komið tilætlun sinni í framkvæmd og húsbóndi verzlunarmannsins beðið við það verulegt tjón. — Sömu refsingu skal sá verzlunarmaður sæta, er tekur á móti slíkum mútum. — **14. gr.** Bannað er að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happadrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir.[a]) — Sömuleiðis eru bannaðar auglýsingar um þesshättar kaupbæti. — Brot á þessu varða sektum, allt að 5000 kr. — **15. gr.** Nú hefir framleiðandi eða heildsali sett á vörutegund eða upprunalegar umbúðir hennar ákveðið smásöluverð, og er þá — svo fremi tilgreint verð ekki veitir útsölumanni ágóða, er fer fram úr 25% af innkaupsverði — bannað að selja vöruna eða bjóða fram í smásölu við lægra verði, nema leyfi viðkomandi framleiðanda eða heildsala eða önnur heimild komi til, eða salan falli undir 1. mgr. 5. gr., eða varan sé seld notuð eða skemmd. — Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 4000 kr. — **16. gr.** Brot gegn 3., 4. og 14. gr. laganna sæta opinberri ákæru. — Brot gegn 1., 5., 7., 9., 10., 11., 12., 13. og 15. gr. laganna sæta málsókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefir orðið.[b]) — Í refsimálum má samkvæmt kröfu dæma þeim skaðabætur, er fyrir órétti hefir orðið. — Í refsimálum er réttinum ennfremur heimilt, þegar ætla má, að einstaklingur eða fyrirtæki hafi beðið tjón, að dæma þeim, er fyrir tjóninu hefir orðið, skaðabætur samkvæmt kröfu hans, allt að 1000 kr., þrátt fyrir það, þótt ekki verði sannað, hversu miklu tjónið hefir numið.[c]) — Kröfu um umsamdar sektir má einnig gera í refsimálum. Verður þá hin umsamda sekt talin skaðabætur. — Með refsimálin skal farið sem almenn lögreglumál. — **17. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Refsiákvæði laganna gilda því aðeins, að ekki liggi þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) VI, 335—6, 332. — b) X, 369.

1933 Nr. 84 19. júní

Lög um sölu á eggjum eftir þyngd.

1912 Nr. 21 22. okt.

1. gr. Allir, sem egg selja, hvort heldur framleiðendur eða kaupmenn, skulu selja eggin eftir þyngd, þannig að verðið sé miðað við þyngdina. . . .[1]) — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 5 til 50 kr., er renni í landssjóð. — **3. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál.

Lög um að selja kornvörur og kol eftir vigt.

1877 Nr. 29 14. des.

1. gr. Allir kaupmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi, skulu, hvort sem verzlun þeirra fram fer á sjó eða landi, selja eftir vigt kornvöru alla og kol, nema kaup-

1) L. nr. 52, 28. jan. 1935, § 1. — a) XV, 358. — b) XXII, 201. — c) VIII, 396—7, 392, X, 369.

1877 Nr. 29 14. des.

andi æski mælis. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða 5—50 kr. sektum, er renna í landssjóð. — **3. gr.** Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

1902 Nr. 37 6. nóv.

Lög um að selja salt eftir vigt.

1. gr. Allir kaupmenn, verzlunar-umboðsmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi fyrir eigin reikning eða í umboði annarra, skulu, hvort sem verzlun þeirra fer fram á sjó eða landi, selja salt eftir vigt. — **2. gr.** Brjóti nokkur gegn fyrstu grein, skal hann sæta 100—500 kr. sektum, er renna að ⅔ í landssjóð og að ⅓ til uppljóstrarmanns. — **3. gr.** Með mál út af lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

1917 Nr. 11 16. marz

Lög um þyngd bakarabrauða.

1. gr. Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit, og skal bökurum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga en ákveðinn verður með téðri samþykkt. — Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð séu 4% léttari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%. — **2. gr.** Samþykktir eftir lögum þessum öðlast ekki gildi fyrr en stjórnaráðið hefir staðfest þær, og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðindanna. — **3. gr.** Í samþykktum þeim, er settar verða samkvæmt lögum þessum, má meðal annars ákveða sektir 25—500 kr. fyrir brot. Sektir allar renna í bæjar- eða sveitarsjóð þar, sem brotið er framið. — Með mál út af brotum gegn samþykkt eftir lögum þessum skal farið sem með opinber lögreglumál.

1930 Nr. 36 9. maí

Lög um vigt á síld.

1. gr. Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess. — Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í. — Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining. — **2. gr.** Þar sem síld er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær. — **3. gr.** Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. — Brot gegn lögunum varða sektum frá 20—2000 kr. Sektir renna í ríkissjóð.

1930 Nr. 36 9. maí

1949 Nr. 21 22. marz

Lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu.

1. gr. Steinolíu, hráolíu, benzín og smurningsolíu skal selja eftir vigt eða um mæli. — **2. gr.** Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, hráolíu, benzín eða smurningsolíu, skal vera merkt: a. nafn firma þess, félags eða einstaks manns, er vöruna selur; b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur; c. þyngd ílátsins með innihaldi (brúttóvigt); d. þyngd innihaldsins (nettóvigt); e. tala (númer) ílátsins. — Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni. — **3. gr.** Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er: a. tala (númer) ílátsins; b. nafn tegundar; c. þyngd ílátsins með innihaldi; d. þyngd ílátsins (sjálfs); e. þyngd innihaldsins. — **4. gr.** Löggildingarstofan löggildir mæla samkv. 1. gr. og hefur eftirlit með þeim, og er sala um mæla óheimil nema löggilding hafi áður farið fram. Nánari ákvæði um framkvæmd löggildingar og eftirlits skal setja með reglugerð. — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500 til 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

1928 Nr. 69 7. maí

Lög um einkasölu á áfengi.[a])

1. gr. [Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. — Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger. — Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.][1]) — **2. gr.** Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr. og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923,[2]) selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er rétt hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er lög heimila. [Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna,[3]) svo

1) L. nr. 63, 10. des. 1934, § 1. — 2) Sbr. nú l. nr. 58, 24. apríl 1954. — 3) Rgj. 31. des. 1930 (Stj.t. 1931, B. nr. 95, bls. 260—264), rgj. nr. 84, 29. des. 1928, rgj. nr. 108, 6. nóv. 1931 og rgj. nr. 3, 3. marz 1930. — a) VIII, 150—1, V, 705.

1928 Nr. 69 7. maí

og um sölu á öðrum vörutegundum, sem inn eru fluttar eða framleiddar hér og lög þessi ná til.][1]) Skal tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við héraðslækna, embættislausa lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil. — **3. gr.** Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram. — **4. gr.** Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisverzluninni forstöðu. Hann eða aðstoðarmaður hans, sem stýrir lyfjaverzluninni, skal hafa lyfsalapróf, og má fela honum eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjadeildinni er skylt að útvega frá útlöndum lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni, fyrir ríkissjóð, lækna, er rétt hafa til lyfjasölu, og sjúkrahús. Sjúkrahúslæknir annast um útvegun á þessum vörum handa sjúkrahúsum. . . .[2]) — **5. gr.** Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði, og skulu þau vera 7500 kr. á ári ásamt verðstuðulsuppbót.[3]) Ríkisstjórninni er heimilt að ráða forstöðumann áfengisverzlunarinnar og þá starfsmenn, er óhjákvæmilega þarf við daglegan rekstur hennar, til 5 ára í senn. Ríkisstjórnin getur þó vísað mönnum þessum úr þjónustu landsins, áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. — **6. gr.** Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verzlunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbréf. — **7. gr.**[a]) [Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af vörugæðum og áfengisstyrkleika, þegar um áfengi er að ræða.][4]) Lyf, er verzlunin útvegar læknum og sjúkrahúsum, seljast án hagnaðar. — Áfengisverzlunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd. Þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til. — **8. gr.** Verzlunin skal greiða lögákveðna tolla og aðflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir. — **9. gr.** [Verzlunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vörum þeim, er um ræðir í 1. gr. Viðskiptamenn verzlunarinnar greiði flutningskostnað á vörunum innanlands.][1]) — **10. gr.** Ágóði sá, er verður af verzluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í varasjóð. — **11. gr.** Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.[a]) — **12. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—40000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum.[b]) Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar [eða framleiddar][2]) í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær verzluninni til ráðstöfunar.[b]) Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð. — **13. gr.** Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

1928 Nr. 69 7. maí

Lög um einkasölu ríkisins á tóbaki. **1931** Nr. 58 8. sept.

1. gr. Frá 1. jan. 1932 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum nokkra tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.[c]) — Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef birgðirnar eru eigi að áliti tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir [15. og 16. gr.][3]) Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur þó ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land. — **2. gr.** Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Ríkisstjórnin setur reglur um verzlunina. — [Heimilt er ríkisstjórninni að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölunni þá starfrækslu.][4]) — **3. gr.** Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni. — **4. gr.** Nafn verzlunarinnar skal vera „Tóbakseinkasala ríkisins". — **5. gr.** Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara,[5]) skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo

1) L. nr. 63, 10. des. 1934, § 2. — 2) Sömu l., § 3. — 3) Sbr. nú l. nr. 60, 12. marz 1945, § 24. — 4) L. nr. 63, 10. des. 1934, § 4. — a) X, 391.

1) L. nr. 63, 10. des. 1934, § 5. — 2) Sömu l., § 6. — 3) L. nr. 75, 23. júní 1932, § 1. — 4) L. nr. 14, 5. maí 1941, § 1. — 5) Rgj. nr. 122, 29. des. 1931, rgj. nr. 39, 12. marz 1947 og rgj. nr. 193, 14. sept. 1950. — a) X, 391. — b) V, 706. — c) VII, 520.

1931 Nr. 58 8. sept.

endurskoðendur og setur þeim erindisbréf. — **6. gr.** Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1932, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. okt. 1931 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til. — **7. gr.** Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. okt. 1931, og getur ríkisstjórnin þá krafizt tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgeymslu. — **8. gr.** [Tóbakseinkasalan má leggja frá 10 til 350 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. — Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. — Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.][1]) — **9. gr.** Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega. — **10. gr.** Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölunnar, greiðist í ríkissjóð, og skal honum varið á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð. — **11. gr.** Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirliggjandi í Reykjavík. [Einkasalan greiðir kostnað við flutning á tóbaki til verzlunarstaða innanlands.][2]) Pantað tóbak getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar. — **12. gr.** [Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu og skal það vera hið sama um allt land.][3]) — **13. gr.** Á umbúðum allra tóbakstegunda, er einkasalan flytur inn, annarra en tóbaks til sauðfjárlækninga, skal letra „Tóbakseinkasala ríkisins". — **14. gr.** . . .[1]) — **15. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum allt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar.[a]) Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð. — **16. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 30, 6. maí 1949, § 1. — 2) L. nr. 8, 7. febr. 1950, § 1. — 3) Sömu l., § 2.

1931 Nr. 58 8. sept.

Lög um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.[2])

1934 Nr. 65 10. des.

1. gr. Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír. — Ákvæði laga þessara ná eigi til eldspýtnaforða skipa, sem koma til landsins, ef hann telst hæfilegur handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 10. og 11. grein. — **2. gr.** Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum. — **3. gr.** Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Gjaldið má þó eigi vera hærra en nemur álagningu tóbakseinkasölunnar. — **4. gr.** Tóbakseinkasala ríkisins skal leggja frá 25 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vindlingapappír er óbundin. — **5. gr.** Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. — **6. gr.** Ágóða þann, sem verður af rekstri þessarar einkasölu, skal telja með tekjum tóbakseinkasölu ríkisins. — **7. gr.** Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa hæfilegan forða ef eldspýtum og vindlingapappír fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn. — **8. gr.** Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð á eldspýtum og vindlingapappír í smásölu. — **9. gr.** Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum

1) Sbr. nú l. nr. 81, 9. júlí 1941, § 1 og l. nr. 108, 9. okt. 1941, § 3. — 2) Rgj. nr. 140, 31. des. 1934, sbr. rgj. nr. 71, 12. apríl 1950. — a) VII, 520.

1934 Nr. 65 10. des.

og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal vera letrað „Tóbakseinkasala ríkisins". — **10. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á vindla- og vindlingakveikjurum, og skulu um einkasölu á þeim gilda sömu reglur eins og segir í lögum þessum um einkasölu á vindlingapappír. — **11. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem lög þessi taka til, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

1917 Nr. 77 14. nóv.

Lög um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

1. gr. Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa svo mikla steinolíu, er henni þurfa þykir til þess að birgja landið, og selja hana kaupmönnum, kaupfélögum, sveitarfélögum og öðrum, samkvæmt reglugerð fyrir steinolíuverzlunina, er landsstjórnin setur. — Í þessu skyni veitist landsstjórninni og heimild til að taka það lán, sem á þarf að halda til innkaupa á olíunni, til áhalda og reksturs. — **2. gr.** Þegar landsstjórnin hefur tekið að sér aðflutninga á steinolíu samkvæmt 1. gr., er engum öðrum leyfilegt að flytja hingað til lands steinolíu en landsstjórninni, nema með sérstöku leyfi hennar. — **3. gr.** Á hvert steinolíufat (150 kg.), sem landsstjórnin selur hér á landi, skal leggja 4 kr. gjald, er renni að hálfu í landssjóð, en að hálfu í veltufjár- og varasjóð steinolíuverzlunarinnar. — Að öðru leyti skal selja olíuna fyrir það verð, er liðlega svarar innkaupsverði og öllum kostnaði. — Þegar verzluninni hefir safnazt svo mikið veltufé, að nægi til að reka með verzlunina skuldlaust, fellur gjald það, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., að öllu leyti í landssjóð. Hvers árs arður, sem til kann að falla umfram hið ákveðna 4 kr. gjald, leggist í veltufjár- og varasjóð verzlunarinnar, enda ber hann og það tap, sem verzlunin kann að verða fyrir. — **4. gr.** Landsstjórnin má þá fyrst nota þessa heimild, er hún hefir fengið bankaeða handveðstryggingu, er hún álítur fullnægjandi fyrir því, að áreiðanleg verzlunarhús selji landinu nægar birgðir af steinolíu fyrir eigi hærra verð en almennt stórkaupamarkaðsverð er á hverjum tíma á þeim stað, sem olían er keypt, og segi slíkum samningi eigi upp með minna en 1 árs fyrirvara. — **5. gr.** Landsstjórnin skipar vel hæfan mann, er hafi forstöðu steinolíuverzlunarinnar og alla reikningsfærsluna á hendi. Landsstjórnin velur 2 verzlunarfróða endurskoðunarmenn til að rannsaka alla reikninga og bækur verzlunarinnar, og skal sú endurskoðun fara fram árlega eftir hendinni, og eigi sjaldnar en eftir hverja 3 mánuði. Landsstjórnin ákveður laun forstöðumannsins og endurskoðenda. — **6. gr.** Í reglugerð þeirri, er getur um í 1. gr., kveður landsstjórnin á um, hvernig fara skuli um steinolíubirgðir þær, sem félög eða einstakir menn kunna að eiga óseldar, þegar lög þessi koma til framkvæmda, hvort leyft skuli að selja þær, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi til handa landssjóði. — **7. gr.** Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum allt að 100000 kr., og skal ólöglega innflutt steinolía upptæk og andvirðið renna í landssjóð. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál. — **8. gr.** Um leið og verzlun landsins með steinolíu byrjar, fellur niður vörutollur sá á steinolíu, sem ákveðinn er í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.[1])

1917 Nr. 77 14. nóv.

1921 Nr. 11 27. júní

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og flutning þeirra, ef sýslunefndir í meiri hluta hrossahéraðanna æskja þess. Ríkisstjórnin getur sett, með reglugerð eða reglugerðum, nánari ákvæði hér að lútandi. — **2. gr.** Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin, á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

1932 Nr. 50 23. júní

Lög um útflutning hrossa.

1. gr. Á erlendan markað má ekki flytja eldri hross en 10 vetra og ekki yngri hross en 3 vetra. Atvinnumálaráðherra getur þó leyft útflutning á einstökum hrossum, sem eru eldri en 10 vetra og yngri en 3 vetra, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem mæla með því. — **2. gr.** Á tímabilinu 15. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Frá 1. marz til 1. júní

1) Sbr. nú l. nr. 62, 30. des. 1939.

1932 Nr. 50 23. júní

má þó flytja út hross á aldrinum 4—10 vetra, enda séu þau feit og hafi notið innifóðurs ekki skemur en 1 mánuð. Þó þarf leyfi atvinnumálaráðherra til slíks útflutnings í hvert sinn, enda hafi hann áður sett reglur um meðferð hrossanna, frá því þau eru keypt og þar til þau eru látin í skip. . . .[1]) — **3. gr.** Áður en hross séu flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Þó getur atvinnumálaráðherra skipað aðra menn en dýralækna til þess að hafa eftirlit með útflutningnum, ef fjarlægðir eða aðrar sérstakar ástæður banna, að dýralæknir geti framkvæmt skoðunina. Skoðunarmenn semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð, og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði. — **4. gr.** Dýralækni eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.), er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í lagi. Ennfremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa. — **5. gr.** Skylt er dýralækni (eftirlitsmanni) að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, glaseygð, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum. — **6. gr.** Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni (eftirlitsmanni) með nægum fyrirvara, ennfremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina. — **7. gr.** Dýralækni og skipstjóra er skylt að fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. málsl. 3. gr. — **8. gr.** Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um útbúnað skipa, sem flytja hross, vatns- og fóðurbirgðir, hirðingu hrossa í skipunum, um það, hvernig eftirlitinu skuli hagað, og annað það, er þurfa þykir vegna útflutningsins.[1]) — **9. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt 8. gr., varða sektum frá 50—3000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 18, 19. júní 1933.

1932 Nr. 50 23. júní

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.[2]) **1935** Nr. 30 9. jan.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum: a) Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.[a]) b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum. c. Rafvélum og áhöldum, raflagningarefni. Skal undir þann flokk aðallega telja: Rafhreyfla, rafala, aðrar rafvélar og rafvélahluta, rafgeyma og rafhlöður, raflampa, glólampa (ljósakúlur), rafmæla, rofa og vör (öryggi), raflagnapípur, dósir, tengla og annarskonar búnað raflagna, boglampa, glimlampa, einangrara, hnappa, völur, spenna (transformatora), strenghólka allskonar, loftskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvír og vafinn vír, snúrur og strengi (kabil) úr eir. — **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu á einstökum vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum. — **3. gr.** Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst. — **4. gr.** Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar, eftir því sem þurfa þykir, og er henni heimilt að taka það að

1) Rgj. nr. 143, 10. des. 1908 og erbr. nr. 145, 22. des. s. á. — 2) Rgj. nr. 21, 13. marz 1935, rgj. nr. 40, 26. apr. s. á. og rgj. nr. 160, 25. sept. 1942. — a) XIV, 92.

1935 Nr. 30 9. jan.

láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölunnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur eða ríkisstofnanir, sem fyrir eru. — Verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur í ríkissjóð. — 30% af verzlunarhagnaðinum greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðalaðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annarra kaupstaða og sýslusjóða. — Skatt þennan greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47, 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana. — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—c og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölunnar.

1935 Nr. 51 28. jan.

Lög um verzlun með tilbúinn áburð.

1. gr. Ríkisstjórnin skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði frá 1. jan. 1935. Frá þeim tíma er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð. — **2. gr.** . . . — **3. gr.** Áburðurinn er ekki seldur öðrum en hrepps- og bæjarfélögum, búnaðarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn þann kostnað, sem af verzluninni með hann leiðir, umfram farmgjöld þau, sem um ræðir í 2. gr. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sé greiddur við móttöku. — **4. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að fela Sambandi ísl. samvinnufélaga, eða öðrum aðila er henta þykir, rekstur áburðarsölu ríkisins, og leggja fram eða ábyrgjast fé, er til þess þarf. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin reglur um rekstur verzlunarinnar.

1947 Nr. 63 31. maí

Lög um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

I. kafli. — Um verzlun með fóðurblöndur.

— **1. gr.** Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans (hér eftir kölluð landbúnaðardeild) skal hafa eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum. — **2. gr.** Atvinnudeild háskólans annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, en starfsmenn landbúnaðardeildar taka sýnishornin hjá framleiðendum og innflytjendum, þar sem þeir geta komið því við, en fela annars sérstökum trúnaðarmönnum sínum að taka þau þar, sem þeir vegna staðhátta eiga sérstaklega óhægt með það. — **3. gr.** Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fóðurblöndur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tillögum landbúnaðardeildar. — **4. gr.** Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fóðurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörunni, efst í hverjum poka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði: 1. Nafn og heimili framleiðanda. 2. Vikan, sem varan er framledid í. 3. Nöfn þeirra fóðurtegunda, sem notaðar eru í fóðurblönduna. 4. Upplýsingar um, hvaða búfjártegund blandan er ætluð. 5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvítu í hverri fóðureiningu af fóðurblöndunni. 6. Hve mörg kg þarf af fóðurblöndunni í hverja fóðureiningu. 7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig. — Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fóðurgæði og samsetningu sé að ræða. — **5. gr.** Þeir, sem verzla með fóðurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.[1]) — **6. gr.** Landbúnaðardeild heldur sérstakan reikning um tekjur þær, er inn koma eftir 5. og 10. gr., og gerir ríkisstjórn fulla grein fyrir. Gjöld eftir 5. gr. innheimtir landbúnaðardeildin, en gjöld af innfluttum fóðurblöndum innheimta sýslumenn eða tollstjórar með öðrum innflutningsgjöldum og standa landbúnaðardeild skil á. — **7. gr.** Í fóðurblöndur má aðeins nota þær fóðurtegundir eða fóðurefni, sem eru hollar fyrir búfé til þrifa og afurðamyndunar að dómi landbúnaðardeildar. Eigi má nota fóðurtegundir, sem hafa minna fóðurmagn en sem svarar 55 fe. í 100 kg. — **8. gr.** Við efnarannsókn á fóðurblöndum má hið reiknaða fóðurgildi ekki vera minna en 97% af tilgreindu fóðurgildi samkvæmt fylgiseðlinum, en magn eggjahvítu má ekki víkja meira en 12% frá tilgreindu meðaltali. — Sýni efnarannsóknir þrisvar í röð lægri fóðurgildistölu

1) Auglýs. nr. 202, 25. okt. 1947.

1947 Nr. 63 31. maí

eða of mikið frávik frá eggjahvítumeðaltali en framleiðandi eða innflytjandi hefur tilgreint, skal landbúnaðardeild skylda hlutaðeigandi aðila til að breyta framleiðslunni til samræmis við hið tilgreinda meðaltal, en sé þess eigi kostur, skal fóðurgildistölum þeim, sem tilgreindar eru á fylgiseðlinum, breytt til samræmis við efnagreiningar þær, sem um er að ræða. — **9. gr.** Starfsmenn landbúnaðardeildar eða trúnaðarmenn hennar, er taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar, skulu minnst taka þau þrisvar árlega hjá hverjum framleiðanda. Sýnishorn skulu tekin á framleiðslustað úr lokuðum pokum, sem tilbúnir eru til afhendingar. Þess skal gætt, að framleiðendur fóðurblandna fái enga vitneskju um, hvenær sýnishornataka á að fara fram. Sýnishorn skal taka úr 10. hverjum poka að jafnaði, þó skal aldrei taka færri en 5 sýnishorn af hverri tegund. Sýnishorn skulu tekin með þar til gerðum bor. — Starfsmönnum landbúnaðardeildar eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt, hvenær sem er, að taka sýnishorn af fóðurblöndum til efnagreiningar hjá verzlunum, sem verzla með þær vörur, svo og hjá einstökum bændum. Ekki skulu tekin færri sýnishorn en 3 af hverri tegund, og aðeins úr pokum, sem vissa er um, að hafi ekki verið opnaðir síðan þeir voru afhentir frá framleiðslustað. — **10. gr.** Þegar efnagreining hefur verið framkvæmd á sýnishornum, sem tekin eru til rannsóknar samkvæmt 9. gr., skal hverjum hlutaðeiganda send tilkynning um niðurstöður rannsóknanna. Í fyrsta sinn, sem einhver fóðurblanda víkur óleyfilega frá tilteknu fóðurgildi, skal hlutaðeigandi aðila tilkynnt skriflega, hverju er áfátt og hverjar skaðabætur honum beri að greiða, ef eigi verður úr bætt. Í annað sinn eða síðar, sem efnarannsókn sýnir minna fóðurgildi en tilgreint er, skal hlutaðeigandi aðila skylt að greiða til landbúnaðardeildar verðmismun þann, er fram kemur, miðað við tilgreint fóðurgildi. Komi í ljós við efnarannsókn, að frávik eggjahvítu frá tilgreindu meðaltali sé meira en leyfilegt er, skal viðkomandi aðila skylt að greiða 1% af heildsöluverði fóðurblöndunnar til landbúnaðardeildar. Skal gjaldið miðast við sel[t] vörumagn á tímabilinu milli töku sýnishorna. — Enn fremur skal framleiðandi greiða hlutaðeigandi kaupendum skaðabætur eftir útreikningi og mati landbúnaðardeildar, er nema að minnsta kosti tvöföldu verðmæti þess fóðurmjöls, sem vantar á, að fóðurblandan reynist eins og tilskilið er á fylgiseðlinum. Sé um of mikið magn af eggjahvítu að ræða, getur kaupandi einnig krafizt skaðabóta fyrir það, enda hafi hann að dómi landbúnaðardeildar orðið fyrir tjóni af þeim sökum. — Heimilt er aðilum að skjóti máli sínu til dómstólanna. — **11. gr.** Landbúnaðardeild skal birta, eigi sjaldnar en tvisvar á ári, skrá yfir alla þá, sem hafa leyfi til að framleiða og flytja inn fóðurblöndur til sölu. Þar skal tekið fram um nafn og vörumerki hverrar tegundar, verð, tilgreint fóðurgildi og magn af eggjahvítu, enn fremur hvaða búfé hver fóðurblanda er ætluð. Jafnframt skal landbúnaðardeild birta niðurstöður af efnarannsóknum hverrar tegundar, sem sé meðaltal af þremur síðustu rannsóknunum, sem gerðar hafa verið.

1947 Nr. 63 31. maí

II. kafli. — Um verzlun með síldarmjöl og fiskimjöl. — 12. gr. Til fóðurs innanlands mega síldarverksmiðjur landsins aðeins selja það síldarmjöl, sem flokkað er í I. flokki til útflutnings. Ef um skort á I. fl. vöru er að ræða, getur landbúnaðaráðherra gefið heimild til að selja lakari vöru til fóðurs, enda skal það þá selt hlutfallslega lægra verði og vera greinilega merkt sem II. fl. vara. — **13. gr.** Ekki má selja fiskimjöl til fóðurs á innlendum markaði, sem hefur undir 50% af hráeggjahvítu. Fiskimjöl, sem hefur 60% af hráeggjahvítu og þar yfir, er heimilt að selja í ákveðnum flokki. Landbúnaðarráðherra getur, eftir umsóknum frá framleiðendum og að fengnum tillögum landbúnaðardeildar, leyft þeim að selja þetta mjöl allt að 10% hærra verði en annað fiskimjöl. Fiskimjöl þetta skal greinilega merkt eftir fyrirmælum landbúnaðardeildar, er það háð eftirliti á sama hátt og fóðurblöndur, og skulu framleiðendur þess greiða af því jafnhátt gjald til eftirlitssjóðs og greitt er af fóðurblöndum samkvæmt 5. gr.

Lög um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.[1])

1921 Nr. 28 27. júní

1. gr. Þá er verzlað er með tilbúinn áburð og meira selt í senn eða sama manni en 200 kílógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsaðiljum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sér skriflegan samning um kaupin. — Í tryggingarskjalinu séu þær upplýsingar um vöruna, sem lög þessi ákveða. — Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið,

1) Sbr. l. nr. 63, 31. maí 1947.

og eigi heldur skriflegur samningur um kaupin; skal þá líta svo á, að varan sé seld sem óskemmd vara, og hvílir á honum sönnunarskyldan um að svo sé. — Í tryggingarskjalinu skal tilgreina: 1. Nafn seljanda og kaupanda. 2. Þyngd og verð hverrar tegundar af áburðinum. 3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver hann sé. Bendi nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinn, skal greina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sé köfnunarefni í lífrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra. — Sé áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina, hve mikið er af þeim. 4. Efnasamsetning áburðarins í hundraðshlutföllum þannig: a) Köfnunarefni í saltpéturssýru. b) Köfnunarefni í ammoníaki. c) Köfnunarefni í lífrænum samböndum. d) Köfnunarefni í cyanamídi. e) Fósfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni. f) Fósfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og cítrónsýru. g) Kalí, leysanlegt í vatni. h) Kalk (sem kolsúrt kalk). i) Gibs (vatnslaust, brennisteinssúrt kalk). — Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig með tryggingarbréfinu, um lágmarksinnihald áburðarins af þeim efnum, sem nefnd eru undir stafliðnum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaust. — Seljandi ábyrgist með undirskrift sinni, að það, sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn, sé rétt, og að áburðurinn sé hæfilega þurr og mulinn og vel nothæfur. — Í verðlistum, umburðarbréfum og auglýsingum má eigi nota önnur orðatiltæki um jurtanærandi efni áburðarins en þau, sem nefnd eru undir stafliðunum a.—i. — **2. gr.** Þegar verzlað er með kjarnfóður [annað en síldarmjöl][1]), svo sem korntegundir, olíukökur, sykurúrgang (melasse), síld, . . .[1]) lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskírteini. Sömuleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skírteini er út gefið. [Óheimilt er að selja síldarmjöl til fóðurs innanlands, nema fram hafi farið flokkun og mat á mjölinu. Tryggingarskírteini skal ætíð fylgja vörunni til kaupanda, þótt minna sé selt en 300 kg. Skal þar tilgreind efnasamsetning mjölsins og umbúðir jafnan merktar verksmiðjumerki.][1]) — Á tryggingarskírteini sé tekið fram: 1. Nafn seljanda og kaupanda. 2. Þyngd og verð hverrar tegundar kjarnfóðursins. 3. Nafn kjarnfóðursins og úr hverju það er tilbúið. 4. Sé kjarnfóðrið búið til úr fleiri efnum, skal tilgreina, hver þau eru og í hvaða hlutföllum. 5. Hvort kjarnfóðrið er blandað annarlegum efnum. Sé það eigi tilgreint, verður að álíta, að svo sé ekki. 6. Sé um olíukökur að ræða, skal tilgreina, hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu. 7. Sé um lýsi að ræða, skal ætíð gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minnsta kosti. 8. Sé um lifur að ræða, skal tilgreina hvers konar lifur; ennfremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó séu saman við lifrina, enda sé ætíð slíkt síað frá áður en sala fer fram, að því leyti, sem það getur aðgreinzt án bræðslu. 9. Sé um síld að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hve nær söltuð, hvort hún sé metin útflutningsvara, og þá í hvaða flokki. En sé hún það ekki, þá skal tilgreint, hvort hún hafi verið söltuð óskemmd og verið viðhaldið með nægum pækli í fullbentum og lagarheldum ílátum þar til hún er afhent, og ennfremur, hve mikill þungi síldar og salts sé í hverju íláti. 10. . . .[1]) 11. . . .[1]) 12. Sé trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum í kjarnfóðrinu, skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstölum, hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig: a) Af köfnunarefniskenndum efnum. b) Af feiti. c) Af sykri. d) Af öðrum kolvetnum, sé um þau að ræða í fóðrinu. e) Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka. — Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sé ekki um þau kunnugt. — Með undirskrift sinni ábyrgist seljandi, að það, sem sagt er um fóðrið sé rétt, og sé enginn varnagli sleginn, verður að álíta, að fóðrið sé eigi blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sé óskemmt og vel nothæft til fóðurs. — **3. gr.** Stjórnarráðið sér um, að út séu gefin eyðublöð fyrir tryggingarskjöl þau, sem um ræðir í 1. og 2. gr. — Sé það nauðsynlegt, vegna nýrra áburðar- eða kjarnfóðurefna, eða breyttra aðferða við efnarannsóknir eða af öðrum breyttum ástæðum, getur stjórnarráðið breytt um eða aukið reglur þær, er hér eru settar um

1) L. nr. 41, 12. júní 1939, § 1.

1921 Nr. 28 27. júní

1) L. nr. 41, 12. júní 1939.

tryggingar. — **4. gr.** Stjórnarráðið ákveður í reglugerð,[1]) að umbúðir um vörur þær, er ræðir um í lögum þessum, skuli bera með sér, eða þeim á annan hátt fylgja upplýsingar um: a) Nafn vörunnar. b) Nafn verksmiðju eða seljanda. c) Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskírteini, hafi það verið gefið. — **5. gr.** Í verðlistum, umburðarbréfum og auglýsingum um vörur þær, er lög þessi ræða um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gylla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rétt er. — **6. gr.** Hver kaupandi, er hefir í höndum tryggingarskírteini samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rétt til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau á efnarannsóknarstofu ríkisins eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru, eftir þeim reglum, er hér segir: 1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur, og leggja með hverju þeirra blað, er á sé ritað, hvenær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskírteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutaðeigendum eða umboðsmönnum þeirra. — Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskírteininu, en seljandi og kaupandi halda sínu hvor, eða umboðsmenn þeirra. 2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað, áleiðis til kaupanda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sé um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vörurnar eru komnar á ákvörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynnt að varan sé komin. Seljandi annast tilkynninguna. 3. Sé seljandi eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, sem segir í tölulið 1. Sé það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal hann kveðja til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni, og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vörurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ílát eða pokar séu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin séu tekin. Enn fremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort álítast megi, að varan hafi skemmzt í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir vottorð þessi. 4. Sýnishorn þau, sem nú hefur verið um getið, skal taka af vörunni þannig, að þau séu, eftir því sem unnt er, meðaltal þeirrar vöru, sem um er að ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemmzt hefir í flutningnum eða er rakur eða í skemmdum umbúðum, höfð til marks um annað en skemmdir á vörunni. 5. Sé varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur ílát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum, sé um meira að ræða, skal að minnsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild, og aldrei af minna en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda nákvæmlega saman, og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn. — Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til eru, hafa rétt til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær, og kaupmönnum og samvinnufélögum, er verzla með þær. — **7. gr.** Rannsóknir þær, sem um ræðir í 6. gr., skulu gerðar af efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur. — Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna séu rýrari en ábyrgzt hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu. — Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta. — **8. gr.** Nú reynast verðmæt efni áburðar og fóðurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minnst geti verið, og á kaupandi þá rétt til skaðabóta hjá seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Skal miða við þá rýrnun á verðmæti vörunnar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun. — **9. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða sam-

1) Rgj. nr. 123, 30. des. 1921.

1921 Nr. 28 27. júní

1921 Nr. 28 27. júní

kvæmt þeim, varða sektum, frá 100—2000 krónum. — Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1949 Nr. 88 22. júlí

Lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

1. gr. Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og þurrmjólk. — **2. gr.** Komi það í ljós, að vöntun verði á niðursoðinni eða þurrkaðri mjólk, getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu um stundarsakir frá ákvæðum 1. gr., ef framleiðsluráð landbúnaðarins mælir með því. — **3. gr.** Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð. — **4. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

1935 Nr. 78 15. apríl

Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.[1])

1. gr. Ríkisstjórnin hefir ein heimild til þess að flytja til landsins hverskonar trjáplöntur, og tekur sú heimild einnig til plantna af öllum tegundum runna, nema rósum. Ennfremur skal ríkisstjórnin taka að sér eftirlit með innflutningi á trjáfræi. — **2. gr.** Ríkisstjórnin felur skógrækt ríkisins að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin felur einnig skógrækt ríkisins eftirlit með innflutningi á trjáfræi. — **3. gr.** Skógræktarstjóri, sem framkvæmdarstjóri skógræktarmálanna, sér um innkaup, sölu og afhendingu erlendra trjáplantna. Plönturnar má selja bæði í heildsölu og smásölu, en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórn, eftir tillögum skógræktarstjóra. — **4. gr.** Skógræktarstjóri skal leggja áherzlu á, að til landsins flytjist harðgerðar plöntur, sem líklegar séu til þess að þola íslenzkt veðurfar. Skal hann einnig gæta þess, að heilbrigði plantnanna sé ekki ábótavant, svo framarlega, sem þess er kostur. — Eftirlit með innflutningi á trjáfræi skal fólgið í því, að skógræktarstjóri getur krafizt þeirra heilbrigðisvottorða, sem hann álítur nauðsynleg, með hverri tegund trjáfræs. — **5. gr.** Sá arður, sem kann að verða af sölu innfluttra trjáplantna, fellur til skógræktar ríkisins, og skal honum ráðstafað á sama hátt og því fé, sem skógrækt ríkisins hefir í þarfir skógræktarmálanna. — **6. gr.** Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins. — Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum. — Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr. — Sektarfé rennur í ríkissjóð. — **7. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

1) Augl. nr. 35, 11. apríl 1935.

1935 Nr. 78 15. apríl

1943 Nr. 31 2. apríl

Lög um verzlun með kartöflur o. fl.[1])

1. gr. Ríkið rekur innflutnings- og heildverzlun, sem heitir Grænmetisverzlun ríkisins. Er hlutverk hennar að annast innflutning og verzlun með kartöflur og annað grænmeti samkv. því, sem lög þessi ákveða, svo og að greiða fyrir sölu á innlendum garðávöxtum með því meðal annars að lána framleiðendum markaðsskála til almennrar sölu garðávaxta, ef það þykir henta. — Eignir Grænmetisverzlunar ríkisins samkv. lögum nr. 34 frá 1. febr. 1936, eins og þær verða er lög þessi koma til framkvæmda, eru stofnfé verzlunarinnar. — **2. gr.** Engum öðrum en Grænmetisverzlun ríkisins er heimilt að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Bann þetta nær þó eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru, að áliti viðkomandi tollyfirvalds, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. — **3. gr.** Grænmetisverzlun ríkisins skal ávallt fylgjast vel með því, hve miklar birgðir af kartöflum eru til í landinu, og gæta þess að flytja ekki inn erlendar kartöflur fyrr en hin innlenda framleiðsla er svo til þurrðar gengin, að öruggt sé, að innflutningurinn torveldi ekki sölu hennar. Til þess að greiða fyrir þessu skal skýrslusöfnun Búnaðarfélags Íslands og Hagstofu Íslands um kartöfluuppskeru vera framkvæmd í samráði við Grænmetisverzlun ríkisins og hagað þannig, að hún verði að sem beztum notum við rekstur verzlun-

1) Augl. nr. 29, 28. apríl 1936.

arinnar. — **4. gr.** Grænmetisverzlun ríkisins kaupir innlenda framleiðslu af kartöflum og öðru grænmeti eftir því, sem ástæður leyfa. Skal hún, eftir því sem fært þykir, láta þá framleiðendur sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutning að vetrarlagi. Verzlunin birtir útsöluverð sitt á vörum þessum til leiðbeiningar öðrum verzlunum, framleiðendum og neytendum. —**5. gr.** Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á helzlu innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímann, frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara hækkandi, svo fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem síðar verða seldir. Nýir, innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta. Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt, að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð. — Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama tíma og sömu gæði. — Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun ríkisins verzlar með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunarkostnaður fáist greiddur. — **6. gr.** Allar kartöflur, sem seldar eru í verzlunum á helztu markaðsstöðum landsins, skulu aðgreindar í flokka: úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk. Í úrvalsflokki séu aðeins beztu tegundir af matarkartöflum, sem fullnægja ströngustu kröfum um aðgreiningu, heilbrigði og meðferð. Í I. flokki sé allur meginþorri hreinna kartöflutegunda, sem eru vel aðgreindar, heilbrigðar og vel með farnar. Í II. flokki séu lökustu tegundirnar og aðrar þær kartöflur, sem ekki geta komið í úrvalsflokk eða I. flokk, ef þær annars teljast söluhæfar til manneldis. — Verðskráning kartaflna skal haga þannig, að nægilegur verðmunur sé á úrvalsflokki kartaflna og I. og II. flokki til þess, að framleiðendur kjósi að hafa sem bezta vöru á boðstólum. — Á tímabilinu frá því uppskera hefst og til 20. sept. ár hvert er heimilt að selja kartöflur af nýrri uppskeru án mats eða flokkunar, nema annað sé ákveðið af matsnefnd (sbr. 7. gr.). — **7. gr.** . . .[1])

1) L. nr. 11, 2. apríl 1946, § 10, sbr. nú l. nr. 94, 5. júní 1947.

Nefndin ræður matsmann í Reykjavík og á öðrum helztu markaðsstöðum á landinu, eftir því sem þörf krefur, og starfa þeir í umboði hennar. Þóknun til nefndarinnar og matsmanna og gjöld fyrir matsvottorð ákveður ráðuneytið. — **8. gr.** Óheimilt er verzlunum, að viðlögðum sektum, að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Leiki vafi á því, í hvaða flokki skuli selja kartöflur, skal leita um það úrskurðar viðkomandi matsmanns, en selja þær ella sem II. flokks vöru. Í smásöluverzlunum skal greinilega auðkennt við kartöflur þær, sem eru á boðstólum, hvaða flokki þær tilheyra og einnig tegundarnafn þeirra, þegar um úrvalsflokk og I. flokk er að ræða. Ákvæði þessarar greinar ná þó aðeins til þeirra staða á landinu, þar sem flokkun og mat á kartöflum er fyrirskipað samkvæmt reglugerð. — **9. gr.** Þegar mikið framboð er af innlendum kartöflum, getur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum Grænmetisverzlunar ríkisins, bannað verzlunum sölu á II. flokks kartöflum til manneldis á öllum helztu markaðsstöðum landsins.[1]) — **10. gr.** Grænmetisverzlun ríkisins skal sjá um, eftir því sem unnt er, að árlega sé völ á heilbrigðu, völdu, innlendu útsæði. Skal hún þess vegna koma á fót stofnræktun úrvalskartöflutegunda (eliteræktun) og semja við einstaka kartöflueframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti. — **11. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann Grænmetisverzlunar ríkisins og endurskoðendur. — Hagnaði þeim, er verða kann á rekstri verzlunarinnar, má hún verja til eflingar matjurtaræktar, sbr. 10. gr., svo og til þess að tryggja framtíð stofnunarinnar með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði. — **12. gr.** Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laganna, svo sem að því er snertir ákvæði 6. gr. um flokkun kartaflna og verðmismun á flokkum, svo og um annað, er þurfa þykir.[2]) — **13. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt lögum. — Kartöflur og annað grænmeti, sem flutt kann að vera inn í bága við lög þessi, skal gert upptækt og afhent Grænmetisverzlun ríkisins. — Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglu-

1) Auglýs. nr. 178, 30. sept. 1953. — 2) Rgj. 15. sept. 1944 (Lögbirtingabl. 21. sept. 1944).

1943 Nr. 31 2. apríl

mál. . . . **Ákvæði til bráðabigða.** Heimilt er með reglugerð að veita fyrst um sinn undanþágu frá ákvæðum 6. og 8. gr. um aðgreiningu kartaflna í I. flokki eftir tegundum og auðkenning þeirra.

1902 Nr. 3 14. febr.

Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða.

1. gr. Stjórnarráðinu fyrir Ísland veitist heimild til að banna að flytja hingað til lands frá útlöndum ósútaðar húðir eða ósútuð skinn, nema söltuð sé og óhert, eða enn frekari trygging sé fyrir því, að ekki felist í þeim sóttnæmi.[1]) — **2. gr.** Brot gegn slíku banni varða sektum, 200—1000 kr., og liggi þó eigi þyngri hegning við að lögum; skinn og húðir skulu og upptæk og ónýtt á opinberan kostnað enda renni sektir í landssjóð. — **3. gr.** Mál út af téðum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

1891 Nr. 35 11. des.

Lög um aðfluttar ósútaðar húðir.

Landsstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi.

1933 Nr. 32 19. júní

Lög um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.[2])

1. gr. Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur. — Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti. — Rjómalíki nefnist feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum. — Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en önnur feiti er í en mjólkurfeiti. — Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt. — **2. gr.** Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna. — **3. gr.** Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu minnst 2 mánuðum áður en starfsemi byrjar. Atvinnumálaráðuneytið lætur þá þann, er það hefir falið eftirlit með smjörlíkisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant, má starfsemin eigi byrja fyrr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda. — Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlíkisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns. — Smjörlíkisgerð má eigi, án samþykkis atvinnumálaráðherra, vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum. — Smjörlíkisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna, og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlíkisgerða nákvæma skýrslu um, hve framleiðslan hefir verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum, hve mikið hafi verið notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna, þar á meðal af mjólk, rjóma og smjöri. — Þess skal gætt, að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl. — **4. gr.** Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.[a]) — **5. gr.** Í smjörlíki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörlíki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr., mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna, og hefir atvinnumálaráðherra úrskurðarvald um þau efni. — **6. gr.** [Allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt. — Atvinnu-

1933 Nr. 32 19. júní

1) Sjá augl. nr. 20, 12. júlí 1902. — 2) Rgj. nr. 118, 15. nóv. 1934.

a) V, 793.

1933 Nr. 32 19. júní

málaráðherra getur, eftir tillögum mjólkursölunefndar, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlíkis með smjöri, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingunni. — Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þessarar greinar, eftir því sem þurfa þykir.][1]) — **7. gr.** Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Atvinnumálaráðherra ákveður, hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim. — **8. gr.** Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2‰ af af hreinni jarðeplasterkju. — **9. gr.** Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa skýru letri orðið Smjörlíki ásamt nafni smjörlíkisgerðar þeirrar, sem vöruna hefir framleitt. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörlíki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum. — Nú er smjörlíki selt mótað, og skal þá þungi skökunnar vera ¼, ½ eða 1/1 kg., og skal skrá það á umbúðirnar. — Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um, svo og um hámarkaðsverð á smjörlíki, sem blandað er smjöri. — **10. gr.** Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlíkisgerðanna. — Eftirlitsmanni skal jafnan heimill aðgangur að smjörlíkisgerðum þeim, sem honum er falið eftirlit með. Er honum heimilt að taka sýnishorn til rannsóknar, bæði af hráefnum og fulltilbúnum vörum. Forstöðumönnum smjörlíkisgerða er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og sýna honum framleiðslubækur þær, sem nefndar eru í 3. gr. — Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hverrar verksmiðju. — **11. gr.** Lögreglustjórum er falið eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann, og skal þeim jafnan heimilt að taka til rannsóknar sýnishorn af hráefnum og vörum þeim, er smjörlíkisgerðirnar framleiða. — Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með inn- og útflutningi á vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og hafa rétt til að láta rannsaka þær. — **12. gr.** Til greiðslu á kostnaði við eftirlit og framkvæmd þessara laga getur atvinnumálaráðuneytið lagt gjald á verksmiðjur þær, sem framleiða þær vörur, sem nefndar eru í lögunum. Gjaldið skal miða við framleiðslu verksmiðjanna, og má fela eftirlitsmanni innheimtu þess. — Gjald það, sem verksmiðjunum ber að greiða, má taka lögtaki. — **13. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.[a]) — Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

1) L. nr. 61, 28. jan. 1935, sbr. rgj. nr. 41, 27. apr. 1935, rgj. nr. 99, 26. sept. s. á., augl. nr. 14, 13. jan. 1941 og augl. nr. 9, 20. jan. 1942.

1933 Nr. 32 19. júní

1932 Nr. 52 23. júní

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til þess að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, er nemi samtals 400000 kr., með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Ábyrgðarheimildin má ná til lána, sem tekin eru í umræddu skyni af sýslufélögum eða samvinnufélögum bænda. — Hámark hvers láns, sem ábyrgzt er, má nema allt að ⅔ kostnaðar. — Frystihúsin séu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er bezt fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í héraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi. — Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sé frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi at-

a) V, 793.

1932 Nr. 52 23. júní

vinnumálaráðuneytið samþykkt áætlun og teikningar. — Til baktryggingar ríkisábyrgðinni sé ábyrgð hlutaðeigandi sýslufélaga, eða aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar, auk fyrsta veðréttar í frystihúsum og vélum þeirra.

1935 Nr. 79 16. apríl

Lög um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

1. gr. . . .[1]) — **2. gr.** Allur kostnaður við störf mjólkursölunefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 1, 7. jan. 1935,[2]) þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóðum, sem myndast samkvæmt þeim lögum. — **3. gr.** Kostnaður við störf síldarútvegsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 74, 29. des. 1934, þar með talin laun nefndarmanna, skal greiddur úr sjóði þeim, sem heimilt er að stofna samkvæmt 2. gr. þeirra laga. — **4. gr.** Kostnaður við störf kjötverðlagsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 2, 9. jan. 1935,[2]) þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóði þeim, sem myndaður er samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

1935 Nr. 92 3. maí

Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum.

1. gr. Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að setja með reglugerð ákvæði um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á öllum þeim sjávarafurðum, sem ekki er áður mælt fyrir um í sérstökum lögum.[3]) — **2. gr.** Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

1935 Nr. 56 28. jan.

Lög um útflutning á síldarmjöli.

1. gr. Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna eða takmarka útflutning á síldarmjöli úr landinu, ef nauðsyn þykir vegna fóðurskorts. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða allt að 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

1) Sbr. l. nr. 120, 12. des. 1935, § 15 og l. nr. 75, 31. des. 1937, § 16. — 2) Nú l. nr. 94, 5. júní 1947. — 3) Rgj. nr. 131, 4. des. 1936, 49, 13. maí 1937, 75, 23. júlí 1937, 44, 12. marz 1946, 6, 10. jan. 1947 og rgj. nr. 105, 30. júlí 1944, 66, 26. júní 1944, sbr. rgj. nr. 45, 21. febr. 1945, rgj. nr. 84, 12. ágúst 1945.

1931 Nr. 37 8. sept.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmissa ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að leigja þrjú eða fleiri skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem útvegsmenn og sjómenn hafa með sér félagsskap um fisksölu, en tæki skortir til að koma nýjum fiski á útlendan markað, enda sé öllum frjáls þátttaka og atkvæðisréttur óbundinn að samvinnuhætti. Skal á þeim stöðum vera nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan. — . . .[1]) — **2. gr.** Skipaútgerð ríkisins hefir á hendi framkvæmdir um rekstur flutningaskipanna, semur áætlun um ferðir þeirra og ákveður flutningsgjöld. Skal flutningsgjöld miða við það, sem ætla má að þurfi til þess að ekki verði rekstrarhalli á skipunum. — **3. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um meðferð og sölu fiskjarins fyrir útflutningsfélög, er þess óska. Gefur skrifstofan félögunum fyrirsagnir um greiningu og hirðingu fiskjarins, gerir reikningsskil fyrir hverja ferð og greiðir félögunum andvirði aflans, að frádregnum kostnaði. — **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, ef fé er fyrir hendi, sbr. 1. gr., að veita fiskútflutningsfélögum lán til kaupa á fiskumbúðum og öðrum tækjum, er nota þarf við útflutning fiskjarins, enda mæli Fiskifélag Íslands með lánveitingunni. — **5. gr.** [Nú leigir fisksölufélag, sbr. 1. og 4. gr., sjálft skip til flutninga á ísvörðum fiski, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka ábyrgð á slíkri skipaleigu, allt að 200 þús. kr. samtals, gegn tryggingum þeim, er hún metur gildar.][2])

1925 Nr. 5 4. maí

Lög um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu.

1. gr. Á Spáni og Ítalíu skal vera fiskifulltrúi, sem atvinnumálaráðherra skipar. — **2. gr.** Laun fiskifulltrúans greiðast að þriðjungi úr ríkissjóði, en hinn hluta launanna greiða Landsbankinn og Íslandsbanki[3]) að helmingi hvor. — **3. gr.** Landsstjórnin ákveður launaupphæðina með samningi, að fengnum tillögum bankanna, og sá hlutinn,

1) L. nr. 65, 23. júní 1932, § 1. — 2) Sömu l., § 2. — 3) Nú Útvegsbanki Íslands h/f, l. nr. 7, 11. marz 1930, § 14. — a) XII, 7.

1925 Nr. 5 4. maí

sem ríkissjóður á að greiða, skal tekinn upp í fjárlög. — **4. gr.** Landsstjórnin gefur fulltrúanum erindisbréf og ákveður starfssvið hans.

1948 Nr. 46 5. apríl

Lög um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

1. gr. Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af löggiltum matsmönnum og háður eftirliti þeirra.[a]) Undanskildar eru þó smásendingar, 50 kg eða minni, sem sendar eru að gjöf. — Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land. Ráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra. — Ráðuneytið getur ákveðið, að mat fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands. — **2. gr.** Ráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati, þegar svo stendur á, að reyndar eru nýjar verkunaraðferðir í tilraunaskyni. Um slíkar undanþágur skal leita álits fiskmatsstjóra. — **3. gr.** Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara. Útskipun, hleðsla og meðferð fisksins í útflutningsskipunum skal fara fram undir umsjón yfirmatsmanns eða löggilts hleðslustjóra til útlanda. — Hverri matsskyldri fisksendingu skal fylgja vottorð fiskmatsstjóra eða yfirmatsmanns. — **4. gr.** Ráðherra skipar fiskmatsstjóra og gefur honum erindisbréf. Skal hann hafa á hendi yfirstjórn alls fiskmats á landinu. — Fiskmatsstjóri skal hafa fulla þekkingu á meðferð og verkun á fiski, frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er fullgerð vara til útflutnings. Hann skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum í meðferð, verkun og mati fiskafurða og skýra yfirfiskmatsmönnum og öðrum aðilum frá því, er að gagni má verða, svo og leiðbeina yfirmatsmönnum um störf þeirra og í samvinnu við þá stuðla að endurbótum á verkunaraðferðum fiskafurða og fylgjast með vöruvöndun. Honum er enn fremur skylt að ferðast um landið til eftirlits með framkvæmd matsins og til leiðbeininga. — Þá skal matsstjóri, í samráði við ráðherra, ferðast til þeirra landa, er kaupa afurðir héðan, til þess að kynna sér kröfur neytenda og nýjungar í framleiðsluháttum. — Fiskmatsstjóri hefur úrskurðarvald um ágreining, er verða kann um fiskmat. Sé ágreiningurinn um vörugæði milli matsins annars vegar og framleiðenda eða annarra aðila hins vegar, má þó vísa honum til úrskurðar iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans. — **5. gr.** Ráðuneytið skipar yfirfiskmatsmenn, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra, og gefur þeim erindisbréf.[1]) Skulu þeir hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks. — Yfirfiskmatsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra. — **6. gr.** [Yfirfiskmatsmenn skulu vera alls átta á landinu: 1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði. 2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri. 3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði. 4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum. 5. Einn yfirfiskmatsmaður, sem hafi sérþekkingu á meðferð og verkun harðfisks og leiðbeini um skreiðarmat um land allt. 6. Þrír yfirfiskmatsmenn á Suðurlandi með búsetu í Reykjavík. Skal einn þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks, en annar sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu. — Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum. — Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.][2]) — **7. gr.** Yfirfiskmatsmennirnir skulu skyldir til þess að ferðast um landið og líta eftir og leiðbeina um verkun og meðferð fisks og hafa umsjón með hleðslu fisks í skip o. fl., eftir fyrirmælum fiskmatsstjóra. Skulu hleðslustjórar skyldir að hlíta fyrirmælum fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa. — Yfirfiskmatsmenn skulu og fylgjast sem bezt með framleiðslu verkunarstöðva og leiðbeina matsmönnum eftir þörfum. — Fiskmatsstjóri, yfirmatsmenn eða matsmenn geta stöðvað fiskverkun, vinnslu eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyrirmæla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar. — **8. gr.** Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi

a) XII, 7.

1) Er.br. nr. 140, 13. marz 1950. — 2) L. nr. 114, 29. des. 1952, § 1.

1948 Nr. 46 5. apríl

þeirra. — Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski. — **9. gr.** Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman. — **10. gr.** Fiskmatsstjóri skal taka laun samkvæmt VI. launaflokki 1. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins. — Yfirfiskmatsmenn skulu taka laun samkvæmt X. launaflokki sömu laga. — Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn fá greiddan kostnað vegna ferða í þágu matsins, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur. — **11. gr.** Sannist þær misfellur á vottorði fiskmatsstjóra eða yfirfiskmatsmanns, er álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgð á tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni eða löggildingu fyrirvaralaust. — Um hegningu fyrir brot yfirfiskmatsmanna og fiskmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum. — **12. gr.** Á hverri fiskverkunar- eða vinnslustöð skal vera einn fiskmatsmaður eða fleiri, eftir því sem fiskmatsstjóri álítur þörf fyrir. — Fiskmatsmenn skulu hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks, eða hafa lokið prófi á námskeiði fyrir fiskmatsmenn, er ráðuneytið setur reglur um. — Fyrirtæki þau eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, að ísuðum fiski undanskildum, skulu skyld til þess að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka farm á fleiri höfnum en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirmatsmanna, sbr. 3. gr. þessara laga. — Þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, skal, þar sem þess er þörf í verstöð, fela fiskmatsmanni á þeim stað að hafa eftirlit með því, að ýmis ákvæði reglugerða samkvæmt lögum þessum séu haldin, svo sem ákvæði um aðgerð fisks, útbúnað fiskiskipa, áhöld og fleira, er varðar mat og meðferð fisks. — Lögreglustjóri löggildir, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, starfsmenn þá, sem um ræðir í þessari grein, og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. — **13. gr.** Kaup fiskmatsmanna fyrir starf þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum um störf fiskmatsmanna.[1]) — **14. gr.** Til þess að tryggja sem bezt samræmi í mati á fiskafurðum, skal fiskmatsstjóri halda fundi með yfirmatsmönnum og matsmönnum, svo oft sem þurfa þykir. Á fundi þessa skal boða verzlunarerindreka landsins, er gefið geti upplýsingar og leiðbeiningar um kröfur markaðslanda vorra. — **15. gr.** Fiskmatsstjóri skal sjá um, að tilraunir verði gerðar með nýjar aðferðir til verkunar á fiskafurðum, svo og til endurbóta á eldri aðferðum. Tilraunir þessar skal hann gera í samvinnu við eða undir umsjá Atvinnudeildar háskólans. Þá skal hann og sjá um, að rannsökuð verði hagnýti mismunandi aðferða, gildi byggingar- og einangrunarefna, nýting orku o. fl. varðandi verkun og vinnslu fiskafurða, einnig í samvinnu við sömu stofnun, svo að efni, vinna og orka nýtist sem bezt við framleiðsluna. — **16. gr.** Ráðuneytinu er heimilt að setja reglugerðir og fyrirmæli um meðferð á fiski, sem verkaður er til útflutnings, svo og um hráefni, tæki, vinnslustöðvar og útbúnað fiskiskipa. Enn fremur um verkun, umbúðir, mat, flutning og útflutning á fiski.[2]) — Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þessari grein, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim allt að 50 000 kr., er renni í ríkissjóð. — **17. gr.** Sá, sem flytur eða lætur flytja út fisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 1 000 til 30 000 króna sektum í ríkissjóð, sbr. þó 1. mgr. 1. gr. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt nema allt að 60 000 kr. — Um mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, fer sem um almenn lögreglumál. — **18. gr.** Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru lagðar niður eftirtaldar stöður: 1. Staða fiskimatsstjóra, sbr. lög nr. 7 9. jan. 1935. 2. Staða freðfisksmatsstjóra. 3. Stöður fimm yfirfiskimatsmanna samkvæmt

1948 Nr. 46 5. apríl

1) Er.br. nr. 141, 13. marz 1950. — 2) Er.br. nr. 70, 3. júlí 1933, auglýs. nr. 123, 3. júlí 1939, rgj. nr. 81, 13. marz 1950, rgj. nr. 124, 16. júní 1953, rgj. nr. 127, 26. júní 1953, sbr. rgj. nr. 26, 8. marz 1954, rgj. nr. 56, 26. marz 1953, sbr. auglýs. nr. 117, 13. maí 1953.

1948 Nr. 46 5. apríl

3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat. 4. Stöður fimm yfirfreðfisksmatsmanna. 5. Staða skreiðarmatsstjóra.

1938 Nr. 53 11. júní

Lög um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

1. gr. Öll matjessíld og skozkverkuð síld, sem verkuð er hér á landi og í íslenzkri landhelgi, skal metin og flokkuð eftir gæðum, þegar hún er fullsöltuð til útflutnings, af síldarmatsmönnum, undir umsjón síldarmatsstjóra. Hverri sendingu matjessíldar til útlanda fylgi vottorð síldarmatsmanna, og sé í vottorðinu tiltekin nákvæm tala tunna í hverri sendingu og hvaða gæða- (og stærða-) flokki síldin tilheyri. Í vottorðinu séu einnig tilgreind merki saltenda, söltunarnúmer og matsmerki. — **2. gr.** Ráðherra skipar matsstjóra og matsmenn, að fengnum tillögum matsstjóra, og setur þeim erindisbréf. Matsstjóri skal hafa sérþekkingu á öllu því, er lýtur að síldarmati. Hann skal, eftir því sem kostur er á, fylgjast vel með öllum nýjungum og framförum í síldarverkun, kynna sér stöðugt kröfur markaðanna um verkunaraðferðir og vörugæði og aðstoða framleiðendur í því að koma fram umbótum á verkun síldar. Hann hefir yfirumsjón með framkvæmd matslaganna, sér um samræming matsins í hinum ýmsu héruðum, hefir eftirlit með matsmönnum og leiðbeinir þeim í starfi þeirra. — **3. gr.** Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði.[1]) Til að standast kostnað við matið skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi [1.00 — einni krónu.][2]) Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi. Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra. — **4. gr.** Matsstjóri og síldarmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá saltendum eða kaupendum síldarinnar. Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að síldarsöltun, síldarverzlun eða síldarútgerð. Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta síld fyrir, né vera þeim háðir á annan hátt. Matsstjóri og matsmenn hafa algerða þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja um í starfi sínu, og mega ekki við óviðkomandi láta uppi neitt annað um ástand vörunnar en það, sem stendur í matsvottorði. — **5. gr.** Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd matsins, merkingu síldar og annað það, er þurfa þykir. Einnig er honum heimilt að setja reglugerð um frjálst mat á annarri síld en matjessíld, ef um það koma fram beiðnir frá síldarsaltendum, eða ef síldarútvegsnefnd álítur það nauðsynlegt.[1]) [Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. gr.][2]) — **6. gr.** Sá, sem flytur út eða lætur flytja út matjessíld án þess að láta meta hana og fá matsvottorð um, að hún sé útflutningshæf, sæti 500—2000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 5000 kr. Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum fer sem um almenn lögreglumál. — **7. gr.** Sannist þær misfellur á matsvottorðum matsstjóra eða matsmanna, sem álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, bera þeir ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir, og má þá svipta þá stöðu þeirra fyrirvaralaust. — Um hegningu fyrir brot matsstjóra og matsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

1) Sjá nú l. nr. 60, 12. marz 1945, § 26. — 2) L. nr. 64, 9. nóv. 1953, § 1.

1938 Nr. 53 11. júní

1933 Nr. 70 19. júní

Lög um útflutning saltaðrar síldar.

1. gr. Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé íslenzk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Nánari ákvæði um þetta skal ráðherra setja með reglugerð.[3]) — **2. gr.** Bannað er að afvatna síld, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings. — Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík síld auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjölum, að um afvatnaða síld sé að ræða. — **3. gr.** Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 50—1000 kr., gegn 2. gr. 1000—10000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

1935 Nr. 9 9. jan.

Lög um mat á fiskúrgangi.

1. gr. Allan hertan fiskúrgang (hryggi, hausa o. fl.), sem seldur er til framleiðslu

1) Rgj. nr. 89, 29. júní 1938, rgj. nr. 103, 31. ág. 1938, rgj. nr. 153, 25. ág. 1939 og rgj. nr. 146, 27. ág. 1940, er.br. nr. 125, 29. júní 1938, brb. rgj. nr. 93, 13. júní 1946, sbr. auglýs. nr. 148, 28. júlí 1953. — 2) L. nr. 64, 9. nóv. 1953, § 2. — 3) Rgj. nr. 77, 14. júlí 1933.

1935 Nr. 9 9. jan.

á fiskimjöli hér á landi eða til útflutnings, skal meta af þar til skipuðum opinberum matsmönnum. Nánari fyrirmæli um hirðingu og meðferð þurrbeina gefa matsmenn, samkvæmt erindisbréfi, er þeim verður sett.[1]) — **2. gr.** Matsmenn á þurrbeinum skipar lögreglustjóri á hverjum stað. Skulu það að jafnaði, þegar því verður við komið, vera sömu menn og hafa á hendi fiskimatið. — Áður en matsmenn taka til starfa skulu þeir undirrita eiðstaf, er ráðuneytið fyrirskipar. — **3. gr.** Þóknun matsmanna fyrir starf þeirra við matið greiðir eigandi þurrbeina, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um matið. — **4. gr.** Matsmenn mega ekki taka við nokkurri þóknun frá þeim, er metið er fyrir, eða öðrum, annarri en þeirri, sem ákveðin er í reglugerð um matið. — Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er metið er fyrir, eða kaupenda þurrbeina. — **5. gr.** Sá, sem selur þurrbein án þess að láta meta þau áður og fá vottorð um matið, skal sæta 500—2000 kr. sektum í ríkissjóð. Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál. — **6. gr.** Um hegningu fyrir brot matsmanna gegn ákvæðum laga þessara fer eftir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

1949 Nr. 5 22. febr.

Lög um kjötmat o. fl.

1. gr. Í lögum þessum merkir: — *Sláturfénaður:* Sauðfé, nautgripi, hross, svín, alifugla o. s. frv. — *Læknir:* Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann lækni eða læknanema, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara. — *Kjötmatsmaður:* Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötsmatsmanni. — **2. gr.** Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum. — Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun geti tekizt þar á viðunandi hátt, en stefna skal að því, að sem allra fyrst verði málum svo komið, að öll slátrun fari fram í löggiltum sláturhúsum, ef afurðirnar eru ætlaðar til sölu á opinberum markaðsstöðum, og getur ráðherra sett hlutaðeigandi aðilum ákveðinn frest til úrbóta. — Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns. — **3. gr.** Við gildistöku þessara laga skulu allir sláturleyfishafar senda atvinnumálaráðuneytinu umsóknir, þar sem þeir óska eftir, að fram fari löggilding húsa til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Ráðuneytið sendir síðan yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni umsóknirnar til umsagnar, sbr. 2. gr. — Hver sá, sem síðar hyggst að hefja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu slíka umsókn. Eftir fyrstu löggildingu annast yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum. Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefur sérstakt löggildingarmerki eða löggildingarnúmer, og skal númer þetta eða merki koma fram í kjötstimpli, sem notaður er til auðkennis í hlutaðeigandi sláturhúsi. — **4. gr.** Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra ráðuneytinu frá því tafarlaust. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Ráðuneytið tilkynnir þá jafnframt aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar niður lögð, unz úr sé bætt. — **5. gr.** Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer

1) Fm. nr. 72, 27. maí 1935.

fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og innyflum. En fremur getur ráðherra sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um læknisskoðun og merkingu annarra sláturfjárafurða, ef þörf krefur. — Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturfjárafurða. — **6. gr.** Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins, á þann hátt að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim. — Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi kjötskoðunarlæknis, enda geri hann sér þá þegar ljóst, hver dauðaorsökin hafi verið, og fyrirskipar ráðstafanir samkvæmt því. — **7. gr.** Dýralæknar annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sbr. 5. gr. laga þessara. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi. — **8. gr.** Allt kjöt og innyfli af sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölustöðum, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. — Ráðuneytið setur reglugerð um flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og innyfla, að fengnum tillögum kjötmatsformanns, framleiðsluráðs landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila. — Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti og innyflum til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni. — **9. gr.** Ráðherra skipar 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. — Einn þeirra fjögurra skal ráðherra skipa kjötmatsformann, og skal hann hafa forgöngu um þau atriði í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands, og framkvæma yfirmat á þeim, er þurfa þykir. — Yfirkjötmatsmenn skulu hafa sem bezta þekkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum og öllu því, er lýtur að meðferð sláturfjárafurða. — Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmönnum reglur um störf þeirra og ákveður umdæmi þeirra. — Ekki mega yfirkjötmatsmenn þiggja neina þóknun hjá þeim, er við kjötsölu eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands né innan eða milligöngu í því efni, er þeir geti haft hagnað af. — Árslaun yfirkjötmatsmanna skulu vera kr. 900.00 og kjötmatsformanns kr. 1800.00. — Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir og fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar. — Allan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði. — **10. gr.** Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum slátrunarstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns. — Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Kaup kjötmatsmanna skal vera 25% hærra en venjulegt verkamannakaup á staðnum, þar sem matið fer fram, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrunina framkvæma, kaupið. — Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem kjötverzlun annast, né sjálfir vera riðnir við sölu þess, svo að ætla megi þá hlutdræga í matinu. — Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, sýnir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, og er yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað. — **11. gr.** Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt þangað nýtt og ætlað til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, er áður hefur verið merkt og skoðað af kjötskoðunarlækni í löggiltu sláturhúsi. Kjöt, sem flutt er að frosið, kælt eða nýtt, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar. Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað sams konar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 500 manns. —

1949 Nr. 5 22. febr.

1949 Nr. 5 22. febr.

Nú eru nýjar sláturfjárafurðir fluttar til sölustaðar, án þess að læknisskoðun hafi farið fram á þeim, og skal þá bæjarfélag eða hreppsfélag sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á þeim gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins. — Sé sláturhús á móttökustað eða sérstakar kjötmiðstöðvar, skal læknisskoðun fara þar fram og enn fremur gæðamat, samkvæmt reglugerð, sbr. 8. gr. — **12. gr.** Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið, í kjötbúðum eða öðrum sölustöðum. — **13. gr.** Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir, og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.[1]) — **14. gr.** Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 500.00 til 25 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál. — Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna. — **15. gr.** . . . — **Bráðabirgðaákvæði.** — Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal heimilt fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að selja afurðir af sláturfénaði, öðrum en sauðfé, sem slátrað hefur verið utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi.

1933 Nr. 107 11. ágúst

Lög um ullarmat.

1. gr. Öll ull, sem flutt er héðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningsskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanna um, að ullin sé skoðuð og flokkuð eftir réttum reglum. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann. — **2. gr.** Ráðherra getur lagt bann við því, að verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fulkomið, að dómi ullarmatsmanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi. — **3. gr.** Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins. Auk þess skal haft undirmerki, er sé skammstafað nafn verzlunar þeirrar eða kaupfélags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur. — **4. gr.** Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi, setur Stjórnarráðið í erindisbréfum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.[1]) — **5. gr.** Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, með því að hafa áður starfað að ullarmati, eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi: 1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum og Vestmannaeyjar. — 2. Frá Búðum til Hvammstanga. — 3. Frá Blönduósi til Þórshafnar. — 4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar. — Yfirmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar. — Einn af yfirullarmatsmönnum, sá er ráðherra skipar til þess, skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur, og nefnist hann ullarmatsformaður. Skal hann og veita ullarmats-

1) Rgj. nr. 155, 8. sept. 1949, sbr. auglýs. nr. 19, 8. febrúar 1951 og auglýs. nr. 132, 11. júlí 1951 og rgj. nr. 186, 7. nóv. 1953; auglýs. nr. 197, 8. sept. 1947.

1) Er.br. nr. 27, 1. apr. 1935, sbr. auglýs. nr. 192, 6. nóv. 1945, er.br. nr. 28, 1. apr. 1935, er.br. nr. 29, s. d., rg. nr. 26, s. d. og rg. 10. júlí 1944 (Lögbirtingabl. 14. júlí 1944).

1933 Nr. 107 11. ágúst

mönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið. — Ráðuneytið tiltekur nánar starfsvið hans, eftir því sem þurfa þykir. — **6. gr.** Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum útflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa og eftir tillögum hans. — **7. gr.** Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið. — **8. gr.** [Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1600 krónur, en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 900 krónur til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.][1]) — Kaup ullarmatsmanna greiða verzlanir þær og kaupfélög þau, er ull flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi ullarmatsmanna. — Ekki mega ullarmatsmenn né yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipunum né öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, né kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig né aðra. — **9. gr.** Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun, eftir því sem við verður komið. — Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar. — **10. gr.** Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1942 Nr. 11 4. maí

Lög um gærumat.

1. gr. Allar gærur, sem fluttar eru héðan af landi, skulu metnar og vegnar af lögskipuðum gærumatsmönnum. Gærumatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun gæranna, og er útflytjendum skylt að hlýða fyrirmælum þeirra þar að lútandi. Hverri gærusendingu skal fylgja vottorð gærumatsmannsins um, að gærurnar séu metnar og vegnar. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður gærumatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi gæranna eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann. Í vottorði gærumatsmanns skal tilgreind þyngd gæranna saltlausra. Ekki skulu aðrar gærur teljast hæfar til útflutnings en þær, sem eru sæmilega hreinar og þurrar, þegar þær eru vegnar, og vel með farnar og óskemmdar, þegar þær eru fluttar út. — **2. gr.** Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á gærum, sem út eru fluttar, skuli einnig ná til gæra, sem seldar eru á innlendum markaði. — **3. gr.** Allar gærur skal merkja greinilega með merki kaupfélags þess eða verzlunar, er gærurnar flytur út eða selur til útflutnings. Í merkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. — **4. gr.** Nánari reglur um mat gæranna, merkingu og meðferð við útskipun setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum gærumatsmanna.[1]) — **5. gr.** Lögreglustjóri skipar gærumatsmann á hverjum útflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem þörf þykir. — **6. gr.** Gærumatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir þeim reglum, sem settar eru um það. Ráðuneytið stílar þeim heitið. — **7. gr.** Kaup gærumatsmanna greiða kaupfélög þau og verzlanir, er gærur flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi gærumatsmanna. — Ekki mega gærumatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning gæranna eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út gærur. — **8. gr.** Sá, sem flytur út eða lætur flytja út gærur án þess að gæta fyrirmæla þessara laga um mat og merkingu þeirra, skal sæta sektum frá 200 til 20000 kr. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 118, 8. des. 1947, § 1.

1) Er.br. nr. 165, 5. okt. 1942.

1938 Nr. 70 11. júní

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

1. gr. Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita Sigurjóni Péturssyni á Álafossi einkaleyfi til þess að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði, ef hann, að dómi ráðherra, getur hafizt handa um þessar framkvæmdir og fært líkur fyrir því, að hægt sé að ryðja þessum vörum braut á erlendum markaði. — Sérleyfið má veita til allt að 10 ára. — **2. gr.** Nú neytir ráðherra heimildar þeirrar, er felst í 1. gr. laga þessara, og er þá heimilt að innheimta útflutningsgjald í ríkissjóð af þeim vörum, sem lög þessi greina og út verða fluttar. Gjald þetta má aldrei nema meiru en 5% af andvirði vörunnar á útflutningshöfn. — **3. gr.** Nú neytir ráðherra heimildar þeirrar, er felst í ákvæðum 1. gr., og er þá öllum öðrum óheimilt, meðan leyfistíminn stendur, að flytja út vörur þær, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varða sektum, frá 500—5000 kr., og skulu sektir renna í ríkissjóð. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál. — **4. gr.** Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti þrjú fyrstu árin, er landbúnaðarráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

1939 Nr. 37 12. júní

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

1. gr. Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef almenningsheill krefur, að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til eru í landinu eða fluttar verða inn, meðan mikil hætta telst á, að styrjöld brjótist út í Norðurálfu, og meðan hún stendur yfir, ef hún brýzt út. Fyrirmæli þessi má einnig setja fyrir einstök byggðarlög eða kaupstaði, ef eigi telst þörf á, að þau taki til alls landsins. Ennfremur heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur þess brýna nauðsyn, að taka eignarnámi matvæli, eldsneyti eða aðrar einstakar nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, kaupfélögum, framleiðendum eða öðrum. Ofangreind fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum taka jafnt til úthlutunar á vörum í heildsölu til kaupmanna og kaupfélaga sem til úthlutunar í smásölu til einstaklinga. — Ríkisstjórnin ákveður, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur samkvæmt þessari grein. — **2. gr.** [Ríkisstjórnin][1] ákveður með reglugerð eða reglugerðum, hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir. Getur hún sett í þær þau ákvæði um sektir og málsmeðferð út af brotum á þeim, sem þurfa þykir.[a]) — Til þess að standast kostnað við ráðstafanir þær, sem um ræðir í þessari grein, má verja fé úr ríkissjóði. — **3. gr.** [Ríkisstjórnin getur, að viðlögðum allt að 100 króna dagsektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi þær skýrslur um vörubirgðir sínar og vöruþörf, sem henni þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum. — Ennfremur getur ríkisstjórnin, hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið trúnaðarmenn sína rannsaka birgðir heildsöluverzlana, smásöluverzlana og iðnfyrirtækja af vörum þeim, sem um ræðir í 1. gr. laga þessara. — Nánari reglur um framkvæmd rannsóknar þessarar skulu settar af ríkisstjórninni.][1])

1) L. nr. 59, 7. maí 1940, § 1.

1939 Nr. 37 12. júní

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

1. gr. Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ákveða með reglugerð, hversu mikið af frystu og kældu kjöti megi flytja til Bretlands og ákveða, hvernig útflutningi skuli hagað. — **2. gr.** . . .[2]) — **3. gr.** Ríkisstjórninni veitist heimild til að hafa eftirlit með innflutningi á kolum og, ef þörf krefur, að banna um stundarsakir innflutning á kolum frá öðrum löndum en Bretlandi, svo og ákveða með reglugerð, hvernig innflutningi kola skuli hagað. — **4. gr.** Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála. — **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.

1933 Nr. 88 19. júní

Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.[b])

1. gr. Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstjórnin

1953 Nr. 88 24. des.

1) L. nr. 59, 7. maí 1940, § 2. — 2) L. nr. 92, 3. maí 1935, § 3. — a) XV, 74, 72. — b) Um vöruskömmtun, sjá XIX, 88, XX, 56.

hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls. Enn fremur ákveður ríkisstjórnin með reglugerð, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli frjálsar. Aðrar vörur og gjaldeyrisgreiðslur skulu háðar innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum. — Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, svo sem til stuðnings atvinnuvegunum eða einstökum greinum þeirra.[1]) — **2. gr.** Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi. — Bankar mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af hendi aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð, settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi séu fyrir hendi. — **3. gr.** Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur. — Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipta milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f., þannig að hinn síðarnefndi fái á kaupgengi einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, hlutfallslega af hverri mynt, er keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. — Ef nauðsyn ber til, geta bankarnir með samþykki ríkisstjórnarinnar beint kaupum vara, sem frjáls innflutningur er á, til tiltekinna landa. — **4. gr.** Útflytjendum og öðrum hérlendum aðilum er skylt að selja Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f. allan þann erlenda gjaldeyri, er þeir eiga eða eignast.[a]) Þó getur innflutningsskrifstofan veitt undanþágu frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á. — Gjaldeyriseftirlitið, er Landsbanki Íslands fer með, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber gjaldeyriseftirlitinu að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka, og er hlutaðeigandi aðilum skylt að gera því fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum viðskiptum. — **5. gr.** Innflutningsskrifstofa, sem stofna skal samkvæmt lögum þessum, hefur með höndum leyfisveitingar samkv. 1. og 8. gr. — Tveir menn, skipaðir af ríkisstjórninni, veita innflutningsskrifstofunni forstöðu. Þeir ráða starfsfólk skrifstofunnar, en tala starfsmanna og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar. — Ríkisstjórnin setur skrifstofunni nánari starfsreglur. — **6. gr.** Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar taka sameiginlega ákvarðanir samkvæmt lögum þessum, og hefur hvor þeirra rétt til að vísa ágreiningi um meiri háttar mál til ríkisstjórnarinnar. — **7. gr.** Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar fara, að fengnum tillögum verðgæzlustjóra, með verðlagsákvarðanir, samkvæmt lögum nr. 35 27. maí 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Verðgæzlustjóri skal annast birtingu verðlagsákvarðana og aðra afgreiðslu verðlagsmála. — **8. gr.**[a])Frjálst skal vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð, ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar, er allt að 520 rúmmetrum, svo og peningshús, heyhlöður, verbúðir og veiðarfærageymslur. Enn fremur eru undanþegnar fjárfestingarleyfum framkvæmdir, er kosta samtals allt að 40 000 krónum. — Aðrar framkvæmdir skulu háðar fjárfestingarleyfum, er innflutningsskrifstofan veitir. — Óheimilt er byggingarnefndum í kaupstöðum og kauptúnum að leyfa að hefja framkvæmdir, sem fjárfestingarleyfi þarf til, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Enn fremur skulu byggingarnefndir, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, að framkvæmdir, sem heimilar eru án fjárfestingarleyfa, séu í samræmi við ákvæði þessarar greinar. — Þar sem byggingarnefndir starfa ekki, skulu oddvitar gæta þess, að ekki séu hafnar framkvæmdir, er háðar eru fjárfestingarleyfum, án leyfis innflutningsskrifstofunnar, svo og að framkvæmdir, sem hefja má án leyfis, séu í samræmi við lög þessi. — Byggingarnefndir og oddvitar skulu mánaðarlega senda innflutningsskrifstofunni tilkynningu um hverja þá fjárfestingarframkvæmd, sem hafin er í umdæmi þeirra og þessir aðilar áætla að kosti samtals yfir 40000 krónur. — **9. gr.** Framkvæmdabanki Íslands skal fylgjast með fjárfestingu í landinu, og skal bankinn vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Skal Framkvæmdabankinn semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmda-

1) Rgj. nr. 211, 28. des. 1953, rgj. nr. 212, 28. des. 1953. — a) XVII, 13, XXI, 190,420.

a) Sjá um 5. gr. laga nr. 70/1947, XXII, 240, XXIII, 11, XXI, 316.

1953 Nr. 88 24. des.

banka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast vegna þessa hlutverks. — **10. gr.** Starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar og öðrum, er annast framkvæmd laga þessara, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara. — **11. gr.**[a]) Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 20 til 200 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, er annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera. — Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála. — **12. gr.** Innflutningsskrifstofan innheimtir, þegar leyfi er afhent, 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfi hljóðar um. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af innflutningsskrifstofunni og framkvæmd þessara laga. Ef þær tekjur hrökkva ekki til, greiðir ríkissjóður það, er á vantar. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð. — **13. gr.** Þar sem í lögum þessum er talað um ríkisstjórnina, er átt við ríkisstjórnina í heild. — **14. gr.** Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.[1]) — **Ákvæði til bráðabirgða.** — Meðan ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að lækka verð tiltekinna nauðsynjavara með greiðslum úr ríkissjóði, er heimilt að skammta það magn þessara vara, sem lækkað er í verði á þennan hátt.

1952 Nr. 104 27. des.

Lög um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli.

1. gr. Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöruskiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á innstæðufé, er Landsbanki Íslands (seðlabankinn) kann að eignast í löndum þessum vegna útfluttra afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdráttar á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum. — **2. gr.** Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um notkun ábyrgðarinnar.

1) Rgj. nr. 15, 11. febrúar 1954, gj.skr. nr. 119, 20. júlí 1949. — a) Um brot á eldri lögum um innflutnings- og gjaldeyrismálefni, sjá t. d. XVII, 13, XIX, 106, XX, 222, 226, XXI, 190, 420.

1952 Nr. 104 27. des.

Lög um sölu og útflutning á vörum.

1940 Nr. 11 12. febr.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.[a]) — **2. gr.** Leyfi til útflutnings á íslenzkum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin. — **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar. — **4. gr.** Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum. — **5. gr.** Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, sem við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.[1]) — **6. gr.** . . . — **7. gr.** Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

1950 Nr. 35 27. apríl

Lög um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

I. kafli. — **1. gr.** Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra á þann hátt, er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu. — **2. gr.** Verðgæzlustjóri skal skipaður með eftirfarandi hætti: Stjórnir Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands ísl. útvegsmanna og Stéttarsambands bænda tilnefna hver um sig einn mann í nefnd, sem gerir tillögur um, hver skuli skipaður verðgæzlustjóri. — Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Ef atkvæði eru

1) Rgj. nr. 109, 6. sept. 1948, auglýs. nr. 110, s. d., auglýs. nr. 43, 10. febrúar 1945. — a) XII, 7.

jöfn, sker ríkisstjórnin úr. — Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra samkvæmt tillögum nefndarinnar, og verðgæzlustjóri ræður starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við hana. — **3. gr.** Verðgæzlustjóri skal hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðum fjárhagsráðs sé hlýtt. — Hann annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. — Hann skal vekja athygli fjárhagsráðs á því, ef sams konar eða svipuð vara er löglega seld með mismunandi verði, svo að fjárhagsráð geti beint innkaupum þangað, sem þau eru hagkvæmust. — Skylt er verðgæzlustjóra að gera rækilegan samanburð á verðlagi og gæðum íslenzkra iðnaðarvara og sams konar vara, sem hægt er að fá erlendis frá. Ársfjórðungslega gefi verðgæzlustjóri fjárhagsráði skýrslu um athuganir þessar. Skýrslan beri með sér, hver fyrirtæki innlend standist samanburð við útlönd og sé hagfelldast, að annist framleiðslu á þeim höfuðnauðsynjum, sem þjóðin þarfnast frá iðnaðinum. — **4. gr.**[1]) [Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsákvarðanir sínar getur fjárhagsráð numið úr gildi með auglýsingu.][2])[a]) — [Fjárhagsráð hefur einnig vald til að ákveða hámarksverð á vörum seldum í fornsölu.][3]) — Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. — Fjárhagsráð getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum. — Þá getur fjárhagsráð og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur fjárhagsráð ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. — Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga. — **5. gr.** Fjárhagsráð[2]) getur að meira eða minna leyti fengið ákveðnum trúnaðarmanni sínum í hendur vald til að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 4. gr. — **6. gr.** [Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Óheimilt er að framleiða vöru til sölu í verzlunum úr innfluttri vefnaðarvöru og garni, nema innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir vörunni til iðnaðar. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.][1])[a]) — **7. gr.**[2]) Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðeftirliti samkvæmt 4. gr., nema með leyfi fjárhagsráðs.[b]) — Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum. — **8. gr.**[2]) Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til. — **9. gr.** Verðgæzlustjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkv. lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu, enda hvílir á þeim þagnarskylda um þau atriði, er þeir komast að í greindu starfi, og er þeim bannað að skýra óviðkomandi frá því, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum alm. hegningarlaga um opinbera starfsmenn.

II. kafli. — **10. gr.** Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á lögum þessum. — **11. gr.** Í verðlagsdómi eiga sæti 2 menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómari, sem skipaður er af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu nefndar þeirrar, er um ræðir í 2. gr. laga þessara. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. — **12. gr.** Dómsmálaráðuneytið tilkynnir nefnd þeirri, er stjórnir stéttasamtakanna skipa samkv. 2. gr. laga þessara, hvenær hún skuli hafa tilnefnt meðdómendur í verðlagsdóm. — Hafi

1) Sjá nú l. nr. 88, 24. des. 1953, § 7. — 2) L. nr. 30, 7. marz 1951, § 1. — 3) L. nr. 113, 28. des. 1950, § 1. — a) (XVII, 13), XX, 56, XXI, 10, XXIII, 191.

1)L. nr. 113, 28. des. 1950, § 2. 2) Sjá nú l. nr. 88, 24. des. 1953, § 7. — a) XV, 191. — b) (XV, 30, XVI, 18), XVI, 74, (XVIII, 13), XVIII, 155, 163.

1950 Nr. 35 27. apríl

ráðuneytinu ekki borizt tilnefningar nefndarinnar á tilsettum tíma, skipar dómsmálaráðherra meðdómendurna án tilnefningar. — **13. gr.** Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi: 1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði. 2. Óflekkað mannorð. 3. Lögræði og fjárforræði. 4. Aldur frá 25—70 ára. — Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt. — Um vanhæfni meðdómenda dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru. — **14. gr.** Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála. — **15. gr.** Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað. — **16. gr.** Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr. — Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir. — **17. gr.** Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi. — **18. gr.** Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála. — **19. gr.** Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, verðgæzlustjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 króna dagsektum. — Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940. — [Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða samþykktum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr.[a]) Ef miklar sakir eru, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Ítrekun brots varðar aukinni refsingu. Upptaka eigna[b]) samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.][1]) — **20. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá úr gildi III. kafli l. nr. 70 frá 5. júní 1947 og umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirlitinu og trúnaðarmanna, þó ekki fyrr en skipaður hefur verið verðgæzlustjóri og hann tekinn til starfa. — [**Bráðabirgðaákvæði.** — Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum greiðslubandalagsins 1950/51 og 1951/52. — Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.][1]

1) L. nr. 113, 28. des. 1950, § 3. — a) XI, 405, XII, 266, XV, 218, 138, 314, XVII, 13, 189, 230, 464, XVIII, 81, 153, 162, XIX, 303, XX, 56, 341, XXIII, 551. — b) XV, 41, XVII, 14, 189, 230, 404, XVIII, 90, 82, XXII, 7.

1950 Nr. 35 27. apríl

Lög um viðauka við lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

1953 Nr. 22 16. febr.

1. gr. Verðgæzlustjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 9. gr. laga nr. 35/1950 gildi einnig um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu. — **2. gr.** Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu. — **3. gr.** Verðgæzlustjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðgæzlustjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa. — **4. gr.** Nefnd sú, er um getur í 2. gr. laga nr. 35/1950, hefur rétt til að fá upplýsingar og skýrslur frá verðgæzlustjóra um verðlag og verðgæzlu. Hefur hún tillögurétt um þessi mál. — Verðgæzlustjóri skal mæta á fundum nefndarinnar, er hún óskar þess, til umræðu um verðlagsmál. — **5. gr.** Nefndinni skulu sendar skýrslur þær um samanburð á verðlagi og gæðum innlendra og erlendra iðnaðarvara, er verðgæzlustjóri sendir ársfjórðungslega til fjárhagsráðs, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1950.

1946 Nr. 37 29. apríl

Lög um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

1. gr. Við útreikning vísitölunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með

1) L. nr. 30, 7. marz 1951, § 2.

1946 Nr. 37 29. apríl

því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. september 1945. — **2. gr.** Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um ræðir í 1. gr., skulu menn, með undantekningum þeim, er í 3. gr. segir, fá endurgreiddan árlega úr ríkissjóði frá 20. sept. 1945. Niðurgreiðslan skal þó eigi nema meiru en sem svarar verðmismun á 40 kg á nýju kjöti á ári fyrir hvern mann og hvern þann, er hann hefur á framfæri sínu. — **3. gr.** [Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki: 1. Þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu að einhverju leyti. 2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni. 3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði. 4. Þeir, sem hafa hreinar tekjur, sem nema persónufrádrætti margfölduðum með 2,5 eða meira, umreiknuðum með þeirri vísitölu, sem umreikningur tekna miðast við á hverjum tíma. Nú eru hreinar tekjur lægri en að framan greinir, en þó ekki þeim mun lægri sem niðurgreiðslunni nemur, og skal þá borga hluta hennar unz tekjurnar að viðbættri niðurgreiðslu nema 2,5 sinnum persónufrádrætti samkvæmt framansögðu.][1]) — **4. gr.** Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi skulu um leið og samin er skrá um tekju- og eignarskatt, semja skrá um alla þá, sem rétt eiga á niðurgreiðslu á tímabilinu frá 20. sept. næst á undan til jafnlengdar, og skal skráin miðast við síðasta manntal. Um framlenging kjötskrár, kærur, fresti og úrskurði fer eftir ákvæðum þeim, er gilda um skattskrár, eftir því sem við á, þó þannig, að úrskurður yfirskattanefndar um rétt til niðurgreiðslu er fullnaðarúrskurður. — Gjalddagi niðurgreiðslna er á manntalsþingum, og er heimilt að nota þær til skuldajafnaðar við ógreidd þinggjöld hlutaðeigandi. — **5. gr.** Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna og um fyrning á niðurgreiðslukröfu. — **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, en ríkisstjórnin skal láta fram fara endurskoðun á þeim og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

1947 Nr. 25 31. marz

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu frá 15. sept. 1946 að telja, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt. — Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það. — **2. gr.** Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september ár hvert, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

1947 Nr. 25 31. marz

Lög um verðjöfnun á olíu og benzíni.

1953 Nr. 34 18. febr.

1. gr. Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu. — **2. gr.** Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptamálaráðuneytið [fyrir þrjá mánuði í senn,][1]) og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni af olíu og benzíni, og skulu olíufélögin (innflytjendur) greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins ársfjórðungslega.[2]) — **3. gr.** Verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð. — Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi. — **4. gr.** Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár. — **5. gr.** Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugvélabenzín.

1) L. nr. 61, 25. maí 1949, § 1.

1) L. nr. 23, 15. marz 1954, § 1. — 2) Rgj. nr. 132, 15. júlí 1953.

d. Siglingar.

1914 Nr. 56 30. nóv.

Siglingalög.

Fyrsti kapítuli. Um skip. — **1. gr.** . . .[1]) — **2. gr.** Halda skal opinbera skrá yfir íslenzk skip, samkvæmt lögum um skrásetning.[2]) — **3. gr.** Nú er skip skrásett, og ræður útgerðarmaður þess þá, hvar á Íslandi það skuli eiga heimili.[3]) Hafi útgerðarmaður ekki kveðið á um þetta, og eins ef skipið er ekki skrásett, þá telst heimili útgerðarmannsins heimili skipsins, og séu útgerðarmenn fleiri, ræður heimili útgerðarstjóra. Heimili skipsins skal letrað á það skýrum stöfum. — **4. gr.** Skip er óbætandi: 1. er engri viðgerð á því verður við komið; 2. er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á; 3. er skipið er ekki talið þess vert, að við það sé gert. — Skulu öll þessi atriði sönnuð með löglegri skoðunargerð.

Annar kapítuli. Um réttindi yfir skipum. — **5. gr.** Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.[4])[a]) — Sjólánsveð, sbr. 7. kap., er þó undanþegið þessu ákvæði. — **6. gr.** Nú er eigandi skips sviptur fjárforræði, og skal þá þinglesa fjárforræðissviptinguna eins og um fasteign væri að ræða. Sama er um hjónakaupmála um skip. — **7. gr.** Þinglestur samkvæmt 5. og 6. gr. skal fara fram þar sem skipið er skrásett. — **8. gr.** Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra skjala, sem þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu samkv. 5. og 6. gr. og vitnað til veðmálabókanna; koma skrárnar í stað fasteignaregistursins. Ef skipið er ekki skrásett á skipaskrá, skal þinglestrarins getið í dálki skipsins á smáskipaskránni eða fiskiskipaskránni. — **9. gr.** Nafnbreyting á skipi og flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því aðeins leyfa, að allir þeir, sem eiga þinglesin réttindi yfir því, samþykki það. — Nú er samþykki veitt, og skal þá skrásetningarstjórinn í því umdæmi, sem skipið var skrásett í, sjá um, að skrásetningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, séu send eftirrit af öllum eignarhaftaskjölum, sem þinglesin hafa verið um skipið, og ber skrásetningarstjóranum í hinu nýja umdæmi að sjá um, að skjölin verði þinglesin eða fyrirfram innrituð þar innan mánaðar frá flutningnum, og halda þau þá krafti sínum óskertum án tillits til flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur greiðist ekkert gjald. En verði skjölin þinglesin seinna en mánuði eftir flutninginn, þá telst lagakraftur þeirra einungis frá þinglestrar- eða innritunardegi. — **10. gr.** Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hér á landi, halda gildi sínu, ef þau eru skrásett hér á landi samkvæmt 5. og 6. gr., innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskrásetning skipsins í íslenzku skipaskrárnar, eða frá fullnaðarskrásetning þess, ef það var eigi skrásett til bráðabirgða. — **11. gr.** [Nú missir skip rétt til að sigla undir íslenzkum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslenzk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslenzk skip.][1])

Þriðji kapítuli. Um útgerð skipa. — **12. gr.** Sé ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbindingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd. — Rjúfi skipstjóri samninga, er útgerðarmaður hefir gert, eða aðrir menn í umboði hans — enda var það skyldukvöð skipstjóra að fullnægja þeim samningum, — þá ábyrgist útgerðarmaður slík samningsrof einungis með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum sínum; svo er og um allar skuldbindingar, sem skipstjóri gengst undir samkvæmt stöðu sinni og hefir ekki sérstakt umboð útgerðarmanns til.[2]) En allar skiparáðningar og vistarsamninga við skipverja ábyrgist útgerðarmaður með allri eign sinni. — **13. gr.** Tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi.[a]) Sama gildir um tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipsins þarfir, þótt ekki sé skipverjar. — Nú greiðir útgerðarmaður fé fyrir þessar sakir, og bæti honum aftur sá, er skaða vann. — **14. gr.** Nú er félagsútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á félögum sem sjálfskuld, á þá aðeins að réttri tiltölu við

1914 Nr. 56 30. nóv.

1) Sbr. nú l. nr. 37, 19. maí 1930, § 1. 2) L. nr. 17, 8. marz 1948. 3) Sömu l., § 7. — 4) Sbr. l. nr. 30, 7. maí 1928, § 4. — a) I, 348—9, V, 386, VII, 237, IX, 613, 614.

1) L. nr. 69, 28. nóv. 1919. — 2) L. nr. 30, 1. febr. 1936, §§ 2 og 4. — a) II, 266, 273, 277, III, 83, XI, 457, XVIII, 429, (XXIII, 26), XXIV, 618.

eign þeirra í skipi.[a]) — **15. gr.**[b]) Ef skip er félagseign, skulu félagar kjósa sér útgerðarstjóra, og sé hann heimilisfastur hér á landi. Sé það skip skrásetningarskylt, skal senda tilkynning um kosninguna til innritunar á skipaskrána. — Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rétt að sækja hvern af félögum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má félaga hvort er vill á varnarþingi hans eða skipsins. — **16. gr.** Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð almennt krefur, svo fullgilt sé gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fé, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið réttur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hinsvegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fé að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa trygging á skipi, nema sérstök heimild komi til. — Nú takmarka útgerðarmenn með sérstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er almennt talið og hér hefir verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana. — **17. gr.** Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu félagsmanna, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg, að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sé hann félagsmaður. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða. — Fari samþykktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því aðeins lögmætar, að allir félagsmenn samþykki. — **18. gr.** Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annarra athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja félagsmenn til ráðstefnu eða afla sér á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sérstaklega ef skipinu eru ætlaðar verulega ólíkar ferðir eða flutningar eða nýjar veiðiaðferðir, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann af eða bæta skip að mun. — **19. gr.** Heimilt skal jafnan félögum þeim, sem meira eiga en hálft skip, að setja útgerðarstjóra af. — Nú á hann hálft skipið eða meira, og getur dómari þá svipt hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða. — **20. gr.** Skylt er útgerðarstjóra að hafa sérstaka reikninga yfir öll viðskipti útgerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi félagar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert, áður mánuður sé liðinn frá lokum ársins. — **21. gr.** Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikningana hverjum einstökum félagsmanni eða leggja þá fram til sýnis. Rétt á hver félagsmaður á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra. — Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er þó eigi um misreikning eða svik að ræða, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður eitt ár sé liðið frá því er reikningsskil voru af hendi innt og félagsmönnum sagt til þeirra. — **22. gr.** Skylt er félagsmanni að greiða allan útgerðarkostnað að réttri tiltölu við eign hans í skipi.[a]) Vanræki félagsmaður að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af félagsmönnum, og skal þá hinn lúka það fé og vexti, 8 af hundr., á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sér. Veðrétt á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðréttur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrétti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir sjóveði því, sem getur hér í 11. kapítula, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sé liðið frá því er hann greiddi féð; missi ella veðsins. — **23. gr.** Nú er skipinu ráðin ný ferð eður ráðnar bætur á því að lokinni ferð og krafið framlaga til og einhver félagsmanna hefir ekki lagt þeim samþykktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sérstök eignarhöft á hluta

a) II, 8, 615, VIII, 426—7, Tr. I, 71—2. — b) II, 821, III, 85.

a) III, 85.

1914 Nr. 56 30. nóv.

1914 Nr. 56 30. nóv.

hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar, og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því bréflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 8 dagar séu liðnir frá því er samþykktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki við staddur samþykktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að réttri tiltölu við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður. — Ef keypt hefir verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiptin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans. — **24. gr.** Jafna skal á félagsmenn skaða og ábata á útgerðinni að réttri tiltölu við eign þeirra í skipi. — Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleifar eru, og skal þeim þá skipt upp meðal félagsmanna, sé þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar. — **25. gr.** Ekki slítur það samútgerð skips, þótt skipshluti verði eign annarra manna eða félagsmaður deyi, verði sviptur fjárforráðum eða gjaldþrota. — Heimilt er félagsmanni að selja hluta sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda; þó er ólögmæt sala skipshluta, jafnvel þótt nauðungarsala sé, nema allir félagsmenn samþykki, ef salan sviptir skipið heimild til skrásetningar á íslenzkar skipaskrár. — Nú er skipshluta afsalað öðrum manni til eignar en sameiganda, og á þá hver sameigandi rétt á að leysa til sín hlutann, enda bjóði hann hinum nýja eiganda innlausnarfé, eða fullnægjandi tryggingu, ef lausnarfé er ekki að fullu ákveðið, innan hálfs mánaðar eftir þann dag, er eigandaskiptin voru tilkynnt, samkvæmt 26. gr., 2. málsgr. Ef málsaðilar verða ekki á eitt sáttir um innlausnarfé, þá skal upphæð þess ákveðin með lögmætu mati; þó má hún aldrei lægri vera en kaupverð það, er hinn nýi eigandi greiddi. Ef hinn nýi eigandi vill ekki láta hluta sinn lausan án málssóknar, skal mál hafið áður en 3 mánuðir sé liðnir frá tilkynningunni samkvæmt 26. gr. Nú er skipshluti seldur á uppboði og útgerðarstjóri hefir fengið tilkynningu um það viku áður en það er haldið, og eiga sameigendur þá ekki innlausnarrétt. Ef fleiri en einn sameigenda krefjast innlausnar samtímis, eiga þeir allir innlausnarrétt að réttri tiltölu við hluta hvers þeirra í skipinu. Nú hefir einn sameigenda neytt innlausnarréttarins að fullu, og eiga þá hinir sameigendurnir eigi framar innlausnarrétt að því sinni. — Verði skipshluti eign manns, sem ekki hefir rétt til þess að eiga íslenzkt skip, sbr. 1. gr., á hver félagsmaður rétt á að krefjast sölu þess skipshluta á uppboði, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir séu liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á íslenzku skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu sem nauðungarsala væri og sama gildi hafa. — **26. gr.** Nú verður maður eigandi skipshluta, og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rétt þann og binzt skyldum þeim, sem bera réttum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþykktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rétt er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og af sameigninni stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð félagsmaður. — Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiptunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sér vegna eigendaskiptanna undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiptin, ef þeir menn vissu þau ekki. — **27. gr.** Þeir félagsmenn, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.[a] — Þá getur hver félagsmaður krafizt, að slitið sé sameign: 1. ef skip missir heimild til skrásetningar á íslenzku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá; 2. ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 19. gr.; 3. ef hann sannar, að útgerðarsamningurinn hafi verið verulega rofinn, eða gengið að öðru leyti á rétt hans í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar; 4. ef það kemur í ljós við lok ferðar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar. — Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með löglegu

1914 Nr. 56 30. nóv.

a) II, 820.

mati. — **28. gr.** Nú er félagsútgerð slitið, og skal þá skipið selt á opinberu uppboði.[a]) Ef skipið er utanlands og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðsrétturinn á heimili félagsútgerðar skera úr.

Fjórði kapituli. Um skipstjóra. — 29. gr. Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rétt til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði.[1]) Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar. — **30. gr.** . . .[2]) — **31. gr.** Skipstjóri annast um, áður ferð er byrjuð, að skip sé haffært,[3]) og sér um það í tæka tíð, að það sé vel útbúið, nægilega vel mennt og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vélanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er honum og að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbréf og siglingaverkfæri séu á skipi. — Skylt er honum að annast um, að skip sé ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sé séð fyrir nægu refti, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop séu tryggilega lukt og fleyguð.[b]) Sé farmur fluttur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með seglfestu, annast skipstjóri um, að hún sé sæmileg að gnægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið. — Konungur kveður[4]) nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um ferming, flutning og afferming sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sé hlýtt. — Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hér á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi. — **32. gr.** [Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og sjómannalögunum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.][5] — **33. gr.** Ekki má skipstjóri án samþykkis útgerðarmanns hafa söluvarning sinn eða annarra manna í skipsherbergi sínu né í neinu því rúmi öðru, sem ekki er ætlað farmi. Nú gerir skipstjóri það, og gjaldi hann þá útgerðarmanni venjulegt flutningsgjald fyrir þann varning og bæti allan skaða. — **34. gr.**[a]) Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum, sé stýrimaður ekki á skipi. Sé skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sé á skipi. Svo er og ávallt, ef hætta er á ferðum. — **35. gr.** Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði ákvæðis útgerðarmanns ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eður annan hæfan mann, og hafi við ráð konsúls, að því er hann getur, ef það er utanríkis. En sé skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast konsúll nauðsynjar skipsins. — **36. gr.** Skipstjóri annast um, að ferming og afferming skips sé hraðað eftir þörfum og að burtför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né tefja það á annan hátt, nema til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska, en ekki má tefja skipið til að bjarga öðrum skipum eða fjármunum, ef skipinu er stofnað með því í nokkurn háska, eða af því stafa veruleg óþægindi fyrir útgerðarmann eða aðra menn, og sé skipstjóra skylt að annast hagsmuni þeirra.[1]) — **37. gr.** Skylt er skipstjóra að gera allt það, er hann má, til að halda skipi sjófæru á ferð. Nú hefir skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi laskazt, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem því verður fyrst við komið. — **38. gr.** Skylt er skipstjóra að kynna sér ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á ferð sinni. Hann skal og afla sér vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkvíun. — **39. gr.** Skyldur er skipstjóri að veita viðtöku sjómönnum úr Danaveldi,[2]) þeim er konsúlum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eður til annarrar hafnar, þeirrar er skipið fer til í þeirri ferð, svo marga

1) Sbr. l. nr. 66, 17. júlí 1946. — 2) L. nr. 41, 19. maí 1930, §§ 9 og 92. — 3) Sbr. l. nr. 68, 5. júní 1947. — 4) Tilsk. nr. 81, 26. apr. 1935, augl. 20. maí 1935 (Lögb.-bl. 31/5 1935), tilsk. nr. 85, 7. sept. 1942 og augl. nr. 196, 2. des. 1942. — 5) L. nr. 40, 19. maí 1930, § 1. — a) II, 821. — b) XX, 387, 382.

1) Sbr. l. nr. 56, 23. júní 1932, § 4. — 2) Sbr. l. nr. 39, 30. nóv. 1918, § 1, og augl. nr. 46, 28. des. 1922. sbr. nú þingsál. nr. 32, 25. febr. 1944. — a) IX, 145.

og fyrir það fargjald, sem konungur kveður á. . . .[1]) — **40. gr.**[a]) Öll skip, sem fara á milli landa, skulu halda leiðarbók. Skip, sem eru við fiskveiðar, flutning eða annað hér við land, þurfa ekki að halda leiðarbók, en séu þau yfir tólf tonn að rúmmáli, skulu þau halda dagbók. Gufuskip hafa að auki sérstaka vélarbók. Konungur setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina eða dagbókina lögreglustjóra, og skrifar hann ókeypis í þær vottorð um það, að þær voru sýndar. — **41. gr.** Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir,[2]) en vélstjóri skrifar í vélarbók með umsjá skipstjóra og ábyrgist báðir.[2]) Skrifa skal allt í bækurnar eftir réttri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar, áður sá sólarhringur sé á enda. — Bóka skal í leiðarbók glöggt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðréttingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein. — **42. gr.** Skrifa skal í leiðarbók ýtarlega allt það, er við ber á ferðinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eður eigendum farms eður vátryggjendum eður öðrum þeim mönnum, er ferðin snertir hagsmunalega. — Geta skal því þess í leiðarbók, nær starfstími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var frestað, og nær þeim lauk; bóka skal, hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er seglfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það lét úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt, hve mikill er og hve hár, um leiðréttingu áttavitans og afbrigði (deviation); nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind, veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum. — Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring. — Sé ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra, og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, . . .[1]) svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum. . . .[1]) — Sérstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið. — Í vélarbók skal greint frá kolabirgðum skips og annarra vélanauðsynja, er skip lét úr höfn, kolaeyðslu hvern sólarhring og allt annað, er vélina snertir, gang hennar og gæzlu. — Í dagbók skal rita greinilega frásögn um ferð skipsins, og skal, auk veðuráttu, skýrt frá öllum þeim atvikum, er verulega þýðing hafa fyrir ferðalagið, eða á einn eða annan hátt geta snert hagsmuni útgerðarmanna, eigendur farms eða vátryggjendur. Sé skipið við fiskveiðar, skal ennfremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir fiskveiðarnar, svo sem hvar skipið fiskar og hvernig aflast, dýpi, botnlag o. s. frv. Halda skal leiðarreikning, hvenær sem þörf krefur. — **43. gr.** Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sé löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju, og sagt, hvað til þess bar. — Við slík bókarskipti ber réttu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðulega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskipti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sé liðinn, ef því verður við komið, annars svo fljótt, sem unnt er, svo og ef skipið verður fyrir slysi, svo að sjóferðaskýrslu þurfi að krefja af þeim sökum (47. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanríkis eða utanríkis, þar sem skipaður er [íslenzkur ræðismaður eða sá, er fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd][2]);

1) L. nr. 41, 19. maí 1930, §§ 72 og 92. — 2) Sömu l., §§ 45 og 47. — a) IX, 610.

1) L. nr. 40, 19. maí 1930, § 2. — 2) L. nr. 69, 28. nóv. 1919, § 3.

1914 Nr. 56 30. nóv.

svo skal og vera, þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hluta. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór. — Ákveða má með konunglegri tilskipun líkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli. — **44. gr.** Rétt á hver maður á að fá að kynna sér leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur alskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er ferð var á enda. Nú rís dómsmál og snertir það ferðina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu. — **45. gr.** Nú gerist einhver sá atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu; svo er og ef maður ferst voveiflega af skipinu og það varð ekki á innlendri höfn, eða skipið rekst á annað skip og vinnur því slíkar skemmdir eða tjón, sem fyrr greinir. — Nú verður slysið hér í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað svo fljótt sem unnt er, eftir það er slysið bar að eða varð kunnugt. Fylgja skal frásögninni orðrétt afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefir farizt, skal gefa bréflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til sjóferðaskýrslu og framkvæmir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri leiðarbækurnar með sér á þingið. — Utanríkis skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðaskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, sem hann er þá staddur á, eða fyrir hlutaðeigandi [íslenzkum ræðismanni eða þeim, er fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd,][1]) ef utanríkismálastjórnin hefir sérstaklega fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum. — Ef sjóferðaskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og [íslenzkur ræðismaður eða sá, er fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd,][1]) er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið viðstaddur þinghaldið og annast um, að sjóferðaskýrslan sé sem gleggst og fyllst. — Skýrslu um það, sem fram hefir farið, sendir konsúll utanríkismálastjórninni, bæði er hann sjálfur hefir tekið við skýrslunni og er honum hefir verið veittur kostur á að vera viðstaddur þinghald. Skýrslan verður síðan send stjórnarráði Íslands, er skipar nánari rannsókn hér á landi, ef þurfa þykir. — Öll þau fyrirmæli, er þessi grein og 41., 43. og 44. gr. gefur um leiðarbók, gilda og um dagbók skips. — **46. gr.** Laskist skip á ferð, svo bæta verði að mun eða tefja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn líta á skemmdir og segja álit sitt um, hvað að hafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sé þá vert óbætt. Þá er skip er bætt, skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að halda áfram ferð sinni. — Nú spillist farmur að mun á ferð, eða ráða má af líkum, að hann sé svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemmd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið. — Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð, skal skipstjóri afla sér yfirlýsinga skynbærra manna. — **47. gr.** Ef grunur getur leikið á því, að skemmdunum hafi valdið misfellur við hleðsluna, umbúnaðinn, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip affermt. Ef óttast má, að góss hafi spillzt á ferð, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en góssið er fengið í hendur viðtakanda. — **48. gr.** Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera allt, sem hann má, til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon, en háskinn svo vís, að það eitt sé til, að hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun skipsbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og góssi og leitar sér til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur. — Nú verður björg, og sér þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sérstakur björgunarsamn-

1) L. nr. 69, 28. nóv. 1919.

1914 Nr. 56 30. nóv.

ingur sé til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega, hverju bjargað er, svo og tölu þeirra manna, sem að björgun vinna og góssið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning, geymslu, og vottar með nafni sínu, að réttir séu. — Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því góssi, sem bjargað var, og fær því þá varðveizlu, sem hann má bezta. — **49. gr.** . . .[1]) — **53. gr.** Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri, svo fullgilt sé gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd ferðar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann gerir farmsamninga og er sóknaraðili útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.[a]) — Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefir ekki sérstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm. — **54. gr.** Ef fjár er vant til framkvæmdar einhverju því, sem 48.[2]) gr. getur, er skipstjóra heimilt að taka til þess fé að láni eða selja góss útgerðarmanna, eða jafnvel af farmi. Nú tók skipstjóri fé að láni eða seldi af góssi um þörf fram, og skerðir það að engu rétt hins, sem lánaði eða keypti, ef ætla má eftir atvikum, að hann vissi það ekki. — **55. gr.** Óheimilt er skipstjóra að selja skip án samþykkis útgerðarmanns, nema skip sé dæmt óbætandi eftir að lögleg skoðunargerð fór fram, sbr. 46. gr., og eigi sé auðið að ná til útgerðarmanns. Selja skal á opinberu uppboði. — **56. gr.** Nú hafa útgerðarmenn gert sérstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem 53. og 54. gr. heimila skipstjóra, og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana. — **57. gr.** Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverjir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skipta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leitast við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönnum er hagkvæmast; aðeins í ýtrustu nauðsyn má hann selja af farmi. — **58. gr.** Skipstjóri skal meðan ferð stendur láta sér annt um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeiganda. — **59. gr.** Þá er skip er utan heimilis síns, er skipstjóra samkvæmt stöðu sinni heimilt að gera, svo fullgilt sé gagnvart þriðja manni, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis, svo og til að vera sóknaraðili þeirra í málum, sem farminn snerta. Nú skortir skipstjóra gjaldeyri til framkvæmda einhverri slíkri nauðsyn, og er þá rétt, að hann taki fé að láni fyrir hönd farmeigenda eða selji jafnvel af farmi. Um slík lán og sölu gildir það, sem segir í síðari málsgrein 54. gr. — Skuldbindingar þær, sem skipstjóri þannig játast undir fyrir farmeiganda, ábyrgist farmeigandi aðeins með góssi því, sem hann á á því skipi. — **60. gr.** Nú ber þau atvik að hendi, sem ráð er gert fyrir í 46. gr., og það sannast við lögmæta skoðunargerð, að farmi er svo farið, að hætta er á, að spillist við geymslu, og er þá rétt, að skipstjóri selji farm. Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi, er og rétt að selja farm, ef skoðunarmenn dæma, að kostnaður á því að geyma farminn eða koma honum áleiðis, yrði of mikill að tiltölu við verðmæti hans. — **61. gr.** Nú hafa farmeigendur gert sérstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem skipstjóra er veitt í 59. og 60. gr., og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana. — **62. gr.** Áður en skipstjóri aflar lánsfjár vegna farms, eða selur nokkuð af góssinu, eða gerir nokkrar aðrar sérstaklegar ráðstafanir á kostnað farmeigenda, skal hann leita fyrirskipana þeirra, ef kostur er, eða þess manns, er þeir nefndu til. — Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi og eiga farmeigendur engan umboðsmann á þeim stað og ekki verður leitað skipana þeirra, og er skipstjóra þá skylt eftir atvikum, annaðhvort að senda góssið á ákvörðunarstað þess sem kostnaðarminnst, eða fela það til geymslu eða selja. — Farm skal selja á opinberu uppboði, ef því verður við komið. — **63. gr.** Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fé skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri. — **64. gr.** Bæta skal skipstjóri skaða þann, sem hann olli út-

1) L. nr. 41, 19. maí 1930, §§ 92, 39, 56, 57, 29, 30 og 61. — 2) Svo, réttara 53. gr. — a) II, 606, 781, 788, 822, 935—6, IV, 277, 529, VII, 21—2, 19, 114, VIII, 425, IX, 165, 168, (IX, 481), XX, 447.

gerðarmönnum eða farmeigendum með svikum, hirðuleysi eða gáleysi við skyldustörf sín, og leysir það hann eigi úr ábyrgð, að hann fór eftir fyrirmælum annarra, nema gagnvart þeim, er fyrirmælin gáfu. Þótt ályktun sé gerð á skipsráðstefnu, ber skipstjóri engu að síður ábyrgð á framkvæmdunum. — Skipstjóri ábyrgist ennfremur skaða þann, er verður af svikum, hirðuleysi eða gáleysi skipverja við skyldustörf þeirra, nema ætla megi að frá hans hendi hafi hvorki skort næga athygli né eftirlit. — **65. gr.** Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að lokinni ferð, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir séu liðnir frá því, er hann fékk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist. — Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningum hverja sérstaka uppbót, sem hann hefir tekið við af farmsendara, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skipti við sem skipstjóri. — **66. gr.** . . .[1]) Nú á hann (skipstjóri) meira en hálft skip, og má þá dómari setja hann af, ef hluthafi skips krefst og nægar sakir eru til. — Nú hefir skipstjóri gengið í sjálfsskuld til gagnsmuna skipi eða farmi, og var honum það ekki óheimilt, og er hann þá ekki skyldur að láta af stöðu sinni fyrr en útgerðarmenn fá honum þá trygging, að hann verði skaðlaus af ábyrgðinni. — **67. gr.** . . .[2]) — **74. gr.** Þegar skip er afgreitt til ferðar og að öðru ferðbúið, má ekki halda skipstjóra eftir sakir skulda, né leggja löghald á eða gera fjárnám í neinum munum hans, þeim sem á skipi eru og hann þarfnast til starfa síns á því. — **75. gr.—113. gr.** . . .[3])

Sjötti kapituli. Um flutningssamninga.[a]) — **114. gr.** Farmsamning skal jafnan gera skriflega (certeparti), ef annarhvor aðilja æskir þess. — **115. gr.** Farmsamningur tekur ekki til opins þilfars skipsins, nema sérstaklega sé um samið; ekki heldur farrýmis eða herbergja þeirra annarra, sem ætluð eru skipverjum eða til geymslu skipsmunum, vistum, eldivið og öðrum fararnauðsynjum. — Þó má ekki taka vörur af öðrum mönnum í þau herbergi né á þilfar, nema farmsendari samþykki, ella greiði farmflytjandi venjulegt farmgjald fyrir þær vörur og allan skaða, er hinn hlaut af því. — **116. gr.** Nú er skip ekki komið á fermingarstað og búið til að taka við farmi á þeim tíma, sem áskilið var í farmsamningi, og er farmsendara þá heimilt að rifta samningnum; hann á og heimting á bótum fyrir tjón það, er töfin olli honum, nema það vitnist, að útgerðarmaður átti ekki sök á töfinni og ekki skipstjóri né skipshöfn. — Ef farmsamningur tekur engan tíma til, nær ferming skal hefja, skal farmsendari þola bið, nema það vitnist, að útgerðarmaður, skipstjóri eða skipverjar áttu sök á. — Ekki getur farmsendari krafizt neinskonar skaðabóta, ef samningi er ekki rift og hann áskildi sér ekki rétt til þess, áður en hann lét vörur af hendi til fermingar. — **117. gr.** Heimilt er farmsendara að framselja öðrum manni rétt sinn eftir samningnum, en eigi að síður ábyrgist hann, að allar þær skuldbindingar haldist, sem samningurinn batt honum. — **118. gr.** Ekki má senda góss farmsendara án samþykkis hans með öðru skipi en því, sem samið var um, nema skipt verði um skip fyrir þeirra nauðsynja sakir, er 165. og 166. gr. til taka. Nú skiptir útgerðarmaður um skip, og bæti skaða þann allan, er af hlýzt. — **119. gr.** Nú er ekki áskilinn neinn fermingarstaður í höfn og hefir maður samið um allt skipið, og skal þá skip liggja á þeim stað, sem hann vísar til, ef þar er ekki tálmun fyrir og skipið liggur þar á floti, og því er óhætt, og kemst þaðan hlaðið tálmunarlaust; vísa skal á þann stað, þegar er skipstjóri krefst þess, ella má hann sjálfur velja stað skipinu og sé þó almennur fermingarstaður. Nú hafa fleiri menn en einn samið um flutning á skipi, og á þá sá, sem samdi um meiri hluta skips, sama rétt og sá, er samdi um allt skipið. Svo er og ef þeir verða fleiri saman og ásáttir og sömdu um meiri hluta skips, og taka þeir þá til staðinn, ef skipstjóri flutti skipið ekki áður í annað lægi. — Sá, sem samdi um allt skipið eða meiri hluta skips, ef þeir voru fleiri, eiga og heimting á, að skip sé flutt á annan hagkvæman fermingarstað í sömu höfn, og greiði allan flutningskostnað, sbr. niðurlag 124. gr. Sama rétt á og hver maður sá, er semur um hluta úr skipi, ef aðrir farmsendarar hafa ekki óþægindi af flutningnum. — **120. gr.** Nú fermir maður skip góssi, sem svo er háttað, að skipi eða öðr-

1) L. nr. 41 19. maí 1930, §§ 3 og 92. — 2) Sömu l., I. kafli og § 92. — 3) Sömu l., § 92. — a) II, 382, III, 162, IV, 562, VI, 283, IX, 471, XX, 478, Tr. I, 70—1.

um farmi er háski eða tjón búið af, og hefir hann ekki sagt til, hversu háttað var gössinu eða gætt þeirra fyrirskipana, sem settar eru um slíkar sendingar, og ábyrgist hann þá skaða þann allan og kostnað, sem af hlýzt. Svo er og ef maður hleður skip góssi án vitundar skipstjóra eða segir rangt til um góssið, og er þá sendandi auk þess skyldur til að greiða hæsta farmgjald, sem þar var á burtfararstað skipsins. — Verði góssið ekki haft á skipi háskalaust, er heimilt að færa það á land á kostnað sendanda eða jafnvel varpa því fyrir borð, ef það fannst ekki fyrr en eftir að skip lét út, en greiði fullt farmgjald, hvort sem gert var. — **121. gr.** Skylt er sendanda að færa góss að skipsborði, en farmflytjandi annist þaðan af og kosti búlkun alla, undirbreiður og refti. — Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki á umsaminn stað eða á vanalegan fermingarstað í höfninni, ef enginn staður var tilskilinn, og kostar þá skipstjóri flutning góssins á skip úr landi. — **122. gr.** Óheimilt er skipstjóra að búlka góss manns á þilfari ólofað (sbr. 195. gr.) eða í skipsbáta eða hengja það utanborðs á skipið. — **123. gr.** Farmsendari á heimting á, að skipstjóri láti skipið vera búið til fermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) endurgjaldslaust, og þá enn annan tíma (aukabiðdaga), en greiði þá þóknun fyrir aukreitis.[a]) — Biðdaga skal telja frá fyrsta morgni rúmhelgum eftir að skipið er komið á réttan stað og búið til að taka við farmi og skipstjóri hefir sagt sendanda til. Nú er honum sagt til eftir kl. 6 e. h. eða á helgum degi, og skal þá telja biðdaga frá öðrum morgni rúmhelgum. Sé sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til með auglýsingu í blaði þess staðar, eða þann veg, sem þar er títt. — **124. gr.** Ef ekki er samið um tölu biðdaga, skal telja þá eftir nettótonnatali skips svo sem hér segir:

	tonn	seglskip	gufuskip
Þegar skip er ekki	20	2 daga	2 daga
meira en 20 en minna en	35	3 —	2 —
— - 35 - — -	50	4 —	2 —
— - 50 - — -	100	6 —	
— - 100 - — -	150	7 —	3 daga
— - 150 - — -	200	8 —	
— - 200 - — -	250	9 —	
— - 250 - — -	300	10 —	4 —
— - 300 - — -	400	11 —	
— - 400 - — -	500	12 —	
— - 500 - — -	600	13 —	5 —
— - 600 - — -	750	14 —	
— - 750 - — -	900	15 —	6 —
— - 900 - — -	1100	16 —	7 —
— - 1100 - — -	1350	17 —	8 —
— - 1350 - — -	1650	18 —	9 —
— - 1650 - — -	2000	19 —	10 —

— Ef skip er meira en 2000 tonn, hvort sem er seglskip eða gufuskip, skal auka einum degi fyrir hver 400 tonn, sem af ganga, eða minna o. s. frv. — Ekki eru helgidagar taldir til biðdaga og ekki þeir dagar heldur, sem ekki varð unnið að fermingu sakir veðurs eða tálmana frá skipsins hálfu; tími, sem ekki tekur yfir meir en hálfan vinnudag, er aðeins talinn hálfur dagur. — Ef til er tekin ákveðin tala samfelldra biðdaga, skulu og helgir dagar taldir. — Til biðdaga er og talin sú töf, sem leiðir af flutningi skips milli fermingarstaða í höfn samkvæmt 2. lið 119. gr. — **125. gr.** Aukabiðdagar skulu hálfu færri en biðdagar, ef ekki er annan veg um samið; þeir eru taldir samfelldir.[b]) — Ef ekki er annan veg um samið, er þóknun fyrir aukabiðdaga 30 aurar á dag fyrir seglskip og 40 aurar fyrir gufuskip fyrir nettótonn hvert. Þóknunin er talin fyrir hálfa daga, svo að það, sem nemur ekki meira en hálfs dags vinnutíma, er talið hálfur dagur, en heill ef meira er. — Krefja má kaups að kveldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er kaupið ekki greitt, þá er skip er ferðbúið, og er

a) II, 472.

b) I, 237, 400, IV, 647.

þá skipstjóra heimilt að geta þess á farmskírteini (konnossement) hvað ógreitt var. — **126. gr.** Ákvæði þau um tiltekna biðdaga og aukabiðdaga, sem hér hafa verið talin, ná ekki til skipa, sem eru í reglubundnum ferðum milli ákveðinna staða og áætlun er birt um fyrirfram. — **127. gr.** Ekki er skipstjóra skylt að bíða móttöku farms eftir það er aukabiðdagar eru á enda, en skyldur er hann að hafa með sér það góss allt, sem honum var fengið þangað til, þótt hann verði að lengja biðina til að ferma góssið og búlka því, en þóknun skal hann fá fyrir þá bið, ekki minni en fyrir aukabiðdaga, og á heimilt að geta þess á farmskírteininu, ef hún var ekki greidd. — **128. gr.** Ef varan er stykkjagóss, lætur sendandi hana af hendi eftir tilkynningu skipstjóra. Sé sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til á þann hátt, sem segir í 123. gr. Ef góssið er þá ekki látið svo snemma af hendi, að taka megi á skip og búlka jafnóðum, er skipstjóri ekki skyldur til að taka við því og taki þó fullt farmgjald fyrir, sbr. þó 135. gr. — Ekki er skylt að segja til nær vara skal koma til skipa þeirra, sem um getur í 126. gr. — **129. gr.** Skylt er skipstjóra að gefa sjálfur eða láta stýrimann gefa viðurkenning fyrir viðtöku góssins jafnóðum, ef sendandi krefst. Viðurkenningar þessar skulu fengnar aftur skipstjóra þegar er farmskírteini er undirskrifað eða góss fer af skipi, ef það verður áður, sbr. 132. gr. — **130. gr.** Skylt er sendanda að fá skipstjóra öll þau skjöl, sem fylgja skulu góssinu, áður en sá tími sé liðinn, sem ákveðinn var til viðtöku góssins. Nú vanrækir sendandi það og tefur með því burtför skipsins, og getur þá skipstjóri krafizt skaðabóta, ekki minni en fyrir aukabiðdaga og getið þess á farmskírteininu, ef ekki er greitt. — Annast skal skipstjóri um, að hann sé búinn til burtfarar þegar er hann hefir tekið við farmi og skjölum þeim, sem honum er nauðsyn að hafa. Nú vanrækir skipstjóri það eða tefur burtför sína, og getur sendandi þá krafizt bóta fyrir tjón það, er af hlauzt, og riftað samningi eftir atvikum. — **131. gr.** Ef maður semur um heilt skip, er honum heimilt að rifta samningi og greiða hálft farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og tafir, ef meiri hafa orðið, en segja skal hann sundur við skipstjóra samningi áður skip sé farið af þeim stað, er það skal láta út frá. Ef enginn farmur er kominn til skips áður aukabiðdagar sé á enda, skal litið svo á, sem farmsendari hafi rift samningi. Nú er samið um skipið til fleiri ferða en einnar, og skal þá bæta hálfu farmgjaldi fyrstu ferð, en aðrar ferðir fjórðungi farmgjalds, en helming farmgjalds báðar ferðir, ef önnur er burtför, en hin heimför. — Nú lætur farmsendari ekki af hendi alla vöru þá, er tilskilið var, og er skipstjóra þá ekki skylt að fara þá för, nema farmsendari greiði honum fullt farmgjald fyrir vöru þá, sem ekki fer, svo og bætur fyrir kostnað, sem af því leiddi, að ekki kom sumt af farminum, fái ella skipstjóra trygging fyrir því, er greiða skyldi. Nú var endurgjalds krafizt og ekki greitt og ekki trygging fengin fyrir lok aukabiðdaga, og er þá skipstjóra heimilt að líta svo á, sem farmsendari hafi rift samningi og greiði hann farmgjald og skaðabætur sem fyrr segir. — Nú er farmskírteini fullgert, og skal þá farið með sem segir í 146. gr. — **132. gr.** Nú er riftað samningi með þeim atvikum, sem segir í 131. gr., og affermt aftur af þeim sökum góss það, er á skip var komið, og er þá farmsendari skyldur til að greiða skipstjóra allan fermingarkostnað og affermingarkostnað og bæta honum ef skipið var tafið lengur en aukabiðdaga og gjaldi ekki minna en fyrir þá. — **133. gr.** Nú vill sá, er samið hefir um allt skip, rifta samningi eftir það er skip fór af þeim stað, þar sem ferð var hafin, og er hann þá skyldur að greiða fullt farmgjald og bætur fyrir aukabiðdaga og ef aðrar tafir urðu; þó skal aðeins greiða þrjá fjórðunga farmgjalds, ef svo er um samið, að skipið skuli fara á annan stað til fermingar þar og samningi var sagt í sundur áður skip fór frá fermingarstað eða samningur raufst sakir þess, að farmsendari vanrækti skyldu sína með þeim atvikum, sem 2. liður 131. gr. til tekur. Nú var samið um fleiri ferðir en eina, og skal þá greiða fullt farmgjald fyrir þá ferð, sem hafin var, og hálft fyrir hina næstu, en fyrir hinar að fjórða hlut; ef samið var um ferð á ákveðinn stað og afturkomu þaðan tafarlaust, skal greiða þrjá fjórðunga farmgjalds fyrir báðar leiðir, ef samningi var riftað áður skip fór þaðan heim á leið. — Ekki getur farmsendari krafizt, að skip sé affermt eftir það er skip lagði út, nema á þeim stað sé, sem skip átti erindi til, og greiði skipstjóra farmgjald, svo sem sagt var, og bæti kostnað allan og skaða af affermingu á við-

1914 Nr. 56 30. nóv.

komustað. — Nú er farmskírteini afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 146. gr. — **134. gr.** Ef fleiri hafa samið um skip að hlutum og allir farmsendarar eru ásáttir um að rifta samningi, fer um hvern þeirra sem fyrir er mælt í 131.—133. gr. Nú koma þeir sér ekki saman, og skal þá sá þeirra, sem samningi vill rifta, greiða fullt farmgjald svo og aukabiðdagagjald eftir atvikum, og bæta auk þess, ef meiri töf verður, og allan kostnað, sem af því leiddi að hann gekk úr. Vöru sinnar getur einstakur farmsendari því aðeins krafizt aftur úr skipi, ef það getur orðið öðrum farmsendurum að skaðlausu, svo að það tefji ekki ferð eða skaði þá á annan hátt, og bæta skal hann ávallt skipstjóra skaða, tjón og kostnað, sem affermingin olli. — **135. gr.** Sá, sem gert hefir farmsamning um skip og greiða skal samkvæmt 128., 131., 133. og 134. gr. fullt farmgjald fyrir vöru, sem ekki fer á skipi til ætlunarstaðar, getur krafizt, að dreginn sé frá greiðslufé hans kostnaður sá, sem hann sparaði skipinu við það, að hann tók aftur vöru sína. Taki skipstjóri aðra vöru í hinnar stað, skal helmingur farmgjalds fyrir þá vöru dreginn frá greiðslufé farmsendara. — **136. gr.** Ef maður leggur löghald á eða gerir fjárnám í góssi, sem fermt hefir verið á skip, getur hann aðeins krafizt góssins með sömu skilyrðum og farmsendari gat. — **137. gr.** Nú er farmur kominn á skip, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem er í hans stað, gefa út farmskírteini (konnossement), ef sendandi beiðist, og skal hann þar kannast við, að hann tók við vörunni og skyldu sína til að flytja hana til ætlunarstaðar og fá réttum viðtakanda. — Undir skírteinið skal sá maður rita nafn sitt, er gaf það út, stað og dagsetning, er það var gefið út, svo og nafn skipsins og hver varan var, og nafn viðtakanda og ætlunarstað vörunnar. Auk þess getur hver aðilja krafizt, að þar standi nafn skipstjóra, ef hann skrifaði ekki undir sjálfur, svo og nafn þess, er vöruna lét af hendi, heimili skipsins, hvort það er gufuskip eða seglskip, tegund vörunnar og ásigkomulag, þungi hennar, mergð og hversu merkt, um samið farmgjald og að vísað sé til farmsamnings í heild sinni eða til einstakra ákvæða hans. — **138. gr.** Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini, sem sendandi telur nauðsyn á; hann getur og krafizt, að farmskírteini sé gefið fyrir allri vörunni í heild eða sérstakt skírteini fyrir einstaka hluta hennar. Skylt er sendanda að fá skipstjóra svo mörg eintök, sem þarf, til undirskriftar, áður en tími sá sé liðinn, sem 130. gr. tekur til, og getur skipstjóri krafizt eins eintaks, sem sendandi skrifi undir með honum. Aldrei má skipstjóri gefa skírteini fyrir vöru, sem ekki er komin á skip. — Nú eru gerð af farmskírteini fleiri eintök en eitt, og skal þá eintakatalan til greind í sjálfu skírteininu, og þó ekki talið með eintak skipstjóra. Skírteinin skulu öll vera samhljóða; þó getur sendandi krafizt, að eintökin séu í sjálfu meginmálinu merkt svo sem fyrsta eintak, annað, þriðja o. s. frv. — **139. gr.** Farmskírteini má stíla til ákveðins manns, eða þess, sem hann tilvísar, eða til handhafa; sé það stílað „að tilvísun" aðeins, merkir það tilvísun vörusendanda. Farmskírteini má framselja með áritun (endossement) til ákveðins manns eða eyðuframsali (in blanco), nema framsal þess sé berlega óheimilað með orðunum „ekki til framsals", eða öðrum ákveðnum fyrirvara í meginmáli þess. — Nú er maður löglega að farmskírteini kominn eftir orðum sjálfs þess eða við framsöl, sem í óslitinni röð ná til handhafa, eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafizt, að varan sé fengin sér í hendur sem réttum aðilja. — **140. gr.** Ef ekki hefir verið tekinn til í höfn neinn ákveðinn staður til affermingar, getur viðtakandi farms krafizt, að skipið sé fært til þess staðar, sem hann vísar til, ef ekkert tálmar þar og skipið getur legið þar á floti og óhult; þenna stað skal þó til taka jafnskjótt og skipstjóri krefst, ella er honum frjálst að kjósa sé stað og sé þó vanalegur affermingarstaður. Nú eru viðtakendur farms fleiri en einn og tekur einn þeirra meira hluta þess farms, sem til þeirrar hafnar fer, og á hann þá sama rétt sem sá, er allan farm tekur. Svo er og ef fleiri viðtakendur eru saman um meiri hluta þess farms, og eru ásáttir, og nefna þeir þá til stað og skulu þó hafa gert það áður skipstjóri færði skipið í annað lægi. — Um skyldu skipstjóra til flutnings skips innan hafnar gildir það, sem mælt er fyrir um fermingu í 119. gr., eftir því sem við á. — **141. gr.** Skyldur er skipstjóri til við affermingu að láta góssið af hendi við skipshlið, en annan affermingarkostnað greiðir viðtakandi. — Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki í ákveðið lægi, eða ekki á almennan afferm-

1914 Nr. 56 30. nóv.

ingarstað í höfninni, ef ekkert lægi var tekið til, og skal þá skipstjóri færa góssið á hæfilegan affermingarstað í höfninni á sinn kostnað. — **142. gr.** Viðtakandi farms á heimting á, að skipstjóri hafi skipið búið til affermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) án endurgjalds, og þá enn um annan tíma tiltekinn (aukabiðdaga), en greiði aukreitis þóknun fyrir. Þetta nær þó ekki til skipa í þeim ferðum, sem getur í 126. gr. Gefa skal tilkynning um það, nær skip er búið til affermingar, og fer um það áþekkt því, sem fyrir er mælt um ferming í 123.—125. gr., svo og um það, hversu telja skuli biðdaga og aukabiðdaga, fjölda þeirra og gjald fyrir aukabiðdaga. — Ef affermt er og fermt í einu lagi fyrir sama manninn, hefjast ekki aukabiðdagar fyrr en hvorirtveggja biðdaga samantaldir eru á enda, þeir sem ákveðnir eru til affermingar og fermingar. — **143. gr.** Sá, sem taka skal við stykkjagóssi, skal koma til að veita því viðtöku þegar er skipstjóri hefir gefið honum tilkynning um það. Ef viðtakandi er ókunnur eða hann finnst ekki, skal honum sagt til svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni. — Þá er stykkjagóss er flutt á þeim skipum, sem 126. gr. ræðir um, er skipstjóra heimilt að afferma tafarlaust án sérstakrar tilkynningar um það. — **144. gr.** Á ætlunarstaðnum skal skipstjóri fá farminn þeim manni, sem segir til sín og sýnir eintak af farmskírteininu, sem heimilar honum samkvæmt 139. gr. að kalla eftir vörunni sér til handa. Þá er lokið er affermingu, skal fá eintak þetta skipstjóra og rita á viðurkenning um viðtöku vörunnar; til að tryggja sér þetta getur skipstjóri krafizt, að farmskírteinið sé falið öðrum mönnum til vörzlu, áður en afferming hefst. Skipstjóri getur krafizt, að skrifað sé á farmskírteinið jafnóðum og affermt er, eður og sérstakra viðtökuvottorða. — **145. gr.** Nú sýna fleiri menn en einn eintak af farmskírteini, sem heimilar þeim að krefjast farmsins sér til handa, og má þá skipstjóri engum þeirra fá í hendur farminn, en hann skal fela hann til varðveizlu svo óhult sé, ef aðiljar verða ekki ásáttir um einn viðtakanda, sem hann geti fengið vöruna, og skal hann tafarlaust skýra þeim frá, hvar varðveitt sé. Nú eru eintök farmskírteinis tölusett svo sem síðasti kafli 138. gr. mælir fyrir, og skal þá skipstjóri fá þeim í hendur vöruna, sem lægsta hefir töluna á eintaki sínu. — **146. gr.** Óheimilt er skipstjóra að láta farminn af hendi annarsstaðar en á áætlunarstað hans, jafnvel þó rift sé farmsamningi eða hætt við ferð, nema því aðeins, að skilað sé þá aftur öllum þeim eintökum farmskírteinis, sem hann lét af hendi, sbr. þó 172. gr. Þó nær þetta ákvæði ekki til þess, ef farmskírteinið óheimilar framsal á sér, né til þess, ef eintök farmskírteinisins eru tölusett svo sem síðasti hluti 138. gr. mælir fyrir, og getur þá löglegur handhafi þess eintaks, sem hefir merkið „fyrsta“, krafizt, að varan sé fengin honum, þótt ókunnugt sé um hin eintökin. — **147. gr.**[a]) Farmflytjandi ábyrgist allar skemmdir á farminum og ef hann minnkar frá því, er við honum var tekið á skip og til þess er hann kemur í hendur viðtakanda, nema líkur séu leiddar að því, að skemmdin eða rýrnunin stafi af sjóslysi, hernámi eða öðru óhappi, sem skipstjóri eða skipshöfn mátti ekki við gera, eða af ónógum umbúnaði vörunnar, spilling í henni sjálfri, rýrnun, af venjulegum leka íláta, eða dýr deyi, eða í heild sinni stafi af ásigkomulagi farmsins sjálfs. — Ef skemmdir stafa af því, að skip var ekki svo í lagi til ferðar, sem vera bar, ábyrgist farmflytjandi það þó ekki, ef ekki fundust gallar á skipinu, hversu vel sem að var gætt. — **148. gr.** Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sérstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og góssið glögglega einkennt í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir farmflytjandi þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var. — Ekki skal bæta peninga, verðbréf eða aðra dýrgripi, nema sagt sé til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir. — **149. gr.** Farmskírteinið er grundvöllur réttarstöðu skipstjóra og viðtakanda farms sín á milli, og skal fá viðtakanda farminn eftir því, sem skírteinið mælir fyrir. Ákvæði farmsamnings, þau er ekki voru sett í farmskírteinið, eru ólögmæt gagnvart viðtakanda nema að svo miklu leyti sem farmskírteinið vitnar til þeirra. — Nú er vitnað til farmsamnings í farmskírteini um farmgjaldið, svo sem með orðunum „farmgjald eftir farmsamningi (certeparti)“, og tekur þá sú tilvitnun ekki til ákvæða samnings þess um biðdaga, aukabiðdaga og gjald fyrir þá. — Ekki getur skipstjóri krafið viðtakanda farms um ógreitt aukabiðgjald né önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema fyrirvari sé hafður um það í farmskírteininu. — **150. gr.** Skipstjóri ábyrgist viðtakanda eftir 149. gr.,

a) IV, 167, XII, 182.

1914 Nr. 56 30. nóv.

að rétt sé, það sem farmskírteinið greinir um góssið. Ef það er sent í luktri kistu eða umbúðum, svo að skipstjóri veit ekki hvað í er, eða ef til er tekið í farmskírteininu mál, þungi eða tala og skipstjóri mældi það ekki, vó eða taldi, þá er hann tók við því á skip, þá á hann heimilt að geta þess á farmskírteininu, og ábyrgist hann þá ekki, að rétt sé, nema hann hafi séð við fermingu, að rangt var sagt til eða hefði átt að sjá það við almenna athygli. — **151. gr.** Þá er skipstjóri getur ekki séð við móttöku, hversu góssinu er háttað, eða hve tryggilega er um búið, getur hann skrifað á farmskírteinið „ábyrgist ekki leka, brot eða skemmd", eða annað því líkt, og áskilið sér með því að vera úr ábyrgð þeirri, sem 147. gr. til tekur. Slíkur fyrirvari leysir hann þó ekki úr ábyrgð, ef ætla má, að skemmd eða rýrnun yrði með þeim hætti, að útgerðarmenn ábyrgist hana eftir 147. gr. — **152. gr.** Ef góss er flutt á skip og glöggt verður séð, að spillt er eða óhæfilega um búið, er skipstjóra skylt að geta þess berum orðum í farmskírteininu. Nú vanrækir hann þetta, og ábyrgist hann þá hvorttveggja gagnvart viðtakanda, þótt hafður sé í farmskírteininu fyrirvari, slíkur sem 151. gr. getur. — **153. gr.** Nú kemur skip til affermingarstaðar og má gruna af líkindum, að farmur sé spilltur eða glatað af, og er viðtakanda þá heimilt að láta fram fara skoðunargerð, og skal henni fylgja álitsgerð um það, hver orsök var til, ef það reynist, að spillzt hefir varan. — Nú hefir viðtakandi látið fá sér í hendur farminn og ekki látið skoðunargerð fara fram áður, og vill síðar kæra ásigkomulag hans, og skal hann þá áður næsti virkur dagur sé liðinn krefjast, að skoðunargerð fari fram sem fyrst. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafizt skaðabóta nema það sannist, að skemmdin eða rýrnunin sé orðin við svik, hirðuleysi eða gáleysi útgerðarmanns eða þeirra manna einhverra, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr. — **154. gr.** Þá er greiða skal bætur eftir 147. gr. fyrir skemmdan farm eða týndan, eða farmflytjandi skal bæta vöru, sem seld var í ferðinni til skipsþarfa eftir heimild 54. gr., skal meta bæturnar eftir fyrirmælum 205. og 206. gr. — **155. gr.** Ef skipstjóri tekur farm á skip og hefir ekki samið um farmgjald, hve mikið skuli vera, skal greiða það gjald svo sem almennt var á fermingarstaðnum þá er hann tók farm. Nú var samið um farmgjald, en meira fermt af góssinu en um var samið, og skal þá gjalda fyrir það, sem meira var, að réttri tiltölu við hitt, sem um var samið. — **156. gr.** Ekki skal greiða farmgjald fyrir það góss, sem kemur ekki til skila við ferðarlok, nema það hafi farizt sakir ásigkomulags þess sjálfs (sbr. 147. gr.) eða af ónógum umbúnaði, eða sakir annarrar yfirsjónar eða hirðuleysis sendanda, eða það hafi verið selt í ferðinni fyrir hönd eiganda þess. — Ef greitt er farmgjald fyrirfram fyrir góss, sem ekki skal gjalda fyrir, eftir því sem nú var sagt, má heimta það aftur, nema annað sé áskilið. — **157. gr.** Ef ílát hefir lekið meiri hlut lagar, er rétt, að viðtakandi láti það, sem eftir er, vera farmgjald vörunnar. Heimild þessi nær til hvers íláts um sig, en neyta skal þeirrar heimildar áður viðtakandi taki við ílátinu, og ekki nær hún til þess, ef varan kom á skip í lömuðu eða óhæfu íláti og skipstjóri gat þess sérstaklega á farmskírteininu, sbr. 152. gr. — **158. gr.** Farmflytjandi greiðir allan ferðarkostnað og gjöld frá því er við farmi er tekið og til þess hann var af hendi seldur á ætlunarstað; skipsgjöld, sóttkvíunarkostnaður, dráttargjald og annað þess kyns taka þannig ekki til farmsendara. — **159. gr.** Nú tekur viðtakandi við farminum, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og annað það, sem skipstjóri getur krafizt greiðslu á eftir farmskírteini eða öðru því skjali, sem segir fyrir um afgreiðslu farmsins til viðtakanda. — **160. gr.** Ekki er skipstjóri skyldur til að láta farminn af hendi fyrri en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu það, sem honum er skylt að greiða eftir 159. gr., svo og bætur fyrir aukabiðdaga eða aðrar affermingartafir, sjótjónsframlög og annað það gjald, sem á vörunni liggur, sbr. 244. gr.[a]) Þá er farmurinn er af hendi greiddur, getur skipstjóri kallað til geymslufjárins, þó að áskildri heimild viðtakanda til að sjá sér borgið með kyrrsetningu eða lögbanni, ef ósamþykki kemur upp. Nú er ekki kveðið á um sætjónsframlag, hversu mikið skuli vera, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur trygging fyrir. — Ákvæði þessarar greinar gilda og, er krafizt er affermingar á góssi á fermingarstað eða viðkomustöðum. — **161. gr.** Ef maður, sem farmur er ætlaður, skorast undan að taka við honum, eða viðtakandi er ókunnur eða finnst ekki, skal skipstjóri skýra sendanda frá því, þegar er hann má. Nú segir enginn löglegur viðtakandi til sín svo fljótt, að góssið geti orðið affermt fyrir lok aukabiðdaga, eða fyrir

a) XX, 481.

1914 Nr. 56 30. nóv.

lok þess tíma, sem skipstjóri kveður á eftir 143. gr., ef það var stykkjagóss, og skal þá skipstjóri færa vöruna á land og fá til varðveizlu svo óhult sé. Nú vanrækir viðtakandi að gegna skyldum sínum eftir fyrirmælum 160. gr. eða tefur svo afferming, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er þá skipstjóra heimilt að afferma og fela vöruna til varðveizlu svo sem sagt var. — Þá er farmur er falinn þannig til geymslu, skal skipstjóri skýra frá því þeim, sem hann var ætlaður. Sé viðtakandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal skýrt frá því svo sem 123. gr. mælir fyrir um skylt efni. — Nú dvelst skipi, lengur en aukabiðdagar endast, við það að fá góssi varðveizlu, eða því dvelst á annan hátt, svo að skipið verður ekki sakað um, og getur hann þá krafizt fullra bóta fyrir, ekki minni en aukabiðdagar væri. — **162. gr.** Þá er góss er látið til varðveizlu, svo sem 145. og 161. gr. ræða um, er skipstjóra heimilt að láta selja við opinbert uppboð svo mikið af því, sem þarf til að fullnægja kröfum þeim, sem 160. gr. getur um, svo og til greiðslu tolla og kostnaðar. — **163. gr.** Eftir það er skipstjóri hefir fengið farminn í hendur viðtakanda, á skipstjóri enga kröfu á hönd farmsendara um það fé, sem viðtakanda var skylt að greiða; þó er rétt, að hann sæki farmsendara um þá upphæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur félli niður. Ef góssið er ekki selt af hendi og kröfum skipstjóra ekki fullnægt með sölu þess, ábyrgist farmsendari það, sem á skortir. — **164. gr.** Heimilt er öllum aðilum að rifta farmsamningi ábyrgðarlaust meðan skip hefir ekki látið út af þeim stað, þar sem ferð skyldi hefja, ef ófriður kemur upp, svo að skip eða farmur eigi ekki frjálsa ferð, eða farbann er lagt á skip, eða fráfararhöfn eða ætlunarhöfn er herkvíuð eða flutningur góssins óheimilaður frá fararhöfn eða aðflutningur á ætlunarhöfn, eða ferð skipsins eða flutningur góssins sætir tálmun af nokkrum öðrum ráðstöfunum yfirvalda. — Ef slík tálmun tekur aðeins til nokkurs hluta af farmi sendanda, er honum ekki heimilt að rifta samningi nema hann greiði farmgjald eftir reglum 131. og 134. gr.; sé samningi ekki riftað, má afferma aftur á kostnað sendanda þeirri vöru, sem tálmuninni sætir og áður var á skip færð. Nú segir farmsendari til áður aukabiðdagar sé á enda, að hann ætli að senda aðra vöru, og er skipstjóri þá skyldur til að taka við henni, ef hún er látin til tafarlaust og ekki er óhægra að flytja hana á skipi, en skyldur er farmsendari að greiða kostnað allan, sem af því leiðir, og svo skaðabætur eftir 127. gr., ef töf verður lengri en aukabiðdagar. Ef fleiri menn eru farmsendarar en einn, má töfin ekki lengjast af þessum sökum umfram aukabiðdaga, nema allir farmsendarar samþykki. — Nú eru farmsendarar fleiri en einn og samningi er rift við einn þeirra eða fleiri sakir tálmana á flutningi vöru þeirra, og er þá skipstjóra heimilt að rifta samningi við aðra farmsendara, ef það farmgjald, sem hann mundi fá fyrir ferðina, verður minna en helmingur þess farmgjalds alls, sem til var tekið. — **165. gr.** Nú ferst skip á ferð, eða verður dæmt óbætandi, og er þá slitið farmsamningi; þó er skipstjóra skylt á kostnað farmeiganda að gera hagkvæmar ráðstafanir um farminn, svo sem fyrir er mælt í 62. gr. — Þá er svo ber að, skal greiða farmgjald eftir vegalengd, svo að goldið sé fyrir þá leið, sem farin var, að sömu tiltölu, sem sú leið var mót allri ferðinni, þó svo, að þess sé gætt, hve miklum tíma var til varið, og svo sérstakra erfiðleika, sem á voru, og kostnaðar, að réttri tiltölu við sérstakan kostnað og erfiðleika á því, sem ófarið var. Ef aðiljar geta ekki orðið ásáttir um það, hvert farmgjald skal greiða, getur hver þeirra heimtað, að úr sé skorið með lögmætu mati. — Heimilt er eigendum að láta góssið koma fyrir vegalengdarfarmgjaldið, er þeir kjósa það heldur. — **166. gr.** Nú ber að slíka tálmun, sem 164. gr. ræðir um, eftir það er skip fór burt þaðan, sem ferð var hafin, og er hverjum aðilja þá og heimilt að rifta samningi, en greiða skal þá farmsendari vegalengdarfarmgjaldið eftir fyrirmælum 165. gr. Ef rift er samingi, skal skipstjóri á kostnað eiganda annast svo um farminn sem 62. gr. mælir fyrir. — Nú tefur slík tálmun skipið á fermingarstaðnum eftir að það hefir tekið þar farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá þeim kostnaði af töfinni, sem á kom, til þess er samningi var slitið, skipt niður á skip, farmgjald og farm, eftir því, sem mælt er fyrir um sameiginlegt sætjón. — **167. gr.** Ef farmsamningi er riftað af þeim sökum, sem 164. gr. ræðir um, og verður því að afferma vöruna, er farmsendari skyldur til að greiða allan kostnað, sem af því leiðir, ef tálmunin á efndum samningsins snertir farminn einan saman. Nú snertir tálmunin einnig skipið eða það eitt saman, eða skipstjóri hefir neytt heimildar sinnar eftir síðasta lið 164. gr. til að segja sund-

ur samningum, og fer þá um það eftir hinu almenna ákvæði í 141. gr. — **168. gr.** Nú tefur eitthvað skipið á fermingarstað eða síðar á viðkomustað á ferðinni og ætla má, að sú töf muni nokkuð lengjast, og er þá farmsendara heimilt að láta afferma vöru sína í bráð, ef hann fær til trygging fyrir greiðslu krafa þeirra, sem 160. gr. skyldar hann til, ef varan kemur ekki aftur á skipið í tæka tíð, þegar skipstjóri segir til. Ef fleiri eru farmsendarar, getur enginn þeirra krafizt, að vara hans sé affermd, nema hinir leyfi, ef sú afferming skaðar þá. — **169. gr.** Nú leitar skip hafnar í nauð sakir bilunar, og talið er víst, að farmurinn spillist allur eða að miklum hluta við þá dvöl, sem umbót skipsins krefur, og er þá farmsendara heimilt að rifta samningi og ráða vöru sinni, ef hann greiðir farmgjald eftir vegalengd, sem talin sé eftir fyrirmælum 165. gr. Þó nær þessi heimild ekki til farmsendara, ef fleiri eru en einn og einhver þeirra krefst, að fram sé haldið ferðinni. — **170. gr.**[a]) Nú eru einstök eintök farmskírteinis framseld ýmsum mönnum, og veitir þá það eintak beztan rétt, sem framseljandi sendi fyrst eða seldi af hendi, ef handhafa er heimilt að krefjast þess eftir annarri málsgr. 139. gr., að sér sé fengin varan. Þó taka þessi ákvæði ekki til þess, ef eintökin eru tölusett eftir fyrirmælum 138. gr., því að þá gengur sá handhafi fyrir, sem eintak hefir með lægstri tölu. En nú er vara affermd og hún fengin löglega í hendur öðrum manni, og er hann þá ekki skyldur til að selja hana aftur af hendi, nema það sannist, að hann vissi, að kaup hans á farmskírteininu var ólögmætt, eða hann sýndi þar stórkostlegt gáleysi. — **171. gr.** Réttur sá, sem seljandi kann að eiga að lögum til að hefta afhending á góssi til kaupanda, er hann getur ekki greitt andvirðið eða fullnægir ekki skyldum þeim, er kaupin gerðu honum, fellur ekki niður, þótt kaupandi hafi fengið farmskírteinið í hendur. — Ef kaupandi hefir framselt öðrum manni farmskírteinið, á seljandi ekki þenna rétt gagnvart þeim manni, nema í skírteininu hafi staðið bann gegn framsali, eða það sannist, að handhafi skírteinisins hafi þekkt málavexti, er hann fékk það, eða sýnt stórkostlegt gáleysi. — **172. gr.** Ef farmskírteini glatast, má fá það ónýtt með dómi á þeim stað, þar sem láta skyldi af hendi vöruna. Sá, sem ónýtingar æskir, skal senda beiðni um hana til dómanda og geri þar grein fyrir, hversu hann eignaðist hið glataða skírteini og lýsi því, að hann lét það ekki af hendi til annarra manna og bjóða eið sinn á. Ef veitt er beiðni hans, nefnir dómari til stefnufrest, og má hann ekki vera skemmri en 12 vikur og ekki lengri en 1 ár. Stefnuna skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og sé ekki skemmra milli hverra birtinga en ein vika. — Heimilt er manni að krefjast þess, að vara sú sé seld honum í hendur, sem farmskírteinið til tekur, ef hann fær til trygging og stefnan hefir verið löglega birt; en þangað til það er gert, þarf hann til þess sérstakan úrskurð dómara. — **173. gr.** Ef maður hefir farmskírteini í höndum og hefir fengið það svo sem 139. gr. segir, er hann ekki skyldur til að láta það af hendi við þann, sem misst hefir, nema það sannist, að hann hafi þekkt málavexti, er kaup fóru fram, eða sýnt í því kaupi stórkostlegt gáleysi. — **174. gr.** Nú er farsamningur ger um flutning á tilteknum manni og hann getur ekki farið af stað sakir sjúkleiks, eða annarrar tálmunar, eða hann er dáinn, og skal þá aðeins greiða hálft fargjald, ef sagt var til forfalla áður skipið hélt af stað. Ella gjaldi maður það far fullu verði, er hann áskildi sér, þótt hann geti ekki farið. — **175. gr.** Slitið er farsamningi farþega, þegar skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða nokkra aðra tálmun ber að, þá er ræðir um í 164. gr., og á þar hvorugur aðilja bótakröfur á annan. Ef ferð var hafin, er farþegi þó skyldur til að greiða gjald fyrir þann hluta leiðar, sem farinn var, og fer um það eftir fyrirmælum 165. gr. — **176. gr.** [Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um góða háttsemi og reglu á skipinu. — Ákvæði 54. og 61. gr. sjómannalaganna taka og til þeirra.][1]) — **177. gr.** Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um skaðabætur fyrir týnt góss eða skemmt, nær og til ábyrgðar á því góssi, sem farþegar hafa með sér og fengið er skipstjóra í hendur eða þeim manni, sem settur er til að veita viðtöku góssi manna. — **178. gr.** Heimilt er skipstjóra að halda góssi farþega til þess er fargjald er greitt og andvirði þess, er farþegi hefir neytt á skipi á ferðinni. Skipstjóri á og auk þess sama rétt á þessu góssi sem 160.—

1914 Nr. 56 30. nóv.

a) IX, 393.

1) L. nr. 40, 19. maí 1930, § 3.

162. gr. veita honum á annarri vöru, þeirri sem ekki er greitt farmgjald fyrir.

Sjöundi kapituli. Um sjólán (bodmerí). — **179. gr.** Þá er skipstjóri tekur peninga að láni í neyð til framhalds ferð sinni eða til bjargar farminum eða til að koma honum áleiðis og leggur skipið að veði fyrir láninu, farmgjald eða farm, með þeim hætti, sem hér verður sagt, þá á lánsali aðeins aðgang að hinum veðlögðu fémunum að lokinni ferð, en í þeim á hann sjóveðrétt eftir 11. kapítula þessara laga. — **180. gr.** Sjólán má taka gegn veði í skipi, farmgjaldi og farmi eða einu þeirra eða fleiru. Ef tekið er lán til greiðslu kostnaði á farminum einum, má veðleggja hann sérstaklega, en fyrir öðrum kostnaði má ekki leggja farm að veði, nema ásamt skipi og farmgjaldi. Ef saman er veðlagt skip og farmur, er farmgjald og talið til veðsins, en ella aðeins þar, sem það er sérstaklega tekið til. — Nú er eitthvað af fémunum þessum sjólánsveðlagt fyrir tilkostnaði, sem ekki snertir það veð sjálft, og lánsali leitar sér lúkningar í veðinu, og getur þá eigandi veðsins aftur leitað sér bóta fyrir missi sinn í þeim fémunum, sem kostnaðurinn varð á, og á hann þá sömu heimild á þeim sem væri þeir sjólánsveð honum til handa. — **181. gr.** Áður skipstjóri tekur sjólán, skal hann gera skýra grein fyrir þeim atvikum, sem neyddu hann til lántökunnar, og gera það með þeim hætti, sem 46. gr. ræðir um, ef hann má því við koma, en ella með yfirlýsingum konsúls eða annarra yfirvalda. — **182. gr.** Þá er sjólán er tekið, skal um það gera bréf. Það er því aðeins lögmætt sjólánsbréf, að í því standi: 1. Nafnið sjólánsbréf eða önnur orð, sem skýra frá, að samningurinn sé gerður um sjólán. 2. Nafn lánsala. 3. Stærð veðskuldarinnar (lánsfé og tilgjöf). 5. Tilgreining hinna veðbundnu hluta. 5. Nafn skipsins. 6. Tilgreining ferðarinnar, sem lán er fengið til (sjólánsferð). 7. Nafn skipstjóra undirritað og tiltekinn staður og dagur. — **183. gr.** Gera skal af sjólánsbréfi fleiri eintök en eitt, ef lánsali vill; öll skulu eintökin vera samhljóða og taka til, hversu mörg eintök gerð voru. — Nú er sjólánsbréf framselt, og heftir það ekki andmæli gegn því, að lögmæt skilyrði séu fyrir sjólánstöku. — **184. gr.** Sjótjónsframlög skulu greidd af hinum sjólánsveðlögðu fémunum, án þess að sjólánsveðskuldin minnki við það; en vinnist fémunirnir við það ekki til fullrar greiðslu á veðskuldinni, skal sjólánssali bera hallann. — **185. gr.** Skyldur er skipstjóri að annast um varðveizlu og björgun hinna veðlögðu eigna. Ekki skal hann nema í ýtrustu nauðsyn hafast neitt það að, sem stofnað geti þeim í annan né meiri háska en þann, sem lánsali gat búizt við eftir veðbréfinu. Verði skipstjóra á í því, ábyrgist hann skaða þann, er af hlýzt. — Nú breytir hann að nauðsynjalausu ferð sinni, þeirri sem sjólánsveðbréfið til tók, og án þess að gagnsmunir lánsala krefjist þess, eða hann víkur af venjulegri leið og ekki til að bjarga mönnum í sjávarháska, eða hann stofnar hinum veðlögðu fémunum í nýja hættu eftir það er ferðinni var lokið, og reynist þeir eftir það ónógir til lúkningar sjólánsskuldinni, og ábyrgist skipstjóri þá það, sem á skortir, nema það sannist, að skaði hefði þó á orðið, þótt skipstjóri hefði gætt alls þess, er honum var skylt. — **186. gr.** Sé ekki annað tilskilið, skal gjalda sjólánsskuld á þeim stað, þar sem sú sjólánsferð er á enda eftir samningnum, og er gjalddagi sjöunda daginn eftir það, er skipið kom þangað, og án frestdaga. — Ef ferð endar áður skipið kom á ætlunarstað þann, sem sjólánsveðbréfið til tekur, þá skal gjalddagi vera á láninu sjöunda daginn frá því, er ferð var lokið, og greiðast á þeim stað, þar sem henni lauk. Skylt er skipstjóra að skýra lánsala þegar frá breytingu þeirri, sem á er orðin. Nú voru önnur efni til breytingarinnar en þau, sem getið er í 164. og 165. gr., og getur þá lánsali krafizt bóta fyrir þann kostnað, sem hann hafði af breytingunni. — **187. gr.** Nú er krafizt sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga, og fæst ekki greiðsla á, og er þá lánsala heimilt að krefjast vaxta, 6 af hndr. á ári bæði af lánsfé og tilgjöf. — Ef tilgjöf var ákveðin eftir tímalengd, skal tími aðeins talinn til gjalddaga. — **188. gr.** Þegar gjalddagi er kominn, má krefja skuldarinnar, eftir einu eintaki af sjólánsbréfinu, gegn því, að selja það eintak af hendi með áritaðri kvittun. Nú segja til sín fleiri handhafar en einn, og krefjast þeir greiðslu, og skal þá engum þeirra greiða, en skipstjóri skal fela greiðsluféð í trygga varðveizlu og skýra frá því réttum aðiljum. — Ekki má skipstjóri greiða þá skuld fyrir gjalddaga, nema fram komi öll eintök sjólánsbréfsins. — **189. gr.** Nú er kominn gjalddagi á sjóláni, og er veðbréfið þá ekki á þeim stað, þar sem greiða skal veðskuldina (sbr. 186. gr.), og er þá skipstjóra heimilt að fela skuldaféð í örugga

varðveizlu og leysa með því veðið. Nú felur skipstjóri féð til varðveizlu, og er hann þá skyldur til að skýra lánsala frá því tafarlaust. — **190. gr.** Þegar er skipið er komið á ætlunarstað sinn, þann sem sjólánsveðbréfið nefnir til, eða þegar fullráðið er, að ferðin skuli enda á öðrum stað, getur kröfuhafi látið leggja löghald á hina veðlögðu eign, þótt skuldin sé þá ekki komin í gjalddaga. Ekki er þörf að reka löghaldsmál til staðfestingar haldinu, en ónýtt skal það löghald ávallt 8 dögum eftir gjalddaga. — Nú er krafizt sjólánsskuldar, sem komin er í gjalddaga og er þá ekki greidd, og er þá kröfuhafa þegar heimilt að láta gera fjárnám í veðfénu, án dóms og laga, til lúkningar skuld sinni og selja veðið því næst á opinberu uppboði. Þegar ætla má, að veðlagður farmur spillist, ef hann er geymdur lengi, má beiðast úrskurðar fógeta um það, að halda skuli uppboðið sem fyrst. Þó má ekki boða það með skemmri fyrirvara en eins dags. Nú er sjólánsveðbréfinu mótmælt við fjárnámsgerðina og talið fals í, eða mótmælt lögmæti kröfunnar, eða annar maður telst hafa lögmætara tilkall til veðsins, og getur þá dómarinn synjað um fjárnámsgerðina, nema lánsali fái trygging fyrir. — **191. gr.** Ef hætt var við sjólánsferðina áður af stað væri farið, er lánið þegar komið í gjalddaga á þeim stað, er farið skyldi frá, og greiði þá lánþegi 5 af hundr. á ári í vöxtu af höfuðstólnum og 3 af hundr. í ómakslaun í stað tilgjafar. Nú lét skip út, og skal þá greiða hina áskildu tilgjöf, þó að síðar sé hætt við ferðina.

Áttundi kapituli. Um sjótjón. — 192. gr. Til sameiginlegs sjótjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og sérhvað, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrirætlan; enn fremur skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að réttri tiltölu við verðmæti þeirra, og sé það ákveðið eftir fyrirmælum 212.—217. gr. — **193. gr.** Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sjótjón: 1. Góss og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að létta skip í sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða sjóræningja, svo og góss og búnað þann, er skolast útbyrðis við það, að út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess. 2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða skipbroti eða árekstri. 3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það, að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita burt ágjöf. 4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru hjálpar. 5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar. 6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum, og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem af því verður. Nú verður ferð ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefir verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sjótjóni sá einn skaði, sem orðinn var áður augljóst yrði, að ferðinni varð ekki haldið áfram, og kostnaður sá, sem þá var á kominn. 7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á ferð, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því að halda ferðinni áfram, sakir þess, að ófriður er hafinn, eða ísrek ber skjótlega að hendi. — Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sjótjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður af töf skips í neyðarhöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, endurfermingu og búlkun, ef affermt var til að koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar, svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í neyðarhöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sér kostnað með því að leysa skipverja úr vist. Nú lengist dvöl skips í neyðarhöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda ferð áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dregst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sjótjóni fæði og mánaðarkaup

1914 Nr. 56 30. nóv.

þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er ferðinni lokið í neyðarhöfninni, og skal þá til sameiginlegs sjótjóns talinn kostnaðurinn aðeins til þess tíma er fastráðið var, að ferðin skyldi enda þar. — Ekki skal telja til sameiginlegs sjótjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemmdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í neyðarhöfninni, né heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemmdir, sem verða á farmi við ferming eða afferming í neyðarhöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sjótjóni, þegar þær stafa af því, að ferming eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með óvenjulegu móti. — Ekki er heldur talinn til sameiginlegs sjótjóns hinn sérstaki kostnaður í neyðarhöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóss. — Nú er bilun bætt til bráðabirgða í neyðarhöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sameiginlegt sjótjón, ef komizt varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talizt hefði með sameiginlegu sjótjóni. 8. Tjón það og skemmdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til hans í neyð til framkvæmdar ferðinni eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemmdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi. — Það, sem eytt er af kolabirgðum gufuskips og vélanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal allt bæta sem sameiginlegt sjótjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný í neyðarhöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sjótjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til neyðarhafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar ferðarinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sjótjóni. 9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vörn gegn fjandmönnum eða sjóræningjum, svo og tjón, sem varð meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góss og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi. 10. Kostnaður af lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem lækning þeirra skipverja varir, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða sjóræningjum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu. 11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sjótjón. 12. Kostnaður og tjón, sem hlauzt af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sjótjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðargjöld greiddra peninga, tilgjöf við neyðarlán, ef nauðsyn var á sjóláni, svo og tjón það, sem hlýzt af verðfalli vöru, sem seld er í neyðarhöfn til greiðslu á sjótjóninu. 13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiptum þeim, sem sjótjónið krafði. 14. Kostnaður, sem leiddi af sjóferðaskýrslu, skoðunargerð, álits- og matsgerð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sjótjónið var og hvernig því skal jafna niður, enn fremur kostnaður við reikning yfir það og niðurjöfnun. — **194. gr.** Ekki skal telja með sameiginlegu sjótjóni þann skaða, sem verður af slysum, meðan framkvæmdur er sá viðbúnaður, sem hafður er til bjargar skipi og farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sjótjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað. — Eigi skal því bæta sem sameiginlegt sjótjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess, að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemmdir á skipi og farmi, af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvelur í neyðarhöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sjótjónsins; ekki heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu né tjón af því, að skipið missti væntanlegs farmgjalds sakir tafar, sem sjótjónið olli. — **195. gr.** Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sjótjón: — 1. Góss, sem látið er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbréf og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega einkenndir eftir fyrirmælum 148. gr. — 2. Farmur á þilfari, þótt varpað sé útbyrðis, né tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað hafi verið út til léttis skipi, eftir að það kom á grynningar. — Með farmi á þiljum er ekki talið það góss eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það góss, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru felld inn í bandakerfi skips, eða veita nægilega trygging með öðru móti fyrir því, að

sjór skaði þar ekki góss né taki út. — 3. Skemmdir, sem við slíkan viðbúnað, sem getið var, verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað. — 4. Skemmdir af ofsiglingu, þótt gerð sé til að forðast skipbrot, fjandmenn eða sjóræningja; tjón á seglum eða á kötlum gufuskips og vél, nema skemmdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemmdir á skipsdælum, er verður við austur skipsins. — 5. Tjón, sem hlýzt af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasjótjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi er búinn og farmi. — 6. Tjón á farmi, sem kviknað hefir í af sjálfu sér, eða hiti er í og tjónið verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi, og þær skemmdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið. — 7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita neyðarhafnar sakir skorts á vistabirgðum eður ferðanauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðrátta var sök í. — **196. gr.** Jafna skal niður sjótjónsbyrgðinni fyrir því, þótt einstakur maður sé sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafizt bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef skipstjóri er sök í háskanum eða annar sá maður, sem útgerðarmenn ábyrgjast eftir 13. gr., eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn. — Nú hefir skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsézt, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu honum skyldi verjast, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sjótjónsins; en ekki getur útgerðarmaður þá heimtað sér bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til. — Sá, sem missir rétt sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða sjótjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefir á yfirsjóninni. — **197. gr.** Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var. — **198. gr.** Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt lagt sé í sölurnar skipið allt eða farmurinn allur, né heldur það, þótt eftir slysið sé einungis bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi. — **199. gr.** Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þarf. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unnt er fyrst því, sem þyngst er og verðminnst, fremur en hinu, sem léttara er og dýrara. — Ef skipstjóri hefir ófyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal um það farið eftir fyrirmælum 196. gr. — **200. gr.** Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem bezt skyn bera á og reyndastir eru af skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valda megi niðurjöfnun sjótjóns. Skipstjóri skal rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða dagbókina, eða rita það á annan hátt, ef bækurnar vantar, svo það megi bera fram þegar sjóferðaskýrsla er gefin. Í skýrslunni skulu til greind öll atvik, sem máli geta skipt við mat og niðurjöfnun sjótjónsins, og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá víðtæki tjónsins. — **201. gr.** Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á ferðinni, en ella á endastað ferðar. — Það skal til tekið um hverja einstaka skemmd, hve mikið muni kosta að bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spilltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sé hinir spilltu. — Skemmd öll af elli, hrörnun og öðru slíku skal greind frá þeirri skemmd, sem af sjótjóninu stafar, og metin sér. — **202. gr.** Þá er ákveða skal, hve mikið sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði hefir orðið, skal matsgerð ráða, ef skemmd er eigi bætt, eða matsupphæðin er lægri en aðgerðarkostnaður reyndist; en aðgerðarkostnaður ræður, ef hann reynist lægri en matsupphæðin. — **203. gr.** Þá er endurgjalda skal skemmdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemmdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefir ekki gengið 5 ár á sjó, þá er sjótjónið bar að, og sé talið frá því, er skipið lét út í hina fyrstu ferð sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár, en áður skipið hafði verið í förum í 10 ár, og skal þá dreginn af ⅙ hluti fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og ⅓ hluti, ef skipið hefir lengur verið í förum. Skemmd á

1914 Nr. 56 30. nóv.

gufuvél skal bæta að fullu, ef vélin hefir ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vélin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af ⅙ hluti og ⅓ hluti, ef lengur var. Skemmdir á siglu og siglubúnaði af tré svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefir ekki verið eitt ár í förum, og annar skaði, ef það hefir ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af ⅓ hluta; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis ⅙ hluta. — Ef skipið er tréskip, skal bæta að fullu skemmdir á skrokki þess, ef það hefir ekki gengið 2 ár á sjó, þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af ⅓ hluta fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemmdir skulu bættar svo sem fyrr segir um járnskipin. — Af skaðabótafé því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði er selt, andvirðið að frádregnum kostnaði. — Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sé þó af dreginn 1/60 hluti, ef húðin var úr eir eða látúni (yellow-metal) og 1/30, ef hún var úr sinki eða öðrum málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sé talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annarri nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefir verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta. — **204. gr.** Nú hefir skip farizt með öllu við sameiginlegt sjótjón, eða laskazt svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri, þá er það fórst, og sé dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað. — **205. gr.** Bætur fyrir góss, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, skulu metnar eftir gangverði samkynsvöru á ætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist það, sem eftir er af farmi skipsins, ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu á þeim stað, þar sem endir var gerður á ferðinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar. — Verð vörunnar skal ákveðið með lögmætu mati, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti. — Ef varan var seld í neyðarhöfn, má ávallt heimta bætur fyrir hana, að minnsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir. — **206. gr.**[a]) Ef farmur skemmist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur, sem nema verðmun á vörunni óskemmdri og skemmdri; skal meta verð vörunnar sem óskemmd væri, eins og fyrir er mælt í 205. gr., og sami frádráttur gerður sem þar segir; en verð hinnar skemmdu vöru fer eftir söluverði hennar, ef hún var seld, áður en sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmætu mati. — **207. gr.** Nú hafa vörur týnzt eða spillzt við sameiginlegt sjótjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasjótjón, spillzt af sjálfu sér eða með öðru móti, eða vörur hafa skemmzt við sameiginlegt sjótjón og rýrnað síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sjótjónið, og skal þá sú fjárupphæð, er samsvarar rýrnuninni, dregin frá skaðabótum. Afdráttarféð skal ákveðið með lögmætu mati og skal þá einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir við sömu atburði og af sömu sökum, en skemmdust ekki við sjótjónið. — **208. gr.** Við sameiginlegt sjótjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir farmskírteini og ekki eru heldur fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá né gósstökubók eða annarsstaðar. — Bæta skal klæðnað og ferðanauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að misst sé við sjótjónið.[1]) — **209. gr.** Farmgjald af vörum, sem farizt hafa við sameiginlegt sjótjón, eða seldar hafa verið í neyðarhöfn, til þess að greiða sjótjónskostnað, skal bæta í sjótjónsreikningi með sömu fjárhæð, sem hefði átt að greiða undir þær, ef þær hefði verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem ferðin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu missta farmgjaldi skal draga þann sérstaka kostnað, sem kynni að hafa sparazt útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld. — **210. gr.** Nú verða skemmdir á einhverjum munum við sameiginlegt sjótjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasjótjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið hefði að nokkru eða öllu hlotizt af einkasjótjóninu síðar, þótt sameiginlega sjótjónið hefði ekki borið að. — Svo falla og niður eða lækka sjótjónsbætur, þegar ætla má

1) Sbr. l. nr. 41, 19. maí 1930, § 41. — a) IV, 167.

með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sjótjón, hefðu ónýtzt eða spillzt við einkasjótjón síðar, ef þeir hefðu ennþá verið á skipinu. — **211. gr.** Nú hljótast skemmdir sumpart af sameiginlegu sjótjóni og sumpart af einkasjótjóni og stafar kostnaður af hvorutveggja, og skal þá skipta skemmdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati. — **212. gr.** Skip tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni: 1. eftir því verði, sem skynbærir menn, skipaðir eftir fyrirmælum 46. gr., meta tjónið (sic) við komu þess á þann stað, þar sem ferðin er á enda, og 2. eftir því fé, sem í sjótjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemmdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemmdir eru þá ekki bættar. — Ef gerðar hafa verið umbætur á skipi eftir það, er sameiginlegt sjótjón bar að, eða ef gert hefir verið að skemmdum, sem ekki urðu við sjótjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam. — **213. gr.** Farmurinn tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni: 1. eftir verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sjótjónið bar að og er á skipi við enda ferðar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 205. og 206. gr., 2. eftir því fé, sem gert er í bætur fyrir góss, sem lagt var í sölur eða spilltist við sjótjónið í ferðinni, og 3. eftir því skaðabótafé, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farizt hafa eða skemmzt í ferðinni, eða seldar voru til skipsþarfa, sbr. 154. gr. — **214. gr.** Farmgjaldið tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni: 1. eftir helmingi þess farmgjalds, er greiða bar við ferðarlok; 2. eftir helmingi skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sjótjónsreikningnum fyrir misst farmgjald. — Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 155. gr. — **215. gr.** Ef farmgjald er greitt fyrir fram, þann veg, að það skuli ekki endurgreiða, þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að taka þátt í sameiginlegu sjótjóni, að því er nemur því fé. — **216. gr.** Af því framlöguskyldu fé, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 212.—215. gr., skal draga bæði framlög til sameiginlegs sjótjóns, sem síðar kann að hafa orðið í ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við björgun eða verndun hinna framlöguskyldu fémuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sjótjón. — **217. gr.** Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sjótjón: 1. Vistir, kol og aðrar vélanauðsynjar og hernaðargögn, 2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og 3. klæðnaður og ferðanauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sér. — Nú voru munir þeir einhverjir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sjótjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spilltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fé, sem hann fékk í bætur fyrir þessa muni í sjótjónsreikningnum. — **218. gr.** Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fer fram á þeim stað, þar sem skip og farmur skilja, og eftir því, sem á þeim stað eru lög. — Úrslitareikninga sjótjóns annast hér á landi 2 menn kvaddir til þess af hlutaðeigandi dómara fyrir rétti.[1]) Dómstólarnir dæma ágreining um réttmæti sjótjónsreikninga. — **219. gr.** Skylt er skipstjóra að annast um allt, er þörf krefur til þess að sjótjónsniðurjöfnunin geti farið fram, og má ekki draga það að nauðsynjalausu. — Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í té allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem hinir dómkvöddu niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf. — **220. gr.** Nú koma síðar fram fémunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farizt hefðu við sameiginlegt sjótjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðar eitthvað af þeim skaða, sem talinn var til sjótjóns, og skal þá gera breyting með aukaniðurjöfnun á allri niðurjöfnun sjótjónsins. En ekki má fresta úrslitagerð sjótjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið til að fá aftur fémuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð. — **221. gr.** Sjótjónsframlag ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfskuld. — **222. gr.** Skip, sem framlöguskylt er til sjótjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og góss, sem er í ábyrgð fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda, áður sjótjónsframlög sé greidd eða trygging fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin. — **223. gr.** Nú verður á skipi eða góssi tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á ferð, og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, eða skipað er fyrir um með sérstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón (sbr. síðara lið 166. gr.), og skal það þá sem einkasjótjón (partikulært havari)

1914 Nr. 56 30. nóv.

1) Sbr. nú l. nr. 74, 11. júní 1938.

koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður. — Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fémuni, sem kostnaðurinn reis af, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af góssinu, sem bjargað varð. — Dómkvaddir menn (sbr. 218. gr.) framkvæma úrslitareikning og niðurjöfnun einkasjótjóns, ef þess krefst einhver sá, sem þar á hlut að máli.

Níundi kapítuli. Um tjón af árekstri. — **224. gr.** Konungur gefur fyrirskipanir[1]) um það, hvers gætt skal á skipi til að forðast árekstur. — **225. gr.**[a]) Ef tjón verður á skipi, góssi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlauzt. Nú hefir mannsbani hlotizt af árekstrinum, og má þá, ef þess er krafizt, dæma hinn seka, þótti eigi verði álitið að hann hafi unnið til hegningar, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar tiltekna upphæð eitt skipti fyrir öll. Hvorki þessar bætur né bætur fyrir líkamstjón mega fara fram úr 4200 krónum.[b]) — Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að réttri tiltölu við sök hvers þeirra.[c]) Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.[d]) — Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema mannsbani hafi hlotizt af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótaréttinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefir af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að réttri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrétt á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut. — Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki. — **226 gr.** Ef árekstur inn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að annarhvor aðilja hafi verið sök í honum, fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.[a]) — **227. gr.** Skaðabætur þær, sem greiða skal eftir 225. gr., ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi, ef sá nokkur var valdur að árekstrinum, sem hann ábyrgist fyrir eftir 13. gr. — **228. gr.** Nú rekast skip á, og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp, er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar, án þess þó að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum.[b]) Skylt er skipstjórum og að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma, og hvert þeim sé ætlað að fara. — **228. gr. a.** Það, sem fyrir er mælt í þessum kapítula um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða góssi, sem á því er, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekizt á.

Tíundi kapítuli. Um björgun.[1])[c]) — **229. gr.** Hver sá, sem bjargar skipi, sem farizt hefir eða er statt í neyð, eða góssi, sem á því er, eða nokkru af því skipi eða góssi, því sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rétt á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð, þeirri sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rétt á hluta úr björgunarlaununum. — Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og réttmætu banni þess, sem hefir stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rétt á björgunarlaunum. — Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sé eign sama manns sem hitt, sem bjargað var. — Nú hefir maður tekizt á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá

1) Tsk. nr. 47, 7. júlí 1953. — a) II, 82 (sýkna), 145, 228 (sýkna), 264, 426 (sýkna), 460, 672, 804, 1325, V, 376 (sýkna) 836, (VII, 98), VII, 174, IX, 232, 590, X, 319, XI, 32, 183, 455, XIII, 28, XIV, 157; lögjöfnun, V, 193, XII, 25. — b) VI, 88, 89, VII, 187—8. — c) II, 673, VII, 182, IX, 234 593, XI, 34, 460, XVIII, 267—8, XXIII, 413, 414, XXIV, 99, 200. — d) II, 83.

1) L. nr. 42, 15. júní 1926, § 35. — a) II, 230, 429, XVIII, 571. — b) II, 226. — c) *Björgun*, I, 29, 92, 104, 409, 414 (slökkvilið bjargar), 569, II, 50, 346, IV, 518 (varðskip bjargar), V, 669, VIII, 178, 359, 372, 450, 515. 554, X, 263, 306, 509, XI, 35, 488, XII, 144, 238, XIII, 113, 274, XIV, 31, 76, XV, 386, XVI, 98, 452, XVII, 286, 540, XVIII, 552, XIX, 368, 547, XXI, 207, XXII, 132, 183, 534, XXIII, 370, XXIV, 63, 225, 266, 685, XXV, 43, 171. — *Aðstoð*, II, 195, IV, 102, V, 403, VI, 8, X, 293, XVI, 266, XVII, 506, XIX, 196, 548, XXII, 464, XXIII, 370. — *Tjón við björgun*, Tr. I, 71.

aðeins rétt á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til, samkvæmt því er honum bar af hendi að inna. — Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr. — Lög um skipströnd[1]) mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans. — **230. gr.** Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þess gætt: 1. Fyrst og fremst: a) Að hve miklu leyti björgunin tókst; b) Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið; c) Hættu þeirrar, sem skipið, sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða góss; d) Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í; e) Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt; f) Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja, þeirra sem notuð voru; g) Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar. 2. Þar næst: Verðmætis þess sem bjargað var. — Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefir orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum, þeim sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svipta hann björgunarlaunum með öllu. — **231. gr.** Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum, svo og kostnaði við geymslu, virðingargerð og sölu. — Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja góssið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess. — **232. gr.** Ef björgunarsamningur hefir verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans séu ósanngjarnir.[a]) — Rétt er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávallt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun séu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá, sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess. — Ákvæðið í síðustu málsgr. 230. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefir verið gerður um björgun. — Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en 3 mánuðir séu liðnir frá því er samningurinn var gerður. — **233. gr.** Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skipti björgunarlauna, þá skal skipt með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.[a]) — Nú hefir skip bjargað einhverju á ferð, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en afganginum skal skipt til helminga milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skipta milli hennar að réttri tiltölu við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ógildur, nema skipið sé einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf. — **234. gr.** Rétt er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góss sé fært á burt þaðan, áður þeim sé greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.[b])

Ellefti kapituli. Um sjóveðrétt og fyrning á sjókröfum. — **235. gr.** Þær kröfur, sem kröfuhafi á sjóveðrétt fyrir eftir þessum kapítula (sjókröfur), eiga forgangsrétt að veðinu næst eftir opinber gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum. — **236. gr.**[c]) Þessar kröfur eiga sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi:[d]) 1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun[e]) og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum. 2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarrar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.[f]) 3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.), sjólánskröfur, svo og bótakröfur

1) L. nr. 42, 15. júní 1926, § 35. — a) XXIV, 64.

a) X, 585, XVI, 387. — b) I, 32, 96—7, 107, 412, II, 346, XIX, 374 o. fl. — c) XVI, 136. — d) II, 277—8, 267, XIX 374. — e) Sjá tilvitnanir við 229. gr. um björgun. — f) V, 155, 290, 292, 717, VII, 217 IX, 343, 610, X, 529, XVII, 495, XVIII, 570 (XIX, 368), XXI, 227.

farmeiganda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips á ferð. 4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefir gengið í vegna stöðu sinnar,[1]) eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fékk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 12. gr.,[a]) svo og skaðabótakröfur fyrir tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi þeirra manna, sem ráðnir eru til þess að vinna í skipsins þarfir, við skyldustörf þeirra, sbr. 13. gr.,[b]) og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefir greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgzt greiðslu á, og loks endurgjaldskrafa, sú sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar. — Sjóveðréttur í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol né aðrar vélanauðsynjar; sjóveðréttur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af. Sjóveðréttur fyrir sjólánskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því sem sjólánsbréfið til tekur, sbr. 180. gr. — **237. gr.** Kröfum þeim, sem taldar eru í 236. gr., skal fullnægja eftir þeirri röð, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar á sömu ferð. Kröfur taldar í sama tölulið eru jafnréttháar sín á milli, en þó svo, að stafi kröfurnar í 1. og 3. lið ekki af sama slysinu, gengur yngri krafan fyrir eldri. — Nú stafa kröfurnar af ýmsum ferðum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari ferð stafar, fyrir hverri kröfu af eldri ferðum; þó heldur skipstjóri og skipshöfn forgangsrétti sínum til skipsins fyrir svo miklu af inneign sinni eftir síðasta ráðningarsamningi, sem nemur í mesta lagi kaupi 12 síðustu mánaða, þótt skipið hafi farið fleiri en eina ferð á þeim tíma. — **238. gr.** Nú ferst skip eða laskast, eða farmgjaldsmissir verður að nokkru eða öllu og með þeim atvikum, að útgerðarmaður á bótakröfu að þeim, er skaða olli, eða hann á þær eftir ákvæðum um sameiginlegt sjótjón, og á þá sá kröfueigandi, sem sjóveðrétt á í skipi eða farmgjaldi, einnig sama rétt í skaðabótafénu. En ekki skulu þær bætur, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip eða farmgjald, koma í stað hins vátryggða veðs.[2]) — **239. gr.** Þá er skip er selt á nauðungaruppboði, fellur niður sjóveðréttur í því skipi, en veðhafi á þá í stað þess veðrétt í kaupverði skipsins, meðan verðið er ekki af hendi greitt.[a]) Svo skal og vera, ef skip er selt eftir að það var dæmt á lögmætan hátt óbætandi. Nú verða önnur og sjálfráð eigandaskipti að skipinu, og eiga þá kröfur þær, sem nefndar eru í 236. gr., eftir sem áður veðrétt í því skipi. — **240. gr.** Nú fellur sjóveðréttur niður við það, að bótafé, söluverð eða farmgjald, sem sjókrafa er tryggð með, er greitt af hendi til útgerðarmanns, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fé hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfskuld áður. Á sama hátt ábyrgist hann gagnvart þeim, sem sjóveðrétt eiga í farmgjaldi, venjulegt farmgjald af góssi, sem hann hefir sjálfur látið í skip. — Nú er þetta fé, sem nefnt var, greitt þrotabúi útgerðarmanns, og skal því þá varið til að fullnægja þeim kröfueigendum, sem sjóveðrétt áttu í fénu. — **241. gr.** Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenzkt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðréttarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfskuldarmaður, þótt hann ábyrgist þær áður aðeins með skipi og farmgjaldi. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum þá er það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins. — **242. gr.** Nú hefir útgerðarmaður greitt út til fullnægingar sjóveðréttarkröfu allt það, er hann var skyldur til eftir 240. og 241. gr., og það kemur síðar fram, að önnur krafa átti þar forgangsrétt, og er þá útgerðarmaður ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessari kröfu, þá er hann greiddi hitt. Þó ná þessi ákvæði ekki til þeirrar greiðslu, sem útgerðarmaður innir af hendi til fullnægingar kröfum, sem hann ábyrgðist sem sjálfskuld. — Nú hefir kröfueigandi fengið með þessum hætti fé, sem öðrum bar að réttu, og ábyrgist hann þá þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fé hrekkur, sem hann tók við, og því aðeins, að hann vissi af þeirri kröfu, þá er hann tók við fénu. — **243. gr.** Þó eigandi leigi öðrum manni skip til siglinga á hans kostnað, breytir það í engu þeim rétti, sem sjóveðhafi á eftir þessum kapítula til aðgangs að skipinu.[b]) — **244. gr.**

1) Sbr. l. nr. 30, 1. febr. 1936, §§ 2 og 4. — 2) Sömu l., § 1. — a) II, 193, 196, 606, 781, 788, 822, IV, 277, 530, V, 403, VII 21—2, 19, 114, VIII 426, IX 165, 168, X, 294, XVII, 506, XIX, 548, XXII, 467, XXIII, 370. — b) II, 267, VI, 67, VII, 100, 101, 105, IX, 236, X, 326, XI, 32, XIII, 31, XXII, 46, XXIII, 470, XXIV, 99, 618, 632.

a) II, 611, IX, 165, 751, XXIII, 17. — b) XXI, 474, XXIII, 17.

Þessar kröfur eiga sjóveðrétt í farmi: 1. Björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum. 2. Kröfur um framlög farms til sameiginlegs sjótjóns, eða til kostnaðar, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.); sjólán, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vörur, sem seldar voru í þágu annarra farmeiganda. 3. Kröfur, sem stafa af skuldbindingum, sem skipstjóri hefir gengið í fyrir hönd farmeiganda vegna stöðu sinnar, svo og kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir fé, sem hann hefir sjálfur greitt eða tekið ábyrgð á til lúkningar kostnaði á farmi. 4. Kröfur fyrir farmgjald, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og þær tafir, sem meiri verða við ferming og afferming. — Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær nú voru taldar. Kröfur í sama lið eru jafnréttháar, og þó því aðeins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama slysi; ella gengur yngri krafa fyrir eldri. — **245. gr.** Sjóveðréttur í farmi fellur niður, þá er varan er seld í hendur sendanda eða viðtakanda. Svo er og ef varan er seld á nauðungaruppboði eða skipstjóri seldi hana á ferð í þarfir skips eða farms, en í stað þess á kröfueigandi veðrétt í söluverðinu, meðan það er ekki látið af hendi. — **246. gr.** Um rétt sjóveðhafa til að leita sér fullnægingar í skaðabótafé því, sem ógoldið er fyrir skemmdir eða tjón á farmi, svo og skaðabótafé, sem farminum ber eftir ákvæðunum um sameiginlegt sjótjón, gilda samskonar fyrirmæli, sem talin eru í 238. gr. um sjóveð í skipi. Bótafé, sem ábyrgðarsali skal greiða, skal ekki heldur koma hér í stað veðsins.[1]) — **247. gr.** Nú hefir farmeigandi veitt viðtöku nokkrum hluta sölufjár eða bótafjár, sem sjóveðhafi á rétt til að leita sér fullnægingar í eftir 245. og 246. gr., og ábyrgist þá farmeigandi honum sjóveðréttarkröfu hans sem sjálfskuldarmaður, eftir sömu fyrirmælum, sem mælt er um útgerðarmann í 240. og 242. gr. — Ákvæðin í 2. lið 240. gr. koma og til greina á sama hátt, ef féð var greitt þrotabúi farmeiganda. — **248. gr.** Nú lætur skipstjóri selja af hendi án samþykkis kröfueiganda vöru, sem sjókrafa á veðrétt í, og ábyrgist þá skipstjóri fullnæging á kröfunni, svo og viðtakandi, ef hann vissi af veðréttinum, þá er varan var látin af hendi við hann. Nú sannast það, að farmurinn var ónógur til fullnægingar kröfunni, þá er hann var látinn af hendi, og nær þá ábyrgðin ekki lengra en verðmæti farmsins hrökkur til. — **249. gr.** Ef eigandi sjókröfu hefir fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, á hann heimilt að ganga að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfu sinni. — Nú hefir hann leitað sér í einu veðinu lúkningar á meira fé en koma mundi á það veð að réttri tiltölu, og getur þá sá eigandi, sem skaða bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fékk svo rýrt, að ekki hrökkur til lúkningar, gengið að hinum öðrum veðum með sömu heimild, sem sá kröfueigandi átti, er leitaði sér lúkningar í veði því, sem getið var, og gengið að veðinu til lúkningar jafnmiklu fé, sem hitt var, er greitt var um of af eign hans eða veði. — Nú er sami eigandi að öllum hinum veðbundnu hlutum og einhver kröfueigandi á sérstakan sjóveðrétt í einum þeirra, og annar maður hefir leitað sér lúkningar í því veði, og er þá þeim manni, sem sérstaka veðréttinn á, heimilt að ganga að hinum öðrum veðum til lúkningar öllum þeim hluta skuldarinnar, sem hann fékk ekki greiddan af veði sínu, sakir þess að það var skert; en ef það var ekki skert meira en koma skyldi á veð hans að réttri tiltölu, þá skal hann þoka fyrir öðrum mönnum, sem trygging kunna að eiga í þeim fémunum. — **250. gr.** Sjálfráður er kröfueigandi að höfða mál hvort er hann vill á hönd útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á sjókröfu, sem veð er fyrir í skipi eða farmgjaldi. Ef kröfueigandi, annar en útgerðarmaður eða skipstjóri, á sjóveðrétt í góssi, þá má lögsækja skipstjóra. — **251. gr.**[a]) Kröfur, sem kröfuhafi getur eftir þessum lögum eigi leitað sér fullnægingar fyrir í öðrum munum en þeim, sem hann á sjóveðrétt í, missast hver um sig, ef þeim er ekki fylgt með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, sem hér segir: 1. Kröfur um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðari málsgrein 166. gr. og 2. málsgrein 223. gr.) áður ár sé liðið frá dagsetningu úrslitagerðar sjótjónsins. 2. Kröfur til skaðabóta fyrir glataðan eða skemmdan farm áður ár sé liðið frá því er affermt var. 3. kröfur til allra annarra skaðabóta áður tvö ár séu liðin frá því er tjónið bar að. 4. Kröfur um björgunarlaun áður tvö ár séu liðin frá því, er björgunarstarfinu var lokið.[b])

1) L. nr. 30, 1. febr. 1936, § 10.

a) VII, 38. — b) XXIV, 64.

5. Endurgjaldskrafan samkvæmt 3. málsgrein 225. gr. áður ár sé liðið frá því er greitt var þeim, sem tjónið beið. 6. Allar aðrar sjóveðréttarkröfur áður ár sé liðið frá því er þær komu í gjalddaga. — Nú á kröfuhafi auk þess rétt á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum sem sjálfskuldarmönnum fyrir kröfu sinni um skaðabætur fyrir tjón af árekstri, eða fyrir einhverjum þeim kröfum, sem taldar eru í 4. og 5. tölulið hér að framan, og taka þá fyrningarákvæði, þau sem þar eru nefnd, einnig til þess réttar kröfuhafa. Um aðrar framangreindar kröfur, sem kröfuhafi á rétt á að ganga jafnframt að einhverjum fyrir sem skuldunaut, fer eftir hinum almennu fyrningarákvæðum laga.[1]) — Ávallt þá er málið til fullnægingar kröfunni er höfðað fyrir íslenzkum dómi, skal farið eftir fyrningarlögum, þeim sem gilda hér á landi, um það hverjar athafnir rifta fyrningunni. — **252. gr.** Sjóveðréttur sá, sem 2. tölul. 236. gr. heimilar skipstjóra og skipshöfn, fellur niður, ef honum er ekki fylgt með lögsókn áður eitt ár sé liðið frá þeim degi, er starfstíma þeirra lauk.[a]) Nú á skuldheimtumaður annars eftir lögum þessum sjóveðrétt í skipi, farmgjaldi eða farmi til tryggingar einhverri þeirri kröfu, sem skuldunautur ábyrgist sem sjálfskuld, og fellur þá sjóveðréttur hans niður eftir tímatakmörkum þeim, sem 251. gr. til tekur.

Tólfti kapítuli. Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl. — 253. gr. . . .[2]) — **254. gr.** [Ef skipstjóri hefir ekki á skipinu eitt eintak af lögum þeim, reglugerðum og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann allt að 100 kr. sektum.][3]) . . .[4]) — **255. gr.** [Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr. laga þessara, sbr. 45.—48. gr. sjómannalaganna, um skráning í leiðarbók, dagbók eða vélarbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10—500 króna sektum. — Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, dagbók eða vélarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið hana undan eða gert ólæsilega, varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum,[5]) nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.][1]) — **256. gr.** Nú er svo ástatt, sem ræðir um í 45. gr., og vanrækir skipstjóri að gefa skýrslur þær, sem þar er boðið, og varðar það þá 10 til 500 kr. sektum. — **257. gr.** . . .[2]) — **258. gr.** Nú fremur skipstjóri launflutninga eða annað athæfi ólöglegt og skaðar með því útgerðarmann, farmeigendur, ábyrgðarsala eða aðra, sem þessi lög skylda skipstjóra til að annast hagsmuni þeirra, og varðar það þá sektum eða fangelsi,[3]) nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum. — Ef skipstjóri flytur án leyfis útgerðarmanns vöru, sem stofnar skipi eða farmi í háska eða áhættu, varðar það og 25 til 500 kr. sektum eða fangelsi.[3]) — **259. gr.** Ef skipstjóri skilur við skipið og hefir ekki sagt upp stöðu sinni í tæka tíð eða á réttan hátt, þá sætir hann fangelsi[3]) eða sektum, ef málsbætur eru. Ef hann skilur við skipið í sjávarháska og gætir ekki fyrirmæla 48. gr., eða ef svo er ástatt, að skipið komist við það í augljósa hættu, getur refsingin orðið betrunarhússvinna.[3]) — **260. gr.** Nú leggur skipstjóri út skipi án þess sérstök atvik knýi hann til og stofnar með því öllum, sem á eru, í bersýnilegan lífsháska, sakir þess, hve skipið er gallað að skrokki, vél eða útbúnaði, eða er svo ofhlaðið eða óhæfilega, eða svo illa skipað, að hann hlaut að sjá þetta fyrir, og sætir þá skipstjóri fangelsi[3]) eða sektum, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.[a]) — Vanræki skipstjóri að öðru þær skyldur, sem hann skal gegna eftir 31. gr., skal refsa honum með 10 til 500 kr. sektum.[a]) — Refsingum þeim, sem til eru teknar hér á undan, skal einnig beitt við útgerðarmenn og aðra, sem ráða fyrir burtför skips fyrir þeirra hönd, þegar þeir einir eða með öðrum mönnum hafa ábyrgð á slíkum glæpum eða yfirsjónum.[b]) — Nú vanrækir farmsendari skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar eru með tilskipun samkvæmt 31. gr. um ferming o. s. frv. á sprengiefnum, eldfimum og etandi hlutum, og skal honum þá refsað með þeirri hegning, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, ef hann hlaut að sjá það fyrir, að hann með atferli sínu stofnaði þeim, sem á skipi eru á ferðinni, í bersýnilegan lífsháska. Vanræki sendandi að öðru leyti

1) L. nr. 14, 20. okt. 1905. — 2) L. nr. 41, 19. maí 1930, § 92, sbr. §§ 75 og 9. — 3) L. nr. 40, 19. maí 1930, § 4. — 4) L. nr. 41, 19. maí 1930, § 92. — 5) L. nr. 19, 12. febr. 1940, §268. — a) IX, 751, XI, 139, XXI, 476.

1) L. nr. 40, 19. maí 1930, § 5. — 2) L. nr. 41, 19. maí 1930, § 92. — 3) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. a) XX, 387. — b) VII, 255, 259—60.

1914 Nr. 56 30. nóv.

1914 Nr. 56 30. nóv.

þær skyldur, sem á honum hvíla samkvæmt greindum ákvæðum, skal refsa honum með þeirri hegningu, er ákveðin er í 2. lið greinarinnar. — **261. gr.** Ef skipstjóri hefir orðið valdur að tjóni á sjó með ónytjungshætti, ofdrykkju eða öðru hirðuleysi um skyldur sínar, skal hann sæta fangelsi[1]) eða sektum, nema atferli hans sé svo háttað, að þyngri refsing liggi við.[a]) — **262. gr.** Vanræki skipstjóri það, sem 228. gr. skyldar hann til að gera, ef skip rekast á, varðar það fangelsi[1]) eða sektum ekki minni en 100 kr. — Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 224. gr. um það, hvers gætt skal á skipi, til þess að forðast árekstur, varða 5 til 200 kr. sektum. — **263. gr.** Ef skipstjóri færist undan að taka við farmönnum á skip sitt, þá er svo er ástatt sem 39. gr. ræðir um, og hefir ekki lögmæta afsökun, sætir hann 15 til 500 kr. sektum. — **264. gr.** [Hafi skipstjóri orðið sekur um brot gegn síðari málsgr. 255. gr., eða gegn niðurlagsákvæði 259. gr., eða 1. málsgr. 260. gr. eða gegn 261. gr., þá má ákveða í refsidóminum, að dómfelldi ennfremur skuli sviptur rétti til skipstjórnar, um ákveðinn tíma eða ævilangt.[b]) Skal þá jafnframt taka fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur rétti til skipstjórnar. — Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal, svo fljótt sem unnt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi. — Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn, og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, sé eigi liðinn.][2]) — **265. gr.** . . .[3]) — **278. gr.** Ákvæði 253.—264. gr. taka og til þess manns, sem gegnir starfi skipstjóra í forföllum hans. — **279. gr.** [Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 258. gr. og í upphafsákvæði 259. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema sá krefjist þess, er misgert var við. — Mál út af brotum gegn niðurlagsákvæði 259. gr. eða gegn 260., 261. eða 262. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin.[a]) Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annarra, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.][1]) — **280. gr.** Sektir, sem dæmdar eru á hendur mönnum eftir þessum kapítula, renna í landssjóð, og ef sektir eru ekki greiddar, sæti menn fangelsisvist eftir almennum fyrirmælum um afplánun sekta, í öðrum málum en sakamálum.[2]) — Þar sem fyrirskipuð er fangelsisrefsing í þessum kapítula, skal farið eftir ákvæði 26. gr. hinna almennu hegningarlaga.[3])

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — 2) L. nr. 40, 19. maí 1930, § 6. — 3) L. nr. 41, 19. maí 1930, § 92, sbr. VI. kafli. — a) II, 719, 723, IV, 917, VII, 254, 259, XX, 382, 387, XXI, 405, XXIV, 593. — b) XXI, 405, XXIV, 593.

1914 Nr. 56 30. nóv.

Lög um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

1936 Nr. 30 1. febr.

1. gr. Sjóveðsréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarrar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í vátryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan samningsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 2 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna. — **2. gr.** Sjóveðsréttar njóta ekki kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum, hverskonar sem eru, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzíni, hverskonar olíum og öðrum vélanauðsynjum. Kröfur þessar ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum. — **3. gr.** Nú hefir skipstjóri

1) L. nr. 40, 19. maí 1930, § 7. — 2) Sjá nú l. nr. 19, 12. febr. 1940, § 55. — 3) Sömu lög, § 268. — a) IV, 917, (XVI, 248).

1936 Nr. 30 1. febr.

greitt eða tekið á sig ábyrgð á greiðslu úttektar samkvæmt 2. gr., og á hann þá ekki sjóveðsrétt fyrir engurgreiðslukröfu sinni á útgerð skipsins. — **4. gr.** Ákvæði 2. og 3. greinar gilda ekki um kröfur, sem stofnaðar eru eingöngu vegna úttektar nauðsynja til heimferðar skips, enda haldi skipið til heimferðar frá úttektarstað án nokkurra tafa, og telst það eigi heimferð, ef skip stundar veiðar eftir að úttekt hefir farið fram.

1938 Nr. 74 11. júní

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

1. gr. Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjótjóns, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum. — **2. gr.** Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.: 1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa íslenzkan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. 2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands. 3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár. 4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun sjótjóns hjá innlendum eða erlendum löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns eigi skemur en í eitt ár. 5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða vátryggingarfélögum. — **3. gr.** Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjótjóns samvizkusamlega af hendi. — **4. gr.** Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna. — Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjótjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfsvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna. — **5. gr.** Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn. — **6. gr.** Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjótjóns.

Sjómannalög. **1930**

I. kafli. Um ráðningarsamning skipstjóra. Nr. 41 19. maí

— **1. gr.** Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sé skriflegur samningur við skipstjóra um ráðningarkjör hans.[a]) — **2. gr.** Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, með þriggja mánaða fyrirvara, og sé ráðningu þá slitið í íslenzkri höfn, er skipið kemur í til fermingar eða affermingar.[b]) Þó er skipstjóra rétt, eftir 18 mánaða starfstíma á skipinu, að segja ráðningarsamningi sínum upp, með 3 mánaða fyrirvara, til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis. — **3. gr.** Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.[c]) — Sé honum vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti, og án þess, að heimild sé til þess samkv. 4. og 5. gr., þá á hann rétt á bótum fyrir tjón það, er frávikningin bakar honum. — Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi, og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis, og komi ákvæði 2. gr., um ráðningarslit í íslenzkri höfn, til greina. — **4. gr.** Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni sakir veikinda eða meiðsla, er gera hann óhæfan til skipstjórnar, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi frá ráðningarslitum. — Eigi hann sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðst á skipið, á hann eigi rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.[d]) — **5. gr.** Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.[e]) — **6. gr.** Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsáanlegan tíma, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sé eigi annað ákveðið í samningi.[f]) Skipstjóri er þó skyldur til að dvelja á staðnum þar til skipverjum, skipi og farmi hefir verið ráðstafað, og á hann rétt á kaupi þann tíma og dvalarkostnaði. — Um rétt skip-

a) VI, 229, 228, XVII, 258, XIX, 455, XX, 32. — b) XVII, 496, II, 45—6. — XVII, 496. — d) XXII, 236. — e) XII, 527. — f) I, 21.

stjóra til ferðakostnaðar heim til sín, kaups og fæðispeninga á heimleið og bóta fyrir muni, er farizt hafa, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 41. gr. — **7. gr.** Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um umönnun hans og heimsendingu, er sjúkdóm ber að höndum, um greftrun hans og meðferð eftirlátinna muna hans fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 24. og 28.—30. gr. — **8. gr.** Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og ráðningu er slitið, áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið er liðið, þá á hann rétt á að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar, sem svarar til aflafengs hans, ef um hluta af afla er að ræða, en ella til starfstíma hans, að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt. — Eigi skipstjóri samkv. 3., 4. eða 6. grein rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað eftir 7. sbr. 24. gr., skal þóknun sú, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, ef aðilja greinir á um upphæð hennar, ákveðin með mati lögskráningarstjóra, þó svo, að hver aðili um sig getur lagt það mat undir úrskurð sjódóms.

II. kafli. Um skiprúmssamning skipverja.

1. Um samningsgerðina. — **9. gr.** Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimann, vélstjóra og aðra skipverja og segir þeim upp. — Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu þeirra skipverja, er starfa við vélgæzluna. — Skipstjóri má eigi ráða neinn mann á skip, er hann veit, að ráðinn er annarsstaðar. — **10. gr.** Eigi má hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi. — Yngri menn en 18 ára mega eigi vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi hjálpardrengir við vélgæzlu, þeir sem yngri eru en 16 ára. — **11. gr.** Sérhver skipverji, sem ráðinn er á skip, stærra en 12 smál. brúttó, skal hafa sjóferðabók eða sjóferðavottorð. Skipstjóri geymir sjóferðabækur eða sjóferðavottorð skipverja, meðan skipverji er í skiprúminu. — Sérhver samningur um ráðningu í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smálestir brúttó, skal gerður skriflega. Skal hann skráður á skipshafnarskrá og báðir aðiljar undirrita hann í skipshafnarskránni. Í samningnum skal meðal annars greina: 1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, fæðingarstað og heimili, 2. stöðu hans á skipinu, 3. ferð þá eða tímabil, sem skipverji er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sé um það samið, 4. umsamið kaup, og sé það ákveðið í einu fyrir ferðina, þá hve lengi búizt er við að sú ferð standi yfir, 5. umsamið kaup fyrir aukavinnu eða eftirvinnu, 6. önnur hlunnindi, er skipverji kann að vera ráðinn fyrir. — Þegar skipverji er ráðinn á skip, skal skipstjóri afhenda honum viðskiptabók, skipverja að kostnaðarlausu. Í viðskiptabók skal skiprúmssamningurinn skráður, svo og það, hvenær skipverji kemur í skiprúm eða fer úr því, uppsögn á samningi, og hvenær hún fer fram, greiðslur allar á kaupi, aflahlut eða annarri þóknun. Sé vísað til kaupgjaldsskrár í skiprúmssamningi, skal skipstjóri sjá um, að eftirrit af skránni sé á skipinu, til afnota fyrir skipverja. — Í viðskiptabók skulu vera prentuð ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastéttina. — Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um gerð viðskiptabóka, svo og sjóferðabóka og sjóferðavottorða. — **2. Um ráðningartímann.** — **12. gr.** Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma, eða með tilteknum uppsagnarfresti, en eigi ákveðið, hvar hann fari af skipi, og endi ráðningartíminn meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar, þar sem ferma skal það eða afferma. — **13. gr.** Sé eigi annað ákveðið um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig, að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað eða í höfn, er ferma skal eða afferma skipið í. Sé skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, geta aðiljar þó aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn. — Uppsagnarfrestur á skipsrúmssamningi [stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna][1]) skal vera einn mánuður, ef öðruvísi er ekki um samið, en 7 dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum 1 dagur.[a]) — **14. gr.** Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar, og verði hann kyrr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni lokið, en eigi gerður nýr samningur, þá getur hvor aðilja um sig sagt samningnum upp samkvæmt 13. gr. — **15. gr.** Skipverji, sem verið hefir í skiprúmi í 1½ ár frá því ráðningarsamningur síðast var

1) L. nr. 36, 27. júní 1941, § 1. — a) VII, 216, X, 531, XV, 370, XVI, 208—9, 207, XVIII, 567, XXV, 166, 162.

gerður við hann, getur, enda þótt öðruvísi sé um samið, og þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um brottför úr skiprúmi í íslenzkri höfn, farið úr skiprúmi í fermingar- eða affermingarhöfn skipsins, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr. — **16. gr.** Skipverja, sem rétt hefir til að fara úr skiprúmi samkv. samningi eða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal þó skylt að vinna nauðsynleg störf á skipinu, sé þess krafizt, þó eigi lengur en í 2 daga, eða ef skipið er seglskip, í 4 daga, frá því skipið kom til hafnar. — Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf, er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið, gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma. — **17. gr.** Ef lög eða yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, banna honum landsvist eða heimta þær tryggingar fyrir landsvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, skal honum skylt að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, þar til það kemur til hafnar, sem hann getur farið úr skiprúmi í. — **3. Um kaup skipverja. — 18. gr.** Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst. — Skipverji tekur kaup til þess dags, og að honum meðtöldum, er þjónustu hans á skipinu lýkur, eða sé hann skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum. — Skipverji á ekki rétt á kaupi um þann tíma, er hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi. — Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar. — **19. gr.** Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og aðeins einu sinni á viku. — Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum. — Ef íslenzkur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenzkir ræðismenn skyldir til að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja. — **20. gr.** Skipverji getur krafizt þess, að ⅔ hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni eftir ávísun. — Ávísanagreiðslur má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyrr en ráðningu hans er slitið, nema svo sé, að sá hluti kaupsins, er eigi var ávísað, hrökkvi eigi fyrir greiðslum á sektum, er skipstjóri hefir lagt á hann samkv. lögum þessum, skaðabótakröfum, er útgerðin á á hendur honum og rísa af starfi hans á skipinu, og kröfum yfirvalda á hendur honum, sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja með því að halda eftir kaupi skipverjans. — **21. gr.** Skipstjóra er heimilt að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi. — **22. gr.** Sé samið um ákveðna upphæð í kaup fyrir ferðina, skal farið eftir áætlun þeirri um lengd ferðarinnar, sem gerð er í viðskiptabókinni, ef reikna þarf kaup eftir tímalengd. — Standi ferðin lengur yfir en áætlað var, er skipverji réðst á skipið, á hann rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið, sé eigi öðruvísi um samið. Standi ferðin skemur yfir, á hann allt að einu rétt á hinu umsamda kaupi að fullu. — **23. gr.** Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir, skal kaup það, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiptast milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda með borgun fyrir yfirvinnu. — **24. gr.** Deyi skipverji, telst kaup hans til dánardags og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups, vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum. — Sé skipverji íslenzkur, og hafi hann verið í þjónustu útgerðarmannsins í síðustu sex mánuði áður en hann dó, skal útgerðarmaður greiða ekkju hans eða ólögráða börnum viðbótarkaup um einn mánuð. — Hverfi skip og verði eigi upplýst, hvenær það fórst, skal kaupið reiknast eins og dauða skipverja hefði að höndum borið, er sá tími var liðinn, sem skip slíkt sem þetta þurfti á þeim tíma árs til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar síns, þaðan sem síðast spurðist til þess. — **25. gr.** Komi það í ljós, er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt en honum bar, þá er það fé eigi afturkræft, ef svo er, að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í **24.**

1930 Nr. 41 19. maí

gr., 1. málsgr. 32. gr., 34. eða 38.—41. gr. — **4. Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans. — 26. gr.** Skipverji er skyldur til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu. — Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur með reglugerð skipað fyrir um læknisskoðun skipverja. — **27. gr.** Veikist skipverji eftir að hann er kominn í skiprúm eða slasist, skal skipstjóri sjá um, að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið fæði, hjúkrun, læknishjálp og lyf, og húsnæði, sé hann utan heimilis síns.[a]) — Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sé haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, láta lækni skoða sjúklinginn. Sé eigi öruggt, að verjast megi smithættu á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land. — Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri annast um þá. — Sé skipverji skilinn sjúkur eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann umsjá íslenzks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni, sem næstur er. — **28. gr.** Útgerðarmaður greiðir allan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er eigi slitið.[b]) — Sé skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum í allt að sex vikur, eða í allt að tólf vikur, sé skipverji íslenzkur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því skipið lét úr höfn, hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé íslenzkur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu, eigi lægri en þá, er hann áður hafði, og eigi verr launaða, á skipi, sem fara á hingað til lands, eða til hafnar, sem hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir. — Eigi skipverji sjálfur sök á veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðst á skipið, skal hann sjálfur bera kostnaðinn við umönnun sína vegna veikindanna, bæði áður en ráðningu var slitið og eftir, og ferð sína heim, og má þá draga kostnað þann, sem útgerðarmaður hefir haft af þessu, frá kaupi skipverjans. — Sé ráðningu skipverja, sem haldinn er smitandi berklaveiki, slitið, greiðir ríkissjóður kostnað þann við umönnun hans og heimferð, sem útgerðarmaður skyldi greiða samkv. annarri málsgr. þessarar greinar. — Sé ráðningu íslenzks skipverja, sem haldinn er smitandi kynsjúkdómi, slitið erlendis, greiðir ríkissjóður kostnaðinn við umönnun hans vegna veikindanna, eftir að ráðningu hans var slitið. — **29. gr.** Deyi skipverji, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega og tilkynna vandamönnum hans látið. — Skipstjóri skal í votta viðurvist láta gera skrá yfir muni hins látna, sem á skipinu eru. Deyi skipverji erlendis, skal skipstjóri afhenda næsta ræðismanni íslenzkum skrá þessa. Reynist vandkvæði á að geyma muni þessa á skipinu, skal skipstjóri annaðhvort afhenda ræðismanni þá eða selja þá með sem heppilegustum hætti. — **30. gr.** Deyi skipverji af sjúkdómi, slysum eða meiðslum og útgerðarmenn áttu að kosta umönnun hans, þá skulu þeir og kosta útförina. — Deyi íslenzkur skipverji á þeim tíma, að ríkissjóði bar að greiða kostnað við umönnun hans, ber ríkissjóði einnig að greiða útfararkostnað hans. — **31. gr.** Verði skipstjóri að skilja veikan eða slasaðan skipverja eftir erlendis í umsjá ræðismanns, er honum skylt að setja tryggingu fyrir kostnaði þeim við umönnun skipverjans og annað, sem útgerðarmanni er skylt að greiða, samkv. 28. og 30. gr. — Kaup það, er skipverji kann að eiga inni, skal greitt ræðismanni, og má skipverji eigi ráðstafa því, án leyfis ræðismanns, meðan hann er í umsjá hans. — Geti skipstjóri eigi fengið aðstoð íslenzks ræðismanns og verði því að greiða kostnað við umönnun íslenzks skipverja vegna veikinda, er útgerðarmanni eigi bar að greiða, getur hann krafizt þess, að það fé sé endurgreitt sér úr ríkissjóði. — Ákvæði næstu málsgr. hér að framan gilda einnig um kostnað vegna erlends skipverja, enda færi skipstjóri sönnur á það með læknisvottorði, að nauðsynlegt hafi verið að flytja skipverjann í land, annaðhvort sjálfs hans vegna eða vegna annarra manna á skipinu, og að heilsufari hans hafi í engu verið áfátt, er hann réðst á skipið. — Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um umönnun, greftrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum. — **5. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.**

a) II, 931, XXIV, 114. — b) XXIV, 114.

— **32. gr.**[a]) Sé skipverji eigi vinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, þá getur skipstjóri vikið honum úr skiprúmi. Á skipverji þá rétt á fullu kaupi sínu þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningarslitum, sé hann [stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður,][1]) eða í 7 daga, sé hann í annarri stöðu á skipinu. — Sé skipverji sjálfur valdur að veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðst á skipið, á hann rétt á kaupi aðeins fyrir þann tíma, sem hann var vinnufær þeirra vegna, hvort sem honum er vikið úr skiprúmi eða eigi.[2]) — **33. gr.** Skipstjóri getur ennfremur vikið skipverja úr skiprúmi: 1. ef hann reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til, 2. ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma, og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað, 3. ef hann verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að óhlýðnast hvað eftir annað skipunum yfirmanna sinna, að beita ofbeldi við yfirmenn sína, að misþyrma öðrum mönnum á skipinu, eða er hvað eftir annað drukkinn við störf sín, 4. ef hann verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, ef hann leynir manni á skipsfjöl, eða tollskyldum varningi, eða þeim varningi, sem útflutningsbann er á á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess, 5. ef hann ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnarvöld. — Skipstjóri skal, ef þess er kostur, halda próf eftir fyrirmælum 65. gr., áður en hann víkur skipverja úr skiprúmi samkv. þessari grein. — Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkv. þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu. — **34. gr.** Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 32. eða 33. gr., þá á hann rétt á ferðakostnaði til þeirrar hafnar, er ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, ef ákvæði 13. gr. um ráðningarslit í íslenzkri höfn eiga við. Ennfremur á hann rétt á kaupi meðan á ferðinni stendur, þó eigi skemmri tíma en uppsagnarfresti þeim nam, sem hann átti kröfu til. — **6. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.** — **35. gr.** Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri, eða að hann eigi kost á æðri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en hann þá er í, eða að ástæður hans hafi breytzt svo frá því hann réðst á skipið, að það sé velferðarmál fyrir hann að geta losnað úr skiprúminu, þá á hann rétt á að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað, og auki það ekki útgerðarmanni kostnað. — Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skiprúminu. — **36. gr.** Ef illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins, og fái skipverji eigi vitneskju um það fyrr en eftir að hann réðst á skipið, þá er honum rétt að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er eigi hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik. Kaup tekur hann þá aðeins til þess tíma, er hann gengur úr skiprúminu. — Sama gildir, ef það kemur í ljós eftir að skipverji réðst á skipið, að hætta er á, að skipið verði hernumið, eða verði fyrir tjóni af hernaðarvöldum, eða þess háttar hætta eykst til muna, frá því sem áður var. — **37. gr.** Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar og ferðinni er breytt til muna, á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er ekki hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um breytinguna. — Skipverji, sem fer úr skiprúmi af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, er ráðningu skyldi slitið á samkvæmt samningnum. — **38. gr.** Ef skip er óhaffært eða íbúðir skipverja bersýnilega heilsuspillandi, og skipstjóri bætir eigi úr þessu, eða ef skipstjóri neitar að láta skoða skipið samkvæmt 60. gr., þá á skipverji rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr. — **39. gr.** Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt honum, eða aðrir menn hafi misþyrmt honum á skipinu og skipstjóri eigi veitt sér vernd, þó þess væri beiðzt, eða hann sannar, að skipstjóri láti hann eigi fá sæmilegt fæði, þá á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr. — **40. gr.** Ef skip missir rétt til að sigla undir

1) L. nr. 36, 27. júní 1941, § 2. — 2) Auglýs. nr. 2, 3. jan. 1951. — a) XXIV, 115, féld. II, 130.

íslenzkum fána, eiga skipverjar rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr. — Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu, eða skipti verði á útgerðarmanni.[a]) — **7. Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.** — **41. gr.** Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvísi sé um samið.[b]) Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis. — Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði.[c]) Auk kaups þess, er skipverji á rétt á samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rétt á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sé hann [stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður,][1]) og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sé hann í lægri stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá eigi rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips þess, er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu. — Bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við slysið, er útgerðarmanni skylt að greiða samkvæmt reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.[2]) — Eigi skipverji samkv. 32., 34. og 37.—41. gr. rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað samkv. 24. gr. og hafi honum verið heitið einhverri slíkri þóknun, sem ræðir um í fyrri málsgr. 8. gr., skal sú þóknun ákveðin svo sem segir í síðari málsgr. 8. gr. Eigi skal sú þóknun skerða kaupgjald annarra skipverja. — **8. Um erlenda skipverja.** — **42. gr.** Konungur getur ákveðið, að erlendir skipverjar á íslenzkum skipum skuli njóta hlunninda þeirra, er íslenzkum skipverjum er veitt í 28. og 41. grein, enda njóti þá íslenzkir skipverjar sama réttar um þessi efni sem innlendir í heimalandi hinna erlendu skipverja. — **9. Um misklíðir út af ráðningunni.** — **43. gr.** Ef skipverji er óánægður með reikningsgerð skipstjóra, þá á hann rétt á, að lögskráningarstjóri rannsaki reikninginn, hvort sem skipverji er skráður úr skiprúmi eða eigi. — Ef skipið er statt erlendis og ágreiningur rís milli skipstjóra og skipverja út af reikningsgerð skipstjóra eða starfi skipverja, skal leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslenzks, er fyrst næst til. — Báðum aðiljum er skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til unnt er að leggja málið fyrir íslenzka dómstóla.

III. kafli. Um skipsstörfin. 1. Um yfirmenn skipsins. — **44. gr.** Skipstjóri hefir í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu. — **45. gr.** Það er skylda stýrismanns einkanlega að vera skipstjóra til aðstoðar við siglinguna og mælingar þær og reikninga, er þar að lúta, svo og við bókun í leiðarbók eða dagbók skipsins. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti, sem annað eigi leiðir af ákvæðum 47. greinar. Hann skal sjá um nauðsynlega skrásetningu á farmi, sem fer í skip eða úr skipi, líta eftir fermingu og affermingu og búlkun farms og vista. — Riti stýrimaður leiðarbók eða dagbók, ábyrgist hann, að rétt sé ritað. — **46. gr.** Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi, og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipan gert um, skal stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, ráða fram úr því, er eigi má fresta. — Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni, kemur stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn. — **47. gr.** Það er skylda vélstjóra einkanlega að stjórna vélgæzlunni. Hann ber ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélarinnar og leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar heyra, svo og þess hluta af bol skipsins, sem lykur um katla og vélarúm, ásamt tilheyrandi kolabyrgjum, vatnsgeymum og ásgöngum. Hann lítur eftir eldsneytisforða skipsins og öðrum vélarnauðsynjum, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði. Hann lítur ennfremur eftir vélgæzlumönnum skipsins og vistarverum þeirra. — Vélstjóri skal tafar-

1) L. nr. 36, 27. júní 1941, § 3. — 2) Rgj. nr. 13, 30. jan. 1945, sbr. l. nr. 30, 1. febr. 1936. — a) XVI, 209. — b) XIII, 233. — c) II, 7, XIII, 233, 235.

laust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla á þeim hlutum skips, eða áhöldum þeim eða útbúnaði, er nefndur er hér að framan. — Vélstjóri ritar í vélarbók og ábyrgist að rétt sé ritað. — **48. gr.** Ef vélstjórar eru fleiri en einn á skipi, ber yfirvélstjóri ábyrgð á vélgæzlunni í heild sinni. Hann skiptir verkum milli hinna vélstjóranna. — Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal sá hinna vélstjóranna, sem æðstur er, ráða fram úr því, sem eigi má fresta. — **49. gr.** [Það er skylda loftskeytamanns einkanlega að annast gæzlu loftskeytatækjanna. Hann ber ábyrgð á rekstri þeirra, meðferð og viðhaldi. — Sé umbúnaði loftskeytatækja, uppsetningu þeirra eða öðrum frágangi á einhvern hátt ábótavant, að áliti loftskeytamanns, skal hann tafarlaust tilkynna það skipstjóra. — Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist, að rétt sé ritað.][1]) — **2. Almennar starfsskyldur.** — **50. gr.** Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita. — Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla, sem sett verða um góða siðu og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina. — **51. gr.** Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna, er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og yfirleitt vinna störf sín með áhuga og trúmennsku. — Tjón það, er skipverji veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólarnir geta þó fært skaðabótaupphæðina niður, með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annarra atvika. — **3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.** — **52. gr.** Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann eigi fara frá skipi leyfislaust. — Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans, nema því aðeins, að nauðsynlegt sé, að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru, vegna nauðsynlegra skipstarfa eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar. — Geti skipverji eigi komið á skip á réttum tíma, skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því. — **53. gr.** Ef skipverji kemur eigi til skiprúms síns á ákveðnum tíma, fer frá skipi í leyfisleysi eða kemur eigi á réttum tíma aftur til skips úr landgönguleyfi, getur skipstjóri látið flytja hann á skip með aðstoð lögreglunnar, sé skipið eigi nægilega mannað án hans eða sé skipverji ölvaður. — **54. gr.** Ef skipverji strýkur, getur skipstjóri selt með haganlegum hætti muni þá, er hann lét eftir á skipinu. — Nemi söluverð munanna og kaup það, er skipverji á inni, meiru en skaðabótakröfu útgerðarmanns, skal farið með afganginn samkv. ákvæðum 70. gr. — **55. gr.** Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Verzlunarvörur fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra. — Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefir ólöglega með sér á skipinu, og bæta skaða þann, er af því hlýzt. — Ef skipstjóri hefir grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirzlur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefir með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörzlur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur. — **4. Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.** — **56. gr.** Þegar verkum er skipt, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu. — Þeim manni, er verkum stjórnar, er skylt að gæta þess, að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum. — **57. gr.** Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.[1])[a]) — Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðsþjónustu á skipinu á helgidögum þessum. — **58. gr.** Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan, og skal hann um það efni hlíta reglugerð, er ráðherra setur um viðurværi skipverja á íslenzkum skipum. — Ef nauðsyn ber til, að matur sé dreginn af skip-

L. nr. 36, 27. júní 1941, § 4.

1) Sbr. l. nr. 45, 15. júní 1926. — a) Féld. II, 171.

verjum á ferð, skal greiða þeim sanngjarnar bætur þess. — **59. gr.** Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu. Hann skal gæta þess, að fylgt sé nákvæmlega reglugerð þeirri, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim. — **5. Um haffærisskoðun.**[1]) — **60. gr.** Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sé eigi haffært í ferð þá, sem því er ætluð, eða yfirvélstjóri, og umkvartanirnar lúta að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er hann hefir umsjón með, þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með öryggi skipa, og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn, þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til yfirvaldanna þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins. — Reynist það við skoðunina, að umkvartanirnar um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir, sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í annarri málsgr. 51. gr. — Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá, er málið hefir haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina. — **6. Um agavald skipstjóra. — 61. gr.** Skipstjóri, eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu. — Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri reglu, og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur. — Bíði sá tjón við þetta, er mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti eigi meira harðræði en atvik kröfðu. — **62. gr.** Drýgi skipverji meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 65. gr. Ef glæpurinn var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað reki eigi málið. — Þar til íslenzkur ræðismaður eða íslenzk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess eftir föngum, að sakborningur hverfi eigi á burt, og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur, og ábyrgist skipstjóri, að hann sé ekki harðara leikinn en vera þarf.

IV. kafli. Um refsivald skipstjóra. — 63. gr. Skipstjóri má refsa skipverja með kaupmissi í einn til sjö daga fyrir þessar yfirsjónir: 1. Komi hann eigi í skiprúmið á ákveðnum tíma, fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi eigi á ákveðnum tíma til skips úr landgönguleyfi. 2. Vanræki hann að tilkynna forföll, er valda því, að hann kemur eigi til skips á ákveðnum tíma. 3. Valdi hann hættu eða tjóni með hirðuleysi í starfi sínu. 4. Víki hann af verði, er hann hefir verið settur við stýri eða skipuð útsýn, eða komið er þar að honum sofandi eða ölvuðum, eða sé hann endranær ölvaður við störf sín. 5. Sói hann matvælum eða fari hann ótilhlýðilega með þau á annan hátt. 6. Leyni hann óviðkomandi manni á skipi eða hleypi manni á skip í leyfisleysi. 7. Flytji hann áfengi á skip eða annan varning, sem honum er óheimilt að hafa á skipi samkvæmt ákvæðum 55. gr. 8. Hegði hann sér ósæmilega við yfirmenn sína eða óhlýðnist skipunum þeirra, er að starfi hans lúta. 9. Taki hann þátt í barsmíðum eða gæti hann á annan hátt ekki góðrar háttsemi og reglu á skipinu. — **64. gr.** Refsingu þessari má eigi beita á skipum, sem eru í innanlandssiglingum, né öðrum skipum, meðan þau eru stödd í íslenzkri höfn, og eigi fyrir yfirsjónir, sem drýgðar eru í íslenzkri höfn og unnt var að kæra áður en skipið lét úr höfninni. — Eigi má úrskurða skipverja refsingu fyrr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því að yfirsjónin var drýgð, og eigi síðar en vika er liðin, nema sérstök nauðsyn sé til þess, að frá því sé vikið. — **65. gr.** Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, er hann sjálfur kveður til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera [stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður,][1]) ef þess er

1) Sbr. l. nr. 68, 5. júní 1947, IV. kafla.

1) L. nr. 36, 27. júní 1941, § 5.

kostur, en hinn úr flokki undirmanna skipsins. Þó skulu þeir báðir vera úr flokki yfirmanna, ef þess eru föng, þá er [stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður][1]) er hafður fyrir sök. — Við prófið skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu. Prófvottarnir geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru. Framburður hinna yfirheyrðu og úrskurður skipstjóra skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók, og skal lesa það, sem bókað var, upp fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og prófvottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað, og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til. — Hafi skipstjóri eigi farið að svo sem hér var lýst, er úrskurður hans um refsingu ógildur. — **66. gr.** Þegar refsing er ákveðin, skal eigi eingöngu tekið tillit til þess, hve mikilvæg yfirsjónin var eða til atvikanna, er hún var framin, heldur einnig til hegðunar hins seka að undanförnu. Refsingu skal eigi beitt, ef yfirsjónin er smávægileg og ætla má, að áminning nægi. — Skipstjóri getur eigi kært skipverja fyrir yfirvöldunum vegna yfirsjónar, er hann hefir refsað honum fyrir, nema fyrirvari hafi verið gerður um það í refsiúrskurðinum. — **67. gr.** Ef ástæða þykir til þess, getur skipstjóri gefið eftir, að nokkru eða öllu leyti, sekt, sem hann hefir úrskurðað. Úrskurður um eftirgjöf sektar skal ritaður í leiðarbók eða dagbók skipsins, eða í prófbókina, og undirritaður af skipstjóra og tveim vottum, en er ógildur ella. — **68. gr.** Ef skipverji vill eigi una við refsingu, er skipstjóri hefir úrskurðað honum, og sé hann erlendis, getur hann borið fram kæru sína fyrir ræðismann, en gera verður hann það í síðasta lagi þá er hann fer úr skiprúmi. — Úrskurði ræðismanns skal hlíta fyrst um sinn við samningu lokareiknings skipverjans, en heimilt er hvorum aðilja um sig, á ársfresti þaðan frá, að skjóta málinu til sjódóms á heimili útgerðarinnar hér á landi. — Skipverji, sem kæra vill úrskurð skipstjóra, getur krafizt þess að fá eftirrit af prófunum og úrskurðinum, staðfest af skipstjóra. — **69. gr.** Hafi skipverji eigi kært úrskurð skipstjóra fyrir ræðismanni, getur hann lagt kæru sína undir úrskurð sjódóms á heimili útgerðar skipsins hér á landi, en gera skal hann það, áður en ár er liðið frá því hann fór úr skiprúmi. Mál samkvæmt 68. og 69. gr. sæta meðferð einkalögreglumála. — **70. gr.** Kaup það, sem haldið er eftir samkvæmt 63. gr., skal skipstjóri greiða til lögskráningarstjóra eða ræðismanns, er skipverji er skráður úr skiprúmi, og láta fylgja staðfest eftirrit af prófunum og úrskurðinum, og skal það sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu ásamt kaupinu. Sé skipverji eigi skráður úr skiprúmi, skal skipstjóri sjálfur senda ráðuneytinu kaupið og eftirritið. — Fé því, er þannig safnast, skal varið til hagsmuna sjómönnum eða vandamönnum þeirra, eftir fyrirmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

V. kafli. Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip. — 71. gr. Ákvæði laga þessara gilda einnig, eftir því sem við á, um aðra menn, er ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra, en ekki teljast til venjulegra skipverja. Ákvæði 13., 32., 37. og 41. gr. um [stýrimenn, vélstjóra og loftskeytamenn][1]) gilda og um bryta. — **72. gr.** Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, gilda 10., 26., 27., 4. og 5. málsgr. 28. gr., 29., 31., 50., 51., 55., 58., 59., 61., 62., 86. og 88. grein þessara laga, eftir því sem við á. — Menn þessir eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til öryggis skipinu. — **73. gr.** Ákvæði 72. gr. 1. málsgr. gilda og um sjómenn, sem sendir eru heim að tilhlutun ræðismanns. — Gegn hæfilegri þóknun er þeim skylt að aðstoða eftir megni við vinnu á skipinu, sé þess krafizt, þó svo, að jafnan skal tekið tillit til fyrri stöðu þeirra.

VI. kafli. Um refsingar. — 74. gr.[a]) Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 61. gr. og í 1. málsgr. 62. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 10—1000 kr., eða fangelsi,[2]) ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum. — **75. gr.** Í refsidómi samkvæmt 74. gr. má ennfremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða æfilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóm-

1) L. nr. 36, 27. júní 1941, § 5.

1) L. nr. 36, 27. júní 1941, § 6. — 2) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) XX, 387, 382.

inum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur rétti til skipstjórnar. — Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi. — Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, sé eigi liðinn. — **76. gr.** Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 10—1000 króna sektum.[a]) — **77. gr.** Ákvæði 74.—76. greinar gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.[b]) — **78. gr.** Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 5—500 króna sektum.[a]) — **79. gr.** Ef skipverji, í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu á skipi, annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, þá skal hann sæta sektum fyrir strok. — Strjúki skipverji, er svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða séu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið fangelsi eða betrunarhúsvinna allt að einu ári.[1]) — Strjúki skipverji með kaup, er hann hefir eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá, að draga sér kaup það, sem hann hafði fengið greitt, en hafði enn eigi unnið fyrir. — **80. gr.** Hver, sem tælir skipverja til stroks eða hjálpar honum, með ráðum eða í verki, til að strjúka, sæti sektum eða fangelsi.[1]) — **81. gr.** Ef skipverji rís upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, þá sætir hann 5—500 króna sektum, eða fangelsi,[1]) ef miklar sakir eru. — **82. gr.** Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann sinn með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, allt að tveimur árum,[1]) ef miklar sakir eru. Séu málsbætur, má beita sektum. — **83. gr.** Ef skipverjar eða nokkur hluti þeirra gerir samblástur, þá varðar það fangelsi,[1]) eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanna eða foringja samblástursins orðið hegningarvinna allt að 6 árum,[1]) svo og refsing annarra samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefir hlotizt af samblæstrinum. — **84. gr.** Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 60. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 5—500 króna sektum, eða fangelsi,[1]) ef miklar sakir eru. — **85. gr.** Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, þá varðar það fangelsi[1]) eða sektum.[a]) — Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má ennfremur ákveða í dóminum, að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, um ákveðinn tíma eða æfilangt.[b]) Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri, er hann áður hafði, þann tíma, sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fari svo sem segir í 75. gr. — Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefir verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánara tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviptur, hvorttveggja, enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum, eigi sé liðinn. — **86. gr.** Hafi skipverji varning með sér á skipi án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 5—500 króna sektum eða fangelsi.[1]) — **87. gr.** Ef skipstjóri fer frá skipi, og er skipið í háska statt og hann gætir eigi þess, sem góðum sjómanni er skylt að gæta, varðar það hann sektum eða einföldu fangelsi.[1]) — **88. gr.** Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) XX, 387, 382. — b) X, 209. —

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) XVI, 248, XVII, 486, 480, XXI, 405. — b) XVII, 486, 480.

1930 Nr. 41 19. maí

1930 Nr. 41 19. maí

háttsemi eða reglu, varðar það 5—500 króna sektum.[a]) — **89. gr.** Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 78. gr., 1. málsgr. 79. gr., 80., 81., 86. og 88. gr., skulu eigi sæta opinberri málsókn, nema sá krefjist þess, er misgert var við, skipstjóri eða útgerðarmaður.[a]) Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því, að yfirsjónin var drýgð. — Mál út af brotum gegn 85. og 87. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin.[b]) Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annarra, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. — Mál út af brotum gegn 2. og 3. málsgr. 79. gr., 82., 83. og 85. gr. skulu sæta almennri meðferð sakamála, en mál út af brotum gegn 74., 76., 78. gr., 1. málsgr. 79. gr., 81., 84., 86., 87. og 88. gr. skulu rekin sem almenn lögreglumál. — **90. gr.** Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 63. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, þá skal dómurinn kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu. — **91. gr.** Mál þau, er ræðir um í þessum kafla, skulu rekin í sjódómi.[b]) — **92. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

1930 Nr. 53 19. maí

Lög um lögskráning sjómanna.

1. gr. lögskráning sjómanna er tvenns konar, lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi. — **2. gr.** Skylt er að lögskrá sjómenn á öllum íslenzkum skipum, sem eru 12 smálestir brúttó eða stærri. — **3. gr.** Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að framkvæma lögskráningar.— Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar, til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf. — Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er statt í. — **4. gr.** Lögskrá skal í skiprúm: 1. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn á skipið hér á landi. 2. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenzkt skip. Íslenzkur ræðismaður lögskráir þá á skipið, ef til hans næst, en ella skal lögskráning fara fram í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermir í eða affermir. 3. Í hvert sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslenzku skipi, sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá. 4. Í hvert sinn er íslenzkur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi. 5. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar. — Nú er ráðningarkjörum sjómanna, sem fyrir eru á skipinu, breytt með nýjum samningum, og fer þá um lögskráningu sem þeir séu ráðnir að nýju á skipið. — **5. gr.** Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlendri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermt í eða affermt. — **6. gr.** Lögskrá skal alla þá menn, sem ráðnir eru til vinnu á skipi og fara eiga með því, hver sem starfi þeirra er. Þó þarf eigi að lögskrá leiðsögumenn, eftirlitsmenn með farmi eða verkamenn, er vinna eiga að fermingu eða affermingu á höfnum innanlands, þó þeir fari með skipinu, enda séu þeim eigi ætluð önnur störf. — **7. gr.** Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn nema allir þeir skipsmenn, er skylt er að lögskrá samkv. 6. gr., hafi áður verið lögskráðir í skiprúm.[a]) — Nú ber svo til, að leggja þarf skipi úr höfn, til fiskveiða hér við land eða annarra ferða innanlands, á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð og lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprúm, og er þá rétt, að þeir fari með skipinu ólögskráðir, enda hafi skipstjóra eigi verið kunnugt um, að lögskrá þyrfti þá, áður en skrifstofu lögskráningarstjóra var lokað. Skipstjóri skal þó, áður en hann lætur úr

a) XXIII, 311, 316. — b) XVI, 249.

a) Féld. II, 86. 93.

höfn, tilkynna lögskráningarstjóra bréflega nöfn og heimili hinna ólögskráðu manna, svo skal hann og rita nöfn þeirra og ráðningarkjör á það samrit skipshafnarskrár, er hann hefir á skipinu. Þegar skipið næst kemur til hérlendrar hafnar, skal skipstjóri lögskrá menn þessa í skiprúm. Nú er sú ákvörðun tekin, eftir að skipið lætur úr höfn, að það fari til útlanda, og má þá enginn skipsmanna vera ólögskráður, þeirra er skylt var að lögskrá samkv. 6. gr. — **8. gr.** Skipstjóra er skylt að sjá um, að skipsmenn séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Nú er svo ástatt sem segir í 3. lið 4. gr., og er skipstjóri eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé. — **9. gr.** Þegar lögskráð er í skiprúm, skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 8. gr. Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skipið af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réð hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók. — Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, er skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti, ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll. — Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs starfstíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árd. til kl. 9 síðd., og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðd. — **10. gr.** Við lögskráningu í skiprúm skal skipstjóri sýna: 1. Skipstjóraskírteini sitt. 2. Mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini. 3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.[1]) 4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefir verið gerð. 5. Viðskiptabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu. — Við lögskráningu úr skiprúmi skal hann sýna skipshafnararskrá og sjóferðabækur. — **11. gr.** Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri rannsaka, hvort nokkuð í framlögðum skjölum sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um. — **12. gr.** Þegar skipsmenn allir eru skráðir í skiprúm í senn, samkv. 5. lið 4. gr. eða endranær, skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur reglur um gerð skipshafnarskrár. Nú eru nýir menn lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið í aðalskránni, að aukaskrá hafi gerð verið. — **13. gr.** Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómannalaganna og reglugerða þeirra, er settar verða samkvæmt þeim, sbr. og um sjóferðabækur lög nr. 40, 19. júní 1922, 20. gr.[1]) — **14. gr.** Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 10. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnarskrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi. — **15. gr.** Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal, og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningnum. Nú eru einhver þau ákvæði í samningnum, er lögskráningarstjóra virðist vera óvenjuleg, eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðilja á þau. Takist það eigi og vilji báðir aðiljar hlíta samningnum eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bág við lög, en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugavert við samninginn. — **16. gr.** Skipstjóra á öðru skipi en íslenzku fiskiskipi er skylt að hafa gert upp reikning þess manns, er úr skiprúmi skal skráður, áður en lögskráning hans úr skiprúmi fer fram. Nú er maður ráðinn á skip í þjónustu annars en útgerðarmanns, og skal þá sá, er hann vann hjá, hafa gert upp reikning hans, áður en hann er lögskráður úr skiprúmi. Hvor aðili

1930 Nr. 53 19. maí

1) Sbr. nú l. nr. 66, 17. júlí 1946.

1) Sbr. nú l. nr. 66, 17. júlí 1946.

1930 Nr. 53 19. maí

um sig getur krafizt þess, að lögskráningarstjóri geri reikninginn upp eða rannsaki hann. Nú greinir aðilja á um reikningsgerðina, og skal lögskráningarstjóri þá leita um sættir með þeim. Takist eigi sættir, getur hvor aðili um sig krafizt þess, að lögskráningarstjóri leggi úrskurð á málið. Úrskurði hans getur hvor aðili um sig skotið til sjódóms, og skal þá fé það, er aðilja greinir á um, falið lögskráningarstjóra til geymslu, þar til fullnaðardómur hefir gengið um málið. — **17. gr.** Nú er sjómanni heitið hluta af afla skips, farmgjaldi eða öðrum tekjum af ferðinni, eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og þetta kaup hans verður eigi ákveðið áður en hann er skráður úr skiprúmi, og þarf þá eigi að gera reikning hans upp, að því er til þess hluta kaupsins tekur, um leið og hann er skráður úr skiprúminu. Útgerðarmaður skal, er þannig stendur á, hafa gert sjómanninum reikningsskil, áður en 3 mánuðir eru liðnir frá því að sjómaðurinn var skráður úr skiprúmi. Vilji sjómaðurinn ekki hlíta reikningsskilum, getur hann lagt málið undir lögskráningarstjóra samkvæmt því, sem segir í 16. gr. — **18. gr.** Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók og viðskiptabók sinni, er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögreglustjóra til varðveizlu og ráðstöfunar. — **19. gr.** Um skil skipstjóra á kaupi, sem haldið er eftir samkv. 63. gr. sjómannalaganna, fer eftir 70. gr. sömu laga. — **20. gr.** Þegar lögskráningarstjóri hefir ritað vottorð sitt um lögskráninguna á skipshafnarskrána, afhendir hann skipstjóra annað samrit hennar, en heldur hinu eftir sjálfur. — Nú fer lögskráning síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem það samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er geymt, og skal þá lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað er á samrit skipstjóra, eða á aukaskrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu. — Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefir eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með samanburði á henni við viðskiptabækur skipsmanna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjörum sínum. Eigi að skrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt. — **21. gr.** Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hinum nýja skipstjóra öll skjöl þau, er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið. — **22. gr.** Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefir verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra þessa málavexti. — **23. gr.** Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af viðskiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann. — Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.[1]) Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns. — **24. gr.** Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð. — **25. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

1930 Nr. 53 19. maí

Lög um skráning skipa. **1948** Nr. 17 8. marz

1. gr. Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir: 1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin. 2. Ef skip er

1) Skrá nr. 8, 6. marz 1933, l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 36.

eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu ⅔ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang. 3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang. 4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því. — **2. gr.** Bannað er íslenzkum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í lögum nr. 34 17. júní 1944. — **3. gr.** Skráningarskyld samkvæmt lögum þessum eru öll skip 6 metrar á lengd eða stærri. — **Skip** merkir hvert það far eða fleytu, sem skylt er að skrásetja. — **Fiskiskip** merkir hvert það skip, sem skylt er að hafa fiskiveiðaskírteini. — **Farþegaskip** eru öll skip, sem hafa leyfi til að flytja fleiri farþega en 12. — **Vöruflutningaskip** eru öll skip, sem gerð eru út í þeim tilgangi að annast flutninga á vörum. — **Önnur skip** eru öll skip, sem hvorki teljast farþega-, vöruflutninga- né fiskiskip. — **4. gr.** Ráðuneytið hefur yfirumsjón með mælingu skipa og skráningu. — Sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist „Skipaskráningarstofa ríkisins" framkvæmir öll þau daglegu störf, sem lúta að endurskoðun, mælingu skipa og skráningu þeirra. — Skipaskoðunarstjóra, sem jafnframt er skipaskráningarstjóri, skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði. — **5. gr.** Lögsagnarumdæmi hvert er skipaskráningarumdæmi, en lögreglustjórar hafa skráningu skipa á hendi. Skipaskráningarstofan löggildir skipaskrár fyrir hvert skipaskráningarumdæmi, en fiskiskipaskráin má vera lausblaðabók. — Skipaskrár skulu vera þrjár: 1. Skrá yfir öll farþega-, vöruflutninga- og fiskiskip með þilfari, 30 rúmlesta og stærri. 2. Skrá yfir öll fiskiskip án tillits til stærðar, eða hvort þau eru með þilfari eða ekki. 3. Skrá yfir öll önnur skip. — Skipaskráningarstofan skal halda aðalskipaskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi. — Ekkert skip má stunda fiskiveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini. — Ef skip, sem skráð hefur verið sem fiskiskip og stundað hefur fiskveiðar og er meira en 350 smálestir, hættir veiðum eða flutningum með ísvarinn fisk og er jafnframt tekið til annarra afnota, skal afhenda fiskveiðaskírteinið til skráningarstjóra í því umdæmi, sem skipið á heima í, og skal þá þegar afmá umdæmisbókstafi og tölur af því. Þetta gildir þó ekki um skip, sem smíðuð hafa verið sem fiskiskip eða síðar breytt í fiskiskip, þótt þau séu yfir 350 smálestir. Sé ágreiningur um flokkun skipanna, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum skráningarstjóra. — Hefji skipið fiskveiðar eða flutninga á ísvörðum fiski á ný, skal afhenda því fiskveiðaskírteinið og mála á það umdæmisbókstafi og tölur. — **6. gr.** Umdæmisskrár skulu greina um hvert skip sér: 1. Einkennisbókstafi skips, nafn þess, heimilisfang og smíðastöð. 2. Hvers konar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, breidd og dýpt). 3. Rúmlestatölu skips og með hvaða aðferð hún sé reiknuð. 4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra. 5. Skrásetningardag og ár. — **7. gr.** Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá. Skip yfir 30 rúmlestir skal skrá í því lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess. — Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, eða taka upp samnefni skipa sinna, t. d. sameiginlegar endingar í nöfnum, og skal hann þá senda beiðni um það til skipaskráningarskrifstofunnar, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseiganda til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefur verið veittur á samkvæmt framansögðu, eða nöfn svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið fyrir gildistöku þessara laga. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir, að skip hefur fallið út af skipaskrá,

1948 Nr. 17 8. marz

ef eigandi heitisins ekki hefur endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt 25. gr. — **8. gr.** Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er. — Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni: 1. Skipasmíðaskírteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi, síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra. 2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 6. gr.). 3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun réttri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja sams konar yfirlýsing allra stjórnenda um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölulið 1. gr. segir. Enn fremur skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréf skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notari publici. — Ráðuneytinu eða skráningarstofunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skírteina, er hér segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar, til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti, fengnar. — Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta. — **9. gr.** Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 8. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmætum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annars kostar sendir lögreglustjóri skráningarstofunni skjöl þau, er í 8. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan ráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú þýður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir. — **10. gr.** Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt senda skráningarstofunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 8. og 9. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skriflega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 8. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 9. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá. — **11. gr.** Nú vill aðili ekki una við úrskurð ráðuneytisins samkvæmt 9. og 10. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki. — **12. gr.** Nú telur skipaskráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skip er yfir 30 rúmlestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 rúmlestir brúttó, milli Íslands og annarra landa, skal þjóðernis- og skráningarskírteini gefið út handa því. — Rita skal mælingarskírteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkv. 6. gr., á þjóðernisskírteini. Skírteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir rúmlestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð

1948 Nr. 17 8. marz

um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðernisskírteini og fær aðila það síðan í hendur. — Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í umdæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málsgr. 8. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefur af hendi þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið. — **13. gr.** Á hvert skrásett skip skal marka nettó-rúmlestatal þess og einkennisstafi þess á þiljubitann við aðallestaropið að aftan, ef það má verða, en ella annars staðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þessi eru orðin ólæsileg eða með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenzkt skip. — Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhögguð. Eru þeir einkennisstafir skips, enda skal marka þá á það. — Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu, latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips er tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafs bil milli orðanna. — Ef skip siglir til annarra landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum. — Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigendaskipti verði eða leyfi ráðherra komi til, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist einkennisstafir skipsins. — **14. gr.** Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi. — Þó skal fulltrúum Íslands erlendis skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 8. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur í fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki skipaskráningarstjóra komi til. — Nú þykir fulltrúa Íslands grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til ráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefur skorið úr málinu. — Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands erlendis gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkv. 8. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist vera ólöglega út gefið. — Í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi til bráðabirgða skal greina: 1. Nafn skips og hvers konar skip það sé. 2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali. 3. Nafn skipstjóra. 4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu. 5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda. — Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta fulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur slíkt skírteini ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki skipaskráningarstofunnar komi til. — **15. gr.** Þjóðernis- og skráningarskírteini eða mælingarbréf skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða fulltrúa Íslands erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skírteini eða breyta nokkru í því, nema skipaskráningarstofan eða lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða fulltrúi landsins erlendis. — **16. gr.** Nýtt þjóðernisskírteini eða mælingarbréf skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skírteini skilað um leið: 1. Ef nafni skips er breytt. 2. Ef fulltrúi Íslands erlendis hefur gefið út þjóðernisskírteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða,

1948 Nr. 17 8. marz

svo sem í 8. sbr. 9. gr. segir. 3. Ef þjóðernisskírteini eða mælingarbréf glatast. Nú glatast skírteini erlendis, og gefur þá fulltrúi Íslands þar út þjóðernisskírteini til bráðabirgða (sbr. 14. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skírteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skírteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefur glatazt. 4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskírteini eða mælingarbréfi þess stendur um það, hvers konar skip það sé, rúmlestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip að nýju, nema hagkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skírteinið. Ef breyting er skráð á skírteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það. 5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skírteini. 6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi, sbr. 7. gr. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið skrásett að nýju. — **17. gr.** Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir íslenzkum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 6. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því þá þegar, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því. — Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskírteini skipsins eða mælingarbréfið, nema út verði gefið nýtt skírteini. — Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti fulltrúi landsins rita þær á skírteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær. — Rétt er, að rannsókn samkvæmt 8. sbr. 9. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða. — **18. gr.** Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskírteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði: 1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila fulltrúa Íslands þar þjóðernisskírteini þess eða mælingarbréfi, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði. 2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir þess vegna rétti til að nota íslenzkan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 17. gr. segir, að skýra lögreglustjóra strax frá breytingunni. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta fulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skírteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn fulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, sem þar er löggildur til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og sendi skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðssölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, fulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf. 3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt. — Nú er þjóðernisskírteini ekki skilað og skip er enn til, og skal þá ógilda skírteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. — **19. gr.** Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 17. og 18. gr. segir. — Nú verður ágreiningur um rétt aðila til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og í 8., 9. og 11. gr. segir. — **20. gr.** Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur skipaskráningarstjóri veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli, áður en það sé skrásett, enda hefur slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini. — Enn fremur er skipaskráningarstjóra heimilt að veita skipi, ef nauðsyn ber til, að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskírteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skrásetningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskírteini skal greina öll þau atriði, sem í 14. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskírteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur skipaskráningarstjóri lengt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskírteini, skal marka á það rúmlesta-

1948 Nr. 17 8. marz

tal og einkennisstafi eftir 13. gr. — **21. gr.**[1]) Skylt er lögreglustjóra að láta í té ágrip úr skipaskrá, gegn kr. 40.00 gjaldi fyrir hvert skip. Skipaskráningarstofan lætur í té gegn sama gjaldi staðfest eftirrit af þjóðernis- og skráningarskírteinum svo og mælingarbréfum. Greina skal á eftirrit, hvers vegna það er af hendi látið. — Eftirtalin gjöld skal greiða í ríkissjóð: 1. Fyrir einkaleyfi á skipsnafni, sbr. 2. mgr. 7. gr. kr. 1000.00. 2. Fyrir nafnbreytingu á skipi, sem minna er en 30 rúmlestir, kr. 100.00, en sé það 30 rúml. eða stærra kr. 300.00. 3. Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis kr. 60.00, fyrir útgáfu mælingarbréfs kr. 40.00, nema mælingarbréfið sé fyrir opinn bát, þá skal greiða kr. 10.00. 4. Fyrir áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og mælingarbréf kr. 30.00, nema um opna báta sé að ræða, þá greiðist ekkert gjald. — Ráðuneytið ákveður með reglugerð gjald fyrir mælingu skipa.[2]) — **22. gr.** Það varðar sektum, 500—1000 kr. á hverja brúttó-rúmlest skips: 1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskírteini með vísvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann þresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér. 2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er varða missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir. 3. Ef aðili, sem fengið hefur skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér, eftir að lögin eru komin til framkvæmdar. — Nú hefur aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmætri refsingu fyrir það athæfi. — **23. gr.** Það varðar 200—500 kr. sektum á hverja brúttórúmlest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkuð það, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 22. gr. segir, enda þótt það mistakist. — Ákvæði síðustu málsgr. 22. gr. eiga hér við. — **24. gr.** Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 22. og 23. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja. — **25. gr.** Ef aðili útvegar sér eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskírteini eða leiðarbréf (20. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 13., 14., 15., 17. eða 18. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmæli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 10000 kr., enda liggi ekki þyngri refsingar við samkvæmt öðrum lögum. — **26. gr.** Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í búi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana. — **27. gr.** Ráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf, og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.[1]) — **28. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála. — Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 27. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — 2) Gjskr. nr. 123, 8. ágúst 1949.

1948 Nr. 17 8. marz

Lög um skipamælingar.

1950 Nr. 23 20. marz

1. gr. Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfirstjórn ráðherra. — **2. gr.** Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi: 1. Óflekkað mannorð. 2. Lögræði. 3. Fjárforræði. 4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra. — Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi. — **3. gr.** Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltra skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til. — **4. gr.** Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er

1) Rgj. nr. 25, 25. febr. 1954.

eða skrá skal hér á landi. — Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Osló 10. júní 1947. — Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á. — **5. gr.** Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttó-rúmlestatal þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr. — **6. gr.** Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipasmíð með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákveðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanborðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið. — **7. gr.** Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skylt að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, er breyting hefur orðið á rúmlestatali. — Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út. - **8. gr.** Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatals þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breytzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu. — **9. gr.** Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess, eða greinargerð í mælibréfi varðandi það. — **10. gr.** Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slíka mælingu algerlega ástæðulausa. — Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr. — **11. gr.** Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr. — **12. gr.** Nú er skip smíðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlutaðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum. — Skip erlendra aðila skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfarsamþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skip, svari til þeirrar nettórúmlestatölu, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttað að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skýra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því. — **13. gr.** Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum. — **14. gr.** Nú er skip smíðað erlendis fyrir íslenzka aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið út, nema það ríki, sem skipið hefur fengið mælingu og mælibréf í, sé aðili að Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp að nýju. — **15. gr.** Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf samkvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku. — Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem

1950 Nr. 23 20. marz

1950 Nr. 23 20. marz

grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð", og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar, enda sé það land aðili að þeim samningi. — Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans. — **16. gr.** Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingarmönnum og létta þeim starf þeirra og ryðja úr vegi öllu, er tálma kann því, eftir föngum. — **17. gr.** Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpeninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpeninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpeningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup. — **18. gr.** Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. — **19. gr.** Skip, sem mæld hafa verið eftir hinni svo nefndu ensku aðferð áður en lög þessi ganga í gildi, þarf eigi að mæla á ný, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestatal þeirra, og njóta þau þá þeirra réttinda, sem alþjóðleg mælibréf veita, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa þeim síðan alþjóðleg mælibréf.[1])

1946 Nr. 66 17. júlí

Lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

I. kafli. — Inngangur og orðaskýringar. — 1. gr. Hverjum íslenzkum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Sama gildir um þá erlenda ríkisborgara, sem jafnrétti hafa við íslenzka ríkisborgara að lögum. — **2. gr.** a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja. b. Rúmlest er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2.83 teningsmetrar. c Mánuður er 30 nátta mánuður, eins og ákveðið er með sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, um kaupgreiðslur á sjó. d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla. e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 60 sjómílur frá sjálfu landinu. g. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað. h. *Fullgildur háseti* á verzlunarskipi eða varðskipi er sá einn, er sannar með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem skipsdrengur, óvaningur eða viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði samtals, þó þar af eigi skemur en 12 mánuði sem viðvaningur og eigi lengur en 6 mánuði sem skipsdrengur, *eða* að hann hafi siglt sem háseti á skipi yfir 60 rúmlestir í 30 mánuði og sem viðvaningur á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði. — Siglingatími sem timburmaður eða bátsmaður telst jafngildur siglingatíma sem fullgildur háseti. i. Á meðan engar sérstakar reglur eru til hér á landi um útreikning *hestafla* eimvéla eða mótora í skipum, skal við framkvæmd þessara laga fara eftir framleiddum (indiceret) hestöflum, skammstafað f. h. ö., þegar um eimvélar er að ræða, en virkum (effectiv) hestöflum, skammstafað v. h. ö., þegar um mótor er að ræða, og skal reiknað með mesta hestaflafjölda, sem vélin getur haft, miðað við 4 klukkustunda siglingu. — Verði reglur settar hér á landi um útreikning hestafla í skipum, skal fara eftir þeim[1]) j. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk. k. *Vélavörður* nefnist sá, sem hefur rétt til þess að gæta véla, sem eigi hafa yfir 15 hestöfl, en *vélstjóri* nefnist hver sá, sem rétt hefur til að stjórna aflvél samkvæmt lögum þessum. — **3. gr.** a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skírteini, er hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skírteini, sem lægra próf þarf til að öðlast. — Ráðherra sá,

1) Rgj. nr. 192, 8. sept. 1950.

1) Auglýs. nr. 115, 21. júní 1945.

sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna og vélamanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum. b. Siglingatími vélamanna telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem er í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta alt að ⅕ hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri. — Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða veiðarfæra.

II. kafli. — Skipstjórnarmenn á fiskiskipum. — **4. gr.** Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, 6—30 rúmlestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík, um að hann: a) Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun, b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær, c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort, d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort, e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki, f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara, g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna, h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn, i. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, j. sanni með sjóferðabók eða vottorðum, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði, k. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði. — Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem atvinnumálaráðuneytið tiltekur. — Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein. — **5. gr.** Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi. — **6. gr.** Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem: a. staðizt hefur fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík; b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; *eða:* hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; *eða:* hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði; *eða:* hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði; c. er lögráður; d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn. — **7. gr.** Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi. — **8. gr.** Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem: a. staðizt hefur fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík; b. [Hefur eftir 16 ára aldur verið háseti í 36 mánuði á skipum, sem eru stærri en 12 rúmlestir, þar af að minnsta kosti 18 mánuði á skipum stærri en 30 rúmlestir og af þeim 18 mánuðum að minnsta kosti 6 mánuði á stærri skipum en 60 rúmlesta;][1]) *eða:* hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir [30][2]) rúmlestir; c. er lögráður; d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

III. kafli. — Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins. — **9. gr.** Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á

1) L. nr. 42, 9. maí 1947, § 1. — 2) Sömu l., § 2.

íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á verzlunarskipi. — **10. gr.** Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 6. greinar þessara laga, stafl. a, c, d og e: hefur verið stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og þar af 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður; *eða:* hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði og stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði; *eða:* hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði, og auk þess einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði; *eða:* hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess skipstjóri á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði. — **11. gr.** Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á verzlunarskipi. — **12. gr.** Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 8. gr. þessara laga, stafl. a, c, d og e: hefur verið háseti eftir 16 ára aldur í 48 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, og þar af 12 mánuði fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi; *eða:* hefur verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti í 6 mánuði eða viðvaningur í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir; *eða:* hefur verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði eða viðvaningur á slíku skipi í 12 mánuði. — **13. gr.** Rétt til að vera skipstjóri í innan- eða utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er, hefur sá einn, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi. — **14. gr.** Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem: a. hefur staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík; b. hefur verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður; *eða:* hefur verið stýrimaður í 36 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma 24 mán. sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi yfir 400 smálestir; *eða:* hefur verið skipstjóri í 18 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir; *eða:* hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður; c. er 25 ára að aldri; d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn. — Til þess að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð skal hlutaðeigandi sanna með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði í utanlandssiglingum. — Geta skal þess á skírteini, sem gefið er út samkvæmt þessari grein, hvort það gildir fyrir utan- eða innanlandssiglingar eða fyrir hvorttveggja. — **15. gr.** Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi. — **16. gr.** Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem: a. hefur staðizt farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík; b. hefur verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, timburmaður eða bátsmaður í utanlandssiglingum; *eða:* hefur verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 24 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, bátsmaður eða timburmaður í utanlandssiglingum, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 24 mánuði; c. er lögráður; d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn. — **17. gr.** Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins allt að 100 rúmlestir hefur sá einn, er: a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf; b. hefur siglt sem stýrimaður á varðskipum í 24 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður; c. er lögráður; d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk,

1946 Nr. 66 17. júlí

sem svívirðilegt er að almenningsáliti; e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn. — **18. gr.** Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir hefur sá einn, er: a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf; b. hefur siglt sem stýrimaður á varðskipum í 36 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir; *eða:* hefur siglt sem skipstjóri á varðskipi allt að 100 rúmlestir í 6 mánuði og sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði; c. er 25 ára að aldri; d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn. — **19. gr.** Sá, er öðlazt hefur réttindi sem skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir, á rétt á að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð, en þó því aðeins í utanlandssiglingum, að hann hafi siglt í 12 mánuði sem stýrimaður í utanlandssiglingum á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir. — Hins vegar getur sá, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, öðlazt réttindi til þess að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins, ef hann hefur siglt í 12 mánuði sem stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir og fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir því að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins.

IV. kafli. Vélamenn á eimskipum. — 20. gr. Sá einn hefur rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með 600 hestafla vél eða minni, sem hefur öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 21. gr. — **21. gr.**[a]) Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á eimskipi með 600 hestafla vél eða minni, sem: a. hefur staðizt hið minna vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík; b. hefur verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **22. gr.** Sá einn hefur rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með 600 hestafla vél eða minni, sem hefur öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 23. gr. — **23. gr.** Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með 600 hestafla vél eða minni, sem eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 21. gr.: a. hefur siglt sem undirvélstjóri á eimskipi í 24 mánuði; b. hefur lokið smíðaprófi fyrir vélstjóra; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. er lögráður; e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **24. gr.** Sá einn hefur rétt til þess að vera undirvélstjóri á eimskipi með meira en 600, en ekki yfir 1200 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjóri á eimskipi með yfir 1200 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 25. gr. — **25. gr.** Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 600, en ekki yfir 1200 hestafla vél, eða aðstoðarvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 1200 hestafla vél, sem: a. hefur staðizt hið meira vélstjórapróf við vélskólann í Reykjavík; b. hefur verið kyndari á eimskipi í 12 mánuði; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **26. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á eimskipi með meira en 600, en ekki yfir 1200 hestafla vél, eða undirvélstjóri á eimskipi með meira en 1200 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem um ræðir í 27. gr. — **27. gr.** Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 600, en ekki yfir 1200 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 1200 hestafla vél, sem eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 25. gr.: a. hefur siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 600 hestafla vél í 24 mánuði, eða sem aðstoðarvélstjóri á eimskipi með meira en 1200 hestafla vél í 36 mánuði, þó aldrei minna en 12 mánuði undirvélstjóri á eimskipi með meira en 600 hestafla vél, ef um yfirvélstjóraskírteini er að ræða; b. hefur lokið smíðaprófi fyrir vélstjóra; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. er lögráður; e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **28. gr.** Sá einn hefur rétt til þess að vera yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 1200 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 29. gr. — **29. gr.** Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með yfir 1200 hestafla vél, sem: a. hefur eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 27. gr., siglt sem undirvélstjóri á eimskipi með yfir 1200 hestafla vél í 24 mánuði, þar af sem 2. vélstjóri í 12 mánuði, eða sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 600 hestafla vél í 12 mánuði og

a) X, 531.

1946 Nr. 66 17. júlí

2. vélstjóri á eimskipi með yfir 1200 hestafla vél í 12 mánuði; b. hefur staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélstjóraskólann í Reykjavík; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. er 25 ára að aldri; e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — Þeim, sem tekið höfðu hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík, áður en rafmagnsdeildin var sett við hann, og komnir eru í starf á skipi í sérfræðigrein sinni áður en lög þessi öðlast gildi, veitir próf þeirra sömu réttindi og hið mesta vélstjórapróf samkvæmt lögum þessum, að rafmagnsfræðinni meðtalinni.

V. kafli. — Vélamenn á mótorskipum. — 30. gr. Sá einn hefur rétt til að vera vélavörður á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna, sem sýnt getur lögskráningarstjóra vottorð frá manni, er atvinnumálaráðuneytið tekur gildan, um, að hann sé fær um að gæta vélarinnar. — **31. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera vélstjóri á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 250 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 32. gr. — **32. gr.** Sá einn getur öðlazt vélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 250 hestafla vél, sem: a. hefur staðizt hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands; b. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **33. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með 50, en ekki yfir 250 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 34. gr. þessara laga. — **34. gr.** Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 250 hestafla vél, sem: a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði, eða vélstjóri á eigin spýtur á mótorskipi með yfir 15 hestafla vél, í 12 mánuði; b. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; c. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **35. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 600 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 36. gr. þessara laga. — **36. gr.** Sá einn getur öðlazt undirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 600 hestafla vél, sem: a. hefur staðizt hið meira mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands; b. hefur siglt sem yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 50 hestafla vél í 12 mánuði; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **37. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 600 hestafla vél, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 38. gr. — **38. gr.** Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 600 hestafla vél, sem: a. hefur siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 250 hestafla vél í 12 mánuði, eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 36. gr.; b. hefur verið kyndari eða aðstoðarvélamaður á eimskipi í 3 mánuði, eða aðstoðarvélamaður á mótorskipi, sem hefur eimketil, í 3 mánuði; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. er lögráður; e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — Ákvæði b-liðar nær þó ekki til þeirra manna, sem öðlast réttindi á mótorskip, sem engan eimketil hafa, og skal geta þess í skírteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt þessari grein, hvort þau gilda fyrir skip með eimkatli eða ekki. — **39. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 600 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 600, en ekki yfir 1300 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 40. gr. — **40. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með meira en 600 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 600, en ekki yfir 1300 hestafla vél, sem: a. hefur staðizt hið meira vélstjórapróf við vélskólann í Reykjavík; b. hefur staðizt próf í rafmagnsfræði fyrir vélstjóra við vélskólann í Reykjavík, sbr. þó 54. gr.; c. hefur verið kyndari eða aðstoðarmaður á eimskipi í 4 mánuði; d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **41. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með meira en 600, en ekki yfir 1300 hestafla vél, eða undirvélstjóri á mótorskipi með meira en 1300 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 42. gr. — **42. gr.** Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með meira en 600, en ekki yfir 1300 hestafla vél, eða undirvélstjóraskírteini á

1946 Nr. 66 17. júlí

mótorskipi með meira en 1300 hestafla vél, sem: a. hefur eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 40. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 600 hestafla vél í 24 mánuði, eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 600 hestafla vél í 24 mánuði og undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 600 hestafla vél í 12 mánuði, eða sem aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 1300 hestafla vél í 36 mánuði; b. hefur staðizt smíðapróf fyrir vélstjóra; c. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; d. er lögráður, ef um yfirvélstjóraskírteini er að ræða; e. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg. — **43. gr.** Sá einn hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 1300 hestafla vél, sem öðlazt hefur skírteini það, sem ræðir um í 44. gr. — **44. gr.** Sá einn getur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með yfir 1300 hestafla vél, sem: a. hefur eftir að hafa öðlazt skírteini það, sem ræðir um í 42. gr., siglt sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 1300 hestafla vél í 24 mánuði, þar af annar vélstjóri í 12 mánuði, eða yfirvélstjóri á mótorskipi með yfir 600 hestafla vél í 12 mánuði og sem undirvélstjóri á mótorskipi með yfir 1300 hestafla vél í 12 mánuði; b. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti; c. er 25 ára að aldri; d. sannar með læknisvottorði, að heyrn hans sé sæmileg.

VI. kafli. — Almenn ákvæði. — 45. gr. Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum: a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti; b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst; c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó þau flytji ekki farþega. Skip, sem eru undir 1500 rúmlestir, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimanninn, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega. — Undanþegin ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega. — **46. gr.** Á varðskipum ríkisins yfir 200 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Á varðskipum undir 60 rúmlestir sé að minnsta kosti einn stýrimaður, og á varðskipum 60—200 rúmlestir 2 stýrimenn. Rétt til skipstjórnar og stýrimennsku á skipum þessum geta þeir einir öðlazt, er lokið hafa farmannaprófi. — **47. gr.** a. Á eimskipi með meira en 50, en ekki yfir 300 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 23. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 21. gr. b. Á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 27. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 25. gr., og ef vél skipsins er yfir 500 hestöfl, einn aðstoðarmaður, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 23. gr. — Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa minni vél en 800 hestafla. — Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal í stað aðstoðarmannsins koma aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 25. gr. — Ef ferðir skipsins eru aðeins innan fjarða eða flóa, er nægilegt, að á því séu tveir vélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 25. gr. og 27. gr. c. Á eimskipi með meira en 800, en ekki yfir 1200 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 29. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 27. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 25. gr. — Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 29. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 27. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 25. gr. d. Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 29. gr., og tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 27. gr. — Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 25. gr. e. Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að

1946 Nr. 66 17. júlí

minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 29. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 27. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 25. gr. — Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 25. gr. — **48. gr.** a. Á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna skal vera í minnsta lagi einn vélavörður, sem öðlazt hefur réttindi samkv. 30. gr. b. Á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 32. gr., og einn aðstoðarmaður, sem öðlazt hefur réttindi samkvæmt 30. gr. Aðstoðarmaður þessi má þó jafnframt gegna öðrum starfa á skipinu. c. Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 250 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 34. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 32. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefur öðlazt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 32. gr. d. Á mótorskipi með meira en 250, en ekki yfir 400 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 36. gr. e. Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 42. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr., og ef vél skipsins er meira en 600 hestöfl, einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 40. gr. — Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 40. gr. f. Á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 44. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 42. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr. — Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 44. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 42. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr. g. Á mótorskipi með meira en 1300, en ekki yfir 2600 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 44. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 42. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr. — Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip og vél þess er yfir 1900 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 44. gr., þrír undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 42. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkv. 40. gr. h. Á mótorskipi með meira en 2600 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 44. gr., þrír undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 42. gr., og tveir aðstoðarvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 40. gr. — Ef skipið er farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefur skírteini samkvæmt 40. gr. — **49. gr.** Dráttarbátar, sem aðeins eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en ekki eru knúnar áfram með vélafli, skulu vera undanþegnar ákvæðum þessara laga um fjölda vélstjóra. Þó skal á þessum fleytum vera að minnsta kosti einn vélstjóri, sem hefur umsjón með vélunum. — **50. gr.**[1]) Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 29., 30., 34., 36., 38., 40., 42. og 44. gr. þessara laga, á heimtingu á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af lögreglustjóra, og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem atvinnumálaráðuneytið semur. Skírteinið gildir um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því, sbr. 52. gr. — Fyrir skírteini greiðist: Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00. — Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00. — Hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, hið minna skipstjóraskírteini á varðskipi og hið minna skipstjóraskírteini á verzlunarskipi kr. 20.00. — Hið meira skipstjóraskírteini á verzlunarskipi og hið meira skipstjóraskírteini á varðskipi kr. 30.00. — Hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi kr. 10.00. — Hið minna stýrimannsskírteini á verzlunarskipi kr. 10.00. — Hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi kr. 15.00. — Vélavarðarskírteini kr. 2.00. — Hið minna undirvélstjóraskírteini kr. 5.00. — Hið minna yfirvélstjóraskírteini kr. 10.00. —

1) L. nr. 40, 14. apríl 1954, § 30.

1946 Nr. 66 17. júlí

Aðstoðarvélstjóraskírteini kr. 10.00. — Hið meira undirvélstjóraskírteini kr. 15.00. — Hið meira yfirvélstjóraskírteini kr. 20.00. — Andvirði skírteina rennur í ríkissjóð. — **51. gr.** Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð atvinnumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið. — **52. gr.** Nú hefur skírteinishafi hlotið dóm fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgert skírteini sínu. — Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

VII. kafli. — Ákvæði ýmislegs efnis. — 53. gr. Allir þeir, er öðlazt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum. — Þetta ákvæði tekur þó ekki til réttinda skipstjórnar á varðskipum ríkisins, nema þau séu fengin með siglingatíma á þess konar skipum, innlendum eða erlendum, samkvæmt ákvæðum 17.—19. gr. þessara laga. — Sá, sem öðlazt hefur vélgæzlu- eða vélstjóraskírteini á íslenzku skipi áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að fá skírteini sínu breytt í vélavarðar- eða vélstjóraskírteini fyrir vél með sama hestaflafjölda, samkvæmt lögum þessum, en geta skal þess á hinu nýja skírteini, að það sé gefið út samkvæmt þessu ákvæði. — **54. gr.** a. Sá, sem öðlazt hefur undirvélstjóraskírteini á íslenzku eimskipi með meira en 700 hestafla vél, eða yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með 300 til 700 hestafla vél, samkvæmt lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og hefur síðan siglt samkvæmt því í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skírteini það, sem ræðir um í 42. gr. þessara laga, ef hann hefur siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði. b. Sá, sem hefur öðlazt yfirvélstjóraskírteini á eimskipi með meira en 700 hestafla vél samkvæmt téðum lögum, nr. 43 3. nóv. 1915, og siglt sem yfirvélstjóri á eimskipi með yfir 700 hestafla vél í 10 ár áður en lög þessi öðlast gildi, skal eiga rétt á að öðlast skírteini það, sem ræðir um í 44. gr. þessara laga, ef hann hefur siglt sem undirvélstjóri eða aðstoðarvélstjóri á mótorskipi með yfir 400 hestafla vél í 12 mánuði. c. Sá, sem öðlazt hefur yfirvélstjóraskírteini á mótorskipi með 150 hestafla vél og þar yfir samkvæmt 5. gr. laga nr. 50 7. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum, áður en lög þessi öðlast gildi, á rétt á að öðlast skírteini það, sem ræðir um í 44. gr. d. Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í stafl. a og b þessarar greinar, að undanskildu ákvæðinu um siglingu á mótorskipi, skoðast fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem sett eru í 40. gr. þessara laga, en geta skal þess á skírteinum þeim, sem þeim eru veitt samkvæmt lögum þessum, að þau séu veitt samkvæmt heimild þessarar greinar. — **55. gr.** Atvinnumálaráðherra er heimilt, þegar skortur er á vélstjórum, að veita æfðum kyndurum leyfi til þess að gegna undirvélstjórastarfi við eimvél í skipum allt að 300 hestafla og aðstoðarmannsstarfi á eimskipum með vél allt að 800 hestafla. — Áður en undanþága er veitt, skal leita umsagnar skipaskoðunarstjórans og Vélstjórafélags Íslands. — **56. gr.** Atvinnumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 2. gr. þessara laga, stafl. h, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenzkt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. stafl. b. — Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru. — Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu. — Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram. Vanræksla í þessum efnum varðar skipstjóra sektum frá 25 til 100 krónum, nema skipverji hafi hlaupizt burt af skipinu án vitundar hans.—**57. gr.** Ráðherra heimilast að ákveða með reglugerð, að hið minna vélstjóranám við vélstjóraskólann í Reykjavík skuli lengt um tvo mánuði, hið minna mótorvélstjóranám Fiski-

1946 Nr. 66 17. júlí

1946 Nr. 66 17. júlí

félags Íslands um þrjár vikur og hið meira mótorvélstjóranám Fiskifélags Íslands um tvo mánuði. — Reglugerðin skal sett að fengnum tillögum skólastjóra Vélstjóraskólans, Fiskifélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands. — **58. gr.** Brot gegn lögum þessum, önnur en um ræðir í lok 56. gr., varða sektum allt að kr. 300.00, ef um fyrsta brot er að ræða. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá kr. 300.00 til 1000.00. Sektir renna í ríkissjóð. — Brot gegn lögum þessum sæta opinberri rannsókn, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. — **59. gr.** ... — **Ákvæði til bráðabirgða.** Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 30 ára aldri. — Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. — Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjórnarréttindi samkv. l. nr. 104 23. júní 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, eru 35 ára, hafa verið skipstjórar eða stýrimenn á skipi yfir 30 rúmlestir í 5 ár, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn á skipi allt að 85 rúmlestum. — Í næstu 3 ár eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, skulu þeir, er lokið hafa hinu minna vélstjóraprófi við Vélstjóraskólann í Reykjavík eða hinu minna mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, og þeir, er lokið hafa hinu meira mótorvélstjóraprófi Fiskifélags Íslands, eiga þess kost að njóta hinna auknu réttinda, sem með þessum lögum eru veitt þeim þrem flokkum vélstjóra, er hér eiga hlut að máli, gegn því, að þeir sæki sérstakt tveggja mánaða námskeið, sem efnt skal til í þessu skyni, og ljúki þar prófi. — Ráðherra heimilast að ákveða reglur fyrir námskeið þetta að fengnum tillögum skólastjóra Vélstjóraskólans í Reykjavík, Fiskifélags Íslands, Vélstjórafélags Íslands og Mótorvélstjórafélags Íslands.[1]) — Þó skulu þeir, sem hafa siglt sem vélstjórar í samtals 4 ár frá þeim tíma, er þeir öðluðust réttindi sem vélstjórar, og til þess er lög þessi ganga í gildi, verða aðnjótandi þeirra auknu réttinda, sem með þessum lögum eru veitt þeim, er staðizt hafa hið minna mótorvélstjórapróf Fiskifélags Íslands án undangengins viðauka náms eða prófs.

1946 Nr. 66 17. júlí

Lög um eftirlit með skipum.

1947 Nr. 68 5. júní

I. kafli. — **1. gr.** Orðaskýringar: 1. *Skip* er sérhvert fljótandi far, nema annars sé getið. 2. *Íslenzkt skip* er hvert það skip, sem skrásett er hér á landi og rétt hefur til þess að sigla undir íslenzkum fána. 3. *Farþegaskip* er hvert það skip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega. 4. *Farþegar* eru allir, sem á skipi eru, aðrir en skipshöfn. Þeir teljast þó eigi farþegar, sem komnir eru í skip vegna óviðráðanlegra atvika, eða samkvæmt skyldu skipstjóra til þess að flytja nauðstadda menn. 5. *Þilfarsfarþegi* er farþegi, sem greiðir fargjald í lægsta fargjaldsflokki. 6. *Flokkað skip* er hvert það skip, sem hefur gilt flokkunarskírteini frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra. 7. Þar, sem talað er um *rúmlest*, er átt við brúttó rúmlest (100 ensk teningsfet = 2,83 m^3), nema annars sé getið. 8. *Önnur fljótandi för* eru ferjur á sjó, vötnum og ám og hvert annað far, sem notað er til að flytja menn, dýr eða muni. 9. *Vélskip* er hvert það skip, sem knúið er aflvél í því sjálfu. 10. *Eimskip* er hvert það skip, sem knúið er gufuafli. 11. *Mótorskip* er hvert það skip, sem knúið er með olíuhreyfli. 12. *Skipverji* er hver sá maður, sem skráður er á skip eða á því er og skyldi skráður. 13. *Eldfim efni* (sbr. 45. gr.) eru: eter (naphta) og aðrir vökvar, sem blandaðir eru eter, brennisteinskolefni, steinolíu-eter, gasolía, benzín og aðrir slíkir vökvar, er logamark þeirra er undir 22° á Celsíus með 760 mm loftvogarstöðu. 14. Ákvæði laganna um *stálskip* eiga einnig við um *járnskip*. 15. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál. — **2. gr.** Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða. — Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan, með ís-

1) Rgj. nr. 186, 30. sept. 1947, rgj. nr. 187 s. d., Rgj. nr. 185 s. d.

lenzkri skipshöfn. — Sé um að ræða erlent skip flokkað í flokkunarfélagi viðurkenndu af ráðherra, ná lögin þó aðeins til öryggisbúnaðar þess. — Ákvæði laganna taka enn fremur til allra báta án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó eða vötnum. — Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli haga. — **3. gr.** Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenzka ríkið hefur gerzt aðili að á löglegan hátt.

II. kafli. — Um haffæri skipa, skyldur útgerðarmanna og skipstjóra o. fl. — 4. gr. Skip skal telja óhaffært: a. ef gilt haffærisskírteini, hleðslumerkjaskírteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskírteini er ekki sýnt, þegar þess er krafizt af skipaeftirlitinu eða trúnaðarmanni þess, sbr. 18. og 19. gr.; b. ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa; c. ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo ofhlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélanauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar. — **5. gr.** Eiganda skips, útgerðarmanni svo og skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðunaraðgerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.[a]) — **6. gr.** Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið. — Verði því komið við án verulegrar tafar, skal skoðun framkvæmd af skoðunarmönnum skipaeftirlitsins, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er kvaddir skulu af sjódómi á þeim stað. — Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skipið er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent eftirlitsmanni í því umdæmi eða til þess eftirlitsmanns, er fyrst næst til, og ákveður hann, hvort ný skoðun skuli fara fram.

1947 Nr. 68 5. júní

III. kafli. — Skipaeftirlitið. — 7. gr. Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirumsjón ráðherra. — **8. gr.** Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála. — Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir. — Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík. — Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. — **9. gr.** Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaeftirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa, annar vélfræðingur, er hafi að minnsta kosti þriggja ára siglingatíma á skipi með 600 ha. vél eða stærri, þriðji með þekkingu á öryggisútbúnaði skipa, og skal hann hafa að minnsta kosti tveggja ára siglingatíma á skipi yfir 300 rúmlesta, og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri), er hafi siglt minnst í tvö ár í millilandasiglingum. — Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. — Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa. — **10. gr.** Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru: 1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar. 2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrútafjarðarbotn. 3. eftirlitssvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli. 4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða. 5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar. — **11. gr.** Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eft-

a) III, 74.

irlits þar og umsjón með skoðunarmönnum, undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra. — Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri ákveður, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa. — Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur. — **12. gr.** Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem er sérstök þörf eftirlits, ber honum að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi sá skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn, og fallist skipaskoðunarstjóri á, að þörf sé sérstaks eftirlits á þeim stað. — Eftirlitsmenn skulu halda dagbók um störf sín og senda skipaskoðunarstjóra mánaðarlega skýrslu um þau. — **13. gr.** Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru: I. eftirlitssvæði: 1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi. 2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá. 3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík. 4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði. 5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. 6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla. 7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár). 8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða. 9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.) — II. eftirlitssvæði: 10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi. 11. skoðunarsvæði: Allur Arnarfjörður. 12. skoðunarsvæði: Allur Dýrafjörður. 13. skoðunarsvæði: Allur Önundarfjörður. 14. skoðunarsvæði: Allur Súgandafjörður. 15. skoðunarsvæði: Frá Gelti til Geirhólma. 16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn. — III. eftirlitssvæði: 17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá. 18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík. 19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá. 20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla. 21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grímsey. 22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda. 23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli. — IV. eftirlitssvæði: 24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti. 25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði. 26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður. 27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi. 28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði. 29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík. 30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni. 31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða. — V. eftirlitssvæði: 32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar. — **14. gr.** Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns og sjómannasamtaka á hverjum stað skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann. — Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra. — **15. gr.** Áður en embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins taka til starfa, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu. — Ekki mega þeir skoða þau skip eða annast önnur störf skipaeftirlitsins, að því er snertir skip, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða ef þeir eru í þjónustu slíkra aðila. Eigi mega þeir heldur annast skipaskoðunarstörf að því er snertir þau skip, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir. — Skipaeftirlitsmaður sker úr, hvort skoðunarmenn séu óvilhallir. — **16. gr.** Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. — Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þannig vaxna, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnunum til aðstoðar. — Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns. — **17. gr.** Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að

1947 Nr. 68 5. júní

gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa. — Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og ferðageymslum. — Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir eigi láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum. — Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla. — Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði. — Hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests skal skráð í eftirlitsbók. Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttur til saka. — Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli. — **18. gr.** Eftirlitsmönnum ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé fyrirmælum um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 46. gr. — Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn. — **19. gr.** Verði skoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, hafnaryfirvöld, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarfélaga sjómanna á staðnum eða skrásetningarstjórar varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til þess að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 18. gr. — Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns skipaskoðunarinnar, ef hann telur ástæðu til. — **20. gr.** Þegar embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenzkri höfn eða innan íslenzkrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða. — Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar eru skyldir til að veita eftirlitinu alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða. — Trúnaðarmenn eftirlitsins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram. — **21. gr.** Embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

1947 Nr. 68 5. júní

IV. kafli. — Skoðun skipa. — 22. gr. Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og sérstök aukaskoðun. — **23. gr.** Skoðun á þiljuðum skipum annast tveir sérfróðir skoðunarmenn, sbr. þó 16. gr., 2. mgr. — Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður. — Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni. — **24. gr.** Aðalskoðun skal gera á skipinu sem hér segir: a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það af nýju. b) Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkum fána eða til útgerðar hér á landi. c) Á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum eldri en 12 ára og tréskipum eldri en 16 ára einu sinni á ári. d) Á öllum öðrum skipum annað hvert ár. — **25. gr.** Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla

og vélatækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips. — Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar. — **26. gr.** Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, hvort tveggja ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum. — Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini. Öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, 31. maí 1929, skal þó skipaskoðunarstjóri gefa út. — Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, rúmlestatal, hvort skip sé seglskip eða vélskip, opið eða þiljað, til hvaða ferða skip sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. — Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í c-lið 24. gr., gildir í eitt ár, frá því að það var gefið út. — Haffærisskírteini skipa, sem um ræðir í d-lið 24. gr., gildir í tvö ár, frá því að það var gefið út, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram. — Nú er skip eigi í höfn hér, þegar haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Nú eru annars sérstök vandkvæði á, að skírteini verði endurnýjað, án þess að eiganda, útgerðarmanni eða skipstjóra verði um kennt, og getur skipaskoðunarstjóri þá framlengt gildi skírteinis um allt að 45 daga, enda sé engin ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. — Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. 46. gr. — **27. gr.** Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 24. gr., d-lið, í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim. — **28. gr.** Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skips og áhöld, botn skips og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið ár frá síðustu botnskoðun. — **29. gr.**[a]) Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir: a) Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt. 24. gr. í lögum þessum. b) Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri eða stjórn stéttarfélags eða félags sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðulaus og bakað útgerðarmanni tjón. Skal þá eftirlitið gefa upp þann aðila, sem kært hefur, nema það óski heldur að greiða bæturnar. c) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð. — Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þessarar greinar, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra. — **30. gr.** Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda. — **31. gr.** Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, og skal hvort tveggja

a) (XIV, 36, 44).

1947 Nr. 68 5. júní

þetta ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum. — Telji skoðunarmenn skip haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi farið fram og að hún hafi leitt það í ljós, að skipið sé haffært. — **32. gr.** Nú fer fram auka- eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd. — **33. gr.** Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkv. b-lið 29. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 51. gr. Um slík mál fer sem hér segir í 49. gr. — Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram. — Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óhlutdrægir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi. — Yfirskoðunargerð verður ekki haggað, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. kafli. — Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum. — 34. gr. Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir: — A. Skrokkur, reiði og vélar. 1. Skrokkur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi. 2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnsþétt skilrúm. 3. Stýri og stýrisbúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi. 4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld. 5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt. Athugun á stöðugleika annarra skipa en þeirra, sem um ræðir í 36. gr., framkvæmir skipaskoðunarstjóri á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, eftir atvikum með tæknilegri rannsókn. — Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—5. lið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar. — B. Siglingatæki. 1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.[1]) — Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað. — Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita. — Skip skal búið þjóðfána. — C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir. 1. Varnir gegn slysum, er leitt getur af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöl eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni. — Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slysahættu. 2. Gegn eldhættu skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir. Í skipi skulu vera slökkvitæki, sem beita má hvar sem er í því. Vélknúin dæla skal vera í öllum skipum, 30 rúmlesta eða stærri. — D. Björgunartæki. 1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum. 2. Á skipi, sem er í millilandasiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa öllum, sem á skipi eru. — Á skipi, sem er í strandsiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa skipshöfn, en um báta og fleytitæki handa öðrum skal setja sérreglur, sbr. 2. lið 35. gr. og 37. gr. 3. Hæfilega margir bjarghringar skulu vera á skipi. Tölu þeirra ber að miða við stærð skips og fjölda þeirra manna, sem þar er ætlað að vera. 4. Nánari reglur skulu settar um notkun og öryggi björgunartækja, þar með taldar reglur um, að hve miklu leyti bátar skuli vera björgunarbátar. Er sérstaklega stendur á, má krefjast þess, að auk báta skuli vera björgunarflekar eða svipuð fleytitæki. Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta.[2]) — E. Vistarverur. 1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistæki og viðhald. — Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar. — Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja. 2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkr-

1) Auglýs. nr. 170, 21. sept. 1953. — 2) Rg. nr. 160, 26. okt. 1949.

unargögnum. 3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra. — F. Fjarskiptatæki. Skip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi og er stærra en 15 rúmlestir, skal hafa loftskeytastöð eða radiotalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskírteini fyrir slíka stöð, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.—Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Póst- og símamálastjórnin gefur út öryggisvottorð fyrir fjarskiptatækin og tilkynnir skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim, svo og annað varðandi þau, er ástæða þykir til. — G. Skipsskjöl. 1. Auk leiðarbókar (dagbókar) og véladagbókar skal skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð skipaeftirlitsins um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða. — Bjóða má, að skip hafi segulskekkjubók, sem í er skráð segulskekkja áttavitanna. — Gerð og færslu eftirlitsbókar og segulskekkjubókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um. 2. Lög þau og reglur um siglingamál, sem boðið er, skulu vera á skipi. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt. 3. Auk þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og mælingabréfs skal skip hafa haffærisskírteini, hleðsluskírteini og leyfisbréf fyrir radíóstöð. Enn fremur öryggisskírteini, þar sem þess er krafizt. — **35. gr.** Um farþegaskip gilda ákvæði 34. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir: 1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannslífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til. 2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur. 3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra. 4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda. — **36. gr.** Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji. — Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða. — **37. gr.** Þegar skip, sem ekki telst farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi. — **38. gr.** A. Nýsmíði innan lands: 1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti skipaskoðunar ríkisins. 2. Um nýsmíði tréskipa fer eftir uppdráttum og reglum, er ráðherra setur um smíði þeirra, svo og öðrum þeim reglum, er varða öryggisbúnað skipa. 3. Sé um stálskip að ræða, annast skipaskoðun ríkisins eftirlitið, ef skipið er ekki smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, en annars skal fela eftirlitið því flokkunarfélagi, er hlut á að máli. Þá skal og skipaskoðun ríkisins annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og íslenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra. 4. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu hinir sérfróðu menn, er um ræðir í 9. gr., ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur. — B. Nýsmíði erlendis: 1. Tréskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja ákvæðum íslenzkra laga og reglugerða um smíði og styrkleika skipa eða reglum flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ráðherra, enda sé þá gætt krafna til styrkleika skipa, sem ætluð eru til úthafssiglinga, og séu þær eigi vægari í aðalatriðum en hinar íslenzku reglur. 2. Stálskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja reglum flokkunarfélaga, viðurkenndra af ríkisstjórninni, alþjóðalögum og íslenzkum reglum um öryggi skipa og búnað þeirra. 3. Þegar ræðir um nýsmíði á skipum erlendis, skal skylt að hafa eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitsins fer fram, þegar skipið kemur til landsins. Eftirlit þetta má

1947 Nr. 68 5. júní

skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi eða viðurkenndum skoðunarmönnum. — C. Breytingar á gömlum skipum: Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 24. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð. — D. Innflutningur skipa: Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum um styrkleika, búnað og haffæri. — Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, þarf skoðun ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið heim. Sé skip ekki í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal skoðun fara fram, áður en það er keypt. Skoðunin skal skráð á þar til gerð eyðublöð, sem skipaskoðunarstjóri gefur út í þessu skyni. Skoðun framkvæmir innlendur eða útlendur maður, sem hefur þekkingu á skipasmíði að dómi skipaskoðunarstjóra. — Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára. — Þegar skip er komið heim, fer fram aðalskoðun samkv. a-lið 24. gr., sbr. og 2. mgr. 39. gr. — **39. gr.** Skipum, sem voru íslenzk eign eða í smíðum fyrir íslenzka menn 1. júlí 1937, getur ráðherra veitt undanþágu frá lögum þessum, að því er einstök atriði varðar, þó ekki um haffæri skipa, sbr. 4. gr. — Ef alveg sérstaklega stendur á, má veita slíkar undanþágur skipum, sem keypt eru frá útlöndum. — Undanþágur frá ákvæðum laganna má veita skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, og skipum, er gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi eða hafa ekki sérstaka aflvél innan borðs. — Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli. — **40. gr.** Ráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hverrar tegundar skip er, stærð þess og notkun, er það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.[1])

1947 Nr. 68 5. júní

VI. kafli. — Um hleðslumerki o. fl. — 41. gr. Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini. — Þau íslenzk skip, sem hleðslumerkjasamþykkt, gerð í London 5. júlí 1930, nær til, skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini. Önnur íslenzk skip, 50 rúmlestir eða stærri, skulu hafa hleðslumerkjaskírteini, er sýnir minnsta hleðsluborð. — Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 2. mgr., og nánari reglum, er ráðherra setur. — Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um hleðslumerki eru skip, meðan þau stunda síldveiði á tímabilinu 1. júní—15. sept., enda hafi þau verið skoðuð samkvæmt c-lið 29. gr. og sú skoðun skráð í eftirlitsbók. — **42. gr.** Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. — **43. gr.** Merkja skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annars vegar, en í enskum fetum hins vegar, er sýni, hve djúpt skip liggur í sjó. — Þegar skipaskoðunarstjóri hefur ákveðið hleðsluborð skips, skal hann, telji hann ástæðu til, merkja djúpstöðu þess á framstefni, til þess að forðast mishleðslu, enda ráðfæri hann sig við skipstjórann og skipaskoðunarmann. — **44. gr.** Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. — Hafi skip hleðslumerkjaskírteini útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt gerðri í London 5. júlí 1930, eða viðurkenndu skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram. — Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið. — **45. gr.**

---

1) Rgj. nr. 260, 11. nóv. 1947.

1947 Nr. 68 5. júní

Bannað er að flytja benzín eða önnur þau eldfim efni, er sérstök sprengingarhætta stafar af, í farmrúmi eða á þilfari á farþegaskipum. — Um flutning efna þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., með skipum setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra. — Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu áliti skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. kafli. — Um farbann o. fl. — 46. gr. Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum. — Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipaskoðunarstjóra, og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu, enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni verði framfylgt. — **47. gr.** Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn. — Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

VIII. kafli. — Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa. — 48. gr. Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig: — Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn. Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar. — Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir: 1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi í utanlandssiglingum. 2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra á dieselskipi. 3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskeytamenn síðastliðin 5 ár. 4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa. 5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla. 6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki. — Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein. — Embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins geta ekki verið dómendur. — Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið). — Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda, og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst. — Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadómendanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hverrar sérþekkingar er þörf. — Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum. — **49. gr.** Hlutverk siglingadóms er: 1. Að annast yfirskoðunargerðir samkvæmt lögum þessum og kveðja yfirskoðunarmenn. 2. Að skera úr um gildi farbanns. 3. Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru að tilhlutun skipaskoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum. 4. Að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkv. 62. gr. — **50. gr.** Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin. — Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 29. gr. — Hinir reglulegu sjódómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa. — Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjódómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til. — Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála. — Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum. — Skipaskoðunarstjóri sendir síðan skjölin til dómsmálaráðuneytisins, og telji hann ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, gerir hann tillögu um málshöfðun og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa. — Nú fyrirskipar dómsmálaráðuneytið málshöfðun, og gefur þá

1947 Nr. 68 5. júní

siglingadómur út stefnu og ákveður fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflutningur er munnlegur og opinber. — **51. gr.** Nú hefur farbann verið lagt á skip, og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi. — Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 29. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi. — **52. gr.** Málum höfðuðum samkvæmt 33., 51. og 62. gr. þessara laga skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað. — Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjódómsmál. — Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla. — Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

1947 Nr. 68 5. júní

IX. kafli. — Um gjöld. — 53. gr. Fyrir aðalskoðun á skipi, sem eigi er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal eigandi greiða í ríkissjóð:

Fyrir opinn bát	kr.	6.00
— — — með vél	—	12.00
— skip minna en 15 rúml.	—	22.00

	pr. rúml. aurar	minnsta gjald kr.
— — 15 rúml. allt að 30 rúml.	150	30.00
— — 30 — — — 50 —	140	45.00
— — 50 — — — 100 —	130	70.00
— — 100 — — — 200 —	120	130.00
— — 200 — — — 400 —	110	240.00
— — 400 — — — 800 —	100	440.00
— — 800 — — — 1200 —	90	800.00
— — 1200 — — — 1600 —	80	1080.00
— — 1600 — — — 2000 —	70	1280.00
— — 2000 — og yfir	60	1400.00

—Hluti úr rúmlest reiknast ekki með.—Gjöldin reiknast í heilum krónum, þannig að því, sem er umfram krónu, er sleppt. — Fyrir almenna aukaskoðun á skipum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða 75% af gjaldi því, sem þar er talið. — Fyrir aðalskoðun og aukaskoðun á skipum, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða hálft gjald samkvæmt 1. og 2. mgr. — **54. gr.** Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr. að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki. — **55. gr.** 1. Fyrir eftirlit með smíði tréskips eða óflokkaðs stálskips, sem smíðað er innanlands, skal greiða fjórfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr. — 2. Fyrir eftirlit með breytingum og verulegum viðgerðum á skipum, sbr. C-lið 38. gr., skal greiða gjald samkv. 1. mgr. 53. gr. að viðbættri upphæð, er skipaskoðunarstjóri ákveður í hvert skipti með hliðsjón af því, hve umfangsmikil breytingin eða viðgerðin er. — Hærra en tvöfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr. má þó ekki krefja. — **56. gr.** Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns, er skipaeftirlitið hefur samþykkt, greiðir eigandi þeim, sem hlut á að máli. — **57. gr.** Fyrir skoðun á eimkatli, þegar sú skoðun er ekki framkvæmd, um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél minni en 100 hestöfl	kr.	35.00
— — — frá 100 til 200 hestöfl	—	45.00
— — — — 200 — 400 —	—	60.00
— — — — 400 — 800 —	—	75.00
— — — — 800 — 1200 —	—	90.00
— — — — 1200 hestöfl og þar yfir	—	110.00

— **58. gr.** Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkjum skal greiða:

Fyrir skip minni en 200 rúmlestir												kr.	150.00
—	—	200	rúml.	allt	að	500	rúml.					—	200.00
—	—	500	—	—	—	900	—					—	250.00
—	—	900	—	—	—	1400	—					—	300.00
—	—	1400	—	—	—	2000	—					—	350.00
—	—	2000	—	—	—	2700	—					—	400.00
—	—	2700	—	—	—	3500	—					—	450.00
—	—	3500	—	og	stærri							—	500.00

— Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða 75 krónur. — Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskírteini og útgáfu þess skal greiða 100 krónur. — Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða 50 krónur. — **59. gr.** Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum óflokkaðs skips, sbr. 2. lið A. 38. gr., skal greiða tvöfalt gjaldið, sem um ræðir í 1. mgr. 53. gr. — Gjaldið skal miða við rúmlestatölu skips, þannig að margfalda saman smíðamál þess í metrum og deila með 5. — Fyrir endurskoðun á skoðunarskýrslu, sbr. 4. mgr. D-liðar 38. gr., greiðist sama gjald og fyrir endurskoðun smíðauppdrátta. — **60. gr.** Fyrir aðrar skoðanir ber að greiða samkvæmt reikningi, er skipaskoðunarstjóri úrskurðar. — **61. gr.** Öll framangreind gjöld ber eiganda skips að greiða, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 56. gr. — Gjöldin skulu innheimt af lögreglustjórum (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins. Gjöldunum fylgir lögveð í skipi jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft. — **62. gr.** Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þrem mánuðum frá því, er honum var kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til siglingadóms, er þá sker úr um málið, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. — Ríkissjóður endurgreiðir gjaldanda að öllu eða nokkru samkvæmt því, sem í úrskurði siglingadóms segir. — Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum. — Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. kafli. — Um laun. — 63. gr. Skipaskoðunarstjóri og sérfróðir fulltrúar hans, sem skipaðir eru fastir starfsmenn við eftirlitið og hafa það að aðalstarfi, skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins, og taka þeir laun sín úr ríkissjóði. — **64. gr.** Skoðunarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skal þar tekið tillit til verks þess, sem í té er látið.[1]) — **65. gr.** Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi. — Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni. — **66. gr.** Allir framangreindir embættis- og sýslunarmenn taka laun sín úr ríkissjóði. — Skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og nauðsynleg aðstoð greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

XI. kafli. — Um refsingar, svipting réttinda o. fl. — 67. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá eigi beita vægari refsingu en varðhaldi. — Refsingu skal beitt eigi aðeins við skipstjóra, þann, er í hans stað kemur, og aðra, sem beinan þátt eiga í broti, heldur og eiganda skips, útgerðarmann eða annan yfirboðara, enda sé brotið framið með vitund þess manns eða vilja. — **68. gr.** Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi. — Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til afplánunar kemur. — Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakborninga. — **69. gr.** Ef skip, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, er leyst úr höfn, svo og, ef skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, varðar það skipstjóra missi réttar til skipstjórnar eigi skemur en 3 mánuði. — Sé brot ítrekað eða hafi verulegt tjón hlotizt af á mönnum eða verðmætum, skal beitt réttindasviptingu í 6 mánuði og allt

1) Rg. nr. 191, 7. sept. 1950.

1947 Nr. 68 5. júní

1947 Nr. 68 5. júní

að 5 árum eða ævilangt, ef brot er stórfellt. — Réttindasviptingu samkvæmt þessari grein skal beitt við yfirvélstjóra, loftskeytamenn og aðra yfirmenn skips, eftir því sem við á, ef þeir gerast brotlegir gegn lögum þessum eða taka þátt í brotum á þeim. — **70. gr.** Lög þessi raska í engu ákvæðum 21. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín. — **71. gr.** Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 67. og 69. gr. — **72. gr.** Svipting réttinda samkvæmt lögum þessum skal gerð með dómi. — Hver sá, sem sviptur hefur verið réttindum samkvæmt lögum þessum, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt. — Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu. — **73. gr.** Hafi maður verið sviptur réttindum samkvæmt lögum þessum lengur en 5 ár, getur dómsmálaráðherra veitt honum réttindin aftur, enda séu meira en 5 ár liðin frá réttindasviptingu, sönnur færðar á, að sá, er hlut á að máli, hafi lifað heiðarlegu og grandvöru líferni, hafi enn þá þekkingu og leikni, er til starfans þarf, og ástæður mæli að öðru leyti með. — Endurveiting réttinda samkvæmt þessari grein er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með.

XII. kafli. — Um gildistöku laganna o. fl. — 74. gr. . . . . — **75. gr.** Reglugerðir, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar. — **76. gr.** Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsiákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.[1])

1932 Nr. 56 23. júní

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar.[2])

1. gr. Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum hefir verið staðfest af Íslands hálfu,[3]) gerir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að Ísland taki hæfilegan þátt í birtingu veðurfregna til öryggis fyrir sjófarendur.[a]) — **2. gr.** Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skal krefjast þess af útgerðarfélögum, er kynnu að hafa íslenzk skip í förum yfir Atlantshafið, að þau tilkynni, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða. — **3. gr.** Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem lendir í eða verður var við alvarlega hættu fyrir sjófarendur, svo sem stórviðri, hafís, skipsflök o. þ. h., sem hætta getur stafað af, skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefir til umráða, tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi embættis- eða sýslumanni á næsta stað í landi, sem til næst. — Skylda má skipstjóra á íslenzkum skipum til að gera veðurathuganir og senda út veðurfregnir, sem telja má nauðsynlegar fyrir sjófarendur. — Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar. — Fregnir þær, sem hér ræðir um, skulu sendar íslenzkum yfirvöldum án kostnaðar fyrir hlutaðeigandi skip, sem veðurathuganirnar gerði. — **4. gr.** Skipstjóri á íslenzku skipi er skyldur til þess að hjálpa skipi, sem hann hittir og er í neyð statt, eða skipi, sem beðið hefir um hjálp, ef hann getur gert það án þess að stofna skipi sínu, skipshöfn og farþegum í verulega hættu. — Ef skipstjóra er ekki unnt að veita hjálp, ef svo stendur á að ætla má, að hjálp sé ekki tímabær eða nauðsynleg, skal hann þegar í stað tilkynna skipverjum eða skipstjóra hins hjálparþurfandi skips það, ef hægt er. Ennfremur skal skipstjóri rita í skipsdagbókina nákvæma greinargerð fyrir þessari ákvörðun sinni. — **5. gr.** Ákveða skal með konunglegri tilskipun, hverjar varúðarreglur skuli viðhafa á íslenzku skipi til þess að forðast árekstur milli skipa.[1]) — Þau tákn eða merki, sem ákveðin eru í þessu augnamiði, má ekki nota í neinum öðrum tilgangi. — **6. gr.** Brot á 2. gr. varða sektum frá 50—500 kr. — Brot á 3. og 4. gr. þessara laga varða sektum eða fangelsi,[2]) nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Ef um stórkostlega yfirsjón er að ræða af hendi skipstjóra, má eftir atvikum ennfremur dæma af honum réttindi til skipstjórnar. — **7. gr.** Með mál út af brotum

1) Rgj. nr. 188, 11. nóv. 1953, auglýs. nr. 59, 28. marz 1953, auglýs. nr. 60, s. d., rg. nr. 61, s. d., rg. nr. 11, 20. jan. 1953, rg. nr. 160, 26. okt. 1949, rg. nr. 3, 3. jan. 1946. — 2) Rg. nr. 67, 3. júlí 1933, augl. nr. 68, s. d. og auglýs. nr. 63, 10. apríl 1953, auglýs. nr. 85, 12. des. 1952. — 3) Augl. nr. 66, 3. júlí 1933.

1) Tilsk. nr. 47, 7. júlí 1953. — 2) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) Féld. I, 141.

1932 Nr. 56 23. júní

gegn lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

1899 Nr. 13 9. sept.

Lög um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir, er skip rekast á.

1. gr. Með konunglegri tilskipun má fyrirskipa dag- og næturbendingar fyrir íslenzk skip, er í sjávarháska eru stödd.[1]) — Útgerðarmenn skipa, er eigi eru útbúin bendingatilfærum þeim, er skipað er fyrir um í slíkri tilskipun, sæta sektum, allt að 200 kr. — Sömu refsing sætir sá skipstjóri, er notar eða sýnir bendingar þessar á þann hátt, er skipum er boðið að gera í sjávarháska, án þess að gild ástæða hafi til þess verið, og er hann auk þess skyldur að greiða þeim skaðabætur, er beðið hafa tjón af slíkri vanbrúkun. — **2. gr.** . . .[2]) — **3. gr.** Mál um hegning fyrir brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í landssjóð.

1953 Nr. 47 7. júlí

Tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Kafli A. — Inngangur og orðaskýringar. — 1. gr. a) Eftir þessum reglum skulu fara öll skip og sjóflugvélar á hafi úti og á öllum leiðum, sem eru í sambandi við það og eru færar hafskipum, með þeim undantekningum, sem getið er í 30. gr. Ef sjóflugvélar eru þannig gerðar, að þær geta ekki að öllu hlýtt fyrirmælum reglnanna um fyrirkomulag ljósa og bendingamynda, skal þeim fylgt eins nákvæmlega og unnt er. b) Reglnanna um siglingaljós skal gætt frá sólarlagi til sólaruppkomu, hvernig sem viðrar, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem hægt sé að blanda saman við hin lögboðnu siglingaljós eða gera erfiðara að greina þau, eða torvelda glögga útsýn frá skipinu. — c) Þar, sem ekki er öðruvísi ákveðið í eftirfarandi reglum, á það við, sem hér segir: 1. Orðið „skip" merkir sérhvert fljótandi far, annað en sjóflugvélar á lofti, sem notað er eða nota má til flutninga á sjó og vötnum. 2. Orðið „sjóflugvél" merkir flugbát eða hvert það loftfar, sem hægt er að stjórna á sjó. 3. Orðið „vélskip" merkir sérhvert skip, sem knúið er áfram með vélarafli. 4. Sérhvert vélskip, sem notar eingöngu segl til gangs, en ekki vélarafl, skal talið seglskip, og sérhvert skip, sem notar vél til gangs, skal talið vélskip, hvort sem það notar jafnframt segl eða eigi. 5. Skip eða sjóflugvél á floti eru talin vera „laus" (under way), þegar þau hvorki liggja við akkeri né landfestar eða standa á grunni. 6. Með orðunum „hæð upp frá bol skipsins" er átt við hæð upp frá efsta þilfari, sem nær stafna á milli. 7. Með lengd og breidd skips er átt við þá lengd og þá breidd, sem talin er í skrásetningarskírteini þess. 8. Lengd sjóflugvélar skal talin mesta lengd hennar, og vænghaf hennar það, sem lofthæfnisskírteini hennar sýnir, eða samkvæmt mælingu, sé slíkt skírteini ekki fyrir hendi. 9. Þegar talað er um, að ljós „sjáist", er átt við, að það sjáist um dimma nótt í hreinviðri. 10. „Stutt hljóð" merkir hljóð, sem stendur í h. u. b. eina sekúndu. 11. „Langt hljóð" merkir hljóð, sem stendur í 4—6 sekúndur. 12. Orðið „eimpípa" merkir bæði eimpípu og sírenu. 13. Með „rúmlest" er átt við brúttó-rúmlest.

Kafli B. — Ljós og bendingamyndir. Þokubendingar. — 2. gr. *Ljósbendingar á vélskipum og sjóflugvélum.* a) Á vélskipi, sem er laust, skal vera: 1. Skært, hvítt ljós á framsiglu eða fyrir framan hana, eða framan til á skipinu, ef engin framsigla er á því. Ljós þetta skal þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 20 kompásstrikum (225°) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi yfir 10 strik (112½°) hvorum megin skipsins, sem sé beint fram undan og 10 strik á hvort borð, 2 strik (22½°) aftur fyrir þverskipsstefnu, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 5 sjómílur álengdar að minnsta kosti. 2. Annaðhvort fyrir framan eða aftan hvíta ljósið, sem getur í 1. lið, skal vera annað hvítt ljós, að öllu leyti eins og fyrrnefnda ljósið. Skip styttri en 45.75 metrar (150 fet) og skip, sem draga önnur skip, eru ekki skyld að hafa þetta ljós, en mega það. 3. Báðum þessum hvítu ljósum skal komið fyrir í lóðréttum langskurðarfleti gegnum kjöl skipsins, þannig að annað ljósið sé að minnsta kosti 4.75 metrum (15 fetum) ofar en hitt og að neðra ljósið sé framar en efra ljósið. Hin lárétta fjarlægð milli hinna tveggja hvítu ljósa skal vera að minnsta kosti þrisvar sinnum meiri en lóðrétta fjarlægðin milli þeirra. Lægra ljósinu, eða ef aðeins eitt er notað, þá því ljósi, skal komið fyrir að minnsta kosti 6.1 metra (20 fetum) upp frá bol skipsins, og sé skipið meira en 6.1 metri (20 fet) á breidd, skal ljósið vera

1) Sbr. tilsk. nr. 47, 7. júlí 1953. 2) Sbr. nú l. nr. 56, 30. nóv. 1914, § 228.

að minsta kosti svo marga metra upp frá bolnum sem breidd skipsins nemur, en þó þarf það aldrei að vera meir en 12.2 metra (40 fet) upp frá bolnum; og alltaf skal ljósinu eða ljósunum, eftir því sem við á, komið þannig fyrir, að það eða þau verði laus við og fyrir ofan öll önnur ljós og skipshluta, er skyggt gætu á þau. 4. Grænt ljós á stjórnborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 kompásstrikum (112½°) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 2 strik (22½°) aftur fyrir þverskipsstefnu á stjórnborða, og sé enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. 5. Rautt ljós á bakborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 kompásstrikum (112½°) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 2 strik (22½°) aftur fyrir þverskipsstefnu á bakborða, og sé enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. 6. Við ofangreindu grænu og rauðu hliðarljósin skal setja hlíf þeim megin, er að skipinu veit, og skal hún ná að minnsta kosti 91 centimetra (3 fet) fram fyrir ljósið, til að varna því, að þessi ljós sáist yfir kinnung skipsins hinum megin. — b) Á sjóflugvél, sem er laus á floti, skal vera: 1. Skært, hvítt ljós framan til í miðlínu flugvélarinnar, þar sem það sést bezt, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 220 kompásgráðum, og þannig sett, að það lýsi yfir 110° hvorum megin flugvélarinnar, sem sé beint framundan og 20° aftur fyrir þvert á hvort borð, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 3 sjómílur álengdar að minnsta kosti. 2. Grænt ljós á hægra eða stjórnborðsvængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110 kompásgráðum, og skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 20° aftur fyrir þvert á stjórnborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. 3. Rautt ljós á vinstra eða bakborðs vængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110 kompásgráðum, og skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 20° aftur fyrir þvert á bakborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — **3. gr.** *Ljósbendingar á vélskipum og sjóflugvélum, sem draga önnur skip og sjóflugvélar.* a) Á vélskipi, sem dregur annað skip eða sjóflugvél eða ýtir þeim, skulu auk hliðarljósanna vera 2 skær, hvít ljós, og séu þau lóðrétt hvort upp af öðru og 1.83 metrar (6 fet) á milli þeirra að minnsta kosti. Ef skipið dregur fleiri en eitt skip eða fleiri en eina sjóflugvél, skal það hafa að auki skært, hvítt ljós fyrir ofan eða neðan hin ljósin, ef lengd skipalestarinnar, talin frá afturstafni dráttarskipsins til afturstafns aftasta skipsins í lestinni, er yfir 183 metra (600 fet). Öll þessi ljós skulu vera eins löguð og öllum eins háttað og hvíta ljósinu, sem um ræðir í 2. gr. staflið a, 1, og skal einu þeirra komið fyrir á sama stað og því ljósi, en þó skal neðsta ljósið ekki vera neðar en 4.27 metrar (14 fet) upp frá bolnum. Hafi skipið aðeins eina siglu, má hafa ljósin á þeirri siglu. — b) Dráttarskipið skal enn fremur hafa annaðhvort skutljós, eins og um getur í 10. gr., eða í stað þess lítið, hvítt ljós fyrir aftan reykháfinn eða aftursiglu fyrir dregnu skipin að stýra eftir. Það ljós má þó ekki sjást fyrir framan þverskipsstefnu. Eftir vild má hafa hvíta ljósið, sem um getur í 2. gr. staflið a, 2, eða sleppa því. — c) Þegar sjóflugvél á floti dregur eina eða fleiri sjóflugvélar eða skip, skal hún hafa sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. staflið b, 1, 2 og 3. Auk þess skal hún hafa annað hvítt ljós, eins lagað og eins háttað og hvíta ljósinu, sem greint er í 2. gr. staflið b, 1, og að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) lóðrétt fyrir ofan eða neðan það ljós. — **4. gr.** *Bendingar á skipum og sjóflugvélum, sem ekki verður stjórnað.* a) Á skipi, sem ekki er undir stjórn, skulu vera á þeim stað, sem hægast er að sjá þau, og ef um vélskip er að ræða, þá í staðinn fyrir ljós þau, er um getur í 2. gr. staflið a, 1 og 2, 2 rauð ljós með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti, og sé annað ljósið lóðrétt upp af hinu. Ljós þessi skulu sjást, hvaðan sem litið er, 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — Á daginn skulu á skipi, er svona stendur á fyrir, vera 2 svartar kúlur eða bendingamyndir með ekki minna en 1,83 metra (6 feta) millibili, á þeim stað, sem hægast er að sjá þær; hvor þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli og hvor þráðbeint upp af annarri. — b) Sjóflugvél á floti, sem ekki er undir stjórn, má hafa 2 rauð ljós á þeim stað, sem hægast er að sjá þau, hvort þráðbeint upp af öðru með 91 centimetra (3 feta) millibili og þannig löguð og háttað, að

1953 Nr. 47 7. júlí

þau sjáist 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — Á daginn má hún hafa uppi 2 svartar kúlur eða bendingamyndir, 61 centimetra (2 fet) að þvermáli, hvora þráðbeint upp af annarri með 91 centimetra (3 feta) millibili að minnsta kosti og komið fyrir þar, sem þær sjást bezt. — c) Á skipi, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, eða á skipi, sem starfar að sjómælingum eða neðansjávarvinnu, og ef störfum þess er þannig háttað, að það getur ekki vikið fyrir skipi, sem nálgast, skulu í stað ljósa þeirra, sem greind eru í 2. gr. staflið a, 1 og 2, vera 3 ljós, hvert þráðbeint upp af öðru með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. Efsta og neðsta ljósið skulu vera rauð og miðljósið hvítt, og öll skulu þau vera þannig gerð, að þau sjáist, hvaðan sem litið er, 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — Á daginn skal skipið hafa 3 bendingamyndir á þeim stað, sem hægast er að sjá þær; hver þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli og hver þeirra þráðbeint upp af annarri með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. Efsta og neðsta myndin skulu vera hnöttóttar og rauðar að lit, en miðmyndin hvít og í lögun sem teningur, hengdur upp á horni. — d) Skip þau og flugvélar, sem um getur í þessari grein, skulu ekki hafa lituðu hliðarljósin uppi, þegar þau eru ekki á siglingu, en á siglingu skulu þau hafa þau. — e) Önnur skip og sjóflugvélar skulu skoða ljós þau og bendingamyndir, sem boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, sem merki þess, að skip þau og flugvélar, sem hafa þau uppi, séu ekki undir stjórn og geti því ekki vikið úr leið. — f) Bendingar þessar sýna ekki, að skip séu í nauðum stödd og æski hjálpar. Þeirra bendinga er getið í 31. gr. — **5. gr.** *Ljósbendingar á seglskipum og dregnum skipum og sjóflugvélum.* a) Á seglskipi, sem er laust, og á öllum skipum og sjóflugvélum, sem dregin eru, skulu vera sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. á vélskipum eða sjóflugvélum, sem laus eru, nema hvítu ljósin, er þar um ræðir, mega þau aldrei hafa. — Einnig skulu þau hafa uppi skutljós eins og greint er í 10. gr., þó þannig, að dregin skip, önnur en aftasta skipið í lestinni, mega í stað skutljóssins hafa lítið, hvítt ljós, eins og um getur í 3. gr. staflið b. — b) Á skipi, sem verið er að ýta áfram, skal á framenda vera grænt ljós stjórnborðsmegin og rautt ljós bakborðsmegin, og skulu ljósin vera að öllu leyti eins og ljósin, sem lýst er í 2. gr. staflið a, 4 og 5, og búin hlífum, eins og segir í 2. gr. staflið a, 6, þó þannig, að hversu mörg sem skipin eru, sem ýtt er áfram í einum hóp, þá skal ljósabúnaður þeirra vera eins og aðeins væri um eitt skip að ræða. — **6. gr.** *Ljósbendingar á smáskipum í illviðri.* a) Þegar grænu og rauðu hliðarljósin verða ekki höfð á sínum stað á litlum skipum vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, skulu þau þó höfð tendruð og tiltæk þegar í stað, ef á þarf að halda. Ef skipið nálgast annað skip eða annað skip nálgast það, skal sýna ljósin hvort sínum megin svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, og þetta skal gert á þann hátt, að ljósin sjáist sem bezt, og þannig, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin né rauða ljósið stjórnborðsmegin, né heldur, ef unnt er, aftar en 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu hvort sínu megin. — b) Til þess að öruggara og auðveldara verði að nota þessi færiljós, skulu ljóskerin hvort um sig vera máluð utan með sama lit og ljósin hafa, sem í þeim eru, og búin hæfilegum hlífum. — **7. gr.** *Ljósbendingar á smáskipum, þegar venjulega viðrar.* — Vélskip smærri en 40 rúmlesta, svo og segl- og róðrarskip minni en 20 rúmlesta og árabátar, skulu, þegar þau eru laus, ekki skyld að hafa ljós þau, sem greind eru í 2. gr., en hafi þau ekki þessi ljós, skulu á þeim vera ljós þau, er hér segir: a) Á vélskipum minni en 40 rúmlesta, öðrum en þeim, sem greind eru í staflið b, skal vera: 1. Skært, hvítt ljós framan til á skipinu, þar sem það sést bezt; skal það vera að minnsta kosti 2.75 metrum (9 fetum) fyrir ofan borðstokkinn, eins lagað og fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflið a, 1, og þannig háttað, að það sjáist 3 sjómílur álengdar að minnsta kosti. 2. Græn og rauð hliðarljós, eins löguð og eins fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflið a, 4 og 5, og þannig háttað, að þau sjáist 1 sjómílu álengdar að minnsta kosti, *eða* samsett ljósker með grænu ljósi öðrum megin og rauðu ljósi hinum megin, er lýsi beint fram og sitt til hvorrar hliðar 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu. Ljósker þetta skal vera að minnsta kosti 91 centimetra (3 fetum) fyrir neðan hvíta ljósið. — b) Á litlum vélbátum, sem hafðir eru á hafskipum, er heimilt að hafa hvíta ljósið neðar en 2.75 metra frá borðstokknum, en þó skal það haft ofar en hliðarljósin eða samsetta ljóskerið, sem um ræðir í staflið a, 2. — c) Skip undir árum eða seglum, minni en 20 rúmlesta, önnur en þau, sem greind eru í staflið d, skulu, ef þau hafa

1953 Nr. 47 7. júlí

ekki hliðarljósin, hafa ljósker, þar sem það sést bezt, er sýni grænt ljós öðrum megin og rautt ljós hinum megin, 1 sjómílu álengdar að minnsta kosti, og sé því þannig fyrir komið, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin. — Þar, sem ekki er unnt að hafa þetta ljósker fast, skal það vera tendrað og tiltækt og sýnt svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, og þannig, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin. — d) Litlir árabátar, hvort sem þeim er siglt eða róið, skulu aðeins skyldir að hafa til taks rafmagnslampa eða ljósker tendrað hvítu ljósi, er sýnt skal í tæka tíð til að afstýra árekstri. — e) Skip þau og bátar, sem um er rætt í þessari grein, skulu ekki skyld að hafa ljós þau og bendingamyndir, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. staflið a og 11. gr. staflið e. — **8. gr.** *Ljósbendingar á hafnsögubátum.* a) 1. Segl-hafnsögubátar, sem eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja ekki við akkeri, skulu eigi hafa sömu ljós og fyrirskipuð eru á öðrum skipum, heldur skulu þeir hafa á siglutoppi hvítt ljós, er sjáist á alla vegu 3 sjómílur álengdar að minnsta kosti, og auk þess skulu þeir með stuttu millibili, sem aldrei má vera lengra en 10 mínútur, sýna blys, eitt eða fleiri. 2. Þegar þeir nálgast mjög önnur skip eða önnur skip þá, skulu þeir hafa hliðarljósin tiltæk og bregða þeim upp með stuttu millibili eða láta þau leiftra, til að sýna, hvert þeir stefni; græna ljósið má þó ekki sýna bakborðsmegin né rauða ljósið stjórnborðsmegin. 3. Segl-hafnsögubát af þeirri gerð, sem leggja verður að skipshlið til að koma hafnsögumanni upp á skipið, er heimilt að sýna hvítt ljós í stað þess að hafa það á siglutoppi, og enn fremur í stað hliðarljósa þeirra, er getið var áður, að hafa tiltækt ljósker með grænu gleri öðrum megin og rauðu gleri hinum megin, sem farið skal með eins og fyrr segir. — b) Vélhafnsögubátur, sem er í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggur ekki við akkeri, skal til viðbótar við ljós og blys, sem fyrirskipuð eru á segl-hafnsögubátum, hafa rautt ljós 2.4 metrum (8 fetum) fyrir neðan hvíta siglutoppsljósið, og skal það sjást á alla vegu 3 sjómílur álengdar að minnsta kosti, og enn fremur hliðarljós eins og skylt er að hafa á skipum, sem laus eru. Í staðinn fyrir blys má hafa skært, hvítt blossaljós, sem sést á alla vegu. — c) Allir hafnsögubátar, sem eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja við akkeri, skulu sýna ljós þau og blys, sem fyrirskipuð eru í stafliðunum a og b, nema hliðarljósin skulu þeir ekki sýna. Þeir skulu einnig hafa uppi akkerisljós, eins og fyrirskipað er í 11. gr. — d) Allir hafnsögubátar, sem ekki eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum, skulu, hvort sem þeir liggja við akkeri eða ekki, hafa sömu ljós og önnur skip af sama flokki og rúmlestatali. — **9. gr.** *Ljós- og dagbendingar á fiskiskipum.* a) Þegar fiskiskip eru ekki að veiðum, skulu þau sýna sömu ljós og bendingamyndir sem fyrirskipað er á öðrum skipum af sömu gerð og rúmlestatali. Á fiskveiðum skulu þau sýna aðeins þau ljós og bendingamyndir, sem fyrirskipað er í þessari grein, og skulu þessi ljós og bendingamyndir, nema öðruvísi sé ákveðið, sjást 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — b) Skip, sem veiða með toglínum (trolling [towing] lines), skulu aðeins sýna þau ljós, sem fyrirskipuð eru á vélskipi eða seglskipi, sem er laust, eftir því sem við á. — c) Skip, sem veiða með netum eða fiskilóðum, öðrum en toglínum, skulu, ef veiðarfærin liggja ekki meir en 153 metra (500 fet) í lárétta stefnu frá skipinu, hafa á þeim stað, sem það verður bezt séð, hvítt ljós sýnilegt á alla vegu; nálgist skipið annað skip eða annað skip það, skal til viðbótar sýna annað hvítt ljós, að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) fyrir neðan fyrra ljósið og að minnsta kosti 3.05 metra (10 fet) — á litlum, opnum bátum 1.83 metra (6 fet) — í lárétta stefnu frá því í þá átt, sem veiðarfærið er fest. — Á daginn skulu slík skip gefa starf sitt til kynna með því að hafa uppi körfu þar á skipinu, sem hún sést bezt, og liggi þau við akkeri með veiðarfæri sín úti, skulu þau, er önnur skip nálgast, sýna körfuna í þá stefnu frá akkerismerkinu, sem veiðarfærin eru. — d) Skip að veiðum með netum eða fiskilínum, öðrum en toglínum, skulu, ef veiðarfærin liggja meir en 153 metra (500 fet) í lárétta stefnu frá skipinu, hafa á þeim stað, sem þau sjást bezt, 3 hvít ljós með 0.91 metra (3 feta) millibili, er myndi lóðréttan þríhyrning og sjáist á alla vegu. Ef þessi skip eru á ferð, skulu þau hafa uppi lögboðin hliðarljós, en liggi þau kyrr, skulu þau ekki sýna þau. — Á daginn skulu þau hafa uppi körfu framan til á skipinu, svo nærri stefninu sem unnt er, og ekki minna en 3.05 metra (10 fet) upp frá öldustokk, og enn fremur svarta keilu með mjóa endann upp, og sé henni komið fyrir þar, sem hún sést bezt. Liggi þau við akkeri með veiðarfæri sín úti, skulu þau, ef önnur skip nálgast, sýna körfuna í þá stefnu frá akkeris-

merkinu, sem veiðarfærið er. — e) Skip að botnvörpuveiðum, þ. e. þau, sem draga hvers konar veiðarfæri eftir sjávarbotninum eða í námunda við hann og liggja ekki við akkeri, skulu: 1. Ef þau eru vélskip, hafa á sama stað og hvíta ljósið, sem greint er í 2. gr. staflið a. 1, þrílitt ljósker, þannig gert og fyrir komið, að það sýni hvítt ljós beint fram undan og tvö strik á bæði borð, og enn fremur grænt og rautt ljós frá 2 strikum frá beinni stefnu fram undan að 2 strikum fyrir aftan þverskipsstefnu, bæði á stjórnborða og bakborða; enn fremur skal að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) og í mesta lagi 3.65 metrum (12 fetum) fyrir neðan þrílita ljóskerið hafa hvítt ljós í þannig gerðu ljóskeri, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu allt í kring. Enn fremur skulu þau hafa skutljós eins og greint er í 10. gr. staflið a. 2. Ef þau eru seglskip, skulu þau hafa hvítt ljós í þannig löguðu ljóskeri, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu allt í kring; og ef þau nálgast önnur skip eða önnur skip nálgast þau, þá skulu þau enn fremur sýna, þar sem bezt sést, hvítan ljósblossa eða blys í tæka tíð til að afstýra árekstri. 3. Á daginn skulu öll ofangreind skip hafa uppi körfu, þar sem hún sést bezt. — f) Auk þeirra ljósa, sem boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, mega fiskiskip sýna blys eða ljósblossa, ef þörf krefur, til að vekja á sér athygli skipa, sem nálgast. Einnig mega þau nota vinnuljós. — g) Þegar fiskiskip liggja við akkeri með veiðarfæri úti, skulu þau sýna ljós þau eða bendingamyndir, sem greint er frá í 11. gr. stafliðunum a, b eða c; og ef önnur skip nálgast þau, skulu þau einnig sýna hvítt ljós að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) fyrir neðan fremra akkerisljósið og að minnsta kosti 3.05 metra (10 fet) í lárétta stefnu frá því í þá átt, sem veiðarfærið liggur. — h) Ef skip að veiðum festir veiðarfærið í kletti eða annarri fyrirstöðu, þá skal það að degi til draga niður körfuna, sem um getur í stafl. c, d eða e, og setja upp merki það (kúluna), sem greint er frá í 11. gr. stafl. c. Að nóttu til skal það sýna það eða þau ljós, sem greint er frá í 11. gr. stafl. a eða b, og í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða slæmu skyggni annarra hluta vegna skal það, hvort sem er á nóttu eða degi, beita hljóðbendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 15. gr. stafl. c. 5, og þær bendingar skal einnig nota, þegar annað skip nálgast mjög í góðu skyggni. — *Aths. Um þokumerki á fiskiskipum, sjá 15. gr. stafl. c. 9.* — **10. gr.** *Skutljós á skipum og sjóflugvélum.* a) Á skipi, sem er laust, skal hafa á afturstafni hvítt ljós, þannig lagað og svo fyrir komið, að það beri samfellda birtu yfir 12 strika boga af sjóndeildarhringnum, þ. e. beint aftur undan skipinu og 6 strik á hvort borð, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. Ljós þetta skal vera sem næst og unnt er í sömu hæð og hliðarljósin. — *Aths. Um skip, sem draga önnur skip eða eru dregin sjálf, sjá 3. gr. staflið b og 5. gr.* — b) Ef skipið er lítið og ekki er unnt að festa þetta ljós vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, þá skal hafa tendrað ljósker eða raflampa til taks og sýna svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, þegar annað skip dregur skipið uppi. — c) Sjóflugvél, sem er laus á floti, skal hafa á afturenda hvítt ljós, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 140 kompásgráðum, þannig fyrir komið, að það lýsi beint aftur og 70° á hvort borð flugvélarinnar, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — **11. gr.** *Ljósbendingar á skipum og sjóflugvélum, sem liggja við akkeri eða standa á grunni.* a) Þegar skip, sem ekki nær 45.75 metra (150 feta) lengd, liggur við akkeri, skal það hafa hvítt ljós framan til, þar sem það sést bezt, í þannig gerðu ljóskeri, að það varpi skærri, jafnri og samfelldri birtu allt í kring, 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — b) Þegar skip, sem er 45.75 metrar (150 fet) á lengd eða meira, liggur við akkeri, skal framan til á því vera eitt hvítt ljós, ekki neðar en 6.1 metra (20 fet) upp frá bolnum. Enn fremur skal á afturstafni þess eða í námunda við hann vera annað samskonar ljós, og skal það vera að minnsta kosti 4.57 metrum (15 fetum) neðar en fremra ljósið. Bæði þessi ljós skulu sjást á alla vegu, 3 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — c) Frá sólarupprás til sólarlags skulu öll skip, er liggja við akkeri, hafa uppi svarta kúlu, ekki minni en 61 centimetra (2 fet) að þvermáli, og skal hún höfð framan til á skipinu, þar sem hún sést bezt. — d) Skip, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, eða starfar að sjómælingum eða neðansjávarvinnu, skal, þegar það liggur við akkeri, hafa uppi þau ljós eða merki, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. staflið c, auk ljósa og merkja samkvæmt því, sem fyrirskipað er hér að framan í þessari grein. — e) Skip, sem stendur á grunni, skal hafa uppi það eða þau ljós, sem fyrirskipuð eru í staflið a eða b, og auk þess 2

1953 Nr. 47 7. júlí

rauð ljós eins og fyrirskipað er í 4. gr. staflið a. — Á daginn skulu þau hafa 3 svartar kúlur á þeim stað, sem hægast er að sjá þær; hver þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli að minnsta kosti og hver þráðbeint upp af annarri með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. — f) Þegar sjóflugvél, sem ekki nær 45.75 metrum (150 fetum) að lengd, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa hvítt ljós, þar sem það sést bezt; skal það sjást á alla vegu, 2 sjómílur álengdar að minnsta kosti. — g) Þegar sjóflugvél, sem er 45.75 metrar (150 fet) á lengd eða meira, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa, þar sem bezt sézt, hvítt ljós að framan og annað hvítt ljós að aftan, er bæði sjáist á alla vegu, 3 sjómílur álengdar að minnsta kosti; sé vænghaf hennar meira en 45.75 metrar (150 fet), skal hún auk þess hafa hvítt ljós á hvorum vængbroddi, er sjáist á alla vegu, eftir því sem unnt er, 1 sjómílu álengdar að minnsta kosti. — h) Sjóflugvél, sem stendur á grunni, skal hafa uppi akkerisljós eins og fyrirskipað er í stafliðum f og g, eftir því sem við á, og má hún auk þess hafa 2 rauð ljós, er sjáist á alla vegu, og hvort þráðbeint upp af öðru með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. — **12. gr.** *Blossa- eða hvellbendingar á skipi eða sjóflugvél, sem vill vekja athygli á sér.* Auk ljósa þeirra, sem fyrirskipað er að hafa samkvæmt reglum þessum, er öllum skipum og sjóflugvélum heimilt, ef þau þurfa að vekja á sér athygli, að sýna blys eða ljósblossa eða viðhafa hverja þá hvell- eða hljóðbendingu, sem ekki verður blandað saman við neitt af þeim merkjum, sem reglur þessar fyrirskipa. — **13. gr.** *Sérstakar bendingar á herskipum og skipalínum.* a) Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hvers konar sérstökum fyrirmælum, er stjórn einhverrar þjóðar setur um frekari notkun stöðvaljósa og merkjaljósa á herskipum, skipum í herskipafylgd eða sjóflugvélum á floti; og ekki er það því til fyrirstöðu, að sýndar verði einkennisbendingar, er útgerðarmenn hafa valið skipum sínum, löggiltar hafa verið af hlutaðeigandi stjórnarvöldum og eru skrásettar og auglýstar á hæfilegan hátt. — b) Þegar hlutaðeigandi stjórn hefur ákveðið, að herskip eða annað skip í herflota hennar eða sjóflugvél, af sérstakri gerð eða sem ætlað er sérstakt hlutverk, geti ekki að öllu leyti farið eftir ákvæðum reglna þessara um fjölda, staðsetningu, lögun eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, nema það trufli hernaðarstörf skipsins eða sjóflugvélarinnar, þá skal skip þetta eða sjóflugvél fara eftir ákvæðum annarra slíkra reglna um fjölda, staðsetningu, lögun eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, sem stjórnin ákveður, að nálgist fyrirmæli þessara reglna, að svo miklu leyti sem framast er unnt, með tilliti til þess skips eða þeirrar sjóflugvélar. — **14. gr.** *Dagbending á vélskipi, sem fer undir seglum.* Skip, sem gengur fyrir seglum og er jafnframt knúið áfram af einhvers konar vélarafli, skal á daginn hafa uppi svarta keilu með mjóa endann upp; grunnflötur keilunnar skal vera að minnsta kosti 61 centimetri (2 fet) að þvermáli, og skal henni komið fyrir framan til á skipinu, þar sem hún sést bezt. — **15. gr.** *Hljóðbendingar í þoku o. s. frv.* a) Á hverju vélskipi skal vera hljómsterk eimpípa, sem gefur frá sér hljóð með gufuafli eða einhverju, sem kemur í þess stað, og skal henni þannig fyrir komið, að hljóðið stöðvist ekki af neinni hindrun á skipinu. Enn fremur skal á hverju vélskipi vera hljómsterkt þokuhorn, sem kveður við, þegar í það er blásið með þar til gerðu tæki, og einnig hljómmikil klukka. — Á seglskipum, sem eru 20 rúmlestir eða meira, skulu vera sams konar þokuhorn og klukkur. — b) Allar bendingar, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, skulu gerðar á skipum, sem laus eru: 1. á vélskipum með eimpípunni; 2. á seglskipum með þokuhorninu; 3. á dregnum skipum með eimpípunni eða þokuhorninu. — c) Í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna skal, hvort sem er á nóttu eða degi, beita bendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, svo sem hér segir: 1. Vélskip, sem er á siglingu, skal með 2 mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við langt hljóð. 2. Vélskip, sem er laust, en hefur stöðvazt og heldur eigi áfram, skal með tveggja mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við 2 löng hljóð með hér um bil 1 sekúndu þögn á milli þeirra. 3. Seglskip, sem er laust, skal með 1 mínútnu millibili í mesta lagi gefa bendingu sem hér segir: — Þegar það hefur vindinn á stjórnborða, þvert eða framar, 1 hljóð. — Þegar það hefur vindinn á bakborða, þvert eða framar, 2 hljóð hvort á eftir öðru. — Þegar það hefur vindinn aftar en þvert, 3 hljóð hvert á eftir öðru. 4. Þegar skip liggur við akkeri, skal með 1 mínútu millibili í mesta lagi hringja klukkunni ótt og títt í hér um bil 5 sekúndur. — Á skipum, sem eru lengri en 106.75 metrar (350 fet),

skal hringja klukkunni frammi á skipinu, og auk þess skal aftur á skipinu, í mesta lagi á mínútu fresti, berja málmbumbu eða annað slíkt áhald í hér um bil 5 sekúndur, og skal hljóðið úr því vera þannig, að það verði ekki tekið fyrir klukkuhringingu. — Öll skip, sem liggja við akkeri, mega auk þess samkvæmt því, er segir í 12. gr., gefa frá sér 3 hljóð hvert á eftir öðru, þ. e. a. s. eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð, til að láta skip, sem nálgast, vita af sér og að hætta geti verið á árekstri. 5. Skip, sem dregur annað skip, skip, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, og skip, sem er laust, en getur ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi, sem nálgast, af því að það er ekki undir stjórn eða lætur ekki að stjórn á þann hátt, sem krafizt er í þessum reglum, skal í stað bendinga þeirra, sem fyrirskipaðar eru í 1., 2. og 3. lið, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 3 hljóð hvert á eftir öðru, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 2 stutt. 6. Skip, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru í eftirdragi, þá skal síðasta skipið í lestinni, ef það er mannað, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 4 hljóð, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 3 stutt. Þegar því verður við komið, skal gefa þessa bendingu strax á eftir bendingu dráttarskipsins. 7. Á skipi, sem stendur á grunni, skal gefa bendingar þær, sem fyrirskipaðar eru í 4. lið, og auk þess slá 3 sérstök og greinileg högg á klukkuna, strax á undan og eftir hverri hringingu. 8. Skip minni en 20 rúmlestir að stærð, róðrarbátar og sjóflugvélar á floti, eru eigi skyld að gefa ofangreindar bendingar, en gefi þau þær ekki, skulu þau gefa aðrar greinilegar hljóðbendingar með ekki meira en 1 mínútu millibili. 9. Þegar skip, sem er 20 rúmlestir að stærð eða meira, er á fiskveiðum, skal það gefa frá sér eitt hljóð með ekki meira en 1 mínútu millibili, og skal hverju hljóði vera samfara klukkuhringing. Í stað þessarar bendingar má það viðhafa aðra hljóðbendingu, það er að segja, gefa frá sér nokkur hljóð hvert á eftir öðru, há og dimm á víxl. — **16. gr.** *Í þoku o. s. frv. skal dregið úr ferð.* a) Öll skip og allar sjóflugvélar, sem eru á ferð á sjó eða vatni, skulu í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna minnka ferð og taka nákvæmt tillit til kringumstæðna allra og ástands. — b) Ef vélskip heyrir þokubendingu frá skipi, sem virðist vera fyrir framan þverskipsstefnu, en getur þó ekki með vissu ákveðið stað þess, þá skal það stöðva vél sína, að svo miklu leyti sem kringumstæðurnar leyfa, og sigla síðan með varkárni, þar til hætta á árekstri er liðin hjá.

1953 Nr. 47 7. júlí

Kafli C. — Reglur um stjórn og siglingu. — *Inngangur. — 1. Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að framkvæma allar athafnir hiklaust og í tæka tíð og taka um leið fullt tillit til þess, sem góð sjómennska krefst. — 2. Þegar kringumstæður leyfa, má komast að raun um, hvort hætt sé við árekstri, með því að miða með nákvæmni á kompásinn skip það, sem nálgast. Ef miðunin breytist ekki að mun, ber að álíta, að hætt sé við, að skipin rekist á.*[a] — *3. Sjómenn ættu jafnan að hafa það hugfast, að þegar sjóflugvélar eru að lenda eða hefja sig til flugs eða athafna sig við óhagstæð veðurskilyrði, getur þeim reynzt ókleift að breyta fyrirhuguðum gerðum á síðustu stundu.* — **17. gr.** *Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað.* Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað, þannig að óttast má, að þau rekist á, skulu þau víkja hvort fyrir öðru eftir þeim reglum, sem nú skal greina: a) Skip, sem siglir liðugan vind, skal víkja fyrir skipi, sem siglir beitivind. b) Skip, sem siglir beitivind með vindinn á bakborða, skal víkja fyrir skipi, sem siglir beitivind með vindinn á stjórnborða. c) Ef bæði skipin sigla liðugan vind með vindinn á gagnstæð borð, skal það skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu. d) Ef bæði skipin sigla liðugan vind með vindinn á sama borð, skal það skipið, sem áveðurs siglir, víkja fyrir hinu, sem í hlé siglir. e) Skip, sem siglir beggja skauta byr, skal víkja fyrir hinu skipinu. — **18. gr.** *Þegar tvö vélskip stefna hvort á annað.* a) Þegar tvö vélskip stefna beint eða því nær beint hvort á annað, svo að hætt er við, að þau rekist á, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort fram hjá öðru á bakborða. — Grein þessi á einungis við, þegar svo ber til, að skipin koma beint eða því nær beint hvort á móti öðru, en hún á ekki við tvö skip, sem hljóta að komast hvort fram hjá öðru, ef bæði halda óbreyttri stefnu. — Grein þessi á aðeins við, þegar skipin stefna beint eða því nær beint hvort á annað, eða með öðrum orðum: Á daginn, þegar siglutré beggja skipanna eru í beinni eða því nær beinni línu hvert fram af öðru, eða: Á nóttu, þegar skipin eru í þeirri afstöðu, að frá hvoru

a) II, 229.

þeirra um sig sjást bæði hliðarljós hins skipsins. — Greinin á því ekki við: Á daginn, þegar skip sér annað skip fyrir stafni og leiðir þeirra liggja á mis, eða: Á nóttu, þegar rauða ljósið á öðru skipinu blasir við rauða ljósinu á hinu, eða þegar græna ljósið á öðru skipinu blasir við græna ljósinu á hinu, eða þegar rautt ljós, en ekki samsvarandi grænt ljós sést fram undan, eða þegar grænt ljós, en ekki samsvarandi rautt ljós, sést fram undan, eða þegar bæði sést grænt og rautt ljós í einhverri annarri átt en beint fram undan. — b) Það, sem sagt er um skip í þessari grein og í 19.—29. gr. að báðum meðtöldum, á einnig við um sjóflugvélar á floti, að undanteknu því, er segir í staflið b í 20. gr., og því skal orðið „vélskip" einnig taka yfir sjóflugvélar. — **19. gr.** *Þegar leiðir tveggja vélskipa skerast.* Þegar tvö vélskip stefna svo, að leiðir þeirra liggja á mis, þannig að hætt er við árekstri, skal það skipið víkja, sem hefur hitt á stjórnborða.[a] — **20. gr.** *Þegar vélskip og seglskip nálgast hvort annað.* a) Þegar vélskip og seglskip stefna svo, að hætt er við árekstri, undir öðrum kringumstæðum en segir í 24. og 26. gr., þá skal vélskipið víkja fyrir seglskipinu. — b) Sjóflugvél á floti á að jafnaði að halda sig í fjarlægð frá öllum skipum og forðast að hindra siglingu þeirra. Verði samt sem áður hætt við árekstri, skal hún hlíta fyrirmælum þessara reglna. — **21. gr.** *Skipið, sem á að halda stefnu sinni, skal einnig halda ferð sinni.* Þegar annað skipið á að víkja samkvæmt þessum reglum, skal hitt halda stefnu sinni og ferð óbreyttri.[b] Þegar síðarnefnda skipið af einhverjum ástæðum er komið svo nærri, að árekstri verður ekki forðað með því einu, er skipið, sem víkja á, gerir til þess, þá skal hitt einnig grípa til hverra þeirra úrræða, sem bezt geta stuðlað til að forða árekstri (sjá 27. og 29. gr.). — **22. gr.** *Skip, sem víkur, skal forðast að fara fyrir framan hitt.* Sérhvert skip, sem samkvæmt reglum þessum á að víkja fyrir öðru skipi, skal forðast að fara yfir leið hins skipsins fyrir framan það, nema annað sé ekki fært.[b] — **23. gr.** *Vélskip, sem víkur, skal draga úr ferð o. s. frv.* Sérhvert vélskip, sem samkvæmt reglum þessum á að víkja fyrir öðru skipi, skal, þegar það nálgast það, minnka ferðina, nema staðar eða fara aftur á bak, ef nauðsyn krefur.[b] — **24. gr.** *Skip, sem siglir annað skip uppi, skal víkja.* a) Án tillits til þess, sem stendur í þessum reglum, skal sérhvert skip, er siglir uppi annað skip, víkja fyrir því, er það siglir uppi. — b) Sem skip, er siglir uppi annað skip, skal hvert það skip skoðað, sem nálgast annað skip úr einhverri átt, sem er meir en 2 strik fyrir aftan þverskipsstefnu þess, — með öðrum orðum: er í þeirri afstöðu frá skipinu, sem það siglir uppi, að það mundi um nótt hvorugt hliðarljós þess geta séð; og ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, verða til þess, að skipið, er siglir hitt uppi, teljist skip, sem stefnir svo gagnvart öðru skipi, að leiðir þeirra liggi á mis, eins og átt er við í reglum þessum, eða að það losni við þá skyldu að forðast skipið, er það siglir uppi, þar til það er komið framhjá. — c) Ef skip, sem siglir annað skip uppi, veit ekki með vissu, hvort það er fyrir framan eða aftan ofangreinda stefnu frá hinu skipinu, þá skal það líta svo á, að það sé að sigla skipið uppi, og víkja því úr leið. — **25. gr.** *Þegar vélskip siglir um mjótt sund.* a) Þegar vélskip siglir um mjótt sund, skal það, þegar það fer eftir sundinu, halda sig þeim megin í álnum eða miðsundinu, er að stjórnborða veit, sé það hættulaust og framkvæmanlegt. — b) Þegar vélskip siglir um mjótt sund og nálgast bugðu, þar sem svo hagar til, að ekki sæist til annars vélskips, er nálgaðist bugðuna úr hinni áttinni, þá skal fyrrnefnda skipið gefa langt hljóð með eimpípunni, þegar það á eftir hálfa sjómílu að bugðunni. Vélskip, er væri hinum megin við bugðuna og heyrði þessa hljóðbendingu, skal svara henni með sams konar hljóðbendingu. — Hvort sem heyrist til annars skips hinum megin við bugðuna eða ekki, skal farið fyrir slíka bugðu með varúð og árvekni. — **26. gr.** *Skip, sem ekki eru að veiðum, skulu víkja fyrir skipum, sem eru að veiðum.* Öll skip, sem ekki eru að fiskveiðum, skulu, þegar þau eru laus, víkja fyrir hvers konar skipum, sem eru að veiðum með netum, fiskilóðum eða botnvörpum. Þó skal þessi grein ekki veita neinu fiskiskipi rétt til þess að hindra skipaferðir á leiðum, sem önnur skip en fiskiskip nota. — **27. gr.** *Afbrigði, þegar hætta er á ferðum.* Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu, sem siglingum og árekstri skipa er samfara, svo og til allra sérstakra kringumstæðna — þar á meðal hæfni hlutaðeigandi farartækis — sem af getur

a) XXIV, 203, II, 673, 805. — b) XXIV, 203.

1953 Nr. 47 7. júlí

1953 Nr. 47 7. júlí

leitt, að ekki verði komizt hjá að víkja frá ofanskráðum reglum til að forðast bráða hættu.

Kafli D. — Ýmis ákvæði. — 28. gr. *Hljóðbendingar skipa, er sjá hvert annað.* a) Þegar skip sjá hvert annað, þá skal vélskip, sem er laust og tekur eitthvað fyrir, sem reglur þessar heimila eða fyrirskipa, tilkynna það með eimpípunni[a]) sem hér segir: 1 stutt hljóð, sem þýðir: Ég sný til stjórnborða. 2 stutt hljóð, sem þýða: Ég sný til bakborða. 3 stutt hljóð, sem þýða: Vél mín knýr aftur á bak. — b) Þegar vélskip á samkvæmt þessum reglum að halda stefnu sinni og ferð óbreyttri, en sér annað skip og efast um, að það skip geri fullnægjandi ráðstafanir til að forða árekstri, þá getur það látið slíka efasemd í ljós með því að blása hratt að minnsta kosti 5 stutt hljóð með eimpípunni. Slík hljóðbending losar þó ekki skip við þá skyldu, sem á því hvílir samkvæmt 27. og 29. gr. eða samkvæmt öðrum ákvæðum þessara reglna, né heldur við þá skyldu að tilkynna sérhverja hreyfingu, er það gerir samkvæmt þessum reglum, með hinum sérstöku hljóðmerkjum, sem fyrirskipuð eru í þessari grein. — c) Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hvers konar sérstökum fyrirmælum, er stjórn einhverrar þjóðar setur um frekari notkun hljóðbendinga milli herskipa eða skipa, sem sigla í herskipafylgd. — **29. gr.** *Ekkert skip má, hvernig sem á stendur, vanrækja að viðhafa tilhlýðilegar varúðarreglur.* Ekkert í þessum reglum skal leysa neitt skip, eigendur þess, skipstjóra eða skipshöfn undan ábyrgð á afleiðingunum, ef vanrækt hefur verið að hafa ljós, gefa bendingar eða halda dyggilega vörð, eða ef vanrækt hefur verið að gæta þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska krefst og sérstök atvik kunna að útheimta.[b]) — **30. gr.** *Fyrirvari um reglur fyrir siglingar á höfnum og vatnaleiðum.* Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði sérstökum reglum, er valdsmenn á hverjum stað setja um siglingar á höfnum inni, ám, stöðuvötnum eða öðrum vatnaleiðum, eða á afmörkuðum svæðum fyrir sjóflugvélar. — **31. gr.** *Neyðarbendingar.* Þegar skip eða sjóflugvélar á floti eru í háska stödd og æskja hjálpar frá öðrum skipum eða úr landi, skulu þau viðhafa eða sýna eftirfarandi bendingar, annaðhvort saman eða hverja fyrir sig: a) Byssuskot eða annað hvellmerki með hér um bil einnar mínútu millibili. b) Notkun hvers konar þokubendingatækis í sífellu. c) Eldflaugar eða sprengjur, sem varpa frá sér rauðum stjörnuljósum, og er þeim skotið einni í einu með stuttu millibili. d) Merkið . . . — — — . . . eftir Morsekerfi, sent með loftskeytatækjum eða öðrum merkjatækjum. e) Orðið „Mayday" (frb. Medi) sent með firðtali. f) Alþjóða-neyðarmerki sent með merkjaflöggunum N. C. g) Neyðarbending, sem er ferhyrndur fáni og kúla eða eitthvað, sem líkist kúlu fyrir ofan eða neðan fánann. h) Bál á skipinu (svo sem frá logandi tjörutunnu eða olíutunnu o. s. frv.). i) Eldflaugar-svifblys, er sýni rautt ljós. — Bannað er að nota nokkurt áðurgreindra merkja, nema í þeim tilgangi að tilkynna, að skip eða sjóflugvél sé í háska statt, og enn fremur er bannað að viðhafa nokkrar bendingar, sem hægt er að blanda saman við nokkurt af áðurgreindum merkjum. — *Aths. Ákveðið hefur verið firðritunarmerki fyrir skip í háska stödd, og er það ætlað til þess að ræsa sjálfvirk hlustunartæki á öðrum skipum og tryggja með því, að veitt verði athygli neyðarköllum eða tilkynningum. Merki þetta er 12 strik í röð, sem send eru á 1 mínútu; hvert strik stendur í 4 sekúndur, og bilið milli hverra tveggja strika er 1 sekúnda.* — **32. gr.** *Reglur um stýrisfyrirskipanir.* Allar skipanir til þess manns, sem stendur við stýrið, skulu gefnar sem hér segir: „Til hægri" eða „stjórnborða", sem þýðir: snúið stýrisblaðinu til stjórnborða. „Til vinstri" eða „bakborða", sem þýðir: snúið stýrisblaðinu til bakborða. — **33. gr.** *Hegningarákvæði.* Brot gegn framangreindum reglum varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við. Mál út af brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

a) XVIII, 267, XXI, 405, XXIV, 203. — b) II, 673, XXI, 405, XXIII, 415, XXIV, 203, 593.

1953 Nr. 47 7. júlí

Tilskipun um viðauka við tilskipun nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

1953 Nr. 69 23. sept.

1. gr. Með orðinu „herpinót" er í reglum þessum átt við síldarnót, sem kastað er frá tveimur bátum, sem hvor um sig hefur helming nótarinnar innanborðs. „Hringnót" er síldarnót, sem öll er höfð í einum báti og kastað frá honum eða sjálfu veiðiskipinu. — **2. gr.** Nótabátar, sem hreyfast fyrir einhvers konar vélarafli, skulu hlíta sömu reglum um stjórn og siglingu sem önnur vélskip. Að nóttu til skulu þeir hafa uppi lögboðin siglingaljós

1953 Nr. 69 23. sept.

samkvæmt a- og b-liðum 7. gr. tilskipunar nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, meðan þeir eru lausir við veiðiskipið og hafa ekki byrjað að kasta nótinni. Sé um herpinótabáta að ræða, skal ein slík ljósasamstæða vera fyrir báða. — Eftir að byrjað er að kasta nótinni, skal hvor báturinn um sig aðeins hafa ljós samkvæmt d-lið 7. gr. téðra reglna. Þetta ákvæði á einnig við um hringnótabáta. — **3. gr.** Skip eða bátur telst þá fyrst hafa byrjað að kasta nótinni, er hún rennur út viðstöðulaust. Það losar ekki skip eða bát frá skyldu til að víkja fyrir öðrum skipum eða bátum, þótt nokkur hluti nótarinnar sé dreginn á eftir skipinu eða bátnum í sjónum. — **4. gr.** Þegar mörg skip eru saman komin til síldveiða á takmörkuðu svæði, skal skipstjórnarmönnum skylt að gæta fyllstu varúðar og fylgja nákvæmlega ákvæðum tilskipunar nr. 47/1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. — Enginn skipstjórnarmaður má aðhafast neitt það, er truflað geti veiðar annarra skipa, svo sem að meina nótabátum að komast að síldartorfu, styggja síldartorfu að þarflausu eða kasta fyrir torfu, sem aðrir eru byrjaðir að kasta fyrir. — **5. gr.** Brot á tilskipun þessari varða sektum allt að kr. 45.000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

1933 Nr. 48 19. júní

Lög um leiðsögu skipa.

I. kafli. — Um leiðsöguumdæmi og leiðsögumenn. — **1. gr.** Skipa skal leiðsögumenn umhverfis land allt. Í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur, skal kveðið á um skipting og tölu leiðsöguumdæma, hvar leiðsögumenn skulu skipaðir og hve margir í stað. Þar skal og kveðið nánar á um starf þeirra, skyldur og réttindi.[1]) — Ef ekki er öðruvísi ákveðið, er skipstjóra frjálst, hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, en ráðherra er heimilt, þegar nauðsyn þykir, að fyrirskipa leiðsöguskyldu fyrir skip á ákveðnu svæði. — **2. gr.** Ráðherra skipar leiðsögumenn og víkur þeim frá. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra hafnsögumanna, sem skipaðir eru fyrir sérstakar hafnir samkvæmt sérstökum lögum, en um réttindi þeirra til leiðsögu um stærri svæði ákveður ráðherra. — **3. gr.** Löggiltur leiðsögumaður skal fylla þau skilyrði, sem hér segir: 1. Vera íslenzkur ríkisborgari, minnst 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, góða heilsu, sjón og heyrn. 2. Vera vanur sjómaður, reglusamur og gætinn og að jafnaði hafa tekið stýrimannspróf. 3. Vera kunnur stjórn stórra skipa, þekkja erlenda fána, allsherjar siglingareglur, allsherjarreglur um ljós- og hljóðbendingar skipa og neyðarmerki, notkun sjókorta og áttavita. 4. Vera nákunnugur siglingaleiðum, straumum, sjávarföllum, grynningum, skerjum, boðum, skipalegum, miðum, ljósum, duflum og öðrum siglingamerkjum, allt á leiðsögusvæði sínu. 5. Kunna nokkuð í útlendum málum, sérstaklega ensku og einu Norðurlandamáli. 6. Kunna að leggja skipi að bryggju og báti að skipshlið. 7. Vera nákunnugur öllum reglum fyrir leiðsögumenn og hafnarreglugerðum á svæði sínu. 8. Vera kunnur löggjöf um tolla og gjöld skipa og um sóttvarnarreglur þeirra. — **4. gr.** Ráðherra skipar leiðsögumenn eins marga og þurfa þykir. Eru þeir skipaðir um óákveðinn tíma, en 5. hvert ár skulu þeir leggja fram læknisvottorð um heilsu, sérstaklega sjón og heyrn. Nú er slíkt vottorð ekki talið fullnægjandi, eða aðrar ástæður valda, að leiðsögumaður er ekki talinn fullnægja kröfum þeim, sem til hans eru gerðar, og er þá ráðherra heimilt að afturkalla skipun hans. Þar sem hafnarnefnd er, fer skipun leiðsögumanna og afturköllun hennar fram að fengnum tillögum nefndarinnar, sbr. þó 2. gr. Á öðrum stöðum skulu fengnar tillögur hreppsnefndar og umsögn sýslumanns.

II. kafli. — Um réttindi og skyldur leiðsögumanna. — **5. gr.** Leiðsögumenn eru skyldir til að vera toll- og heilbrigðisstjórn hjálplegir í starfi þeirra eftir föngum. Þeir skulu og tafarlaust gera vitamálastjóra aðvart um allt, sem ábótavant eða skakkt er í vitum, leiðarmerkjum, svo og allar torfærur og tálmanir siglingum skipa. — **6. gr.** Leiðsögumenn hafa yfirleitt einir heimild til að vísa skipum leið fyrir borgun, hver á sínu svæði.[a]) Ráðherra setur gjaldskrá um störf þeirra og birtir hana í Stjórnartíðindum. Skulu leiðsögumenn ávallt hafa hana með sér, þegar þeir eru að leiðsögustarfi. Nú óskar skipstjóri að fá leiðsögumann út fyrir leiðsögusvæði hans, og ber honum þá að semja sérstaklega við leiðsögumanninn um þóknun fyrir þann hluta leiðsögunnar. Komi skipið í ferð sinni inn á svæði annars leiðsögumanns, ber skipstjóra að kalla til leiðsögumann svæðisins, nota aðstoð hans innan þess

1) Rgj. nr. 11, 12. jan. 1934.

a) XIII, 302, 300.

og greiða honum eftir gjaldskrá. — **7. gr.** Á hverjum leiðsögustað skulu venjulega vera a. m. k. 2 lögskipaðir leiðsögumenn, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera viðbúinn að veita skipi leiðsögu, ef á þarf að halda. Eldri eða elzti leiðsögumaðurinn að starfsaldri eða sá, sem ráðuneytið hefir tilnefnt, er talinn leiðsöguformaður á staðnum og ákveður í hvert skipti, hver skuli veita leiðsögu, sem beðið er um. Ef óskað er, má þó fela þessa yfirstjórn leiðsögu- og hafnsögumanna á ákveðnu svæði hafnarstjóra eða formanni hafnarnefndar. — **8. gr.** Nú gefur skipstjóri merki um, að hann óski að fá leiðsögumann, en enginn kemur, og skal þá öðrum manni, sem telur sig nægilega kunnugan starfinu, heimilt að bjóða að vísa skipi leið þangað til leiðsögumaður er kominn, en honum ber þegar í stað að benda skipstjóra á, að hann sé ekki lögskipaður leiðsögumaður, og skipstjóra ber að sýna leiðsögumerkið, þótt sá, er aðstoð sína bauð, sé kominn á skipsfjöl, og ber hinum kunnuga manni að láta af leiðsögu þegar leiðsögumaður er kominn á skip. Nú vanrækir hinn ólöggilti maður að gera skipstjóra aðvart um, að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður, og varðar það sektum samkvæmt 27. gr. Nú dregur skipstjóri niður leiðsögumerkið meðan hinn kunnugi maður er um borð, enda þótt hann viti, að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður, og varðar það sektum. Meðan hinn ólöggilti maður er á skipinu, skal bæði hann og skipstjóri hafa gát á, hvort hinn löggilti leiðsögumaður sé í nánd og taka hann á skipsfjöl eins fljótt og unnt er. Tekur hann þá þegar við leiðsögunni, en hið lögboðna leiðsögugjald skiptist milli beggja hlutfallslega eftir vegalengd. Skipstjóra er heimilt að notfæra sér þekkingu þeirra skipverja, sem eru kunnugir siglingum á sérstökum svæðum. — **9. gr.** Enginn leiðsögumaður má vísa skipum leið á öðru leiðsögusvæði en sínu eigin, nema ekki náist í leiðsögumenn þess. Leiðsögumanni er þó heimilt með leyfi skipstjóra að vera áfram í skipi, sem hann hefir veitt leiðsögu, og að veita því leiðsögu í bakaleið. Annars mega leiðsögumenn ekki taka að sér leiðsögu til baka, nema í samráði við leiðsögumenn svæðis síns, eða engir leiðsögumenn séu þar fáanlegir. — **10. gr.** Leiðsögumenn fá þóknun fyrir leiðsögustörf sín eftir gjaldskrá, er ráðherra semur. Leiðsögumenn skulu sjálfir sjá sér fyrir farartæki út í skip, en þar, sem hafnarsjóður er, skal leiðsögumaður hafa aðgang að farkosti hafnarinnar til þess, að svo miklu leyti, sem það er hægt vegna annarra starfa bátanna.

1933 Nr. 48 19. júní

III. kafli. — Um leiðsögu. — 11. gr. Leiðsögumenn skulu hafa gætur á skipum, sem nálgast, og veita því nákvæma athygli, hvort þau sýna hið alþjóðlega merki um, að þau óski leiðsögu. Skal leiðsögumaður fara út í skip það, er leiðsögu beiðist, eins fljótt og ástæður leyfa. Nú koma fleiri en eitt skip samtímis, og tekur þá hver leiðsögumaður sitt skip, en að jafnaði skal það skip tekið fyrst, sem næst er komið aðsetri leiðsögumanns. — **12. gr.** Skipstjóri, sem vill fá leiðsögumann, skal í tæka tíð sýna hið fyrirskipaða alþjóðaleiðsögumerki, en það skal taka burt þegar er leiðsögumaður er kominn á skipsfjöl. — Nú vill skipstjóri fá leiðsögumann, er hann leggur úr höfn, og skal hann þá beiðast þess í tæka tíð hjá leiðsögumanni eða leiðsöguformanni þar. — **13. gr.** Ráðherra lætur gera hæfilega mörg einkennismerki handa leiðsögumönnum, og skal afhenda hverjum leiðsögumanni eitt slíkt merki um leið og hann er skipaður í stöðuna. Leiðsögumaður skal, meðan hann er að starfi sínu, hafa þetta leiðsögumerki hjá sér, og skal hinn löggilti hafnsögufáni hafður uppi á bátnum, sem flytur leiðsögumanninn. Ennfremur skal starfandi leiðsögumaður hafa með sér reglur, sem settar eru um leiðsögu. — **14. gr.** Skipstjóri, sem gefið hefir leiðsögumerki, skal stýra skipi sínu þannig, að leiðsögumaður komist sem fljótast og hægast upp í það. — Nú kemst leiðsögumaður ekki í skip, og skal hann þá fara á undan á bát sínum og gefa með bendingum merki um, hvernig skipi skuli stýrt. — **15. gr.** Þegar leiðsögumaður er kominn í skip til þess að veita því leiðsögu, ber honum fyrst að leita sér upplýsinga um, hve djúpt skipið ristir og um brúttóstærð þess, og síðan um annað, sem nauðsynlegt er fyrir hann að vita. Jafnframt ber honum að leita upplýsinga um, hvort eldfim efni eða sprengiefni séu í skipi. Þegar nálgast höfn, ber honum að kynna skipstjóra þau ákvæði hafnarreglugerðar, sem gæta skal við innsiglingu á höfnina. Nú gefur skipstjóri rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, og ber hann þá sjálfur alla ábyrgð á þeim skaða, sem skipið kann að verða fyrir vegna þess. — **16. gr.** Á skipinu fær leiðsögumaður, auk lögákveðins eða umsamins gjalds, ókeypis fæði, og skal hann auk þess eiga kost á viðunandi

hvíldarstað til afnota, þegar tími og ástæður leyfa. Nú óskar leiðsögumaður að hafa mann með sér til aðstoðar á skipinu, og fær þá sá maður einnig ókeypis fæði og hvíldarstað, en ekkert kaup. — Að jafnaði skal skipstjóri, þegar leiðsögumaður óskar þess, hafa bát hans í eftirdragi og lána kaðla til þess. Nú stendur svo á, að það er ekki hættulaust fyrir skip eða bát að hafa leiðsögumannsbát í eftirdragi, og skal þá skipstjóra heimilt að neita að taka hann, en verður þá að bæta leiðsögumanni þann aukakostnað, sem hann verður fyrir vegna þess. — **17. gr.** Leiðsögumaður ber ábyrgð á leiðsögu sinni. Hann segir fyrir um stjórn skipsins og gætir þess, að allt sé framkvæmt, sem nauðsynlegt er, til þess að skipið komist leiðar sinnar óskemmt og án óþarfra tafa. — Leiðsögumaður hefur ekki vald til þess að gefa skipshöfninni fyrirskipanir, en ef sá, sem fyrirskipunarvaldið hefir, framkvæmir ekki hæfilega fljótt það, sem leiðsögumaður segir fyrir um stjórn skipsins, verður leiðsögumanni ekki gefin sök á því, sem af því hlýzt. — Skipstjóra er skylt að láta halda vörð meðan leiðsögumaður er í skipi. Sé þess ekki gætt, eða skipstjóri gerir ekki leiðsögumanni aðvart í tæka tíð, ef hætt er við árekstri, ber leiðsögumaður enga ábyrgð á skaða, sem kann að verða vegna árekstrar. — **18. gr.** Nú sér leiðsögumaður ekki vita, sjómerki eða önnur siglingamerki vegna myrkurs, dimmviðris eða annarra slíkra ástæðna, eða skipið lætur ekki vel að stjórn, svo að leiðsögumaður treystir sér ekki til að veita skipinu örugga leiðsögu af þessum eða öðrum ástæðum, sem hann ber eigi ábyrgð á, t. d. að hann telur sjávardýpið ekki nægilegt, og skal hann þá tilkynna skipstjóra það. Vilji skipstjóri þrátt fyrir það fá leiðsögu hans, skal leiðsögumaður í viðurvist minnst tveggja skipverja lýsa því yfir, að hann geti ekki með fullu öryggi veitt skipinu leiðsögu, og fer þá leiðsagan fram án ábyrgðar fyrir leiðsögumanninn, en framkvæma skal hann leiðsöguna svo vel og samvizkusamlega sem unnt er. — **19. gr.** Leiðsögumanni ber að leiðbeina skipi til þeirrar hafnar eða til þess staðar, sem skipstjóri óskar, og þangað sem honum er skylt að veita því leiðsögu, nema ástæður leyfi það ekki. Sé svo, ber leiðsögumanni að tjá skipstjóra það og veita honum allar upplýsingar um þær hafnir og legustaði, sem hann eftir atvikum getur leiðbeint skipinu til. — Leiðsögumaður má ekki fara af skipi fyrr en það er komið í höfn eða hefir lagzt fyrir traustum akkerum á þeim legustað, sem því er ætlaður, nema annar leiðsögumaður sé kominn á skipsfjöl og hafi tekið að sér leiðsöguna. Þegar leiðsögumaður leggur skipi, skal hann gæta þess, að það sé sem minnst til tálmunar umferð annarra skipa og báta. — Nú veitir leiðsögumaður skipi leiðsögu úr höfn, og má hann þá ekki án samþykkis skipstjóra fara af skipi fyrr en hann hefir leiðbeint því eins langt og honum er skylt, nema skipið neyðist til að snúa aftur til leiðsögustöðvar hans. Þá má hann fara af skipinu, ef skipstjóri þarf ekki þegar aftur á aðstoð hans að halda. — **20. gr.** Nú hlekkist skipi á meðan leiðsaga stendur yfir, og má þá leiðsögumaður ekki yfirgefa skipið, nema með leyfi skipstjóra. Leiðsögumaður skal án aukaþóknunar hjálpa skipstjóra að koma skipi á flot. — Nú hlekkist skipi á, þegar leiðsögumaður er ekki á skipsfjöl, en skipstjóri gefur leiðsögumerki, og skal þá leiðsögumaður koma út í skipið, en honum ber ekki skylda til að taka að sér leiðsögu, fyrr en skip er laust. Ef skipstjóri á annan hátt óskar eftir aðstoð leiðsögumanns meðan skipið er á grunni, má leiðsögumaður ekki neita henni, en um greiðslu fyrir hana ber honum að semja við skipstjóra. Nú kallar skipstjóri á leiðsögumann, en notar hann ekki, þótt hann komi, og ber honum þó að greiða honum hina ákveðnu þóknun. — **21. gr.** Leiðsögumanni ber að vara skipstjóra við að varpa út seglfestu, ösku eða öðru slíku á höfnum og stöðum, þar sem það getur orðið til tálmunar siglingaleiðum. Honum ber að benda skipstjóra á, hvar slíku má varpa út. Nú verða leiðsögumenn varir við, að skip varpar út seglfestu, ösku eða öðru slíku þar, sem það er ekki leyfilegt, og skal hann þá þegar tilkynna það lögreglustjóra. Skipstjóra ber að greiða allan kostnað við að nema burt aftur það, sem varpað hefir verið út í óleyfi, nema það hafi verið gert í neyð til þess að bjarga skipinu, en hafi svo staðið á, ber honum þegar að tilkynna það lögreglustjóra. — Skipstjóri, sem er innan landhelgislínu, skal skýra leiðsögumanni frá heimilisfangi skips, nafni þess, áætlunarstað og hvaðan það komi, ef óskað er.

IV. kafli. — Gjöld fyrir leiðsögu. — 22. gr.[1]) Gjöld fyrir leiðsögu fara eftir gjald-

1) Gjskr. nr. 12, 12. jan. 1934.

1933 Nr. 48 19. júní

skrá, er ráðherra setur, og skal miða hana við bráttóstærð skipa, hve djúpt þau rista, leiðsöguleiðina og örðugleika. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun og jafnan nota leiðsögumann, má setja lægra gjald. Fyrir landflutning og heimferð leiðsögumanns er gjaldið ákveðið án tillits til stærðar skipa. — Á tímabilinu 1. apríl til 30. september, að báðum dögum meðtöldum, skal farið eftir sumargjaldskrá. Nú fer leiðsaga skips fram á báðum þessum tímabilum, og skal þá fara eftir þeirri gjaldskrá, sem er í gildi þegar leiðsaga byrjar. — Vetrargjaldskrá skal vera ⅓ hærri en sumargjaldskrá. — Varðskip, herskip og skemmtiskip greiða sama leiðsögugjald og önnur skip. — Störf, er leiðsögumenn vinna og gjaldskrá nær ekki til, greiðast eftir samkomulagi milli leiðsögumanns og skipstjóra. — Nú hefir leiðsögumaður ekki komizt á skipsfjöl, heldur leiðbeint með bendingum frá bát eða merki frá landi, og greiðir þá skipstjóri eigi að síður fyrir leiðsögu samkvæmt gjaldskrá. — **23. gr.** Leiðsögumaður á ekki kröfu á þóknun fyrir starf sitt, ef skip skemmist vegna árekstrar eða kennir grunns meðan leiðsagan stendur yfir, og honum er um að kenna. — **24. gr.** Skipstjóra ber að undirrita leiðsögumiða að leiðsögu lokinni og greiða samtímis leiðsögugjöld, en leiðsögumaður gefur skipstjóra kvittun fyrir gjöldunum á samrit af miðanum. — **25. gr.** Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðin gjöld áður þeir skilja að lokinni leiðsögu, og ber skipstjóra þá að greiða þessi gjöld tvöföld áður en skip hans er afgreitt á næstu höfn. Fari skip beint til útlanda, gerir leiðsögumaður ráðuneytinu aðvart, en það gerir ráðstafanir til innheimtu gjaldanna hjá útgerð skipsins. — **26. gr.** Gjöld fyrir leiðsögu og annað, sem stendur í sambandi við hana, renna til leiðsögumanna, nema öðruvísi sé ákveðið.

V. kafli. — Um sektir o. fl. — 27. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.[a]) — Fara skal með brot gegn lögum þessum sem almenn lögreglumál.

1943 Nr. 47 14. apríl

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands.

1. gr. Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að íslenzk skip eða önnur skip, leigð eða gerð út af íslenzkum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, skuli sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir. — Nánari fyrirmæli um þetta efni skal setja í reglugerð. — **2. gr.** Þegar sérstaklega stendur á, má veita undanþágu frá ákvæðum 1. gr., eftir því og með þeim hætti, er mælt verður í reglugerð, enda sé fyrir því séð, að hægt verði að afgreiða beiðnir um undanþágu án tafar á hverri útflutningshöfn. — **3. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerðar varða sektum frá 1000—50000 króna, enda liggi ekki þyngri refsing við að öðrum lögum. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði. — **4. gr.** Mál vegna brota á ákvæðum laga þessara sæta meðferð opinberra mála.

1943 Nr. 47 14. apríl

1926 Nr. 42 15. júní

Lög um skipströnd og vogrek.[1])

I. kafli. — Um skipströnd. — 1. gr. Hver, sem þess verður var, að hafskip sé í hættu statt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá atburðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. Lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips og farms eða umboðsmönnum þeirra, ef vitað er, hverjir eru, frá því, hvernig komið er, með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo, jafnskjótt sem unnt er, tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá. — **2. gr.** Hreppstjóri, eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo fljótt sem unnt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað og rétt að fara með það eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sé á því, að það farist að miklu leyti eða öllu. Hreppstjóri eða lögreglustjóri tilnefni tvo valinkunna menn, er, að viðlögðum drengskap, meta þetta með honum. Afl atkvæði ræður úrslitum. — **3. gr.**

a) XIII, 302, 300.

1) Sbr. l. nr. 56, 30. nóv. 1914, X. kap.

1926 Nr. 42 15. júní

Hreppstjóri skal annast björgun og aðhlynning manna, varðveizlu skips og björgun góss og varðveizlu, þar til lögreglustjóri skipar fyrir um þau efni (sbr. þó 4. og 5. gr. og fyrstu málsgr. 7. gr.). En gæta skal hreppstjóri þess, að ekkert það verði gert, er tálma kunni síðar rannsókn nokkurra þeirra atriða, er strandið varða. — **4. gr.** Nú neitar skipstjóri eða annar viðstaddur fyrirsvarsmaður skips því skriflega, að góssi verði bjargað eða að ráðstafanir til björgunar verði gerðar, þar til lögreglustjóri kemur, og hlutast hreppstjóri þá ekki um björgun góss eða skips. — **5. gr.** Dómsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð með spurningum á íslenzku, dönsku, ensku, þýzku og frönsku um skip og skipstjóra, ferð þess, hvernig slysið vildi til, hvaða ráðstafana óskað sé af hálfu stjórnvalda um björgun og meðferð skipsmanna, og fá lögreglustjórum og hreppstjórum eyðublöð þessi. Skal hreppstjóri leggja eyðublað fyrir skipstjóra eða þann, sem í stað hans kemur, jafnskjótt sem því verður við komið, enda skal skipstjóri skrá svar sitt skýrt og greinilega við hverri spurningu. Nú verður brestur á þessu, og skal þá líta svo á, sem skipstjóri óski ekki aðstoðar íslenzkra stjórnvalda. — Þegar því verður við komið, skal héraðsdómari láta skipstjóra staðfesta áðurnefnda skýrslu sína fyrir dómi, svo og halda sjóferðapróf með þeim hætti, er í sjódómslögum segir,[1]) og eftir því, sem við á. Sjóferðapróf og staðfesting skýrslu þarf þó ekki að fara fram, ef fyrirsvarsmaður þess ríkis, sem skip er frá, telur þess ekki þörf, nema manntjón hafi orðið eða slys á mönnum. — **6. gr.** Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem kostur er á og eftir þörfum, skipa fyrir um björgun og meðferð skipbrotsmanna. Ef hann fer ekki sjálfur á vettvang, þá felur hann hreppstjóra eða öðrum umboðsmanni sínum framkvæmdir. — **7. gr.** Nú vill skipstjóri eða sá, er í hans stað kemur, eða umboðsmaður útgerðar eða vátryggjenda, annast sjálfur björgun á skipi eða góssi frá öndverðu, og er honum það þá rétt, en ekki er björgunarsamningur þó bindandi, nema samþykki lögreglustjóra eða viðkomandi ræðismanns komi til, enda sé sett, að áliti lögreglustjóra, full trygging af hálfu skips eða góss fyrir efndum samningsins. — Rétt er eiganda eða vátryggjanda strandaðs skips eða góss að taka í sínar hendur björgun og meðferð á skipi og góssi hve nær sem er, enda setji þeir fullnægjandi trygging fyrir greiðslu alls áfallins kostnaðar og þess kostnaðar, er síðar kann löglega á að falla, þar með kostnaður við heimsending strandmanna. Um björgunarsamninga fer samkvæmt 1. málsgr. — Hvarvetna þess er aðili tekur björgun skips eða góss í sínar hendur, eru íslenzk stjórnvöld við hana skilin. — **8. gr.** Nú er ekki svo ástatt, sem í 1. málsgr. 7. gr. segir, og má þá hreppstjóri eða lögreglustjóri ekki fresta björgun, þó að ósamið sé um bjarglaun. Kveður lögreglustjóri þá á um það, hversu þeim skuli greiða, er að björgun starfa. Bjarglaun skal annaðhvort miða við þann tíma, sem hver hefir unnið, enda komi þá til greina atvik öll, eða við verðmæti þess, sem bjargað er, enda séu þau þá að jafnaði þriðjungur verðs hins bjargaða, að frádregnum sölukostnaði. — **9. gr.** Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að allt, sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjölum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunni komið og að það verði gert haffært, þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unnt er, og skal þess jafnan gætt, að öll merki eða auðkenni á góssi skemmist sem minnst. — Rétt er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun. — **10. gr.** Skylt er öllum verkfærum alþýðumönnum sjálfum sér ráðandi að vinna að björgun og varðveizlu bjargaðra muna, er lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kveður þá til þess. Með sama hætti er manni skylt að lána heimamenn sína, bát sinn, hesta eða áhöld til björgunar eða flutnings bjargaðra muna á geymslustað. Ennfremur er mönnum skylt að lána hús sín til geymslu bjargaðra muna, ef þeir mega án þeirra vera og þau spillast ekki verulega fyrir slíka notkun. Ef bjargað góss verður ekki geymt á fulltryggan hátt, þá skal setja um það vörð. Endurgjald fyrir lán hesta, skipa og áhalda, svo og kaup varðmanna, ákveður lögreglustjóri. — Ef strandmunir hverfa eða fara forgörðum af mannavöldum, skal hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra fer, skýra honum tafarlaust frá því, enda skal lögreglustjóri rannsaka málið jafnskjótt sem unnt er. — **11. gr.** Ef skipbrotsmenn geta ekki sjálfir útvegað sér húsnæði,

1) Sbr. nú l. nr. 85, 23. júní 1936, XVI. kafla.

1926 Nr. 42 15. júní

mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal aðhjúkrun á sjúkum mönnum, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans hlutast til um það, að bætt verði úr nauðsyn þeirra við sanngjörnu endurgjaldi, sem lögreglustjóri ákveður. Með sama hætti skal sjá um greftrun dáinna skipverja, enda skal gera hana með fullri sparsemi, ef greiða skal af strandinu. — Skylt er að veita skipbrotsmönnum húsaskjól og aðhlynning eftir megni og að því leyti sem ekki fer í bága við sóttvarnarráðstafanir. — Lögreglustjóri skal sjá um það, að skipbrotsmönnum verði veittur nauðsynlegur fararbeini þegar þeir mega frá strandi hverfa. — Nú tekur umboðsmaður þess ríkis, er skip er frá, að sér málefni þau, er í grein þessari segir, og eru þá íslenzk stjórnvöld frá þeim tíma við þau skilin. — **12. gr.** Hreppstjóri heldur dagbók um strand hvert. Þar skal hann skrá nafn skips og heimilisfang og útgerð, hvar, hvernig og hvenær slys hafi að borið, hvenær (dag og klukkustund) hann hafi orðið þess var, hver eða hverjir þar hafi fyrst að komið, hver hafi fært honum fregn um atburði, hvenær hann sjálfur hafi á vettvang komið, og hvernig hafi þá verið þar umhorfs, hvar skip og góss var og hvernig það hafi þá verið farið, hvort skipstjóri og skipverjar hafi þar þá verið, hvernig þeir hafi bjargazt og hvernig ástatt sé um þá, hvort nokkur hafi farizt eða slasazt, hverjir hafi komið þeim til hjálpar, hvort hann hafi látið meta, hvort skip skyldi talið strandað, hverjir hafi gert það og hver niðurstaðan hafi orðið; hvaða ráðstafanir hann hafi gert til björgunar og aðhlynningar manna og til björgunar og varðveizlu góss, bæði áður en og eftir að hann fékk fyrirskipanir lögreglustjóra, hverju bjargað hafi verið, enda sé gerð svo nákvæm skrá um það sem unnt er. Þá skal í dagbók skrá, ef skipstjóri afsalar sér afskiptum hreppstjóra af björgun, hvort hann hafi gefið skýrslu samkvæmt 5. gr., svo og hvað annað, er strandið varðar og hreppstjóri skal annast. Eftirrit úr dagbók sendir hreppstjóri lögreglustjóra ásamt öðrum strandskjölum. — Lögreglustjóri löggildir stranddagbók hreppstjóra. Hana skal og gegnumdraga og tölusetja. Ríkissjóður kostar hana. — Hverju sinni er bókun er lokið, ritar hreppstjóri nafn sitt undir hana, ásamt skipstjóra eða þeim, er í stað hans kemur, ef hægt er að gera honum bókunina skiljanlega, og 2 öðrum valinkunnum mönnum, eftir að bókun hefur verið lesin upp fyrir þeim. Túlk skal hafa, ef hans er kostur og þörf. — Lögreglustjóri skráir í lögreglubók eða sérstaka strandbók það, er hann gerir og strand eða strandmenn varðar, að undantekinni skýrslu um stranduppboð. — **13. gr.** Þeim, sem björgun stýrir eða annazt gæzlu á strandgóssi, er rétt að vísa burt öllum þeim mönnum, sem engan þátt taka þar í og eru að öðru leyti óviðriðnir strandið. Svo skal og vísa brott þeim bjargendum eða flutningsmönnum strandgóss, er gera sig óhæfa til starfsins vegna óreglu, ótrúmennsku eða óspekta. Taka má þá fasta, er ekki fara fúslega. Lögreglustjóri sker úr ágreiningi út af framkvæmdum við björgun eða varðveizlu strandgóss, og skal hann síðar bóka úrskurði þá, er hann hefir kveðið upp munnlega. — **14. gr.** Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau eða drykkjarföng, sem skemmst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af héraðslækni, eða, ef ekki næst til hans, af tveimur mönnum, sem vit hafa á því. Skulu þeir segja til um það, hvort nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði, er þeir setja. Nú reynast vörur svo spilltar, að hætta er talin af notkun þeirra, og skal þá ónýta þær, og hafi lögreglustjóri eða hreppstjóri umsjón með því. — **15. gr.** Nú strandar skip, sem ekki hefir fengið heilbrigðisvottorð hér á landi, eftir að það síðast fór frá útlendri höfn, eða síðast hafði mök við skip á hafi úti, og skal þá, að svo miklu leyti sem frekast er unnt fara með skipið og skipshöfnina eftir fyrirmælum gildandi sóttvarnarlaga. — **16. gr.** Nú er tollvörum eða bannvörum bjargað, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að farið verði með þær lögum samkvæmt. — **17. gr.** Strandað skip eða það úr því, sem bjargazt hefir, svo og bjargað strandgóss, skal selja á opinberu uppboði, nema aðiljar samþykki annarskonar sölu. Þá skal selja, er hallkvæmast má telja, enda skal gæta þess, að draga ekki sölu á munum, er ekki þola geymslu eða falla mundu annars í verði fyrir geymslu, eða hún yrði svo dýr, að hún svaraði ekki kostnaði. — Lögreglustjóri skal, eða hreppstjóri í umboði hans, gera allar þær ráðstafanir, sem þörf er á vegna uppboðs. Uppboð skal birta þeim, er í grennd búa, og ef mikið er til sölu, þá einnig í nágrannasveitum. Lögreglustjóri

1926 Nr. 42 15. júní

kveður á um uppboðsskilmála. Þar skal meðal annars vera svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru eða flæðarmáli innan 2 ára frá skipstrandi talið, verði eign ríkissjóðs eða fjöru-eiganda samkvæmt 29. gr. laga þessara. Gjaldfrestur má ekki skemmri vera en 14 dagar, en innheimtumaður uppboðsandvirðisins ræður því, hverjum gjaldfrestur verður veittur. Rétt er að uppboðshaldari annist innheimtu, en eigi mega innheimtulaun fara fram úr 6 af hundraði, og hálfu minni skulu þau vera, ef greitt er við hamarshögg. — Lögreglustjóri leitar álits aðilja eða umboðsmanns hans um uppboð, ef þess er kostur án verulegs kostnaðar eða tafar, enda metur lögreglustjóri það. — **18. gr.** Jafnskjótt sem sölu strandgóss er lokið og kostnaður af strandi allur, þar á meðal kostnaður af flutningi skipbrotsmanna til burtfararhafnar héðan af landi, er fenginn, semur lögreglustjóri reikning um strandið. Sendir hann dómsmálaráðuneytinu reikninginn tvíritaðan ásamt fylgiskjölum, þar á meðal dagbókareftirriti hreppstjóra, eftirriti úr lögreglubók eða strandbók og uppboðsbók, skipsskjölum, sjóferðaprófi o. s. frv., til endurskoðunar og úrskurðar í öllum atriðum. Þegar dómsmálaráðuneytið hefir úrskurðað reikninginn, sendir það hann fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis, ef það hefir hér umboðsmann sinn, en ella til annarra réttra aðilja. — Uppboðsandvirði strandgóss, sem afgangs kann að verða kostnaði öllum af strandinu, sendir lögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu jafnskjótt sem honum hefir verið tilkynnt, að reikningur væri úrskurðaður og gjaldfrestur liðinn. Dómsmálaráðuneytið sendir féð síðan fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis eða öðrum aðiljum. — **19. gr.** Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans eða hreppstjóri skulu fá 10 krónur í fæðispeninga dag hvern, er þeir þurfa að vera að heiman vegna strands, og að auki ferðakostnað eftir reikningi. Þá daga, er hreppstjóri heldur uppboð á strandgóssi, fær hann lögmælt[1]) sölulaun í stað fæðispeninga. — Fyrir sjóferðapróf skal gjalda héraðsdómara 12 krónur. — **20. gr.** Skip og góss, annað en venjulegur farangur skipverja, er, þar til það er selt að tilhlutun lögreglustjóra, og síðan andvirði þess, að veði framar öllum öðrum höftum, er á því kynnu að hvíla, til tryggingar öllum þeim kostnaði, er af strandi leiðir og áfallinn er fyrir ráðstafanir stjórnvalda eða einstakra manna, er þeir hafa gert af nauðsyn áður en stjórnvöld komu til, svo sem björgunarlaunum, hýsingu, flutningi og heimsendingu skipverja, varðveizlu góss, ferðakostnaði og dagpeningum, gjöldum fyrir réttargerðir, eftirrit, sendiferðir, símskeyti o. s. frv. — Ef andvirði strandgóss hrekkur ekki fyrir öllum strandkostnaði, og fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis greiðir hann ekki þegar, þá má eftir ósk lögreglustjóra greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar, gegn endurgjaldi frá réttum aðiljum. — **21. gr.** Nú strandar íslenzkt skip hér við land, og taka þá ákvæðin hér að framan ekki til þess, nema fyrirmæli 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr. um björgun á mönnum og góssi og tilkynningar til hreppstjóra og lögreglustjóra og 14., 15. og 16. gr., svo og 20. gr., að því leyti sem ráðstafanir íslenzkra stjórnvalda vegna strandsins hafa haft kostnað í för með sér.

II. kafli. — Um vogrek. — 22. gr. Það er vogrek, er mannlaust skip rekur á land eða skipshluta eða aðra muni, sem svo eru merktir eða svo er annars farið um, að ætla má eignarrétti undirorpna.[a]) — **23. gr.** Ábúandi eða notandi lands skal vogrekum bjarga og veita þeim vörð. Ef enginn er ábúandi eða notandi, þá skal landeigandi bjarga vogrekum og geyma þeirra. Tilkynna skal hreppstjóra eða lögreglustjóra vogrek, enda skulu þeir hlutast til um björgun vogreks, ef þess gerist þörf, og varðveizlu. Ef lögreglustjóri hefir ekki sjálfur skoðað vogrek, þá ber hreppstjóra að láta honum í té, jafnskjótt sem verða má, glögga lýsing á því og áætlun um verðmæti þess. — **24. gr.** Nú sannar maður ótvírætt heimild sína til vogreks, áður en það er auglýst, og má þá selja honum það í hendur. Annars kostar skal vogrek auglýsa með þeim hætti, er hér skal sagt verða: — Ef ætla má eftir framkomnum upplýsingum, að vogrek nemi ekki yfir 200 kr., þá auglýsir lögreglustjóri það með þeim hætti, er hann telur bezt fallinn til þess að komast fyrir það, hver eigandi sé. Ef telja má vogrek meira virði, þá auglýsir lögreglustjóri það einu sinni í Lögbirtingablaði, enda sendir dómsmálaráðuneytið fyrirsvarsmönnum annarra ríkja hér á landi eintak af auglýsingunni. Í auglýsingu skal

1) L. nr. 85, 11. júní 1938, § 3.

a) XXIII, 92.

lýsa vogreki eftir föngum og skora á tilkallsmenn að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar og sanna lögreglustjóra heimildir sínar, því að annars kostar verði vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs eða fjörueiganda. Áður en liðnir eru 6 mánuðir má engum tilkallsmanni selja vogrek í hendur, nema hann setji fulla tryggingu fyrir því, að hann skili vogreki aftur eða andvirði þess, ef annar skyldi koma áður frestur sé liðinn með ríkari gögn fyrir tilkalli sínu. — **25. gr.** Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki áður lögmæltur frestur sé á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs, ef það eða andvirði þess nemur 500 kr. eða meira, að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, og ef um skip eða skipsflak er að ræða, að frádregnum áætluðum kostnaði við brottnám þess úr fjöru, en ella fjörueiganda. — Tilkallsmaður, er gefur sig fram áður en frestur er liðinn, getur borið kröfu sína undir dómstóla, ef lögreglustjóri vill ekki taka hana að öllu til greina. Ef fleiri en einn gera tilkall til vogreks, má engum þeirra selja í hendur fyrr en úr því er skorið með fullnaðardómi, hver skuli fá vogrek eða andvirði þess. — Nú ber maður upp kröfu sína eftir að lögmæltur frestur er liðinn, og á hann þess máls aldrei uppreist, nema hann sanni fyrir dómi, að ólöglega hafi með málið verið farið af hálfu stjórnvalda. — Mál samkvæmt 2. og 3. málsgr. skal höfða á hendur lögreglustjóra á varnarþingi hans, enda sé honum stefna birt áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því, er hann synjaði kröfu stefnanda. — Nú þykir tvímælis orka um verðmæti vogreks, og skulu þá tveir dómkvaddir menn meta það. — **26. gr.** Vogrek sjálft, meðan það er óselt, en andvirði þess, eftir að það hefir verið selt, er að veði til tryggingar öllum kostnaði af ráðstöfunum þeim, sem löglega eru gerðar til að bjarga því, varðveita það og auglýsa, og gengur veð það fyrir öllum höftum, er vera kynnu á vogreki, enda skal jafnan greiða allan þann kostnað áður en vogrek eða andvirði þess sé nokkrum til eignar fengið. — Lögreglustjóri úrskurðar þann kostnað, sem hér segir, en bera má úrskurð hans undir dómsmálaráðuneytið áður en 3 mánuðir séu liðnir frá dagsetningu úrskurðar lögreglustjóra. — **27. gr.** Nú er skip eða skipsflak, sem er vogrek, selt á opinberu uppboði, og skal þá setja í uppboðsskilmála slíkt ákvæði, sem í 17. gr. segir um brotthöfn skips af fjöru, og láta sama varða, ef af er brugðið.

III. kafli. — Almenn ákvæði. — 28. gr.[a] **Nú** liggur skip eða skipsflak, þar á meðal vogrek, sem eigandi hefir leitt sig að, óhirt í fjöru 2 ár eða lengur frá því að eigandi leiddi sig að því, ef svo hefir verið, og skal lögreglustjóri þá auglýsa, eftir beiðni þeirra, er eignast mundu skip eða skipsflak eftir 25. gr., ef það væri vogrek, í Lögbirtingablaði, að skip eða skipsflak verði fengið þeim í hendur til eignar samkvæmt þessari grein, nema skip eða skipsflak hafi verið tekið út áður en 9 mánuðir séu liðnir frá birtingu auglýsingar. Ef það hefir ekki verið gert innan þess tíma, þá verður skip eða skipsflak eign ríkissjóðs eða fjörueiganda með þeim hætti, sem í 25. gr. segir. — **29. gr.** Nú hefir skip eða skipsflak legið óselt á strandstað eitt ár, og getur lögreglustjóri þá látið selja það ásamt því, er því fylgir, á opinberu uppboði, ef óráðlegt þykir vegna hagsmuna almennings, að dómi dómsmálaráðherra, að láta það vera lengur óselt. Í uppboðsskilmálum skal kveða svo á, að skip eða skipsleifar, sem ekki verði flutt burt úr fjöru innan tveggja ára frá því, er strandið varð, skuli verða eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkv. 25. gr. Uppboð skal jafnan tilkynna þeim, er hafa sérstaklega hagsmuna að gæta, ef heimilisfang þeirra er kunnugt, en annars kostar fyrirsvarsmanni þess ríkis, er skip var frá. Uppboðsandvirði, að frádregnum kostnaði, skal svo greiða samkvæmt 2. málsgr. 18. gr. — Nú hefur aðili björgun eða tekur að vinna úr skipi áður en ár er liðið frá strandinu, og skal dómsmálaráðherra þá veita honum hæfilegan frest til að halda þeim athöfnum áfram, unz tvö ár eru liðin frá þeim atburði eða allt að 3 árum, ef björgun er sérstökum erfiðleikum bundin. Sömu fresti skal og veita umboðskaupanda, sbr. 17. og 27. gr. og fyrri málsgr. þessarar greinar, ef eins er ástatt. — **30. gr.** Atvinnumálaráðherra getur látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt þegar eftir strand eða skipbrot, ef óhjákvæmileg nauðsyn þykir vegna hættu eða tálma, er af því stafi. Ef skip eða skipsflak verður annars til tálma eða hættu, þá skal vitamálastjórnin auðkenna staðinn, og jafnframt setja þeim, er skip eða skipsflak á,

a) XXIV, 344.

1926 Nr. 42 15. júní

með auglýsingu í Lögbirtingablaði, hæfilegan frest til að hirða það. Að þeim fresti liðnum getur atvinnumálaráðherra látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt. Ekki á sá, sem rétt á yfir skipi eða skipsflaki, kröfu til bóta, þó að eign hans sé spillt fyrir þær ráðstafanir, sem í þessari grein segir. — Til tryggingar kostnaði af ráðstöfunum samkvæmt þessari grein er skip eða skipsflak, svo og farmur, ef hætta stafar af honum eða verulegt óhagræði, og andvirði, ef sala hefir farið fram, að veði framar öllum öðrum höftum, er á þeim kynnu að hvíla. Má selja það, er bjargast kann, á opinberu uppboði til greiðslu kostnaðar, en það, er afgangs kynni að verða, skal greiða réttum aðiljum samkvæmt 18. gr. 2. málsgr. — **31. gr.** Fyrirmæli laga þessara hagga ekki reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna. — **32. gr.** Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hér segir: 1. Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr., eða hafa í frammi einræði eða mótþróa við björgun eða tefja hana viljandi, þá varðar það 10—1000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — 2. Ef lögreglustjóri, sérstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum. — **33. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum gegn ákvæðum laga þessara skal farið sem með almenn lögreglumál, nema sakamálameðferð skuli beitt. — **34. gr.** Lög þessi skal þýða á dönsku, ensku, þýzku og frönsku og sérprenta, enda skal fá lögreglustjórum nægan forða af sérprentunum og þýðingum til afnota handa hreppstjórum og öðrum, sem á þeim þurfa að halda.

1933 Nr. 43 19. júní

Lög um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

I. kafli. — Um stjórn vitamála. — 1. gr. Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu. — **2. gr.** Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórni framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum. — **3. gr.** Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23 11. júlí 1911, lög nr. 43 14. júní 1929 og lög nr. 16 14. júní 1929. — Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því. — Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi. — **4. gr.** Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum.[1]) Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans. — **5. gr.** Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum. — **6. gr.** Ráðherra skipar vitaverði að fengnum tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum. — **7. gr.** Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík, [forseta Fiskifélags Íslands og forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands][2]), tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. kafli. — Um byggingu vita- og sjómerkja. — 8. gr. [Verja skal árlega álíka miklu fé til vitamála og vitagjald hefir numið næsta ár á undan, meðan stendur á því að koma upp vitum þeim, sem um ræðir í 9. gr. — Útgjöld til vitamála eru þau, sem hér segir: — 1. Kostnaður við stjórn vitamála og rekstrarkostnaður vita og sjómerkja. — 2. Viðhaldskostnaður vita og sjómerkja og kostnaður við nauðsynlegar endurbætur á þeim. — 3. Kostnaður við að reisa nýja vita og koma upp nýjum sjómerkjum. — Nú verður vitagjaldinu eitthvert ár ekki öllu varið til þeirra þarfa, sem það er ætlað til samkvæmt þessari grein, og skal þá ónotaður afgangur gjaldsins lagður í sérstakan sjóð, sem notaður verði síðar til þess að reisa nýja vita, samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum vitamálastjóra.][3]) — **9. gr.** Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér

1933 Nr. 43 19. júní

1) L. nr. 60, 12. marz 1945, § 19. — 2) L. nr. 63, 7. maí 1940, § 1. — 3) Sbr. sömu l., § 2.

1933 Nr. 43 19. júní

á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði ..... ljósviti
– Borgareyjum ..... —
– Rauðanesi ..... —
– Hjörtsey á Mýrum ..... —
– Búðarhrauni ..... —
[Á Arnarstapa ..... —][1])
[Við Grundarfjörð ..... —][2])
Á Stórfiskaskeri við Hagabót ..... —
– Bjargtöngum ..... stækkun ljósvita
– — ..... radioviti
– Vatneyri við Patreksfjörð ..... ljósviti
– Álftamýri við Arnarfjörð ..... —
– Þingeyri við Dýrafjörð ..... —
– Fjallaskaga við Dýrafjörð ..... —
– Flateyri við Önundarfjörð ..... —
– Gelti í Önundarfirði[4]) ..... radioviti
– — ..... hljóðviti
– Óshólum í Bolungavík ..... ljósviti
– Æðey ..... —
– Sléttaeyri í Jökulfjörðum ..... —
– Aðalvík ..... —
– Hornbjargi ..... radioviti
— — ..... hljóðviti
– Munaðarnesi ..... ljósviti
– Krossanesi ..... —
– Kaldrananesi ..... —
– Kjörseyri við Hrútafjörð ..... —
– Ánastaðabökkum ..... —
– Skagagrönd ..... —
– Kálfshamarsnesi ..... stækkun ljósvita
– Skagatá ..... stækkun —
– Reykjadisk á Skagafirði ..... ljósviti
– Hegranesi ..... —
– Straumnesi eða Málmey ..... —
– Sauðanesi við Siglufjörð ..... —
– — — — ..... hljóðviti
– Siglunesi ..... radioviti
– Grímsey ..... ljósviti
– Húsavíkurhöfða ..... —
– Snartastöðum ..... —
– Hjálmarsnesi við Þistilfjörð .... —
– Svínalækjartanga ..... —
– Langanesi ..... stækkun ljósvita
– — ..... radioviti
– — ..... hljóðviti
– Digranesi ..... ljósviti
– Kolbeinstanga í Vopnafirði .... —
– Glettingsnesi ..... hljóðviti
[Á Brimnesi við Seyðisfjörð .... ljósviti][3])

1) L. nr. 63, 7. maí 1940, § 3. — 2) L. nr. 31, 13. júní 1937. — 3) L. nr. 31, 13. júní 1937, § 1. — 4) Á að vera Súgandafirði.

Á Hellisnesi við Norðfjörð ..... ljósviti
– Grímutanga við Reyðarfjörð .... —
– Selnesi ..... —
– Seley ..... —
– — ..... radioviti
– — ..... hljóðviti
[Á Hafnarnesi .... ljósviti, endurbygging][1])
– Hvalsnesi ..... ljósviti
– Stokknesi ..... radioviti
– Hestgerði ..... ljósviti
– Ingólfshöfða ..... stækkun ljósvita
– Stórhöfða ..... stækkun —
– Faxaskeri ..... ljósviti
– Loftsstaðahól ..... —
– Hafnarnesi við Þorlákshöfn .... —
– Reykjanesi ..... radioviti
– — ..... hljóðviti
– Gróttu ..... radioviti
– — ..... hljóðviti

1933 Nr. 43 19. júní

— **10. gr.** Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr., skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum vitamálastjóra. — Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til. — **11. gr.** Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

Lög um vita, sjómerki o. fl.

1911 Nr. 23 11. júní

1. gr. Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi. — Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst skaðlegt. — **2. gr.** Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu sé ávallt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem sett voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað. — **3. gr.** Leiðbeiningar-

1) L. nr. 31, 13. júní 1937, § 1.

1911 Nr. 23 11. júní

merkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins, og verður því umráðamaður sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minnsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á. — Nú vilja umráðamenn leggja niður merki, sem eigi ber skylda til að halda við áfram, og skal það þá tilkynnt stjórnarráðinu með tveggja mánaða fyrirvara að minnsta kosti. Sé merki þannig burtu numið, skal það gert svo rækilega, að á því verði ekki villzt á eftir. — **4. gr.** Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynningu um bilunina með símskeyti eða hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynningu um það. — **5. gr.** Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi. — **6. gr.** Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því, sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkazt hefir hingað til. — **7. gr.** [Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag. — Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið. Skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burtu eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unnt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna. — Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, og lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs. — Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unnt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið. — Kostnað þann, sem leiðir af því að nema burt farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eigandа þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum[1]) og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærri upphæð en 500 kr. Verði nettókostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að ⅔ hlutum úr ríkissjóði og ⅓ hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en ¼ hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi. — Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.][2]) — **8. gr.** Nákvæmari ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja og um ráðstafanir til að afstýra hættum og farartálmum á höfnum og skipaleiðum umhverfis landið skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið semur.[3]) — **9. gr.** Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust. — **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

1911 Nr. 23 11. júní

Lög um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. **1899** Nr. 20 22. sept.

1. gr. Hverjum manni er skylt að láta af hendi, gegn hæfilegu endurgjaldi, lóð eftir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til ræktunar handa vitagæzlumönnum, til vega í þarfir vita o. fl., og ennfremur lóð þá, er þarf til að stækka áður gerða vita. — Ennfremur má skylda hvern mann til að leyfa, að efni þau, er þarf til að byggja eða halda við vitum, svo sem grjót, möl, sandur, leir o. s. frv., sé tekin úr lóð hans eða flutt um hana, gegn endurgjaldi bæði

1) L. nr. 42, 15. júní 1926, § 30. — 2) L. nr. 43, 14. júní 1929. — 3) Rgj. nr. 118, 23. sept. 1912.

1899 Nr. 20 22. sept.

fyrir það, sem efni þessi kosta og fyrir það, sem hann að öðru leyti kann að skaðast á burtnáminu og vinnunni við það. — **2. gr.** Landshöfðingi[1]) ákveður í hvert sinn, að hvað miklu leyti beri að afhenda lóð og leyfa bráðabirgðaafnot af lóð annars manns samkvæmt 1. gr. Hann getur og ákveðið, að kvaðir skuli lagðar gegn endurgjaldi á landið umhverfis vita, að því er snertir húsabyggingar þar, hagagöngu fyrir skepnur vitagæzlumanna og því um líkt, ef kvaðir þær þykja nauðsynlegar vegna vitanna eða þess, er þeim til heyrir. — **3. gr.** Ef eigi verður komið við samningum um endurgjaldið samkvæmt undanfarandi greinum, skulu það ávallt meta óhlutdrægir, dómkvaddir menn.

1929 Nr. 16 14. júní

Lög um lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

1. gr. Hreppsnefndir í hreppum, er að sjó liggja, skulu safna greinilegum skýrslum um öll lendingar- og leiðarmerki fyrir verstöðvar innan hreppsins og fyrir þá staði, sem opnir bátar leita lendingar á, þegar brim eða veður gerir þeim ókleift að lenda í verstöð sinni. — Verstöðvar, sem áður hefir verið stundað útræði frá, en nú eru niður lagðar eða útgerð ekki stunduð frá lengur, skulu taldar með í skýrslum þessum, að svo miklu leyti sem lendingar eru þar nothæfar sem neyðarlendingar. — **2. gr.** Skýrslur þessar skulu sendar vitamálastjóra svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að lög þessi öðlast gildi. Lendingar- og leiðarmerkjum má ekki breyta frá því, sem auglýst hefir verið, nema með samþykki vitamálastjóra. — **3. gr.** Vitamálastjóri semur greinilega skrá yfir öll lendingar- og leiðarmerki eftir skýrslum þeim, sem honum berast. Skrá þessi skal prentuð í sambandi við „Skrá yfir vita og sjómerki á Íslandi" eða gefin út sérstök eins oft og ástæða er til, en viðbætir árlega, ef einhver breyting verður á árinu. — **4. gr.** Sé um verstöð að ræða, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsáturs- eða viðlegugjöld af bátum þeim, er þaðan stunda róðra, ber þeim, er uppsátursgjöldin taka, að annast uppsetningu og allt viðhald lendingar- og leiðarmerkja. Sé ekki tekið uppsáturs- eða viðlegugjald, kostar hreppssjóður uppsetningu og viðhald nauðsynlegra merkja. — **5. gr.** Nú er verstöð lögð niður eða hætt að stunda útræði þaðan, og ber þá hreppssjóði að annast allt viðhald merkjanna, að svo miklu leyti, sem lendingarnar eru nothæfar sem neyðarlendingar. Sama gildir um verstöðvar eða lendingar, sem áður eru lagðar niður og þar sem merkin eru týnd eða hafa hrunið, þar ber hreppsnefnd í samráði við vitamálastjóra að sjá um uppsetningu nýrra merkja á kostnað hreppssjóðs, að svo miklu leyti sem ástæða er til, að áliti vitamálastjóra. — **6. gr.** Nú er eitthvað af leiðarmerkjunum hús eða húsgafl eða því um líkt, og er þá bannað að rífa það, breyta eða færa úr stað nema því aðeins, að annað greinilegt merki sé sett í staðinn í samráði við vitamálastjóra. — **7. gr.** Bannað er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að sýna lendinguna eða innsiglinguna, og hæfilega langt til beggja handa, og getur hreppsnefnd látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu. — Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til eigenda eða umráðamanna verstöðva, sem annast viðhald merkjanna samkv. 4. gr., enda setji þeir upp önnur merki ekki ógreinilegri en þau, er fyrir voru, í samráði við vitamálastjóra. — **8. gr.** Vitamálastjóri hefir eftirlit með, að merkjum þeim, sem hér um getur, sé rétt lýst og þeim sé haldið við. Nú vanrækir sá, er viðhaldsskylduna hefir, að halda merki í viðunandi standi, og er þá vitamálastjóra heimilt að láta, að undangenginni aðvörun með hæfilegum fresti, framkvæma það á kostnað hans. Slíkan kostnað má taka lögtaki. — **9. gr.** Þegar breyting á lendingar- og leiðarmerki hefir verið gerð, auglýsir vitamálastjóri hana á viðeigandi hátt, og tilkynnir hana sérstaklega oddvitum þeirra hreppa, sem næstir eru þeirri verstöð eða lendingarstað, er breytingin er gerð á, ef búast má við, að bátar úr þeim hreppum kynnu að þurfa að leita þangað neyðarlendingar, og skal hver sá oddviti, er slíka tilkynningu fær, tafarlaust láta birta hana á þeim stað í hreppnum, þar sem almennt er venja að birta tilkynningar eða fundarboð, er almenning varða. — **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða 100—500 króna sektum. — **11. gr.** Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

1929 Nr. 16 14. júní

1) Sbr. nú augl. nr. 58, 11. sept. 1953.

1940
Nr. 123
17. ágúst

Lög um bann gegn jarðraski.

1. gr. Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annarra mannvirkja. — Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hætta af því jarðraski að dómi Búnaðarfélags Íslands og vitamálastjóra. — **2. gr.** Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkvæmt 1. málsgr. 1. gr., að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður. — Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft. — **3. gr.** Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málsgr. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

1932
Nr. 22
23. júní

Lög um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

1. gr. Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum innan lögsagnarumdæmisins, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfélaginu forkaupsrétt (forleigurétt) á. — Kauptún, sem er sérstakt hreppsfélag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrétt (forleigurétt) kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan hreppsins, svo og öðrum fasteignum innan hreppsins, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfélagi forkaupsrétt (forleigurétt) á. — **2. gr.** Samþykktir samkvæmt 1. gr. skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sér forkaupsrétt (forleigurétt) á. Samþykkt öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðherra hefir staðfest hana, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal hún þinglesin á varnarþingi fasteignar. — **3. gr.** Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt) á eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda séu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfiðari. — Innan tveggja vikna frá því, er forkaupsréttur (forleiguréttur) var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrétt (forleigurétt) eða eigi. — Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sér forkaupsrétti (forleiguréttinum), gildir eigi lengur en eitt ár. Nú svarar bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi boði um að neyta forkaupsréttar (forleiguréttar) innan ákveðins tíma, og skal þá líta svo á, sem hún hafi hafnað boðinu. — **4. gr.** Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða bæjarstjórn eða hreppsnefnd forkaupsrétt (forleigurétt), og getur þá aðili, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

1932
Nr. 22
23. júní

1943
Nr. 93
16. des.

Lög um hafnarbótasjóð.

1. gr. Stofna skal sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða. — **2. gr.** Ríkissjóður leggur fram til hafnarbótasjóðs af tekjum ársins 1943 3 millj. kr. og 300 þús. kr. á ári eftir 1943. — **3. gr.** Hafnarbótasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. — **4. gr.** [Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti: 1. Styrk til hafnargerða og lending-

1943 Nr. 93 16. des.

arbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum. 2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskorts. Lán þessi má þó því aðeins veita, að ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. laga nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, komi til. — Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála. 3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar. — Styrkir og framlög, sem greidd eru úr hafnarbótasjóði samkv. 1. og 3. lið, skulu endurgreidd sjóðnum úr ríkissjóði á næstu þremur árum. — Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.][1]) — [**5. gr.** Sjóðurinn skal vera í umsjá fjármálaráðherra og ávaxtast í Landsbanka Íslands, enda sé fé hans jafnan handbært, sbr. þó 1. gr.][2])

1946 Nr. 29 23. apríl

Lög um hafnargerðir og lendingarbætur.

1. gr. Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum. — Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til. — Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum. — **2. gr.** A. Ríkissjóður greiðir ⅔ af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á ⅔ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.: 1. Akranes. 2. Akureyri. 3. Bíldudalur. 4. Bolungavík. 5. Búðareyri í Reyðarfirði. 6. Búðir í Fáskrúðsfirði. 7. Dalvík. 8. Djúpavík í Reykjarfirði. 9. Eskifjörður. 10. Flateyri í Önundarfirði. 11. Grafarnes í Grundarfirði. 12. Hafnarfjörður. 13. Hofsós. 14. Hrísey. 15. Hólmavík. 16. Húsavík. 17. Höfn í Hornafirði. 18. Ingólfsfjörður. 19. Ísafjörður. 20. Keflavík. 21. Neskaupstaður. 22. Ólafsfjörður. 23. Ólafsvík. 24. Patreksfjörður. 25. Raufarhöfn. 26. Reykjavík. 27. Sauðárkrókur. 28. Seyðisfjörður. 29. Siglufjörður. 30. Skagaströnd. 31. Stykkishólmur. 32. Suðureyri, Súgandafirði. 33. Vestmannaeyjar. 34. Þingeyri, Dýrafirði. 35. Þórshöfn. — B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.: 1. Alviðruvör. 2. Arnarstapi. 3. Árskógssandur. 4. Bakki í Arnarfirði. 5. Beruvík. 6. Blönduós. [Borðeyri.][1]) 7. Borgarfjörður eystra. 8. Borgarnes. 9. Breiðdalsvík. 10. Brekka í Mjóafirði. 11. Búðardalur. 12. Bæir á Snæfjallaströnd. 13. Djúpivogur. 14. Drangar á Skógarströnd. 15. Drangsnes. 16. Eyrarbakki. 17. Flatey á Breiðafirði. 18. Flatey á Skjálfanda. 19. Fjörður í Múlahreppi. 20. Frambúðir á Snæfellsnesi. 21. Gerðar í Garði. 22. Gjögur í Reykjarfirði. 23. Grenivík. 24. Grímsey. 25. Grunnavík. 26. Hafnarnes. 27. Hafnir. 28. Haganesvík. 29. Hagi á Barðaströnd. 30. Hauganes. 31. Haukadalur í Dýrafirði. 32. Hellissandur. 33. Hellnar á Snæfellsnesi. [Hjarðardalsbót í Önundarfirði.][2]) 34. Hnífsdalur. [Hindisvík á Vatnsnesi. Hnúksnes í Dalasýslu.][3]) 35. Hvalneskrókur við Eystrahorn. 36. Hvalsker í Patreksfirði. 37. Hvammstangi. 38. Höfn í Bakkafirði. 39. Járngerðarstaðir. 40. Kaldrananes í Bjarnarfirði. 41. Kollafjörður í Gufudalssveit. 42. Kópasker. [Kópavogur.][4]) 43. Króksfjarðarnes. 44. Látrar í Aðalvík. 45. Látravík í Rauðasandshreppi. [Leirhöfn á Melrakkasléttu.][5]) 46. Loftsstaðasandur í Árnessýslu. 47. Norður-

1) L. nr. 93, 15. des. 1952, § 1. — 2) nr. 25, 12. febr. 1945, § 2. — Tilvísun til 1. gr. á nánast við 4. gr. laganna, eins og hún er orðuð nú.

1) L. nr. 64, 31. maí 1947, § 1. — 2) L. nr. 52, 25. maí 1950, § 1. — 3) L. nr. 41, 5. apríl 1948, § 1. — 4) L. nr. 95, 17. des. 1952, § 1. — 5) L. nr. 32, 22. apr. 1947, § 1.

fjörður. [Óspakseyri.][1]) 48. Reykjanes við Ísafjarðardjúp. 49. Salthólmavík. 50. Sandgerði. 51. Selárdalur. 52. Selvík í Skefilsstaðahreppi. 53. Selvogur. 54. Skálar á Langanesi. 55. Skarðsstöð. 56. Skipavík. 57. Staðarfell. 58. Stokkseyri. 59. Stöðvarfjörður. 60. Súðavík í Álftafirði. [Svalbarðseyri.][2]) 61. Sæból í Aðalvík. 62. Tálknafjörður innan Sveinseyrar. 63. Vattarnes eystra. 64. Vogar. 65. Vopnafjörður. 66. Þorkötlustaðir í Grindavík. 67. Þorlákshöfn. 68. Örlygshöfn í Patreksfirði. — Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því. — **3. gr.** Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir. — **4. gr.** Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði. — **5. gr.** Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum. — Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til. — Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur. — Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt. — **6. gr.**[a]) Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið. — **7. gr.**[b]) Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins. — **8. gr.** Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægja ekki til að koma þeim í framkvæmd. — **9. gr.** Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Enn fremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli. — Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum. — Enn

1) L. nr. 64, 31. maí 1947, § 1. — 2) L. nr. 25, 20. apríl 1949, § 1.

a) XXIV, 611. — b) XXIV, 612.

1946 Nr. 29 23. apríl

1946 Nr. 29 23. apríl

fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgjald skuli greiða af byggingum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr., ef þau njóta hlunninda af hafnargerðinni. — Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjald né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp [hafnarmannvirkjum][1]) til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til. — Heimilt er að innheimta gjöld til hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja. — Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld. — [Heimilt er að ákveða í hafnarreglugerð, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í 2 ár fyrir samningsveðskuldum.][2]) — **10. gr.** Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið. — **11. gr.** Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum. — **12. gr.** Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs. — **13. gr.** Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins. — **14. gr.** Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs. — Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði. — Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig. — **15. gr.** Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- og lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þykir. — Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli. — Reglugerðir um hafnir samkv. lögum, sem numin eru úr gildi með ákvæðum 17. gr., skulu færðar til samræmis við þessi lög innan eins árs frá gildistöku þeirra. — **16. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

1) L. nr. 41, 5. apríl 1948, § 2. — Sömu l., § 3.

1946 Nr. 29 23. apríl

Lög um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

1946 Nr. 25 23. apríl

1. gr. Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkur og Njarðvíkurhreppum innan línu, sem dregin er stytztu leið milli Vatnsness og Hákotstanga; að öðru leyti skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl. — **2. gr.** Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að [15 millj. kr.][1]), er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar. — **3. gr.** Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til

1) L. nr. 55, 25. maí 1950, § 1.

þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. — Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar. — Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, þó ekki hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs til mannvirkjanna. — Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin. — **4. gr.** Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og einn kosinn af sveitarstjórnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. — **5. gr.** Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu. — Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu. — Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda. — **6. gr.** Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar. — **7. gr.** Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán, eða fresta afborgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkva ekki til að koma þeim í framkvæmd. — **8. gr.** Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir: 1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr. 2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra: a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig. b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land. c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar. d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar. e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur. f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar. — Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. — Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki. — **9. gr.** Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið. — **10. gr.** Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum. — **11. gr.** Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun. — **12. gr.** Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjan-

1946 Nr. 25 23. apríl

1946 Nr. 25 23. apríl

legt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni. — Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið. — **13. gr.** Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar. — **14. gr.** Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð. — **15. gr.** Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

1951 Nr. 38 14. marz

Lög um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

1. gr. Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Rifi á Snæfellsnesi. Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl. — **2. gr.** Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 millj. kr. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar. — **3. gr.** Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. — Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar. — **4. gr.** Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 5 menn, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. — **5. gr.** Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu. — Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu. — Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda. — **6. gr.** Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar. — **7. gr.** Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán, eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að

1951 Nr. 38 14. marz

1951 Nr. 38 14. marz

árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd. — **8. gr.** Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir: 1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr. 2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra: a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig. b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land. c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar. d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar. e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur. f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar. — Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hafnarstjórnar, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. — Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki. — **9. gr.** Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið. — **10. gr.** Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum. — **11. gr.** Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun. — **12. gr.** Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni. — Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið. — **13. gr.** Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar. — **14. gr.** Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð. — **15. gr.** Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

1951 Nr. 38 14. marz

Lög um eignarnám á landspildu á Bolungavíkurmölum í Hólshreppi.

1932 Nr. 16 23. júní

1. gr. Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við brjótinn í Bolgungavík, sem sé nægilega stór til þess að koma skipulagi á um landtöku mótorskipa sunnan öldubrjótsins og undir fiskverkunarstöð norðan öldubrjótsins, ásamt þeim húsum og mannvirkjum, sem eru á þessu landi. — **2. gr.** Réttindi Vatnsfjarðarkirkju til uppsáturstolla af landinu haldist óbreytt. — **3. gr.** Að öðru leyti skal eignarnámið framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Lög um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

1932 Nr. 17 23. júní

1. gr. Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svonefndri Skeljavík innan við Hnífsdal. — Stærð landsins má vera allt að 25000 fermetrar. — **2. gr.** Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Lög um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi.

1938 Nr. 21 13. jan.

1. gr. Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu undir bryggju í Sandvíkurlandi. — Takmörk lóðarinnar mega vera: Í vestur, eftir fjöru, 20 metrar. Í austur, eftir fjöru, 15 metrar, þar með talin breidd bryggjunnar sjálfrar, og svo upp í brún á bugðóttum klettabakka, sem er yfir fjörunni á þessu svæði. — **2. gr.** Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

1868 17. apríl

Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.[1])

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrétti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forréttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatals þeirra, . . .[2]) skal samt gætt hinna almennu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar.

1917 Nr. 2 18. jan.

Lög um bann við sölu og leigu skipa úr landi.[a])

1. gr. Bönnuð skal sala og leiga skipa út úr landinu. — Landsstjórnin getur veitt undanþágu frá banni þessu. — **2. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 þús. til 200 þús. króna. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

1943 Nr. 90 16. des.

Lög um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

1. gr. Stofna skal og starfrækja reikningaskrifstofu sjávarútvegsins undir yfirstjórn Fiskifélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé. — **2. gr.** Ríkissjóður skal endurgreiða Fiskifélagi Íslands kostnað við reikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu skýrslu um útgerðarkostnað og til eyðublaða til innfærslu reikninga um útgerðir, sem skrifstofan lætur gera, þó eigi yfir kr. 10000.00 á ári. — **3. gr.** Hlutverk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er: 1. Að safna saman reikningum um útgerð víðs vegar á landinu, bæði frá þeim, sem bókhaldsskyldir eru, og öðrum, sem halda slíka reikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af rekstri útgerðarfyrirtækja yfirleitt og jafnframt af rekstri hinna ýmsu greina útgerðarinnar. 2. Að stuðla að því, að þeir, sem útgerð reka, en ekki eru bókhaldsskyldir, haldi sem gleggsta reikninga um útgerðina og aðstoða þá við uppgjör þeirra. 3. Að vinna hagfræðilegar upplýsingar úr þeim reikningum, sem skrifstofunni berast, um allar greinar útgerðarinnar, eftir því sem unnt er. Birtir skrifstofan skýrslur um niðurstöður sínar árlega. 4. Að útbúa og gefa út hentug eyðublöð fyrir útgerðarreikninga með skýringum um færslu þeirra. 5. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar varðandi sjávarútveginn, ef hún óskar þess. — **4. gr.** Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.

1943 Nr. 90 16. des.

1) L. 15. apríl 1854, § 3. — 2) L. nr. 39, 30. nóv. 1918, § 1. — a) XXII, 27, 28.

e. Iðnaður.

Lög um iðju og iðnað.

1927 Nr. 18 31. maí

I. kafli.[a]) **— Um iðju. — 1. gr.** Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðn og heimilisiðnað, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru.[b]) Ekki ná þó lög þessi til iðju að því leyti, sem fyrirmæli laga um vatnsorkusérleyfi láta um mælt.[1]) — **2. gr.** Enginn má reka nokkurskonar iðju á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt. — **3. gr.** Hver maður, karl sem kona, getur fengið iðjuleyfi, ef hann: 1. Er heimilisfastur á Íslandi þegar leyfið er veitt og hefir verið það síðasta árið. 2. Er fjárráður. 3. Hefir forræði á búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi, sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur hans milli hans og lánardrottna hans. 4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti. Ekki má veita manni iðjuleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opinbers máls á hendur honum fyrir slíkt brot, fyrr en hann hefir verið sýknaður með dómi. 5. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt til þess að mega reka iðju. — Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, né maka þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjureksturinn megi samrýma stöðu þeirra. — **4. gr.** Nú vill félag eða stofnun reka hér iðju, og skal þá svo með fara: 1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, þá

1) Sbr. nú raforkulög nr. 12, 2. apríl 1946. — a) XXIV, 13, 21. — b) IX, 59, 60.

skulu þeir allir, sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3. gr. segir. 2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdarstjórar, stjórnendur félags og fulltrúar skilyrðum 3. gr. Ef félag er hlutafélag, þá skal ennfremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sé ekkert það í samþykktum félags, er brjóti í bága við íslenzk lög. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðunum um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjáreign, enda standi sérstaklega á. — **5. gr.** Iðjuleyfi glatast, ef leyfishafi missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr. 1.—3. tölulið eða í 1. málslið 4. töluliðs segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum (5. tölul. 3. gr.). — Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri félags skilyrða þeirra, er í 4. gr. 2. segir, eða félag eða stofnun missir íslenzks heimilisfangs eða hlutafé verður eign erlendis búsettra manna framar en lögmætt er, og skal aðili þá hafa komið málinu í löglegt horf innan 3 mánaða frá því er breyting varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á. — **6. gr.** Iðjuleyfi er bundið við nafn. Iðjuleyfi félags, þar sem einn eða fleiri félaga bera fulla ábyrgð, skal hljóða á nafn þeirra allra. Annars kostar hljóðar það á nafn félags. Nú fer félagi, sem fulla ábyrgð ber, úr félagi eða slíkur nýr félagi bætist við, og þarf félag þó ekki að leysa nýtt leyfi meðan einn félaga er eftir, þeirra er leyfi hljóðaði á nafn hans í öndverðu. — Enginn má framselja iðjuleyfi né leyfa öðrum að reka iðju í skjóli síns leyfis. — Rétt er ekkju að halda áfram iðju látins manns síns án nýs leyfis, enda fullnægi hún lögmæltum skilyrðum. — Bú aðilja, er iðjuleyfi hafði, má og reka iðjuna, að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má og reka iðju arfleifanda án nýs leyfis, þar til er hann er fjárráður, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr. — **7. gr.** Lögreglustjóri, þar sem beiðandi á lögheimili, veitir iðjuleyfi. Þó ákveður ráðherra um veitingu iðjuleyfis, ef: 1. Iðjan er líkleg til að baka einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjón eða óhagræði að ráði, þar á meðal aukin sveitarþyngsli. 2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda. 3. Iðjan er annars svo vaxin, að hættulegt er eða varhugavert að leyfa hana. — **8. gr.** Nú hefir lögreglustjóri veitt iðjuleyfi, en ráðherra telur sig hafa átt að úrskurða málið, og getur hann þá innan þriggja mánaða ónýtt leyfi lögreglustjóra að öllu leyti eða leyft iðjurekstur gegn því, að iðjuhöldur fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur að viðlögðum leyfismissi, allt án þess að aðili eigi kröfu til bóta á hendur ríkinu fyrir leyfismissi eða tap, er honum hlýzt af ákvörðunum ráðherra. — **9. gr.** Nú verður svo vaxin breyting á iðju eða svo löguð breyting er fyrirhuguð á henni, að málið hefði borið undir úrskurð ráðherra, ef svo hefði verið ástatt í öndverðu, og má iðjuhöldur þá ekki halda áfram iðjurekstri þeim eða gera breytingu, nema ráðherra leyfi. Fer um málið samkv. 8. gr., svo sem við á. — Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild, eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja fyrir rannsókn sína eða upplýsingar hans. — **10. gr.** Ef nauðsyn þykir, getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfi til iðjurekstrar í öndverðu eða til breytingar á honum samkvæmt fyrri málsgr. 9. gr., að iðjuhöldur: 1. Sjái verkamönnum sínum fyrir sæmilegum húsakynnum, hjúkrun í veikindum, hæfilegu bókasafni og lesstofu. 2. Geri þær heilbrigðisráðstafanir, er nauðsynlegar þykja. 3. Kosti aukna löggæzlu, er leiða kann af atvinnurekstrinum. 4. Kosti viðhaldsauka á vegum og öðrum almenningstækjum, sem atvinna hans veldur. 5. Sjái um eða setji tryggingu fyrir umsjá erlendra verkamanna, sem verða í þjónustu hans, og þeirra, sem þeim verkamönnum er eða verður skylt að framfæra hér á landi. 6. Þoli almenningsafnot af vegum, höfnum og öðrum mannvirkjum og samgöngutækjum, er iðjuhöldur kann að gera, að svo miklu leyti, sem það má vera án verulegs baga fyrir hann, enda úrskurði ráðherra, ef ágreiningur verður. 7. Sæti öðrum þeim skilyrðum, er ráðherra telur þurfa að setja. — **11. gr.** Greina skal í iðjuleyfi, hverskonar iðju heimilt sé að reka samkvæmt því, og hvar hana megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka iðju annarrar tegundar en þá, sem nefnd er í leyfi,

1927 Nr. 18 31. maí

ásamt því, er venju samkv. eða eðli málsins heyrir þeirri iðju til. — Veita má sama aðilja leyfi til að reka fleiri en einskonar iðju, og leyfi til að reka iðju á fleiri en einum stað (kaupstað, þinghá). — **12. gr.** Nú er iðjuleyfi synjað eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuheimild sinni, og er honum þá rétt að bera málið undir dómstóla, enda skal stefna lögreglustjóra, ef hann hefir úrskurðað málið, en ráðherra ella. Skal mál það höfða fyrir gestarétti á heimilisvarnarþingi varnaraðilja.

II. kafli. — Um iðnað.[a]) — **13. gr.** [Iðnaður heitir í lögum þessum hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám.[b]) — Sá rekur iðnað, sem ber fjárhagslega ábyrgð á iðnrekstrinum. Sá stundar iðnað, sem vinnur að honum um lengri eða skemmri tíma.][1]) — **14. gr.** [Enginn, hvorki stofnun né einstaklingur, má reka iðnað, nema meistari í iðninni hafi þar alla verkstjórn á hendi.[c]) — Enginn má stunda iðnað, nema meistarar, sveinar og nemendur í iðninni. Þó er hverjum sem er heimilt að vinna iðnaðarvinnu fyrir sjálfan sig og sitt heimili.][2]) — [Dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana, undir eftirliti húsameistara ríkisins.][3d]) — **15. gr.** [Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn, að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. — Nú er sveina- og meistarafélag ekki til í einhverri iðn, og getur þá meiri hluti samiðnaðarmanna á staðnum veitt samskonar leyfi. — Í sveitum, og kauptúnum með 300 íbúa eða færri, mega óiðnlærðir menn þó vinna að byggingariðnaðarstörfum.][4]) — **16. gr.** [Sá maður hefir iðnréttindi, sem: a. hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða b. hefir sveinsbréf í iðn sinni, eða c. hefir iðnbréf í iðn sinni, eða d. hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi fyrir 1. janúar 1936.][5]) — **17. gr.** [Hver maður, karl eða kona, á rétt á að fá meistarabréf, ef hann: 1. fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—5. tölul. 3. gr., og 2. a. hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða b. hefir sveinsbréf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara. — Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni. — Hafi sveinninn lokið prófi frá viðurkenndum framhaldsskóla (tekniskum dagskóla) í iðn sinni, færast þessi 3 ár niður sem skólatímanum svarar, þó aldrei niður úr 1 ári.][1]) — **18. gr.** [Heimilt skal ráðherra að ákveða, að enginn fái meistarabréf nema að afloknu meistaraprófi, enda sé þá jafnframt ákveðið, hverjar kröfur skuli gerðar til meistaraprófs.][2]) — **19. gr.** [Geta skal þess í meistarabréfi, hverskonar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Meistarabréf veitir aðilja heimild til þess að reka þá iðn, sem sveinsbréf hans greinir, svo og að stjórna iðnrekstri fyrir aðra, hvar sem er á landi hér, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rétt til að ráða sér aðstoðarmenn eftir þörfum, þó þá eina, sem rétt hafa til iðnaðarvinnu samkvæmt lögum þessum. — Rétt er að veita sama aðilja meistarabréf í fleiri en einni iðn, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.][3]) — **20. gr.** [Í byggingarsamþykktum má ákveða, að enginn megi veita húsbyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar, enda sé hann meistari í húsasmíði eða múrsmíði. Ef aðrir taka að sér framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.][4]) — **21. gr.** [Sá hefir fyrirgert rétti sínum samkvæmt meistarabréfi, sem: 1. Missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 1.—3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. 3. gr. segir. 2. Missir þeirra annarra skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.), er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda réttinum. — Ef félag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málsgr. 5. gr. segir.][5]) — **22. gr.** [Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf, samkvæmt tillögu viðkomandi iðnráðs. — Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf, eða ágreiningur verður um það, hvort að-

1) L. nr. 105, 23. júní 1936, § 1. — 2) Sömu lög, § 2. — 3) L. nr. 29, 12. febr. 1940, § 1. — 4) L. nr. 105, 23. júní 1936, § 3. — 5) Sömu lög, § 4. — a) XXIV, 14, 21. — b) IX, 59, 60, XVII, 168, XXI, 297, XXIV, 9, 14, 594. — c) XXII, 38, XXIV, 14. — d) IX, 60, XXIV, 31.

1) L. nr. 105, 23. júní 1936, § 5. — 2) Sömu lög, § 6. — 3) Sömu lög, § 7. — 4) Sömu lög, § 8. — 5) Sömu lög, § 9.

1927 Nr. 18 31. maí

ili hafi misst rétt sinn, og er aðilja þá rétt að bera málið undir ráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarétt á varnarþingi hans.][1]) — **23. gr.**[a]) [Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám. — Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfsvið þeirra.][2])

III. kafli. — Almenn ákvæði. — 24. gr. [Halda skal skrá yfir öll þau leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrirmæli um þessi efni.][3]) — **25. gr.** [Óskert skal atvinnuheimild þegna annarra ríkja hér á landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurétt hér samkvæmt samningum en lög þessi greina.][4]) — **26. gr.**[5]) [Gjalda skal ríkissjóði fyrir: Iðjuleyfi kr. 100.00. Meistarabréf kr. 50.00. — Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður allt að helmingi, ef sérstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sér og sínum o. s. frv.][6]) — **27. gr.** [Það varðar sektum, frá 100—5000 kr., ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða eftir að hann hefir misst lögmælt skilyrði eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.[b]) — Það varðar sektum, frá 100—2000 kr., og réttindamissi í 5—10 ár, ef um ítrekuð brot er að ræða, ef maður: 1. Rekur iðnað, sem meistarabréf þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir misst heimildina. — 2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli meistarabréfs síns. — 3. Tekur að sér verk, er í 20. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar. — 4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir réttindi meistara, eða heldur nemendur án löglegs námssamnings. . . .[7])

1) L. nr. 105, 23. júní 1936, § 10. — 2) Sömu lög, § 11; rgj. nr. 118, 25. okt. 1937 og rgj. nr. 189, 14. okt. 1939. — 3) L. nr. 105, 23. júní 1936, § 12. — 4) Sömu lög, § 13. — 5) L. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — 6) Lög nr. 105, 23. júní 1936, § 14. — 7) L. nr. 100, 11. júní 1938, § 24. — a) IX, 63. — b) XV, 217—18, XVII, 169, 168, XXII, 38, XXIV, 14.

— 5. Tekur mann til iðnaðarvinnu, sem ekki hefir rétt til þess samkv. 14., 15. og 16. gr.[a])][1]) — **28. gr.**[b]) [Sektir samkvæmt 27. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjöld þau fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðju eða iðnað ranglega leyfislaust. — Mál vegna brota þeirra, er í 26. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.][2])[c])

1927 Nr. 18 31. maí

Lög um iðnfræðslu.[d])

1949 Nr. 46 25. maí

1. gr. Iðnfræðslu til sveinsprófs skal halda uppi í þeim iðngreinum, sem löggiltar eru, og fer um framkvæmd hennar eftir því, sem segir í lögum þessum. — Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, svo og um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námskeið, er stofnað kann að verða til. — **2. gr.** Iðnfræðsluráð stýrir framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra. — **3. gr.** Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Það skal skipað 5 mönnum búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera meistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, og tveir þeirra sveinar, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, að fengnum tillögum iðnsveinaráðs þess. Formann skipar ráðherra án tilnefningar. — **4. gr.** Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa á þeim stöðum í landinu, er það telur þörf á, og ákveður umdæmi þeirra. — Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með iðnnámi hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi. — **5. gr.** Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar og á þeim stöðum, sem þörf er á. — Það er hlutverk prófnefnda: 1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi. 2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau. — **6. gr.** Leita skal iðnfræðsluráð tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem ekki eru iðnráð, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda. — **7. gr.** Iðnfræðsluráð skal löggilda meistara sem hæfa til að taka nemendur til náms og ákveða, hversu marga nemendur megi hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal

1) L. nr. 105, 23. júní 1936, § 15. — 2) Sömu lög, § 16. — a) XIII, 220, 218, 318, 319. — b) XXII, 38. — c) Um 17. gr. l. nr. 105/1936, IX, 127. — d) XX, 343, (XXII, 87), XXII, 211, XXIII, 72, XXIV, 8.

löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvörðun sína skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna. — Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar eða vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeiganda rétti til þess að hafa nemendur um tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari grein má þó áfrýja til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur hlutaðeigandi aðila. — **8. gr.** Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfsemi um stöðuval. — Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra iðngreina. Það skal leita þar um árlega álits félagssamtaka meistara og sveina. — Iðnfræðsluráð skal og eins fljótt og kostur er á koma á fót hæfnisprófum fyrir umsækjendur um iðnaðarnám, og ber því að neita að ráða umsækjendur til náms, ef árangur prófsins er neikvæður. — **9. gr.** Sá, sem vill komast í iðnnám, skal sækja um það til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum meistara eða fyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að koma sér í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs. — **10. gr.** Ekki má unglingur hefja iðnnám yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnfræðsluráðs í hvert sinn, að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára. — **11. gr.** Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það skriflegan námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim.[a]) Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella. — Nú neita iðnfulltrúar að samþykkja námssamning, og má þá áfrýja því til iðnfræðsluráðs. — Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt. — Iðnfulltrúar skulu, eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis. — Iðnfræðsluráð skal halda skrá yfir þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er. — **12. gr.** Námstími skal vera svo langur sem í reglugerð segir.[1]) Nú hefur nemandi áður stundað nám í verklegum skóla eða námskeiði, og skal iðnfræðsluráð þá ákveða, hversu námstími styttist. — Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari. Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið á löglegan hátt, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur stundað nám, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum. — **13. gr.** Þegar námstíminn er á enda, skal nemandinn hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni. Prófdómendur ákveða í samráði við meistara, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans og prófdómendum svo og hlutaðeigandi skólastjóra og lögreglustjóra, og heitir það prófskírteini sveinsbréf. — Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. málsgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir það á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftar en þrisvar sinnum. — **14. gr.** Heimilt er iðnfræðsluráði að ákveða lágmarkskaup nemenda með hliðsjón af gildandi kjarasamningum í hverri iðngrein og á hverjum stað. Heimilt er að breyta kaupákvörðunum, meðan á samningstíma stendur, ef kaupbreytingar verða í iðninni. Leita skal álits hlutaðeigandi iðngreina, áður en slíkar ákvarðanir eru teknar. — **15. gr.** Daglegur vinnutími nemenda skal vera hinn sami sem sveina á hlutaðeigandi vinnustöð, sbr. þó 23. gr. — Nemendum er ekki skylt að inna af höndum eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má fá þeim neina vinnu, sem þeim er um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra. — **16. gr.** Sumarleyfi iðnnema skal vera 12 dagar virkir með fullu kaupi.[a]) — **17. gr.** Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt gildandi lögum um al-

1949 Nr. 46 25. maí

a) IX, 345, XXIII, 72, XXIV, 263.

1) Rgj. nr. 130, 12. júní 1952. — a) XXIII, 72, 73. — b) XXIII, 602.

mannatryggingar.[b]) — Í veikindaforföllum skal nemandi fá fullt kaup í allt að 6 mánuði samtals yfir allan námstímann.[a]) — **18. gr.** Nú hefur nemandi verið veikur meira en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast um hæfilegan tíma. — **19. gr.** Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um, að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega æfingu í öllum þeim störfum, er iðngreinin tekur til venjum samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, er tíðkuð eru í iðngreininni. — Iðnfræðsluráð getur sett námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi iðngreina, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skulu hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem í er skráð, hvaða verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun. — **20. gr.** Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvarnar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma. — Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir iðnfræðsluráð. — Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð. — **21. gr.** Nemendur skulu ganga til þeirra starfa, er þeim er skipað til, sbr. þó 15. gr. Þeir skulu sýna ástundunarsemi og trúmennsku við starfið. — **22. gr.** Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð þeirri, er nemandi stundar nám sitt á, og skal hann þá ekki taka þátt í framleiðslustörfum á meðan. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið. — Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma. — **23. gr.** Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer svo sem lög og reglur um iðnskóla segja til um. — Meðan skólavist stendur, skal vinnutími nemanda á vinnustöð vera 12 stundum styttri á viku en vinnutími sveina.[a]) Nú fer kennslan fram í dagskóla með fullum kennslustundum, og heldur þá nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu. — **24. gr.** Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi: 1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla. 2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi úr iðnskóla. — **25. gr.** 1. Fyrstu 3 mánuðir samningstímans skoðast sem reynslutími. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður. 2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi: a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum. b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns. c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina. 3. Nemandi getur slitið námssamningi: a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð. b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar. c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum. d. Ef nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka verður óhæfur til þess að geta unnið að iðninni, eða ef það að áliti embættislæknis er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina. e. Ef námsstúlka giftist. 4. Nú er svo ástatt, sem í 3. a.—b. greinir, og nemandi slítur ekki samningi, og geta þá iðnfulltrúar slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þó ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs. 5. Aðilum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það. — Jafnan er námssamningi er slitið, skal það tilkynnt iðnfulltrúum. — **26. gr.** Nemandi á rétt á skaða-

a) XXIII, 602.

a) (XXIII, 369).

1949 Nr. 46 25. maí

1949 Nr. 46 25. maí

bótum, ef námssamningi er slitið af þeim orsökum, er greinir í 25. gr. 3. a.—c. — Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina. — **27. gr.** Ágreiningur milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal koma í gerð, nema aðilar komi sér saman um annað. — Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum málsaðila.[a]) — Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða málsaðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. —Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur. — Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur. — Úrskurði gerðardóms má þó áfrýja til dómstóla, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdóms vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins. — **28. gr.** Það varðar sektum að: 1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara. 2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemanda. 3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám. 4. Koma ósæmilega fram við nemanda. 5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda. — Sektir skulu renna í ríkissjóð. — Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál. — **29. gr.** Kostnaður við starf iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda greiðist úr ríkissjóði. — Í reglugerð skulu ákveðin prófgjöld. Þau renna í ríkissjóð. — **30. gr.** Ráðherra gefur út reglugerðir þær, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.[1]) — **31. gr.** Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lög nr. 43 12. febr. 1940, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 100/1938, um iðnaðarnám, þegar lokið er öllum námssamningum, er gerðir hafa verið eftir þeim. — **32. gr.** Lög þessi taka aðeins til þeirra námssamninga, sem gerðir eru eftir að þau hafa öðlazt gildi. — Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

1949 Nr. 46 25. maí

Lög um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o. fl.

1917 Nr. 23 12. sept.

1. gr. Nú hafa brauðgerðarmenn á einhverjum stað lagt svo niður brauðgerð, að yfirvofandi hætta er á því, að almenningur geti ekki fengið venjuleg brauð keypt, og heimilast þá bæjar- eða sveitarstjórn þeirri, er hlut á að máli, að taka eignarnámi svo mörg brauðgerðarhús, er hún telur þurfa, til þess að fullnægja þörfum almennings þar. Eignarnámsheimildin nær bæði til húsa og áhalda, sem nauðsynleg eru til reksturs brauðgerðar, svo og til birgða af mjöli, geri, eldsneyti og öðru efni, sem notað er til brauðgerðar. — **2. gr.** Endurgjald ákveða tveir óvilhallir, dómkvaddir menn, sem nefndir skulu af bæjarfógeta, ef eignarnám fer fram í kaupstað, en ella af sýslumanni, og mega þeir ekki vera í þjónustu bæjar- eða sveitarfélagsins, né eiga sæti í bæjar- eða sveitarstjórn. — **3. gr.** Mat samkvæmt 2. gr. skal framkvæma svo fljótt sem því verður við komið. Þó skal aðiljum gefinn kostur á að skýra mál sitt. En því aðeins skal fresta gerðinni, að matsmenn telji einhvern aðilja þurfa að afla sér frekari gagna. Þó skal mati jafnan lokið ekki seinna en á fimmta degi eftir að þess er beiðzt. — **4. gr.** Að matsgerð lokinni má eignarnemi taka hið numda í vörzlur sínar, án þess að hindrað verði með kröfu um yfirmat, gegn því að greiða matsverð og allan málskostnað. Matsverðið skal afhent bæjarfógeta eða sýslumanni, og geymir hann það í banka, þangað til úrslitaákvörðun hefir farið fram. — **5. gr.** Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta matsgerð, og skal hann þá hafa krafizt yfirmats innan 8 daga frá því er gerðin fór fram. Yfirmat framkvæma 3 óvilhallir menn, út-

a) XXIII, 596.

1) Rgj. nr. 180, 12. júní 1952.

1917 Nr. 23 12. sept.

nefndir af landsyfirdómi,[1]) og skulu þeir fullnægja skilyrðum þeim, er í 2. gr. getur. — Yfirmatsmenn skulu framkvæma matið á sama hátt sem undirmatsmenn. Þó má eigi frest veita, nema sannað sé, að hann skuli nota til að útvega áríðandi gögn, er eigi hafi verið kostur á að afla fyrr. — Sá, er yfirmats hefir krafizt, greiði kostnað af því; þó greiði eignarnemi kostnaðinn, ef gerðarþoli hefir beðið um yfirmat og matsverðið hækkar um 10% eða meira. — **6. gr.** Skylt er undirmats- og yfirmatsmönnum að rannsaka verðmæti þess, er tekið er, svo nákvæmlega sem kostur er á, bæði með því að krefjast munnlegra skýrslna af málsaðiljum sjálfum og öðrum, ef þörf krefur. Þeir mega og, ef nauðsyn ber til, afla sér skýrslna frá sérfræðingum, og skal sá kostnaður, er það hefir í för með sér, teljast með málskostnaði. — **7. gr.** Ef bæjar- eða sveitarstjórn telur heppilegra að taka brauðgerðarhús ásamt áhöldum til leigu heldur en til eignar, skal ákveða mánaðarlega leigu af því, sem tekið er til leigu, og skal leigan greiðast mánaðarlega fyrir fram. — **8. gr.** Nú eru brauðgerðarhús tekin til leigu samkvæmt 7. gr., og eiga þá verkamenn þar forgangsrétt, að öðru jöfnu, til atvinnu af brauðgerð þar um leigutímann. — **9. gr.** Ef eigi verður samkomulag um leiguhæð, skulu óvilhallir menn meta leigu, enda fer um matsgerð eftir 1.—6. gr. Til greina skal taka atvinnumissi eiganda, og skylt er eignarnema að skila aftur því, er til leigu hefir verið tekið, í jafngóðu standi, nema að því leyti, sem það hefir spillzt af venjulegu sliti og fyrningu. Spjöll skulu metin samkvæmt 1.—6. gr. — **10. gr.** Nú vill eignarnemi skila aftur því, er til leigu hefir verið tekið samkvæmt 7. og 8. gr., og skal hann segja eiganda til þess með þriggja mánaða fyrirvara.

1936 Nr. 102 23. júní

Lög um landssmiðju.

1. gr. Ríkisstjórnin lætur starfrækja smiðju, er fæst við viðgerðir skipa, smíði mótora og annarra véla, og aðra smíði, og nefnist hún landssmiðja. — **2. gr.** Landssmiðjan annast allskonar smíði fyrir einstaklinga og félög, er þess kunna að óska, og auk þess annast hún alla smíði, sem hún getur tekið að sér, fyrir þá starfrækslu, er ríkið hefir með höndum, og þær stofnanir, sem eru ríkiseign, svo sem skipaútgerð, skóla, sjúkrahús, vita- og vegamálaskrifstofur, landssíma og ríkisútvarp, enda séu vinnubrögð og verðlag, að dómi ríkisstjórnarinnar, ekki óhagstæðari en annarsstaðar innanlands, og getur ráðherra látið sanna með útboði, að svo sé, þegar um meiri háttar verk er að ræða. Ríkisstjórnin getur mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta gera innanlands, enda sé um sambærilegt verð og vinnubrögð við aðrar samskonar smiðjur að ræða, eins og áður segir. — Landssmiðjunni er heimilt að verja árlega af ágóða sínum nokkrum hluta, er ríkisstjórnin ákveður, til þess að vinna að smíðum, er íslenzkir hugvitsmenn hafa gert uppdrætti að. Þó skal jafnan leita umsagnar kunnáttumanna, er ríkisstjórnin tilnefnir, um væntanlega nytsemi nýsmíðinnar, áður en hún er ákveðin. — [**3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur, allt að 1000000.00 króna.][1]) — **4. gr.** Nú er lagt fé til landssmiðjunnar í fjárlögum, og skal þá litið á það sem lánsfé, er landssmiðjunni sé skylt að endurgreiða, enda verði samningur gerður milli landssmiðjunnar og ríkisstjórnarinnar um lánskjör og endurgreiðslu áður en fé sé afhent. — **5. gr.** Ríkisstjórnin ræður forstjóra fyrir landssmiðjuna, og skal það vera maður vel að sér um vélfræði og um smíði. Forstjóri annast stjórn fyrirtækisins í samráði við ráð það, sem samkv. lögum nr. 31, 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri,[2]) hefir eftirlit með landssmiðjunni. Ríkisstjórnin ákveður laun forstjóra og annarra fastra starfsmanna landssmiðjunnar, þar til þau verða ákveðin í launalögum.[3]) Forstjóri ræður aðra starfsmenn til landssmiðjunnar. — **6. gr.** Nú verður ágóði af starfsemi landssmiðjunnar, og skal þá leggja hann í stofnsjóð fyrirtækisins, eftir að lagt hefir verið til hliðar fyrir fyrningu og í varasjóði, svo sem fyrir er mælt í reglugerð, er ríkisstjórnin setur, endurgreidd lán þau, sem fyrirtækið kann að hafa tekið, eða fé lagt til hliðar til endurgreiðslu þeirra. — **7. gr.** Landssmiðjan greiðir eigi útsvar til bæjar eða sveitar, en greiða skal hún til bæjar eða sveitar eftir reglum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 47, 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana. — [Landssmiðjan

1) Nú Hæstarétti, sbr. l. nr. 112, 18. maí 1935, § 56.

1) L. nr. 21, 30. jan. 1945, § 1. — 2) Numin úr gildi með l. nr. 68, 4. júlí 1942. — 3) L. nr. 60, 12. marz 1945, § 23.

1936 Nr. 102 23. júní greiðir tekjuskatt eftir sömu reglum og hlutafélög og reiknast fé á höfuðstólsreikningi sem væri það hlutafé.][1])

1948 Nr. 35 1. apríl **Lög um sementverksmiðju.**

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðast við 75 þúsund smálesta afköst á 300 dögum. — **2. gr.** Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku, heimilast ríkisstjórninni að taka að láni [allt að 46 millj. króna.][2]) Sementsverksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán. — **3. gr.** Ríkisstjórninni heimilast, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi vegna byggingar sementsverksmiðjunnar, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Eignarnám þetta fer fram samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms. — **4. gr.** Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar. — **5. gr.** Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda. — **6. gr.** Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af atvinnumálaráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar. — **7. gr.** Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða ½% af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að ¼% af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar. Útsvar verksmiðjunnar má ekki nema hærri fjárhæð en fjórða hluta af heildarupphæð útsvara í hreppnum. — **8. gr.** Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð. — Reikningsskilum skal lokið svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að henni lokinni skulu reikningarnir sendir atvinnumálaráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda. — **9. gr.** Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

1948 Nr. 35 1. apríl

1) L. nr. 21, 30. jan. 1945, § 2. — 2) L. nr. 57, 25. maí 1950, § 1, sbr. l. nr. 39, 14. apríl 1954, § 2.

Lög um áburðarverksmiðju.

1949 Nr. 40 23. maí

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og reka verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, til framleiðslu þessara áburðarefna: ammoniaks, úr vatni og lofti, ammonium-nitrats, ammonium-fosfats. — Stærð verksmiðjunnar skal miðuð við það, að vinnslugeta hennar sé 5000—10000 smál. ársframleiðsla af köfnunarefni að minnsta kosti, en framleiðslunni skal að öðru leyti hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar. — **2. gr.** Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Ef fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hrökkva ekki til stofnkostnaðar verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka það fé, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána. — **3. gr.** Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess á Alþingi. — **4. gr.** Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð þremur mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar. — **5. gr.** Stjórn verk-

1949 Nr. 40 23. maí

smiðjunnar ákveður, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, hvenær og hvar hún skuli reist. Skal það gert svo fljótt sem ástæður leyfa, en áður skal þó hafa fengizt trygging fyrir nægri raforku og nægilegu fé til greiðslu stofnkostnaðar. — **6. gr.** Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda. — **7. gr.** Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun þeirra að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar. — **8. gr.** Áburðarsala ríkisins kaupir af verksmiðjunni áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórn áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar. — Áburðarsala ríkisins skal í byrjun hvers árs láta verksmiðjustjórninni í té áætlun um áburðarmagn til innanlandsnotkunar það ár. — **9. gr.** Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema útsvari til sveitarsjóðs. Aldrei má leggja á hana hærra útsvar en nemi 1% af tekjuafgangi hennar. — **10. gr.** Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir: a. Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. b. Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar. — **11. gr.** Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningana skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda. — **12. gr.** Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar. — **13. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar og leggja fram til hennar hlutafé úr rekstrarsjóði áburðarsölu ríkisins allt að einni milljón króna. Ef slík framlög nema minnst 4 milljónum króna, leggur ríkissjóður fram hlutafé, sem þá vantar til, að hlutaféð verði alls 10 milljónir kr., og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag. — Heimilt er að greiða hluthöfum í arð af hlutafé þeirra allt að 6 af hundraði, og hafi áður verið greiddur allur rekstrarkostnaður ársins svo og sjóðagjöld samkv. 10. gr. — Nú notar ríkisstjórnin heimild 1. mgr. þessarar greinar, og skal þá stjórn verksmiðjunnar skipuð fimm mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá þeirra hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, og skipar landbúnaðarráðherra einn þeirra formann verksmiðjustjórnarinnar. Hluthafar, aðrir en ríkissjóður, kjósa tvo stjórnarnefndarmenn til eins árs í senn. — Endurskoðendur skulu vera tveir, annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra, en hinn kosinn af hluthöfum, öðrum en ríkissjóði. Að öðru leyti skulu á hluthafafundi, þrátt fyrir ákvæði hlutafélagslaganna, engar takmarkanir vera á atkvæðarétti að því er hlutafé ríkisins snertir.

1949 Nr. 40 23. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

1952 Nr. 88 15. des.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 1 millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnvöld veita fyrir milligöngu Export-Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, sem hún tekur gildar.

Lög um tunnusmíði.

1946 Nr. 33 23. apríl

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði, þegar rannsókn hefir leitt í ljós, að tunnusmíði hér á landi er samkeppnisfær við erlenda tunnuframleiðslu bæði hvað verð og gæði snertir. — **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða taka á leigu tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði og starfrækja þær. — **3. gr.** Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 3 millj. króna. — **4. gr.** Tunnur þær, er tunnuverk-

1946 Nr. 33 23. apríl

smiðjur ríkisins framleiða, skulu seldar síldarsaltendum. — **5. gr.** [Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74/1934, skal annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hafa á hendi stjórn tunnuverksmiðjanna.][1]) — **6. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.[2])

1946 Nr. 24 23. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f á Siglufirði, ásamt lóðarréttindum, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka geymsluhúsið til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, er metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja.

1933 Nr. 42 19. júní

Lög um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

1. gr. Í lögum þessum merkir: — *Meðalalýsi* lýsi til manneldis, sem er unnið úr fisklifur, samkvæmt skilmerkingu viðurkenndrar lyfjaskrár (pharmacopoea). — *Lýsisverkun* hverskonar hreinsun á meðalalýsi, svo og aðskilnað á efnum þess, með eða án kælingar. — *Lýsismatsmaður* hvern þann undirlýsismatsmann, sem lýtur yfirlýsismatsmanni. — **2. gr.** Hver, sem ætlar að verka meðalalýsi til sölu innanlands eða til útlanda, skal sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins, áður en starfrækslan hefst, og hlíta fyrirmælum þess um meðferð lifrar og lýsis. — **3. gr.** Meðalalýsisvinnsla og verkun meðalalýsis má aðeins fara fram í löggiltum vinnslustöðvum og verkunarstöðvum, hvort heldur er á sjó eða landi. — Atvinnumálaráðuneytið löggildir lýsisvinnslustöðvar og lýsisverkunarstöðvar, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns. — Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns, reglur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva.[3]) Nú fullnægir löggilt lýsisvinnslustöð eða lýsisverkunarstöð ekki lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingunni, og ber yfirlýsismatsmanni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum stöðvarinnar hæfilegan frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins setta frests. — **4. gr.** Allt meðalalýsi, sem er selt innanlands eða flutt á erlendan markað, skal vegið, metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af lýsismatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirlýsismatsmanns. Flokkun lýsisins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns og nokkurra helztu útflytjenda, reglur um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu lýsisins og meðferð.[1]) — Meðalalýsissendingu til útlanda, sem er yfir 10 kg., skal fylgja vottorð um þunga, tegund og gæði lýsisins, eftir nánari ákvæðum ráðuneytisins, og skal vottorðið vera ritað á farmskírteinið fyrir sendingunni. — **5. gr.** Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, einn yfirlýsismatsmann til að hafa umsjón með verkun og mati á meðalalýsi. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á öllu því, er lýtur að meðferð þess og flokkun. — Ráðuneytið setur, í samráði við Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, yfirlýsismatsmanni reglur um störf hans.[2]) — Ekki má yfirlýsismatsmaður þiggja þóknun hjá þeim, sem eru riðnir við lýsisvinnslu eða útflutning, né heldur hafa með höndum sölu á lýsi til útlanda eða innanlands. — Árleg laun yfirlýsismatsmanns skulu vera 2400 krónur. — Auk ferðakostnaðar eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirlýsismatsmaður fá kr. 4.00 í fæðispeninga á dag meðan hann er frá heimili sínu vegna starfa síns sem yfirlýsismatsmaður. Allur kostnaður, sem af starfsemi hans leiðir, greiðist úr ríkissjóði. — Yfirlýsismatsmaður skal vera búsettur í Reykjavík eða grennd. — **6. gr.** Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns. — Lýsismatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.[3]) — Ráðherra ákveður kaup lýsismatsmanna í samráði við yfirlýsismatsmann, og greiða þeir það, sem mats beiðast. Eigi mega lýsismatsmenn þigggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir. — Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfir-

1933 Nr. 42 19. júní

1) L. nr. 41, 9. maí 1947, § 1. — 2) Rgj. nr. 180, 11. okt. 1946. — 3) Rg. nr. 31, 6. apr. 1935.

1) Rg. nr. 32, 6. apríl 1935. — 2) Rg. nr. 115, 5. des. 1933. — 3) Rg. nr. 14, 19. jan. 1934.

1933 Nr. 42 19. júní

lýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega lýsismatsmanni endanlega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað. — **7. gr.** Nú vinnur einhver meðalalýsi eða verkar það, eða flytur út meðalalýsi án þess að gæta fyrirmæla þessara laga, og varðar það sektum frá 50—5000 krónum. — Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál. — Um refsingar fyrir brot yfirlýsismatsmanns og lýsismatsmanna gegn ákvæðum laganna fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

1938 Nr. 22 13. jan.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

1. gr. Í lögum þessum er efni það, sem unnið er úr mjólk með því að þurrka hana, nefnt þurrmjólk. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, hvaða efni skuli vera í feitri þurrmjólk og feitislausri þurrmjólk, svo að fullgild vara sé. — **2. gr.** Landbúnaðarráðherra hefir heimild til þess að ákveða með reglugerð, sem samin er í samráði við mjólkursölunefnd og matvælaeftirlit ríkisins, að ákveðnar brauðtegundir, sem seldar eru í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og má ákveða, að þurrmjólkin nemi allt að 1/10 af þyngd þurrefnis brauðtegundar. Ákveða má, að í stað þurrmjólkur megi nota mjólk, enda samsvari magn hennar og innihald þurrmjólkinni, sem fyrirskipað er, að blandað sé í mismunandi tegundir brauðs.[1]) — **3. gr.** Nú er eigi til nægileg þurrmjólk eða mjólk í vissum landshlutum, eða sérstakir örðugleikar eru á því að afla þessa, til þess að blanda í brauð, svo sem fyrir er mælt í reglugerð ráðherra, og hefir hann þá heimild til að mæla svo fyrir, að minnka megi magn þurrmjólkur eða mjólkur, er þar sé skylt að blanda í brauð, eða undanþiggja frá blöndun. — **4. gr.** Nú hefir landbúnaðarráðherra fyrirskipað þurrmjólkurblöndun í brauð samkvæmt lögum þessum, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á þurrmjólk, er seld sé frá vinnslustöð til brauðgerðarmanna, og hámarksverð á brauðum. — **5. gr.** Landbúnaðarráðherra felur matvælaeftirliti ríkisins að hafa með höndum eftirlit með þurrmjólkurvinnslustöðvum og með því, að ákvæðum reglugerðar, sem gefin er út samkvæmt lögum þessum, sé hlýtt. — Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðefni til rannsóknar úr brauðgerðarhúsum. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, enda skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa. — **6. gr.** Engum er heimilt að starfrækja þurrmjólkurvinnslustöð, nema með leyfi landbúnaðarráðherra. — **7. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að veita byggingarstyrk til þurrmjólkurvinnslustöðva eftir sömu reglum og gildandi eru á hverjum tíma um styrk til mjólkurbúa. — **8. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Skal fara með mál út af lögum þessum sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögum sé að ræða.

1) Rgj. nr. 80, 25. maí 1949, auglýs. nr. 151, 30. maí 1949.

1938 Nr. 22 13. jan.

f. Vatnsnot, raforka og jarðhiti.

Vatnalög.

1923 Nr. 15 20. júní

I. kafli. — Orðaskýringar. — 1. gr. Í lögum þessum merkja: — **Almenningur:** Sá hluti vatns, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna. — **Fallvatn:** Sá hluti vatnsfalls (fossar, hávaðar, strengir), sem hagkvæmt verður talið að virkja í einu lagi til orkunýtingar. — **Frumdrættir:** Mælingar, uppdrættir, lýsingar og önnur gögn til ákvörðunar á aðaldráttum fyrirhugaðra mannvirkja. — **Fullnaðardrættir:** Mælingar, uppdrættir og önnur gögn til fullkominnar ákvörðunar á fyrirhuguðum mannvirkjum. — **Hérað:** Kaupstaður, sýsla eða hreppur. — **Iðja:** Iðnaður, annar en handiðn. — **Iðjuver:** Land eða lóð, hús og önnur mannvirki, ásamt tækjum til afnota við iðju. — **Iðjuhöldur:** Eigandi iðjuvers. — **Lágflæði:** Venjulegt lægsta vatnsyfirborð. — **Landareign:** Land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verzlunarstaða. — **Orkuveita:** Útbúnaður til að veita orku úr einum stað í annan. — **Orkuver:** Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við orkuvinnslu eða breyting-

ar einnar tegundar orku í aðra. — **Sérleyfi:** Leyfi samkvæmt sérleyfislögum. — **Vatnsvirki:** Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það. — **Vatnsmiðlun:** Geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns. — **Vatnsvirkjari:** Sá maður, sem kemur fyrir neyzluvatnsæðum.

II. kafli. — Almenn ákvæði um vatnsréttindi. — **2. gr.** Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila. — **3. gr.** 1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg, og sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. — 2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist. — **4. gr.** 1. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög). — 2. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð. — 3. Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði, þá fylgir vatnsbotn landi sem þurrt land væri. — 4. Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni, þá fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum. — 5. Jafnan skal miða við lágflæði í vatni. — 6. Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera sem áður voru þau. — **5. gr.** Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur. — **6. gr.** 1. Rétt er að matsmenn ákveði og setji merki milli landareigna, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3.—5. gr. — 2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir. — **7. gr.** 1. Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið. — 2. Óheimilt er manni, nema sérstök heimild eða lagaleyfi sé til þess: a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð, b) að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því, c) að veita vatni úr landi sínu í annarra land, ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða réttindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings. — **8. gr.** 1. Nú breytist farvegur án þess af mannavöldum sé, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnot af landi annars manns, eru þau heimil, en þá getur sá maður krafizt bóta fyrir tjón og óþægindi, sem verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr. — 2. Nú líða svo tvö ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að aðilja er eigi sagt til þess, að vinna eigi verk það, er í 1. lið greinir, og skal þá, þegar verkið er unnið, bæta þann kostnað, sem að loknum áðurnefndum fresti hefir verið ráðizt í til þess að rækta farveginn og annars slíks, eða til ráðstafana, sem gerðar kunna að hafa verið til þess að nota vatnið í nýja farveginum. Nú er því lýst yfir innan 2 ára, að vinna eigi verkið, sbr. 1. lið, en verkið þó ekki unnið innan 5 ára frá því breyting varð, og má þá líta svo á sem engin yfirlýsing hafi fram komið. — 3. Nú hefir sama ástand haldizt í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo. — **9. gr.** Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrennsli ofanjarðar, svo sem hér segir, enda sé eigi önnur lögmæt skipun á gerð. — 1. Landeiganda er rétt að hagnýta sér slíkt vatn eða ráðstafa því með öðrum hætti, enda fari það eigi í bága við ákvæði 15. gr., stífla frárennsli úr því, hlaða upp bakka þess eða gera garð um það; ræsa það fram ofanjarðar eða neðan og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. — 2. Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því. — 3. Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rétt að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sé tjón það, er af verkinu hlýzt, bætt eftir mati, nema samkomulag verði. — 4. Ef

1923 Nr. 15 20. júní

vatn liggur á tveim landareignum eða fleiri, þá má enginn landeigandi fara svo með það, að hinum verði mein að. — **10. gr.**[1]) Um hveri, laugar og ölkeldur skal fara eftir 9. gr., með þeim takmörkunum, sem hér segir: a) Óheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum. b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði. — **11. gr.** Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþykktir eða annað lögmætt skipulag. — **12. gr.** 1. Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sé minnkuð eða heft aðsókn vatns að brunnum annarra manna eða vatnsbólum, nema eigi sé annars kostur eða vatnsból yrði ella mun dýrara eða vatnsaðdrættir erfiðari. — 2. Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slíkar verkanir sem mælt var. — 3. Ágreiningur um það, hvort fyrirtæki fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. liðs þessarar greinar, skal til lykta leiddur með matsgerð. — **13. gr.** Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnum og öðrum vatnsgeymum, að mönnum, skepnum og landi annarra manna stafi eigi hætta af. — **14. gr.** 1. Landeiganda einum er heimil ístaka af vatni á landi sínu. — 2. Eigi má torvelda eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli um þessi efni getur ráðherra sett eða falið héraðsstjórnum að setja. — **15. gr.**[a]) Rétt landareignar til vatns, sem á henni er, til: a) heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða, b) búsþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og c) jarðræktar, svo sem til vökvunar túna og áveitu, má eigi skilja við eignina, nema sérstök lagaheimild komi til. — **16. gr.** 1. Nú eru vatnsréttindi af hendi látin án þess að eignarréttur að landi sé jafnframt látinn, og fer þá eftir reglum um landkaup. — 2. Nú lætur maður af hendi hluta landareignar, er liggur að vatni eða á, og er þá vatnsbotn og vatnsréttindi falin í kaupinu, nema öðruvísi semji, þó svo, að sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður, haldi óskertum vatnsréttindum samkvæmt 15. gr. og hafi næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar þeim. — 3. Ef sameignarlandi er skipt eignarskiptum eða afnota, þá skulu hverri eign fylgja svo auðnotuð vatnsréttindi sem unnt er og nægt land eða næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar vatnsréttindum hennar samkvæmt 15. gr.

III. kafli. — Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. — 17. gr. Eiganda landareignar, er vatnsréttindi fylgja, er rétt að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki, til heimilis- og búsþarfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sé ekki meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangs verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minnst tjón eða bagi að. — **18. gr.** 1. Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim, er í 17. gr. segir, og á þá hver sú landareign, er tilkall hefir til þess vatns, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf og búsþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf. — 2. Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal skera úr því með mati. — 3. Ráðherra getur, að undangengnu mati samkvæmt 2. lið, skipað svo fyrir, ef nauðsyn þykir á vera vegna fyrirmæla 1. liðs, að vatnsveituvirkjum verði breytt, að þau skuli lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð. — **19. gr.** 1. Ef vatn, sem veitt er um sömu veitutæki, er notað til að fullnægja fleiri en einni af þörfum þeim, sem í 1. lið 18. gr. segir, þá skal fara um það vatn sem það væri allt haft til að fullnægja rétthæstu þörfinni. — 2. Ef skortur er á vatni til að fullnægja þörfum þeirra landareigna, er tilkall fylgir til sama vatns, má þó fara eftir ákvæðum 2. og 3. liðs 18. gr. — **20. gr.** Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörf almennings í kaupstaðnum á vatni sam-

1) Sbr. l. nr. 98, 14. maí 1940. — a) III, 145, 148.

1923 Nr. 15 20. júní

kvæmt 18. gr. — **21. gr.** Þá er bæjarstjórn hefir komið upp vatnsveitu um kaupstað, hefir hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans. — **22. gr.** ...[1]) — **23. gr.** 1. Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu, á vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götur, vegi eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað. — 2. Nú stendur svo á, að sérstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati. — **24. gr.** 1. Í reglugerð má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um meðferð á vatnsæðum, tilhögun húsæða, löggilding vatnsvirkjara, sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og önnur atriði, er vatnsveituna varða. — 2. Reglugerðir allar, þær er bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir fengið staðfesting ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitureglugerð. — **25. gr.** 1. Bæjarstjórn er rétt að taka vatn það, er hún þarf til veitunnar, úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annarra manna, enda séu þær ekki sviptar vatni því, er þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema þeim sé séð fyrir því með öðrum hætti, þeim eigi óhagfelldari. — 2. Rétt er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr samkvæmt 1. lið, að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því, nema öðruvísi semji. Svo er honum og skylt að hlíta þeim reglum, sem settar eru eða verða settar í löglega gerðum fyrirmælum um vatnsveituna. — 3. Haga skal vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minnst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef spjöll verða, þá skal þau að fullu bæta. — 4. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.[a]) — **26. gr.** Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.[a]) — **27. gr.** Ef nauðsynlegt þykir til þess að fyrirbyggja óhreinkun vatns, sem tekið er til vatnsveitu handa kaupstað, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land og láta í té landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir, sem í 26. gr. segir, gegn fullum bótum eftir mati, nema um semji. — **28. gr.** 1. Rétt er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum almennings í hreppnum á vatni, samkvæmt 17. gr. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði. — 2. Ekki má ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema rannsókn sú, er í 1. lið getur, leiði í ljós, að hagfellt sé, að öllu athuguðu, fyrir að minnsta kosti helming af fasteignum í hreppnum að gera veituna og starfrækja hana, eða það verði samþykkt á lögmætum hreppsfundi. Á þær fasteignir í hreppnum, sem ekki nota veituna samkvæmt framanskráðu, má ekki vatnsskatt leggja. — 3. Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykkt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþykktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, til oddavita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið. — 4. Hreppsnefnd semur reglugerðir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldskrá um vatnsskatt. — 5. Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 20.—27. gr. — 6. Þar sem ekki er hægt í hrepp að veita neyzluvatni með kleifum kostnaði, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað af

1923 Nr. 15 20. júní

1) L. nr. 93, 5. júní 1949, § 10, sbr. § 8 a) XXIII, 387.

a) XXIII, 387.

því, notkun, viðhald og önnur réttindi eins og að framan er mælt um vatnsveitur, að því leyti sem við á. — **29. gr.** 1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi, koma sér upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni samkvæmt 17. gr., og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla vatnsveituna, gert með sér félag, er nefnist vatnsveitufélag, en lög félagsins kallast vatnsveitusamþykkt. Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem fyrirmæli þessa kafla taka ekki til þess. — 2. Stjórn vatnsveitufélags semur samþykktir þess, þar á meðal gjaldskrá. — 3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 20.—27. gr. — **30. gr.** 1. Nú eiga 2 eða fleiri fasteign, og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta fasteignar eiga, ákveðið að gera veituna, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af henni, ef metið verður, að fasteigninni muni verða meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur. — 2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins, eða um niðurjöfnun kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa umsjón eða framkvæmd á hendi, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Rétt er að stofnkostnaður ásamt vöxtum sé greiddur í jöfnum afborgunum á 15 árum, ef aðili óskar þess. Hver aðilja, sem vill, getur beiðzt staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest. — **31. gr.** 1. Ef maður getur ekki aflað sér vatns í landareign sinni til heimilis- og búsþarfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rétt að afla þess þaðan, enda sé þar vatn afgangs frá heimils- og búsþörfum. Er honum rétt að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo lítinn usla sem unnt er og bæta tjón á landi eða vatnsbóli og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta, eftir mati, nema samkomulag verði. — 2. Gera má maður brunn eða annað vatnsból í landi annars manns, ef svo er ástatt sem í 1. lið segir. Um bætur fer þá og sem þar segir, eftir því sem við á. — **32. gr.** 1. Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar, samkvæmt 17. gr., og er honum það rétt, enda sé vatn nægt, er eigi sé notað til samkynja þarfa þeirrar eignar. — 2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 25., 26. eða 27. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeim gr. segir. — 3. Beita má ákvæðum 2. liðs 25. gr., ef vatn er tekið samkvæmt 1. lið þessarar greinar. — **33. gr.** Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinnslu, verksmiðjuiðnaðar eða annarrar iðju, og er honum þá rétt að taka til þess vatn eftir þörfum, enda sé enginn með því sviptur vatni til þarfa þeirra, er í 17. gr. segir. Svo er honum og heimilt, ef ráðherra leyfir, að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir. — Ákvæðum 2. liðs 25. gr. og 27. gr. má beita svo sem við á. — **34. gr.** Hverjum þeim, sem ekki hefir tekið í öndverðu þátt í vatnsveitufyrirtæki, er rétt að gera það síðar, enda verði það metið, að vatn sé til þess nægilegt og að það valdi eiganda veitunnar eigi verulegu óhagræði að öðru leyti.[a]) En hlíta skal hann þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði. — **35. gr.** Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir.[b]) Þó skulu fyrirmæli 34. gr. einnig taka til slíkra vatnsveitna.

IV. kafli. — Um áveitur. — 36. gr. Landeiganda er heimilt að hagnýta sér vatn, sem er á landareign hans eða um hana rennur, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sé enginn sviptur með því neyzluvatni (15. gr. a—b) né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um útvegun neyzluvatns né því spillt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi séu að. — **37. gr.** Þar sem merkivötn skilja landareignir, er hvorri rétt að nota vatnið eftir þörfum sínum. Þarfir samkvæmt 17. gr. ganga fyrir áveituþörf. Ef vatn er svo lítið, að ekki nægi báðum eða öllum, skal ákveða skipti og notkun þess með mati. — **38. gr.** Réttur til hagnýtingar á vatni til áveitu verður ekki frá landareign skilinn, sbr. þó 37. gr., nema vatnið sé tekið til neyzlu (15. gr. a—b) eða til áveitu á aðrar landareignir samkvæmt 39. gr.

a) III, 143—4, 147. — b) III, 143, 147.

Ef ágreiningur verður um það, hve mikið vatn þurfi til að fullnægja áveituþörf landareignar, skal skera úr því með mati. — **39. gr.** 1. Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa, og er þá eiganda hennar eða notanda rétt að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum: a) að enginn sé fyrir það sviptur vatni til þarfa samkvæmt 17. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun slíks vatns, né því spillt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi séu að. b) að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafizt til. — 2. Nú rís ágreiningur um, hvort taka vatns til áveitu utan landareignar þeirrar, sem vatnið er tekið í, fari í bága við framangreindar takmarkanir, og getur þá hvor aðili látið meta, hvort taka vatnsins sé heimil samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Ef taka vatnsins er metin heimil, en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun vatns til þarfa samkvæmt 17. grein eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti, þá skulu ákveðnar fullar bætur fyrir allt þetta. — **40. gr.** Sá, sem þarf að hafa afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu, getur látið matsgerð fara fram, ef samkomulag næst eigi. Ef tjón það, sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda, er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefir af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir. — **41. gr.** 1. Áveitum skal haga svo, að ekki sé neinum til baga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sé sem minnst mein að, og fella vatn aftur í fornan farveg, ef unnt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir. — 2. Nú telur einhver sér mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, krafizt matsgerðar. Nú telur matsnefnd að vísu skaða að áveitunni, en þó mun minni þeim hag, sem hinn hefir af henni, og skal áveitan þá engu að síður heimil, en fullar bætur skal meta. — **42. gr.** Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskyni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sér áveitufélag. Um félagsstofnuina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög félagsins nefnast áveitusamþykkt, en áveitan nefnist samáveita. — **43. gr.** Þegar löggilt áveitusamþykkt hefir verið sett, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveituverkinu er ætlað að ná til, skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja, er áveituna varða, svo sem land undir skurði og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir á afnotarétti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Ef eigi næst samkomulag um bætur, skal ákveða þær með mati. — **44. gr.** Kostnaði öllum af samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, sem áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð þess lands, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig land liggur við áveitunni og hver not geta orðið af henni fyrir það, í samanburði við aðrar landareignir. Matsnefnd skal skera úr, ef ágreiningur verður um niðurjöfnun. — **45. gr.** Ef einhver vill gerast hluttakandi í samáveitu eftir að henni hefir verið komið á, með þeim hætti, að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rétt til þess, ef það er að dómi matsmanna samáveitunni bagalaust. En skylt er honum þá að taka þátt í kostnaði öllum af áveitunni, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að réttri tiltölu við aðra aðilja. — **46. gr.** 1. Nú er samþykkt ger um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað af samáveitunni eða þeim hluta, sem eftir niðurjöfnun samkvæmt 44. gr. kemur á landareign hans. — [2. Nú telur stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags nauðsynlegt að taka lán til stofnkostnaðar samáveitu, og er þá hlutaðeigandi sýslunefnd heimilt að ábyrgjast lán þetta, sé það ekki tekið hjá sýslusjóði sjálfum, en hann skal tryggður með veði í jörðum þeim á áveitusvæðinu, er áveitunnar njóta, ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar og eru eign jarðeigenda, þó

1923 Nr. 15 20. júní

svo, að laust sé til frjálsra afnota jarðeigenda eða veðsetningar sem svarar 3/5 hlutum virðingarverðs hverrar jarðeignar, samkvæmt mati áður en áveitufyrirtækið var hafið, sem sýslunefnd tekur gilt, en næst þar á eftir komi veðréttur sýslusjóðs.][1]) — 3. Leiguliði á jörð, sem samáveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa landsdrottni árlega skil á upphæð, er samsvari umsjónar- og viðhaldskostnaði, að viðbættum ársvöxtum af stofnkostnaði áveitunnar, að þeim hluta, er kemur á býli hans samkvæmt niðurjöfnun. — **47. gr.** Nú hefir staðfest samþykkt verið gerð um samáveitu, en eigandi einhverrar þeirrar landareignar, sem áveitan á að ná til samkvæmt samþykktinni, neitar að taka þátt í kostnaði við áveituna, og getur þá stjórn samáveitunnar krafizt þess, að landareignin sé tekin lögnámi handa áveitufélaginu. — **48. gr.** 1. Nú eiga menn landareign í félagi, og vilja sumir veita á hana vatni, en sumir eigi, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í öllum kostnaði af því, ef metinn verður mun meiri hagnaður en kostnaður. — 2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd og umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði ásamt vöxtum skal skipt í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig að honum sé lokið á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest.

V. kafli. — Um notkun vatnsorku. — 49. gr. 1. Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi. — 2. Eigi má umráðamaður vatnsréttinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og má binda leyfið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram, eða synja um leyfið, ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta. — 3. Nú vill umráðamaður vatnsréttinda virkja fallvatn, sem nemur meiru en 500 eðlishestöflum, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sé á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sérstaklega það, að unnt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í héraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sé veittur kostur á orku úr henni með þeim hætti, að ráðherra skuli setja gjaldskrá um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, eða úrskurða ágreining um orkuverð, svo að báða aðilja skuldbindi, enda þótt engin gjaldskrá hafi verið sett. — **50. gr.** 1. Rétt er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkvæmt 49. gr., enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu. — 2. Vatnsorku þeirri, sem unnin er samkvæmt 49. gr., má umráðamaður hennar breyta í raforku og veita um landareign sína eftir raforkutaugum ofan jarðar eða neðan. — 3. Ef nauðsyn þykir á vera, getur ráðherra veitt lögnám með þeim hætti, sem í 55. gr. segir. — **51. gr.** 1. Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan rétt til að nota vatn úr þeim samkvæmt 49. og 50. gr. — 2. Nú nægir merkivatn ekki báðum landareignum, og hefir þá eigandi hvorrar fyrir sig rétt til svo mikils af vatnsorkunni, sem svarar hálfu rennsli merkivatsins og

1) L. nr. 90, 11. júní 1938, § 1.

1923 Nr. 15 20. júní

fallhæð þeirri, sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð. — **52. gr.** 1. Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin, og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera stíflu með sér og nota vatnið að réttri tiltölu. Nú verða þeir á þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiptingu kostnaðar eða vatnsnot, og skal þá skera úr með mati. — 2. Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og getur hinn þá fengið leyfi ráðherra, samkvæmt 50. gr. 3. lið, til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Skal þá venjulega áskilja það í leyfi, að stíflu verði svo hagað, að sá, sem ekki tók þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta vatns, sem hann á tilkall til, án þess að breyta þurfi stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir sérstaklega af slíkri tilhögun, skal sá greiða. Meðan hann notar ekki vatnsorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er stíflu gerði, hagnýta sér hana kauplaust. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í stíflugerð, sér síðar vatnið, eða lætur annan gera það, að einhverju leyti eða öllu, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, nema um semji. — **53. gr.** 1. Nú eiga menn í félagi tilkall til orku úr sama fallvatni, enda taki 52. gr. eigi til þess, og verða þeir ekki ásáttir, hvernig það skuli notað til orkuvinnslu, og getur þá ráðherra heimilað, að þeir, sem tilkall eiga til meira en helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins í heild sinni sé að mun hallkvæmari en hagnýting hluta innleysenda út af fyrir sig, og að ekki sé skertur réttur þriðja manns, er hann kann að hafa fengið yfir vatnsréttindunum áður en lausnar var krafizt. — 2. Sá hluti vatnsorkuréttar, er maður leysir til sín samkvæmt 1. lið, skal metinn sem hluti alls réttarins. Þó skal taka til greina, hvort sá hluti virkjunarkostnaðar, sem sérstaklega varðar innleysta vatnsorkuréttinn, er tiltölulega mikill eða lítill. — 3. Ágreiningi um atriði þau, er í grein þessari getur, skal ráða til lykta með mati. — **54. gr.** 1. Ráðherra er rétt að taka lögnámi sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, svo og orkuver eða orkuveitur, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði, og að veita orku eftir taugum ofan jarðar eða neðan til neyzlustaðanna, enda sé gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. — 2. Nú hefir ráðherra framkvæmt lögnám samkvæmt 1. lið, og skal þá fullt endurgjald koma til handa þeim, er tjón bíða af vatnstöku eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni og ekki með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um efni þau, er í þessum lið segir, skal skera úr með mati. — 3. Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ráðherra, eftir því sem á stendur, notað hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það samkvæmt sérleyfislögum, ef því er að skipta. — 4. Þegar fallvatn er tekið samkvæmt þessari grein, skal þess gætt, að héruðum í grennd við fallvatnið sé ekki gert örðugt um að afla sér nauðsynlegrar orku. — **55. gr.** Þegar ráðherra hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki. — **56. gr.** 1. Þá er ráðherra hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu, er honum, eða eftir atvikum leyfishafa samkvæmt 54. gr. 3. lið, áskilinn einkaréttur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku á því svæði. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru í því takmarki, fer þá eftir ákvæðum 57. gr. — 2. Ráðherra skal auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar. — **57. gr.** 1. Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð orkuver eða orkuveitur í því takmarki, sem auglýsing

samkvæmt 56. gr. 2. lið er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan 3 mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að ráðherra stofnsetji og starfræki orkuver eða orkuveitur innan takmarka fyrirtækisins. — 2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28, 20. okt. 1913, og lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, eru undanþegin niðurlagsákvæði 1. liðs þessarar greinar. — **58. gr.** Nú vill héraðsstjórn koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í héraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum, áður en byrjað er á verkinu, frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Samþykki ráðherra má binda skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og almenningshagsmuni, þar á meðal sérstaklega það, að unnt sé seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í landshluta þeim, sem héraðið er í. — **59. gr.** Þegar héraðsstjórn hefir ákveðið að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu og fengið til þess samþykki ráðherra, er henni rétt að taka lögnámi fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til afnota í því skyni, enda sé gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Fyrirmælum 55. gr. má og beita hér. Um bætur og annað fer eftir 54. gr. 2. lið. — **60. gr.** Þegar héraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra veitt henni einkarétt, samkvæmt 56. gr., um tiltekið árabil; þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Um orkuver, sem þar kunna að vera fyrir, fer eftir ákvæðum 57. gr. — **61. gr.** 1. Héraðsstjórn leggur orkutaugar svo, að sérhver, sem óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, nái til þeirra á jafnhentugum stað sem aðrir notendur yfirleitt. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn þykir til vegna staðhátta. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnað, nema héraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveita skuli kosta þær að einhverju leyti eða öllu. — 2. Nú vill einhver, sem býr utan takmarks orkuveitu, hvort sem er innan héraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rétt, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sér. Ef ágreiningur verður, sker ráðherra úr. — 3. Heimilt er héraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst, en þeim, er síðar koma til. — **62. gr.** 1. Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá, er héraðsstjórn semur og ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki.[a]) Gjaldskrá skal endurskoða ekki sjaldnar en 5. hvert ár. — 2. Ef árskostnaður af orkuveitu verður meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskrá, má greiða það, sem til vantar, úr héraðssjóði. Þegar þannig stendur á, er heimilt að krefja aukagjalds af notendum utanhéraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni, sem tillag héraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar samkvæmt gjaldskrá, þeim, er fengnar hafa verið innanhéraðs. — 3. Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð héraðsins. Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhéraðs þá rétt til endurgreiðslu á því, sem umfram verður, að sínum hluta. — **63. gr.** Héraðsstjórn getur sett reglur, með samþykki ráðherra, um notkun raforkunnar, meðferð á raforkutækjum og önnur atriði, er orkuveitu varða. — **64. gr.** 1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi koma sér upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem nota ætla orkuveituna, gert með sér félag, er nefnist orkuveitufélag, en lög félagsins nefnast orkuveitusamþykkt. Um félagið fer eftir á-

a) XXIII, 663.

kvæðum XI. kafla, að því leyti sem ekki er sérstaklega um mælt í þessum kafla. — 2. Samþykki ráðherra slíku félagi til handa má, auk þess, sem segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sérleyfislögum. — 3. Að öðru leyti gilda reglurnar í 58.—63. gr., þannig, að í stað héraðsstjórnar kemur stjórn orkuveitufélags og í stað héraðs kemur orkuveitufélag. — **65. gr.** 1. Nú vill einstakur maður afla sér raforku og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn, sem annar hefir umráð yfir, og getur þá ráðherra leyft það, ef hann á ekki kost nægilegrar raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki umráð yfir öðru fallvatni, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að virkja það, enda verði hagur hans af vatnstökunni talinn mun meiri en tjón hins af missi þess. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn til notkunar samkvæmt III. og IV. kafla. — 2. Ráðherra getur veitt leyfi til lögnáms samkv. 55. gr. — 3. Ef taka á til notkunar fallvatn, sem nemur meira en 500 eðlishestöflum, eða hluta úr því, getur ráðherra enn fremur sett þau skilyrði, er í 49. gr. 2. og 3. lið segir. — 4. Um bætur fer samkvæmt 54. gr. 2. lið. — **66. gr.** Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. og 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rétt að krefjast þess, enda hafi rétturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látin í té raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu. Samsvarandi gildir, ef svo er ástatt, sem í 53. gr. segir, þó svo, að heimta má endurgjald í orku, þótt orkunýtingarréttur hafi verið skilinn við landareign. — **67. gr.** Nú vill landsdrottinn ekki kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrottni skal þá skylt að kaupa veitutækin eftir mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sé orka þá vís framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár, og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá, og sé kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

VI. kafli. — Um vatnsmiðlun. — 68. gr. 1. Ráðherra er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi. — 2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir ráðherra heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr. — 3. Nú hefir ráðherra komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og getur hann þá ákveðið, að eigendur orkuvera og annarra atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í ríkissjóð, er ákveðið sé þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu réttri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans en það, sem þarf til að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald þess og starfrækslu og fyrna stofnkostnaðinn á 40—60 árum. Ef ágreiningur verður um niðurjöfnun stofnkostnaðar, skal skera úr með mati. — 4. Ráðherra getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem honum þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn. — **69. gr.** 1. Ráðherra getur veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir, til þess að gætt sé hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna. — 2. Umráðamenn vatnsréttinda skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, sem þeir hafa umráð yfir eða gera með sér félag í því skyni. — **70. gr.** 1. Nú vill hérað, orkuveitufélag eða einstakir menn eða félög framkvæma vatnsmiðlun til afnota handa orkuveri, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafla, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrirtækið sé einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafla 58.—65. gr. ná til miðlunarfyrirtækisins að því leyti sem þau geta átt við. Þó skal ávallt þurfa sérstakt leyfi til miðlunar: a) Þegar fyrirtækið getur haft í för með sér skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall eða veiði eða notkun vatnsins til áveitu eða annars, svo að verulega muni um. b) Þegar það veldur því, að land eða landsnytjar komast svo undir vatn eða spillast svo, að telja megi verulegt tjón að. c) Þegar það getur að öðru leyti valdið öðrum tjóni eða skaðlegri breytingu á landsháttum, svo að verulegt megi teljast. d) Þegar forræðis eða afnota þarf af landi annarra eða réttindum, enda verði ekki allir rétthafar sáttir á framkvæmd verksins. — 2. Framangreind ákvæði taka og til breytinga á eldri miðlunarvirkjum. — 3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og

til mannvirkja og fyrirtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni. — 4. Bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjum skal greiða eftir mati, ef ekki verður samkomulag.[a]) Ennfremur má binda miðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrir fram bætur að öllu leyti eða einhverju eða setji tryggingu fyrir þeim. — **71. gr.** Nú þykir efasamt, hvort svo er ástatt, sem í 70. gr. 1. lið a—d segir, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða hag sinn, krafizt matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða ráðherra með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund, með þeim hætti, er þeir telja fullnægjandi, þeim, er ætla má, að eigi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda. — **72. gr.** Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum baga eða tjóni, má venjulega ekki veita, nema telji megi tjónið eða bagann lítils virði, borið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sér, enda sé einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess. —**73. gr.** Af hendi landsstjórnarinnar skal hafa sérstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar vatni í miðlunarskyni, og er eigendum mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar verða til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir þeim fyrirskipunum, sem gerðar verða vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna. — **74. gr.** 1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 69. eða 70. gr., má eigi niður leggja, nema ráðherra leyfi. — 2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem ráðherra heimtar, til að afstýra hættu eða tjóni þar í grennd eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið. — 3. Greiða skal bætur fyrir tjón eða óhagræði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati, ef ekki semur. Bótaskyldan hvílir á eiganda miðlunarvirkja.

VII. kafli. — Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna. — 75. gr. 1. Rétt er ríkinu, héruðum, vatnafélögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnytjar við spjöllum af landbroti eða árennsli vatns. — 2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annarra manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr. — 3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða réttindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því aðeins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna. — 4. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annarra, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur. — **76. gr.** 1. Nú framkvæmir ríkið fyrirtæki þau, er í 75. gr. segir, og getur ráðherra þá ákveðið, að þeir, sem hafa hag á landi sínu eða landsnytjum af þeim, skuli taka þátt í kostnaði öllum eða í þeim hluta kostnaðar, sem ráðherra ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati. — 2. Samskonar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut á að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða réttinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnytjum, geta ekki komið sér saman um að vinna verkið í félagi. — 3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og með sama hætti leggja á til að standa straum af tiltölulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar við spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, til þurrkunar lands, fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnsorku. — **77. gr.** Tillög samkvæmt 76. gr. má taka lögtaki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykkt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar, að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur hverju sinni. Ef lán hefir verið tekið til fyrirtækisins, þá skulu vextir vera hinir sömu, sem greiddir eru af lánsfénu, en ella 5% árlega.

VIII. kafli. — Um þurrkun lands. — 78.

a) II, 1123.

1923 Nr. 15 20. júní

gr. 1. Veita má maður bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því, er við tekur, enda megi hann ekki við það losna með öðrum hentugum hætti.[a]) Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annarra eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið, að eigi verði verulegt tjón á landi annarra manna. Bæta skal tjón, er hlýzt af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra af skurðum, er bóta krefja. — 2. Ekki má veita vatni úr skurðum eða vatnsrásum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, í lokræsi á landareign annarra manna, nema matsnefnd telji bagalaust. — **79. gr.** 1. Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er honum skylt að taka þátt í kostnaði að skurðgrefti og viðhaldi skurðanna, sbr. 80. gr. — 2. Nú vill maður veita bagalegu vatni frá sér yfir landareign annars manns samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum fyrrnefnda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal hann kosta viðhald skurðsins að sínum hluta. — **80. gr.** Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sér samkvæmt 78. gr. yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd skera úr því, hvort þá fráveitu verði að telja hagkvæma og hvort hagurinn megi teljast meiri en óhagræði hins. Ef hagurinn verður talinn mun meiri, þá skal ákveða stefnu skurðsins, lengd hans, dýpt og breidd, hvenær hann skuli gerður, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Þá skal og meta bætur og skera úr því, hvort landeigandi skuli taka þátt í kostnaði og viðhaldi, og að hve miklu leyti. — **81. gr.** Ráðherra getur heimilað lögnám á mannvirkjum, landi og réttindum, ef skilyrði 72. gr. eru fyrir hendi, í því skyni að þurrka vatn, tjarnir eða mýrlendi eða til þess að víkka eða rétta farveg eða til að veita burt vatni með öðrum hætti, til að auka land eða bæta það. — **82. gr.** 1. Ákvæði 48. gr. taka og til landþurrkunar. — 2. Rétt er mönnum að gera með sér félag til þess að þurrka land. Slík félög nefnast landþurrkunarfélög og lög þeirra landþurrkunarsamþykktir. Um félög þessi fer eftir 42.—44., 46. og 47. gr., svo sem við á, og XI. kafla laga þessara.

IX. kafli. — Um óhreinkun vatna. — 83. gr. 1. Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa um vötn í skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkennda, sem spilla mundu botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu, svo að hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sé við að þau berist í það. — Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hér segir: a) Ef neyzluvatni er spillt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafngott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnsbóli jafngóðu. b) Ef veiði er spillt, skal skylda iðjuhöld til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum. c) Iðjuhöldur skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af fráfærslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.[a]) — 3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji. — 4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hve nær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna. — 5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotizt, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið. — **84. gr.** Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau, á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. segir, ef hætt er við að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás. — **85. gr.** Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur sett reglur til verndar gegn skaðlegri óhreinkun vatns, þó eigi verði af völdum iðjuvera, þegar vatn er óhreinkað í annarri sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ekki orðið ásáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli er til lykta ráðið, skal leita álits þeirra heilbrigðisnefnda eða hreppsnefnda, sem málið varðar.

X. kafli. — Um holræsi.[b]) — **86. gr.** Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrennsli í kaupstaðnum.

a) XXIV, 462.

a) II, 1123. — b) XVI, 424, 421.

— **87. gr.** 1. Bæjarstjórn er rétt að leggja gjald á hús og lóðir í kaupstaðnum til þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjald má miða við virðingarverð fasteigna eða við stærð lóða eða við hvorttveggja.[a]) — 2. Sérstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrennsli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sérstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skólpi. — 3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin. — 4. Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjald má taka lögtaki, þegar ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. — **88. gr.** 1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyrr en svo er. — 2. Skylt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp allt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað. — 3. Nú stendur svo á, að sérstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi frá sér með öðrum hætti, er heilbirgðisnefnd telur fulltryggan, enda verði ekki metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði. — **89. gr.** Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðarræsa, að regnvatni skuli í þau veita, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innanhúss, um gerð þeirra og notkun, um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð holræsa lýtur. — **90. gr.** Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, sem bæjarstjórn semur, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð. — **91. gr.** 1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppssjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði. — 2. Þá er hreppsnefnd hefir samþykkt að leggja holræsi samkvæmt 1. lið, skal senda samþykktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþykktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið. — 3. Hreppsnefnd semur samþykktir allar um holræsi, þar á meðal um holræsagjald. — 4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 87.—90. gr. — **92. gr.** 1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er sérstakur hreppur eða hverfi, leggja holræsi um kauptúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sér félag, er nefnist holræsafélag, en lög félagsins nefnast holræsasamþykkt. Um félagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti, sem ákvæði þessa kafla taka ekki til þess. — 2. Stjórn félagsins semur samþykktir þess, þar á meðal ákvæði um holræsagjald. — 3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 87.—90. gr., að því leyti, sem við á. — **93. gr.** 1. Nú eiga menn landareign í félagi og vilja sumir leggja holræsi til að veita skólpi og afrennsli frá henni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af því, ef metið verður nauðsynlegt sakir heilbrigði eða þrifnaðar að leggja ræsin. — 2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd eða umsjón verks-

a) V, 937.

1923 Nr. 15 20. júní

ins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði, ásamt vöxtum, skal skipt í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig, að lokið sé á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest. Ákvæðum 2. liðs 87. gr. skal beita, eftir því sem við á, er skipta skal viðhaldskostnaði. — **94. gr.** 1. Rétt er þeim, er eigi hefir tekið í öndverðu þátt í lagningu holræsa, að veita í þau um holræsi skólpi og afrennsli frá sér, en greiða skal hann fyrir það tiltölulegan hluta stofnkostnaðar, að frádreginni fyrningu á ræsi, sem orðin er, þegar hann byrjar íveitu sína, svo og greiða tiltölulegan hluta rekstrarkostnaðar og viðhalds. — 2. Nú þarf að breyta ræsi vegna íveitu í það, samkvæmt 1. lið, og skal þá sá, er íveitunnar æskir, greiða allan kostnað af breytingunni. Eigandi ræsis má velja um að vinna verkið sjálfur eða láta hinn um það. — 3. Rétt er þeim, er þykir það máli skipta, að krefjast þess, að holræsi sé svo úr garði gert í öndverðu, að það megi taka við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka, er af því stafar. — 4. Sá, er neytir réttar síns samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar, skal setja nægilega tryggingu fyrir því, er honum ber að greiða, ef þess er krafizt. — 5. Ef einhver aðilja þeirra, er í 86., 91., 92. eða 93. gr. segir, hafa veitt læk eða annarri vatnsrás, er um byggð rennur og ber fram skólp, í holræsi eða undirgöng, er rétt að láta endurgjaldslaust í lækinn eftir sem áður skólp frá landareignum, er ofar liggja við hann, þótt þær hafi ekki tekið þátt í ræsisgerðinni. Ef breytingar verða á skólpi frá slíkum landareignum, er geri viðhald ræsivirkisins kostnaðarsamara eða rekstur dýrari, getur eigandi virkisins þó krafizt endurgjalds. — 6. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari segir, skal skera úr honum með mati. — **95. gr.** 1. Skyldu manns til að inna af hendi þær greiðslur, er í 93. og 94. gr. segir, hefur frá þeim degi, er ræsivirki var svo úr garði gert, að hann mátti nota það, ef hann vildi, nema matsnefnd þyki annað sannara. — 2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhalds ræsivirkja samkvæmt 93. og 94. gr. skulu gilda um næstu 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja, sem vill, krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var byggt á, hefir breytzt að mun. Ef ekki takast samningar, skal matsnefnd skera úr, og er sá úrskurður hennar gildur um annað 5 ára skeið. — **96. gr.** 1. Ef halda þarf á landi annars manns vegna ræsivirkja, þá er honum skylt að láta af hendi til þess, enda séu skilyrði 72. gr. fyrir hendi, land, mannvirki og landsafnot og að þola nauðsynlegar eignarkvaðir, eftir því sem matsnefnd telur með þurfa, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, ef ágreiningur verður. — 2. Holræsi, sem lögð eru um land annars manns samkvæmt 1. lið, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sé skaðlaust og bagalaust, þótt þau séu ekki svo úr garði gerð. — **97. gr.** 1. Nú hefir holræsi verið lagt um land annars manns samkvæmt 96. gr. og verður honum til mikilla óþæginda eða tjóns, og getur hann þá krafizt þess, að það verði flutt á annan stað í landareign hans. Landeigandi kostar flutninginn, nema hann hafi eigi fengið bætur fyrir tjón það eða óþægindi, sem hér segir, þegar bætur voru goldnar samkvæmt 1. lið 96. gr. Skal ræsiseiganda þá rétt að velja um að greiða bætur fyrir slíkt tjón eða kosta sjálfur flutninginn. Ef ágreiningur verður um það atriði, er í þessum lið segir, sker matsnefnd úr. — 2. Ef svo stendur á, sem í 1. lið segir, en ræsið verður ekki flutt á annan stað í landi manns, þá getur hann heimtað það flutt á land þriðja manns, ef metið verður, að þar muni verða mun minna tjón að því. Um kostnað af flutningnum fer eftir 1. lið. — **98. gr.**[a]) 1. Lög þessi taka ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í gildandi rétti áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu 89., 90. og 94. gr. 1. og 2. liður, sbr. 4. lið, og 97. gr. einnig taka til eldri holræsa. — 2. Ákvæði laga þessara um holræsi eru því ekki til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþykktum og heilbrigðissamþykktum fyrirmæli um holræsi og fráræslu samkvæmt lögum um heimild til að gera slíkar samþykktir.

XI. kafli. — Um vatnafélög. — 99. gr. 1. Rétt er mönnum að gera með sér félag um: a) Vatnsveitu (III. kafli, 29. gr.). — b) Áveitu (IV. kafli, 42. gr.). — c) Orkuver eða orkuveitu (V. kafli, 64. gr.). — d) Vatnsmiðlun (VI. kafli, 70. gr.). — e) Varn-

a) XVI, 424.

ir við ágangi vatns (VII. kafli, 75. gr.). — f) Landþurrkun (VIII. kafli, 82. gr.). — g) Holræsi (X. kafli, 92. gr.). — 2. Fara skal um slík félög svo sem í þessum kafla segir, enda sé ekki öðruvísi um mælt í lögum þessum. — **100. gr.** Sá eða þeir, er stofna vilja félag í einhverjum þeim tilgangi, er í 99. gr. 1. lið segir, skulu kveðja til fundar eigendur þeirra landareigna, sem ætla má, að fái tekið þátt í fyrirtækinu. Skal ræða þar málið og bóka fundargerð. Þeir, er mæla með stofnun félagsins, geta síðan leitað álits kunnáttumanna og aflað sér frumdrátta að fyrirhuguðum mannvirkjum og annarra gagna, á sinn kostnað, en telja má þann kostnað til stofnkostnaðar, ef félagið verður stofnað. — **101. gr.** 1. Nú hafa frumkvöðlar félagsstofnunar samkvæmt 99. gr. 1. lið aflað sér þeirra gagna, sem í 100. gr. segir, og skulu þeir þá semja frumvarp til samþykktar handa félagi því, sem í ráði er að stofna, og skrá yfir þær landareignir, sem þeir ætlast til, að verði í félaginu. Skal frumvarpið, landeignaskráin, frumdrættir, uppdrættir, kostnaðaráætlanir og önnur gögn, er félagið varða, lagt fram á hentugum stað til sýnis þeim, er ætlazt er til að taki þátt í félagsskapnum. Skal framlagning skjalanna auglýst með þeim hætti, sem þar er vani að birta auglýsingar, sem almenning varða, eða bréflega tilkynnt hverjum þeim, er málið varðar. Skulu skjölin liggja til sýnis að minnsta kosti 2 vikna tíma. — 2. Nú er frestur samkvæmt 1. lið liðinn, og er þá frumkvöðlum félagsskaparins rétt að boða þá menn alla, er ætlazt er til að verði í félaginu, á fund. Skal fundarboð birta með þeim hætti, sem í 1. lið segir. Á fundi þessum skal enn ræða málið og afráða um félagsstofnun, nema enn þyki þörf rækilegri undirbúnings. Ef ⅔ eigenda **landareigna** þeirra, sem ætlazt er til að taki þátt í félagsskapnum, og sé **eitt** atkvæði fyrir hverja **landareign**, samþykkja stofnun félagsins, þá er hinum skylt að gerast félagar. — 3. Ákvæði 2. liðs um félagsskyldu taka ekki til félaga samkvæmt 99. gr. 1. lið c og d. Ef vatnsmiðlun er aðeins liður í einhverju fyrirtæki, sem 99. gr. 1. liður tekur til, öðru en orkuveri eða orkuveitu, er félagsskapur um miðlun þó sömu lögum háður sem félagsskapur um það fyrirtæki. — 4. Nú er jörð í byggingu, og er leiguliða þá rétt að gerast félagi, ef landsdrottinn vill ekki og er óskylt að taka þátt í félagsskapnum, en skylt er landsdrottni, þegar leiguliði fer frá jörð, að kaupa eftir mati þau mannvirki og tæki, sem leiguliði hefir gert eða sett á jörðina eða í samband við hana eða mannvirki á henni. Þó aðeins að svo miklu leyti, er metið verði jörðinni til varanlegra bóta. — **102. gr.** 1. Þegar ákveðið hefir verið að stofna félag, skal samþykkt þess sett svo fljótt sem unnt er. — 2. Í samþykkt skulu vera ákvæði um: a) Nafn félags, heimilisfang þess og varnarþing. b) Verkefni félags. c) Um skipun félagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda. d) Hvaða landareignir taki þátt í félaginu, svo að eigi verði um það villzt, og um atkvæðisrétt á félagsfundum. e) Reikninga og bókhald félagsins og endurskoðun. f) Hvernig boða skuli til félagsfunda, hvenær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti. g) Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefir í för með sér. h) Hvaða kvaðir eða eignarhöft leggist á landareignir þær, sem þátt taka í félagsskapnum. i) Sektir fyrir brot félaga á ákvæðum samþykkta. j) Hvaða reglum skuli eftir farið, ef breyta á samþykktum félagsins. k) Hvernig fara skuli um félagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins. — **103. gr.** Í samþykkt má setja ákvæði um skipun gerðardóms til að skera úr ágreiningi um félagsmálefni milli einstakra félaga eða milli félagsstjórnar og einstaks eða einstakra félaga, ef báðir aðiljar óska gerðardóms. — **104. gr.** 1. Samþykkt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal félagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt eða annað, sem félagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykkt megi staðfesta, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykkt brjóta bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna. — 2. Ef gjaldskrá er send til staðfestingar, skal fara um það eftir 1. lið. — 3. Halda skal allsherjarskrá yfir öll vatnafélög, samkvæmt reglum, er ráðherra

1923 Nr. 15 20. júní

setur. Staðfestar samþykktir og gjaldskrár skulu birtar í B-deild Stjórnartíðindanna. — 4. Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu, á félagsins kostnað, um stofnun þess, og skal verkefnis þess geta, heimilisfangs og varnarþings, svo og hver eða hverjir séu í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni. — **105. gr.** Nú vilja menn breyta staðfestri samþykkt eða gjaldskrá, og er breytingin lögmæt, ef svo er með farið, sem í 104. gr. segir. — **106. gr.** 1. Árstillög félagsmanna skulu ákveðin svo, að þau nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og viðhalds. Ennfremur skal, ef félagsstjórn samþykkir eða ráðherra þykir það nauðsynlegt, leggja hæfilegt fyrningargjald í varasjóð, og skal það einnig innifalið í árstillögunum. — 2. Gjöld, sem ákveðin eru eða jafnað er niður samkvæmt staðfestri samþykkt eða gjaldskrá, má taka lögtaki. — 3. Gjöld samkvæmt 1. lið skulu eiga sama forgöngurétt í gjaldþrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins. — 4. Eignir félags standa fyrir skuldum þess. Enginn félaga ber framar ábyrgð á þeim en að þeim hluta, er honum er gert að greiða samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu félagsákvæði. — **107. gr.** 1. Brot gegn félagssamþykktum má láta varða allt að 500 kr. sektum, og skulu þær renna í félagssjóð. — 2. Sektir má taka fjárnámi. — 3. Með mál út af brotum á samþykktum skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því aðeins höfða, að félagsstjórnin, sá, er sérstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess. — **108. gr.** 1. Á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé um mælt í lögum þessum. Í stjórn eru þeir réttkjörnir, sem flest fá atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg, skal hlutkesti ráða. — 2. Ef sérstök ástæða þykir til vera, má ákveða í samþykkt, að aukinn meiri hluta skuli þurfa til ákvörðunar um einstök félagsmálefni, önnur en þau, sem sérstaklega er um mælt í lögum þessum. — **109. gr.** Ráðherra eða sá, er hann felur það, lítur eftir því, að félagsstjórn fari eftir samþykktum félagsins og öðrum ákvæðum um félagsskapinn. Er eftirlitsmanni heimilt að kynna sér starfsemi félagsins í því skyni, þar á meðal reikninga þess og fjárhag, en leyna skal hann óviðkomandi menn því, er hann kemst að um þau efni. — **110. gr.** 1. Rétt er að taka nýja menn í félag, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, og sé slíks máls getið í fundarboði, enda sé það ekki skylt samkvæmt sérákvæðum laga þessara um einstök vatnafélög. — 2. Ef veruleg breyting verður á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna, eða verkefni félaga breytist verulega fyrir þá sök, skal fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins. Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi efni. — 3. Nú bætist nýr maður í félag, og skal hann þá greiða að sínum hluta þar frá þau gjöld, sem á félögum hvíla, og með sama hætti sem aðrir félagar, nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna, til þess að geta notað mannvirki félagsins. — **111. gr.** 1. Segja má maður sig úr félagi, ef a) ⅔ hlutar félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundi, b) svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af félagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi skal skera með mati, en skjóta má því til fullnaðarúrskurðar ráðherra. — 2. Ef maður segist úr félagi, þá ábyrgist hann þau gjöld, er á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma, er hann fer úr félaginu. Ef ágreiningur verður, má skjóta honum til ráðherra, og getur hann ákveðið, að meira skuli gjalda en nú var sagt. — **112. gr.** 1. Félagi skal slíta: a) Ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar sinnar. b) Ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess. c) Ef það kemur síðar í ljós, að ekki er unnt að ná takmarki því, er félagið setti sér, eða það er svo miklum örðugleikum bundið, að ókleift eða illkleift þykir að halda félagsskapnum áfram. — 2. Ágreiningi um það, hvort skilyrði félagsslita samkvæmt 1. lið c séu fyrir hendi, skal til lykta ráðið með matsgerð. Skjóta má því mati undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar. — **113. gr.** 1. Ef helmingur félaga eða meira krefst þess, er skylt að kjósa skiptanefnd til að standa fyrir skilum félagsbúsins og skiptum, og fer um vald hennar sem skiptaforstjóra án dómsvalds. — 2. Ef eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum, skal því, er á vantar, skipta á félaga að réttri tiltölu við félagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu félagsákvæði. Félagi hver ábyrgist einungis sinn hluta. —

1923 Nr. 15 20. júní

3. Um skiptin fer annars samkvæmt ákvæðum skiptalaganna. — Að loknum skiptum skal skjölum félaga og bókum skilað í Þjóðskjalasafnið. — 5. Jafnskjótt sem félag er tekið til skipta, skal félagsstjórn, ef hún fer með skipti, en ella skiptanefnd eða skiptaráðandi, tilkynna til félagaskrár, að félag sé tekið til skipta. Þegar skiptum er lokið, skal og tilkynna það með sama hætti. Skal gera athugasemdir um þessi atriði í félagaskrá og birta tilkynningar eða ágrip þeirra í Lögbirtingablaðinu á kostnað félags. — **114. gr.** Ákvæði þessa kafla skulu ekki taka til félaga, sem stofnuð eru og samþykktir þeirra staðfestar áður en lög þessi koma til framkvæmdar. Þó skulu slík félög fullnægja ákvæðum laga þessara, þeim er hér segir: a) Tilkynningu skulu þau senda mánuði eftir að lög þessi ganga í gildi um þau atriði, er í 104. gr. 4. lið segir, og skal þegar birta hana í Lögbirtingablaðinu og á félagsins kostnað og skrá hana í félagaskrá. b) Ef breyta á samþykktum eða gjaldskrá eldri félaga, skal fara eftir 105. gr. laga þessara, eftir því sem við á. c) Ákvæðum 109.—113. gr. laga þessara skal beita um eldri félög, nema þau brjóti bág við staðfestar samþykktir þeirra.

XII. kafli. — Um almenna umferð um vötn. — 115. gr. Öllum er rétt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Sama er um vötn, sem hér eftir verða skurðuð eða gerð umferðarhæf með öðrum hætti. Þó getur ráðherra bannað almenningi umferð um skurð eða vatn, ef nauðsynlegt þykir vegna mannvirkja í eða við vatn. — **116. gr.** 1. Rétt er ríkinu og héruðum þeim, er vegamál hafa með höndum, að gera hverskonar mannvirki í vatni og við vatn í því skyni að gera vatn skipgengt eða til að gera færa ísaleið um vötn. — 2. Ráðherra getur veitt félögum og einstaklingum leyfi til að gera mannvirki með þeim hætti og í þeim tilgangi, sem í 1. lið greinir. — 3. Þeir, sem framkvæma fyrirtæki samkvæmt 1. og 2. lið, hafa sama rétt til eignarnáms á landi og mannvirkjum og afnota af landi í þarfir fyrirtækjanna sem ákveðinn er í lögum um vegagerð ríkis og héraða. — **117. gr.** Eigendur og notendur landareigna eiga rétt til bóta, eftir mati, nema um semji, fyrir tjón, sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sé hvorki að kenna ásetningi né ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau, er fyrir skemmdum hafa orðið, verði eigi notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum. — **118. gr.** 1. Ákvæði 115.—117. gr. taka og til viðarfleytingar, sem framkvæmd er að ráðstöfun stjórnarvalda og undir eftirliti þeirra. — 2. Ráðherra getur veitt leyfi til að ákvæði 115.—117. gr. megi einnig taka til annarrar viðarfleytingar en slíkrar, sem í 1. lið segir. — **119. gr.** 1. Öllum, sem nota vötn til umferðar eða fleytingar, er skylt að gæta þess að gera sem minnstar skemmdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það. — **2.** Þeir, sem vötn nota til umferðar eða fleytingar samkv. löglegri heimild, hafa rétt til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg eru vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unnt er og bæta skemmdir að fullu, eftir mati, nema samkomulag verði. — **120. gr.** Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu umferðar um vatn, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta þá eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði af þeim ráðstöfunum.

XIII. kafli. . . .[1])

XIV. kafli. — Almenn ákvæði um vatnsvirki. — 131. gr. 1. Mannvirki öll, sem í vatn eru sett, við það eða yfir því, eða gerð eru til að geyma vatn eða veita því, skulu að gerð, undirstöðum, efni og verki fullnægja þeim kröfum, er verða með sanngirni settar til þess að afstýra hættu fyrir líf manna, hagsmuni ríkis eða almennings, tjóni á eignum eða réttindum einstakra manna eða óhagræði fyrir þá. — 2. Önnur verk í vatni skal og vinna svo, að sæmileg trygging sé gegn slíkri hættu, tjóni og óhagræði. — **132. gr.** 1. Eigandi mannvirkja þeirra, er í 131. gr. segir, skal halda þeim óaðfinnanlega við, ef spjöll á þeim geta valdið tjóni, hættu eða óhagræði. — 2. Heimta má, að brýr, stíflur og önnur vatnsvirki verði endurbyggð eða þeim breytt, ef það þykir nauðsynlegt vegna

1) L. nr. 61, 23. júní 1932, § 94 og nú l. nr. 112, 9. okt. 1941.

umferðar, fleytingar eða fiskgöngu, enda sé því eigi samfara stórkostlegt óhagræði eða notagildi mannvirkis rýrni að mun, en bæta skal virkiseiganda allan kostnað. Matsnefnd úrskurðar ágreining. — **133. gr.** 1. Áður byrjað sé að gera ráðstafanir þær, er nú skal greina, skal tilkynna ráðherra það og fá leyfi hans, enda sé ekki leyfis eða samþykkis krafizt samkvæmt öðrum fyrirmælum laga þessara: — a) Ef gera á mannvirki eða vinna önnur verk, er breytingu valda á vatnsborð, straumstefnu eða straummagn, svo sem stíflur, dýpkun eða grynnkun farvegar eða rétting, nema sýnt sé, að ekki hljótist af hætta, tjón eða óhagræði samkvæmt 131. gr. — b) Ef gera á mannvirki, er tálma mundu umferð um vatn, enda hafi ráðherra auglýst áður í Lögbirtingablaðinu þrisvar sinnum bann við mannvirkjagerð í því vatni, við það eða yfir því, með þeim hætti, að hún yrði umferð eða fleytingu til trafala. — c) Ef setja á mannvirki í vatn, sem tálma myndi fiskiför í því, nema heimilt sé samkvæmt veiðilögum eða samþykktum, settum með heimild í þeim. — d) Ef þurrka á vatn, enda nemi þurrkunin 50000 fermetrum. — e) Ef rífa á eða taka burtu mannvirki, breyta þeim eða endurbyggja þau, og svo er ástatt, sem í stafl. a—d segir. — 2. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna og að fyrirtækið komi að almenningsnotum, ef því er að skipta, svo og að bætur fyrir tjón af fyrirtæki séu fyrirfram greiddar eða trygging sett. Ef talið er, að fyrirtæki muni valda hættu, óhaghæði eða tjóni, má ekki leyfa það, nema ætla megi, að hagur af því verði mun meiri en sem hættu, tjóni eða óhagræði nemi. Leyfishafi ábyrgist ekki óhagræði, sem almenningur eða ríkið kann að verða fyrir af leyfðu fyrirtæki, nema það sé tilskilið í leyfi. — 3. Leyfi er því ekki til fyrirstöðu, að síðar megi krefjast nauðsynlegra breytinga á mannvirkjum, leyfishafa að kostnaðarlausu, ef sýnt verður, að þeirra sé þörf. — 4. Ef leyfi er veitt til að hækka eða lækka vatnsborð, skal venjulega taka það fram, hversu mikið það megi vera, og ef hækkun er leyfð, þá skal setja vatnshæðarmerki á kostnað leyfisbeiðanda. — 5. Ráðherra getur ákveðið, að vatnsvirki skuli tilkynna, enda þótt eigi þurfi leyfi til þeirra. — **134. gr.** 1. Rétt er hverjum þeim, er telur hættu, tjón eða óhagræði munu verða af fyrirhuguðu mannvirki, slíku sem í 131. gr. segir, að láta fara fram matsgerð um það, hvort og hvernig verkið verði unnið án þess. — 2. Nú verður metið, að hvorki verði tjón, hætta né óhagræði af verkinu, og má þá þegar vinna það, en bæta skal þá tjón það, er síðar kemur í ljós, enda sé bóta krafizt innan 5 ára frá lokum þess almanaksárs, er verkið var fullgert. — **135. gr.** Nú byrjar maður verk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum þessum samkvæmt, vinnur verk verr en lög, leyfi eða samþykki tilskilja, heldur mannvirkinu verr við en skyldi, rífur þau eða tekur þau ólöglega á brott, og er ráðherra þá rétt að banna framhald verksins, fyrirskipa endurbætur eða láta vinna þær, eða rífa mannvirki, allt á kostnað eiganda, og eftir því sem við þykir eiga hverju sinni, enda verði það nauðsynlegt talið vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna. — **136. gr.** 1. Sá, er framkvæmir eða lætur framkvæma verk á leyfis eða samþykkis, sem áskilið er í lögum þessum, ábyrgist allt tjón, sem af verkinu hlýzt, enda þótt eigi sé um að kenna göllum eða misfellum á verkinu eða gáleysi hans eða manna hans. — 2. Eigandi mannvirkis og sá, er annars lætur vinna verk í vatni, ábyrgist tjón af því, enda þótt eigi verði gáleysi um kennt: a) Ef mannvirkið er ekki svo úr garði gert sem í 131. gr. segir eða áskilið er í leyfi eða samþykki. b) Ef brestur verður á viðhaldi þess. c) Ef maður vinnur annars eða lætur vinna verk í vatni án þess að fara svo með sem tilskilið er í 131. gr. 2. lið eða til er tekið í leyfi eða samþykki. — 3. Ábyrgð samkvæmt 1. og 2. lið tekur einnig til síðari eigenda. — 4. Nú er mannvirki löglega rifið eða tekið burt eða hætt að halda því við, og skal þá eigandi bæta eftir mati, ef ekki semur, tjón það, er af þeirri ráðstöfun hlýzt. Eigi skal þó bæta tjón eða óhagræði, sem annar maður verður fyrir vegna missis þess hagnaðar, er hann hafði af mannvirkinu, nema hann hafi beinlínis eða óbeinlínis goldið fyrir þann hagnað. — 5. Ríkið ábyrgist ekki tjón af mannvirkjum eða verkum, er leyft er að vinna.— **137. gr.** 1. Ráðherra eða umboðsmaður hans hefir eftirlit með meiri háttar vatnsvirkjum og verkum. Er umráðamönnum skylt að veita eftirlitsmanni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlitsins og aðgang að mannvirkjum og verk-

1923 Nr. 15 20. júní

um til að rannsaka þau. — 2. Ef mannhætta eða eignatjón að ráði getur stafað af vatnsvirki eða vatnsverki, getur ráðherra skipað sérstakan eftirlitsmann eða forstöðumann fyrir verkinu á kostnað eiganda, og skal eftirlitsmaður eða forstöðumaður gæta þess, að verkið sé unnið samkvæmt því, er samþykkt hefir verið í leyfi eða samþykki eða mælt í lögum. — 3. Ef fyrirmælum eftirlitsmanns er ekki hlýtt, getur hann bannað framhald verksins þar til úrskurður ráðherra er fenginn. — **138. gr.** 1. Eiganda lands og notanda er skylt að þola það, að hallamælingar og önnur undirbúningsstörf og rannsóknir, sem nauðsynleg eru til framkvæmda fyrirhugaðra vatnsvirkja, fari fram á landi hans, enda sé honum bætt tjón, sem af því hlýzt, eftir mati, ef ekki semur. — 2. Nú láta aðrir en ríkið, héruð eða vatnafélög með staðfestri samþykkt slík undirbúningsstörf fara fram, og er þá skylda landeiganda og notanda því skilyrði bundin, að áður sé fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir tjóni, ef honum þykir þess þörf. Vottorð lögreglustjóra um þessi atriði skal sýna, ef krafizt er.

XV. kafli. — Um skaðabætur. — 139. gr. 1. Um bætur fyrir lögnám skal svo fara sem hér greinir, nema öðruvísi sé mælt í einstökum fyrirmælum laga þessara: a) Ef eign manns eða réttindi eru af honum tekin eða rýrð svo, að matsmenn telji honum rétt að heimta, að hún eða þau verði bætt að fullu, skal hann fá bætur í peningum eitt skipti fyrir öll, nema aðiljar verði á annað sáttir. b) Ef kvaðir eru á eign manns lagðar eða réttindi skert án þess að ákvæðin í a. komi til greina, þá má ákveða bætur til árgjalds, ef sá krefst þess, sem við bótum tekur, svo og ef það þykir sanngjarnt eða hentugt vegna þess, hvernig á stendur, enda sé þá sett trygging fyrir greiðslu árgjalda. — 2. Bætur, þar undir fyrsta árgjald samkvæmt 1. lið b, skulu kræfar jafnskjótt sem úrslitamat hefir fram farið, enda er lögnema þá heimilt að neyta réttar síns samkvæmt lögnámsgerð, gegn greiðslu bóta eða lögmætu framboði á þeim eða gegn tryggingu samkvæmt 1. lið b í þessari grein eða 144. gr. — 3. Rétt er, að fógeti veiti lögnema aðstoð sína, ef með þarf, til að neyta þess réttar, sem hann hefir fengið fyrir lögnámið. — **140. gr.** 1. Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu kvaða eða skerðingu réttinda, þá skal láta koma til frádráttar sérhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi ekki tillagsskylda á eignina eða endurgjald annað til fyrirtækisins samkvæmt lögum þessum. — 2. Bætur fyrir lögnumið land eða réttindi yfir landi skal aldrei hærra meta en þær bætur, sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grennd, jöfnum kostum búin, eða samskonar jafnverðmæt réttindi yfir slíkum löndum, enda skal að engu hækka mat, þótt land kunni að hækka í verði eða réttindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem lögnám á því landi eða þeim réttindum er framkvæmt fyrir, eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum. — **141. gr.** 1. Nú telur matsnefnd sér ófært að meta það þegar, hvert tjón muni hljótast af fyrirtæki, og er henni þá rétt að fresta mati um það eða þau atriði, er eigi verður ráðið um, enda er þeim, er tjón bíður, þá rétt að æskja mats, þegar atvik hafa breytzt svo, að telja má fært að meta. Ef matsnefnd telur sennilegt, að tjón hljótist af fyrirtæki, er bæta beri, en ákveður þó að fresta mati, þá getur eigandi þeirrar eignar eða réttinda, sem skaðinn kemur niður á, krafizt tryggingar af lögnámsbeiðanda, ef hann vill neyta lögnámsréttar síns áður en tjónið er metið, og skulu matsmenn ákveða hana, ef ekki semur. — 2. Nú verður tjón af fyrirtæki, sem ekki hafa verið metnar bætur fyrir, þegar lögnám fór fram eða bætur voru metnar samkv. 1. lið þessarar gr., og er þeim, er tjónið bíður, þá rétt að krefjast bóta fyrir það samkvæmt 140. gr. innan 5 ára frá því er mannvirki eru fullgerð og tekin til notkunar. — 3. Krafa um bætur samkvæmt 1. og 2. lið fellur niður, ef ekki er krafizt matsgerðar áður ár sé liðið frá því er tjónið kom í ljós. — **142. gr.** Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglur um skipti aðilja innnan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar.

XVI. kafli. — Um meðferð vatnamála. — 143. gr. 1. Umsóknir um leyfi, samþykki, staðfestingar eða aðrar ákvarðanir, sem í lögum þessum greinir, skulu vera skriflegar, enda fylgi þeim nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar um þau efni, sem við er átt. Ráðherra setur reglur um þessi efni, að því leyti sem ekki er sérstaklega kveðið á í lög-

1923 Nr. 15 20. júní

um þessum eða sérleyfislögum. — 2. Ef mál er svo vaxið, að þörf þykir rækilegri greinargerðar með umsókn en ákveðið kann að verða í reglum þeim, er í 1. lið getur, þá er ráðherra eða öðrum, sem umsókn á að senda, rétt að krefjast slíkrar greinargerðar. — **144. gr.** 1. Nú hefir stjórnarvaldi borizt umsókn um einhver þau atriði, sem í 143. gr. segir, og ekki þykir sýnt, að synja beri þegar í stað, og skal þá með fara sem hér segir: a) Leyfi til lögnáms samkvæmt 32. gr. 2. lið, 50. gr. 3. lið, 52., 60., 65. gr. 1. og 2. lið, 75. gr. 2. lið og 81. gr. má venjulega ekki veita fyrr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða réttindi. b) Ákvörðun um verð á orku samkvæmt 49. gr. 3. lið, sbr. 65. gr. 3. lið, má ekki gera fyrr en orkusali annarsvegar og héraðsstjórn eða orkukaupandi hins vegar hafa fengið færi á að láta uppi álit sitt. c) Áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 68. gr. 4. lið, 69., 70., 72., 74., 75. gr. 1.—3. lið, 81., 83. gr. 2.—3. lið og 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna, er ákvörðun kann að varða hag þeirra. Ef ætla má, að héraðsstjórn muni varða ráðstöfun sú, sem í ráði er að gera, skal ráðherra senda henni sérstaka tilkynningu, svo og þeim mönnum öllum, er ætla má, að ráðstöfun skipti máli. Ef ekki verður vitað, hversu marga ráðstöfun muni varða, þá má í þess stað birta auglýsingu þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og skal fyrirtæki eða ráðstöfun glöggt greind og skorað á þá, er kynnu að telja sig málið skipta, að koma fram með athugasemdir sínar áður tiltekinn, hæfilegur tími sé liðinn. Jafnframt skal leggja skjölin fram á tilteknum stað, og skal þeim, er hagsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sér þau þar, enda skal framlagningar skjalanna geta í auglýsingu. Opinbera auglýsingu þarf ekki að birta, þegar ráðstöfun eða mannvirki er lítils um vert að dómi ráðherra. — 2. Kostnað allan af ráðstöfunum samkvæmt 1. lið ber sá, er æskir ákvörðunar um þær. — **145. gr.** Ef nauðsyn þykir á vera, er ráðherra rétt að láta fara fram skoðun á staðháttum, þar sem gera á eða leggja niður mannvirki eða vinna verk í vatni, og skal sá, er heimildar beiðist, greiða kostnað af slíkri skoðun. — **146. gr.** 1. Hvarvetna þess, er lögnám er heimilað samkvæmt lögum þessum og menn skilur á um það, hvaða eignir eða réttindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o. s. frv. þurfi á að leggja, þá skal skera úr með mati.[a]) — 2. Nú er leyfi veitt til lögnáms samkvæmt 144. gr. 1. lið, stafl. a., eða matsnefnd hefir heimilað lögnám samkvæmt 39., 41., 96. eða 97. gr. 2. lið, og skal þá leyfishafi hafa gert ráðstafanir til að framkvæma lögnám áður en ár er liðið frá því að leyfi var veitt eða matsgerð var lokið. Annars kostar þarf nýja heimild. — **147. gr.** [b]) 1. Matsgerðir lögum þessum samkvæmt skulu framkvæma: a) Úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram samkvæmt 6., 9. gr. 3. lið, 10., 12. gr. 3. lið, 18. gr. 2. lið, 25. gr. 4. lið, 31., 37., 38., 39. gr. 2. lið, 40., 41. gr. 2 lið, 43., 44., 45., 48. gr. 2. lið, sbr. 82. gr. 1. lið, 78., 80., 81., 111. gr. 1. lið b, 112. gr. . . . b) Dómkvaddir menn alstaðar annarsstaðar, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum þessum. — 2. Úttektarmenn meta þó ekki, ef: a) Matsbeiðandi krefst þess, að dómkvaddir menn meti, eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu, sem af kröfu hans stafar. b) Úttektarmenn treysta sér ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum. c) Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram. d) Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá. — 3. Mat samkvæmt 146. gr. 1. lið skulu úttektarmenn framkvæma, enda sé eigi svo ástatt sem í 2. lið greinar þessarar segir, ef þeir hafa heimilað lögnámið, en dómkvaddir menn ella. — 4. Héraðsdómari, þar sem mannvirki, land eða réttindi eru, þau er krafa um mat er af risin, dómkveður tvo matsmenn, en rétt er honum að kveðja menn, þótt heimilisfastir séu utan lögsagnarumdæmis hans. Nú skal mat fara fram um sama atriði í fleirum þinghám en einni, eða svo er farið sem í 2. stafl. d. segir, og ákveður þá ráðherra, hvar matsmenn skuli dómkvaddir. — 5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar. — **148. gr.** 1. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar. — 2. Yfirmat til þess að skera úr því, hvort lögnám skuli heimila, hvað lögnema skuli, um heimild manna eða skyldu til að vinna verk, eða til að taka ákvörðun um annað en upphæð bóta eða endurgjalds, skulu framkvæma 3 menn, dómkvaddir samkvæmt

a) XXIII, 387. — b) XXIV, 462.

1923 Nr. 15 20. júní

1923 Nr. 15 20. júní

147. gr. 4. lið. Ef matsnefnd hefir neitað beiðni eða kröfu matsbeiðanda, en yfirmatsmenn telja, að taka beri hana til greina, þá skulu þeir einnig framkvæma þær matsgerðir, er matsmönnum hefði annars borið. Ef bóta er jafnframt krafizt, má þó skjóta mati á þeim eftir þessum lið til sérstaks yfirmats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. — 3. Þegar ákveða skal einungis endurgjald eða bætur, skal yfirmatsnefnd skipuð, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Ef héraðsdómari nefnir matsmenn, er honum þó rétt að nefna menn heimilisfasta utan lögsagnarumdæmis síns. — 4. Ákvæði 147. gr. 5. liðs tekur og til yfirmats. — **149. gr.** 1. Sá, sem þarf að fá ráðstöfun gerða, og mat er nauðsynlegt skilyrði til þess lögum þessum samkvæmt, eða sá, sem lögskylt er að greiða bætur eða endurgjald fyrir lögnám eða notkun á eign annars manns, skal greiða kostnað allan af mati. Ef bætur hafa verið boðnar svo ríflegar sem metnar verða, getur matsnefnd þó skipt kostnaði milli aðilja. — 2. Um kostnað af yfirmati skal svo fara: a) Sá, sem beiðist yfirmats eftir 148. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt, skal yfirmatsnefnd skipta kostnaði eftir því, sem henni þykir sanngjarnt, hvort sem bætur eru metnar eða ekki. b) Um kostnað af yfirmati samkvæmt 148. gr. 3. lið fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. — Til matskostnaðar má telja útgjöld aðilja til lögfræðilegra og verkfræðilegra aðstoðarmanna. Ef 2 aðiljar eða fleiri standa sama megin og hagsmunir þeirra mega saman fara, og nota þeir ekki báðir eða allir sama aðstoðarmann, skal þó venjulega ekki bæta þeim til samans meiri kostnað fyrir þessar sakir en telja má þá mundu hafa haft, ef þeir hefðu notað sama aðstoðarmanninn. — **150. gr.** Að því leyti, sem eigi er hér kveðið á um matsgerðir, fer um þær eftir lögum um framkvæmd eignarnáms og öðrum gildandi réttarákvæðum.

XVII. kafli. — Um stjórn vatnamála. — 151. gr. Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn vatnamála á hendi. Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri. — **152. gr.** 1. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar vatnabækur, og skal í þær rita: a) Skrá yfir ár og vötn í umdæminu. b) Samninga um þau, er sendir verða til innritunar eða þinglýsingar. c) Skýrslur um vatnsvirki og önnur vatnsverk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum samkvæmt, og matsgerðir, sem heimila lögnám eða háðar eru samkvæmt 71. og 134. gr. — 2. Ráðherra getur ákveðið, að fleira skuli rita í bækur þessar, svo og sett reglur um bókhald, svo sem þurfa þykir. — 3. Láta skal í té eftirrit af vatnabókum, gegn lögmæltum ritlaunum.

1923 Nr. 15 20. júní

XVIII. kafli. — Ákvæði um refsingar. — 153. gr. 1. Fyrir brot á lögum þessum skal refsa sem hér segir, nema brot sé svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, eða refsing við því sé sérstaklega ákveðin annarsstaðar í lögum þessum: a) Hver, sem byrjar á fyrirtæki, sem leyfi eða samþykki þarf til samkvæmt lögum þessum, eða ef matsgerð þarf til þess, svo og ef maður vinnur verk verr en í skilyrðum í leyfi, samþykki eða matsgerð felst, eða bregður að öðru leyti út af fyrirmælum slíkra heimilda, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi.[1]) b) Sá, er brýtur boð eða bann, reglugerð eða önnur fyrirmæli, er héraðsstjórn eða ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, enda heyri brotið ekki undir stafl. a, skal sæta sektum eða allt að 4 mánaða einföldu fangelsi.[1]) — 2. Sektir samkvæmt 1. lið má taka fjárnámi. — **154. gr.** 1. Mál út af brotum samkvæmt 153. gr. skulu fara að hætti almennra lögreglumála. — 2. Mál skal ekki höfða, nema sá, sem misgert er við, eða viðkomandi stjórnarvald krefjist þess. — 3. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sé í þeim mælt.

Lög um aðstoð til vatnsveitna.

1947 Nr. 93 5. júní

1. gr. Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga. — **2. gr.** Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni. — **3. gr.** Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamála-

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268.

1947 Nr. 93 5. júní

stjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir. — **4. gr.** Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meira en helmingi kostnaðar þessa. — Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar. — Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna samkv. lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. — **5. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og styrkur samkv. 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar. — **6. gr.** Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignazt hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirmæli laganna, eftir því sem við á. — **7. gr.** Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirmæli laganna, eftir því sem við á. — Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi. — **8. gr.** Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna. — Sveitarstjórn er og heimilt að selja vatnið eftir mæli skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Slíka gjaldskrá má setja um einstök hús eða einstakar atvinnustöðvar, eða hús og stöðvar nánar tilgreint eftir notkun, eða um vatnssölu á nánar skilgreindu svæði innan kauptúnsins eða kaupstaðarins. Einnig er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir vatnið að nokkru með vatnsskatti og að nokkru skv. vatnsmæli eftir reglum, sem ráðherra setur. — Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kauptúnsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá. — Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin. — Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. — **9. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná einnig til vatnsveitufélaga, sem stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942 gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélögum, án þess að sveitarfélag sé eigandi veitunnar, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins.

1947 Nr. 93 5. júní

Raforkulög.[1])

1946 Nr. 12 2. apríl

I. kafli. — Um vinnslu raforku. — 1. gr. Ríkinu einu er heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. — Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til. — Við gildistöku þessara laga er þó þeim, sem eiga og reka eða eiga í smíðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram, og ráðherra er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og greinargerðir um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, og setur ráðherra þau skilyrði fyrir slíkum leyfum, sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra. — Enn fremur er ráðherra heimilt að fengnum tillögum raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef raf-

1) Rgj. nr. 61, 14. júní 1933, rgj. nr. 72, 4. apríl 1940, rgj. nr. 130, 28. júní 1950.

magnsveitur ríkisins eða héraðsveitur geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té. — **2. gr.** Nú hefur ráðherra veitt einkarétt til að koma upp og reka héraðsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, sbr. 14. gr., og er þá engum öðrum en einkaréttarhafa heimilt að reisa og reka raforkuver, sem er 100 hestöfl eða minna að stærð, innan takmarka orkuveitusvæðisins, nema leyfi ráðherra komi til. Ráðherra leitar álits raforkumálastjóra og stjórnar hlutaðeigandi héraðsveitu, áður en hann veitir leyfið. Um orkuver, sem fyrir eru á orkuveitusvæðinu, fer eftir ákvæðum 18. gr. um orkuveitur, eins og við á.

II. kafli. — Um rafmagnsveitur ríkisins. — **3. gr.** Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir rafmagnsveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir umsjón þess ráðherra, er fer með raforkumál. Stofnunin skal heita: rafmagnsveitur ríkisins. — **4. gr.** Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með rafmagnsveitum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum. — **5. gr.** Ráðherra ræður að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn rafmagnsveitna ríkisins og hafa umsjón með rekstri þeirra. Nefnist hann rafmagnsveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf. — Rafmagnsveitustjóri hefur prókúruumboð fyrir rafmagnsveitur ríkisins og skuldbindur þær samkvæmt reglum um prókúru að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið. — Um ráðningu og kjör annarra fastra starfsmanna fer eftir ákvæðum reglugerðar. — **6. gr.** Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegum landsins nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita orkunni um landið og selja hana í heildsölu héraðsrafmagnsveitum, er stofnsettar eru til að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á orkuveitusvæði. — Rafmagnsveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi. — Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveita er ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar. — **7. gr.** Engum nema rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að selja raforku í heildsölu. Þó mega Reykjavíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður og Andakílsárvirkjun selja héraðsrafmagnsveitum sínum og rafmagnsveitum ríkisins raforku í heildsölu frá orkuverum þeim, sem aðilar þessir eiga og reka eða eiga í smíðum samkv. 1. gr. — Réttur sá, sem rafmagnsveitum ríkisins er áskilinn samkvæmt 1. málsgrein, verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til. — **8. gr.** Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu, skal raforkumálastjóri hafa látið fara fram rannsókn á því, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þess héraðs eða landshluta, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til, sbr. og 47. gr. Að lokinni þeirri rannsókn sendir raforkumálastjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar lætur raforkumálastjóri fylgja nauðsynlegar kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði fyrir orkuvinnslu eða orkukaupum og orkusölu og nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum. — Kostnað allan við þessar rannsóknir svo og við annan undirbúning skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni og að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þeirra á annan hátt, sbr. einnig 36. gr. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra. — **9. gr.** Nú telur ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjum. — Þó getur raforkumálastjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitum, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, sbr. 35. gr., 2. tölul., að fengnu samþykki ráðherra. — **10. gr.** Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og annast þá rafmagnsveitur ríkisins um þær framkvæmdir allar. — **11. gr.** Ráðherra setur að fengnum tillögum raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra gjaldskrá um raforkusölu frá rafmagnsveitum ríkisins. —

1946 Nr. 12 2. apríl

Tekjum rafmagnsveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talin stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána miðað við fyrningu. Enn fremur skal árlega leggja hæfilega upphæð í varasjóð, allt að 10% af heildartekjum. — Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í raforkusjóð. — **12. gr.** Raforkumálastjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafmagnsveitna ríkisins svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur og önnur fjárframlög svo og tillögur um ráðstöfun á fé úr raforkusjóði, sbr. 38. gr., 3. málsgr. — **13. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga um rafmagnsveitur ríkisins, þar á meðal um: 1. stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningu, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir; 2. starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna; 3. skilyrði, sem rafmagnsveitur ríkisins mega setja héraðsrafmagnsveitum, er kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja rafmagnsveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

III. kafli. — Um héraðsrafmagnsveitur. — **14. gr.** Héraðsrafmagnsveita veitir raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selur hana neytendum innan takmarka þess. — Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu. — Ráðherra getur veitt einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Veitingu einkaréttar getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu raforku um orkuveitusvæðið. — **15. gr.** Nú tekur orkuveitusvæði, sem ráðherra hefur ákveðið, aðeins yfir einn kaupstað eða einn hrepp eða hluta úr hreppi eða íbúatala kaupstaðarins eða hreppsins er ¾ af íbúatölu alls orkuveitusvæðisins a. m. k., og hefur þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn forgangsrétt til að reka héraðsveitu á því orkuveitusvæði og að hljóta til þess einkarétt samkv. 14. gr. — **16. gr.** Alls staðar annars staðar en um getur í 15. gr. og þar sem bæjar- eða sveitarstjórn neyta eigi réttar síns samkvæmt þeirri grein, hafa héraðsrafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt til að reka héraðsrafmagnsveitu og hljóta til þess einkarétt samkvæmt 14. gr. — **17. gr.** Nú óskar einstakur maður eða félag að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði og hljóta til þess einkarétt samkvæmt 14. gr., og skal þá ráðherra tilkynna það hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn og héraðsrafmagnsveitum ríkisins, eins og við á, og veita þeim hæfilegan frest til að ákveða, hvort þær vilja nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr. Hafi þær eigi innan þess frests, sem þeim var settur, tilkynnt ráðherra, að þær ætli að nota rétt sinn samkv. 15. og 16. gr., getur ráðherra veitt umsækjanda einkaréttinn, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum laga og reglugerða þar að lútandi. Einkarétturinn veitist um tiltekið árabil. — **18. gr.**[a]) Áður en einkaréttur er veittur, auglýsir ráðherra þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um veitingu einkaréttarins og um takmörk orkuveitusvæðisins. — Nú eiga einstakir menn, félög eða héruð raforkuveitur á því svæði, sem auglýsing samkv. 1. málsgrein nær til, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis, um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rétt en þeir höfðu áður og er því ekki til fyrirstöðu, að einkaréttarhafi stofnsetji og starfræki orkuveitu innan takmarka fyrirtækisins. — **19. gr.** Héraðsrafmagnsveitu, sem hlotið hefur einkarétt samkv. 14. gr., er skylt að selja raforku öllum, sem þess óska, innan takmarka orkuveitusvæðis hennar með þeim skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. — **20. gr.** Um héraðsrafmagnsveitu, sem hlýtur einkarétt samkv. 14. gr., aðra en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, skal setja reglugerð, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir, og skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur rafmagnsveitunnar, orkuveitusvæði hennar, skilmála fyrir raforkusölunni, löggildingu rafvirkja og sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni. — **21. gr.** Gjald fyrir raforku úr

a) XXIV, 659, 660.

1946 Nr. 12 2. apríl

héraðsrafmagnsveitu, sem fellur undir ákvæði 20. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn rafmagnsveitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugagjald, sem greiðist, þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. — **22. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 85% stofnkostnaðar fyrir raforkuver sveitarfélaga og héraðsrafmagnsveitur, enda liggi fyrir samþykki raforkumálastjóra á fyrirkomulagi, gerð og tilhögun verksins hverju sinni.

IV. kafli. — Um héraðsrafmagnsveitur ríkisins.[1]) — **23. gr.** Ríkisstjórnin setur á stofn og rekur héraðsrafmagnsveitur, þar sem ekki eru aðrar héraðsrafmagnsveitur fyrir hendi, með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum. — Rafmagnsveiturnar skulu vera eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi undir yfirumsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál. — Stofnunin heitir: héraðsrafmagnsveitur ríkisins. — **24. gr.** Rafmagnsveitur ríkisins annast rekstur héraðsrafmagnsveitna ríkisins, og hafa raforkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisins á hendi umsjón og stjórn þeirra á sama hátt og gildir um rafmagnsveitur ríkisins. — Héraðsrafmagnsveitur ríkisins endurgreiða rafmagnsveitum ríkisins allan kostnað, sem þær hafa af stjórn og rekstri héraðsrafmagnsveitnanna, eftir reikningi, sem ráðherra samþykkir. — **25. gr.** Héraðsrafmagnsveitur ríkisins vinna orku í eigin orkuverum eða kaupa hana frá öðrum orkuverum eða orkuveitum, veita henni um þau svæði, sem orkuveitutaugar þeirra ná yfir á hverjum tíma, og afhenda hana hverjum kaupanda við húsvegg hans eða á notkunarstað. — **26. gr.** Til þess að koma upp mannvirkjum héraðsrafmagnsveitna ríkisins skal fjár aflað: a. með lántökum; b. með framlögum úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum; c. með framlögum úr héraði, sbr. 27. gr., og d. með tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sbr. 30. gr. — **27. gr.** Gegn óendurkræfu og vaxtalausu framlagi ríkissjóðs til héraðsrafmagnsveitu ríkisins skal ávallt koma óendurkræft og vaxtalaust framlag úr héraði, er að upphæð nemi minnst ⅓ af framlagi ríkissjóðs. Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má í reglugerð, sem hver sýslunefnd semur og ráðherra staðfestir, setja um það ákvæði, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þar á meðal þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugagjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Framlag úr sýslusjóði til héraðsrafmagnsveitu ríkisins getur sýslunefnd bundið við tiltekið mannvirki. — **28. gr.** Áður en ráðizt er í að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, skal að undangengnum rannsóknum gera nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum. — Nú sýna áætlanir, að tekjur af mannvirkjunum muni eigi nægja til að greiða vexti og afborganir af öllum stofnkostnaði auk annars rekstrarkostnaðar, þar með talið hæfilegt gjald í varasjóð, og má þá eigi gera mannvirkin, nema héraðsrafmagnsveitum ríkisins hafi komið óendurkræf og vaxtalaus framlög, sbr. 26. og 27. gr., sem nægi til að greiða þann hluta stofnkostnaðar, sem umfram er það, er tekjur af mannvirkjunum geta staðið undir. — **29. gr.** Nú er í senn um að ræða að gera fleiri en eina nýja héraðsrafmagnsveitu ríkisins eða aukningar eldri veitna, og skal þá sú veita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega. — **30. gr.** Bókhaldi héraðsrafmagnsveitna ríkisins skal, eftir því sem kostur er, hagað þannig, að það sýni stofnkostnað, tekjur og gjöld veitnanna innan hverrar sýslu um sig. — Nú verður tekjuafgangur af rekstri héraðsrafmagnsveitna ríkisins innan sýslunnar, og skal honum varið til aukningar og endurbóta á veitum í þeirri sýslu. Reiknast í því sambandi sem framlag úr héraði jafnhár hundraðshluti af þeim tekjuafgangi og framlag úr sýslunni þá er orðið af öllu framlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins innan sýslunnar. — **31. gr.** Gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn þeirra semur og ráðherra staðfestir. — **32. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd á ákvæðum þessara laga um héraðsrafmagnsveitur ríkisins.

V. kafli. — Um raforkusjóð.[1]) — **33. gr.** Raforkusjóður er eign ríkisins. — Stofnfé sjóðsins er raforkusjóður, eins og hann er orðinn við gildistöku þessara laga. — Aðrar tekjur sjóðsins eru: a. tekjuafgangur rafmagnsveitna ríkisins, sbr. 11. gr.; b. vextir af fé sjóðsins; c. framlag úr ríkissjóði að upphæð 2 milljónir króna ár hvert, og d. önnur framlög úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að verða í fjárlögum. — **34. gr.** Raforkumálastjóri annast stjórn raforkusjóðs og reikn-

1) Rgj. nr. 65, 13. maí 1947.

1) Rgj. nr. 68, 5. maí 1947.

ingshald undir yfirumsjón ráðherra. — Handbært fé raforkusjóðs á hverjum tíma skal geymt og ávaxtað í Landsbanka Íslands. — **35. gr.** [1. Úr raforkusjóði má veita rafmagnsveitum ríkisins lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum. 2. Úr raforkusjóði má einnig veita rafmagnsveitum ríkisins rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum fyrstu árin eftir að þau eru gerð. 3. Úr raforkusjóði má og veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán úr raforkusjóði, að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga. 4. Úr raforkusjóði má enn fremur veita bændum, sem eru svo í sveit settir sem um getur í 3. tölulið og ekki hafa aðstöðu til vatnsvirkjunar, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að ⅗ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.][1])[2]) — **36. gr.** Úr raforkusjóði má greiða kostnað af rannsóknum og áætlunum til undirbúnings raforkuveituframkvæmda samkvæmt 8. og 47. gr. — Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast raforkusjóði með áföllnum vöxtum. — **37. gr.** Úr raforkusjóði má greiða kostnað af almennum rannsóknum og tilraunum, sem raforkumálastjóri annast, til að stuðla að aukinni hagnýtingu raforku og hagfelldri notkun hennar svo og af leiðbeiningum til raforkunotenda um notkun orkunnar, sbr. 47. gr. — **38. gr.** Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 1, veitast samkvæmt tillögum ráðherra og samþykki Alþingis samkvæmt 9. gr. — [Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 2, 3 og 4, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.][3]) — Um aðrar greiðslur úr raforkusjóði skal raforkumálastjóri árlega gera áætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis, sbr. 12. gr. — **39. gr.** Ráðherra ákveður útlánsvexti raforkusjóðs, og mega þeir vera allt að 2½% lægri en víxilforvextir Landsbanka Íslands. — [Útánsvextir lána skv. 35. gr., tölulið 3, þurfa þó ekki að vera hærri en 2% og skv. tölul. 4 2½%.][1])

VI. kafli. — Um rafmagnseftirlit ríkisins. — **40. gr.** Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma. — Í reglugerð skal setja ákvæði um: a. Gerð, uppsetningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af. b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki þessum skilyrðum. c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, og um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum. d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innan lands. Má ákveða, að raforkjuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá rafmagnseftirliti ríkisins. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess. e. Löggildingu á hæfum rafvirkjum. f. Skyldu rafmagnsveitustjórna að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa rafmagnseftirliti ríkisins að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuveitna eða láta loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, er þverskallast við að hlíta settri reglugerð, svo og að taka löggildingu eða söluleyfi um skamman tíma eða langan tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina. g. Sektir, allt að 10000 krónum, fyrir brot á reglugerðinni. — **41. gr.** Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir annarra manna eða hættu við truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má

1) L. nr. 58, 25. maí 1949, § 1. — 2) Rgj. nr. 114, 30. júní 1947, sbr. auglýs. nr. 152, 9. júlí 1952, rgj. nr. 107, 12. júní 1950, sbr. rgj. nr. 153, 10. júlí 1952. — 3) L. nr. 58, 25. maí 1949, § 2.

1) L. nr. 58, 25. maí 1949, § 3.

1946 Nr. 12 2. apríl

skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefur í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafizt verður um ný virki á þeim tíma, þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda. — Ráðherra sker úr öllum ágreining um það: a. hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu við truflunum á starfrækslu eldri virkja; b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum truflunum; c. hver eigi að koma þeim ráðstöfunum í verk; d. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær. — Ráðherra getur stöðvað notkun raforkuvirkja, unz öryggisráðstafanir þær, er hann áskilur, eru komnar í framkvæmd. — **42. gr.** Raforkumálastjóri hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum. — **43. gr.** Ráðherra skipar að fengnum tillögum raforkumálastjóra framkvæmdastjóra til að stjórna framkvæmd eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf. — Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn við rafmagnseftirlit ríkisins, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra og raforkumálastjóra. — Laun rafmagnseftirlitsstjóra og annarra fastra starfsmanna og annar kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem ekki er séð fyrir fé til þess á annan hátt, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum. — **44. gr.** Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til rafmagnseftirlits ríkisins gjald, sem miðast við heildartekjur þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og má nema allt að einum hundraðshluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innan lands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verksmiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að ¾% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins. — Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, og má þá miða gjaldið við stærð rafla í orkuveri, og má það nema allt að 5 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra. — Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. — Ráðherra setur ákvæði um innheimu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

1946 Nr. 12 2. apríl

VII. kafli. — Um stjórn raforkumála. — **45. gr.** Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, skipar raforkumálastjóra til að fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera rafmagnsverkfræðingur. — Ráðherra skipar og ræður fasta starfsmenn raforkumálastjóra til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur og að fengnum tillögum hans. — Laun raforkumálastjóra og annarra fastra starfsmanna og kostnaður af skrifstofu hans greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum. — **46. gr.** Raforkumálastjóri er ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum. — **47. gr.** Raforkumálastjóri annast rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum, til raforkuvinnslu. Hann rannsakar og gerir tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa, sbr. og 8. gr. — Raforkumálastjóri rannsakar enn fremur og gerir tilraunir um hagfellda notkun raforku og leiðbeinir raforkunotendum í þeim efnum. Hann getur haft um það samvinnu við héraðsrafmagnsveitur. — **48. gr.** Raforkumálastjóri hefur umsjón með vatnsrennslismælingum í fallvötnum landsins. — **49. gr.** Raforkumálastjóri hefur umsjón með fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra. — Raforkumálastjóri gerir tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum og jarðhitasvæðum, sem hann telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, að ríkið eignist. Um hagnýtingu jarðhitasvæða, sem eru í eign ríkisins, skal leita álits raforkumálastjóra. — **50. gr.** Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna raforkuráð, er vera skal ríkisstjórninni til aðstoðar í raforkumálum. Ráðið

1946 Nr. 12 2. apríl

skal kosið [til fjögurra almanaksára][1]) í senn, og skipar ráðherra formann úr hópi þeirra, sem Alþingi hefur kosið. — **51. gr.** Þóknun til meðlima raforkuráðs greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum. — **52. gr.** Verkefni raforkuráðs er að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í raforkumálum, gera tillögur í þeim efnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum raforkumálum. — **53. gr.** Raforkuráð skal eiga kost á að fylgjast með rannsóknum raforkumálastjóra og rekstri rafmagnsveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar: 1. tillögur raforkumálastjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu; 2. tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum; 3. frumvarp að gjaldskrám rafmagnsveitna ríkisins; 4. efnahags- og rekstrarreikningar rafmagnsveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum svo og skýrslur raforkumálastjóra um rekstur rafmagnsveitna ríkisins; 5. fjárhagsáætlun rafmagnsveitna ríkisins og tillögur um lántökur, önnur fjárframlög og ráðstöfun fjár úr raforkusjóði; 6. frumvarp að reglugerð um rafmagnsveitur ríkisins; 7. erindisbréf, sem ráðherra gefur út handa starfsmönnum hjá raforkumálastjóra, rafmagnsveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins; 8. tillögur um ákvörðun orkuveitusvæðis héraðsrafmagnsveitu; 9. frumvörp að reglugerðum og gjaldskrám héraðsrafmagnsveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega; 10. tillögur um nýjar héraðsrafmagnsveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær; 11. frumvörp að reglugerð og gjaldskrám héraðsrafmagnsveitna ríkisins; 12. ársreikningar og fjárhagsáætlun héraðsrafmagnsveitna ríkisins; 13. frumvörp að reglugerð um raforkuvirki; 14. tillögur til breytinga á raforkulögum; [15. umsóknir um lánveitingar úr raforkusjóði skv. 35. gr., tölulið 3 og 4.][2]) — **54. gr.** Ef raforkuráð verður eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, skal það gera henni grein fyrir því, hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu, og er hverjum einstökum fulltrúa í ráðinu rétt að leggja fram sérálit í málinu, sem sendist með málsskjölum til ríkisstjórnarinnar. — **55. gr.** [Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum raforkuráðs og umsögn raforkumálastjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.][1])

VIII. kafli. — Almenn ákvæði. — 56. gr. Rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur ríkisins og raforkusjóður eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

1946 Nr. 12 2. apríl

1) L. nr. 36, 1. maí 1947, § 1. — 2) L. nr. 58, 25. maí 1949, § 4.

Lög um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

1954 Nr. 53 21. apríl

1. gr. Á árunum 1954—1963 skal verja 250 milljón krónum að minnsta kosti til: 1. að koma upp raforkuverum rafmagnsveitna ríkisins utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna; 2. að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið; 3. að veita bændum lán til að koma upp smárafstöðvum, vatnsafls- og mótorstöðvum; 4. til virkjunarrannsókna og undirbúnings rafveitna, og 5. að lækka raforkuverð, þar sem það er hæst. — **2. gr.** Raforkumálastjóri og raforkuráð gera á árinu 1954 áætlun, sem ráðherra staðfestir, um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963, samkvæmt þessum lögum. Skal áætlunin við það miðuð, að varið verði til framkvæmdanna — auk framlags úr hlutaðeigandi héruðum — eftirtöldum upphæðum a. m. k.:

Árin	1954—56	35 millj.	kr.	árlega.
—	1957—59	**25** —	—	—
—	1960—61	20 —	—	—
—	1962—63	15 —	—	—

— **3. gr.** Til þeirra framkvæmda, er um ræðir í 1. og 2. gr., skal fjár aflað á þann hátt er hér segir: a. með fjárframlögum úr ríkissjóði til raforkusjóðs samkvæmt c-lið 33. gr. raforkulaganna, eigi undir 5 milljónum króna á ári hverju; b. með framlögum úr ríkissjóði til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt b-lið 26. gr. raforkulaganna, eigi undir 6 milljónum króna ár hvert; c. með notkun vaxtatekna raforkusjóðs; d. með notkun afborgana af útlánum raforkusjóðs af eigin fé sjóðsins, og e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins. — **4. gr.** Lánveitingum raforkusjóðs til einkarafstöðva í sveitum skal hagað þannig, að tala þeirra býla, sem fá rafmagn frá einkarafstöðvum,

1) L. nr. 36, 1. maí 1947, § 2.

1954 Nr. 53 21. apríl

verði, ef eftirspurn eftir lánum gefur tilefni til, hlutfallslega sem jöfnust tölu þeirra býla, sem fá rafmagn frá samveitum, sbr. 7. gr. Stjórn raforkumála ákveður hlutfallið með hliðsjón af athugunum, sem gerðar eru um raforkuvinnslu fyrir sveitabýli. — **5. gr.** Heimilt er að verja allt að 500 þús. kr. að fengnum tillögum raforkumálastjóra og raforkuráðs af ríkisframlagi samkv. b-lið 3. gr. til að lækka verð raforku til almenningsnota frá dísilstöðvum, þar sem það er hæst. Skulu þeir raforkunotendur sitja fyrir framlögum í þessu skyni, sem lengst þurfa að bíða eftir raforkuframkvæmdum samkvæmt þessum lögum. — **6. gr.** Ráðherra skal, að fengnum tillögum raforkuráðs, fela raforkumálastjóra að annast leiðbeiningar um tilhögun og rekstur vatnsafls-, vindafls- og dísilrafstöðva fyrir sveitaheimili utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð. Leiðbeiningar um val á stöðvum skulu miða að því m. a. að tryggja útvegun varahluta og að viðgerðir verði auðveldar. — **7. gr.** Stuðla skal að því, að öllum atriðum 1. gr. verði fullnægt samtímis, eftir því sem við verður komið og hagkvæmt getur talizt.

1946 Nr. 28 23. apríl

Lög um virkjun Sogsins.

1. gr. Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reka orkuverið við Ljósafoss ásamt aðalorkuveitunni til Reykjavíkur, auka það og reisa og reka önnur orkuver við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja aðrar háspennutaugar þaðan til Reykjavíkur og gera afspennistöðvar og framkvæma þau mannvirki, sem þarf til að afhenda orkuna samkvæmt 6. gr. — **2. gr.** Orkuverin, háspennutaugarnar og afspennistöðvarnar samkvæmt 1. gr. nefnast einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir. — **3. gr.** Áður en byrjað er á nýju verki, aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar. — **4. gr.** Ríkisstjórnin lætur í tæka tíð, að fenginni umsókn bæjarstjórnar Reykjavíkur í hvert sinn, gera nauðsynlegar umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Sogsvirkjunin fram helming kostnaðar, og telst hann með virkjunarkostnaði og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með virkjunarkostnaði má og telja allan undirbúningskostnað við mælingar, áætlanir og rannsóknir á virkjunartilhögunum. — Þegar orkuver verður reist við Efra Sogið, má enn fremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra Sogi, sem Reykjavíkurbær hefur keypt af eigendum Úlfljótsvatns, svo og vatnsréttindi þau, er ríkissjóður á fyrir Kaldárhöfðalandi, með sama verði, enda greiði Sogsvirkjunin andvirði þeirra jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú á Efra Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins. — Þegar orkuver verður reist við Neðri Sogsfossana, má á sama hátt telja með kostnaði andvirði vatnsréttinda þeirra fyrir löndum Úlfljótsvatns, Bíldsfells, sem nú er í eigu Reykjavíkurbæjar, og Syðri Brúar, sem er í eigu ríkissjóðs. Skal verðið ákveðið hlutfallslega eftir mati því, sem framkvæmt var á vatnsréttindum Ljósafoss 1935, og greiðast af Sogsvirkjuninni jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú eða brýr á Sogið við Neðri fossana svo og veg að orkuveri frá alfaravegum, skulu mannvirki þau teljast til orkuversins. — **5. gr.** Auk þeirra ábyrgða, sem ríkissjóður er í við gildistöku þessara laga vegna orkuversins við Ljósafoss, ábyrgist ríkisstjórnin lán til handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1., 3. og 4. gr., að upphæð allt að 34 millj. króna, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin. — **6. gr.** Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota utan Reykjavíkur við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 5%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. — Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjun, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna, allt upp í það,

1946 Nr. 28 23. apríl

að Sogið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess með sama skilyrði og segir í 5. gr. Skal aukningin framkvæmd, þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður að dómi ráðherra hamli. — **7. gr.** Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálfs, enda er þá miðað við 86000 kw. orku í Soginu fullvirkjuðu, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði meðeigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaaflsins móts við það vélaafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi, þegar vatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst ekki, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr Soginu fullvirkjuðu handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur. — Nú óskar ríkisstjórnin, að ríkissjóður gerist meðeigandi að Sogsvirkjuninni fyrr en virkjunin er hálfnuð, og á hún þá rétt á eignartiltölu í henni með sömu skilmálum og tilhögun að öðru leyti sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, enda haggist ekki við það tilkall Reykjavíkur til raforku samkvæmt niðurlagi sömu málsgr. — Nú hefur virkjuninni safnazt varasjóður, þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndazt af, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar. — Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Sogsvirkjuninni til héraða utan rafmagnsveitu Reykjavíkur. — **8. gr.** [Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn. — Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2. — Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn. — Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn. — Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.][1])

1946 Nr. 28 23. apríl

Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

1951 Nr. 26 23. apríl

1. gr. Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar neðri Sogsfossanna, allt að kr. 158 000 000.00 — eitt hundrað fimmtíu og átta milljónir króna —, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til. — Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og endurlánað þau Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum. — Sogsvirkjunin er sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og bera báðir aðilar sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð gagnvart þriðja aðila á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar, en sín á milli bera aðilar ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum fyrirtækisins í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra á hverjum tíma samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949.

1954 Nr. 67 24. apríl

Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

1. gr. Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 100 000 000 — eitt hundrað milljónir króna — eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til. — Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin ákveðið, að Framkvæmdabanki Íslands fyrir hönd ríkissjóðs taki lán þau, er um ræðir í 1. málsgr., og endurláni féð Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum. — Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

1921 Nr. 73 27. júní

Lög um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

1. gr. Landsstjórninni er heimilað að gera eða láta gera mælingar, uppdrætti, útreikn-

1) L. nr. 87, 17. des. 1948, § 1.

1921 Nr. 73 27. júní

inga, lýsingar, kostnaðaráætlanir og aðrar rannsóknir, er þarf til fullnaðardrátta að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar og veitu orkunnar til notkunarstaðanna, þar á meðal orkuveitur til almenningsþarfa. Í sambandi við þær er henni og heimilað að láta gera samskonar rannsóknir um lagningu járnbrautar frá Reykjavík til Sogsfossanna og um Suðurlandsundirlendið svo langt austur eftir, sem henni þykir ástæða til. — **2. gr.** Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknir þessar, þannig, að þeir menn, sem framkvæma þær, eru ekki í þjónustu hennar beinlínis, skal hún láta vinna allt rannsóknarstarfið í samráði við og undir eftirliti verkfræðings eða verkfræðinga, er hún skipar til þess, og mega þeir ekkert starf hafa á hendi fyrir þann eða þá, sem hafa tekið að sér framkvæmd rannsóknarinnar, meðan hún stendur yfir. Verði vatnastjórn skipuð áður en rannsóknin kemur til framkvæmda, má landsstjórnin fela henni eftirlit það, er um ræðir í þessari grein. — **3. gr.** Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr landssjóði til bráðabirgða, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra og endurgreiðast landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar, ef heimild verður veitt til að framkvæma hana á kostnað annarra en landssjóðs, og skal greiðslan áskilin í heimildinni.

1942 Nr. 45 30. júní

Lög um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að veita sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsstöðinni til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og til þeirra fyrirtækja og sveitabýla í Árnessýslu, sem þannig eru sett, að unnt er kostnaðar vegna að veita rafmagni til þeirra, og einkarétt til sölu á þessu svæði. — Sérleyfistíminn sé 20 ár frá því rafveitan er komin til ofannefndra kauptúna (sbr. þó 4. tölul. 3. gr.). — **2. gr.** Nú berast óskir um raforkuveitu til Hveragerðis, og samkomulag tekst við sérleyfishafa um lagningu hennar og raforkusölu á þetta svæði, og nær þá sérleyfið einnig til lagningar þeirrar veitu. — **3. gr.** Skilyrði fyrir sérleyfi og hlunnindi sérleyfishafa til handa eru þau, er nú skal greina: — 1. Að stofnað verði félag til að veita rafmagni og reka fyrirtækið, sem hafi hæfilegt stofnfé, að dómi ráðuneytisins, og ráði yfir að minnsta kosti 900000 kr. til framkvæmdanna. — 2. Að gerð veitunnar sé þannig, að öruggt sé, að hún geti fullnægt þeim byggðarlögum, sem ætlazt er til, að fái rafmagn frá veitu þessari í framtíðinni. — 3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur veitunnar. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni. — 4. Að ríkið eigi, að sérleyfistímanum liðnum, kauparétt á veitunni fyrir matsverð dómkvaddra manna. Nú telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, vegna hagsmuna almennings, að kaupa orkuveituna fyrr, og er það þá heimilt, enda fellur þá sérleyfið niður. Kaupverðið skal ákveða með mati dómkvaddra manna. — 5. Að byrjað verði á veitunni þegar er ástæður leyfa og efni til hennar fæst, að dómi ráðuneytisins. Verði sérleyfið ekki notað næstu 5 árin eftir að það er veitt, fellur það niður. — Sérleyfið er ekki framseljanlegt. — 6. Að sérleyfishafi hlíti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rétt að setja, þar á meðal viðurlögum. — Ríkisstjórninni er heimilað að ákveða í leyfisbréfinu: a. Að engum sé heimilt að vinna raforku til eigin nota á svæðinu nema með leyfi ráðuneytis. b. Að leyfishafi skuli vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Enn fremur skal hann undanþeginn að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum, sem þarf til stofnunar veitunnar. — **4. gr.** Ríkisstjórnin skal veita alla þá aðstoð, sem auðið er, við útvegun á efni til veitunnar og flutning á því til landsins. — **5. gr.** Um stofnun félagsins, sérleyfisveitingu og önnur atriði, er lúta að fyrirtæki þessu, skal farið eftir ákvæðum laga nr. 15 20. júní 1923 (vatnalaga) og l. nr. 83 23. júní 1932 (um raforkuvirki)[1]) að svo miklu leyti sem hér er ekki sérstaklega kveðið á um.

1942 Nr. 45 30. júní

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja.

1950 Nr. 63 25. maí

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að lána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni í Þingeyjarsýslu allt að 2 millj. Bandaríkjadollara af framlögum frá efnahagssamvinnustjórninni í Washington með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlega, og gegn þeim

1) Nú raforkulög nr. 12, 2. apríl 1946.

1950 Nr. 63 25. maí

tryggingum, er hún tekur gildar. — **2. gr.** ...[1]) — Lánveiting til Laxárvirkjunar er þó bundin því skilyrði, að samningar um sameign og framkvæmd viðbótarvirkjunar Laxár takist milli ríkisstjórnarinnar og Akureyrarbæjar á sama grundvelli og samið hefur verið milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins.

1952 Nr. 74 25. nóv.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku í Alþjóðabankanum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 40 millj. kr. í erlendri mynt hjá Alþjóðabankanum í Washington og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

1935 Nr. 98 3. maí

Lög um virkjun Fljótaár.

1. gr. Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda. — **2. gr.** Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra, enda sé gætt ákvæða 27. og 28. gr. laga 46/1925,[2]) eftir því sem við getur átt. — **3. gr.** Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir. — **4. gr.** Ef hreppsnefndir Holtshrepps og Haganeshrepps óska þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita þessum hreppum rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár, allt að 200 hö. fyrir hvorn hrepp um sig. Taka hrepparnir þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar. — **5. gr.** Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað, umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði, að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru tagi á rafmagn það, sem Holtshreppur og Haganeshreppur kunna að fá samkv. 4. gr. úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp og Haganeshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina. — **6. gr.** [Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs sex millj. króna lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til virkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afspennistöðvar.][1])

1) L. nr. 74, 25. nóv. 1952, § 1. — 2) Nú raforkulög nr. 12, 2. apr. 1946.

1935 Nr. 98 3. maí

Lög um Laxárvirkjunina.

1. gr. Laxárvirkjunin nefnist í lögum þessum núverandi virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar og aukningar hennar allt að fullvirkjun fallsins í þeim gljúfrum og tekur yfir orkuverið og aðalorkuveituna til Akureyrar. — Laxárvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir. — Heimili og varnarþing Laxárvirkjunarinnar skal vera á Akureyri. — **2. gr.** Akureyrarkaupstað er heimilað að reka Laxárvirkjunina og auka hana frá því, sem nú er, samkvæmt lögum þessum. — Ríkissjóður ábyrgist lán, sem Akureyrarkaupstaður tekur til aukningar Laxárvirkjunarinnar, sbr. 1. málsgrein, að upphæð allt [að 38 milljónum króna][2]) eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin. — **3. gr.** [Ríkissjóður getur hvenær sem er gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni. Frá því lög þessi ganga í gildi og þar til lokið er næstu framhaldsvirkjun á hann rétt á að gerast eigandi að 15 hundraðshlutum, að 35 hundraðshlutum, þegar henni er lokið, en að helmingi, þegar lokið er næstu aukningu virkjunarinnar þar á eftir. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu. Kaupverðið eða hluta þess má ríkissjóður inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag fæst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra, að frá dreginni eðlilegri fyrningu. — Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, framkvæma Akur-

1) L. nr. 35, 2, apr. 1943, § 1. — 2) L. nr. 64, 25. maí 1950, § 1.

1935 Nr. 98 3. maí

1949 Nr. 54 25. maí

1949 Nr. 54 25. maí

eyrarkaupstaður og ríkissjóður í félagi aukningar virkjunarinnar og kosta þær að réttri tiltölu við eignarhlutdeildir þeirra, unz fallið við Brúar er fullvirkjað, nema samkomulag verði milli aðila um aðra tilhögun. Ríkisstjórnin getur þá heimilað stjórn Laxárvirkjunarinnar að ráðast í virkjunaraukningar, þegar þeirra er þörf að dómi ríkisstjórnarinnar, og tekið til þess lán eða ábyrgzt lán, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar tekur í því skyni, að upphæð allt að 45 milljónum króna.][1]) — **4. gr.** [Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, skal stjórn fyrirtækisins falin nefnd 5 manna, sem nefnist stjórn Laxárvirkjunarinnar. Þar til ríkissjóður er orðinn eigandi að helmingi Laxárvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Akureyrar 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2. Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórn 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá 5. manninn. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn. — Stjórn Laxárvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og rekstur hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir ábyrgð á lánum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. — Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni, skulu nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur virkjunarinnar sett í reglugerð, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar setur með samþykki beggja eigenda og ráðherra staðfestir, sbr. og 1. gr.][2]) — **5. gr.** Áður en byrjað er á nýju verki eða aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum, ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar. — **6. gr.** Laxárvirkjunin selur rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 5%. Skal verð þetta, ef samkomulag ekki næst, ákveðið með mati, samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. — Allur tekjuafgangur, sem verða kann af rekstri Laxárvirkjunarinnar, rennur í varasjóð hennar. Varasjóðnum má eingöngu verja í þágu Laxárvirkjunarinnar og til aukninga á mannvirkjum hennar. — **7. gr.** Skylt er Laxárvirkjuninni að selja rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins það afl, sem þessir aðilar þurfa til þess að fullnægja rafaflsþörfinni hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist. — Þegar fallið í gljúfrunum við Brúar er fullvirkjað og farið er að afla viðbótarafls frá öðrum orkuverum, skal afl Laxárvirkjunarinnar skiptast á milli eigenda í sama hlutfalli og eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað. Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en fallið er fullvirkjað og nægilegt afl er fengið annars staðar frá.

1) L. nr. 64, 25. maí 1950, § 2. — Sömu l., § 3.

1949 Nr. 54 25. maí

Lög um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá o. fl. **1921** Nr. 20 27. júní

1. gr. Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsréttindi í Andakílsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakílsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakílsfossum. — Heimild þessi kemur til framkvæmdar þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnsorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins. — **2. gr.** Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sé með virkjuninni sviptur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- eða búsþarfa eða til áveitu í ræktunarskyni, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi. — **3. gr.** Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkvæmt 1. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhaldi þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki. — **4. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61, 14. nóv. 1917.

Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins. **1947** Nr. 92 5. júní

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að fela raf-

1947 Nr. 92 5. júní

magnsveitum ríkisins: 1. að reisa 2400 ha. raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og leggja háspennulínu þaðan til Ólafsvíkur og Sands; 2. að reisa 1500 ha. raforkuver við Gönguskarðsá við Sauðárkrók, og 3. að koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi. — **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að sex milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að tveim milljónum króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. — **3. gr.** Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

1949 Nr. 34 16. maí

Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins: 1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar; 2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur; 3. að virkja vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Búðardals. — **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 11 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3½ milljón króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. — **3. gr.** Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna. — **4. gr.** Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

1954 Nr. 54 20. apríl

Lög um orkuver Vestfjarða.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu vestur á bóginn til Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bógin til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og Hnífsdals og Ísafjarðar. — **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 60 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. — **3. gr.** Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga. — **4. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást. — **5. gr.** Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem orkuver Vestfjarða h/f lét gera. — **6. gr.** Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki tefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þættu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir svo fljótt sem verða má.

1954 Nr. 54 20. apríl

Lög um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

1951 Nr. 12 9. febr.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins: 1. að virkja Fossá í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til raforkuvinnslu í allt að 700 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Bolungarvíkur; 2. að virkja Grímsá í Skriðdal í Suður-Múlasýslu til raforkuvinnslu í allt að 750 hestafla orkuveri fyrir Egilsstaði, Eiða og nágrenni. — **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 5 milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði skv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 1.6 milljónir króna, þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. — **3. gr.** Framkvæmdir

1951 Nr. 12 9. febr.

skv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin og orkuveituna og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna. — **4. gr.** Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu, sem um ræðir í 1.—3. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

1952 Nr. 22 1. febr.

Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins: 1. að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns; 2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns; 3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu: a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal í allt að 450 hestafla orkuveri, b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri, og leggja frá orkuverunum aðalorkuveitur til Bíldudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir; 4. að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar; 5. að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir; 6. að virkja Víðidalsá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvammstanga; 7. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja; 8. að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms. [9. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns. 10. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu. 11. Að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum.][1]) — **2. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að [99 millj. kr.,][1]) til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að [33 millj. kr.,][1]) þó eigi meira en sem nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna. — **3. gr.** Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna. — **4. gr.** Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

1) L. nr. 55, 20. apríl 1954, § 1.

1952 Nr. 22 1. febr.

Lög um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.[2])

1932 Nr. 27 23. júní

1. gr. [Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum af ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki: 1. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti, Álum, Affalli og Þverá að Markarfljótsbrú. — 2. Nauðsynlegar endurbætur og lenging varnargarðsins hjá Seljalandi til varnar landspjöllum undir Eyjafjöllum. — 3. Varnargarða innan Háamúla í Fljótshlíð og sunnan Markarfljótsbrúar undir Eyjafjöllum, eftir því sem þurfa þykir til að verjast eyðingu gróðurlendis á þessum slóðum. — 4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar gegn yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra. — 5. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.][3]) — **2. gr.** Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegar fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur, og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið. — Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr. — Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið, skal kosta þannig: — [Ríkissjóður kostar að öllu leyti mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1. og 2. lið. — Ríkissjóður kostar að ⅞ hlutum mannvirki þau, sem talin eru í 3. lið, en sýslufélag Rangárvallasýslu að ⅛ hluta. — Rík-

1) L. nr. 55, 20. apríl 1954, § 2. — 2) Tilvitnanir til liða í 1. gr. eiga við 1. gr. eins og hún var upprunalega orðuð í l. 27/1932. — 3) L. nr. 18, 26. febr. 1943, § 1.

1932 Nr. 27 23. júní

issjóður kostar að ¾ hlutum fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 4. og 5. lið, og sýslufélag Rangárvallasýslu að ¼ hluta.][1]) — **3. gr.** Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni. — Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslnanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamann. — Niðurjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð. — **4. gr.** Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða. — Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923. — **5. gr.** Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr. 6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurjöfnun á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins. — Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðarmissi, að greiða hinn árlega niðurjafnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram. — **6. gr.** Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir, að fyrirhleðslur þær, sem gerðar eru til þess að veita vötnunum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd matsins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923. — **7. gr.** Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofnkostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin. — **8. gr.** Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar ágangi vatns skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót. — **9. gr.** Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta fyrirskipunum hennar hér að lútandi. — Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera samþykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfesting atvinnumálaráðuneytisins. — Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál. — **10. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í 1.—4. lið 1. gr. laga þessara.

1) L. nr. 18, 26. febr. 1943, § 2.

1932 Nr. 27 23. júní

Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

1945 Nr. 113 31. des.

1. gr. Til þess að varna yfirvofandi, stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum á undirlendi Skagafjarðar vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðslur með nauðsynlegum flóðgáttum. — **2. gr.** Ríkissjóður greiðir kostnað af fyrirhleðslunni og öðrum framkvæmdum en flóðgáttum að ⅞ hlutum,

1945 Nr. 113 31. des.

en sýslufélag Skagafjarðar annast um greiðslu ⅛ hluta. Kostnaður af flóðgáttum greiðist af ríkissjóði að ¾ hlutum, en sýslufélaginu að ¼ hluta. Viðhald mannvirkja þeirra, sem þegar eru gerð og gerð verða samkvæmt lögum þessum, greiðist einnig af áðurnefndum aðilum og í sömu hlutföllum. — **3. gr.** Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að jafna niður að einhverju eða öllu leyti þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að annast um greiðslu á samkv. 2. gr., á þær jarðir, sem eiga lönd, hús og mannvirki í hættu, ef Héraðsvötnin brytust vestur í Svartá og norður Vallhólminn. Við niðurjöfnun þessa skal aðallega miðað við fasteignamat þeirra landa, húsa og annarra mannvirkja, sem hættan vofir yfir. — **4. gr.** Sýslunefndin kýs 3 óvilhalla menn til að kveða á um, hvaða jarðir falli undir ákvæði laga þessara, og semja gjaldskrá, er sýni hundraðshluta hverrar jarðar í fyrirhleðslukostnaðinum. Eigendur þeirra jarða, sem matsgerð þessi tekur til, geta krafizt yfirmats. Í yfirmat dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn. Gjaldskrána skal endurskoða á 10 ára fresti. — **5. gr.** Gjald það, sem jafnað er niður á jarðirnar samkvæmt 3. gr., greiðist af jarðareigendum. Nú er gjaldið ekki greitt af jörð, svo sem sýslunefnd hefur áskilið, og getur hún þá látið fara fram fjárnám í jörðum til lúkningar skuldinni. — **6. gr.** Ríkisstjórnin sér um byggingu og viðhald þeirra mannvirkja, er um ræðir í 1. gr. — **7. gr.** Bætur fyrir landspjöll við framkvæmd fyrirhleðslunnar eða spjöll, sem sannað þykir, að fyrirhleðslan hafi beinlínis valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanna stjórnarvalda þeirra, er bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, enda sé um verulegt tjón að ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923. — **8. gr.** Heimilt er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að fela framkvæmdir þær, er um ræðir í 3. og 5. gr., félagi, sem hefur það markmið að vinna að fyrirhleðslu Héraðsvatna og í eru jarðeigendur þeir, er lög þessi taka sérstaklega til, enda starfi félagið samkvæmt samþykkt, er ráðherra staðfestir. Skylt er félaginu að taka að sér áðurgreindar framkvæmdir, ef sýslunefndin óskar þess. — **9. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, allt að 1000 kr., og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

1945 Nr. 113 31. des.

Lög um eignar- og notkunarrétt jarðhita.[1])

1940 Nr. 98 14. maí

1. gr. Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina. —**2. gr.** Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farvegi þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr. — **3. gr.** Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr. — Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af. — **4. gr.** Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar. — Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr. — Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og skal þá sá eða þeir, er hagnýta vilja, eiga rétt á, annaðhvort að fá orkuna keypta eftir mati eða taka hana á leigu, sem ákveðin sé með mati, þó þannig, að í báðum tilfellum hafi sá eða þeir, sem ekki vilja hagnýta orkuna, eftir nægilega orku til heimilis- og búsþarfa. Hvor leiðin farin sé, þegar þannig stendur á sem í þessari málsgr. segir, skal vera á valdi þess eða þeirra, sem orkuna eiga. En mannvirkjum skal haga þannig, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér

1) Sbr. l. nr. 15, 20. júní 1923, § 10.

þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur rís um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr. — **5. gr.** Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefir verið álitið af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðareigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefir gert til hagnýtingar hveraorku, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa. — **6. gr.** Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup. — Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum. — Nú hefir sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á. — **7. gr.** Nú er hvera- eða laugaorka tekin eignarnámi, og eru þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki. — **8. gr.** Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun. — **9. gr.** [Ríkisstjórnin lætur framkvæma, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, rannsókn jarðhita og jarðboranir í því sambandi fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, er þess óska. Skal haga rannsóknum og borunum þannig, að mestar líkur séu til, að þær komi að notum til húsahitunar og iðnaðar fyrir kaupstaði, kauptún og byggðahverfi. — Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er augljós eða jarðhitasvæði, er og heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans.][1] — **10. gr.** [Ríkisstjórninni heimilast að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum og verja til þess fé úr ríkissjóði. — **11. gr.** Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða eftir tilmælum þeirra, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, enda séu boranirnar framkvæmdar að ráði þeirrar stofnunar, er ríkisstjórnin kveður til þess, og væntanlegar hitaveitur eða orkuver, sem reist kunna að verða að fenginni slíkri rannsókn, eign eins eða fleiri bæjar- eða sveitarfélaga. — Kostnaðaráætlanir um jarðhitaboranir eða rannsókn jarðhitans, hvort heldur er bæjar- og sveitarfélaga eða einstaklinga, skulu veittar ókeypis, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. — Nú hefir bæjar- eða sveitarfélag þegar látið framkvæma slíkar boranir, og skal þá kostnaður við þær einnig greiddur að hálfu úr ríkissjóði með sömu skilmálum og í 1. mgr. segir, enda telji ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar, að boranirnar hafi verið rétt ráðnar. — **12. gr.** Rétt er ríkisstjórninni, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessi mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.][2] — **13. gr.** Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem nytja jarðhita, fer að öðru leyti, að því er við getur átt, eftir á-

1) L. nr. 114, 30. des. 1943, § 1. — 2) Sömu lög, § 2.

1940 Nr. 98 14. maí

kvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, um notkun vatnsorku, og eftir ákvæðum laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum. — **14. gr.** Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

1953 Nr. 3 31. jan.

Lög um hitaveitur utan Reykjavíkur.

1. gr. Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum — eða samtökum þeirra — einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa. Einkaleyfi þessi skulu þó ekki ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 250 kw. — **2. gr.** Einkaleyfi það, sem um ræðir í 1. gr., getur bæjar- og hreppsfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til. — **3. gr.** Einkaleyfisumsókn samkvæmt 1. og 2. gr. skulu fylgja fullnaðaruppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun. — Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að þar til fengnu áliti sérfræðinga, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa. — Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. — Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald. — Gjaldskána ber að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. — **4. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 1.—3. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 80% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar. — **5. gr.** Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem leiðslur hitaveitu bæjar- eða hreppsfélags verða lagðar, svo og lóðaeigendur og lóðaleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem þarf til þess, að veita megi vatninu um veitusvæðið, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kunna að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati. — **6. gr.** Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur. — Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna. — **7. gr.** Nú vill bæjar- eða hreppsfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkvæmt 1. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn sérfræðinga, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhúspípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 1. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum. — **8. gr.** Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar samkvæmt 2. gr., og getur ráðherra þá, við lok leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ef ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum. — **9. gr.** Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara félag komið á hitaveitu í þágu almennings og annazt rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem bæjar- eða hreppsfélag væri. — Rétt á bæjar- eða sveitarstjórn að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins. — **10. gr.** Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

1946 Nr. 7 11. marz

Lög um girðingar kringum hveri og laugar.

1. gr. Skylt er að afgirða hveri og laugar (50° C og þar yfir), sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hætta af fyrir líf eða limu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð. Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum. Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga. — **2. gr.** Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar. Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá tilkynningu sveitarstjórnar, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

g. Veitingar.

1926 Nr. 21 15. júní

Lög um veitingasölu, gistihúshald o. fl.[1])

1. gr. Lög þessi taka til gistihúshalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga, sbr. þó 6., 11., 12. og 15. gr. — **2. gr.** Enginn má gera sér gistihúshald eða veitingar að atvinnu, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra.[a]) [Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.][2]) Utan kaupstaða geta hreppstjórar þó veitt leyfi til tækifærisveitinga. Leyfislaust má þó reka: 1. Veitingar á kaffi, tei, súkkulaði, mjólk og kókói í kökubúðum (Konditori) ásamt kökum þar gerðum. 2. Tækifærisveitingar til félags, er félagar einir eiga aðgang að, konur þeirra og börn. — **3. gr.** Leyfi má veita körlum sem konum, giftum sem ógiftum, enda hafi rétturinn ekki verið af aðilja tekinn, ef hann: 1. Er heimilisfastur á Íslandi og hefir verið það síðasta árið. 2. Er fjárráður. 3. Hefir forræði á búi sínu. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. 4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. 5. Hefir meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnu. 6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um gistihúshald og veitingasölu. — Atvinnumálaráðherra getur sett ákvæði um bókhald veitingamanna og gestgjafa. — Fyrirmæli 1. og 5. tölul. og næstu málsgreinar hér á undan taka ekki til tækifærisveitinga. — **4. gr.** Leyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum né sýslunar, né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að atvinnan samrýmist stöðu þeirra. — **5. gr.** Nú vill félag eða stofnun reka hér gistihús eða veitingasölu, og skulu þau eiga hér heimilisfang og varnarþing. Ef nokkrir félagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skulu þeir og allir fullnægja skilyrðum 3. gr. 1.—6. tölul., og meðal þeirra, er firmað rita, skal að minnsta kosti einn fullnægja þeim skilyrðum, er sett kunna að verða um bókhald. En ef stofnun er eða félag, þar sem enginn félaga ber ábyrgð á skuldum félags, þá skal að minnsta kosti einn stjórnandi, þeirra er firmað rita, fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. og hinir stjórnendur fullnægja skilyrðum 1.—6. tölul. hennar. Ef hlutafélag er, þá skal hlutafé ennfremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda séu samþykktir félagsins samrýmanlegar íslenzkum lögum. — **6. gr.** Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr. 1.—4. og 6. tölul. segir. Ef maður missir forræði á búi sínu, getur lögreglustjóri þó veitt honum leyfi til að halda atvinnunni áfram. — Nú missir aðili einhverra þeirra skilyrða, sem í 5. gr. segir, og skal lögreglustjóri þá setja honum hæfilegan frest til að koma málinu í löglegt horf. Ef ekki er um bætt áður en frestur er liðinn, þá hefir aðili fyrirgert heimild sinni. — Nú hefir maður þrisvar verið dæmdur sekur um brot, eða undirgengizt sektargreiðslu fyrir brot á fyrirmælum laga eða reglugerða um góða reglu eða velsæmi á gistihúsi sínu eða veitingastað, eða á lögum eða reglugerðum um áfengi, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu.[1])[a]) — **7. gr.** Veitingaleyfi og gistihúss er bundið við nafn.[b]) Ekkja getur þó haldið áfram atvinnu manns

1) Sbr. l. nr. 59, 23. júní 1936, § 10 sbr. § 12. — 2) L. nr. 33, 13. júní 1937, § 1. — a) IV, 559, XXIII, 284, 329.

1926 Nr. 21 15. júní

1) Sbr. l. nr. 45, 15. júní 1926, § 8. — a) VI, 15. — b) XXIII, 329.

1926 Nr. 21 15. júní

síns látins. Lögreglustjóri getur og leyft erfingjum að halda áfram atvinnu arfleifanda án nýs leyfis allt að ári eftir látið. — **8. gr.** Halda skal lögreglustjóri skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar atvinnan sé rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi, og það annað, er ráðherra kann að ákveða. Lögreglustjóri sendir ráðherra um áramót hver eftirrit af því, er skráð var síðastliðið ár. — **9. gr.** Leyfi heimilar einungis atvinnurekstur í ákveðnum hreppi eða kaupstað. Leyfi til veitinga almennt felur ekki í sér rétt til gistihúshalds eða tækifærisveitinga. Leyfi til gistihúshalds felur og í sér veitingaleyfi. — **10. gr.** Nú synjar lögreglustjóri um leyfi eða ágreiningur verður um það, hvort atvinnuheimildin sé niður fallin, og getur aðili þá borið það mál undir dómstólana, enda sé það gert, að undangenginni stefnu til lögreglustjóra, fyrir gestarétti innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar hans, en skylt skal að hlýða þeim úrskurði, unz dómur er genginn um málið. — **11. gr.** Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, nema heimilt sé að selja þar vín.[1]) — Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem er í húsi félagsins eða annarra, nema leyfi lögreglustjóra komi til. — **12. gr.** Það er áfengur drykkur samkvæmt lögum þessum, sem í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. — **13. gr.**[2]) Gjalda skal í ríkissjóð fyrir leyfi: Til gistihúshalds, kr. 200,00; til veitinga almennt kr. 150,00. — Fyrir leyfi til tækifærisveitinga skal greiða í sveitarsjóð eða bæjar frá kr. 5,00—50,00, eftir ákvörðun þess, er leyfið veitir. — Ráðherra, eða ef tækifærisveitingar eru, þá lögreglustjóri, getur fært gjald niður eða jafnvel gefið það eftir með öllu, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef almenningsnauðsyn þykir vera á gististað eða veitinga, ef ágóða af veitingum skal verja til líknarstarfsemi eða þjóðþrifa, ef fátækir menn eiga hlut að máli o. s. frv. — **14. gr.** Skylt er gestgjöfum og veitingamönnum að veita lögreglustjóra og ráðherra upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í því skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða fyrir upplýsingar þeirra. — **15. gr.** Það varðar 50—1000 kr. sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum, ef maður rekur gistihús eða hefir um hönd veitingar, er leyfis þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir misst það, eða byrjar áður nefndar athafnir án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki settum skilyrðum til að mega halda atvinnu áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.[a]) — Það varðar neytendur, þjónustumenn og félagsstjórn 50—2000 kr. sektum, ef þeir brjóta fyrirmæli 11. gr. Auk þess skal vera upptækt áfengi það, er finnast kann í vörzlum hinna brotlegu. Ennfremur getur lögreglustjóri bannað félagi samkomur, enda sé þá þegar höfðað mál gegn félaginu samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar. — **16. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. Félagsstjórn, veitingamaður og gestgjafi ábyrgjast sektagreiðslu og málskostnaðar fyrir þjónustumenn sína, sbr. 15. gr. 2. málsgr., enda skal gera aðför í eignum hinna brotlegu, og ábyrgðarmanna ef þörf gerist, til tryggingar sektum. — Mál út af brotum á lögum þessum fara sem almenn lögreglumál. — **17. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926. — Þeir, sem höfðu á hendi veitingasölu eða gistihúshald 1. jan. 1926, mega halda atvinnunni áfram, en ráðherra úrskurðar, hversu fer um þá, sem byrja þá atvinnu á fyrra helmingi ársins 1926.

1) Sbr. l. nr. 58, 24. apr. 1954, § 20. — 2) L. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43.

1926 Nr. 21 15. júní

1926 Nr. 21 15. júní

Lög um byggingu gistihúss í Reykjavík.

1946 Nr. 36 29. apríl

1. gr. Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 5 — fimm — milljónum króna til gistihússbyggingar í Reykjavík. Fé þetta er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni. — **2. gr.** Gistihús það, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að reisa í félagi við bæjarstjórn Reykjavíkur, stofnanir, félög og einstaklinga. — **3. gr.** Gistihúsið skal rekið fyrir reikning þeirra aðila, sem verða þátttakendur í því að reisa það. Ef hentara þykir, má þó leigja húsið út til gistihúshalds. — **4. gr.** Ef gistihús þetta verður reist og rekið af hlutafélagi, skulu ákvæði hlutafélagalaga,

a) II, 678, XXIII, 284.

1946 Nr. 36 29. apríl

nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðisrétti ekki gilda um það hlutafélag. Að öðru leyti gilda ákvæði téðra hlutafélagalaga nr. 77/1921, svo sem við verður komið. — **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1947 að taka eignarnámi lóðir, hús og mannvirki, eftir því sem hún telur þurfa undir gistihúsið og því til afnota, enda sé öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, sammála um, að eignarnámið fari fram. Fer um eignarnám þetta eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

h. Veiði.

1849 20. júní

Tilskipun um veiði á Íslandi.

1. gr. Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði . . .,[1]) nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari. Svo skulu og veiðiítök þau, er menn hafa fengið að lögum fyrir utan landareign sína, standa óröskuð að öllu. — Nú eiga fleiri jörð saman, og er henni skipt í parta milli þeirra eftir merkjum, þá er svo um veiði á hverjum parti sem heil jörð væri. En ef ekki er skipt jörðu eftir merkjum, þá er öllum eigendum veiði jafnheimil á þeirri jörð, nema þeir hafi gert annan samning sín í milli, og skal hann þó eigi lengur standa en þeir eiga jörð saman. — **2. gr.** Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til. Á almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil. — **3. gr.**[2]) Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60[3]) faðma frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Nú liggja eyjar eða hólmar undir jörð, þá skal mæla lóðhelgi jarðar á sama hátt frá landi og jafnt í allar áttir frá eyjum og hólmum. Ef jarðir þær eða eyjar eða hólmar, sem ekki er einn eigandi að, liggja tveim megin við firði eða víkur eða sund, og er ekki hundrað faðma tólfrætt í milli, þá á hver jarðeigandi veiði út á miðjan fjörðinn eða víkina eða sundið. Þar sem varplönd eru eða látur eða lagnir, fer um það sem síðar segir. — **4. gr.** Enginn jarðeigandi má skilja að veiðiréttinn og lóðina; því fylgir veiðirétturinn jörðum, þá er þær eru byggðar, sem notkunarréttur, er ekki verður frá lóðinni skilinn. En ábúandi má ekki heldur ljá neinum veiði þá að staðaldri án leyfis jarðeiganda, sem skal eiga kost á að ákveða allt nákvæmar í leigumálanum um veiði þá, er leiguliði fær með ábúðinni, eftir því sem þeim semur um.[1]) — Ef fleiri eru ábúendur á einni jörð, skal svo fara um veiði, meðan ábúð þeirra stendur, sem fyrir er mælt í 1. gr., þá er fleiri eiga jörð saman. — **5. gr.** Nú drepur maður dýr . . .,[2]) eða veiðir með einhverjum hætti í annars manns landi, þar sem hann á ekki veiði, þá veiðir hann þeim, er þar á veiði, og skal hann hafa skaða sinn að öllu bættan, eftir því sem skynsamir menn meta og óvilhallir. Sá skal skaða bæta, er skaða gerði, og sektast hann þar á ofan um hálfan ríkisbankadal eða meir, allt að 10 ríkisbankadölum, eftir því sem á stendur, og skal það þá mestu ráða, ef hann hefir brotið oftar en í það skipti. — **6. gr.** Ef maður er á lóð sinni og skýtur þaðan dýr . . .,[2]) sem í annars manns veiðilandi eru, eða drepur með öðrum hætti, þá er sem hann hefði veitt í annars manns landi. Sama liggur við, ef sá maður, sem veiði á, særir dýr . . .[2]) á sínu landi og eltir í annars manns land, eða fer þangað, sem hann á ekki veiði, til að sækja dýr . . .,[2]) er þar gefast upp. — **7. gr.** Birni má hver maður elta og veiða hvar sem hann finnur, og á sá björn, er fyrst kemur banasári á hann. En sá, er þar á veiði, og þeir menn, er að veiði bjarnarins voru, skulu ekki hafa nema endurgjald fyrir aðstoð sína. — Hreina[3]) má og veiða og elta, hvar sem er. — **8. gr.**[4]) Um refaveiði er það leyft, að vinna gren í annars manns landi og drepa bæði refi þá, er þar eru, og yrðlinga þeirra, með hverjum hætti, sem unnt er. Vilji maður leggja refaboga á annars manns landi, eða gera þar refagildrur eða skothús til að skjóta þaðan refi, skal hann segja til ábúanda, og er hann skyldur til að leggja á samþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða sjálfur refum í landi sínu með slíkum hætti. En ef hann synjar leyfis og vinnur þó ekkert að, til að eyða refunum, og óvilhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið skaða af refaveiði þeirri, er til var stofnað, þá er hann sekur

1849 20. júní

1) L. nr. 63, 21. apríl 1954, § 39. — 2) Sbr. l. nr. 112, 9. okt. 1941, II. kafli. — 3) Sbr. l. nr. 39, 2. nóv. 1914, § 2, og l. nr. 15, 20. júní 1923, § 4.

1) Sbr. l. nr. 1, 12. jan. 1884, § 13 og l. nr. 87, 19. júní 1933, § 25, l. nr. 8, 5. febr. 1946, § 25. — 2) L. nr. 63, 21. apríl 1954, § 39. — 3) Sjá þó l. nr. 28, 12. febr. 1940. — 4) Sbr. l. nr. 56, 25. maí 1949.

1849 20. júní

um 2 rbd., og skyldur til að þola, að hinn geri veiðivélar þær, er nú var getið. — **9. gr.** . . .[1]) — **10. gr.** Á slíkan hátt skal friðhelga eggver annarra fugla,[2]) ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þau einkar arðmikil. — **11. gr.** . . .[1]) — **15. gr.**[3]) Sýslumenn skulu ótilkvaddir af eiganda hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landselaveiði eða útsela nú er tíðkuð með nótum eða öðrum hætti. Vilji maður taka upp nýja staði til selveiða og friðhelga, þá skal hann segja til sýslumanni, og skal hann þá lýsa friðhelgi þeirra hvert ár á manntalsþingum, ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þeir vel hentir til slíkrar veiði. Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum; en ef skotið er, eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina. [Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr. og þar á ofan 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna sektir allar að ⅓ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að ⅔ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skipt eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.][4]) — **16. gr.**[3]) Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill, og þó ekki nær annars manns landi en hundrað faðma tólfrætt frá stórstraumsfjörumáli, þar sem nótlög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en áður segir. Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns, þá skal hann semja þar um við þann, er veiði á, og stendur það. En ef hann synjar veiðinnar, og sýnist óvilhöllum mönnum, að hann hefði getað leyft sér að skaðlausu, eða nóteiganda þykir eigandi veiðinnar selja of dýrt leyfi sitt, skal nóteigandi leita sýslumanns, og skal hann bjóða þeim, sem veiði á, að leyfa nótlögin og nefna til menn og kveða á leiguna. Nú leggur maður nót fyrir farsel í nótlögum annars manns og hefir ekki leyfi til þess, er veiði á, eða aðra heimild, þá veiðir hann honum. Með ábyrgð hans og upptöku nótanna skal fara eftir fyrirmælum 12. gr. Skutulveiði er heimil hvar sem stendur, nema þar er látur eru eða nótlög. Þar sem menn eru að skutulveiði má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn; en ef nokkur gerir það, gjaldi 5 rbd. fyrir hvert skot. — **17. gr.** Það skal vera skylda þeirra manna, sem leiðbeina útlendum skipum inn á hafnir, að segja skipstjórnarmönnum hvar friðheilög eggver eða selveiði þar er í grennd við kauptúnin, og hvert bann við er lagt, ef skotið er of nærri þeim úr fallbyssum eða öðrum byssum. Nú er skotið af skipi, og ber ekki nauðsyn til, þá verður skipstjórnarmaður sekur um það; en eiga skal henn heimting til endurgjalds að leiðsögumanni, ef hann var á skipi þá er skotið var, og hinn getur sannað, að leiðsögumaður hefir ekki sagt honum til sem vera ber. — **18. gr.** Nú hefir maður orðið sekur um ólöglega veiði, annaðhvort með dómsatkvæði eða amtmannsúrskurði,[1]) og brýtur hann oftar en í það skipti, þá skal hann í hvert skipti hafa fyrirgert netum og öðrum veiðitólum, er hann hefir viðhaft, og eignast sveitarsjóðurinn þau, hver sem sök sækir, yfirvald konungs eður sá, sem skaða beið. Allar sektir, sem goldnar eru eftir tilskipun þessari, eignast sveitarsjóðirnir. — **19. gr.** Ef brotið er móti 11.—15. gr.[1]) í tilskipun þessari, skal fara með sakir þær sem opinber lögreglumál; því skal valdsmaður konungs rannsaka málið og dæma hinn seka, hvort sem sá, er skaða beið, eða aðrir út í frá, segja honum til afbrotsins, eða hann fær vitneskju um það á annan hátt, nema sá hinn seki kjósi heldur að málið sé útkljáð á þann hátt, sem mælt er í 10. gr. tilskipunarinnar 24. jan. 1838.[2]) Þó skal sá, er skaða beið, eiga kost á að höfða sök og sækja á sinn kostnað, ef honum svo sýnist, t. a. m. ef valdsmanni skyldi þykja skýrslur þær, sem fram eru komnar, ónægar til opinberrar málssóknar. — Öll mál önnur, er höfðuð eru um afbrigði þessarar tilskipunar, skal til dóms sækja á sama hátt og lögreglumál, þau er ekki eru opinber. — **20. gr.** Ef maður veiðir heimildarlaust, og verður það uppvíst, þá er málið er rannsakað, að hann hafi framið nokkurn þann misverka um leið, er stórglæpasök fylgir, skal til taka veiðisektina í dómsatkvæði því, er gert er um stórglæpasökina. — **21. gr.** Með þessari tilskipun er allt það aftekið, sem lög hafa verið hingað til um fuglaveiði og dýraveiði og

1849 20. júní

1) L. nr. 74, 27. júní 1941. — 2) L. nr. 63, 21. apríl 1954, § 9. — 3) Sbr. l. nr. 30, 27. júní 1925 og l. nr. 112, 9. okt. 1941, X. kafla. — 4) L. nr. 25, 27. júní 1925.

1) Sbr. nú l. nr. 27, 5. marz 1951. — 2) Tsk. nr. 12, 23. ág. 1904, I. 1. a.

1849 20. júní selveiði, en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um hvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.

1950 Nr. 28 12. febr. **Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.**

1. gr. [Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hætta af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.][1]) — **2. gr.** Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt, og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði. — **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10000.00 króna sekt.][2]) — **4. gr.** Fara skal með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstarmanns, en hálfar til sveitarsjóðs heimilissveitar hans.

1949 Nr. 56 25. maí **Lög um eyðingu refa og minka.**

I. kafli. — Yfirumsjón. — 1. gr. Sýslumenn hafa hver í sínu umdæmi umsjón með framkvæmd þessara laga undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra. — **2. gr.** Sýslunefndir skulu sjá um, að hreppsnefndir annist eyðingu refa og villiminka. — Heimilt er sýslunefnd að ráða í samráði við hreppsnefndir einn mann (refaeyðingarstjóra) til að stjórna refa- og minkaveiðum í allri sýslunni eða nokkrum hluta hennar.

II. kafli. — Eyðing refa og minka. — 3. gr. Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins eða hreppsins, svo og um vinnslu grenja og minkabæla. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu, eða stjórn upprekstrarfélagsins, leitina og vinnslu dýranna á afréttinni. — Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina. — **4. gr.** Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarlönd saman, sbr. 3. gr., eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann hefur verið ráðinn, sbr. 2. gr., ráða skotmann eða bogmann, einn eða fleiri, til að vinna greni eða minkabæli í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessu efni. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúnir til grenjavinnslu, hvenær sem greni eða minkabæli finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum. — **5. gr.** Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðzt til skotmanns í tæka tíð. — **6. gr.** Þegar greni eða minkabæli finnst, hvort heldur er í grenja- eða minkaleit eða þess utan, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni sem mest. Skotmanni eða bogmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust. Kostnaður við slíkt telst með öðrum eyðingarkostnaði. — **7. gr.** Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða þann aðila, sem sér um grenjavinnslu. Sama gildir um borgun til bogmanns. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr, en taka skal tillit til þess, þegar ráðningarkjör skotmanns og bogmanns eru ákveðin. Einnig skal taka tillit til þess við launaákvörðun, ef yrðlingar eða minkahvolpar eru verðmætir. — **8. gr.** Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 60 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og sömu upphæð fyrir hvern mink. — **9. gr.** Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags eða refaeyðingarstjóri heldur skrá yfir öll þekkt greni og minkabæli og gerir stutta lýsingu á þeim. Gera skal vörður eða skotbyrgi við greni þau, sem þörf er á, og halda þeim við. Heimilt er að laga skemmd greni, ef auðunnin eru, svo og ónýta önnur, sem torunnin eru, telji stjórn refaeyðinganna það hagkvæmt. — **10. gr.** Skylt er að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Oddvitar sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, en þar sem fleiri hreppar eiga afréttir saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina eða fá til sérstakan mann að sjá um hana. Héraðslæknar

1) L. nr. 72, 24. apríl 1954, § 1. — 2) Sömu l., § 2.

1949 Nr. 56 25. maí

1948 Nr. 56 25. maí

eða lyfjabúðir láta oddvitum í hendur eitur eftir fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

III. kafli. — Bann gegn minka- og refaeldi. — **11. gr.** Sýslunefndir og bæjarstjórnir geta bannað minkaeldi í umdæmum sínum og sömuleiðis eldi refa. Verði slíkt bann framkvæmt þar, sem nú eru loðdýrabú, skal sýslusjóður eða bæjarsjóður greiða eigendum skaðabætur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

IV. kafli. — Skipting kostnaðar. — 12. gr. Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refa- og minkaeyðingu, skulu samhliða hreppsreikningi ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, sundurliðaða, svo að glöggt sjáist kostnaður við hvort um sig, eyðingu refa og eyðingu minka. Að lokinni endurskoðun skulu þeir leggjast fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir, og skal þá sá aðili, er lagt hefur kostnaðinn fram við refaeyðingu, fá hann endurgreiddan að ⅔ hlutum, að hálfu frá sýslunefnd, en að hálfu frá ríkinu. Kostnað við eyðingu minka skal endurgreiða að ⅚, ⅔ frá ríki og ⅙ úr sýslusjóði.

V. kafli. — Almenn ákvæði. — 13. gr. Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem um eitrun fyrir refi og minka. — Enn fremur geta sýslunefndir sett nánari reglur um framkvæmd laganna, en landbúnaðarráðherra skal samþykkja þær, áður en þær öðlast gildi. — **14. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

1951 Nr. 32 8. marz

Lög um loðdýrarækt.

1. gr. Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón með loðdýraræktinni í landinu undir stjórn landbúnaðarráðherra. Hann sker úr ágreiningi um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki. — **2. gr.** Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarður nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald þar, sem loðdýr eru höfð í ógirtum eyjum. — **3. gr.** Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits Búnaðarfélags Íslands. — **4. gr.** Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum. — Búnaðarfélag Íslands skal í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. Það skal fela einum af ráðunautum félagsins þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hefur haft með höndum.[a]) — Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem Búnaðarfélagið eða ráðunautur þess leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. — Nú þykir áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanns, og getur þá ráðherra skipað annan trúnaðarmann að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. — Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með búi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til. — **5. gr.** Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er Búnaðarfélag Íslands gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands. — Leyfi hvert gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt fyrir og einungis fyrir þá tegund loðdýra, sem í leyfinu greinir. — Óheimilt er að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrr en úttekt loðdýraræktarráðunautar eða trúnaðarmanna hans hefur farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða um, að girðingar og umbúnaður allur sé úr traustu efni og svo vandlega frá gengið, að öruggt sé, að dýr geti ekki sloppið nema einhver sérstök óhöpp beri að höndum. — Að lokinni úttekt og fullnægðum skilyrðum ber úttekarmanni að gefa leyfishafa skriflega yfirlýsingu um, að honum sé heimilt að taka dýrin í garðinn eða aðhaldið. Sömu ákvæði

a) XXV, 127.

gilda, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður. — Nánari ákvæði um eftirlit og úttekt skal setja með reglugerð, þar á meðal um greiðslu fyrir verkið. — Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum frá 200—4000 krónum, er renna í sveitar- eða bæjarsjóð. — **6. gr.** Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggðum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávalt setja dýrhelda ytri girðingu um refabúr og önnur slík loðdýrabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Minka skal þó ávallt geyma og ala í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steyptu gólfi. Nánari ákvæði um gerð húsa, búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. — Óheimilt er að reisa ný minkabúr eftir að lög þessi koma til framkvæmda. Þeim, sem þá eiga löglega umbúin minkabúr, önnur en steinsteypt, er þó heimilt að láta þau standa allt af þremur misserum, en þó aldrei lengur en Búnaðarfélag Íslands telur þau fullgilda vörzlu. — Þar, sem minkar eru nú geymdir í steinsteyptum húsum, má ala þá áfram í þeim allt að 5 ár eftir að lög þessi koma til framkvæmda, sbr. þó 11. gr. laga nr. 56 25. maí 1949. — Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búri. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja. — Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns, eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi. — Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 3. mgr. — **7. gr.** Hver sá, félag eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskírteinis, verða meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess. — Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgi lögtaksréttur. — **8. gr.** Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd svo fjarri alfaraleiðum, að ekki hljótist ónæði af umferðinni. — Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hljótast kann af ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða aðhaldi. Enn fremur á skemmdum á refagörðum eða búrum. Ákveða má sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða, nema þyngri refsing liggi við að lögum, svo og hvernig með skuli fara kærumál um þessi efni. — **9. gr.** Gangi hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, sem loðdýrum getur stafað hætta af, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða eða milli héraða. — **10. gr.** Sleppi loðdýr úr vörzlu, skal sá, er vörzluna hefur, þegar gera gangskör að því að veiða dýrin. Samtímis skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra í leyfisumdæminu hvarfið, og varðar sektum frá 200 til 2000 kr., ef út af er brugðið. — Auk sekta samkvæmt framansögðu skal sá, er dýrin missir úr vörzlu, greiða skaðabætur eftir mati, ef sannanlegt tjón hlýzt af, nema sannað verði, að skemmdarverkum óviðkomandi manna eða öðrum óviðráðanlegum orsökum sé um að kenna, að dýrin sluppu. Nú hefur dýr, eitt eða fleiri, sloppið úr vörzlu og hvarfið verið tilkynnt samkvæmt 1. málslið þessarar greinar, og skal þá hlutaðeigandi hreppstjóri eða lögreglustjóri tafarlaust tilkynna það loðdýraræktarráðunaut, og gera þeir þá í sameiningu ráðstafanir til þess, að dýrunum verði náð, dauðum eða lifandi, ef auðið er. Kostnað, er þær ráðstafanir hafa í för með sér, greiðir sá, er dýrin voru í vörzlu hjá, hvort sem þau eru hans eign eða tökudýr. Nú sannast, að umráðamanni dýranna var ekki um að kenna, að dýrin sluppu, og falla þá skaðabætur og kostnaður á þann, er fundinn verður sannur að sök, auk þess sem hann skal sæta sektum fyrir spellvirki, allt að 5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sannist ekki, hvaðan dýr hafa sloppið úr vörzlu, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er um ræðir í þessari grein. Sektir samkv. þessari grein falla í ríkissjóð. — **11. gr.** Loðdýra-

1951 Nr. 32 8. marz

1951 Nr. 32 8. marz

ræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli. — Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er. — Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa. — Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu. — **12. gr.** Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samræmi við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar. — Dýr af þeim tegundum er óheimilt að selja eða láta á annan hátt af höndum til lífs, nema loðdýraræktarráðunautur eða fulltrúi hans hafi metið þau hæf til undaneldis. — Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis. — **13.** Kostnað við merkingar loðdýra greiðir Loðdýraræktarfélag Íslands, en heimilt er því að taka merkingargjald af eigendum merktra dýra, og ákveður aðalfundur félagsins gjaldið ár hvert. Sama gildir um ættbókarfærslu. — **14. gr.** Um loðdýrasýningar, sýningarsvæði og verðlaunaveitingar sé ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða þar að leggja gjöld á loðdýraeigendur vegna sýninganna. — **15. gr.** Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningum, eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni. Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis á útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og um aldur dýranna. — Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans. — **16. gr.** Um eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka. — **17. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

1951 Nr. 32 8. marz

Lög um auðkenni á eitruðum rjúpum. **1895** Nr. 3 15. febr.

1. gr. Rjúpur, sem eitraðar eru til eyðingar refa, skal auðkenna þannig, að hægri vængurinn er stýfður til hálfs. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 20—200 kr., er renna hálfar til landssjóðs og hálfar til uppljóstrarmanns. — **3. gr.** Mál þau, er rísa af brotum gegn 1. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál.

Lög um friðun héra. **1914** Nr. 23 2. nóv.

1. gr. Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hérar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða allt árið. — **2. gr.** Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepið er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns. — Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lögreglumál.

Lög um útrýmingu sels í Húnaósi. **1937** Nr. 29 13. júní

1. gr. Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans. — **2. gr.** Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiðir bæturnar eins og þær eru metnar.

Lög um selaskot á Breiðafirði og uppidráp. **1925** Nr. 30 27. júní

1. gr. Öll selaskot skulu hér eftir bönnuð á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli, sunnan Breiðafjarðar, í Stagley og frá Stagley hálfa mílu frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. . . .[1]) — Í selalátrum á bannsvæðinu er engum öðrum en eigendum eða umráðamönnum látranna heimilt að rota seli eða drepa uppi. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849, þó svo, að viðbótarsekt sú, sem ákveðin er í niðurlagi 15. gr., skal vera 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem

1) L. nr. 61, 23. júní 1932, § 94.

1925 Nr. 30 27. júní

skotinn er eða uppi er drepinn, og renna að ⅓ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að ⅔ til uppljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skipt eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

1949 Nr. 26 9. maí

Lög um hvalveiðar.

1. gr. Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenzkri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenzkum ríkisborgurum, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár að minnsta kosti. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar háskólans (fiskideildar). Ef báðar þessar stofnanir telja, að gengið sé of nærri hvalastofninum með nýjum veiðileyfum, skal umsókn synjað. — Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi. — Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar. — **2. gr.** Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt. — **3. gr.** Óheimilt er að veiða a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja; b. tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að. — **4. gr.**[1]) Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum; b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs; c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar; d. takmarkað veiðiútbúnað; e. bannað íslenzkum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar. — **5. gr.** Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu. — **6. gr.** Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði. — Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu. — **7. gr.** Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins. — **8. gr.** Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara. — **9. gr.** Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra. — Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins. — **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr., og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk. — Á skipinu skal hvíla lögveð til tryggingar greiðslu á sektum og kostnaði. — **11. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

1) Rgj. nr. 113, 16. ágúst 1949.

1949 Nr. 26 9. maí

1954 Nr. 63 21. apríl

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun.

I. kafli. — Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála. — 1. gr. Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögunum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku. — **2. gr.** 1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir. — 2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá réttur til fuglaveiða ábúðinni, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki. — 3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn. — **3. gr.** 1. Nú er land-

areign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan. — 2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan. — **4. gr.** 1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar. — 2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg. — 3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið. — 4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum. — 5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir. — **5. gr.** 1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis. — 2. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. — 3. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenzkri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 5. gr. l. nr. 33/1935. — **6. gr.** Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið. — **7. gr.** 1. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun. — 2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðherra skipar nefndina, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum Hins íslenzka náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Dýraverndunarfélags Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk forstöðumanns dýrafræðideildar Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður nefndarinnar. — 3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál. — 4. Ísland er aðaili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu (The International Committee for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum. — 5. Fuglafriðunarnefnd starfar kauplaust, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

1954 Nr. 63 21. apríl

II. kafli. — Friðunarákvæði og veiðitímar.

— **8. gr.** 1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið. — 2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar: a. Allt árið: kjói, svartbakur (veiðibjalla), hrafn. b. Frá 15. ágúst til 19. maí: skúmur, silfurmáfur, litli svartbakur, stóri hvítmáfur, litli hvítmáfur, hettumáfur, rita, álka, stuttnefja, langvía, teista, lundi. c. Frá 20. ágúst til 31. október: grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs, helsingi. d. Frá 1. september til 31. október: urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd, hrafnsönd. e. Frá 1. september til 29. febrúar: stokkönd, rauðhöfðaönd, hávella. f. Frá 20. ágúst til 31. marz: fýll, súla, dílaskarfur, toppskarfur. g. Frá 20. ágúst til 20. apríl: lómur, sefönd (flórgoði), stóra toppönd (gulönd), litla toppönd. h. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa. — 3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsgr., tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerðar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. — **9. gr.** 1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeigenda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli. — 2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í

lögsagnarumdæmum sínum. — 3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi. — **10. gr.** 1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og f-liðum 2. málsgr. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum. — 2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, og ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. — 3. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur. — **11. gr.** Ráðherra getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. að öllu eða nokkru leyti, til að safna fuglum, eggjum eða hreiðrum til vísindalegra þarfa eða til notkunar við kennslu. Slík undanþága veitist því aðeins í þágu skóla, að náttúrugripasafnið geti eigi séð þeim fyrir nægum gripum af þessu tagi. — **12. gr.** Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

III. kafli. — Um fuglaveiðasamþykktir. — 13. gr. Sýslunefndum og bæjarstjórnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — **14. gr.** 1. Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. Atkvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi. — 2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd (eða sýslunefndir) hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) fellst á þær. En ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir. — 3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi. — 4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað. — **15. gr.** 1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða. — 2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 2000 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála. — **16. gr.** Þar sem rætt er um sýslunefnd, oddvita hennar og sýslusjóð í III. kafla laga þessara, er einn-

1954 Nr. 63 21. apríl

ig átt við bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjarsjóð, eftir því sem við á. — **17. gr.** Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðherra að nýju.

IV. kafli. — Um veiðitæki og veiðiaðferðir. — **18. gr.** Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með fríhendis frá öxl. Hlaupvíðari haglbyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða. — **19. gr.** 1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað. — 2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílur á klukkustund. — **20. gr.** 1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum. — 2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt. — 3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til bjargfuglaveiða. — **21. gr.** Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar. Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum. — **22. gr.** Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum, og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef nauðsyn þykir bera til, í sambandi við eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), hrafns og kjóa. — **23. gr.** Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg. — **24. gr.** Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu óheimilar nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar. — **25. gr.** 1. Náttúrugripasafn Íslands í Reykjavík hefur eitt heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi. Ráðherra getur samkvæmt tillögum náttúrugripasafnsins, og að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má ekki nota önnur merki en þau, sem safnið lætur í té. — 2. Hverjum, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til náttúrugripasafnsins, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

1954 Nr. 63 21. apríl

V. kafli. — Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla. — **26. gr.** Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka líkamshluta þeirra. — **27. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir, að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur. — **28. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir. — **29. gr.** Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt. — **30. gr.** Fugla þá, egg, eggskurn og hreiður, er um ræðir í 26.—29. gr., skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt. — **31. gr.** Þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt. —

1954 Nr. 63 21. apríl

32. gr. Nú notar ráðherra heimild 27. og 28. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. kafli. — Refsiákvæði og réttarfar. — 33. gr. 1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 100 til 3000 krónum.[a]) Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 300 til 5000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögunum. — 2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð. — 3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara. — **34. gr.** Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 50 til 2000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 100 til 4000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka eða haftyrðils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 300 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku. — **35. gr.** Brot á ákvæðum 26.—31. gr. varða sektum frá 50 til 5000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta. — **36. gr.** Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 15. og 33.—35. gr., varða sektum frá 50 til 1000 krónum. — **37. gr.** 1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 33. og 34. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna. — 2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða. — **38. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

a) (VI, 40).

1954 Nr. 63 21. apríl

Lög um friðun Eldeyjar.

1940 Nr. 27 12. febr.

1. gr. Bannað er að ganga á Eldey án leyfis ríkisstjórnarinnar. — **2. gr.** Eigi má granda fuglum né eggjum á Eldey, jarðvegi né neinu því, er þýðingu hefir fyrir fuglalíf, né heldur má nokkrum öðrum hlutum spilla þar eða ræna. — **3. gr.** Greiða skal bætur þeim, er leigurétt hefir á eynni, svo að hann verði skaðlaus af. Náist ekki samningar um bæturnar, skal um þær fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. — **4. gr.** Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, 500—5000 kr. — Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða sektum, 100—10000 kr.

Lög um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

1936 Nr. 66 23. júní

1. gr. Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur. — **2. gr.** Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 5 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og senda þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar. — **3. gr.** Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni. — Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og til-

1936 Nr. 66 23. júní

tekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu. — **4. gr.** Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak. — Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp. — **5. gr.** Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 10—100 krónum. — **6. gr.** Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum. — **7. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. — Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

1941 Nr. 89 9. júlí

Lög um eyðingu svartbaks.

1. gr. Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða [þrjár krónur][1]) fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) eða fleygs svartbaksunga, annarra en þeirra, sem drepnir eru með eitri. — Sá, er drepið hefur svartbak eða fleygan svartbaksunga, skal sanna það fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra með því að afhenda hægri væng fuglsins, vilji hann hljóta verðlaun fyrir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. — **2. gr.** Umráðendur æðarvarps skulu á vorin eitra fyrir svartbak í varplöndunum, eftir nánari fyrirmælum, sem dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.[2]) — **3. gr.** Bannað er að hagnýta á nokkurn hátt svartbaka, sem finnast dauðir, og skulu þeir grafnir tafarlaust þar, sem þeir finnast. — Brot gegn ákvæðum 2. og 3. gr. varða 100—1000 kr. sektum. — **4. gr.** Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður, en sýsla, sem svartbakur er drepinn í, skal endurgjalda ríkissjóði 25% af launununum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekju hafa, greiða ríkissjóði eina krónu fyrir hvert hreinsað kg æðardúns, er þeim fellur næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara, og skiptist sú upphæð milli ríkissjóðs og sýslu í réttu hlutfalli við þátttöku þessara aðila í kostnaðinum. — **5. gr.** Sá, er með skotum vill eyða svartbaki eða fleygum svartbaksungum, má gera það hvar sem er. Þó eigi í friðlýstum varplöndum eða innan tveggja km frá þeim. Eigi heldur nálægt friðlýstum selalátrum eða á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða. — Ef menn ætla að drepa svartbak eða fleyga svartbaksunga í ábýlislandi annars manns, skal ábúanda tilkynnt það, og honum gefinn kostur á að fylgjast með veiðinni. — **6. gr.** Skylt er hverjum ábúanda að eyða öllum eggjum svartbaks eða ófleygum svartbaksungum í ábýlislandi sínu, og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína, varðar það sektum frá 50—1000 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli. — **7. gr.** Meðan lög þessi gilda, frestast framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

1) L. nr. 13, 10. febr. 1953, § 1. — 2) Rgj. nr. 45, 23. apr. 1942.

1941 Nr. 89 9. júlí

Lög um eyðingu svartbaks.

1. gr. Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1954.

1951 Nr. 104 20. des.

1941 Nr. 112 9. okt.

Lög um lax- og silungsveiði.

I. kafli. — Orðaskýringar. — 1. gr. Í lögum þessum merkja: — **Áll:** Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er. — **Drættir:** Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið. — **Fastar veiðivélar:** Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar. — **Félagsveiði:** Félagsskap eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda. — **Fiskihverfi:** Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið. — **Fiskrækt:** Hvers konar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn. — **Fiskur:** Lax og silungur. — **Fiskvegir:** Hvers konar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera

fiski auðveldari för um þau. — **Göngusilungur:** Silungur, er gengur úr sjó í ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður. — **Kvísl:** Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst að staðaldri.[a]) — **Lagnir:** Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið. — **Leirur:** Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum, þegar vötn eru lítil. — **Ós í á:** Þar sem straumlína þverár sameinast straumlínu höfuðár. — **Ós í sjó:** Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru. — Þar sem svo hagar til, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum og ós mundi talinn óeðlilega langt inn frá sjó eftir reglunni, getur veiðimálastjóri, að fengnum tillögum veiðimálanefndar, sett annað takmark, og sé það ákveðið í eitt skipti fyrir öll meðan lögin standa óbreytt. — **Ós í stöðuvatni:** Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður, þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst. — **Ós úr stöðuvatni:** Sá staður, er straumlína ár hefst. — **Sjór:** Salt vatn utan árósa. — **Straumlína** (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur. — **Stöðuvatn:** Öll þau vötn ofan ósa, sem ekki er í greinilegur straumur, annar en sá, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum. — **Straumvötn:** Öll þau vötn ofan ósa, sem í er greinilegur straumur, þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru. — **Vatnasilungur:** Silungur, sem elur allan aldur sinn í fersku vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta. — **Veiðimagn:** Samanlögð þyngd veiddra fiska. — **Veiðitala:** Tala veiddra fiska. — **Veiðivötn:** Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

II. kafli. — Um veiðirétt. — 2. gr. 1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum á landi sínu. — 2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er ræðir um í 20. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til klaks eða vísindalegra rannsókna. Veiðieigandi á þó rétt á að hagnýta sér fisk, sem veiddur er með slíkri heimild og drepinn á veiðistað, nema nota verði hann til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa. — 3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni, nema öðruvísi semjist og atvinnumálaráðherra samþykki. — 4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. málsgr. 56. gr. Þó má skilja rétt til stangarveiði við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til, og mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því, að leyfið sé veitt.[a]) — 5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. málsgrein, og er þá löglegt, að landeigandi jafnframt afsali sér afnotarétti til annarrar veiði í vatninu það tímabil, er stangarveiðin er við landareignina skilin. — **3. gr.** 1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar.[b]) — 2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. málsgr., og eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttarins krafizt þess, að þeir landeigendur, sem eigi kröfðust innlausnar, leysi einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi. Nú vill landeigandi ekki innleysa veiðirétt fyrir landi sínu, og skulu þá þeir, er innlausnar hafa krafizt, einnig innleysa veiðirétt hans. Þó er því aðeins hægt að krefjast innlausnar á veiðirétti, að veiðifélag sé stofnað til að hagnýta veiðina. Nú er innlausnar eigi krafizt [fyrir 1. júlí 1951][1]), og fellur þá innlausnarréttur niður.[c]) — 3. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 84. og 87. gr. — **4. gr.** 1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil.[d]) Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta

a) XXI, 175.

1) L. nr. 98, 18. des. 1950, § 1. — a) (XIII, 133, XIX, 174). — b) X, 400, XI, 240. — c) X, 400, XI, 240—1. — d) XI, 240, XXIV, 367.

á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti. — 2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. málsgr. eða önnur lögmæt skipun verði á ger. — **5. gr.** 1. Héraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afréttum og almenningum, sem héruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign. — 2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsréttarheimild til þeirra. — **6. gr.** Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr. — **7. gr.** Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir. — **8. gr.** 1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis. — 2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis. — 3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er ræðir um í þessari grein, eftir 4. gr. — 4. Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess. — **9. gr.** Eigi má maður leyfa öðrum veiði í sameignarlandi eða félagsvatni (4. gr. 1. málsgr.) eða í afrétti eða almenning (5. gr. 1. málsgr. og 8. gr. 1. og 2. málsgr.).

III. kafli. — Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur. — 10. gr. 1. Skrásetja skal veiðivötn í landinu. — 2. Í skránni skal greina: a. Nafn veiðivatns og legu þess. b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatninu og frá hvaða jörðum hafi verið stunduð veiði. c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatninu. d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatninu síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, svo og þær, er síðar eru teknar til notkunar. e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatninu. f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatninu. g. Önnur atriði, sem þýðingu hafa um veiði í vatninu og þörf þykir að skrásetja. — 3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær upplýsingar, er hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf um veiðivatn þeirra. — 4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásett. — **11. gr.** 1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags, eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, svo og lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó. — 2. Eftirlitsmenn með veiði hafa merkingu veiðarfæra með höndum, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn. — 3. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um merkingu veiðarfæra. Í reglugerð má kveða á um gjald fyrir merkingu, er eigandi veiðarfæra skal greiða. Gjald þetta rennur til sýslusjóðs upp í kostnað hans til eftirlits með veiði. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, reglur um þau veiðitæki, sem nota má við slíka veiði. — **12. gr.** 1. Hver veiðieigandi skal gefa skýrslu um veiði sína. — 2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal veiðimálastjóri sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið eyðublöð undir þær sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við prentun eyðublaðanna greiðist úr ríkissjóði. — 3. Eftirlitsmenn með veiði, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

IV. kafli. — Um friðun lax og göngusilungs. — 13. gr. 1. Eigi má veiða lax í sjó. — 2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur. — 3. Nú hefur laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlast gildi á árinu 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar

við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis. — 4. Ef veiðieigendur, einn eða fleiri, í veiðivatni, er svo nærri liggur sjávarveiði, slíkri sem ræðir um í 3. málsgr., að ætla megi, að áliti veiðimálastjóra, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, óska að leysa sjávarveiðina til sín, þá skal það heimilt, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 84. og 86. gr. — **14. gr.** 1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í krókanet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða. — [Ráðherra er þó heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda hafi hlutaðeigandi fiskiræktar- og veiðifélög gert tillögu um slíka friðun og sýslunefnd mælt með henni, eða bæjarstjórn, ef veiðin er úti fyrir bæjarlandi.][1]) — [Einnig getur ráðherra, að fengnu áliti veiðimálanefndar, heimilað ádrátt fyrir beitusíld (smásíld og loðnu) á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.][2]) — 2. Eigi má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó. — **15. gr.** 1. Eigi má hafa ádrátt í ósum í sjó eða á leirum við sjó. — 2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum. — 3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu, að nokkru leyti eða öllu, frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við eigi er talin skaðvænleg. — 4. Ráðherra getur einnig, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað veiði lengra upp frá ós eða niður frá ós en segir í 2. málsgr., enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatninu. — **16. gr.** 1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Þó er ádráttarveiði eigi heimil eftir 31. ágúst, en stangarveiði getur ráðherra leyft til 20. sept., ef veiðimálastjóri mælir með því. — 2. Á tímabili því, er getur í 1. málsgr., má þó hvergi stunda laxveiði, aðra en stangarveiði, nema 3 mánuði. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, ákvæði um það, hvenær veiðitími þessi skuli standa í hverju fiskihverfi. Skylt er að leita álits hlutaðeigandi fiskræktarfélaga eða sýslunefnda um þetta efni. — 3. Göngusilung má eigi veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til [15. september][1]) ár hvert. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað, að göngusilungur sé veiddur lengur í lagnet og stöng. — 4. Á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet. — 5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl til þess er laxveiði byrjar, og er þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur. — 6. Á friðunartímum þeim, sem ræðir um í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum, sbr. þó 3. málsgr. — **17. gr.** 1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis, og aldrei nema þrjá daga í viku hverri, frá mánudegi til miðvikudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að hafa megi ádrátt í á fjóra daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni. — 2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsgr., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu. — **18. gr.** 1. Heimilt er ráðherra að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, í hyljum undir fossum, eða á öðrum þeim stöðum, þar sem fiskur safnast fyrir vegna fyrirstöðu á göngu sinni, enda telji veiðimálastjóri hættu á því, að önnur veiðitæki á þeim stað hindri fisk svo mjög á göngu, að fiskstofni árinnar sé hætta af því búin. — Með sama skilorði getur ráðherra bannað að nota fastar veiðivélar, eða vissar tegundir þeirra, í fossum eða á fossabrúnum. — 2. Ráðherra er og heimilt, eftir tillögum veiðimálastjóra, að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, á tilteknum svæðum ár, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, enda telji veiðimálastjóri, að önnur veiði á þeim stöðum sé hættuleg fyrir fiskstofn árinnar. — 3. Ráðherra getur enn

1) L. nr. 40, 30. júní 1942, § 2. — 2) L. nr. 94, 16. des. 1943, § 1.

1) L. nr. 22, 22. marz 1949, § 1.

1941 Nr. 112 9. okt.

fremur, eftir tillögum veiðimálastjóra, friðað tiltekna drætti fyrir ádráttarveiði, þar sem á er svo auðdræg, að veiðimálastjóri telur fiskstofn árinnar hættu búna af ádráttarveiði. Á sama hátt getur ráðherra friðað heilar ár fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, enda hagi svo til, að friðun sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir verulega rýrnun eða gereyðingu fiskstofns árinnar. Í slíkum ám skal þó veiðifélagi vera heimilt að stunda veiði með föstum veiðivélum, en þó því aðeins, að veiðimálastjóri samþykki. — 4. Friðun þá, er ræðir um í 1.—3. málsgr., má binda við tiltekinn tíma. Friðunarákvæði þessi liggja undir samþykki veiðimálanefndar. — **19. gr.** 1. Eigi má veiða lax, er minni sé en 35 cm. að lengd, og eigi göngusilung, sem sé minni en 25 cm. að lengd. — 2. Nú veiðist lax eða göngusilungur, minni en segir í 1. málsgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn. — **20. gr.** 1. Þrátt fyrir ákvæði 15.—19. gr. skal leyfilegt vera að veiða lax eða göngusilung hvenær sem er og hvar sem er og án tillits til stærðar til klaks eða vísindalegra rannsókna. — 2. Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skírteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skírteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskræktarfélaga, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í. — **21. gr.** 1. Á tímabilinu frá 20. september til 20. maí ár hvert skal vera bannað að gefa, selja eða láta lax með öðrum hætti af hendi, kaupa hann, þiggja að gjöf eða taka við honum með öðrum hætti, svo og að flytja hann úr landi. — 2. Bann það, er ræðir um í 1. málsgr., gildir eigi um: a. Lax eða göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis. b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á lögleyfðum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frosinn, saltaður, reyktur eða niðursoðinn. c. Lax eða göngusilung eða seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands. — 3. Sönnunarbyrði þess, að lax eða göngusilungur sé veiddur erlendis eða á lögleyfðum tíma, hvílir á þeim, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, er felst í þessari grein.

1941 Nr. 112 9. okt.

V. kafli. — Um friðun vatnasilungs. — **22. gr.** 1. Í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, skal vatnasilungur, annar en murta, vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en dorgar- og stangarveiði, á tímabilinu frá 27. september til 31. janúar ár hvert. — Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því. — 2. Í vötnum, sem klak er starfrækt í, má friðunartími sá, sem ræðir um í 1. málsgr., vera jafnmörgum vikum styttri en í 1. málsgr. segir, sem tala seiða, sem sleppt er í vatn úr klaki, er mörgum sinnum hærri en veiðitala í vatninu. Þá er sleppt er í vatnið 18 seiðum fyrir hvern silung veiddan, má friðun falla niður, ef veiðimálastjóri mælir með því og fiskræktarfélag við vatnið eða ⅔ hlutar þeirra, er veiði eiga í vatninu, æskja þess. — 3. Veiðimálastjóri setur reglur um það, hvernig friðun skuli stytt eftir 2. málsgr. í hverju fiskihverfi, og skal haga styttingunni svo, að jafnan falli burt sá hluti friðunartímans, þegar hrygning er minnst. Ef hrygningin er mismunandi á ýmsum hlutum fiskihverfisins, má stytta svo, að friðunartími verði mismunandi, þótt í sama vatni sé. Reglur um styttingu skulu háðar samþykki veiðimálanefndar. — 4. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, í reglugerð ákvæði um friðun vatnasilungs í vötnum, þar sem hann hrygnir að sumarlagi. Skal friðunartími þá vera einn mánuður í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, en styttast samkv. ákvæðum 2. málsgr. í öðrum vötnum. — **23. gr.** 1. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað, að nokkru eða öllu leyti, silungsveiði á tilteknum svæðum í vötnum, þar sem hitasilungur eða ungviði safnast fyrir, eða þar, sem silungsgengd er mikil til hrygningar, enda sé hætta á, að önnur silungsveiði á þeim svæðum sé hættuleg fiskistofni vatnsins eða rýri hann til muna. — 2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, takmarkað eða fellt með öllu niður friðun þá, er ræðir um í 22. gr. og 1. málsgr. þessarar gr., þar sem nauðsynlegt þykir að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan kynstofn, til þess að rækta annan fiskstofn kynbetri. — 3. Ráðherra getur og, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, leyft lag-

netaveiði á friðunartíma þeim, er ræðir um í 22. gr., í þeim fiskihverfum, þar sem fiskrækt er stunduð. Leyfi þetta skal binda þeim skilyrðum, er nauðsynleg þykja til tryggingar því, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem með fjarlægð lagna frá hrygningarsvæðum. — 4. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil. — **24. gr.** Ákvæði 20. gr. gilda einnig um veiði vatnasilungs.

VI. kafli. — Um veiðitæki og veiðiaðferðir. — **25. gr.** 1. Í ám má aðeins nota þau veiðitæki til laxveiða eða silungs, er hér segir: Stöng, færi, kistur, lagnet, króknet, ádráttarnet og girðingar.[a]) — 2. Ráðherra getur þó leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðitæki, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Leyfi þessi skal binda þeim skilyrðum um gerð tækjanna eða notkun, er nauðsynleg þykja. — **26. gr.** 1. Eigi má veiða lax eða silung með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til að ná á land fiski, sem fastur er á öngli eða í neti eða kominn er í kistu eða veiðikró, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein. — 2. Eigi má veiða lax eða silung með því að veita af þeim vatni. — **27. gr.** 1. Laxakistur og silunga skulu þannig gerðar, að í þeirri hlið kistunnar, er mest veit móti straumi, séu ekki færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns, og má eigi vera minna bil en 4,5 cm. á milli spelanna. Slár má því aðeins hafa milli spela, að þær gangi þvert í þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm. á milli slánna. — 2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelunum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið, sem segir í 1. málsgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má, að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir, eigi þrengra en 40 cm. og ná frá botni til yfirborðs vatns. — 3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelunum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. málsgr. Eigi má garður þessi ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan hans, og aldrei má hann ná yfir aðalstraumlínu árinnar, sbr. þó 69. gr. Veiðimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið í garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta árinnar, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð, sem fyrir er mælt í 2. málsgr. — 4. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu hlið þau öll, er ræðir um í 2. og 3. málsgr., opin standa. Inngangur í kistu skal þá vera lokaður eða hlið opið úr kistu straummegin, svo gert, sem segir í 2. málsgr. — 5. Kistum öllum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim úr landi til eftirlits. — **28. gr.** 1. Lagnet og króknet, sem notuð eru í ám þeim, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot. — 2. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um möskvastærð lagnetja og króknetja, er nota á til veiði vatnasilungs í ám, er lax eða göngusilungur fer ekki um. — 3. Aldrei má lagnet, króknet eða leiðari frá slíku neti ná lengra út í á en svo, að ⅔ hlutar af breidd árinnar séu utan þeirra, og aldrei svo, að aðalstraumlína ár sé girt með þeim, sbr. þó 69. gr. — 4. Eigi má nota tvöföld net. Þó má í ám, sem mikið bera af slýi eða slafaki, hafa net til varnar fyrir reki þessu. Varnarnet þessi mega þó hvergi vera nær neti eða netgarði en 3 metra, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjast í þeim eða króazt. Veiðimálastjóri getur sett reglur um gerð varnarnetja þessara. — 5. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu öll lagnet upp tekin eða svo um þau búið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu. — **29. gr.** 1. Ádráttarnet, sem nota á í ám, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot. — 2. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd ár í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd árinnar. — 3. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt í ám. Eigi mega ádráttarnet vera tvöföld. — 4. Eigi má hafa ádrátt í á nær fastri veiðivél en 200 metra. — 5. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða í tilteknum dráttum í henni. — **30. gr.** 1. Girðingar í veiðivötnum, er lax eða göngusilungur fer um, skulu þannig gerðar, að við inngang í veiðikræ sé hlið á girðingu, eigi minna en 5 metrar

a) XX, 133.

á breidd. Veiðimálastjóri getur auk þess mælt fyrir um, að hlið skuli sett á girðingar þar, sem þær liggja yfir ála, sem ætla má, að mikil fiskför sé í. Hlið þessi öll skulu standa opin þann tíma viku, er á er friðuð samkvæmt 17. gr., en krærnar sjálfar þá vera lokaðar, sbr. þó 69. gr. — 2. Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar og aldrei meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár né lengra en út í miðjan höfuðál óss eða leiru. — 3. Í girðingu og veiðikróm mega net eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot. — 4. Inngangur í veiðikrær skal jafnan vita undan straumi, og má leiðari frá girðingu aldrei liggja upp á móti straumi, né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, er leitar út úr á eða árósi. — **31. gr.** 1. Lengd fastrar veiðivélar frá bakka og út í á skal miðuð við það, að meðalrennsli sé í ánni.[a]) — 2. Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. — **32. gr.** 1. Við stangarveiði má aðeins nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskurinn eltir og tekur, en aldrei má við slíka veiði nota krók né neitt annað, er festir í fiskinum, að honum óvörum og án þess að hann elti það. — 2. Nú á maður, sem stangarveiði stundar, eigi rétt til veiði nema öðrum megin í á, og er honum þá aðeins heimilt að standa að veiðinni þeim megin árinnar, en rétt er honum þó að bjarga fiski að hinu landinu, ef hentara er. — 3. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sett reglur um stangarveiði, og má þar ákveða, hversu margar stengur hafa megi í senn í veiðivatni, og veiðitíma þeirra á sólarhring hverjum, enda teljist slík takmörkun nauðsynleg til verndar fiskistofni vatnsins. — 4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni slíku, er ræðir um í 3. málsgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast úrskurðar með matsgerð samkv. 84. gr. laga þessara. — **33. gr.** 1. Í þann hluta ár, sem fiskur á að eiga frjálsa för um fram hjá fastri veiðivél, samkvæmt því, sem að framan er sagt, má ekki láta grjót eða aðra hluti, er tálma myndu för fisksins fram hjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg ár niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að dýpri verði en sá hluti árinnar, sem fiskur á för um fram hjá veiðivélinni. — 2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. málsgr., og skal honum þá skylt, er þess er krafizt, að nema farartálmann í burtu eða fylla farveg svo, að í samt lag komist og áður. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin, og má eigi setja hana niður í á fyrr en áin er komin í samt lag og áður. Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið. — 3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fastar veiðivélar eða ádráttarnet, svo sem með hávaða, grjótkasti, ljósum eða þess konar. — 4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur víkja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur. — **34. gr.** Nú rennur á eða ós í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sjálfstæð á. Þó getur ráðherra, eftir tillögu veiðimálastjóra, veitt heimild til að leggja veiðivélar út í miðja kvísl, ef ekki er lagt nema í eina.[a]) — **35. gr.** 1. Í stöðuvötnum má nota þau veiðitæki ein til fiskveiða, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að upp séu tekin önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 2. málsgr. 25. gr. — 2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um möskvastærð netja þeirra, er notuð eru í vötnum þeim, er ræðir um í 1. málsgr., um lengd lagnetja og millibil þeirra, um gerð ádráttarnetja og notkun og um lágmarksstærð silungs, er veiða má. — 3. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkv. reglum þeim, er ræðir um í 2. máls-

a) XXI, 176.

a) XXI, 175, 176.

gr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. kafli. — Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum. — 36. gr. 1. Ráðherra getur leyft að gera fiskveg í vatni eða meðfram vatni. Leyfi þetta skal því aðeins veitt, að veiðimálastjóri mæli með því og hafi samþykkt gerð fiskvegarins og tilhögun, enda sé verkið unnið undir umsjón hans. — 2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með þarf til þess að fiskvegur sé gerður, svo og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, nema samkomulag verði. — 3. Um breytingu á fiskvegi, eða ef vatnsmagn í honum er aukið eða minnkað, fer eftir því, sem segir í 1. og 2. málsgr. — **37. gr.** 1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegum né nær neðra mynni þeirra en 50 metra og nær efra mynni þeirra en 30 metra. Ákvæði þetta gildir þó eigi um veiði til klaks eftir veiðitíma, né um veiði til vísindalegra rannsókna, enda hafi þeir, er veiða, fengið veiðiskírteini samkvæmt 20. gr. — 2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá. — **38. gr.** 1. Nú er stífla gerð í veiðivatn eða önnur mannvirki, sem eigi eru lögleg veiðitæki, er tálma fiskför í vatninu, og skal þá þeim manni, er gera lætur það mannvirki, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður, og halda fiskveginum við. Gerð fiskvegarins og tilhögun liggur undir samþykki veiðimálastjóra, og sé verkið unnið undir umsjón hans. — 2. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki: a. Ef vatnið eigi er fiskgengt af öðrum ástæðum. b. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegarins og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaður er af veiðinni, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, goldin fullum bótum. — 3. Heimilt er eignarnám samkv. 2. málsgr. 36. gr. til fiskvega, sem gerðir eru samkv. þessari grein. — **39. gr.** Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarrar áþekkrar notkunar, eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurðum, vatnsveituskurðum eða þess háttar skurðum eða leiðslum, og getur þá veiðimálastjóri krafizt þess, að búið sé svo um skurðina eða leiðslurnar, að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í þá. Kostnaðinn af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitunnar.

VIII. kafli. — Um fiskræktarfélög.[a]) **— 40. gr.** Heimilt er mönnum þeim, er veiðirétt hafa í sama fiskihverfi, að gera félagsskap með sér um fiskrækt, með þeim hætti, er hér segir á eftir. — **41. gr.** 1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefur verið stunduð í því fiskihverfi. Ef félag á land, skal boða formann félagsstjórnar. Hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins í stað landeiganda. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarveru, skal boða leiguliða á fundinn. Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatna, samkv. 2. málsgr. 8. gr., er eigi skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefur verið stofnað. — 2. Þegar stofna á fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða á fund alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu. — 3. Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag. — **42. gr.** 1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 41. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð. — 2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, er boða skal til fundar samkv. 41. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt fyrr en hann hefur verið úrskurðaður félagi í stað landeiganda, samkv. 45. gr. — 3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 41. gr. og atkvæðisbærir eru, samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á fundinum. — 4. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykktar fyrir félagið samkvæmt 47. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er, að starfsemi þess hafi í för með sér, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja. — **43. gr.** 1. Þegar nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný,

a) XI, 257.

samkv. 41. gr. — 2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefur aflað. Skal þá enn ræða um stofnun félagsins og taka ákvörðun um hana. Ef ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund samkvæmt 41. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 42. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar. — **44. gr.** Nú mæta eigi á fundi ⅔ þeirra manna, er boða skal á fund, eða umboðsmenn þeirra, og skal þá nefndin enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef samþykkt er á þeim fundi með ⅔ atkvæða að stofna félagið, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar. — **45. gr.** 1. Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, eða ef fyrirsjáanlegt er, að landeigandi geti ekki tekið þátt í félagsskapnum. Jafnan skal boða leiguliða sjálfan á þennan fund. — 2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefur á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, ei jafnað er niður samkvæmt 49. gr., enda megi þakka veiðiaukninguna starfsemi félagsins. — **46. gr.** Taka má í félagið aðra menn en þá, sem taldir eru í 41. og 45. gr., ef lögmætur félagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrétt í félaginu, nema þeim séu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá félagsins. — **47. gr.** 1. Nú er stofnun félagsins löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi, eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, hafi eigi verið öðruvísi um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði í félagsmálum, sbr. þó 46. gr. Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór. — 2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um: a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing. b. Verkefni félags og félagssvæði. c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar. d. Fundahöld. e. Reikninga félags og endurskoðun. f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins. g. Sektir fyrir brot á samþykkt félags. h. Hvernig samþykkt félags verði breytt. i. Hvernig fara skuli um félagsslit. — **48. gr.** Samþykkt félagsstjórn senda ráðherra til staðfestingar og láta fylgja henni kostnaðaráætlun. Ef samþykkt þykir ekki svo úr garði gerð, að staðfesta megi hana, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefur verið það, er athugavert þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna. — [**48. gr.a.** Nú hefur verið fellt að stofna fiskiræktarfélag við fiskihverfi, en yfir einni eða fleiri ám í fiskihverfinu vofir, að dómi veiðimálanefndar, veruleg rýrnun eða gereyðing fiskistofnsins, og er þá þeim mönnum, er veiðirétt hafa í á þessari og fiskifarvegi hennar til sjávar, heimilt að stofna fiskiræktarfélag fyrir það veiðisvæði samkvæmt ákvæðum laga þessara, að fengnu samþykki veiðimálanefndar.][1] — **49. gr.** 1. Kostnaði þeim, sem starfsemi félagsins hefur í för með sér, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Samkvæmt þessum reglum skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru. — 2. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja, og gildir hún um 5 ár, nema ⅔ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 48. gr. — **50. gr.** 1. Nú verða eigendaskipti að jörð, sem er á félagssvæðinu, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur lögmætur félagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist félagi. — 2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar eða jarða, er liggja að fiskihverfi, er fiskiræktarfélag starfar við, en utan félagssvæðis, og má þá leggja þær jarðir við félagssvæðið og skylda eigendur þeirra til að gerast félagsmenn, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda hafi eigendum jarða þessara verið boðað á fundinn og þeir átt þar atkvæðisrétt um samþykkt þessa. — **51. gr.** 1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef

1) L. nr. 8, 11. marz 1946, § 1.

1941 Nr. 112 9. okt.

⅔ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja félagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun félagsins eins og sagt er í lögum þessum. — 2. Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef ⅔ félagsmanna í hverju félagi samþykkja, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningunni. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir. — **52. gr.** Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki, og fylgir þeim í 2 ár frá eindaga lögveð í jörð eða veiðiréttindum, er stendur framar öllu samningsbundnu veði. — **53. gr.** 1. Ef einhverjir félagsmenn þykjast vanhaldnir um skiptingu veiði eða um aðrar framkvæmdir félagsins, er þeim heimilt að skjóta máli sínu til veiðimálastjóra. Úrskurðar hann um ágreiningsefnið með samþykki veiðimálanefndar. Skylt er að gera stjórn félagsins kost á að láta uppi álit sitt um málið. — 2. Stjórn fiskiræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins. Þær upplýsingar, er veiðimálastjóri kann að óska eftir, er stjórninni og skylt að gefa honum. — **54. gr.** 1. Nú starfar fiskiræktarfélag við fiskihverfi, þar sem áður hefur engin veiði verið eða svo lítil, að hún hefur eigi verið talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu heimilt að gera samþykkt, á lögmætum félagsfundi, um að friða með öllu fisk í fiskihverfi félagsins eða fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði. — 2. Samþykkt um friðun samkv. 1. málsgr. gildir um 5 ár í senn, nema ⅔ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr eða ráðherra skipi svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkv. 48. gr. — **55. gr.** 1. Fiskiræktarfélagi skal heimilt, á lögmætum félagsfundi, að gera samþykkt um möskvavídd netja, er nota megi á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða fiskihverfisins. Friðun þessi má ná til allrar veiði eða til tiltekinna veiðarfæra eða veiðiaðferða, og skal hún bundin við tiltekið tímabil. — 2. Samþykkt samkv. 1. málsgr. er háð staðfestingu ráðherra samkv. 48. gr. — **56. gr.** 1. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með kann að þurfa vegna byggingar eða starfrækslu klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvarinnar eða starfræksla kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði. — 2. Nú eru skilyrði til friðunar samkvæmt 18. gr. eða 1. málsgr. 23. gr. eigi fyrir hendi, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft fiskiræktarfélagi að taka eignarnámi til leigu um ákveðið tímabil, og gegn fullum bótum, veiði í veiðivatni eða á tilteknu svæði í því, innan fiskihverfis þess, er félagið starfar við, þar, sem hentugt þykir, að félagið afli sér klakfiska.

IX. kafli. — Um veiðifélög.[a]) — **57. gr.** 1. Heimilt er mönnum að gera með sér félagsskap um veiði í þeim tilgangi: a. að félagið sjálft láti stunda veiði, b. að félagið selji á leigu rétt til stangarveiði, samkvæmt 3. málsgr. 2. gr. — 2. Um slíkan félagsskap, sem ræðir um í 1. málsgr., skal fara svo sem sagt er fyrir í kafla þessum. — **58. gr.** 1. Félagssvæði veiðifélags getur verið: a. heilt fiskihverfi, b. einstakt vatn í fiskihverfi, c. hluti af vatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiðiskap eða vatnskosti. — 2. Ef um hluta straumvatns er að ræða, verður félagssvæði ætíð að ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð í því fiskihverfi. — **59. gr.** 1. Til þess að veiðifélag verði löglega stofnað, þarf leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar að koma til. — 2. Þeir, sem stofna vilja slíkt félag, skulu sækja til veiðimálastjóra um leyfi til félagsstofnunarinnar. Umsókninni skal fylgja: a. greinargerð fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins: veiðiaðferðum og veiðistöðum, ásamt ástæðum þess, að slíkt félag teljist æskilegt. b. skýrsla um vatn eða vötn á fyrirhuguðu félagssvæði. Skal hún gerð samkvæmt 2. málsgr. 10. greinar, enda hafi vatn þetta eða vötn eigi verið skrásett áður. c. skýrsla um fyrirhugað félagssvæði og greinargerð fyrir takmörkum þess, ef um hluta vatns er að ræða, samkvæmt c.-lið 58. greinar. — 3. Þegar veiðimálastjóri hefur rannsakað skjöl þau, er ræðir um í 2. málsgrein, og aðra málavöxtu, leggur hann málsskjölin, ásamt áliti sínu, fyrir veiðimálanefnd, sem svo tekur ásamt veiðimálastjóra fullnaðarákvörðun um það, hvort leyfa skuli félagsstofnunina eða ekki. — 4. Þegar ákveðið hefur verið að veita leyfi til félagsstofnunar samkvæmt 3. málsgrein, gefur veiðimálastjóri út leyfi

a) XI, 257.

þetta, og skal það bundið við tiltekið félagssvæði og tiltekna starfsemi félags. — 5. Ákvæði greinar þessarar skulu eigi gilda um stofnun félaga, er hafa það starfssvið, er getur um í 1. málsgr. b.-lið 57. greinar, og er þeim, sem stofna vilja slíkt félag, heimilt að kveðja til stofnfundar, samkvæmt 60. gr., án frekari undirbúnings. — **60. gr.** 1. Nú er stofnun félags löglega undirbúin samkv. 59. gr., og skulu þá frumkvöðlar félagsstofnunarinnar kveðja til fundar um málið. — 2. Ef stofna á félagið við vatn eða vötn, sem veiði er í, skal kveðja til fundarins ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Hafi veiðiréttur verið skilinn frá landareign, skal boða notanda veiðiréttarins. — 3. Ef stofna á veiðifélag við vatn eða vötn, sem áður hafa verið veiðilaus, skal boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni eða vötnum á hinu fyrirhugaða félagssvæði. — 4. Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag. — **61. gr.** 1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 60. gr., skal lagt fram leyfi veiðimálastjóra til félagsstofnunarinnar, ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félagsins og verkefni og bóka fundargerð. — 2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, sem boða skal til fundar samkvæmt 60. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. — 3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 60. gr., samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á þessum fundi, án frekari undirbúnings. — **62. gr.** 1. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Nefndin skal semja frumvörp til samþykktar og arðskrár fyrir félagið samkv. 64. og 65. gr. Leita skal og nefndin álits sérfróðra manna um þau deiluatriði, sem upp kunna að hafa komið á fundinum, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja. — 2. Þegar nefndin hefur samið frumvörp til samþykktar og arðskrár, skulu þau ásamt öðrum skjölum, sem félagsstofnunina varða, lögð fram á hentugum stað til sýnis fyrirhuguðum félagsmönnum. Skal auglýsa framlagningu skjalanna með þeim hætti, er þar tíðkast í héraði um birtingu auglýsinga, sem varða almenning. Skulu skjölin liggja frammi til sýnis að minnsta kosti 2 vikna tíma. — **63. gr.** Þegar lokið er undirbúningi samkv. 62. gr., skal nefndin boða til annars fundar samkv. 60. gr. Á fundinum skal enn ræða félagsstofnunina og taka ákvörðun um hana. Ef ⅔ þeirra manna, sem á fundinum mæta, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar. — **64. gr.** 1. Nú er stofnun félagsins löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, nema öðruvísi sé um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði í félagsmálum. — 2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um: a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing. b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, þær jarðir, sem þátt taka í félagsskapnum. c. Verkefni félags. d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar. e. Fundahöld. f. Reikninga félags og endurskoðun. g. Hvernig fara skuli um afla félagsins eða arð og um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins. h. Sektir fyrir brot á samþykkt félags. i. Hvernig samþykkt félagsins verði breytt. j. Hvernig fara skuli um félagsslit. — **65. gr.** 1. Á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma eigi í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni eða vötnum á félagssvæðinu. Veiðinni eða arði af henni skal jafna niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarðanna, og skal skráin gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna 30 ára, ef til eru. — 2. Arðskrá skal lögð undir samþykki fundarins, og er hún því aðeins samþykkt, að hún hljóti ⅔ atkvæða félagsmanna. — 3. Nú eru einhverjir félagsmenn óánægðir með arðskrá, og geta þeir þá krafizt mats samkvæmt 84. gr. — **66. gr.** Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð. — **67. gr.** Samþykkt og arðskrá skal félagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykkt og arðskrá þykja eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi þær, sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann hvort tveggja, svo og þegar það hefur lagað verið, er ábótavant þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má

1941 Nr. 112 9. okt.

samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna. — **68. gr.** 1. Þegar veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vötnum á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnarinnar. — 2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmönnum og öðrum þeim, sem á félagssvæðinu búa, að hafa með höndum ádráttarnet, nema þeir geti sannað, að nota eigi þau til veiði í vatni utan félagssvæðis. — 3. Ákvæði 1. málsgreinar skulu eigi taka til þeirra, sem fengið hafa veiðiskírteini samkv. 20. gr. — **69. gr.** 1. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, veitt veiðifélagi undanþágu frá ákvæðum 27., 28. og 30. gr. laga þessara um lengd fastra veiðivéla út í vatn. — 2. Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu. — 3. Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir tillögu veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, fyrir eitt ár í senn, að veita veiðifélagi undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá vikufriðun þeirri fyrir lax og göngusilung, er um ræðir í 1. málslið 17. gr. laganna. — 4. Undanþága, slík er ræðir um í 1. málsgr., skal aðeins gilda fyrir félagssvæði þess félags, sem hún er veitt. Má því aðeins veita hana, að fiskrækt sé starfrækt í vatni eða vötnum á félagssvæðinu, og skal hún bundin þeim skilyrðum, að eigi sé nema ein veiðivél notuð á öllu félagssvæðinu og engin önnur veiði sé stunduð þar. Ef ástæða þykir til, má og binda undanþáguna skilyrðum um eftirlit samkvæmt 78. gr. — **70. gr.** 1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi í stað hins og taka að sér skuldbindingar hans við félagið. — 2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að svara honum út þeim hluta, er hann kann að eiga í eignum félagsins. — 3. Ef ekkert semst um skuldbindingar eða eignarhluta samkv. 1. og 2. málsgrein, skal mat skera úr ágreiningi. — **71. gr.** 1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags. — 2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 80.—83. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

X. kafli. — Um ófriðun sels. — 72. gr. 1. Hverjum manni er heimilt að skjóta eða styggja sel í veiðivötnum, svo og í ósum þeirra, ef eigi er öðruvísi mælt fyrir í lögum. — 2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir, verða undanþegið banni gegn selaskotum og uppidrápi. — **73. gr.** 1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árósi, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð, enda verði talið við matsgerð, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiðinni. — 2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósum ár, sem segir í 1. málsgrein, en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að þau séu ófriðuð, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að matsgerð telji þess fulla von, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin. — **74. gr.** 1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er ræðir um í 73. gr., skulu koma fullar bætur. — 2. Bætur þessar greiði eigendur laxveiði eða göngusilungs í fiskihverfinu. Skulu bæturnar vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 3. málsgr. Bæturnar greiði veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers um sig á síðasta ári á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkv. 2. eða 56. gr., og greiðir þá leigutaki bæturnar í stað leigusala. — 3. Ef lax- eða göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkvæmt 2. málsgrein, eykst eftir að byrjað er á ófriðun sels, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir til frádráttar bótunum, enda geri einhver þeirra, er bætur eiga að greiða, kröfu um mat veiðiaukans. Nú er talið í matsgerð, að lax- eða silungsveiði einhverrar jarðar hafi aukizt svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn falla niður.

XI. kafli. — Um stjórn veiðimála og eftirlit. — 75. gr. 1. Atvinnumálaráðherra hefur yfirumsjón allra veiðimála. — 2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru

veiðimálastjóri og veiðimálanefnd. — **76. gr.** 1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Skal hann skipaður af atvinnumálaráðherra til 5 ára í senn og launaður af ríkissjóði. — 2. Veiðimálastjóri skal hafa þessi störf með höndum: a. að annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetningu veiðivatna, b. að sjá um söfnun á skýrslum um veiði og fiskrækt, c. að gera eða láta gera uppdrætti að klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja, d. að gera tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði um friðun eða veiðiskap, sem sett eru samkv. lögum þessum, e. að veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur. — **77. gr.** 1. Veiðimálanefnd skal skipuð 3 mönnum. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina, og skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annar eftir tillögum Fiskifélags Íslands, þangað til samband íslenzkra fiskræktarfélaga kynni að verða stofnað. Skal þá samband þetta í stað búnaðarfélagsins og fiskifélagsins, gera tillögur um skipun tveggja manna í nefndina. — 2. Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. — 3. Veiðimálanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leitað til setningar reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiðiskap, þar sem svo er fyrir mælt í lögum þessum. — **78. gr.** 1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga og við þau vötn, er nauðsynlegt þykir. Um tölu þeirra og skipun skal farið eftir tillögum veiðimálastjóra. — 2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær upplýsingar um veiði og veiðivötn, er hann kann að óska. Þeir skulu gera skrár yfir fastar veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmi sínu og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skulu sett í erindisbréf, er veiðimálastjóri gefur þeim. — 3. Veiðimálastjóri gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum. — 4. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólöglega veiðitæki, eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða á þeim stöðum, þar sem eigi má nota þau. — **79. gr.** Veiðimálastjóri semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum, að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður, og má taka það lögtaki.

1941 Nr. 112 9. okt.

XII. kafli. — Um styrkveitingar til fiskræktar. — **80. gr.** 1. Nú byggir fiskræktarfélag klakstöð, og skal þá veita því styrk úr ríkissjóði, er nemi kr. 2.50 fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvarinnar. — 2. Nú gerir fiskræktunarfélag fiskveg eða aðrar framkvæmdir til að greiða fyrir fiskför um vatn, og skal þá veita félaginu styrk úr ríkissjóði, er nemi ⅓ kostnaðar við verkið. — 3. Nú þykir eigi ráðlegt að stofna fiskræktarfélag í fiskihverfi, vegna þess hve lítið fiskihverfið er eða af öðrum ástæðum, en veiðieigendur í hverfinu, einn eða fleiri, gera mannvirki slík sem ræðir um í 1. og 2. málsgr., og má þá veita þeim styrk til þess úr ríkissjóði, jafnháan og ákveðið er í 1. og 2. málsgrein. — **81. gr.** Nú er fiskrækt hafin í fiskihverfi, er áður var veiðilaust, og skal þá veita styrk úr ríkissjóði, er nemi allt að kr. 3.00 á hvert þúsund seiða, sem flutt eru í vatnið. — **82. gr.** 1. Styrkur sá, er ræðir um í 80. og 81. gr., skal því aðeins veittur, að veiðimálastjóri mæli með styrkbeiðni, enda hafi hann samþykkt tilhögun mannvirkja þeirra, er styrkur er veittur til, og þau gerð undir eftirliti hans. — 2. Nú er styrkur veittur úr ríkissjóði til að gera klakstöð, og skal ráðherra þá heimilt að ákveða hámarksverð á seiðum, sem seld eru frá klakstöðinni. — **83. gr.** Veita má lán úr ræktunarsjóði til framkvæmda þeirra, sem getið er í 80. og 81. gr. Lánstíminn má vera allt að 10 ár, og mega lánin vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánsupphæðin má vera allt að ⅔ kostnaðar við framkvæmd verksins.

XIII. kafli. — Um matsgerðir og skaðabætur. — **84. gr.** 1. Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll, eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.[a]) — 2. Matsgerðir samkv. 1. málsgr. og aðrar matsgerðir, sem rætt er um í lögum

a) X, 404, XVII, 266, XX, 202, XXI, 175.

1941 Nr. 112 9. okt.

þessum, skulu framkvæma 2 menn, sem dómkvaddir eru af héraðsdómara í því umdæmi, er vatn það, er ágreiningurinn rís af, er í. Nú er um merkivatn milli lögsagnarumdæma að ræða, að ákveður þá ráðherra, í hverju lögsagnarumdæmanna matsmenn skuli dómkvaddir. — 3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar. — 4. Matsmenn ákveða kostnað við mat og skiptingu hans á aðila. — 5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar. — **85. gr.** Nú rýrna hlunnindi og þar með verðmæti jarðar við framkvæmd þessara laga, og getur þá jarðareigandi krafizt endurmats á jörðinni. — **86. gr.** 1. Nú hefur einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 84. gr. — 2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna. — **87. gr.** Um ákvörðun upphæðar bóta eða endurgjalds, er greiða skal samkv. lögum þessum, skal matsnefnd fara eftir því, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Um greiðslu bóta eða endurgjalds fari einnig eftir þeim lögum.

XIV. kafli. — Refsiákvæði og réttarfar. — **88. gr.** 1. Ef maður veiðir ólofað í veiðivatni annars manns, varðar það sektum, [allt að 15000 kr.][1]) Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir. — 2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi. — **89. gr.** [Sektum frá 1000 kr. og allt að 15000 kr.][2]) varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig: a. að hann veiðir á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð, b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, sbr. þó 90. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.[a]) c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa, d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 33. gr. eða e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólöglegan hátt fiskför um vatn. — **90. gr.** Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða [sektum, ekki lægri en 8000 kr.][1]) — **91. gr.** Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða [sektum allt að 5000 kr.][2]) — **92. gr.** Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 89. gr. og 90. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi. — **93. gr.** Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð. Sama gildir um ólöglegt veiðifang. — **94. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna. — **95. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 101, 23. des. 1952, § 1. — 2) Sömu l., § 2.

1941 Nr. 112 9. okt.

Lög um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

1937 Nr. 36 13. júní

1. gr. Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum. — **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 3 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár, og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð. — Nú stundar fiskiræktarfélag laxaklak á fullnægjandi hátt, að dómi veiðimálastjóra, og greiðist þá eigi klaksjóðs-

1) L. nr. 101, 23. des. 1952, § 3. — 2) Sömu l., § 4. — a) XX, 133.

1937 Nr. 36 13. júní

gjald af veiði félagsmanna. — **3. gr.** [Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar eða klak- og eldisstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 3 millj. lax- og silungsseiða. Ef hentara þykir, má ríkisstjórnin reisa stöðvar þessar í samvinnu við aðra aðila.][1]) Skal minnst 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim. — **4. gr.** Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu. — Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leiguna, skal ríkisstjórninni heimilt að taka veiðiréttindin leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms. — **5. gr.** Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir. — **6. gr.** Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði. — **7. gr.** Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir [kostnaðarverð.][2]) Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna. — **8. gr.** Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra. — **9. gr.** Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr. — **10. gr.** Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tolllaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum. — **11. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

1) L. nr. 27, 16. febr. 1953, § 1. — 2) Sömu l., § 2.

1939 Nr. 21 12. júní

Lög um ostrurækt.

1. gr. Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar. — Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiskatekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hagsmuna að gæta, og ennfremur, að forstjóri fiskveiðideildar rannsóknarstofnunar atvinnuveganna telji ostrurækt nytjavænlega hér við land. — **2. gr.** Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi atvinnumálaráðherra. — Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og til ákveðins árafjölda. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna. — **3. gr.** Sérhver, sem á land eða hefir land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir af hálfu leyfishafa. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum. — Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsuphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa. — **4. gr.** Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móðurdýr) öllum innflutningsgjöldum. — **5. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 krónum. — Fara skal um slík mál sem almenn lögreglumál.

1281 1281

i. Reki.

Jónsbók — Rekabálkr.

Kap. 1. Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla ok þara, nema með lögum sé frá komit. Ef við rekr á fjöru manns, þá skal hann marka viðarmarki sínu, því er hann hefir sýnt áðr grönnum sínum . . . Eigi er lögmark ella. Rétt er, at maðr vaði til ok marki þar tréit, ef hann kemr því eigi úr flæðarmáli, ef þat er við þá fjöru, er festa má reka á, ok á hann þá, þó at á annars fjöru komi. En hinn, er fjöru á, skal gera honum orð, ef hann veit, hverr á, eða lýsa at kirkju. . . . Ef við eða hval rekr í gegnum merkiósa upp á land, ok á sá maðr þat, er land á fyrir ofan. Ef vötn eða lón ganga fyrir ofan fjöru manns, ok kasti þar hval eða viði yfir malarkamb eða eyrartanga upp í vatnit, þá á sá maðr, er vatn á eða jörð fyrir ofan, ef á land rekr; helgar þar festr hval, en við mark sem annars staðar. Nú brýtr nýja ósa út í gegnum fjöru manns, ok rekr þar hval eða við upp á jörð, ok á sá, er fjöru á fyrir utan. En þó at brjóti nýja ósa í gegnum fjöru manns, þá skal hinn forni ráða. Nú verpr tré eða hval á jörð upp, ok á sá bæði, er reka á. En ef þar er jörð gróin yfir viði eða beinum, þá á sá, er jörð á.[1]) Þar er tré eru í jörðu hálf ofar en nú gengr flóð til, ok á sá maðr þar tré ok bein, er jörð á fyrir ofan. En ef tré eða bein eða tálkn er í flæðarmáli, þó at sandi sé yfir orpit eða í grjóti fast, þá á sá þat allt, er fjöru á. Nú eru ósar at merkjum, þá á hvárr þeira reka allan til miðs óss. Ef rekann festir í miðjum ósinum, þá á hálfan hvárr þeira. Nú rekr við eða hval upp eftir þeim ósi ok kastar á svarðfast land, eða festir í vatnsbökkum fyrir ofan rekamark, þá á sá, er jörð á eða eyrar, ef þar festir, nema festi í miðju vatninu, þá skal jafnt hverfa rekinn til hvárs tveggja lands, allt þat, er þar rekr. Ef birkivið rekr út at merkiósum, ok á sá þann við, er jörð á fyrir ofan reka þann, er tréit kemr á. Ef við rekr at á ofan ok festir í eyrum, eða rekr á land upp, þá á sá þann við, er jörð á, nema einn maðr eigi allan skóg, þá á sá.

Kap. 2. — Um viðreka ok veiði fyrir utan netlög.[a]) — Hverr maðr má flytja ok fénýta sér við þann allan, er hann finnr fljótanda fyrir annars landi út frá rekamarki. Taka má maðr við ok hval þar við annars land at flytja, er eigi er ván at festi, nema svá sé nær þeiri fjöru, er festa má reka á, at sjá mundi mega þaðan fisk á borði, ef eigi bæri land fyrir. Svá á allar flutningar at taka. Ef maðr flytr við sinn á annars fjöru, ok skal sá viðr eigi þar lengr liggja en þrjár nætr, ef þat er rekafjara, nema nauðsyn banni, ella bæti . . . skaðabót þeim, er reka á. Rétt er honum at færa upp á land úr fjöru ok hafa þaðan flutt innan XII mánaða þaðan frá. Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at úsekju. . . . Ef maðr kaupir reka af landi manns at lögmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri alnarlöng kefli öll ok smærri, en rekamaðr á þar við allan útegldan, er þar rekr upp, ok svá hvali alla, er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, ok svá þá hvali, er þar rekr. Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel. Hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn í land en V, þá á rekamaðr. Landeigandi á ok flutningar allar ok at varðveita skotmannshlut . . . ok hvali þá alla, er fyrir mönnum hlaupa á land, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni. Ef viðr flýtr í netlögum, þann á rekamaðr. En ef utarr er viðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat, er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit.

Kap. 3. — Um festing á hval.[a]) — Ef hval rekr á fjöru manns, þá skal sá, er á landi býr þar næst, festa hval þann, hverr sem fjöru á, ok hafa slíkt af hval sem fyrr skilr leiguliða,[1]) þó at landsdrottin búi sjálfr á jörðu. Hann skal festa hval þeim festum, at eigi sé ústerkari en reip þau X, er tveggja manna afli haldi hvert, ok sé þá borinn annarr endir um stokk eða stein. Rétt er honum at skera festar af sjálfum hvalnum. Ok ef svá er festr, þá ábyrgist hann eigi, þó at út taki hvalinn, ef sumr er festarstúfr á landi, en sumr í hval, ok á hann hvalinn, er áðr átti, þó at á annars fjöru komi. Hann skal flytja brott hvalinn, hvárt er hann vill á skipi eða eykjum, ok neyta engis þar, nema vatns ok haga. En ef sex skynsamir menn sanna þat með eiðum,

1) Sbr. Alþdóm c. 1300. — a) XXIII, 92.

1) Sbr. Landsleigubálk kap. 6. — a) II, 90.

1281 at hvalr sé verr festr en nú var talt, þá á sá ekki í, þó at út taki, er festi, ok ábyrgist at öllu, ef annar á hval. Hann á þegar at senda mann þann, er fari fullum dagleiðum, þeim er reka á. En landbúi skal þá skera hval ok þeir menn, er hann fær til, til fjórðungs, þar til er rekamaðr kemr til eða hans umboðsmaðr, þá skulu þeir ráða þeim, er úskorinn er. En ef þar eigu fleiri í reka, þá skal hann þeim orð gera, er mest á í, en hinna hlut skal hann varðveita ok selja sem hann eigi sjálfr, ok ábyrgist við sínum handvömmum. Nú skerr maðr hval á fjöru sinni, ok rekr þar fjósir út, tálkn eða bein, og rekr á annars fjöru, þá á sá þat, er fjöru á, ef lengra er frá fjörumarki hins en CC faðma. Svá er ok um garnar ok seymi ok allt þat, er fémætt slítr út af hval. En ef urgur eru í hvalfjósum þeim, er út sleit, þá helga þær þeim, er átti í fyrstu. Nú þó at hvalr sé minni en festingarhvalr eigi af at takast, þá er sá jafnskyldr, er á jörðu býr, at festa hinn minna sem hinn meira. Allt skal hann þat færa úr flæðarmáli, er fémætt rekr á fjöru þá, sem hann ætti land ok reka, ella ábyrgist hann at öllu við rekamann. Lauss er sá maðr við reka varðveizlu, er á jörðu býr, ef rekamaðr hefir öðrum umboð fengit, ok skal sá þá fyrir sjá og ábyrgjast svá sem hinn skyldi. Ef nokkurr maðr kallar sá til meira hvals en fyrr hefir haft, er menn vitu þó, að nokkut á í reka, þá skal honum þó til handa skipta þeim hval, er hann kallar til, yfir þat, er rekamaðr veit, hálfu minna en hann kallar til. . . . Nú prófast sem annar hvárr hafi logit, gjaldi sá hval tvennum gjöldum þeim, er á, ok kostnað sinn allan þann, sem hann hefir fyrir haft. . . . Nú kemr hvalr eða tré á rekamark, þá eigi svá hverr sem reka á undir.

Kap. 4. — Um skot, ef þat finnst í hval, ok ef leynt er skotinu.[a]) — Ef hval rekr á fjöru manns, ok á fjörumaðr þann allan, ef eigi er skot í. En ef skot finnst þat í, er þingborit mark er á, þá á skotmaðr hálfan, ef hann kemr til áðr hans hlutr er virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. En svá skal maðr skots leita sem hann ætti skots ván í hval á annars fjöru. En sá á vætt spiks af skotmannshlut, er finnr skot. Ef fjörumaðr veit, hverr skot á, þá skal hann gera honum orð, ef hann er svá nær, at fara má tvívegis þangat þann dag, er þá er, ef hann færi árdegis. En ef hann gerir eigi skotmanni orð, þegar skot finnst, — því at svá mikit skal hafa af síðara degi sem þá var af fyrra, er maðr var sendr, — þá sekist hann mörk, hafi hálfa konungr, en hálfa skotmaðr, ok slíkan hval sem honum væri at lögum orð ger. Landeigandi á at skera til fjórðungs skotmannshlut, þar til er skotmaðr kemr til, ok ábyrgjast þann hval við skotmann. Síðan skal skotmaðr ráða sínum hval hinum úrskorna, ok ábyrgjast sjálfr þann — — —

1281

Kap. 5. — Um skotmannshlut, hversu fara skal.[a]) — Hvervetna þess er skotmaðr kemr svá til skothvals, at sumr er úskorinn, þá skal hann ráða hinum úskorna jafnan, en hinn, er skar, skal hafa fjórðung af þeim, er hann skar, ok svá skal jafnan fara, ef hann kemr til fyrr en hans hlutr sé allr virðr ok veginn ok af fjöru fluttr. Nú kemr engi at kalla til skots þess, er þar er fundit, þá skal landeigandi varðveita skotit ok hafa þá hálfan skotmannshlut, hversu sem hann kemr kaupi við skurðarmenn. Skothval skulu virða . . . skynsamir menn . . . Nú eru fleiri skot í hval en eitt, þá á sá hvalinn, er fyrstr kom banaskoti á ok þingborit mark hafi. Ekki sakar, ef í spik kemr. Ef maðr veiðir hval þann, er áðr er helvænn af þingbornu skoti, ok á sá þó skotmannshlut, er fyrri skaut hvalinn, en hinn fyrir starf sitt. . . . Þeir skulu æ skothval virða, er næstir búa því, er skot finnst. Sá maðr á at varðveita skotmannshlut, er land á, ef annarr á reka, en hálft á hvárr þeirra bein ok tálkn. Landeigandi á heimting við rekamann, ef hvalr er seldr áðr en skot finnst, en skotmaðr við hann. Ef hvalr slítr út, þann er menn hafa skorit ok finnst skot í, hvar sem á land rekr, þá á skotmaðr heimtu at öllum þeim, er fjöru áttu, þar er sá hvalr kom, ok svá þó at menn skeri á floti eða skeri, ok skeri til helmingar, ef lögliga er virðr, en æ til fjórðungs, ef eigi er virðr. Sá maðr, er skot hefir at varðveita, skal sýna ok segja til marks á skotinu . . . eða umboðsmaðr hans, ok svá til nafns síns, ok svá hve mikit fé skoti fylgi. . . .

Kap. 6. — Um fiskhelgi ok ábyrgð á flutningarhval. — Ef maðr finnr hval á floti þá skal hann flytja hvert er hann vill, ef þat er utarr fyrir annars landi en fisk sér á borði. Þat skal þorskr vera flattr, álnar í öxarþærum. Á því borði skal sjá, er til lands veit þaðan sem fjarar lengst. Ef menn koma

a) II, 90.

a) II, 90.

1281 til, þá er hann hefir festar í borit hval, þá er hann eigi skyldr við þeim að taka, ef hann fær fluttan hval. En þó at þeir beri festar í, þá eigu þeir eigi at heldr. En ef þeir koma eigi hval til lands, er níttu liði hinna, þá skulu þeir ábyrgjast hvalinn við þá. . . .

Kap. 7. — Um flutningarhval ok griðmenn finna. — Þess hvals, er fluttr er, eigu flytjendr þriðjung, en landeigandi tvá hluti,[1]) nema skot finnist í, þá á skotmaðr þriðjung. Skal skotmannshlutr svá fara at öllu sem um rekahval. En þeir menn, sem fyrst bera festar í hval, eigu at hafa finnanda spik, þótt fleiri sé at flutningu. Þat eru XXX átta fjórðunga vætta, hálft hvárt spik ok rengi, ef hann er tvítugr eða lengri úskerðr, eða svá skerðr, at hann sé þá eigi minni en tvítugr þess kyns heill. Þat skal allt af flutningar þriðjungi takast. Ok ef þeir hafa nokkut skorit á skip sitt, en flytja þat, er eptir er, þá skulu þeir þat fyrir finnandaspik hafa, en skipta sem öðrum hval þat, sem meira er. Ef landeigandi er at flutningu, þá á hann kost að flytja á sitt land. En ef þangat er lengra, þá ábyrgist hann hval við sína lagsmenn, ef þeir missa fyrir þat. Ef landeigendr eru fleiri at flutningu, þá skal á þess manns land flytja, er næst á land. . . . Ef griðmenn manns finna hval á floti, ok á bóndi verk þeirra allt, þá á hann hvalinn. En ef hann átti fiski þeira at eins, þá á hann eigi meira í hval en sýslan dvaldist, sú er hann átti, eptir því sem . . . bændr virða, ok skiphlut sinn, ok ábyrgist þeir þó skip sem áðr. Nú flytja menn hval úr almenning, ok eignast þeir eigi nema þeir beri fyrr festar á land en þeir láti hval lausan ok festi sem fyrr segir, ella er þat rekahvalr. Nú rekr hval svá mjök fyrir veðri eða straumi, at hann ræðr skipinu, en eigi skipit honum, þá er sem þeir hafi úfundit hval.

Kap. 8. — Um rangfluttan hval ok ef í fiskhelgi er.[a]) — Ef menn flytja hval þaðan frá landi manns er sjá má fisk á borði, þá á sá hval, er áðr átti. . . . Í fjörðum eða sundum, þar er maðr flytr hval svá at sjá má fisk á borði frá fleirum löndum en einu, þá eigu þeir allir jafnt, er svá nær eigu lönd, þó at einn flyti á sitt land, nema af einshvers landi standi svá mikit veðr, at þangat mátti eigi flytja. Ef menn reka hvali á land manns, þá eigu þeir tvo hluti, en landeigandi þriðjung. Ef menn finna hval 1281
í vökum utarr en fisk sér á borði, þá á sá, er fyrstr finnr allan þann, er hann kemr á ís upp. Nú koma menn til ok bera vápn á hvali þá ok festa við ísbrún, svá at eigi má sökkva, þá eigu þeir, er veiða, en þeir, sem síðar koma til, ok neitta hinir þeirra liði ok sökkr hvalr, þá ábyrgist þeir, er fyrr komu, við þessa eptir manntali þenna hval. Og hvatki er þeir fá svá, þá skulu þeir á land bera er þeir vilja. En ef landsdrottinn[1]) telr at, at þeir spilla þar eng hans eða haga, bæti skaða . . . þeim, er gras á. En ef leggr á hölkn eða fjöru, þar sem engi skaði er at, flyti brott at útsekju. Nú finnr maðr hval í ísum nær landi, ok þó fyrir utan netlög, þá á hann hálfan, ef kvikr er, en landeigandi allan, ef dauðr er. Nú gengr vök allt at landi, sú, er menn sæfa hvali í fyrir utan netlög, ok renna þeir á land upp, þá á svá at fara um eiginorð þeirra sem menn reki upp með skipum. Ef menn skjóta þingbornum skotum hvali í vökum, þá eigu þeir eigi heldr en aðrir menn, nema dauða reki á land, þá eigu þeir skothlut. Hverr maðr á veiði sína fyrir utan netlög. Þat er veiðr, ef maðr flytr á skipi til lands, en flutning ella. Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er sér fisk á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan, er veiðir.

Kap. 9. — Um selveiðar ok skot þat, er eigi er þingborit. — Ef maðr hittir net í látrum sínum ok sel í, þá á hann net ok svá sel, þar til er hinn leysir . . . net út . . . Nú lýstr maðr sel ok finna þann aðrir menn, þá á hálfan sá, er laust, en hálfan sá, er finnr á floti, en sá skutil sinn, er skaut, ef skutill fylgir. Nú rekr á land hafrhval, björn, rostung, sel eða hnísu og finnst skot í, þá á sá þriðjung, er skaut, . . . ok skal sá, er á landi býr, því er á rekr, lýsa því skoti . . . innan mánaðar. Nú hittir maðr á sel eða hnísu eða aðra fiska, utan hval, fyrir ofan marbakka, ok færir þeim, er á jörðu býr, hafi fimtung af, en jörð fjóra hluti. En ef hann færir brott, þá færi hann aptr . . . .

Kap. 11. — Um almenningshval, ef fluttr er, hverir eigu. — Ef menn flytja hval úr almenning, þá skulu þeir fylgja festum til lands, ef þeim er úhætt fyrir stormi eða brimi. Nú skiljast þeir fyrir þat við, at þeim er eigi úhætt, þá eigu þeir þó hval, ef á þat land rekr, er þeir vildu flytja. En ef annars staðar kemr, þá er þat rekhvalr.

1) Kgsbr. 23. júní 1779. — a) II, 88.

1) Kgsbr. 23. júní 1779.

Um 1300 **Alþingisdómur um rekamark.**

Þat var lögtekit um rekamark á Öxarárþingi af báðum lögmönnunum ok allri lögréttunni á dögum Hákonar kóngs, sem væri í almenniligu flæðarmáli þá sjór ræðr sér. En hvat hann æsir brim eðr vind eðr kastar yfir malarkamb eðr eyrartanga eðr á land upp, þar sem svá við víkr, þá eignast þat landeigandi, hvárt þat er tré eðr hvalr.

1779 23. júní **Konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi.**

1) Ef skotinn hvalur er fluttur til lands á grýtta eða sönduga staði, ellegar fjörur, er öðrum tilheyra, og kann þar að skerast og burt flytjast, svo landeiganda sé enginn skaði að, þá á hann engan hlut í hvalnum; þó á að borga honum þann velvilja, er hann kynni við þvílík tækifæri að auðsýna veiðimönnunum, eftir því sem þeir geta við hann á sáttir orðið. — **2.** Sé þvílíkur veiddur hvalur fluttur á land á nokkrum þeim stað, hvar skurður, björgun og burtfærsla hans á einhvern hátt spillir annars engjum eða haga, þá skulu veiðimenn betala landeiganda þann skaða og jarðarspell með einum áttunda parti af sjálfum hvalnum.

1778 4. maí **Opið bréf um rekatilkall á Íslandi.**

1) . . .[1]) — 5) Af öllum þeim hvölum, sem reka á land með skoti í, skal skiptast einn hlutur fyrir skotmanninn, eða svo kallaður skotmannshlutur, hvar með fara skal eftir rekabálksins 4. og 5. kap. Komi skotmaður ekki áður en liðið sé ár og dagur frá því skotinu var löglega lýst á alþingi,[2]) eignast sýslumenn[3]) helming þessa hlutar á bændaeignum, sem þeim léntur er með úrlausn af 26. marz 1737; en hinn annar helmingurinn skal fylgja lóðinni fyrir bjarglaun og annað starf og kostnað. Að öðru leyti er sýslumönnunum í sjálfsvaldi að varðveita sjálfir þennan hlut, frá því honum er skipt og til þess ár og dagur er liðið. En á Vorum klaustrum og umboðsjörðum eignast klaustur- og umboðshaldarar[3]) þennan hlut, þegar eins stendur á, og eins þær almennu stiftanir, svo sem biskupsstólarnir kirkjurnar, hospitölin, sem og staðarhaldararnir á því andlega góssi.

1) L. nr. 42, 15 júní 1926, § 35. — 2) Nú í Hæstarétti, l. nr. 112, 18. maí 1935, § 56. — 3) Nú ríkissjóður, sbr. l. nr. 24, 14. des. 1877, § 1.

j. Námar.

Námulög.

1909 30. júlí Nr. 50

I. kafli. — Um málmleit. — 1. gr. Sérhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir, að leita málma og málmblendinga í jörðu eða landi, sem er óskipt eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstarkra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs- og lénskirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50, 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða. — **2. gr.** Sá, sem vill málmleit gera, skal hafa málmleitarbréf og sýna það jarðarábúanda áður en hann byrjar málmleit. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er bréfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast af málmleitinni. Tryggingu þessa getur málmleitarmaður þó komizt hjá að setja, ef hann lýsir því yfir skriflega, að hann ætli sér ekki að gera neitt jarðrask á túnum eða í matjurtagörðum jarðanna, þar sem hann ætlar sér að leita, og skal það þá tekið fram í málmleitarbréfinu, að hann hafi ekki rétt til að leita að málmum, sem jarðrask fylgir í túnum eða matjurtagörðum, nema trygging sé sett. Eigi má þó krefjast hærri tryggingar en sem nemur 200 krónum. — Málmleitarbréf gefur lögreglustjóri, og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir, eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna, hverjir þeir séu. — Málmleitarbréf gildir 2 ár frá dagsetningardegi, og aðeins í lögsagnarumdæmi útgefanda. — Leyfisbréf til málmleitar á almenningum og öðrum landssvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, gefur lögreglustjóri sá einnig út, sem næstur er, og skal leitarsvæðið til tekið. — Útlendingar og innlendir menn, sem dvelja langvistum erlendis, skulu um leið og þeir beiðast málmleitarbréfs og tilkynna málmfund, tilkynna lögreglustjóra skriflega, hver sé umboðsmaður þeirra hérlendis; að öðrum kosti má eigi veita þeim málmleitarbréf né taka málmfundartilkynningu þeirra til greina. — Fyrir málmleitarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð. — **3. gr.** Á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, sem liggja nær íbúðarhúsum, úti-

húsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra, má málmleit eigi gera án leyfis jarðarábúanda. Á alfaravegum má ofanjarðar málmleit eigi fara fram, og alls enginn málmgröftur í kirkjugörðum eða grafreitum. — Ef málmleit fer fram með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða áþekkum áhöldum, í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður, að viðlagðri hæfilegri sekt, allt að 50 krónum, gera íbúum hússins viðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja vörð á veginn til að viðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk sektarinnar, bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast. — **4. gr.** Nú er gerð gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er á eigin landi eða annarra, halda uppi gripheldri girðingu um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sér að voða. Ef hætt er grefti, skal sá, er gerði, annaðhvort fylla gryfjuna eða girða hana tryggilega. Vanræki hann þetta, sæti hann allt að 50 króna sekt og bæti skaða þann, sem af kann að hljótast. — **5. gr.** Sá, sem hindrar nokkurn í lögmætri málmleit, sæti sektum 5—50 króna, og bæti þar að auki málmleitarmanni allan skaða, sem hann sannar, að hann hafi beðið við það. — **6. gr.** Nú finnur málmleitarmaður vott þess, að fyrir sé málmur, og skal hann þá, svo framarlega sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynningu í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tilgreina fundarstaðinn, málmtegundina og tilnefna 2 votta, er á hann geti vísað. Lögreglustjóri skal rita á tilkynningarnar ár og dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 2 árin þar á undan sent á lögmætan hátt tilkynningu um málmfund á sama svæði, skal lögreglustjóri rita athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð, en lögreglustjóri ritar hitt eintakið orðrétt með athugasemdum sínum í námubréfabókina. — Finnandi skal því næst annast um, að þeim, sem landið hefir til nytja, sé birt innan 8 vikna að viðstöddum 2 vottum, að tilkynning um málmfund hafi fram farið. — Tilkynning um málmfund skal tekin fullgild, þótt finnandi hafi eigi fengið málmleitarbréf áður en hann tilkynnti málmfundinn, svo framarlega sem hann hefir eftir lögum þessum rétt til að fá greint bréf.

1909 30. júlí Nr. 50

2. kafli. — [Um sölu og leigu námuréttinda í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða og opinberra stofnana. — 7. gr. Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.][1])

3. kafli. — Um málmgraftarbréf. — 8. gr. Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga á landssvæðum þeim, sem getur um í 1. gr. [enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.][2]) — **9. gr.** Nú vill sá, sem fundið hefir vott um, að málmur sé fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 2 ára frá tilkynningu um fundinn, sbr. 6. gr., senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra. Í umsókninni skal tilgreint, til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa. — Frá þeim tíma, er tilkynningin um fundinn fór fram, samkvæmt 6. gr., og til loka þessara 2 ára, getur síðari málmfundur ekki svipt fyrri finnanda rétti til útmælingar þeirrar, er 4. kafli laga þessara heimilar honum. — Sé aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan þessara 2 ára, er hverjum heimilt að hagnýta sér málmfundinn, sem finnandi væri. — Lögreglustjóri ritar þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst honum, og gefur síðan út málmgraftarbréf. Skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og í hvaða jörð eða hvar málmfundarstaðurinn sé. [Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.][3]) — Eigi má [lögreglustjóri][4]) neita neinum um málmgraftarbréf, sem tilkynnt hefir málmfund, en fari svo, að fleiri en eitt bréf verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgangsrétt, hafi hann gætt ákvæða laga þessara. — Málmgraftarbréf skal inn-

1) L. nr. 20, 12. júní 1939, § 1. — 2) Sömu l., § 2. — 3) Sömu l., § 3. — 4) Sömu l., § 4.

færa orðrétt í námubréfabók, [þegar ráðuneytið hefir staðfest það.][1]) — **10. gr.** Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr námum og við námur, sem hætt hefir verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 12 mánaða frá því tilkynningin var gerð, skal tilkynnandi, að viðlögðum réttarmissi, fá málmgraftarbréf hjá lögreglustjóra. — **11. gr.** Fyrir málmgraftarbréf skal greiða 25 kr. í landssjóð. Fái sá, er málmgraftarbréf hefir fengið, fleiri útmælingar en eina á því svæði, greiði hann fyrir hina síðari námuteiga aðeins leigugjaldið til landssjóðs samkvæmt 18. gr. fyrir hvern námuteig.

4. kafli. — Um útmæling undir námu og um námubrunna. — **12. gr.** Hver sá, sem fengið hefir málmgraftarbréf fyrir málmfundarstað (9. gr.) á heimtingu á að fá útmælt námusvæði, og næga lóð undir hús fyrir námuverkafólk, námuafurðir, vélar og uppgröft, annaðhvort á sjálfu námusvæðinu eða utan við það. — Sá, sem fengið hefir útmælt námusvæði samkvæmt ákvæðum þessa kafla, á einn rétt til málmnáms á því. — Hver sá, sem fyrst hefir tilkynnt málmfund, og rétt hefir samkvæmt lögum þessum til að fá útmælingu, getur krafizt að fá 2 útmælingar, sem nefnast námuteigar, á sama námusvæði (í æð eða lagi), fyrir utan lóð undir hús fyrir verkafólk, námuafurðir, vélar og fyrir uppgröft. Sá, sem síðar tilkynnir málmfund á sama stað, og rétt hefir til að fá útmælingu, skal eigi fá meira en 1 námuteig. — **13. gr.** Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra; framkvæmir hann útmælingarnar og færir gerðina í námubréfabókina og afhendir beiðanda staðfesta útskrift úr henni. Útmælingarbeiðandi lætur lögreglustjóra í té nauðsynleg áhöld og aðstoð. — **14. gr.** Námuteigur skal vera 100,000 ferhyrningsmetrar að flatarmáli. Liggi málmurinn í lagi, skal teigurinn vera jafnhliða rétthyrndur ferhyrningur, en liggi hann í æð eða æðum, skal sá, er útmælingar beiðist, sjálfur tiltaka stefnu námuteigsins og hlutfall milli lengdar og breiddar, en breiddin má þó ekki vera minni en 100 metrar. — Takmörk útmælingar skulu vera lóðrétt í jörð niður. — **15. gr.** Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en mæla má í hverja þá stefnu, er sá óskar, er útmælingar beiðist, svo framarlega sem það ekki kemur í bága við réttindi annarra eftir lögum þessum. — **16. gr.** Innan 6 mánaða í síðasta lagi frá því útmælingar hefir verið krafizt, skal lögreglustjóri láta hana fram fara, ef óviðráðanlegar tálmanir hindra ekki. — **17. gr.** Lögreglustjóri ákveður, hvaða dag útmælingin skuli fara fram, og tilkynnir það beiðanda í tækan tíma, svo hann geti verið viðstaddur eða umboðsmaður fyrir hann; svo skal lögreglustjóri og tilkynna það með áþyrgðarbréfi þeim, sem hefir umráðarétt yfir landinu, og þeim, sem rétt hafa til málmgraftar, eða lýst hafa málmfundi á sama stað, svo og umboðsmönnum þeirra manna, sem eiga að hafa umboðsmenn hérlendis (2. gr.). — **18. gr.** Fyrir útmæling hvers námuteigs, 100,000 ferhyrnings metra, skal greiða lögreglustjóra 40 krónur og að auki ferðakostnað og dagpeninga, samkvæmt lögum nr. 2, 2. febrúar 1894, 4. og 6. gr. — Ennfremur greiði námuhafi til jarðareigenda (landssjóðs eða kirkju) árlegt leigugjald, 50 krónur fyrir hvern námuteig, og til jarðarábúanda 10 kr. Auk þess greiði námuhafi jarðarábúanda lóðargjald fyrir hús og byggingar á námustaðnum, 5 aura fyrir hvern ferhyrningsmetra, sem hús standa á. — **19. gr.** Innan 2 ára frá því útmæling fór fram, skal námuhafi byrja á reglulegum námugrefti, ef náman liggur ekki lengra frá sjó en 10 kílómetra, þar sem þilskip geti tekið málminn, innan 3 ára, ef náman liggur fulla 20 kílómetra frá slíkum hafnarstað, og svo einu ári síðar fyrir hverja 10 kílómetra úr því, sem vegalengdin eykst, þó eigi lengur en 8 ár. Eftir þann tíma missir námuhafi rétt sinn, nema hann vinni árlega í námunni fyrir að minnsta kosti 150 krónur til rannsóknar henni, eða greiði árlega 100 krónur í landssjóð, auk gjalda þeirra, sem ákveðin eru í 2. málslið 18. gr. — Nú er ekki byrjað á reglulegum námurekstri 8 árum eftir að námurekstur skyldi byrja, eða að námurekstur leggst niður 8 ár samfleytt eftir að reglulegur námurekstur var byrjaður, og hefir námuhafi þá að fullu fyrirgert námurétti sínum. — Vegalengdin skal talin eftir því, sem almennir vegir liggja að hafnarstaðnum frá námunni, séu þar nokkurir vegir, en annars beinustu leið, þar sem torfærur eru minnstar að hafn-

1) L. nr. 20, 12. júní 1939, § 5.

1909 30. júlí Nr. 50

arstaðnum. — Verði ágreiningur um vegalengdina, getur lögreglustjóri látið mæla hana á kostnað námuhafa. — **20. gr.** Nú ganga menn í félag, er útmælingar hafa fengið, og er þá eigi skylt fyrir námugraftarins sakir, að hafa nema einn námubrunn á félagssvæðinu.

5. kafli. — Um vegi, vatnsafnot og bryggjugerð. — 21. gr. Sérhver sá, er fengið hefir útmælt námusvæði, á rétt á að leggja vegi yfir land jarðarinnar fyrir flutning að og frá námunni, hvert sem hann þarfnast, svo og að gera fyrirhleðslu fyrir vatn. Vegir þessir og fyrirhleðslur mega þó ekki liggja yfir tún eða matjurtagarða, nema ábúandi samþykki; og verði að leggja veg eða fyrirhleðslu yfir engjar jarðar, getur lögreglustjóri heimtað, að hæfileg trygging sé sett fyrir því, að jarðspell, sem af vegalagningu eða fyrirhleðslu stafar, verði bætt að fullu. — **22. gr.** Heimilt er námuhafa að nota vatn eftir þörfum við námureksturinn, en eigi má hann að neinu leyti rýra vatnsból né áveituvatn ábúanda, ef náman liggur á ábúðarjörð, nema með hans samþykki. — Ennfremur er námuhafa heimilt að nota vatn og vatnsafl til reksturs véla og til málmþvottar við námuna, að svo miklu leyti, sem það ekki þegar er notað til reksturs annars iðnaðar. — Nú er skortur á vatni á námustaðnum eða í nánd við hann, og á sá, er fyrstur tilkynnti málmfund, forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum. — **23. gr.** Ef jörð, sem náma finnst í, liggur að sjó, á námuhafi rétt á að byggja bryggju eða hafnarkví við sjóinn, til þess að greiða fyrir fermingu og affermingu skipa, þó svo, að eigi sé spillt æðarvarpi eða laxveiði jarðar. — **24. gr.** Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annarri námu, og er þeim námueiganda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum; þó nær þetta ekki til þess, er fyrst hefir tilkynnt málmfund á þessu svæði. — **25. gr.** Rekstursfrestur sá, sem um getur í síðasta málslið 19. gr., fellur burt, ef náma veldur vatnsrennsli í nágrannanámu, nema námurekandi sá, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, láti það óátalið eða úr sé bætt. Ákvæði þessi gilda þó ekki fyrir þann, sem fyrstur tilkynnti málmfund á þeim stað.

6. kafli. — Um rekstur námu og eftirlit. — 26. gr. Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugerð um rekstur námu; skal þar meðal annars sett ákvæði, er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur séu tryggilega grafnar, að greinileg mörk séu sett í kringum útmæld námusvæði og um afrennsli vatns frá námu; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda. — Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir allt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. — **27. gr.** Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefir borið, eða tekið hefir verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sérstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur til stjórnarráðsins. — Stjórnarráðinu skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gera nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metra, og síðar verði bætt við uppdráttinn er náman stækkar.

7. kafli. — Um niðurlagning námu. — 28. gr. Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda þeim, er hættir við námuna, heimilt að nota uppgröftinn úr henni, þótt annar byrji að reka námuna, ef hann byrjar eigi síðar að nota uppgröftinn en 12 mánuðum eftir að náman lagðist niður. — **29. gr.** Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt, tilkynna það lögreglustjóra 2 mánuðum áður, svo og hvort hann ætli að nota uppgröftinn. Jafnframt skal hann senda uppdrátt þann, sem gerður kann að hafa verið af námunni. Tilkynningar þessar skulu innfærðar í námubréfabókina. — **30. gr.** Nú er námurekstri hætt, eða réttur inn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því eða flytja neitt burt af því, sem gert hefir verið til að halda námunni og göngum hennar tryggum. En loka skal hann námunni tryggilega, svo að menn eða alidýr geti ekki farið sér að voða. — Brot á móti ákvæðum þessarar greinar varða sektum allt að 1000 kr.

8. kafli. — Almenn ákvæði. — 31. gr. Fyrir jarðspell, er málmleit og námurekstur kann að hafa í för með sér, skal, ef hlutaðeigendur verða eigi á annað sáttir, greiða fullar bætur eftir mati þriggja óvilhallra dómkvaddra manna. Bæturnar greiði málmleitandi eða námueigandi, og renna þær til jarðeiganda, og bæti hann ábúanda halla þann, er hann kann að verða fyrir. — **32.**

1909 30. júlí Nr. 50

gr. Auk námubréfabókar þeirrar, er gert er ráð fyrir í lögum þessum, skal lögreglustjóri hafa námuregistur, þar sem hver námustaður hefir sinn sérstaka dálk, og skal allt það, sem að einhverju leyti leggur námuréttarbönd, innfært á dálk staðarins og jafnframt vísað til gerðarinnar í námubréfabókinni. — Samkvæmt þessum bókum skal lögreglustjóri gefa hverjum, sem þess æskir, námubréfabókarvottorð gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð. — **33. gr.** Stjórnarráðið löggildir námubækur lögreglustjóra. — **34. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um í 26. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

1927 Nr. 8 31. maí

Lög um viðauka við námulög, nr. 50, 30. júlí 1909.

1. gr. Nú hefir maður fengið málmgraftarbréf á svæði, sem ríkið hefir ekki látið gera uppdrátt af og enginn fullkominn uppdráttur er til yfir, og er honum þá heimilt að fresta að senda lögreglustjóra beiðni um útmælingu þangað til ríkissjóður hefir látið gera slíkan uppdrátt af námasvæðinu eða uppdrátturinn er fenginn á annan hátt. — Áður ár er liðið frá því er uppdrátturinn var gerður samkv. 1. málsgr. og allir eiga kost á að fá hann, skal sá, er málmgraftarbréf hefir, hafa beiðzt útmælingarinnar, að viðlögðum missi finnandaréttarins. Þegar slíkur uppdráttur er fyrir hendi, er lögreglustjóra heimilt að láta af hendi útmælingarbréf eftir uppdrættinum, án þess að fara á staðinn.

1912 Nr. 23 22. okt.

Lög um samþykktir um mótak.

1. gr. Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mógröfum. — **2. gr.** Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykkt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþykktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþykktin á að gilda fyrir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, enda eigi þeir mótak eða hafi umráð yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við höndina. — **3. gr.** Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykkt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með ⅔ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með ⅔ atkvæða, fer um það sem fyrr segir. — Frumvarp til samþykktar, sem hefir eigi náð ⅔ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyrr en á næsta aðalfundi hennar. — **4. gr.** Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er þá samþykktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. — Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á. — **5. gr.** Í samþykkt skal ávallt kveða á um eftirlit með því, að henni sé hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið. — **6. gr.** Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir frá 5—50 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

1912 Nr. 23 22. okt.

1940 Nr. 16 12. febr.

Lög um mótak.

1. gr. Bæjar- og sveitarfélög geta eitt ár í senn öðlazt rétt til þess að vinna mó í annarra landi með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þessi ákveða. — **2. gr.** Bæjarfélag eða sveitar, sem öðlast vill rétt þann, er í 1. gr. getur, skal senda skriflega umsókn um það til atvinnumálaráðuneytisins. — Í umsókn skal vera: — 1. Greinargerð um legu mólandsins, nafn eiganda þess eða forráðamanns, atvinnu hans og heimilisfang, svo og nafn ábúanda landsins. — Nú er land í sameign, og skal þá greina alla eigendur. Ef land er eign félags eða stofnunar, nægir að greina formann eða forráðamann. — **2.**

Lýsing á mólandinu og næsta umhverfi þess, Greint skal frá hverskonar mannvirkjum, skurðum og ræktunarástandi, hvaða not eigendur eða ábúendur hafa undanfarið haft af hinu umrædda svæði (heyskap, beit o. s. frv.). Umsókninni fylgi í 2 eintökum kort eða frumdráttur (riss) af svæði því, er um ræðir, þar sem sjálft mólandið er skýrt afmarkað. — 3. Áætlun um mómagn það, sem umsækjandi ráðgerir, að tekið verði upp. — 4. Hvort umsækjanda sé kunnugt um, að aðrir eigi rétt til mótaks á þessum stað, og þá hverjir. — 5. Ástæður umsækjanda fyrir því, að hann telur sér nauðsynlegt að fá mótak á þeim stað, sem um er sótt. Skal þar tekið fram, hvort umsækjandi eigi eða hafi til afnota nothæft móland, eða hvort önnur mólönd gætu komið til greina. — Umráðendur landsins, sem nefndir eru í 1. tölul. þessarar greinar, eru skyldir til að veita umsækjanda nauðsynlegar upplýsingar, að því leyti sem þeim er unnt. — **3. gr.** Nú hefir ráðuneytinu borizt umsókn samkvæmt 2. gr., og skal það þá tilkynna efni hennar réttum aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr., svo og sýslumanni þeirrar sýslu, þar sem mólandið er, og ber honum að tilkynna það oddvitum annarra bæjar- eða sveitarfélaga, sem ætla má, að hefðu hagsmuna að gæta í því sambandi. Æski þeir að fá mótak á sama stað, skulu þeir sækja um það innan mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. — **4. gr.** Að loknum umsóknarfresti tekur ráðuneytið umsóknirnar til athugunar, og skal sá öðlast, að öðru jöfnu, rétt til mótaks, sem flutningur á mónum yrði kostnaðarminnstur, enda eigi hann ekki, svo kunnugt sé, kost mótaks á öðrum jafnhentugum eða hentugri stað, og metur ráðuneytið það. Skal tilkynna umsækjanda leyfisveitinguna, svo og aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr. — **5. gr.** Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem í 2.—4. gr. segir, skal mæla út handa umsækjanda hæfilegt móland, þó aldrei stærra en svo, að eftir verði a. m. k. 5000 teningsmetrar af mó í hverri landareign á hentugum stað handa ábúanda. Þá skal og velja heppilegt land til þurkvallar og ákveða nauðsynlega framræsluskurði, vegi og önnur mannvirki vegna mótaksins utan mótakssvæðis. Gæta skal þess, að mótakssvæði megi að afloknu mótaki koma að sem fyllstum notum til ræktunar. — **6. gr.** Gjald vegna mótaks samkvæmt lögum þessum skal ákveðið um land allt af 2 mönnum. Nefnir atvinnumálaráðuneytið annan og Búnaðarfélag Íslands hinn. Tveir varamenn skulu nefndir á sama hátt. — Matsmenn skulu tilkynna aðilum úrslit matsins þegar er verða má í ábyrgðarbréfi. — Skjóta má ákvörðun matsmanna til yfirmats. Yfirmatsmenn skulu vera þrír. Nefnir hæstiréttur formann yfirmatsnefndar og atvinnumálaráðherra og Búnaðarfélags Íslands sinn manninn hvort. Varamenn skulu nefndir með sama hætti. — Beiðni um yfirmat skal vera komin til yfirmatsmanna innan mánaðar frá því að aðilum varð kunnugt um matið. Ef einn eða annar aðila áfrýjar, er yfirmatsmönnum skylt að úrskurða einnig kröfur hins eða hinna, þótt hann eða þeir hafi ekki áfrýjað á réttum tíma. — Hafi annar en eigandi afnot jarðar, ákveða matsmenn, hvort og hvernig gjaldinu skuli skipt með þeim. — **7. gr.** Umsækjandi greiðir allan kostnað af útmælingu og undirmati, þar með talin þóknun matsmanna. Matsmenn ákveða þátttöku hvers umsækjanda í ferðakostnaði. — Yfirmatsmenn ákveða, hvernig aðilar bera kostnað af yfirmati. — **8. gr.** Sýslumaður sýslu þeirrar, þar sem mólandið er, sér um útmælingu þess. Skal hann fá trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands til að annast útmælingu, ef unnt er. — Hefja má móvinnsluna jafnskjótt sem útmæling hefir farið fram. — **9. gr.** Þeim, er samkvæmt lögum þessum hefir öðlazt rétt til mótaks, er skylt: — 1. Að selja ekki unninn mó dýrar en við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Skulu haldnir reikningar yfir reksturinn. Við hann má ekki reikna hærra kaupgjald en goldið er eftir gildandi kauptaxta á staðnum. — 2. Að hefja mótak innan tímabils, sem sýslumaður ákveður, þegar útmæling fer fram, enda getur annar umsækjandi krafizt þess að fá mótak á þeim stað, ef út af er brugðið, nema gildar ástæður séu til að dómi ráðuneytisins. 3. Að valda eigi ónauðsynlegum átroðningi og greiða þóknun fyrir notkun hreppsvega eftir ákvörðun sýslumanns, svo og ábyrgjast skaða, er verða kann á skepnum vegna vanrækslu á ákvæðum 5. tölul. þessarar greinar. — 4. Að sjá um, að mórinn sé tekinn í samfelldum gröfum, og gæta þess, að sem minnst fari til spillis. — 5. Að skila unnu mólandi samsumars framræstu, plægðu og herfuðu. — **10. gr.** Allur unninn mór og mannvirki skal flutt burt, ef þess er kostur, fyrir 1. maí næsta ár eftir að mótakið hefir farið fram, nema móvinnandi fái réttindi til mótaks það ár eða öðruvísi

1940 Nr. 16 12. febr.

1940 Nr. 16 12. febr.

semjist. Sé þessu ekki til að dreifa, getur aðili eftir þann tíma látið flytja þetta burt á kostnað móvinnanda, eða hirt mó þann, sem eftir kann að liggja. Jafnan verður mór og mannvirki að hafa verið flutt burt innan 30. júní árið eftir móvinnsluna. — **11. gr.** Sæki sami móvinnandi aftur um mótekju á svæði samfelldu því landi, er honum var útmælt árið áður, á hann, meðan mótak er er nóg, forgangsrétt að því.

1940 Nr. 16 12. febr.

V. EINKAMÁLARÉTTUR

a. Persónuréttindi.

1947 Nr. 95 5. júní

Lög um lögræði.

I. kafli. — Um lögræðisskilyrði. — 1. gr. Lögræði er tvenns konar, sjálfræði og fjárræði. Maður sjálfráða og fjárráða er fullráða. — Undanþága frá lögræðisskilyrðum verður ekki veitt. — **2. gr.** Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði. — **3. gr.** Maður er fjárráða 21 árs gamall, nema sviptur sé fjárræði. — **4. gr.** Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, í hjónaband, og er hann þá fullráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

II. kafli. — Um sviptingu lögræðis og brottnám lögræðissviptingar.[a]) **— 5. gr.** Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja: 1. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika, geðveiki eða annarrar sturlunar. 2. Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hirðuleysi um eignir, sem eru í umráðum hans. 3. Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar deyfilyfja eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrðar, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum. 4. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni. 5. Ef hann vegna líkamslegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum. — **6. gr.** Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja, eftir því sem við á, ef ástæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi. — **7. gr.** Kröfu um lögræðissviptingu geta gert: 1. Aðili sjálfur, sem lögræðissviptingu á að þola. 2. Eiginmaður aðila eða eiginkona, ættingjar hans í beinan legg og systkin. 3. lögráðamaður aðila. 4. Sá, sem skyldur er að lögum til að framfæra aðila, sveitarstjórn þó því aðeins, að hann sé orðinn sveitarstyrksþurfi, svo og sá, sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum. 5. Sá, sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá, sem ekki er afturtæk. 6. Dómsmálaráðuneytið: a. Þegar gæzla almannahags gerir þess þörf. b. Þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt. — **8. gr.** Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara)[1]), þar sem maður sá, er krafan varðar, á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað, og skal þá með mál farið, þar sem viðkomandi átti síðast heimili eða dvaldist. — **9. gr.** Krafa um lögræðissviptingu skal vera skrifleg. Hún skal greina, hvort krafizt er sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja. — Kröfunni skulu fylgja skrifleg gögn, eftir því sem við á og við verður komið, um aðild krefjanda, sbr. 2.—5. tölulið 7. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað, er máli skiptir. — **10. gr.** Dómari skal þinga í málinu þegar í stað. Hann skipar þeim aðila talsmann, sem krafa um lögræðissviptingu er á hendur gerð, og rannsakar málavexti að hætti opinberra mála. Krefjandi getur þó afturkallað kröfu sína um sviptingu lögræðis á hverju stigi máls sem er. — Nú hefur maður sjálfur gert kröfu um að verða sviptur lögræði, og rannsakar dómari og metur samt sem áður, hvort grundvöllur lögræðissviptingar sé fyrir hendi. — Málið skal rekið með tilhlýðilegum hraða og úrskurður upp kveð-

1947 Nr. 95 5. júní

a) XXIII, 64.

1) Sjá nú l. nr. 27, 5. marz 1947, § 2.

inn án óþarfs dráttar. — Nú fellst dómari á kröfu um lögræðissviptingu, og skal þá skýrt greint í úrskurði, hvort aðili sé sviptur sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja. — **11. gr.** Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði, og skal þá dómari kynna aðila sjálfum úrskurðinn, nema það sé tilgangslaust vegna andlegra vanheilinda hans, en þá skal úrskurð birta einhverjum venzlamanni hans, er getur í 2. tölulið 7. gr., ef til næst. — Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá, er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi. — Ef um fjárræðissviptingu er að tefla, skal dómari einnig annast um, að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign eða hér skrásett skip, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða getið er á verzlanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skips og í verzlunarskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnvöldum, sem um hann þurfa að vita. — **12. gr.** Nú telur sá, sem í öndverðu krafðist lögræðissviptingar, eða einhver þeirra aðila, sem í 1.—3. og 6. tölulið 7. gr. getur, að ástæður til lögræðissviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, og getur hann þá borið fram tilmæli við héraðsdómara, þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst, um að lögræðissviptingin sé úr gildi felld. Tilmælin skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar ástæður hins lögræðissvipta aðila. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum, er greinir í 1. eða 4. tölulið 5. gr., skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt, nema þeim fylgi meðmæli embættislæknis. — Dómari heldur þing í málinu. Hann aflar, eftir því sem ástæður renna til, skýrslna þeirra manna, sem málið varðar, svo sem þess aðila, er tilmælin ber fram, hins lögræðissvipta manns sjálfs og lögráðamanns hans svo og þess aðila, sem í öndverðu krafðist lögræðissviptingar, ef til hans næst. Eftir að dómari hefur rannsakað málið, kveður hann upp úrskurð annaðhvort á þann veg, að tilmælin verði ekki tekin til greina, eða að lögræðissvipting sé úr gildi felld. — Nú hefur maður bæði verið sviptur sjálfræði og fjárræði, og má þá eftir atvikum fella lögræðissviptinguna niður, að því er aðra greinina varðar. — Þegar lögræðissvipting er úr gildi felld að öllu leyti eða nokkru, annast dómari um, að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram. — **13. gr.** Áfrýjun dómsathafna, er í þessum kafla getur, fer eftir reglum um áfrýjun opinberra mála. — Eigi frestar áfrýjun framkvæmd úrskurðar. — Dómsmálaráðuneytið hefur jafnan heimild til áfrýjunar. Svo skal og skjóta máli til hæstaréttar, ef sá æskir þess, sem lögræðissviptingu á að þola eða þolir. Nú er hann ekki fær til að taka ákvörðun um áfrýjun vegna andlegra annmarka, og getur þá hver sá, sem getið er í 2. og 3. tölulið 7. gr., krafizt áfrýjunar í hans stað. Loks skal áfrýja máli, ef sá æskir þess, er kröfu gerði í héraði um lögræðissviptingu eða brottnám lögræðissviptingar. — **14. gr.** Hæstiréttur skipar sækjanda og verjanda fyrir dóminum úr flokki hæstaréttarlögmanna. Í hæstarétti má færa fram ný gögn og nýjar varnir. — Eftirrit af dómi hæstaréttar skal þegar senda dómsmálaráðuneytinu og viðkomandi héraðsdómara. Nú er héraðsúrskurði breytt í hæstarétti, og gerir þá héraðsdómari þegar þær ráðstafanir, sem við eiga, sbr. 11. gr. og síðustu mgr. 12. gr. — **15. gr.** Í málum til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar skal engin réttargjöld greiða. — Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs talsmanns í héraði og kostnað af áfrýjun, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, skal greiða úr ríkissjóði. — Ef krafa um áfrýjun hefur verið bersýnilega tilefnislaus, getur hæstiréttur þó gert þeim, er áfrýjunar krafðist, að endurgreiða ríkissjóði áfrýjunarkostnaðinn.

1947 Nr. 95 5. júní

III. kafli. — Um löggerninga ólögráða manna o. fl. — 16. gr. Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg. — **17. gr.** Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum. — **18. gr.** Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu, sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé, sem hann hefur unnið sér inn, eftir að úrskurður gekk um lögræðissviptinguna. — Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði, ræður hann þó aðeins því gjafafé, sem hann hefur fengið, eftir að úrskurður gekk um sviptingu lögræðis. — Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla, eða fari hinn

ófjárráða maður ráðlauslega með fé, getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka fé að nokkru eða öllu leyti til varðveizlu, og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé, meðan sú ráðstöfun helzt. — Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé svo og verðmætis, er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni. — **19. gr.** Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki. — Nú hefur maður verið sviptur lögræði, og binda hann þá ekki löggerningar, sem fara í bág við lögræðissviptingu og hann gerir eftir skrásetningu úrskurðar, enda hafi úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði innan 2 vikna, ef hann er kveðinn upp í Reykjavík eða Hafnarfirði, en ella 6 vikna frá skrásetningu hans. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt. — **20. gr.** Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning, sem hann skorti heimild til að gera, og getur þá hinn aðili samningsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt, svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann. — Nú veit maður, að hann semur við ólögráða mann, og hefur ekki ástæðu til að ætla, að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi, og getur hann þá ekki riftað samningnum, fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns, ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar. — Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann, og svo er ástatt, sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar, þá getur hann ekki riftað samningnum, meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu. — Ákvörðun um riftun samnings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans. — **21. gr.** Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings, og skal þá hvor aðila skila aftur þeim verðmætum, sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur, skal aðili greiða verð hans, eftir því sem hér segir: 1. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut, sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila, ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans, sem fyrir hendi voru, þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni, má færa niður bætur úr hendi hans, eftir því sem sanngjarnt þykir. 2. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald, að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum. — Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta, eða hann hefur á saknæman hátt valdið því, að hlutur hefur farið forgörðum, er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar samningsins að skila aftur, og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika. — Nú sannast í opinberu máli, að hinn ólögráða maður hefur gerzt sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd, og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

IV. kafli. — Um foreldravald[a]) og lögráðendur. — **22. gr.** Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir ásku sakir, og þeir, sem barni koma í foreldris stað, ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð foreldravald. — Foreldrar ráða bæði saman skilgetnum börnum sínum, svo og kjörforeldri kjörbörnum sínum. Nú er annað foreldra látið, og ræður þá hitt börnunum eitt, nema gengið hafi í hjónaband af nýju; þá ráða hjónin börnunum bæði saman. Ef bæði foreldri eru látin, en stjúpforeldri á lífi, þá ræður það börnunum, enda séu þau á framfæri þess. Nú eru foreldri skilin að fullu eða að borði og sæng, og fer þá um forræði fyrir börnunum eftir því, sem kveðið er á í skilnaðarbréfi eða dómi. — Óskilgetnu barni ræður móðir. Nú giftist hún, og fara þá bæði hjónin með foreldravald, enda fylgi barnið móður sinni. Ef móðir barnsins andast, ræður stjúpinn barninu, sé það á framfæri hans. — Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráða barni sínu, eða hún má ekki hafa foreldravald yfir því, og á þá faðir barnsins rétt til að fá umráð þess, ef það hefur erfðarétt eftir hann og hann framfærir það. — **23. gr.** Foreldrar geta falið öðrum að fara með foreldravald yfir barni að nokkru eða öllu leyti. Þeir geta

a) XIII, 181.

þó, hvenær sem er, heimt umráð barnsins aftur, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfunin haldist.[a]) Ákvæði þessi taka ekki til ættleiðingar. — Ef sá, sem fer með foreldravald, misbeitir því eða vanrækir skyldur, sem foreldravaldi fylgja, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta, þá getur dómsmálaráðuneytið tekið af honum forráð barns og falið þau öðrum. Ef annað hjónanna er slíkum annmarka háð, má fela hinu hjónanna einu að fara með forráð barnsins. Svo getur og almannavaldið svipt mann foreldravaldi, eftir því sem lög leyfa. — **24. gr.** Þeir menn, sem fara með foreldravald yfir barni, samkvæmt því er segir í 22. gr., skulu og hafa á hendi fjárhald þess, meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir. — **25. gr.** Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja), og skal þá yfirlögráðandi skipa honum lögráðamann. — Svo skal og yfirlögráðandi skipa þeim manni lögráðamann, sem ófjárráða er fyrir æsku sakir, er lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum, sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans. — **26. gr.** Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann, er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert, er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur. — **27. gr.** Skipaður lögráðamaður skal vera fullráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn. — Nú hefur foreldri ákveðið, hver vera skuli að því látnu lögráðamaður barns, er það hefur foreldravald yfir, og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins. — **28. gr.** Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógeti, eru yfirlögráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, er lögráð varða. — Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlögráðenda og dómsmálaráðuneytisins. — **29. gr.** Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum. — Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann, svo sem sjálfráða hefði hann gert. — **30. gr.** Ekki verður ósjálfráða maður ráðinn til að gegna starfi í skipi eða loftfari, nema hann samþykki það sjálfur. — **31. gr.** Fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess, að maður, eldri en 16 ára, verði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, enda hafi viðkomandi áður verið sviptur sjálfræði. — Framangreind ákvæði eru ekki því til fyrirstöðu, að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða, þegar nauðsyn krefur, að þeir séu vistaðir í sjúkrahúsi eða á öðrum svipuðum stað, sem til þess er hæfur að dómi embættislæknis, til rannsóknar eða einangrunar vegna sjúkdóms, sem hættulegur getur talizt sjálfum þeim eða öðrum. Koma hér til greina farsóttir og aðrar næmar sóttir, geðveiki, nautn eiturlyfja og ölvun, sem valdið hefur því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæzlumanna. Aldrei má þó, án samþykkis hlutaðeiganda eða krafa sé gerð til dómara um sviptingu sjálfræðis hans, hefta frelsi manna tveimur sólarhringum lengur fyrir þessar sakir, nema í hlut eigi sjúklingur með bráða og hættulega farsótt, en honum er skylt að hlíta einangrun, á meðan hann er haldinn veikinni og sótthætta stafar af honum að dómi embættislæknis. — Ekki má dvöl ofangreindra manna í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli haldast lengur en nauðsyn krefur. Skulu lögráðamenn þeirra hafa eftirlit með því. — Dómsmálaráðherra setur í samráði við landlækni nánari fyrirmæli í reglugerð um tilhögun þessara mála. Hann getur og skipað nefnd manna sér til aðstoðar við framkvæmd þeirra. — Nú telur einhver sá, sem greinir í 2. og 3. tölulið 7. gr., að sjálfræðissviptum manni sé haldið ófyrirsynju í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli, og getur hann þá borið málið undir dómstóla. — **32. gr.** Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg.[a]) — Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann, svo sem fjárráða hefði hann gert. — **33. gr.** Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns, sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. — **34. gr.** Lög-

a) XIII, 181.

a) II, 530, IV, 404, VII, 297, VIII, 218.

1940 Nr. 95 5. júní

ráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns, sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörzlur. — **35. gr.** Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann. — **36. gr.** Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaupa og sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjulegum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess, að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru. — **37. gr.** Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki. — Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi, nema honum sé auðsýnilegur hagur að því. — **38. gr.** Reiðufé ófjárráða manna má ávaxta í lánsstofnunum, enda sé ríkisábyrgð fyrir innstæðufénu eða lánsstofnunin hafi heimild að lögum til að geyma og ávaxta fé ófjárráða manna. — Lána má fé ófjárráða manna gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr ⅔ hlutum af fasteignamati eignarinnar. — **39. gr.** Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram, að lánið sé allt þegar afturkræft, ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar. ...[1]) Með jafnlöngum fresti skal birta auglýsinguna eftir reglum um stefnubirtingar skuldunaut sjálfum eða tilgreindum umboðsmanni hans, séu þeir innan lögsagnarumdæmisins, en ella skal auglýsingin birt á fasteigninni sjálfri. — **40. gr.** Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slítur. Ef fé hins ólögráða manns í umráðum lögráðamanns nemur meiru en 5000 krónum, skal lögráðamaður gera yfirlögráðanda skriflega grein fjárhaldsins á ári hverju. — Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið, getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins

1) L. nr. 57, 25. maí 1949, § 50.

1927 Nr. 95 5. júní

ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans. — Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim. — **41. gr.** ... — **42. gr.** Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra. Ákvæði 1. mgr. 31. gr. taka eigi til manna, sem ráðstafað hefur verið í sjúkrahús eða hæli fyrir gildistöku laganna.

Lög um mannanöfn.

1925 Nr. 54 27. júní

1. gr. Hver maður skal heita einu íslenzku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi. — **2. gr.** Ættarnafn má enginn taka sér hér eftir. — **3. gr.** Þeir íslenzkir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41, 10. nóv. 1913, komu í gildi, mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga. Sama er og um þá erlenda menn, er til landsins flytjast. — Þeir íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41, 1913, komu í gildi, mega halda þeim alla ævi. — Konur þeirra manna, sem rétt hafa til þess að bera ættarnöfn, mega nefna sig ættarnafni manns síns. — **4. gr.** Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sé fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr. — **5. gr.** Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs. — **6. gr.** Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals. — **7. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 — 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til ríkissjóðs. Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Lög um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farizt hafi af slysum.

1922 Nr. 23 19. júní

1. gr. Nú hefir ekkert spurzt til skips, sem stundaði fiskveiðar eða var í innan-

1922 Nr. 23 19. júní

landssiglingum, svo lengi, að það hefði, að öllu forfallalausu, getað lokið ferð sinni á helmingi styttri tíma, og má þá fá úrskurð um, að þeir menn, sem á skipinu voru, skuli taldir dauðir, þó eigi fyrr en liðnir eru 6 mánuðir frá því, er spurðist til skipsins síðast. — **2. gr.** Nú hverfur maður af skipi í hafi, og mönnum er ókunnugt, hversu það bar að eða hvað olli, og má þá fá úrskurð um, að hann skuli talinn dauður, þá eru liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir frá hvarfi hans og ekkert hefir til hans spurzt. — **3. gr.** Nú hverfur maður hér á landi og vita menn til þess, að hann hefir komizt í lífsháska, svo sem hreppt illviðri á ferðalagi eða lent í öðrum þeim hættum, er allar líkur þykja til að honum hafi grandað, og má þá fá úrskurð um, að hann skuli talinn dauður, ef ekkert hefir til hans spurzt í 6 mánuði frá því, er hann komst í lífsháskann. — **4. gr.** Úrskurðar um, að maður skuli talinn dauður, getur hver sá krafizt, sem hefir löglegra hagsmuna að gæta við andlát hans. — **5. gr.** Úrskurður um, hvort horfinn maður skuli talinn dauður, á undir héraðsdómara, þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing. — Nú hverfur maður af skipi, sem gert var út í öðru lögsagnarumdæmi, og á þá málið undir úrskurð þess héraðsdómara. — Þeim, sem leita vill úrskurðar, ber að snúa sér til dómara með skriflega beiðni, og sé þar nákvæmlega tiltekið nafn og aldur þess, sem horfinn er, og sem nákvæmastar upplýsingar um hann, nánustu ættingja hans, tildrögin að hvarfi hans, þau er menn vita, hvenær síðast spurðist til hans o. s. frv. — Dómara ber af sjálfsdáðum að rannsaka málið og afla þeirra gagna, sem nauðsynleg þykja til að geta lagt úrskurð á það. Getur hann kvatt úrskurðarbeiðanda fyrir rétt, til þess að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Réttargjöld skulu engin greidd í héraði, og fer um meðferð málsins eftir reglunum um meðferð opinberra mála, að því leyti sem þær eiga við. — Þegar dómari hefir athugað alla málavexti og honum þykir sýnt, að sá, sem horfinn er, muni ekki vera á lífi, úrskurðar hann, að hann skuli talinn dauður. — **6. gr.**[1]) Ef svo er ástatt, sem getur í 1. gr., skal álitið, að dauðann hafi að höndum borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, sem skipið hafði að forfallalausu þurft til ferðar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til þess, þyki ekki annar dagur sennilegri. — Sé svo ástatt, sem getur í 2. gr., skal dánardagurinn talinn dagur sá, er mannsins var saknað af skipinu. — Ef svo er ástatt, sem getur í 3. gr., skal telja dauðann hafa borið að höndum á þeim tíma, er maðurinn ratаði í lífsháskann. — **7. gr.** Nú hafa fleiri menn saman ratað í lífsháska, og svo verður álitið, að þeir hafi farizt, og skal þá telja, að þeir hafi látizt samtímis. — **8. gr.** Úrskurði héraðsdómara má áfrýja til æðri réttar innan 6 mánaða frá útgáfudegi hans, og hafa sömu menn rétt til þess að krefjast áfrýjunar sem þeir, er kröfu hefðu átt um úrskurð, svo og dómsmálaráðherra, enda skal héraðsdómari ávallt senda honum tafarlaust afrit af úrskurði og málsskjölum. — Um meðferð málsins í æðra rétti fer eftir reglum um meðferð opinberra mála, að því leyti sem þær eiga við. — Nú er úrskurður staðfestur í æðra rétti, og skal þá sá, sem krafðist áfrýjunar á honum til breytingar, bera áfrýjunarkostnaðinn, en ella greiðist hann af almannafé. — **9. gr.** Nú er úrskurður um, að maður skuli talinn dauður, fenginn fyrir vísvitandi rangar skýrslur, og á þá, að undangenginni löglegri málssókn, að dæma þann eða þá, sem reynast sekir um þetta, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað og tjón, sem af úrskurðinum leiddi. — **10. gr.** Ákvæði þessara laga koma þá aðeins til framkvæmda, er lát horfins manns verður ekki sannað á annan hátt, og kemur úrskurður eftir lögum þessum að öllu leyti í stað löglegs dánarvottorðs.

1) Sbr. l. nr. 41, 19. maí 1930, § 24.

b. Sifjaréttindi.

1922 Nr. 23 19. júní

Lög um stofnun og slit hjúskapar.

1921 Nr. 39 27. júní

I. kap. — Um festar. — 1. gr. Það eru festar, þegar karlmaður og kona hafa heitið hvort öðru eiginorði. — **2. gr.** Nú slitna festar, og annað hjónaefna á aðallega sök á því, og skal það þá bæta hinu tjón út af ráðstöfunum, er gerðar hafa verið vegna væntanlegs hjúskapar og sennilegar þykja verið hafa. — **3. gr.** Nú verður festarkona þung-

uð af völdum festarmanns síns, og festar slitna síðan, af ástæðum, sem hann á aðallega sök á, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin.[a]) — **4. gr.** Nú mátti eigi hjónaefni gifta án samþykkis foreldra eða lögráðamanns, samkv. 8. og 9. gr., og verður það þá eigi skaðabótaskylt samkvæmt 2. gr., nema það hafi haft samþykki þeirra til festanna. — Karlmanni verður eigi gert að greiða skaðabætur samkvæmt 3. gr., nema hann hafi verið 21 árs, er konan varð þunguð. — **5. gr.** Mál samkvæmt 2. og 3. gr. skal höfða innan árs frá festaslitum.[b]) — **6. gr.** Loforð um bætur fyrir óorðin festaslit eru ógild.

II. kap. — Um hjónavígsluskilyrði. — 7. gr. Bannað er að vígja yngri karlmann en 21 árs og yngri kvenmann en 18 ára, nema leyfi stjórnarráðsins komi til. — **8. gr.** Nú er annað hjónaefna yngra en 21 árs, og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra, nema það hafi verið gift áður. — Nú er annað foreldra látið eða svipt foreldraráðum, geðveikt eða hálfviti, eða miklir erfiðleikar á að ná til þess, og nægir þá samþykki hins. Nú er högum beggja foreldra háttað svo, sem hér greinir, og þarf þá samþykki lögráðamanns.[1]) — **9. gr.** Nú er maður sviptur lögræði, og má þá eigi vígja hann án samþykkis lögráðamanns. — **10. gr.** Nú synjar foreldri eða lögráðamaður samþykkis til hjúskapar, og getur þá stjórnarráðið leyft vígsluna, nema gild ástæða sé til neitunar, enda leiti stjórnarráðið áður umsagnar hjónaefnis og foreldris (lögráðamanns). — **11. gr.** Nú er maður geðveikur eða hálfviti, og má þá eigi vígja þann mann. — **12. gr.** Nú er annað hjónaefna haldið sóttnæmum kynsjúkdómi,[c]) flogaveiki (epilepsi), holdsveiki eða smitandi berklaveiki, og má þá eigi vígja það. — **13. gr.** Bannað er að vígja skyldmenni í beinan legg og systkin. — **14. gr.** Bannað er að vígja mann og afkvæmi bróður eða systur, nema leyfi stjórnarráðs komi til. — **15. gr.** Bannað er að vígja mann og foreldri eða afkvæmi þess, er hann áður átti. — **16. gr.** Bannað er að vígja mann, sem giftur er fyrir. — **17. gr.** Nú hefir kona verið manni gefin, og má þá eigi vígja hana á næstu 10 mánuðum eftir slit fyrra hjúskapar, nema óþunguð sé af völdum bónda síns eða 10 mánuðir séu liðnir frá samvistarslitum. — **18. gr.** Nú hefir annað hjónanna verið gift og fjárfélag með hjónunum þá er hjúskap þeirra sleit, og má þá eigi vígja það, nema skiptaráðandi hafi tekið búið til skipta eða einkaskiptum sé lokið. Þó getur stjórnarráðið leyst undan þessu skilyrði, standi sérstaklega á.

III. kap. — Um lýsingu. — 19. gr. Hjónavígsla má eigi fara fram, nema lýst sé áður með hjónaefnunum, sbr. þó 25. gr. — Bæði hjónaefnin skulu beiðast lýsingar hjá vígslumanni þar, er brúður á heima. Nú er brúður eigi heimilisföst hér á landi, og skal þá beiðast lýsingar hjá vígslumanni, þar er brúðgumi á heima. Nú er hvorugt hjónaefna heimilisfast hér á landi, og má þá beiðast lýsingar þar, er annaðhvort dvelur. — **20. gr.** Lýsing má ekki fara fram, nema því aðeins, að vígslumaður hafi fengið fullgild skilríki um það, að hið fyrirhugaða hjónaband komi ekki í bága við fyrirmæli 7.—18. gr. Til tryggingar skal hann krefja hjónaefni um vottorð tveggja áreiðanlegra svaramanna, er báðir ábyrgist, að engin hindrun sé til fyrir hjónabandinu. Stjórnarráðið getur þó leyft vígslu án svaramanna, standi sérstaklega á, og kemur þá undanþága þess í stað vottorðs svaramanna. Neiti vígslumaður lögmæti framlagðra skilríkja, getur hvort hjónaefna um sig heimtað bréflegan úrskurð héraðsdómara um ágreininginn. — **21. gr.** Nú hafa hjónaefni fullnægt skildögum næstu greinar á undan, og fer þá lýsing fram sem fyrst. — Geta skal nafna hjónaefna, stöðu þeirra, heimila og fæðingardaga, þá er lýst er með þeim. — **22. gr.** Lýsing fer fram með auglýsingum á almannafæri, bæði þar, er brúður og brúðgumi á heima. Nú er annað hjónaefna heimilislaust, og fer þá lýsing fram þar, er það dvelur. Auglýsing skal uppi vera þrjár vikur. — Standi prestur fyrir lýsingu, skal festa auglýsingu á kirkju. Standi valdsmaður fyrir lýsingu, fer í kaupstöðum um birtingu auglýsingar sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. En í sveitum lætur sýslumaður hreppstjóra festa auglýsinguna á þingstað hrepps þess, er brúður og brúðgumi er til heimilis eða dvalar. — Nú á annað hjónaefna heima erlendis, og fer þá um lýsingu þar eftir nánari fyrirskipun stjórnarráðsins. — **23. gr.** Meinbugum skal lýsa fyrir vígslumanni þeim, sem lýst hefir til hjúskapar. — **24. gr.** Nú er lýsingarfrest-

1) Sbr. l. nr. 95, 5. júní 1947. — a) IV, 186. — b) IV, 186, 188—9. — c) (V, 158).

1921 Nr. 39 27. júní

ur liðinn og engum meinbugum lýst, og fær vígslumaður (prestur) þá hjónaefnum vottorð um lýsinguna og um að engum meinbugum hafi verið lýst. — **25. gr.** Undanþágu frá hjúskaparlýsingu má fá með konunglegu leyfisbréfi. Nú er annað hjónaefna hættulega veikt, og þarf þá eigi undanþágu. Ríkissjóði ber 15 króna gjald fyrir hjónavígsluleyfi. — **26. gr.** Vígslumanni ber 2 krónur fyrir lýsingu og 1 króna fyrir lýsingarvottorð. Þó kemur eigi gjald fyrir þá aðstoð og þau vottorð, sem vígslumaður lætur öðrum vígslumanni í té. Ríkissjóður leggur til töflur undir lýsingar. — Hreppstjóra ber 1 króna fyrir uppfestingu auglýsingar, og ferðakostnaður að auki, eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, þurfi hann að takast ferð á hendur í því skyni.

IV. kap. — Um hjónavígslu. — 27. gr. Hjónaband er lögmætt, hvort heldur stofnað er fyrir presti eða veraldlegum vígslumanni. — **28. gr.** Kirkjuleg vígsla er heimil: 1. innan þjóðkirkjunnar, heyri annað hjónaefna henni til, 2. innan annars löggilts trúfélags hér á landi, heyri annað hjónefna trúfélaginu til. — Stjórnarráðið getur veitt erlendum evangelisk-lúterskum mönnum sama rétt til kirkjulegrar vígslu sem innlendir trúbræður þeirra njóta. — **29. gr.** Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega vígslu innan kirkju sinnar. — Slíkt hið sama gildir um löggilta presta eða forstöðumenn annarra hérlendra trúfélaga. — Þjóðkirkjuprestur er því aðeins skyldur að vígja hjónaefni, að bæði heyri til þjóðkirkjunni, enda sé annað sóknarbarn hans. — Nú þykist prestur eigi mega vígja hjónaefni vegna trúarskoðana sinna, og úrskurðar þá biskup, hvort prestur skuli vígja þau. — **30. gr.** Borgaraleg vígsla er öllum réttkræf, jafnt þeim, sem eiga heimtingu á kirkjulegri vígslu, sem öðrum. — **31. gr.** Borgaralega vígslu annast sýslumenn og bæjarfógetar, og er þeim skylt að vígja jafnt utanhéraðsmann sem innanhéraðs. Heimilt er þeim að nota fulltrúa sína í sinn stað og á sína ábyrgð. — **32. gr.** Vígsla má eigi fara fram fyrr en eftir lögmæta lýsingu, nema svo standi á, sem greinir í 25. gr., enda heimti vígslumaður vottorð um lýsingar samkvæmt 24. gr., nema hann hafi sjálfur lýst með hjónaefnunum. Nú er vígslumanni kunnugt um einhverja meinbugi, og má hann þá eigi vígja hjónaefni, þó að lýst hafi verið með þeim. — Nú eru liðnar meira en 12 vikur frá því er lýsingarfrestur var á enda (1. og 2. málsgr. 22. gr.), og má þá eigi vígja hjónaefnin nema lýst sé með þeim aftur. — Nú hefir stjórnarráðið mælt svo fyrir, að lýsing skuli fara fram erlendis (3. málsgr. 22. gr.), og kveður það þá jafnframt á um það, innan hvers tíma vígja skuli hjónaefnin. — **33. gr.** Nú er vígsla heimil án lýsingar, og gætir þá vígslumaður sá, er gefur hjónaefni saman, einn allra vígsluskilyrða samkvæmt 20. gr. — **34. gr.** Borgaraleg vígsla fer fram í skrifstofu vígslumanns, nema vígslumaður og hjónaefni séu á annað sátt, eða annað eða bæði hættulega sjúk. Þó getur stjórnarráðið gert aðra skipun á þessu, þyki sýslunefnd (bæjarstjórn) annar staður hentugri eða einn vígslustaður eigi nægja. — Kirkjuleg vígsla í þjóðkirkjunni fer fram í sóknarkirkju, nema hjónavígslubréf sé fengið eða annað hvort hjónaefna sé hættulega sjúkt. — Nú þarf vígslumaður að fara til vígslu lengra en 1 kílómetra á landi og hversu stutt á sjó sem er, og á hann þá heimtingu á ferðakostnaði og dagkaupi, eftir því, sem lög eða önnur gild ákvæði mæla fyrir um. — **35. gr.** Tveir skulu vera vottar við hjónavígslu. — Vígslumaður spyr brúðhjónin hvort fyrir sig, hvort þau vilji eigast, og lýsir þau hjón, er þau hafa játað því. — Stjórnarráðið setur nánari reglur bæði um borgaralega vígslu[1]) og kirkjulega, og leggur sektir við vangæzlu þeirra reglna. — **36. gr.** Nú eru hjónaefni gefin saman af öðrum en lög standa til að gefi saman hjón, og er sú athöfn þá ógild. Slíkt hið sama gildir, ef brúðhjónin hafa eigi játazt undir að eigast samkvæmt næstu grein á undan. — Aftur á móti ógildir það eigi vígslu, þó að eigi hafi verið gætt annarra vígslureglna eða lýsingarreglna. — **37. gr.** Nú er hjónavígslu lokið, og skal þá vígslumaður þegar í stað geta vígslunar í þar til gerðri embættisbók sinni. Nú hefir annar en prestur brúðar staðið fyrir vígslu, og skal hann þá senda presti brúðar innan viku útskrift úr vígslubók sinni, en prestur brúðar getur vígslunar í ministerialbókinni. — **38. gr.** Nú mæla lög svo fyrir, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag, en skilríki brestur fyrir því, að lögmæltrar tryggingar sé aflað fyrir vígslu, og skal þá vígslumaður tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá þeim bresti. — **39. gr.** Fyrir borgara-

1) Augl. nr. 25, 31. maí 1890.

1921 Nr. 39 27. júní

lega vígslu og útskrift úr vígslubók skal gjalda eftir ákvæðum aukatekjulaganna. — Um borgun fyrir kirkjulega vígslu fer að lögum. Þó ber sóknarpresti brúðar aðeins borgun fyrir þær hjónavígslur, er hann framkvæmir eða lætur framkvæma. — Sama gjald skal greiða fyrir útskrift úr hjónaskrá sem lögmælt er fyrir útskrift úr kirkjubók. — Ríkissjóður leggur til vígslubækur og bækur undir hjónaskrár. — **40. gr.** Nú vígir löggiltur prestur (forstöðumaður) annars trúfélags en þjóðkirkjunnar hjónaefni, og gilda þá reglur þess félags um atriði þau, er ræðir um í 34. gr., í 2. mgr. 35. gr. og í 39. gr., svo og reglur 3. mgr. 29. gr., að svo miklu leyti, sem þeim verður við komið.

V. kap. — Um ógildingu hjónabands. — **41. gr.** Nú ríður hjónaband í bága við fyrirmæli 13., 15. eða 16. gr., og skal þá ógilda það með dómi. — Nú er annað hjóna eða bæði gift fyrir, og skal þá eigi ógilda hjónabandið, ef fyrra hjónabandi er slitið áður en mál er höfðað. — Mál til ógildingar hjónabandi skal höfða af hendi ákæruvalds. Þó er málshöfðun og heimil öðruhvoru hjóna og þeim, er annað þeirra hefir áður verið gift. — **42. gr.** Nú var annað hjóna geðveikt eða hálfviti, þá er vígsla fór fram, og getur það þá heimtað hjónaband sitt ógilt með dómi. Þó verður mál eigi höfðað, séu 6 mánuðir liðnir frá því að geðveikin batnaði. — Nú var öðru hjóna eigi kunnugt um geðveiki eða vitskort hins, þá er vígsla fór fram, og getur það þá einnig heimtað hjónaband ógilt, nema liðnir séu 6 mánuðir frá því að það komst að raun um þetta eða hinu batnaði. Þó verður, hvernig sem á stendur, að höfða mál innan 3 ára frá vígslu. — **43. gr.** Annað hjóna getur krafizt ógildingar hjónabands síns: — 1. Hafi það verið viti sínu fjær, þegar vígslan fór fram, eða að öðru leyti svo ástatt um það, að það mátti þá eigi skuldbinda sig til hjúskapar að lögum. — 2. Hafi það af vangá látið vígja sig öðrum en þeim, sem það hafði bundizt hjúskaparorði, eða hafi það verið vígt án þess að það ætlaðist til þess. — 3. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður, þá er vígsla fór fram, verið, án þess vitundar, haldið sóttnæmum kynsjúkdómi, alltíðum flogaveikisköstum eða holdsveiki, eða verið óbætanlega ófært til holdlegra samfara. — 4. Hafi eiginkona þess eða eiginmaður komið því til að eiga sig með því vísvitandi að villa á sér heimildir eða leyna atvikum úr lífi sínu, er mundu hafa fælt hitt frá hjónabandinu, ef vitað hefði. — 5. Hafi það verið neytt til vígslunnar. — Mál til ógildingar hjónabandi verður ekki höfðað eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá því er ástandi því var lokið, sem lýst er í 1. lið, frá því að sóknaraðili komst að raun um ógildingarástæðu samkvæmt 2.—4. lið, eða frá því að nauðung létti samkv. 5. lið. — Og hvernig sem á stendur, verður ógildingarmál ekki höfðað eftir að liðin eru 3 ár frá hjónavígslu. Nú er mál höfðað til ógildingar hjónabandi út af kynsjúkdómi, en það sannast, að sækjandi hefir ekki sýkzt af hinu hjónanna og að sjúkdómurinn er ekki framar sóttnæmur, og verður hjónabandið þá ekki ógilt. Slíkt hið sama gildir um aðra sjúkdóma, sem ógildingu hjónabands varða, séu þeir læknaðir. — **44. gr.** Um lögfylgjur hjónabandsógildingar fer sem um lögfylgjur hjónaskilnaðar, nema á annan veg sé um mælt í lögum þessum. — **45. gr.** Nú er sameignarbúi skipt vegna hjónabandsógildingar, og tekur þá hvort hjóna um sig af óskiptu svo mikið, sem það lagði í búið frá hjúskaparbyrjun til hjúskaparslita, og hvort heldur um gjöf, arf eða um flutning úr séreign til sameignar var að ræða. Nú hrekkur sameignin eigi til réttra skila, og lækkar þá hlutur beggja hlutfallslega. Nú hefir annað hjóna gefið hinu eitthvað til séreignar, og er þá sú gjöf afturtæk. — **46. gr.** Nú er hjónaband ógilt samkvæmt 41. gr., enda hafi annað hjónanna verið óvitandi um ógildingarástæður, þá er vígsla fór fram, en hitt eigi, og getur þá hið fyrrnefnda heimtað hæfilegar bætur af hinu. Bæturnar ber að miða við kjör beggja. — Slíkt hið sama gildir, ef hjónaband er ógilt samkvæmt fyrri málsgr. 42. gr. eða samkvæmt 43. gr., hafi stefndum verið kunn ógildingarástæðan. — Bæturnar má ákveða hvort heldur í eitt skipti fyrir öll eða á tilteknum gjalddögum, enda sé þeirra krafizt í ógildingarmálinu. — **47. gr.** Nú er hjónaband ógilt, og ber þá hvorugu hjóna að framfæra hitt frá hjúskaparslitum. — **48. gr.** Nú er hjónaband ógilt af ástæðu, sem konunni var kunnugt um, þá er vígsla fór fram, og getur þá maðurinn krafizt þess, að af henni verði dæmdur réttur til að kenna sig við hann. — **49. gr.** Nú deyr annað hjóna áður en hjónaband er ógilt samkv. 41. gr., og getur þá hitt, eða erfingjar hins látna, krafizt þess, að fyrirmælum 45. gr. sé beitt. Auk þess getur það

1921 Nr. 39 27. júní

hjóna, er lifir, krafizt bóta samkv. 46. gr. — Réttur þessi ber því hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., því aðeins, að hitt hjónanna hafi látizt áður en ógildingardómur gekk, enda sé sóknarfrestur ekki liðinn. — Nú deyr það hjóna, sem sókn á samkv. 42. og 43. gr., eftir að ógildingarmál er höfðað, og getur þá hver erfingja þess krafizt þess, að fyrirmælum 45. gr. sé beitt. Sama gildir, hafi svo verið ástatt til dauðadægurs um það hjóna, er látizt hefir, sem segir í fyrri málsgr. 42. gr. eða í 1. lið 43. gr. — Framangreindar kröfur skal gera innan 6 mánaða frá láti þess, er deyr. — Nú deyr það hjóna, sem átt hefur tvær eða fleiri konur eða menn, áður en hjónaband er ógilt, og ber þá réttur til bóta, eftirlauna eða annars verðmætis, sem því hjóna, er lifir, er ætlaður að lögum, fyrstu eiginkonu eða eiginmanni hins látna, nema annað sé augljóst af kringumstæðum. — **50. gr.** Nú er ákvæðum 1. eða 2. málsgr. næstu greinar á undan beitt, samkvæmt kröfu þess hjóna, er eftir lifir, og fellur þá niður lögmæltur erfðaréttur þess eftir hið látna.

VI. kap. — Um skilnað að borði og sæng.

— **51. gr.** Nú eru hjón sammála um að slíta samvistir, um framfærslu hvors annars og barna og um það, hversu fara skuli um ráð fyrir börnunum (55., 56. og 57. gr.), og getur þá sýslumaður eða bæjarfógeti veitt þeim leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Leyfið má þó eigi veita fyrr en leitað hefir verið um sættir með hjónunum samkvæmt 53. gr. — **52. gr.** Nú sýnir annað hjóna af sér mikla vanrækslu um greiðslu meðlags með hinu eða börnum, sem því er skylt að framfæra, eða brýtur mjög í bága við skyldur sínar gagnvart þeim, eða er mjög hneigt til drykkjuskapar eða annarra lasta, og getur þá hitt krafizt skilnaðar að borði og sæng, enda skylt að veita skilnaðinn, nema sérstaklega standi á. — Nú má ætla, að ósamlyndi milli hjóna sé orðið svo magnað, að eigi megi una frekari samvistum, og skal þá og veita skilnað, nema ósamlyndið sé aðallega að kenna leyfisbeiðanda. — Stjórnarráðið veitir skilnaðarleyfi samkvæmt grein þessari, enda sanni skilnaðarbeiðandi, að sátta hafi verið leitað samkvæmt 53. gr. og að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónunum um atriði þau, er 55.—57. gr. ræða um. — **53. gr.** Sáttanefnd leitar um sættir með hjónum, sem skilja vilja að borði og sæng, ef bæði fara fram á það eða hvort heyrir til sínu trúfélagi. Ella skal prestur leita um sættir með þeim eða löggiltur forstöðumaður trúfélags. — Skylt er hjónum að sækja sjálf sáttafund, dvelji þau hér á landi og eigi hvorugt 30 kílómetrum lengra til fundarstaðar. Nú er leið lengri, og skal þá reyna sátt með hvoru í sínu lagi. Nú er annað hjóna erlendis, og þarf þá eigi að reyna sátt með því. — Nú sækir annað hjóna eigi löglega boðaðan sáttafund, og gerir sýslumaður þess eða bæjarfógeti því þá 5—20 kr. sekt til sveitarsjóðs, ef sáttasemjari krefst ábyrgðar á hendur því. — **54. gr.** Nú skilja hjón að borði og sæng, og fellur þá sameign þeirra niður, enda skulu búskipti þá fara fram, og fer um þau svo sem lög standa til. — Nú hafa hjón skilið samkvæmt 1. málsgr. 52. gr., enda sé búið lítið, og getur þá leyfisbeiðandi krafizt þess, að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausafjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því aðeins, að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds. — **55. gr.** Það skal ákveðið í skilnaðarbréfinu, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt meðan skilnaðurinn stendur. Framfærslueyri skal miða annarsvegar við það, hvað ætla megi að framfærsluþegi geti aflað sér sjálfur, og hinsvegar við það, hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um.[a]) — Nú verður að gefa öðru hjóna aðalsök á skilnaðinum, og verður því þá eigi áskilinn framfærslustyrkur af hinu, nema sérstaklega standi á. — **56. gr.** Kveða skal og á um það í skilnaðarleyfinu, hvort hjónanna skuli ráða fyrir sameiginlegum börnum þeirra, eða hversu börnunum skuli skipta milli þeirra, verði öðruhvoru eigi falin öll börnin. Nú eru foreldrar á eitt sáttir um þetta, og fer þá um börnin eftir því, nema hagsmunir barnanna heimti annað. Beri foreldrunum aftur á móti á milli, skal það ráð upp taka, sem ætla má að börnunum sé fyrir beztu. Nú er það sýnt, að annað foreldra átti aðallega sök á skilnaðinum, og skal þá fá hinu forráð barnanna, enda sé það eigi ólíklegra til að uppala börnin vel. Forráð hvers barns skulu vera óskipt hjá sama foreldri. — Leita skal álits næsta venzlamanns, þar sem því verður við komið, áður en ákvörðun er tekin um forráð barna. — **57. gr.** Kveða skal á um það í skilnaðarleyfinu, hversu skipta skuli

a) VIII, 74.

framfærslu barna með foreldrunum.[a]) Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalda. — Skiptin skal gera eftir öllum kjörum foreldra. Nú fullnægir annað foreldri ekki framfærsluskyldu sinni með framfærslu þess eða þeirra barna, sem því fylgir, og má þá gera því að greiða hinu foreldrinu það, sem vanta þykir á rétt meðlag af þess hendi með öllum börnunum. — **58. gr.** Nú breytast kjör foreldris eða þörf barna, og má þá yfirvald breyta ákvörðun um framfærslu af hendi annars foreldris með hinu eða með börnunum. Þó má, ef sérstaklega stendur á, einskorða meðlag annars hjóna með hinu, og verður því þá eigi breytt síðar. — Breyta má einnig ákvörðun um forráð barna (56. gr.), ef annað foreldri fer fram á það, enda standi öðruvísi á nú en þá, og líklegt að breytingin verði börnunum til bóta. — **59. gr.** Nú hafa hjón, vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng, komið sér saman um skiptingu eigna sinna, um framfærslu annars á hinu eða um framfærslu á börnunum, og getur þá það hjóna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómurinn hrundið samningnum, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði að borði og sæng. — Nú hafa foreldrar gert samning um breytingu á framfærslu barna sinna, og getur þá yfirvaldið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breytzt, eða ef samningurinn er óhagstæður börnunum. — **60. gr.** Nú er meðlag samkv. 55. eða 57. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá aðili heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu móður með óskilgetnu barni sínu, að svo miklu leyti, sem þær eiga við.[b]) — Ákvæði 55. og 57. gr. breyta í engu skyldu framfærslumanns samkvæmt fátækralögunum gagnvart sveitarfélagi til að framfæra börn eða hitt hjóna. — **61. gr.** Nú takast aftur samvistir með hjónum, sem skilið hafa að borði og sæng, og falla þá allar lögfylgjur skilnaðarins þegar niður.

VII. kap. — Um lögskilnað. — 62. gr. Nú hafa hjón verið skilin að borði og sæng í eitt ár og eigi tekið saman aftur, enda séu þau á eitt sátt um lögskilnað og skipun þeirra málefna, er ræðir um í 55., 56. og 57. gr., og geta hjónin þá krafizt skilnaðar. Hafi hjónin verið skilin að borði og sæng í 2 ár, getur hvort þeirra um sig krafizt skilnaðar. — Stjórnarráðið veitir skilnað samkvæmt grein þessari, enda fylgi skilnaðarbeiðninni sönnun um, að sátt hafi verið reynd af nýju samkvæmt 53. gr. — Ákveða má með konunglegri tilskipun, að sýslumenn og bæjarfógetar veiti lögskilnaðarleyfi, er hjón eru sammála um skilnaðarkjör. — **63. gr.** Nú hafa hjón lifað hvort í sínu lagi í 3 ár án leyfis til skilnaðar að borði og sæng, og getur þá hvort hjónanna um sig krafizt skilnaðar. Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistarslitum, eigi vænzt skilnaðar, nema sérstaklega standi á. — **64. gr.** Nú hafa hjón lifað aðskilin í 2 ár, án samkomulags um samvistarslitin og lögmætra orsaka, enda hafi sambúð eigi tekizt með þeim aftur, og getur þá það hjóna heimtað skilnað, sem eigi verður aðallega kennt um samvistarslitin. — **65. gr.** Nú hefir annað hjóna horfið, enda 3 ár liðin frá því að spurzt hefir til þess, og getur þá hitt krafizt skilnaðar. — **66. gr.** Nú hefir annað hjóna gifzt gegn fyrirmælum 16. gr., og getur þá hitt krafizt skilnaðar. Skilnaðar skal krefjast innan 6 mánaða frá því er krefjanda varð kunnugt um stofnun nýja hjónabandsins. — **67. gr.** Nú hefir annað hjóna orðið bert að hór, eða saurlifnaðarverknaði, er jafna má til hórs, og getur þá hitt krafizt skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans. — Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar en innan 3 ára frá því að verknaðurinn var framinn. — **68. gr.** Nú veit eða ætlar annað hjóna sig haldið sóttnæmum kynsjúkdómi og hefir þó holdlegar samfarir við hitt, þann veg að sýking geti af hlotizt, og getur þá það hjóna, er lagt var í hættu, krafizt skilnaðar, nema það hafi þekkt sýkingarhættuna og jafnframt verið sjálfviljugt til samfaranna. — Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að annað hjóna vissi sig lagt í hættu. Nú hefir sýking eigi hlotizt af samförunum, enda sjúkdómurinn orðinn ósóttnæmur, og fellur þá skilnaðarkrafa niður. — **69. gr.** Nú hefir annað hjóna sótzt eftir lífi hins eða orðið uppvíst að misþyrmingu á því eða börnunum, og getur þá hitt krafizt skilnaðar, enda hafi það eigi lagt samþykki á verknaðinn eða sjálfviljugt stutt að framgangi hans. — Kröfu skal gera áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að krefjanda varð kunnugt um verknaðinn, og þó eigi síðar

a) VII, 308—9, VIII, 74. — b) V, 971, VIII, 74, XXIV, 253.

1921 Nr. 39 27. júní

en innan 3 ára frá framkvæmd hans. — **70. gr.** Nú er annað hjóna dæmt til fangavistar í 2 ár eða lengur, og getur þá hitt krafizt skilnaðar, nema það hafi lagt samþykki sitt á brotið eða sjálfviljugt stutt að því. — Kröfu skal gera innan 6 mánaða frá því að krefjanda varð kunnugt um dóminn, og eigi síðar en innan 3 ára frá dómsuppsögn. — **71. gr.** Nú hefir annað hjóna verið haldið megnri geðveiki 3 ár eða lengur, enda bati ólíklegur, og getur þá hitt krafizt skilnaðar. — **72. gr.** Lögskilnaðar samkvæmt 63.—71. gr. má leita hvort heldur í stjórnarráðinu eða fyrir dómi. Nú er skilnaðar leitað í stjórnarráðinu, og skal þá fylgja skilnaðarbeiðninni sönnun þess, að sátt hafi verið reynd á ný með hjónunum, svo sem segir í 53. gr., og þess, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með þeim um atriði þau, sem 76. og 77. gr. ræða um. — Nú er stjórnarráðið beðið um skilnað, en því þykja málavextir eigi nægilega skýrir, og getur það þá heimtað, að skilnaðarbeiðandi sanni með réttarskýrslu þau atvik, er það telur máli skipta. Nú fæst slík réttarskýrsla annaðhvort eigi eða hún þykir eigi skera úr, og fæst þá eigi skilnaður í stjórnarráðinu. Þegar svo stendur á, getur hvort hjónanna um sig leitað dómstólanna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn. — **73. gr.** Nú skilja hjón, og fellur þá niður lögmælt sameign með þeim, enda fer um skipti félagsbúsins svo sem lög standa til. — **74. gr.** Nú krefst annað hjóna skilnaðar af því að hitt hefir misboðið því freklega, og getur það þá einnig krafizt bóta. Bæturnar skal meta eftir fjárhag og öðrum kjörum beggja, og má kveða svo á, að þær skuli greiða hvort heldur allar í einu eða á tilteknum gjalddögum. — Sé skilnaðar krafizt fyrir dómi, skal jafnframt krefjast bótanna. En sé skilnaðar krafizt í stjórnarráðinu, skal höfða bótamál áður en lögmæltur málshöfðunarfrestur til dómsskilnaðar er úti. — **75. gr.** Nú hafa hjón skilið, og verður annað þá eigi skyldað til að framfæra hitt, nema alveg sérstaklega standi á, og aldrei verður því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, áskilinn styrkur af hendi hins.[a]) Það fer eftir ákvæðum 55. gr., hve mikið öðru hjóna verður gert að leggja til framfærslu hins. — Giftist sá, sem rétt á til framfærslu, á ný, fellur framfærsluskylda niður. — **76. gr.** Nú skilja hjón, og skal þá í skilnaðarbréfinu eða dóminum kveða á um það, hversu fara skal um forræði fyrir börnunum. Séu foreldrin sammála, skal ákvörðun ger eftir því, nema í bága komi við þörf eða hag barnanna. Séu foreldrin eigi á eitt sátt, skal ákvörðun ger eftir því, sem bezt þykir henta börnunum. Nú verður að kenna öðru hjóna aðallega um skilnaðinn, en bæði þykja jafnhæf til að ráða börnunum, og skal þá að jafnaði fá hinu foreldrinu forræði barnanna. Forræði barns skal vera óskipt hjá öðruhvoru foreldrinu. — Áður en hér um rædd ákvörðun er ger, skal leita umsagnar nánustu venzlamanna barnanna. — **77. gr.** Kveða skal á um það í skilnaðarbréfi eða dómi, hversu skipta skuli framfærslu barna með foreldrunum.[a]) Þó má geyma úrskurð um það síðari ákvörðun yfirvalds. Um skiptinguna fer þá sem segir í 57. gr. annarri málsgr. — **78. gr.** Nú breytast kjör foreldra eða þörf barna, og má þá stjórnarráðið, krefjist annað foreldra þess, breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum. Þó má, ef sérstaklega stendur á, einskorða meðlag annars foreldris með hinu, og verður því þá eigi breytt. — Breyta má ákvörðun um forráð barna, ef annað foreldra fer þess á leit og ástæður eru breyttar, svo að líklegt er, að breyting sú, sem farið er fram á, verði börnunum til bóta. Breytingin heyrir undir sama dómstól eða stjórnarvald, sem gerði hina upprunalegu ákvörðun. — **79. gr.** Nú hafa hjón, vegna væntanlegs lögskilnaðar, komið sér saman um skiptingu eigna sinna, um bætur samkvæmt 74. gr. eða um framfærslu annars á hinu eða börnunum, og getur þá það hjónanna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómarinn hrundið samningnum, ef hann er bersýnilega ósanngjarn, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði. — Nú hafa hjón gert samning um framfærslu barna sinna, og getur þá einnig stjórnarráðið breytt þeim samningi, ef hagur foreldranna hefir breytzt, eða ef ætla má að breyting verði börnunum til bóta. — **80. gr.** Nú er meðlag samkvæmt 75. og 77. gr. eigi greitt í tækan tíma, og getur þá meðlagsþegi heimtað meðlagið eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu mæðra með óskilgetnum börnum sínum, að svo miklu leyti sem þær reglur eiga við.[b]) — Ákvæði

1921 Nr. 39 27. júní

a) VIII, 74.

a) VIII, 74. — b) XXIII, 679.

75. og 77. gr. breyta í engu lögmæltri skyldu foreldris til að framfæra barn sitt, né rétti sveitarfélags gagnvart framfærslumanni, út af lögmæltri framfærsluskyldu hans á manni sínum eða konu. — **81. gr.** Nú er skilnaður gerður með hjónum að kröfu bónda, af ástæðum, sem kenna verður aðallega húsfreyju, og getur bóndi þá krafizt dóms fyrir því, að hún megi ekki kenna sig við hann.

VIII. kap. — Um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl. — 82. gr. Hjúskaparmál eru hér nefnd þau mál, sem höfðuð eru til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, eða til sönnunar því, að hjónaband sé gilt eða ógilt. — **83. gr.** Sá einn getur, að slepptri heimild 41. gr., höfðað hjúskaparmál, sem öðlast vill dóm til viðurkenningar á því, að hann sé eða sé ekki í hjónabandi, eða sá, sem krefst ógildingar hjónabands eða hjónaskilnaðar. — **84. gr.** Nú höfðar annar maður en annaðhvort hjóna mál til ógildingar því hjónabandi, og verður þá að stefna báðum hjónunum. Málið má höfða þar, sem lögsækja má annað hjóna samkv. 88. gr. — **85. gr.** Nú þykist stjórnarráðið þurfa að gæta almanna hagsmuna í hjúskaparmáli, og getur það þá látið málið til sín taka, hvort heldur í héraði eða æðri dómi, svo og stefnt máli fyrir æðri dóm, þó að það hafi eigi komið við málið í óæðri dómi. — Nú er hjúskaparmál þannig vaxið, að komið virðist geta við almenna hagsmuni, og ber dómara þá að skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum. — **86. gr.** Hjón eiga aðild hjúskaparmáls, nema svipt séu lögræði vegna geðveiki eða vitskorts. — Nú er annað hjóna eða bæði svipt lögræði vegna geðveiki eða vitskorts, og kemur þá lögráðamaður í stað þess, er sviptur er lögræði, enda hafi hann samþykki yfirfjárráðamanns til sóknar máls. — **87. gr.** Hjúskaparmál má höfða hér á landi, ef stefndur á hér heima þá er mál er höfðað, eða eigi bæði hjónin þá íslenzkan fæðingjarétt, eða hafi síðasti sameiginlegur fæðingjaréttur beggja verið íslenzkur, enda eigi þau nú eigi bæði fæðingjarétt í öðru og sama landi. — Hjúskaparmál má og höfða hér á landi, hafi síðasta heimilisfang beggja hjóna verið hér og hafi stefndur annaðhvort yfirgefið sækjanda án lögmætra ástæðna eða skipt um heimilisfang eftir að ógildingar- eða skilnaðarástæða varð til. — Gera má aðra skipun á hér nefndum reglum, ef svo um semst við annað ríki. — **88. gr.** Mál skal höfða í þeirri þinghá, sem stefndur á heima. — Nú hefir stefndur farið af landi brott eða ókunnugt er um dvalarstað hans, og skal þá mál höfða í þeirri þinghá, sem hjónin áttu bæði síðast heima í, eða þar sem sækjandi á heima. — Nú á mál eigi undir tiltekið varnarþing lögum samkvæmt, og ákveður þá stjórnarráðið, hvar mál skuli höfða. — **89. gr.** Nú er mál höfðað að tilhlutun stjórnarráðs samkvæmt 41. gr., og fer þá um rekstur þess sem um sakamál, hvort sem refsingar er krafizt eða eigi.[1]) — Stjórnarráðið getur látið fresta málssókn til ógildingar hjónabandi samkvæmt 16. gr., sérstaklega ef ætla má, að fyrra hjónbandi verði bráðlega slitið. — Um hjúskaparmál, sem sótt eru af hendi einstaklings, fer sem um venjuleg einkamál í héraði, að svo miklu leyti sem eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum. — **90. gr.** Héraðsdómari leitar um sættir með hjónum í hjúskaparmálum. Þó getur sáttaumleitun af hendi prests beggja eða annars komið í stað sáttaumleitunar fyrir dómi, ef um hjónaskilnaðarsök er að ræða og báðir aðiljar eru á eitt sáttir um að leita prests. Nú hefir prestur eigi reynt sátt áður en málið kemur fyrir dóm, og skal þá fresta málinu, ef aðiljar krefjast, svo að sátt megi reyna fyrir presti. — Nú leitar dómari eigi um sættir samkvæmt fyrri málsgrein, og skal hann þá samt reyna að ná samkomulagi hjóna um atriði þau, sem ræðir um í 75.—77. gr., áður en mál er dómtekið. — **91. gr.** Nú þykir dómara ástæða til að skipa öðrum aðilja eða báðum málsvara, og skal þá greiða málsvaralaun af almannafé, að svo miklu leyti sem þau verða eigi lögð á sækjanda. — **92. gr.** Dómari getur kvatt sækjanda í dóm, án tilefnis af hendi stefnds, til að skýra málavexti og vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur sækjandi eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera um málavexti eða vinna eið, og skal þá frávísa málinu. — Dómari getur og kvatt stefndan í dóm, eigi hann heima eða dvelji hann innan dómhéraðs eða í nágrannahéraði, og þó eigi fjær en fjærst gæti verið innan héraðs, til þess að bera um málavexti eða vinna eið að skýrslu sinni. Nú kemur stefndur eigi í dóm, og er þó óhindraður, eða færist, án gildra ástæðna, undan að bera eða vinna eið, og metur þá dómari samkvæmt 93. gr.,

1) Sbr. l. nr. 27, 5. marz 1951, § 2.

hverju það varði. — **93. gr.** Nú játar stefndur atriði, sem máli skiptir, og kemur játningin þá aðeins til álita sem sönnunargagn. — Slíkt hið sama gildir um útivist stefnds, þögn og óákveðnar yfirlýsingar. — **94. gr.** Hvortveggja aðili getur gert nýjar dómkröfur og flutt fram nýjar málsástæður og nýjar neitanir, þangað til mál er dómtekið, enda þarf eigi að leita sátta af nýju vegna nýrra dómkrafna. — Nú hefir hjúskaparmál verið dæmt að efni til, og má þá eigi nota þær ástæður, er hreyft hefir verið eða hreyfa hefði mátt í því máli, til málatilbúnings af nýju. — **95. gr.** Aðildareiður er eigi heimill í hjúskaparmáli nema svo standi á, sem lýst er í 92. gr. — **96. gr.** Nú þarf í hjúskaparmáli að sanna geðveiki annars hjóna, og skal þá leita bréflegrar yfirlýsingar sérfróðs embættislæknis eða annars löggilts læknis, sé eigi kostur sérfræðings. — **97. gr.** Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað. — Eigi má heldur, án leyfis beggja aðilja, birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerzt hefir í slíkum málum, en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu sætir 100—1000 króna sekt til ríkissjóðs. — **98. gr.** Nú hefir öðrum aðilja eða báðum verið skipaður málsvari, og skal þá einnig kveðja hann til að hlýða á dómsuppsögn, enda nægir að kveðja málsvara einan til, sé aðili staddur utanlands eða sé ókunnugt um dvalarstað hans, eða sé áðili sviptur lögræði vegna geðveiki. — **99. gr.** Áfrýja skal héraðsdómi í hjúskaparmáli til æðri réttar innan 12 vikna frá dómsuppsögn.[a]) — Uppreisn verður eigi veitt nema til gagnáfrýjunar dómi í aðalmáli, sem áfrýjað er innan lögmælts áfrýjunarfrests. — Hvorugur málsaðili má ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því aðeins að gagnaðili og stjórnarráð hafi bréflega fallið frá áfrýjun. — **100. gr.** Hjúskaparmál verður eigi höfðað eftir dauða annars hjóna. — Nú deyr annað hjóna áður en dómur gengur í hjúskaparmáli, og fellur þá málið niður. — **101. gr.** Nú er svo ákveðið í lögum þessum, að mál skuli höfða innan lögmælts tíma, og skal þá telja mál höfðað, er dómstefna er tekin hjá héraðsdómara eða utanréttarstefna er birt stefndum innan lögmælts tíma. — Nú er máli vísað frá dómi eða það fellt niður án kröfu sækjanda, og getur sækjandi þá höfðað mál að nýju innan 6 vikna, þó að lögmæltur málshöfðunarfrestur sé þá liðinn. — **102. gr.** Nú er beiðzt hjónaskilnaðarbréfs eða mál höfðað til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar, og getur þá stjórnarráðið, ef ástæður þykja til og húsfreyja krefst, boðið bónda að raska eigi félagsbúinu, þangað til kveðið er á um skilnaðinn. — Nú sinnir bóndi eigi boði stjórnarráðs, og getur konan þá þegar krafizt fjárskilnaðar að lögum. — Og enn getur stjórnarráðið, ef sérstaklega stendur á og húsfreyja krefst, leyft henni að slíta um stund samvistum við bónda sinn, og jafnframt gert bónda að greiða meðlag með konu hans og þeim börnum, sem hjá henni eru og honum ber að framfæra. Fer þá um meðlagið eftir því sem segir í 55. og 57. gr.

IX. kap. — Ýmisleg ákvæði. — 103. gr. Lög þessi raska eigi sérreglum þeim, er gilda um hjónavígslu fyrir fulltrúa annars ríkis hér á landi, né heldur á 3. og 4. kap. þeirra við hjónavígslu fyrir löglegum fulltrúa landsins í öðru ríki, en um það atriði skal skipað fyrir með konunglegri tilskipun. — **104. gr.** Lögin öðlast gildi 1. janúar 1922. — **105. gr.** Nú vill lögskilinn maður eða kona giftast aftur, og skal þá meta vígslugengi hans eða hennar eftir lögum þessum. — Nú hefir kona skilið við bónda sinn og fengið leyfi til að giftast af nýju, áður en lög þessi ganga í gildi, og skal henni þá vera heimil vígsla, þótt eigi séu liðnir frestir þeir, er áskildir eru í 17. gr. — **106. gr.** Nú hafa hjónaefni látið lýsa með sér áður en lög þessi öðlast gildi eða fengið undanþágu frá lýsingu, og skal hjónaefnunum þá heimil vígsla á næstu 3 mánuðum frá lýsingar- eða undanþágudegi, enda sé vígsluskilyrða 20. gr. gætt áður en vígsla fer fram. — **107. gr.** Nú hafa hjón verið vígð áður en lög þessi gengu í gildi, og verður það hjónaband þá eigi ógilt, nema ógilding varði bæði að þessum og þá gildandi lögum. — Nú er slíkt hjónaband ógilt, og skulu lögfylgjur hjónabandsins þá metnar eftir þessum lögum. — **108. gr.** Nú hafa hjón skilið að borði og sæng og áður en lög þessi gengu í gildi, og skal þeim þá heimill hjónaskilnaður samkvæmt 62. gr. laga þessara. — **109. gr.** Nú hefir verið höfðað mál til ógildingar hjónabandi eða til hjónaskilnaðar áður en lög þessi gengu í gildi, eða beiðzt leyfis til hjónaskilnaðar eða til skilnaðar að borði og sæng, og skal þá fara um skilnaðinn að öllu leyti

a) (XXIII, 164).

1921 Nr. 39 27. júní

eftir þágildandi lögum. — **110. gr.** Nú hefir verið beiðzt skilnaðar að borði og sæng eða hjónaskilnaðar eftir að lög þessi gengu í gildi, eða dómstefnt hefir verið til hjónaskilnaðar, og fer þá um skilnað eftir lögunum, enda þó að skilnaðarástæður séu eldri.

1923 Nr. 20 20. júní

Lög um skyldur og réttindi hjóna.

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Hjón skulu hvort öðru trú vera og styðja hvort annað og sameiginlega gæta hagsmuna fjölskyldunnar. — **2. gr.** Skylt er hjónunum hvoru eftir getu sinni og svo sem samir hag þeirra, að hjálpast að því að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimilinu og á annan hátt. Til framfærslu teljast útgjöld til heimilisþarfa og uppeldis barnanna, og enn útgjöld til sérþarfa hvors hjóna. — **3. gr.** Ef útgjöld til sérþarfa annars hjóna og til framfærslu þeirrar og fyrirsjár, sem því að öðru leyti eftir venjunni og hag þeirra ber að hafa fyrir fjölskyldunni, nema meiru en því er skylt af hendi að inna samkvæmt 2. gr., þá skal hitt hjónanna gjalda því peningafúlgu, sem með þarf, hæfilega upphæð í hvert skipti. Frá þessu skal þó víkja, ef öðruvísi þarf með að fara, af því að það hjóna, er í hlut á, hefir reynzt ófallið til að fara með peninga, eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. — **4. gr.** Framlag til sérþarfa annars hjónanna samkvæmt 2. og 3. gr. verður eign þess. — **5. gr.** Nú vanrækir annað hjóna framfærsluskyldu sína að mun, og skal þá eftir kröfu hins gera því að greiða hinu peningafúlgu samkvæmt ákvæðum 3. gr., eða þar fram yfir, ef það eftir öllum atvikum þykir sanngjarnt. — **6. gr.** Nú fara útgjöld þau, er annað hjóna hefir haft á almanaksárinu til framfærslu fjölskyldunnar, bersýnilega fram úr því, sem því var skylt að leggja fram samkvæmt 2. gr., og skal þá, komi krafa fram um það, skylda hitt hjónanna til að greiða þá upphæð, sem ætla má að svari til þess, sem ofgreitt er, nema öðruvísi sé um samið eða telja verður að gert hafi verið ráð fyrir öðru. Krafan verður að koma fram áður ár sé liðið frá lokum almanaksársins. — Bótanna getur aðeins það hjónanna krafizt, sem greiðsluna hefir lagt fram, og því aðeins, að þær verði greiddar án tjóns fyrir skuldheimtumenn hins. — **7. gr.** Nú hafa hjón slitið samvistir sökum ósamkomulags, og gilda þá ákvæði 2. greinar á samsvarandi hátt. Framlag það, sem annað hjónanna samkvæmt þeim á að greiða til framfærslu hins og barna þeirra, sem hjá því eru, skal, ef þess er krafizt, tiltaka í peningum. Það hjóna, sem aðallega á sök á því, að sambúðinni er slitið, getur þó ekki krafizt fjárframlags sér til framfæris, nema séstakar ástæður mæli með því. — **8. gr.** Þegar þannig er ástatt, sem segir í 7. gr., má, ef krafa kemur fram og að svo miklu leyti sem svara þykir til lífskjara hjónanna og annarra ástæðna, skylda annað þeirra til að láta hitt fá til afnota lausafé það, sem við sambúðarslitin var sameiginleg búslóð beggja eða vinnutæki hins. — Nú eru munir, sem eru eign annars hjónanna, samkvæmt þessu fengnir hinu til afnota, og getur þá eigandinn ekki með samningi við aðra takmarkað afnotarétt þennan á nokkurn hátt. — Það hjóna, er í hlut á, getur látið afhenda sér hlutinn til umráða með fógetagerð. — **9. gr.** Valdsmaður ákveður fjárframlag samkvæmt 5. og 7. gr.[a]) Nú breytist hagur annars eða beggja að mun, og getur valdsmaður þá, ef annað hjóna krefst þess, hve nær sem er breytt úrskurði sínum. Valdsmaður gerir einnig fyrirskipanir þær, er getur í 6. og 8. gr. — Um innheimtu úrskurðaðra framlaga skal fara eftir þeim ákvæðum, sem um það eru sett í löggjöfinni. Framlög þau, sem úrskurðuð eru samkvæmt 6. gr., má taka lögtaki. — **10. gr.** Nú hafa hjón samið um framlög samkvæmt 5., 6., 7. og 8. gr., en sá samningur er annaðhvort bersýnilega ósanngjarn eða hagur hjónanna breyttur að mun, og er úrskurðarvaldið þá eigi bundið við þann samning. — **11. gr.** Hjónum er skylt að segja hvort öðru til um efnahag sinn, svo að ákvörðun verði tekin um framfærsluskyldu þeirra. — **12. gr.** Meðan sambúðin varir er hvoru hjónanna um sig heimilt á ábyrgð beggja að gera þá samninga við aðra, sem nauðsynlegir eru vegna heimilisþarfa eða barnanna og vanalegt er að gera í þeim tilgangi. Slíkt hið sama gildir um samninga konunnar vegna sérþarfa hennar. Samningar þeir, er hér um ræðir, teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna, nema atvik segi öðruvísi til. — Ef sá, er samdi við annað hjóna, vissi eða átti að sjá, að því var eigi brýn þörf á því, er um var samið, þá er hitt hjónanna eigi bundið við samninginn. — **13. gr.** Nú misbeitir annað hjóna rétti þeim, sem það hefir samkvæmt 12. gr.,

a) VII, 309.

og getur valdsmaður þá eftir kröfu hins svipt það réttinum. Veita skal því hann þó aftur, verði hjónin ásátt um það eða kringumstæður breytast. — Úrskurður valdsmanns gildir ekki gagnvart þeim, sem ókunnugt er um hann, nema úrskurðurinn hafi verið skráður í kaupmálabókina samkvæmt reglum í IX. kafla laga þessara. — **14. gr.** Nú getur annað hjóna meðan sambúðin varir, vegna fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og er hinu þá heimilt, sé það ekki falið öðrum, að framkvæma fyrir þess hönd það, sem þolir eigi bið. Það getur þannig innheimt tekjur hins og jafnvel selt eða veðsett eignir þess, sé ekki hjá því hægt að komast til þess að framfleyta heimilinu. Fasteign má þó eigi selja eða veðsetja nema samþykki valdsmanns komi til. — **15. gr.** Nú er lausafé, sem er séreign annars hjóna, með samþykki þess notað við atvinnurekstur hins, og eru þá samningar nothafa við þriðja mann um muni þessa gildir gagnvart eiganda munanna, nema samningsaðili nothafa sæi eða ætti að sjá, að nothafa var óheimilt að gera samninginn.

II. kafli. — Um foreldravald. — 16. gr. Um foreldravald hjóna, sem eru samvistum eða hafa slitið samvistir án þess að hafa fengið leyfi til þess, fer samkvæmt 20. og 21. gr. laga nr. 57, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.[1]) — En um foreldravald hjóna, skilinna að borði og sæng og lögskilinna, fer eftir 56., sbr. 58., og 76., sbr. 78. gr. laga nr. 39, 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar.

III. kafli. — Um fjármál hjóna. — 17. gr. Hvort hjóna um sig öðlast hjúskaparrétt yfir öllu því, sem hitt á við giftinguna eða eignast síðar, að svo miklu leyti sem það er ekki séreign. Fjármunir þeir, sem hjúskaparréttur annars nær til, er hjúskapareign hins.[a]) — Nú á annað hjóna réttindi, sem eigi má afhenda eða eru að öðru leyti persónulegs eðlis, og koma þá reglurnar um hjúskapareign að svo miklu leyti til framkvæmda, sem þær fara eigi í bága við sérreglur þær, sem um þau réttindi gilda. — **18. gr.** Hvort hjónanna ræður hjúskapareign sinni með þeim takmörkunum, sem til eru teknar í 19.—22. gr. — Nú er hjúskapnum eða fjárfélagi hjónanna slitið, eða þau skilin að borði og sæng, og getur þá hvort þeirra eða erfingjar þess krafizt helmings af hreinni hjúskapareign beggja hjóna, þó með þeim undantekningum, sem lögin ákveða. — **19. gr.** Hvort hjónanna um sig er skylt að fara svo með hjúskapareign sína, að hinu verði eigi til tjóns vegna óhæfilegra athafna þess. — **20. gr.** Hvorugu hjóna um sig er heimilt, án samþykkis hins, að afhenda eða veðsetja fasteign úr hjúskapareign sinni, búi fjölskyldan á eigninni eða sé eignin notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Slíka eign má heldur eigi leigja eða byggja, nema samþykki hins komi til, ef það leiðir til þess, að eignin verði eigi framvegis nothæf til bústaðar beggja eða til atvinnurekstrar hins. Sé það hjóna, er í hlut á, ólögráða, þarf samþykki lögráðamanns, eða sé hitt hjóna lögráðamaður þess, þá samþykki sérstaks lögráðamanns. Nú er eigi hægt að fá umsögn hins hjónanna án verulegra erfiðleika eða mikils dráttar, og getur þá lögráðamaður veitt samþykkið, sé hann til, en ella valdsmaður. — Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og getur þá hitt fengið samningnum hrundið með dómi, hafi samningsaðilja fyrrnefnds hjóna verið eða átt að vera það ljóst, að því var samningurinn óheimill.[a]) Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða frá því, að því hjóna, er brotið var móti, varð kunnugt um samninginn, og í síðasta lagi áður ár er liðið frá þinglestri samningsins.[a]) — **21. gr.** Hvorugt hjóna má, án samþykkis hins, afhenda eða veðsetja lausafé úr hjúskapareign sinni, teljist fé til búsgagna á sameiginlegu heimili hjónanna, til nauðsynlegra vinnutækja hins eða sé notað til þarfa barnanna. Samþykki þess hjóna, er í hlut á, er gilt, þótt það sé ófjárráða eða svipt fjárræði, sé það eigi geðveikt eða hálfviti. Þegar þannig stendur á eða sé það verulegum erfiðleikum bundið eða valdi það löngum drætti að ná samþykki hins hjónanna, þarf eigi að leita þess. — Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og getur þá hitt fengið honum hrundið með dómi, nema samningsaðili, kaupandi eða veðhafi, væri grandalaus. Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða frá því hitt hjónanna fékk vitneskju um samninginn og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því að hluturinn var afhentur eða samningurinn um lausafjárveðsetninguna þinglesinn. — **22. gr.** Nú neitar það hjóna, er í hlut á,

1) Sjá nú l. nr. 95, 5. júní 1947. — a) XVIII, 181, XXI, 367, 368.

a) **XXIII, 629.**

1923 Nr. 20 20. júní

eða lögráðamaður þess, þegar svo stendur á sem segir í 20. og 21. gr., að veita samþykki sitt, og getur valdsmaður þá, komi krafa fram um það, samþykkt samningsgerðina, hafi nægar ástæður eigi verið til neitunarinnar. — **23. gr.** Séreign er: 1. Allt það, sem gert er að séreign með kaupmála.[a]) 2. Gjafir, sem gefnar eru öðru hjónanna með því skilyrði, að þær skuli vera séreign,[b]) svo og arfur, enda þótt skylduarfur sé, hafi arfleifandi sett slíkt ákvæði í erfðaskrá. 3. Það, sem kemur í stað hluta þeirra, sem nefndir eru í 1 og 2, nema öðruvísi sé ákveðið svo gilt sé.[c]) — Tekjur af séreign eru hjúskapareign, nema öðruvísi sé löglega ákveðið. — **24. gr.** Hvort hjónanna um sig getur krafizt þess, að hitt taki þátt í samningu skrár um hjúskapareign og séreign beggja. Dómstólarnir skera úr því, eftir öllum atvikum, hvert sönnunargildi skráin hefir.

IV. kafli. — Um ábyrgð á skuldum. — 25. gr. Hvort hjónanna um sig ber, bæði með hjúskapar- og séreign sinni, ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem á því hvíla, hvort sem þær eru stofnaðar á undan hjónbandinu eða meðan það stendur.[d]) — **26. gr.** Kröfur á hendur konunni, þeirrar tegundar, sem getur í 12. gr., fyrnast á tveimur árum, beri maðurinn jafnframt ábyrgð á þeim. — **27. gr.** Nú er fjárfélagi hjóna slitið, þau skilin að borði og sæng eða hjónbandinu algerlega slitið, og er þá ekki hægt að krefja konuna um meira til greiðslu þess konar skulda, sem getur í 26. gr., en séreign hennar og hjúskapareign námu, er skipti fóru fram, að frádregnum öðrum skuldum, er þá hvíldu á henni. — **28. gr.** Ákvæðin í 26. og 27. gr. koma eigi til greina, hafi konan tekið á sig víðtækari ábyrgð.

V. kafli. — Um kaupmála og aðra gerninga hjóna í milli.[e]) — **29. gr.** Með kaupmála, sem gerður er á undan hjónabandi eða meðan það stendur, geta aðiljar ákveðið að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli vera séreign þess.[f]) Sömuleiðis er hjónum heimilt, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að ákveða, að séreign skuli vera hjúskapareign. — **30. gr.** Gjafir milli hjónaefna, sem viðtakandi á að fá við giftinguna, og gjafir hjóna í milli eru því aðeins gildar, að um þær sé gerður kaupmáli.[a]) — Þetta tekur þó eigi til venjulegra gjafa, séu þær eigi um hóf fram, miðað við efni gefanda, og heldur eigi til slíkra gjafa sem lífsábyrgðar, lífeyris eða þvílíkra framfærslutryggginga af hendi annars hjóna til handa hinu. — Með kaupmála er eigi hægt að ákveða svo gilt sé, né heldur á annan hátt, að það, sem annað hjónanna framvegis kann að eignast, skuli endurgjaldslaust verða eign hins.[b]) — **31. gr.** Nú hefir annað hjóna haft tekjuafgang á umliðnu almanaksári, og getur það þá þar til næsta ár er á enda afsalað hinu endurgjaldslaust helminginn af tekjuafganginum án þess að til þess þurfi kaupmála. Afsalið er þó því aðeins gilt gagnvart skuldheimtumönnum afsala, að hann hafi tiltekið í skjali, er af honum sé undirritað, upphæð tekjuafgangsins, enda leiki enginn vafi á um það, að hann hafi haldið eftir nægilegum efnum til greiðslu allra skuldbindinga sinna. — **32. gr.** Nú hafa hjón, án kaupmála, komið sér saman um afhending eignar annars til hins, og er sá samningur þá því aðeins gildur gagnvart skuldheimtumönnum þess, er afhenti, að kaupmála þurfi eigi til slíkrar ráðstöfunar. — **33. gr.**[c]) Nú hefir annað hjóna gefið hinu gjöf, og getur þá sá, er þá átti kröfu á hendur gefanda, gengið að hinu hjónanna meðan gjöfin eða verð hennar hrekkur til, nema það sannist, að gefandi hafi haldið eftir áreiðanlega nógum efnum til greiðslu skuldbindinga sinna. Hafi að einhverju leyti komið endurgjald fyrir gjöfina, dregst það frá verði hennar. Hitt hjónanna er þó laust úr allri ábyrgð, sanni það, að munir þeir, sem um er að ræða, hafi farið forgörðum án þess því verði um kennt. — Ákvæði greinar þessarar taka ekki til gjafa þeirra, er getur í 2. málsgr. 30. gr. — **34. gr.** Það hjónanna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, getur, þótt eigi sé svo um samið, krafizt hæfilegrar borgunar fyrir vinnu sína, þegar það, eftir tegund vinnunnar og öðrum atvikum, virðist sanngjarnt að borgun sé greidd. Þó fyrnist sú krafa á einu ári. — **35. gr.** Nú hefir annað hjóna falið hinu stjórn eigna sinna eða nokkurs hluta þeirra, og er hinu — nema öðruvísi sé um samið eða annað ráðgert — þá heimilt, innan hæfi-

a) Um sönnun varðandi séreign, II, 559, 977, XXV, 114. — b) V, 125. — c) XVI, 388, 391, XXI, 367, XXIII, 41, XXV, 116, 117. — d) XVIII, 181, XXI, 367 o. áfr. — e) V, 561, 588, Tr., I, 61—2. — f) XVI, 388.

a) XXII, 283. — b) XVI, 389, XXV, 117. — c) XXII, 283.

legra takmarka, að nota tekjurnar til framfærslu fjölskyldunnar, án þess að þurfa að gera sérstök reikningsskil fyrir. Slíkt umboð er afturkræft hvenær sem er. — **36. gr.** Um samkomulag hjóna um framfærsluskyldu og samninga, sem gerðir eru með skilnað að borði og sæng eða algerðan skilnað fyrir augum, gilda þau ákvæði, sem um það eru sérstaklega sett. — **37. gr.** Kaupmálar skulu vera skriflegir og undirritaðir af aðiljum. Nú er annarhvor aðili ólögráða, og þarf þá einnig undirskrift lögráðamanns. — **38. gr.** Til þess að kaupmáli sé gildur, verður að skrá hann í kaupmálabókina samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í IX. kafla.[a])

VI. kafli. — Um slit á fjárfélagi. — 39. gr. Hvort hjóna um sig getur krafizt, að fjárfélagi sé slitið: 1. Þegar hitt hjónanna með vangæzlu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum yfir hjúskapareign sinni eða með annarri óhæfilegri framkomu rýrir hjúskapareign sína eða gefur tilefni til ótta um, að svo muni fara. 2. Þegar bú hins hjónanna er tekið til gjaldþrotaskipta. — **40. gr.** Nú eru hjón sammála um að krefjast slita á fjárfélagi, og á þá að gera skriflega kröfu um það til skiptaréttarins á þeim stað, sem bóndi er búsettur eða dvelur. Skiptarétturinn tekur slíka beiðni til greina með úrskurði svo fljótt sem unnt er. — **41. gr.** Nú krefst annað hjóna slita á fjárfélagi, og á þá að stíla þá kröfu til skiptaréttarins á þeim stað, þar sem hitt býr eða dvelur. Sé ókunnugt um bústað þess eða dvalarstað, stílast krafan til skiptaréttarins á þeim stað, þar sem það síðast átti heima eða dvaldi svo kunnugt sé. — Umsókninni skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, fylgja skrifleg sönnunargögn fyrir ástæðum þeim, sem krafan um slitin á fjárfélaginu er byggð á. Nú þykir þörf ýtarlegri sannana, og skal skiptarétturinn þá benda umsækjanda á það og getur skorað á hann að útvega frekari sannanir. — Verði því við komið, skal veita hinu hjónanna tækifæri til þess að koma fram með álit sitt um fjárslitakröfuna, og getur skiptarétturinn í því skyni kallað það fyrir sig. Nú neitar það hjóna að láta álit sitt í ljós, eða sækir ekki boðaðan fund án gildra forfalla, og má þá líta svo á, að það treystist eigi til að mótmæla greinargerð beiðandans. Nú á það hjóna eigi heimili eða dvalarstað hér á landi svo að kunnugt sé um, og getur skiptarétturinn þá skipað valinkunnan mann, sem, ef kostur er á, skal vera ættingi eða vinur þess hjóna, til þess að gefa skýrslu fyrir þess hönd áður en úrskurður er upp kveðinn. — **42. gr.** Þegar svo stendur á, sem segir í 41. gr., úrskurðar skiptarétturinn eftir skýrslum þeim og sönnunargögnum, sem fyrir liggja, hvort krafan um slit á fjárfélagi skuli til greina tekin eða eigi. — Ákvörðun skiptaréttarins má áfrýja til æðri réttar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um áfrýjun skiptaréttarúrskurða. — Nú úrskurðar skiptarétturinn, að slit á fjárfélagi skuli fram fara, og verður framkvæmd þess úrskurðar þá ekki tafin með áfrýjun hans. Þó getur hvorugt hjónanna krafizt greiðslu á hluta sínum úr hjúskapareign hins fyrr en málið er endanlega til lykta leitt. — **43. gr.** Nú er krafa um slit á fjárfélagi tekin til greina, og skiptist þá hjúskapareign beggja hjóna milli þeirra samkvæmt 6. kap. skiptalaganna frá 12. apríl 1878 og VII. kafla laga þessara. Meðan á skiptum stendur, heldur hvort hjónanna yfirráðum yfir hjúskapareign sinni, nema 2. liður 63. gr. skiptalaganna komi til framkvæmda, en er skylt að gera skiptaréttinum reikningsskil fyrir stjórn sinni frá þeim tíma, er krafan um slit á fjárfélagi kom fram. — Þegar eftir að krafa um slit á fjárfélagi hefir verið afhent skiptaréttinum, er heimilt að beita 2. lið 63. gr., sbr. 57. gr. skiptalaganna. — **44. gr.** Það, sem öðru hjóna hlotnast við skiptin eða það eignast eftir að krafa um slit á fjárfélagi er fram komin, verður séreign þess. — **45. gr.** Skiptaréttinum ber að sjá um, að hin framkomna krafa um slit á fjárfélagi sé tilkynnt til skrásetningar í kaupmálabókina. — **46. gr.** Fyrir meðferð á kröfu um slit á fjárfélagi og skrásetning hennar í kaupmálabókina skal gjalda alls 10 kr. í ríkissjóð um leið og krafan er afhent.

VII. kafli. — Um skipti. — 47. gr. Nú eiga skipti fram að fara vegna dauða annars hjóna, og fer þá um uppgerð og skipti hjúskapar- og séreignar hins látna eftir þeim reglum, sem settar eru um meðferð venjulegra dánarbúa.[a]) Hjúskapareign þess hjónanna, sem eftir lifir, skiptist aftur á móti eftir þeim reglum, sem settar eru í 5. kap. skiptalaganna, og eigi það séreign, á að draga hana undir skiptin, að svo miklu leyti

a) V, 562, 574—5, XXII, 283.

a) XXIV, 501.

1923 Nr. 20 20. júní

sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla. — Þegar skiptarétturinn skiptir með hjónum, sem bæði eru á lífi, ber að halda hjúskapareign hvors hjónanna aðgreindri og fara eftir reglum í 6. kap. skiptalaganna, þannig, að hvort hjónanna um sig hefir þá aðstöðu, sem bónda er veitt með 63.—68. gr. skiptalaganna.[a]) Eigi hjónin einnig séreign, ber sömuleiðis að draga hana undir skiptin, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla. — **48. gr.** Við skiptin skal hvoru hjónanna úthlutað svo miklu af hjúskapareign sinni, að það nægi til greiðslu skuldbindinga þeirra, sem á því hvíldu þegar krafan um slit á fjárframlagi kom fram, þegar hjónin skildu að borði og sæng eða þegar hjónabandinu var slitið, þar á meðal til greiðslu hluta þess af sameiginlegum skuldbindingum hjónanna, hafi sérstakir fjármunir eigi verið teknir frá til greiðslu þeirra samkvæmt 57. gr. — Skuldir, sem annað hjóna hefir bakað sér með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annarri óhæfilegri aðferð, eða skuldir, sem það hefir stofnað til þess að eignast eða bæta séreign eða réttindi þau, sem getur í 2. málsgr. 17. gr. og haldið er utan skiptanna, er því aðeins hægt að krefjast greiðslu á af hjúskapareign þess hjóna, að önnur efni þess hrökkvi ekki til greiðslu þeirra. — Erfingjar þess hjóna, sem látið er, hafa einnig réttindi þau, er ræðir um í 1. málsgr. greinar þessarar. — **49. gr.** Afgangur sá af hjúskapareign hvors hjónanna, sem fram kemur við uppgerð þá, er fram fer samkvæmt 48. gr., skiptist jafnt á milli hjónanna, að svo miklu leyti, sem annað leiðir eigi af ákvæðum 54. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar eða af reglum þeim, sem settar eru hér á eftir. — **50. gr.** Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sé annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna. — **51. gr.** Nú hefir öðru hjóna verið lagt fé af hjúskapareign þess til greiðslu skulda þeirra, er getur í 2. málsgr. 48. gr., og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafizt endurgjalds fyrir það af hjúskapareign beggja hjónanna, eins og hún verður þegar allar skuldir eru frá dregnar. — **52. gr.** Nú hefir annað hjóna að verulegum mun rýrt hjúskapareign sína með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum sínum yfir hjúskapareigninni eða annarri óhæfilegri aðferð, og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafizt endurgjalds af hjúskapareign beggja, þegar skipti fara fram, eins og hún verður að frádregnum skuldum. — Hrökkvi hún eigi, má heimta helminginn af því, sem eftir verður, greiddan af þeim efnum þess brotlega, sem eru í séreign þess og ekki þarf til greiðslu annarra skulda þess. — **53. gr.** Sama rétt til endurgjalds og þann, er felst í 52. gr., hefir og hvort hjóna um sig, svo og erfingjar þess, ef hitt hjónanna hefir varið fé af hjúskapareign sinni til þess að öðlast eða bæta séreign eða réttindi þau, sem getur í 2. málsgr. 17. gr. og eigi koma undir skiptin. — **54. gr.** Nú hefir annað hjóna notað fjármuni af séreign sinni í þarfir hjúskapareignar sinnar, og getur það eða erfingjar þess, þegar skipti fara fram, þá krafizt endurgjalds fyrir það af hjúskapareigninni, eins og hún verður að frádregnum skuldum. — **55. gr.** Nú hefir við skiptin eigi fengizt full greiðsla á endurgjaldskröfum samkvæmt 51.—54. gr., og er þá eigi síðar hægt að krefjast þess, sem eftir stendur. — **56. gr.** Nú eru fallnar í gjalddaga bætur, sem dæmdar hafa verið öðru hjóna samkvæmt 74. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, og má þá krefja greiðslu, þegar skipti fara fram, af því, sem hinu seka hlotnast við skiptin og eigi gengur til greiðslu annarra skulda, sem á því hvíla. — **57. gr.** Nú koma fram skuldir, sem bæði hjónin bera ábyrgð á, og getur þá hvort þeirra sem er krafizt, að hitt greiði þann hluta skuldanna, sem að lokum á að lenda á því, eða að það setji tryggingu fyrir borguninni eða að fjármunir séu teknir frá til greiðslu þeirra. — **58. gr.** Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins lítils virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verð greindra muna fari fram úr lögmæltum hluta þess í hjúskapareignunum. — **59. gr.**[a]) Auk heimildar þeirrar, sem hjónum er veitt í 2. málsgr. 59. gr. og 64. gr. skiptalaganna til þess að krefj-

a) XXII, 484.

a) XXII, 486, 484.

ast ákveðinna muna við skiptin, getur hvort hjónanna sem er, eða þegar annað er dáið, þá það, sem eftir lifir, krafizt að fá hlut sinn í hjúskapareignunum greiddan eftir virðingu í lausafé því, sem því er nauðsynlegt til þess að geta haldið áfram atvinnu sinni. — **60. gr.** Nú hefir annað hjóna við skiptin gefið eftir nokkuð af sínum hluta í hjúskapareign sinni eða hins, og geta skuldheimtumenn þess — sé það eigi alveg vafalaust, að það hafi haft nægilega fjármuni, þegar úthlutunin fór fram, til þess að fullnægja þáverandi skuldheimtumönnum sínum — þá gengið að hinu hjónanna að sama skapi sem það hefir fengið fé fram yfir búshluta sinn.

VIII. kafli. — Um óskipt bú.[a]) — **61. gr.** Eftir dauða annars hjónanna er hinu heimilt, án þess að skipti fari fram milli þess og sameiginlegra ófjárráða arfgengra niðja beggja, að taka við ráðum yfir hjúskapareign beggja, nema hið látna hafi með erfðaskrá meinað því setu í óskiptu búi. — Nú lætur hið látna eftir sig ófjárráða börn, sem eru eigi börn hins, og getur valdsmaður þá veitt því hjónanna, sem eftir lifir, rétt til setu í óskiptu búi. Það skal þó yfirleitt því aðeins gert, að telja megi það börnunum í hag, að búið haldist óskipt. — **62. gr.** Nú er hið eftirlifandi hjóna gjaldþrota eða það kemur í ljós, að eignir þess hrökkva eigi fyrir skuldum, eða það með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á valdi sínu yfir hjúskapareigninni eða með annarri óhæfilegri aðferð hefir rýrt hjúskapareignina að verulegum mun, eða á sök á því, að hætt er við slíkri rýrnun, og verður því þá eigi heimiluð seta í óskiptu búi. — **63. gr.** Sá, sem óskar að sitja í óskiptu búi, skal sem fyrst eftir látið tilkynna valdsmanni það, og skal tilkynningu þeirri fylgja lauslegt yfirlit yfir eignir þess og skuldir og skýrsla um nöfn barnanna, aldur og dvalarstað. — Nú eru erfingjarnir ófjárráða eða fjarverandi, og skipar valdsmaður þeim þá lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þeirra út af kröfunni um setu í óskiptu búi. Lögráðamann þarf eigi að skipa, fari eignirnar, að áliti valdsmanns, eigi fram úr því, sem með þarf til framfærslu beiðanda og barna. — Nú kemst valdsmaður að þeirri niðurstöðu, að skilyrði fyrir setu í óskiptu búi séu fyrir hendi, og lætur hann beiðanda þá í té skilríki fyrir því. — **64. gr.** Það hjóna, sem situr í óskiptu búi, skal afhenda valdsmanni skýrslu um eignir og skuldir búsins áður en missiri er liðið frá láti hins. Skýrslu þessa skal gefa að viðlögðum drengskap. Sýna skal hana áður börnunum eða lögráðamanni þeirra. — **65. gr.** Hinu óskipta búi hlotnast, auk hjúskapareignar þeirrar, er bæði hjónin áður áttu, allt það, sem hið eftirlifandi hjóna síðar eignast, svo framarlega sem það hefði orðið hjúskapareign þess, ef það hefði eignazt það meðan hjónabandið stóð. — Arfur eða gjöf, sem hinu eftirlifandi hlotnast, rennur þó eigi inn í hið óskipta bú, svo framarlega sem það krefst skipta áður 2 mánuðir eru liðnir frá því það fékk vitneskju um arfinn eða gjöfina. — **66. gr.** Hið eftirlifandi hjóna hefir eignarráð yfir fjármunum búsins. — Nú gefur það gjöf úr búinu, sem er óhæfilega há, miðað við efnahag búsins, og getur þá hver erfingjanna, innan árs frá því gefið var, höfðað mál til ógildingar gjöfinni, ef viðtakandi sá eða átti að sjá, að gefandanum var gerningurinn óheimill. Ákvæði þetta gildir þó því aðeins, að búið sé tekið til skiptameðferðar. — **67. gr.** Það hjónanna, sem eftir lifir, ber ábyrgð bæði á eigin skuldum sínum og skuldum þeim, sem hvíldu á hinu látna. — Hinu eftirlifandi hjóna er heimilt að innkalla skuldheimtumenn hins látna samkvæmt ákvæðum þeim, sem sett eru í opnu bréfi 4. janúar 1861.[1]) — **68. gr.** Hið eftirlifandi hjóna getur með erfðaskrá aðeins ráðið yfir sínum hluta úr búinu. — **69. gr.** Nú situr annað hjóna í óskiptu búi, og fer þá um erfðarétt þess eftir það hjónanna, sem dáið er, eftir almennum reglum,[2]) nema skipti fari fram að báðum hjónunum látnum, því að þá fellur niður lögmæltur erfðaréttur eftir það þeirra, sem fyrr lézt.[a]) — **70. gr.** Það hjónanna, sem eftir lifir, getur hvenær sem er krafizt skipta. — Nú gengur hið eftirlifandi hjóna í nýtt hjónaband, og fellur þá niður réttur þess til setu í óskiptu búi. — **71. gr.** Nú situr hið eftirlifandi hjóna í óskiptu búi með fjárráða börnum samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í 61. gr., og er því þá skylt að skipta með þeim og sér, er eitt barnanna eða fleiri verða fjárráða og krefjast skipta. — **72. gr.** Nú vanrækir það hjóna, sem eftir lifir, framfærsluskyldu sína

a) XXIV, 161, 163—4, 415.

1) Sbr. l. nr. 19, 4. júní 1924, § 2. — 2) Sbr. l. nr. 42, 23. maí 1949, §§ 7 og 8. — a) XXII, 291.

1923 Nr. 20 20. júní

eða rýrir efni búsins að verulegum mun með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum sínum yfir búinu eða með annarri óhæfilegri aðferð, eða það gefur tilefni til að óttast megi slíka rýrnun, og getur þá hver fjárráða erfingi, eða lögráðamaður ófjárráða erfingja, er skipa skal samkvæmt 63. gr., krafizt búskipta. — **73. gr.** Erfingjar látins erfingja geta krafizt skipta á búinu með sömu skilyrðum og hinn látni erfingi. — Skuldheimtumenn erfingja geta eigi krafizt búskipta. — **74. gr.** Erfingi má eigi afsala, veðsetja eða á annan hátt afhenda hluta sinn í óskiptu búi, og eigi geta heldur skuldheimtumenn hans leitað fullnustu í honum. — **75. gr.** Við skipti milli þess hjónanna, sem lengur lifir, og erfingja hins látna koma hinar venjulegu skiptareglur til framkvæmda á samsvarandi hátt. — **76. gr.** Ákvörðunum, sem valdsmaður tekur samkvæmt þessum kafla, má skjóta til stjórnarráðs. Slíkt málsskot hindrar eigi framkvæmd á skiptameðferð, sem ákveðin er af skiptaréttinum með úrskurði. — **77. gr.** Það hjóna, sem eftir lifir, getur, auk heimildar 61. gr., setið í óskiptu búi samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan, ef niðjar eða stjúpbörn samþykkja.

IX. kafli. — Um skrásetning kaupmála. — **78. gr.** Valdsmaður heldur: 1. Dagbók yfir tilkynningar á kaupmálum til skrásetningar, og skal jafnskjótt og kaupmáli er afhentur til skrásetningar skrá kaupmálann í þá bók í réttri töluröð. Valdsmaður undirskrifar í hvert skipti það, sem bókað er. 2. Kaupmálabók með nafnaskrá, og skal skrá í hana alla kaupmála, sem afhentir eru til skráningar, orði til orðs og eftir aldri. — Nánari reglur um fyrirkomulag og hald bóka þessara setur dómsmálaráðherra.[1]) — **79. gr.** Þegar kaupmálinn hefir verið skráður í kaupmálabókina, er rituð á hann athugasemd um innritunina og tilkynningardag. — **80. gr.** Gildi skrásetningar telst frá tilkynningardegi þeim, er dagbókin greinir.[a]) — **81. gr.** Gjöld þau, er nú skal greiða við þinglestur á kaupmálum, skal framvegis greiða um leið og krafa er gerð um innritun skjalsins. — **82. gr.** Skrásetning kaupmálans, sem hvort hjónanna um sig getur krafizt, á fram að fara við varnarþing bóndans. Nú á hann ekkert varnarþing hér á landi, og kemur þá bæjarþing Reykjavíkur í þess stað. Ekki þarf að skrá kaupmála af nýju, þótt hjónin flytjist í annað lögsagnarumdæmi. — **83. gr.** Dómsmálaráðuneytið sér um, að haldin sé í einu lagi skrá yfir alla innritaða kaupmála. Valdsmanni ber því, þegar kaupmáli er innritaður, að senda viðkomandi skrifstofu tilkynningu um, að kaupmáli sé gerður, og tilgreini stöðu, nafn og heimili aðilja og innritunardag kaupmálans. — Hver sem er getur, komi hann fram með skriflega beiðni um það, er tilgreini nöfn aðilja og ef unnt er stöðu þeirra, gegn 1 kr. gjaldi fengið upplýsingar úr skrá þessari, um hvort kaupmáli sé gerður, og ef svo er, hvar og hvenær hann sé innritaður. — Nánari ákvæði um fyrirkomulag og innihald skrár þessarar setur dómsmálaráðherra. Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu það, sem í þeim mánuði hefir verið tekið í skrána. Til að standa straum af þeim útgjöldum, greiðist 1 kr. við skráning kaupmálans. — **84. gr.** Samsvarandi ákvæði þeim, sem sett eru í 78.—83. gr., gilda um tilkynningar skráðar samkvæmt 13. og 46. gr.

1923 Nr. 20 20. júní

X. kafli. — Ýmis ákvæði. — 85. gr. Nú er annað hjóna svipt fjárræði, og hefir þá hitt hjónanna, ef það er fjárráða, ásamt lögráðamanni forræði fyrir hjúskapareign hins fjárræðissvipta. — **86. gr.** Nú getur annað hjóna, sakir fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og má þá skipa því lögráðamann, til þess til bráðabirgða að annast hagsmuni þess, og koma þá ákvæðin í 14. gr. eigi til greina. — **87. gr.** . . .[1])

XI. kafli. — Ákvæði til bráðabirgða. — 90. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924. Þó taka 12. og 13. gr. og önnur efnisákvæði laganna um fjárhagslega afstöðu hjóna hvors til annars og gagnvart þriðja manni eigi til þeirra hjóna, sem gengið hafa í hjónaband fyrir þann tíma og búa við venjulegt helmingafélag, nema hjónin hafi gert slíka skipun um fjármál sín með kaupmála og látið birta hann lögum samkvæmt.[2]) — **91. gr.** Nú gera lög ráð fyrir helmingafélagi hjóna, og skulu þau þá koma til framkvæmda á samsvarandi hátt, sé hjúskapareign með hjónunum.

Lög um fjármál hjóna.[3])

1900 Nr. 3 12. jan.

I. þáttur. — Kaupmálar hjóna. — 1. gr. Þá er gera á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafélagi hjóna, þá er

1) Sbr. rgj. nr. 2, 2. jan. 1924. — a) V, 562.

1) L. nr. 42, 23. maí 1949, § 35. — 2) Sbr. l. nr. 3, 12. janúar 1900. — 3) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, § 90.

hann því aðeins gildur, að kaupmálinn sé skriflegur og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gerður á undan eða eftir giftingu. Eigi má breyta kaupmála né fella hann úr gildi, nema með nýjum kaupmála. — **2. gr.** Nú er annað hjóna eða hjónaefna hálfmyndugt,[1]) er það gerir kaupmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sé það ómyndugt eða svipt fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk samþykkis þess sjálfs, koma til greina. — **3. gr.** Nú er kaupmáli gerður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sé hann gerður áður en þau gengu í hjónaband.[a]) Sé hann gerður eftir að þau gengu í hjónaband, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja þeirra, þegar konungur hefir staðfest hann. — **4. gr.** Með kaupmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; þurfi kaupmálinn staðfestingar, má synja um hana að öllu eða nokkru leyti. — Eigi má þó ákveða í kaupmála eða á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera séreign hins, eða að séreign annars þeirra skuli vera í umráðum hins eins, eða að afraksturinn af sjálfstæðri atvinnu annars þeirra skuli vera séreign hins eða undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara. — **5. gr.** Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giftingardegi, sé hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðzt, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyrr en frá þinglesningardegi. — Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans réttindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans, eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslið undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gerður hefur verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eftir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunauturinn, geta gengið eftir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefir fengið til séreignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fé fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fé, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fé þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn áður en þess var aflað. — **6. gr.** Þinglýsing samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og skal þó þinglýsa kaupmála hans hér á landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenzka landsyfirrétt.[1]) — **7. gr.** Til þess að kaupmáli geti haft áhrif á ráðstafanir yfir fasteignum, verður að þinglýsa honum sérstaklega við varnarþing þeirra. Annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gera, er ókunnugt er um kaupmálann, enda þótt hann sé þinglesinn á varnarþingi bóndans, séu samningarnir gerðir áður en kaupmálinn er þinglesinn við varnarþing fasteignanna. — **8. gr.** Á skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gera áritun um kaupmálann. Þangað til það er gert, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignazt réttindi yfir téðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann. — **9. gr.** Eftir ráðstöfun landshöfðingja[2]) skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er kaupmáli hefir verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir,[3]) skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbréfi. Í skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stétt málsaðilja, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sérhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eftir skrá þessari fyrir 1 kr. gjald, hvort kaupmáli hafi gerður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðilja, og ef unnt er, stétt bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði lands-

1) Sbr. l. nr. 95, 5. júní 1947. — a) VI, 84.

1) Nú hæstarétt. — 2) Sbr. augl. nr. 58, 11. sept. 1953. — 3) Sbr. lhbr. nr. 124, 29. nóv. 1902.

1900 Nr. 3 12. jan.

stjórnarinnar það, sem fært hefir verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála.

II. þáttur. — Um fjárforræði giftrar konu og umráðin yfir félagsbúinu. — 10. gr.[1]) ... — **11. gr.** Bóndi hefir einn umráð yfir félagsbúinu. Hann má þó eigi nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðsetja né leigja með óvenjulegum kjörum eða um óvenjulega langan tíma fasteignir þær, er eignarskjölin bera með sér, að konan lagði til félagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja né kvitta skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini, sparisjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefir lagt til og bera hennar eignarnafn. Hann má ekki heldur seljast arfsali nema með samþykki[2]) hennar. Vilji hún rifta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málsókn hafin innan árs frá því er þær voru gerðar, eða þinglesnar, hafi þær verið lesnar á þingi. — Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda félagsbúið með loforðum um gjafir eða gefa úr því svo, að það á einu ári fari fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign búsins við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu, á hún rétt á skaðabótum af séreign hans eða af hans hluta félagsbúsins, þá er því verður skipt. Krafa til skaðabóta úr séreign bónda skal þó hafin með lögsókn eða áskilin með notarialsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er konan fékk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eftir að búið er tekið til skipta, sé krafa gerð til skaðabóta úr hluta hans af félagsbúinu. — Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að rifta ráðstöfuninni krafizt skaðabóta af séreign bónda síns eða hluta hans af félagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar. — **12. gr.** Skuldbindingar, er kona hefir gengizt undir eða bakað sér áður en hún giftist, hvíla og á manni hennar, nema annað sé um samið í kaupmála, er þau hafa gert fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa. — **13. gr.** Ráðstafanir þær, er kona gerir með samþykki og vitund bónda síns, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda félagsbúið. — Ef gift kona verður skaðabótaskyld, án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sér gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að félagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefir rétt til að fá þau endurgoldin af séreign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af félagsbúinu, þegar því verður skipt. — Ef kona bakar sér aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fullnustugerðar á þeim eigi gengið að öðru en séreign hennar eða atvinnuarði (sbr. 26. gr.) eða að hennar hluta af félagsbúinu, hvort sem því er skipt eða hún situr í óskiptu búi. — **14. gr.** Nú er bóndi sviptur fjárforráðum, og hefir þá fullveðja kona hans forráð félagsbúsins með fjárráðamanni bóndans. — **15. gr.** Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eða framsali að skaðlausu eða því um líku, eða skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt, svo sem með veðsetning á séreignum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama, þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær séu samþykktar af amtmanni.[1]) Hið sama er um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sér trygging, er hún á í eigum bónda síns eða félagsbúsins. — **16. gr.** Nú hefir bóndi bakað félagsbúinu þess háttar gjöld, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rétt á að fá þau endurgoldin af séreign hans, eða af hluta hans af félagsbúinu, þá er því verður skipt.

III. þáttur. — Séreign og gjafir hjóna á millum. — 17. gr. Í séreign hvors hjóna eru ekki aðeins persónuleg réttindi, þótt þau kunni að vera arðsöm, svo sem rithöfundarréttur og sams konar réttindi, heldur og verðmæt réttindi, er eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eftirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, framfærsluréttur, innstæðuréttindi, óafhendanlegur afnotaréttur, þar í talinn ábúðarréttur, atvinnuréttindi, persónuleg einkaréttindi og því um líkt. Arður af þessum réttindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í félagsbúið, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða með annarri lögmætri ráðstöfun. — **18. gr.** Það verður og séreign, þótt eigi sé það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefir eignazt eða síðar eignast að erfð, þó lögarfur þess sé, eða að gjöf, ef og að svo miklu

1) Sbr. l. nr. 60, 14. nóv. 1917, § 16. — 2) Sbr. Jónsb. Kvg. 23.

1) Nú sýslumanni, sbr. tilsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I. 1. d.

leyti, sem svo hefir verið ákveðið af arfleifanda eða gefanda.[a]) Eigi má í kaupmála gera breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt. — **19. gr.** Auk þess, sem talið er í 17. og 18. gr., er allt það séreign, sem ákveðið er löglega í kaupmála að svo skuli vera. — **20. gr.** Hvort hjóna hefir umráð yfir séreign sinni, nema hún sé með kaupmála eða með öðru lögmætu ákvæði, svo sem af hálfu arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sérstökum fjárráðamönnum. — Í kaupmála má ákveða, að konan megi eigi, þótt fullveðja sé, ráða yfir séreign sinni, nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns. — **21. gr.** Arður af séreign eftir kaupmála og andvirði hans skal séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmálanum.[b]) — Það, sem útvegað er fyrir muni, sem í séreign eru, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmála; en ef varið er til þess fé úr félagsbúi eða af séreign hins hjóna, má heimta endurgjald fyrir það af séreign þess hjóna, er í hlut á, eða af hluta þess í félagsbúinu, þá er því verður skipt. — **22. gr.** Ef kostnaður til heimilisþarfa (þar með talin húsaleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna getur eigi greiðzt af félagsbúinu, er hvort hjóna af sinni hálfu skylt til að leggja fram fé til gjalda þessara af séreign sinni, meðan hún vinnst til. Geti hjónin ekki komið sér saman, ákveður amtmaður,[1]) hve mikið þau skuli leggja til. — **23. gr.** Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau giftast, skal greiða af séreign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sé ákveðið í kaupmála. Hafi þessar skuldir verið greiddar af félagsbúinu eða séreign hins hjóna, má krefjast endurgjalds af séreign þess, er í hlut á, eða ef þörf gerist af hluta þess úr félagsbúinu, þá er skipti fara fram. — **24. gr.** Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra séu gildar, skal um þær gerður kaupmáli, nema svo sé, að gefnir séu munir til persónulegra nota, sem eigi séu meira verðir en svo, að samsvari efnahag gefanda, eða sé gjöfin lífeyrir eða forlagseyrir eða þess konar framfærslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína. — Til gjafa teljast og afsöl þau, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894;[2]) en þá er gefandi skyldur til að greiða það aftur, er gjafarþegi hefir af hendi innt. — Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan hinu hjóna, ef álíta má, að það sé aðeins gert til þess að fara kringum lögin. — **25. gr.** Ákvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula laga nr. 7, 13. apríl 1894[1]) eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau hafa félagsbú eða ekki.

IV. þáttur. — Um umráð giftrar konu yfir aflafé hennar af sjálfstæðri atvinnu. — 26. gr. Nú rekur gift kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð né henni við haldið með fé bónda hennar eða félagsbúsins, og hefir hún þá, meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sér fyrir atvinnuarð sinn. Meðan hún lifir, má eigi taka fé þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefir stofnað, nema samþykki hennar komi til.

V. þáttur. — Um rétt hjóna til að slíta fjárfélagi. — 27. gr. Nú hefir bóndi eytt mjög eigum félagsbúsins, án þess það verði réttlætt nægilega fyrir sérstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir félagsbúinu, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjárfélaginu sé slitið og að full séreign komist á. — **28. gr.** Þá er kona vill neyta þessa réttar, skal hún senda amtmanni[2]) skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landshöfðingja; þegar það er gert, getur skiptaréttur, ef konan æskir þess, gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiptalaganna. — **29. gr.** Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sé félagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskipta að honum lifandi, og getur kona hans þá krafizt þess, að fjárfélagi þeirra sé slitið. Beiðni sína um þetta sendir hún til amtmanns,[2]) og skal beiðnin tekin til greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefir hann og hinn sama rétt til þess að fá fjárfélagi þeirra slitið. — **30. gr.** Þá er tekin hefir verið til greina beiðni annarshvors hjóna um, að

1) Nú sýslumaður, sbr. tilsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I, 1. d. — 2) Sbr. nú l. nr. 25, 14. júní 1929, § 27. — a) V, 125. — b) VI, 81.

1) Sbr. nú l. nr. 25, 14. júní 1929, §§ 19—29. — 2) Sbr. tilsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I, 1. d.

1900 Nr. 3 12. jan.

fjárfélagi þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafizt þess, að félagsbúið sé tekið til skipta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiptalaganna. — Úrskurður um, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hér á landi eða, sé hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hér, og fer um verkanir þinglýsingarinnar eins og segir um þinglýsingu á kaupmála í 5. gr. laga þessara. — 2. og 3. ákvæði 67. gr. í í skiptalögunum koma því eigi til greina við þau skipti, er hér ræðir um. — **31. gr.** Þegar það hefir verið löglega ákveðið í kaupmála, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafizt þess, að skipti skuli fram fara á félagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiptalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi kaupmálans gagnvart öðrum eftir 5. gr. þessara laga og þannig án þess að 2. og 3. ákvæðið í 67. gr. skiptalaganna komi til greina við þau skipti.

VI. þáttur. — Hvenær dæma skal um kaupmála eftir útlendum lögum. — 32. gr. Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gerðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hér á landi; en um myndugleika konunnar til að gera kaupmálann fer þó eftir lögum lands þess, þar er hún á heimili. — Nú er kaupmáli gerður af manni, er eigi er búsettur hér á landi, og sé kaupmálinn gildur eftir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hér á landi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er, eftir að bóndinn er fluttur hingað búferlum.

1921 Nr. 57 27. júní

Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

I. kap. — Um það, hver börn séu skilgetin. — 1. gr. Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sé ekki vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau séu skilgetin. — **2. gr.** Faðerni verður aðeins vefengt af eiginmanni, barninu sjálfu, eða, að eiginmanni látnum, af þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hann. — **3. gr.** Nú vefengir eiginmaður, að barn konu hans sé skilgetið, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að honum var kunnugt um fæðingu þess, enda hafi hann ekki gengizt við barninu eftir fæðinguna.[a]) — Nú næst ekki til lögráðamanns, eða hann er, að dómi héraðsdómara, ekki fær um að gæta réttar barnsins, og skal þá dómari setja því svaramann á ríkiskostnað.[b]) — Nú er eiginmaður sviptur lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað. — **4. gr.** Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins, enda hafi eiginmaður ekki gengizt við barninu eftir fæðinguna. — **5. gr.** Barn getur stefnt eiginmanni móður sinnar til vefengingar faðerninu, eða, að honum látnum, þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða því eða næst að erfðum eftir hann. — Nú er barnið ólögráða vegna ásku, eða svipt lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og getur lögráðamaður þess þá höfðað málið. — **6. gr.** Dómara ber af sjálfsdáðun að leita allra sannana um faðerni barnsins, þar á meðal skýrslu móður. Játning aðilja kemur aðeins til greina sem sönnunargagn. Aðildareiður er óheimill. — Málið skal reka innan luktra dyra, nema báðir aðiljar séu á annað sáttir. — **7. gr.** Dómkrafa stefnanda verður því aðeins tekin til greina, að telja megi víst, að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess.[c]) — Nú hefir eiginmaður höfðað málið, og má þá dæma það honum í vil, þótt eigi standi svo á, sem getur í næstu málsgrein á undan, ef barnið er getið áður en hjónin voru gefin saman, eða eftir að hjónin skildu að borði og sæng, enda séu líkur til þess, að hjónin hafi eigi haft samfarir á þeim tíma, er barnið getur verið getið. — **8. gr.** Nú er barn, er 1. gr. laga þessara tekur eigi til, skilgert samkvæmt 37. og 38. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og telst það barn þá skilgetið.[a]) — **9. gr.** Nú er barn getið eða fætt í hjónabandi, en hjónabandið er síðar dæmt ógilt, og hefir barnið

1921 Nr. 57 27. júní

a) XXIII, 176. — b) XXIII, 177. — c) XXIII, 180.

þá öll réttindi skilgetins barns gegn foreldrum sínum.[1]) — Nú var annað foreldranna grandalaust um ógildingarástæðuna, er barnið var getið, og hefir það þá öll réttindi foreldris gagnvart barninu, sem skilgetið væri.

II. kap. — Framfærsla og uppeldi. — 10. gr. Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul. — **11. gr.** Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul. — Sérstaklega ber foreldrum að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og að innræta þeim iðjusemi og siðgæði. — **12. gr.** Skylt er stjúpforeldri að framfæra og uppala stjúpbarn sitt, svo sem barnið væri skilgetið barn þess, enda hafi stjúpforeldri eigi skilið við eiginkonu sína eða eiginmann að lögum og barnið fylgt foreldri sínu. — **13. gr.** Nú eru foreldrar, vegna efnaskorts, eigi færir um að inna lögmælta framfærslu og uppeldi af hendi, en börnin eiga eignir, og má þá verja eignum barnanna þeim til framfærslu og uppeldis, meðan fjárbrestur bagar foreldrana. — Nú vill lögráðamaður barns eigi láta fé þess laust, því til framfærslu eða uppeldis, og leggur þá valdsmaður úrskurð á ágreininginn. — **14. gr.** Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og annað þeirra fullnægir ekki lögmæltri framfærslu- og uppeldisskyldu sinni, og getur þá hitt hjónanna, eða annar lögráðamaður barnanna, krafizt úrskurðar valdsmanns um meðlag með þeim börnum, sem á vegum þess eru. — Sé það foreldri, sem krafið er meðlags, heimilisfast eða statt hér á landi, skal leita valdsmanns þess um úrskurðun meðlagsins, en ella valdsmanns þess foreldris eða lögráðamanns, er meðlagskröfuna gerir. — Meðlagsupphæðin fari eftir högum beggja foreldra. Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir ½ ár í senn. — Meðlagsúrskurði má breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun. — **15. gr.** Nú hefir annað foreldri yfirgefið hitt, án þess leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, eða það hefir valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, og getur þá hitt foreldrið, auk meðlags með börnunum samkvæmt næstu grein á undan, krafizt úrskurðar valdsmanns um meðlag með sér af hendi þess, er samvistaslitunum olli.[a]) — Meðlagsupphæðin fer eftir högum beggja, enda má breyta meðlagsúrskurði, ef hagur aðilja breytist að mun. — Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir einn mánuð í senn. — **16. gr.** Nú hefir foreldri verið gert að greiða meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en það innir meðlagið eigi af hendi, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans gengið eftir meðlaginu, með sama hætti og heimta má meðlag með óskilgetnu barni. — Nú hefir dvalarsveit greitt meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., og getur hún þá látið taka það lögtaki hjá framfærsluskyldu foreldri, eða krafið framfærslusveit þess um endurgreiðslu meðlagsins. Greiði framfærsluskyldur eigi meðlagið, telst það fátækrastyrkur honum til handa. — **17. gr.** Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, og getur konan þá krafizt þess, að valdsmaður banni eiginmanni hennar að raska sameign þeirra, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum. — Valdsmaður getur heimtað, að viðlögðum allt að 10 kr. dagsektum, að eiginmaður láti sér í té, innan tiltekins tíma, sundurliðaða skýrslu, að viðlögðum drengskap, um allan hag félagsbúsins. — Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju og eiginmanni verið birt bann valdsmanns, en eiginmaður brotið það, og varðar það hann þá allt að tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi,[1]) enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. — Mál samkvæmt næstu málsgrein á undan sæta meðferð almennra lögreglumála, enda sé eigi um sviksamlegt athæfi að ræða. — **18. gr.** Nú hefir foreldri verið skyldað til að inna af hendi meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en ókunnugt er um verustað þess, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans krafizt fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað foreldris. — Þá getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans og neytt 60. gr.[2]) fátækralaganna, þegar svo stendur á, sem þar er lýst. — Nú fer framfærsluskylt foreldri af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans þá heimtað lögtak á gjaldkræfum og löghald fyrir ógjaldkræfum meðlagskröfum í eignum foreldris hér á landi. — **19.**

1921 Nr. 57 27. júní

1) Sbr. l. nr. 39, 27. júní 1921, V. kafli. — a) VII, 309, XXV, 19.

1) Sbr. nú alm. hgl., § 268. — 2) Sbr. nú l. nr. 80, 5. júní 1947, § 48.

1921 Nr. 57 27. júní

gr. Foreldrar skulu, svo sem þeir eru færir um, ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, og mega börnin ekki verða sveitarþurfar meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau. — Söm er skylda barns gagnvart foreldri.

III. kap. — Foreldravald. — 20. gr. . . .[1]) — **23. gr.** Nú verður barnið brotlegt gegn almannavaldi eða einstaklingi, og fer þá um ábyrgð foreldris á broti barnsins, hvort heldur til refsingar eða skaðabóta, eftir almennum reglum. — **24. gr.** Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að ætla, að það verði ósjálfbjarga eða kunni ekki með fé að fara, og geta foreldrar þá, báðir saman eða hvor í sínu lagi, ákveðið í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir þá, annan eða báða, svo sem fé þeirra, sem ófjárráða eru. — Nú kemur slík erfðaskrá fram eftir látið foreldri, og skal skiptaráðandi þá þegar í stað hlutast til um, að lögráðamaður taki við erfðafénu fyrir hönd eiganda, enda fer upp frá því um meðferð fjárins eins og fé þeirra, sem ófjárráða eru. — **25. gr.** Nú verður sú breyting á högum eiganda erfðafjárins, að óhætt þykir að fela honum meðferð þess, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, að sleppa skuli fénu við hann.

IV. kap. — Ýmisleg ákvæði. — 26. gr. Fullkomin séreign er með foreldri og barni, enda varða fjárskyldur annars eigi hitt, umfram það, sem getur í 13. og 19. gr. — **27. gr.** Um nafn barns,[2]) ríkisfesti,[3]) þingfesti,[4]) sveitfesti[5]) og sóknarfesti[6]) fer að lögum. — **28. gr.** Lög þessi raska í engu skyldu foreldra gagnvart fátækrastjórn, til að framfæra og uppala börn sín.[7])

1931 Nr. 29 8. sept.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.[8])

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi þann 6. febrúar 1931 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, skuli öðlast gildi.

1931 Nr. 29 8. sept.

Fylgiskjal. — Samningur. — I. Hjúskapur. — 1. gr. Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna ganga í hjúskap fyrir vígslumanni einhvers hinna ríkjanna, skal dæma um rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda hafi hann átt heimilisfesti í því ríki í síðastliðin tvö ár og eigi enn, en að öðrum kosti eftir lögum þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í. — Eigi að beita lögum þess ríkis, sem hlutaðeigandi á ríkisfesti í, má sanna rétt hans til að ganga í hjúskap með vottorði frá yfirvöldum í því ríki. — **2. gr.**[1]) Um lýsingu og vígslu gilda lög ríkis vígslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir. — **3. gr.** Um réttaráhrif hjúskapar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna, eða áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, skal, að því er snertir fjármál hjónanna, dæma eftir lögum þess af ríkjunum, er hjónin tóku sér heimilisfesti í, er þau gengu í hjúskapinn. Hafi hvorttveggja hjónanna síðar tekið sér heimilisfesti í einhverju hinna ríkjanna, skal beita lögum þess ríkis í stað hinna, enda sé eigi um að ræða áhrif löggernings, er fyrr var gerður. — Um heimild annarshvors hjóna til að ráða yfir fasteign eða yfir réttindum, sem sett eru á borð með þeim, skal, ef eignin er í einhverju af ríkjunum, jafnan dæma eftir lögum þess ríkis. — **4. gr.** Kaupmálar milli þeirra, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, og áttu hana, er þau gengu í hjúskapinn, og sem þá tóku sér heimilisfesti í einhverju af ríkjunum, skulu metnir gildir, að því er form þeirra snertir, í sérhverju samningsríkjanna, ekki aðeins þegar laga þeirra hefir verið gætt, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna, heldur einnig er kaupmálinn fullnægir fyrirmælum um form í því ríki, er báðir aðiljar eða annar þeirra á ríkisfesti í. — Sérhvert ríkjanna getur gert það að skilyrði fyrir gildi kaupmála gagnvart þriðja manni, að honum hafi verið þinglýst eða hann tilkynntur til dómstóls samkvæmt þeim lögum, er þar gilda. — **5. gr.** Beiðni um slit á fjárfélagi hjóna, sem svo er ástatt um sem segir í 4. gr., skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja hjónanna á heimilisfesti í. Ef þau eiga heimilisfesti hvort í sínu ríki, skal beiðnina úr-

1) L. nr. 95, 5. júní 1947, §, 41. — 2) Sbr. l. nr. 54, 27. júní 1925. — 3) Sbr. l. nr. 100, 23. des. 1952. — 4) Sbr. l. nr. 85, 23. júní 1936, § 74. — 5) Sbr. l. nr. 80, 5. júní 1947, II. kafli. — 6) Sbr. l. nr. 9, 12. maí 1882. — 7) Sbr. l. nr. 80, 5. júní 1947, I. kafli. — 8) Sbr. l. nr. 62, 21. apríl 1954.

1) Sbr. l. nr. 62, 21. apríl 1954.

skurða í því ríki, er það hjóna á heimilisfesti í, sem kröfunni er beint gegn, eða eigi það heimilisfesti í Finnlandi, þá í ríki þeirra laga, er samkvæmt 3. gr. ráða fjármálum hjónanna. — **6. gr.** Beri samkvæmt lögum einhvers þess ríkis, er hér ræðir um, að dæma um réttaráhrif hjúskapar eftir hinni eldri hjúskaparlöggjöf, þá eiga 3.—5. gr. ekki við um þau hjónabönd. — **7. gr.**[1]) Um skilnað hjóna, sem eiga ríkisfesti í samningsríkjunum, að borði og sæng eða um lögskilnað þeirra, skal úrskurða í því ríki, er hvorttveggja þeirra á heimilisfesti í, eða þar, sem þau síðast bæði áttu heimilisfesti samtímis, enda sé annað þeirra enn heimilisfast þar. — Verði málið eigi úrskurðað, samkvæmt fyrstu málsgrein, í neinu af ríkjunum, eða verði eigi úrskurðað, samkvæmt fyrstu málsgrein, um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng milli hjóna, sem ekki eiga ríkisfesti í Finnlandi, má úrskurða málið í ríki, sem annaðhvort hjónanna á ríkisfesti í. — Lögskilnað að undangengnum skilnaði að borði og sæng má jafnan veita í ríki því, sem hvorttveggja hjónanna á ríkisfesti í. — **8. gr.** Í sambandi við kröfu um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað getur sama yfirvald eða annað gert ákvarðanir um sambúðarslit um stundarsakir, um búskipti, skaðabótagreiðslur, framfærsluskyldu og foreldravald. — Ágreining, er síðar rís um framfærsluskyldu og foreldravald, skal úrskurða í ríki því, sem það hjónanna, er kröfunni er beint gegn, á heimilisfesti í. Þetta gildir einnig að því er tekur til breytinga á ákvörðun, sem gerð hefir verið í einhverju af hinum ríkjunum. Séu lög þess ríkis, þar sem úrskurður gekk um skilnað að borði og sæng eða um lögskilnað, því til fyrirstöðu, að síðar sé ákveðið eða hækkað meðlag til maka, sem skilinn er að borði og sæng eða lögskilinn, verður eigi heldur tekin ákvörðun um það í hinum ríkjunum. — **9. gr.**[1]) Við úrskurði þá, sem ræðir um í 7. og 8. gr., skal í hverju ríkjanna beita þeim lögum, sem þar gilda. Þó skal úrskurður um búskipti og um skaðabætur jafnan fara eftir lögum þeim, er ráða fjármálum hjónanna samkvæmt 3. gr. Skilnað að borði og sæng má eigi veita finnskum ríkisborgara nema hann eigi og hafi í síðastliðin tvö ár átt heimilisfesti í ríki því, þar sem skilnaðar er leitað. — Skilnaður að borði og sæng, sem veittur hefir verið í einhverju ríkjanna, veitir sama rétt til lögskilnaðar í hinum ríkjunum eins og hann hefði verið veittur þar. — **10. gr.** Um úrskurð mála um ógildingu hjúskapar hjóna, sem eiga, eða áttu, er þau gengu í hjúskapinn, ríkisfesti í samningsríkjunum, skal beita ákvæðum 7.—9. gr. eftir því, sem við á. Skilyrði ógildingarinnar skal þó meta eftir þeim lögum, sem ráða rétti sækjanda til að ganga í hjúskapinn, eða sé mál höfðað gegn hvorutveggja hjónanna, þá eftir öðrumhvorum þeim lögum, sem réðu rétti þeirra til að ganga í hjúskapinn.

II. Ættleiðing. — **11. gr.** Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna, sem heimilisfesti á í einhverju þeirra, ættleiða mann, sem ríkisfesti á í einhverju ríkjanna, skal sækja um leyfi til þess í því ríki, er ættleiðandi á heimilisfesti í. — **12. gr.** Við úrskurð slíkrar umsóknar skal í hverju ríkjanna beitt þeim lögum, sem þar gilda. Sé ættleiðingur yngri en 18 ára og eigi hann heimilisfesti í því ríki, sem hann á ríkisfesti í, má eigi veita leyfi til ættleiðingar hans í öðru ríki, fyrr en hlutaðeigandi yfirvöldum, sem eftirlit hafa með börnum í ríki því, sem hann á ríkisfesti í, hefir verið gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um málið. — **13. gr.** Um slit ættleiðingar milli ríkisborgara samningsríkjanna, er stofnað hefir verið til í einhverju þeirra, skal útkljáð í því ríki, sem ættleiðandi á heimilisfesti í, eða eigi hann ekki heimilisfesti í neinu samningsríkjanna, þá í því ríki, sem ættleiðingur á heimilisfesti í. — Við úrslit þessa máls skal í hverju ríkinu beitt þeim lögum, sem þar gilda.

III. Lögráð. — **14. gr.** Lögráð ólögráða ríkisborgara samningsríkjanna, er heimilisfesti eiga í einhverju hinna ríkjanna, heyra undir yfirvöldin í hinu síðarnefnda ríkinu, nema fæddur lögráðamaður eða skipaður fari þegar með lögráðin í einhverju hinna ríkjanna. — Sama gildir um sviptingu lögræðis og lögráð lögræðissviptra manna. — **15. gr.** Skipa má lögráðamann til bráðabirgða og gera aðrar bráðabirgðaráðstafanir í hverju ríkjanna um sig. — **16. gr.** Úrskurða skal málefni þau, sem ræðir um í 14. og 15. gr., í hverju ríki eftir þeim lögum, sem þar gilda. — **17. gr.** Um áhrif ólögræðis í fjármálum og um heimildir lögráðamanns fer eftir lög-

1) Sbr. l. nr. 62, 21. apríl 1954.

1931 Nr. 29 8. sept.

um þess ríkis, þar sem með lögráðin er farið. — Ákvæði þetta gildir ekki um hæfi manna til að gangast undir víxil- eða checkskuldbindingar. — **18. gr.** Með samkomulagi hlutaðeigandi ráðuneyta má flytja lögráð til einhvers hinna ríkjanna, ef hinn ólögráði maður hefir öðlazt þar heimilisfesti eða það telst heppilegt af öðrum ástæðum. — **19. gr.** Um afnám lögræðissviptingar, sem ákveðin hefir verið í einhverju samningsríkjanna, skal úrskurða í því ríki, þar sem með lögráðin er farið, ef hinn lögræðissvipti er ríkisborgari einhvers af samningsríkjunum. — Við úrskurðinn skal í hverju ríki beita lögum þeim, er þar gilda. — **20. gr.** Verði ríkisborgari einhvers samningsríkisins sviptur lögræði í einhverju hinna ríkjanna, eða verði lögræðissvipting hans afnumin, þá skal tafarlaust tilkynna það hlutaðeiganda ráðuneyti þess ríkis, sem hann á ríkisfesti í. — **21. gr.** Ákvæðum 17., 19. og 20. gr. skal beitt eftir því sem við á, er ríkisborgari einhvers samningsríkisins, er heimilisfesti á í Danmörku og eigi hefir áður verið sviptur lögræði í einhverju ríkjanna, er settur undir tilsjón (Lavværgemaal) í Danmörku. — Tilsjón þessi er því eigi til fyrirstöðu, að lögræðissvipting fari fram í einhverjum hinna ríkjanna, er hlutaðeigandi tekur sér heimilisfesti í.

IV. Almenn ákvæði. — 22. gr. Úrskurðir umboðsstjórnar og aðfararhæfir dómsúrskurðir, er gengið hafa í einhverju ríkjanna samkvæmt 5., 7., 8., 10., 11., 13., 14., 15., 19. og 21. gr., skulu gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna. — **23. gr.** Samning þennan skal fullgilda og skal skipzt á fullgildingarskjölunum í Stokkhólmi eins fljótt og auðið er. — Samningurinn gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan á eftir afhendingu fullgildingarskjalanna. — Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp við hvert hinna með 6 mánaða fresti, þannig að hann gangi úr gildi 1. janúar eða 1. júlí. . . .

Lokaákvæði. — Í sambandi við undirskriftina í dag undir samning þann milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hafa umboðsmenn samningsríkjanna gefið eftirfarandi yfirlýsingu: — Milli samningsríkjanna er samkomulag um: 1. að samningurinn skyldar eigi yfirvöld neins samningsríkjanna til að gefa þá í hjúskap, er sakir ófrávíkjanlegs ákvæðis í löggjöf hlutaðeigandi ríkis mega eigi ganga í hjúskap vegna skyldleika eða mægða; 2. að sá, sem eigi hefir náð 21 árs aldri, en hefir fengið lögræði eftir finnskum lögum við það að ganga í hjúskap, eða eftir íslenzkum lögum við skilnað að borði og sæng eða við hjúskaparslit, skuli eigi talinn ólögráður vegna æsku, þótt hann taki sér heimilisfesti í öðru samningsríkjanna en annaðhvort Finnlandi eða Íslandi.

1931 Nr. 29 8. sept.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

1954 Nr. 62 21. apríl

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi 26. marz 1953, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á samningi milli sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, er staðfestur var með lögum nr. 29 8. sept. 1931, skuli öðlast gildi.[1])

Fylgiskjal. — Samningur. — 2. gr. Um lýsingu, þar með talin tilhögun á gæzlu vígsluskilyrða, og um vígslu gilda lög ríkis vígslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir. — Lýsingar samkvæmt þeim lögum er þó ekki krafizt, ef lýsing, sem enn er í gildi, hefur verið framkvæmd samkvæmt lögum einhvers hinna ríkjanna og bæði hjónaefni hafa reynzt eiga rétt til að ganga í hjúskap samkvæmt þeim lögum, sem beita skal í vígsluríki við mat á því atriði. Þetta gildir einnig, þótt aðeins annað hjónaefna sé borgari í öðru samningsríki en ríki vígslumanns, og hitt á ríkisfesti í vígsluríki. — **7. gr.** Krafa um skilnað að borði og sæng eða fullan lögskilnað hjóna, sem eru ríkisborgarar í samningsríkjunum, ákvarðast í því ríki, sem bæði hjónanna eiga heimilisfang í, eða þau hafa seinast átt búsetu í samtímis og annað þeirra á enn þá heimilisfang í. — Nú er ekki sam-

1) Auglýs. nr. 76, 4. maí 1954.

1954 Nr. 62 21. apríl

kvæmt fyrstu málsgrein hægt að ákvarða um málið í neinu ríkjanna, og má þá gera út um málið í því ríki, þar sem annað hjónanna á ríkisfang. — Lögskilnað eftir skilnað að borði og sæng má ávallt veita í ríki, sem bæði hjónanna eiga ríkisborgararétt í. — **9. gr.** Í sérhverju ríkinu ber að fara eftir þar gildandi lögum um ákvarðanir þær, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. Eignaskipti og skaðabætur ákvarðast þó ávallt eftir þeim lögum, sem samkvæmt 3. gr. gilda um fjármál hjónanna. — Skilnaður að borði og sæng, sem fengizt hefur í einu ríkjanna, veitir í hinum ríkjunum sama rétt til lögskilnaðar sem skilnaður að borði og sæng, er þar hefur fengizt. — Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveizlu í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, eins fljótt og auðið er. — Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta almanaksmánaðar, eftir að fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Hann telst fullkomna samninginn, dags. 6. febrúar 1931, sem hefur að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráðamennsku, og er því ekki hægt að segja honum upp sérstaklega.

1953 Nr. 19 11. febr.

Lög um ættleiðingu.

1. gr. Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn. — Nú ættleiða hjón barn, og nægir þá, að annað þeirra sé orðið 25 ára. — **2. gr.** Eigi má veita þeim, sem sviptur er lögræði leyfi til ættleiðingar, nema hann ættleiði ásamt lögráða maka og fái samþykki lögráðamanns. Þó er heimilt að veita þeim, sem sviptur er lögræði, leyfi til að ættleiða barn maka síns, enda komi leyfi lögráðamanns til. — **3. gr.** Öðru hjóna má því aðeins veita leyfi til ættleiðingar, að hitt sé horfið, geðveikt eða fáviti. Þó getur annað hjóna með samþykki hins ættleitt barn þess eða kjörbarn. — **4. gr.** Ekki er öðrum en hjónum heimilt að ættleiða saman. — Meðan ættleiðandi er á lífi, verður kjörbarn hans eingöngu ættleitt af maka hans. — **5. gr.** Eigi má ættleiða þann, sem er 12 ára eða eldri, án samþykkis hans. — **6. gr.** Samþykki foreldra þarf til ættleiðingar barns þeirra yngra en 21 árs.[a]) Ef annað foreldra er horfið, geðveikt eða fáviti, eða fer eigi með foreldravald, er samþykki hins nægilegt. Ef þannig er ástatt um bæði foreldri, þarf samþykki lögráðamanns. — Áður en ákvörðun er tekin, skal, ef unnt er, leita umsagnar þess foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu. Ef sérstakur lögráðamaður er skipaður, skal leita umsagnar hans. Ef sá, sem ættleiða á, er í hjónabandi, þarf samþykki maka. — **7. gr.** Ef maður er sviptur lögræði, má eigi ættleiða hann án samþykkis lögráðamanns. — **8. gr.** Leyfi til ættleiðingar verður því aðeins veitt, að ætla megi ættleiðinguna kjörbarninu heppilega, og ætlun kjörforeldra er að ala það upp, það hefur verið alið upp hjá þeim eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. — Dómsmálaráðuneytið skal, áður en ákvörðun um ættleiðingarleyfi er tekin, afla sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegs kjörforeldris og kjörbarns. Einnig skal leita umsagnar sóknarprests og barnaverndarnefndar. — Ef barn er ættleitt, skal ættleiðandi vera þeim kostum búinn, að hann geti veitt því sæmilegt uppeldi. Hann skal hafa óflekkað mannorð og eigi háður siðferðilegum, heilbrigðislegum eða fjárhagslegum annmörkum. — Ef ættleiðandi á arfgenga niðja, verður leyfi til ættleiðingar eigi veitt nema sérstaklega standi á. — **9. gr.** Leyfi til ættleiðingar má ekki veita, eigi ættleiðandi að inna af hendi sérstaka greiðslu fyrir hana. — Ef foreldri greiðir með kjörbarni vegna ættleiðingar, má binda leyfi því skilyrði, að tryggt sé, að greiðsla renni til kjörbarns eða framfærslu þess. — **10. gr.** Í ættleiðingarleyfi má ákveða, að kjörbarn kenni sig til kjörforeldris. — Tilkynna skal viðkomandi presti um ættleiðingu og nafnbreytingu kjörbarns. Skal hann geta þessa í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar. — **11. gr.** Foreldravald og önnur lögráð, ásamt réttindum og skyldum þeim samfara, flytjast við ættleiðingu til ættleiðanda. Lýkur þá framfærsluskyldu kjörbarns og foreldris þess. — Um erfðir kjörbarns, foreldra þess og kjörforeldra fer að erfðalögum. — **12. gr.** Kjörbarn, ættleitt af hjónum, hefur sömu réttarstöðu gagnvart þeim og sameiginleg börn þeirra. Sama er um réttarstöðu barns, er annar maki ættleiðir kjörbarn eða eigið barn hins. — Nú skilja hjón og skipa skal forráðum kjörbarns, og náið samband var milli annars hjóna og kjörbarns fyrir giftingu, og skal þá að jafnaði veita því forræði barnsins. — **13. gr.** Ekki skapast að lögum við ættleiðingu fjölskyldutengsl milli kjörbarns og ættar

a) VI, 186—7.

1953 Nr. 19 11. febr.

kjörforeldris, og eigi heldur milli kjörbarna innbyrðis. — **14. gr.** Dómsmálaráðherra getur fellt niður ættleiðingu, ef kjörforeldri og kjörbarn eru sammála um að æskja þess. Ef annar aðili er sviptur lögráðum, þarf einnig samþykki lögráðamanns. Ef kjörbarn er ólögráða, verður ættleiðing ekki felld niður samkvæmt þessu ákvæði. — **15. gr.** Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, ef telja verður það varða kjörbarn miklu, einkum ef kjörforeldri brýtur verulega af sér gegn kjörbarni eða vanrækir verulega þær skyldur, sem á því hvíla vegna ættleiðingar, tekur hættulegan sóttnæman sjúkdóm eða geðveiki, hneigist til drykkjuskapar eða annarra lasta. Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörbarn gera. Ef kjörbarn er ólögráða, geðveikt eða fáviti, getur lögráðamaður þess, foreldri eða hlutaðeigandi yfirvald gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar. — **16. gr.** Krefjast má þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi, brjóti kjörbarn verulega af sér gagnvart kjörforeldri með ofbeldi eða illmælum, það hneigist til afbrota eða annarra lasta. — Ef kjörbarn reynist haldið geðveiki, vera fáviti, haldið öðrum verulegum andlegum eða líkamlegum annmarka, alvarlegum og langvarandi sjúkdómi, og ætla megi, að það hafi verið haldið annmarka þessum eða sjúkdómi fyrir ættleiðingu, og jafnframt að kjörforeldri hafi þá ekki verið um þetta kunnugt, þá má krefjast þess, að ættleiðing verði felld niður með dómi. Slík krafa skal að jafnaði gerð innan 5 ára frá dagsetningu ættleiðingarleyfis. — Kröfu um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt þessari grein skal kjörforeldri gera. Ef kjörforeldri er geðveikt, fáviti eða svipt lögræði, getur lögráðamaður þess gert kröfu um niðurfellingu ættleiðingar. — **17. gr.** Nú hafa hjón ættleitt barn saman, og tekur þá niðurfelling ættleiðingar til þeirra beggja, enda þarf þá samþykki beggja hjóna og kjörbarns, sbr. 14. gr. — Annað hjóna getur þó, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi, krafizt niðurfellingar ættleiðingar, þó að hitt vilji sæta brotum eða annmörkum kjörbarns, þeim er í 1. málsgrein 16. gr. getur. Svo má og fella niður ættleiðingu samkvæmt 15. gr., þó að þær aðstæður, er þar greinir, varði aðeins annað kjörforeldri. Krefjast má, að ættleiðing verði felld niður samkvæmt 2. málsgrein 16. gr., þó að öðru kjörforeldri hafi verið kunnugt um annmarka á barninu, en þó ekki eftir kröfum þess kjörforeldris eins. — **18. gr.** Áður en ákvörðun er tekin um niðurfellingu ættleiðingar samkvæmt 15. og 16. gr., skal dómari, ef unnt er, fá umsögn þeirra aðila, sem veita þurftu samþykki til ættleiðingar eða rétt áttu á að láta álit sitt í ljós um ættleiðingu samkvæmt ákvæðum laga. — **19. gr.** Ef kjörforeldri og kjörbarn eigast, fellur ættleiðing niður. — **20. gr.** Er ættleiðing fellur niður, lýkur lögskiptum vegna ættleiðingar milli kjörforeldris og kjörbarns. Þó er kjörbarni heimilt að kenna sig til kjörforeldris, leyfi dómsmálaráðherra það eða viðkomandi dómari. Annars takast aftur lögskipti kjörbarns og foreldra. — **21. gr.** Ákveða má, með samningi við erlent ríki, að ríkisborgarar þess geti eingöngu ættleitt eða orðið ættleiddir hér á landi samkvæmt ákveðnum samningsbundnum skilyrðum. — Samsvarandi ákvarðanir má gera um niðurfellingu ættleiðingar, þegar kjörbarn er erlendur ríkisborgari. — **22. gr.** Ákveða má með reglugerð, að því er tiltekin erlend ríki varðar, að íslenzkir ríkisborgarar megi eingöngu ættleiða þar eða þeir verði aðeins ættleiddir þar samkvæmt ákveðnum skilyrðum. — Á sama hátt má ákveða, að ættleiðingu verði ekki slitið samkvæmt íslenzkum lögum í erlendu ríki, ef kjörbarn er íslenzkur ríkisborgari.

1953 Nr. 19 11. febr.

1947 Nr. 87 5. júní

Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

1. gr. Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi foreldra sinna né svo skömmu eftir hjúskaparslit þeirra, að þau geti verið getin í hjónabandinu. — **2. gr.** Nú giftast karl og kona, sem átt hafa saman óskilgetið barn, og skal þá barn þeirra talið skilgetið.[a] — **3. gr.**[a] Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. — Nú er sambúð karls og konu óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu. — **4. gr.** Gangist karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, ekki við faðerni þess, má höfða mál til sönnunar faðerninu. Um réttarfar í slíkum málum fer að réttarfarslögum. — **5. gr.** Móðir er skyld að framfæra og ala upp óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er afstaða óskilgetins barns

a) XXV, 19, XXIII, 176.

gagnvart móður þess söm sem afstaða skilgetins barns gagnvart foreldri.[a]) — **6. gr.** Nú hefur karlmaður gengizt við faðerni óskilgetins barns, verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi. — **7. gr.** Heimilt er barnsmóður eða öðrum framfæranda óskilgetins barns, þar á meðal sveitarstjórn, að semja fyrirfram jafnvel fyrir barnsburð um greiðslu meðlags og kostnaðar vegna barnsburðarins. Slíkur samningur er því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og fara skal með slíkt fé, ef fyrirfram er greitt, sem fé ófjárráða. — **8. gr.** Valdsmanni í heimilissveit barnsföður, eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti. Í meðlagsúrskurði skal tilgreina aldur barnsföður (meðlagsskylds), fæðingarstað og framfærslusveit. — Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma. — **9. gr.** Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og er valdsmanni þá heimilt, ef móðir þess krefst, að úrskurða föður þess eða þann, sem dæmdur er meðlagsskyldur, til þess að leggja fram fé til hjúkrunar, lækningar og greftrunar barnsins. Sama rétt hefur sá, er tekur að sér framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum ástæðum, þar á meðal sveitarstjórn. — **10. gr.** Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrirfram. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða meðlag óskilgetins barns fyrirfram fyrir allt að sex mánuði í senn. — **11. gr.**[b]) Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða móður óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, meðlag með barni hennar og annan kostnað vegna barnsins samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó ekki meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar og ekki lægri upphæð, þótt úrskurður eða samningur ákveði annað. — Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 12 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, og skylt er Tryggingastofnuninni að gera dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður barnsins (meðlagsskylds) kunnugt um greiðsluna innan 3 mánaða frá greiðslu, ella fellur endurkröfuréttur Tryggingastofnunarinnar niður. Eigi barnsfaðir (meðlagsskyldur) framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnuninni úrskurðaruppheðirnar. — **12. gr.** Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkv. 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó ekki út gefinn, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkv. 11. og 15. gr. á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir. — **13. gr.** Sama rétt og móðir óskilgetins barns hefur samkvæmt framansögðu hafa og þeir, er annast framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess. — **14. gr.** Nú elur kona óskilgetið barn, og á hún þá rétt til greiðslu af tryggingafé samkv. 34. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, en rétt er valdsmanni að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil og framlag til hennar, er nemi því, sem á kann að vanta, að hún fái hámarksgreiðslu samkv. nefndri lagagrein. — Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða henni mánaðarlegan styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en í 6 mánuði eftir barnsburð, að því leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur af tryggingarfé. — Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður, sem um getur í fyrri mgr. 8. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförunum leiðir. — **15. gr.** Allur kostnaður og meðlag, er valdsmaður úrskurðar barnsmóður til handa, er gjaldkræfur á hend-

a) V, 187. — b) V, 971.

1947 Nr. 87 5. júní

ur Tryggingastofnun ríkisins næstu 12 mánuði eftir að úrskurður var út gefinn eða dómur gekk í barnsfaðernismáli, enda verði barnsmóður ekki um kennt, að málið var ekki fyrr dæmt eða úrskurðað. — **16. gr.** Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því. — **17. gr.**[1]) Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið væri, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengizt við faðerni þess eða verið dæmdur faðir þess. — Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn sem skilgetið væri, svo og faðir og föðurfrændur, hafi barnið átt erfðarétt eftir þá. — **18. gr.**[1]) Nú lýsir maður, er kona hefur kennt óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá erfðarétt sem skilgetið væri gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því. — **19. gr.** Afstaða óskilgetins barns fer að íslenzkum lögum, hafi móðir þess íslenzkan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi. — **20. gr.**[1]) Ákvæði 8. gr. um erfðarétt óskilgetins barns eftir föður og föðurfrændur og þeirra eftir það gilda eigi um börn, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922. — **21. gr.** . . . — **Ákvæði til bráðabirgða.** [Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum hins erlenda varnarliðs, og getur hún þá, að undangengnum árangurslausum tilraunum, að mati dómara, til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt, snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér. — Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr. — Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.][2])

1) Sjá nú erfðalög nr. 42, 23. maí 1949, § 2.

2) L. nr. 32, 8. apríl 1954, § 1.

1931 Nr. 30 8. sept.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, er undirritaður var í Osló þann 10. febrúar 1931 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilað að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

Fylgiskjal. — Samningur. — 1. gr.[1]) Aðfararhæfum dómi, úrskurði umboðsvalds eða skriflegu samkomulagi, sem í einhverju samningsríkjanna leggur einhverjum á herðar að greiða meðlag til maka síns, fyrrverandi maka, skilgetins barns, stjúpbarns, kjörbarns, óskilgetins barns eða móður óskilgetins barns, og sé fullnæging heimil í því ríki, skal, sé þess farið á leit, fullnægt í hverju hinna ríkjanna, án þess að frekara komi til. Sama er um ákvörðun, sem í Finnlandi eða Svíþjóð er gerð af rétti, dómara eða „överexekutor" og fullnægja má eftir reglunum um aðfararhæfa dóma. — Fullnægju verður þó ekki krafizt gegn dómi eða úrskurði, sem í því ríki, þar sem fullnægju er leitað, hefir ákveðið lægra meðlag eða að engin meðlagsskylda sé fyrir hendi. — Fullnægju verður heldur ekki krafizt, ef meðlagskyldan gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, nema því aðeins, að hann hafi mætt í málinu, eða stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn, meðan hann dvaldi í ríkinu. — **2. gr.**[2]) Beiðni um fullnægju er send frá og móttekin af: í Danmörku hlutaðeigandi stjórnardeild eða yfirstjórnarvaldi; í Finnlandi utanríkismálaráðuneytinu; í Íslandi dómsmálaráðuneytinu; í Noregi hlutaðeigandi stjórnardeild; í Svíþjóð réttardeild utanríkismálaráðuneytisins eða fylkisstjórn. — Beiðninni skal fylgja vottorð þess yfirvalds, er hana sendir, um að dómurinn, úrskurðurinn eða samkomulagið uppfylli skilyrði 1. gr., fyrstu og þriðju málsgreinar, fyrir fullnægju. — Með skjölum, sem skráð eru

1) Sbr. l. nr. 61, 21. apríl 1954.

1931 Nr. 30 8. sept.

á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing, svo fullnægjandi sé, á dönsku, norsku eða sænsku. — **3. gr.**[1]) Fullnægjugerðin framkvæmist í hverju ríki samkvæmt þar gildandi lögum, en getur, að því er snertir skriflegt samkomulag, sem ekki er samþykkt af dómstólum eða framkvæmdarvaldinu, orðið takmörkuð við að haldið sé aftur af launum eða öðru því líku. — Fullnægjugerðin framkvæmist án kostnaðar fyrir meðlagsrétthafa, nema því aðeins, að hún sé framin eftir reglunum um aðför í fasteign. — Innkrafin meðlög skulu send því yfirvaldi, sem hefir beiðzt fullnægjugerðarinnar. — **4. gr.** Ákvæðin um meðlög ná einnig til meðgjafa vegna barnsfara og til kostnaðar við menntun barns, eða við skírn þess, fermingu, veikindi eða greftrun. — **5. gr.** Málskostnað, sem meðlagsskyldum er gert að greiða vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu, má innheimta samkvæmt ákvæðum þessa samnings. — **6. gr.** Samning þennan ber að fullgilda og fullgildingarskjölin skulu afhent í Osló eins fljótt og auðið er. — Samningurinn gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstkomandi eftir afhendingu fullgildingarskjalanna. — Sérhvert ríkjanna getur gagnvart hverju hinna sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara, þannig, að hann hætti að gilda 1. janúar eða 1. júlí . . . — Jafnframt er norsku ríkisstjórninni heitið af hálfu Íslands, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar, að vottorð það, er getið er um í öðru atriði 2. gr. og sent er norsku ríkisstjórninni, skuli tilgreina, hver af skilyrðunum í fyrstu og þriðju málsgrein 1. gr. séu höfð til hliðsjónar í hinum einstöku tilfellum, og auk þess votta, að skilyrði þessi séu uppfyllt.

1954 Nr. 61 21. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931, um innheimtu meðlaga.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Osló 1. apríl 1953, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á samningi milli sömu ríkja frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, skuli öðlast gildi.[1]) — **Fylgiskjal.** — Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi þeim, er gerður var með þessum sömu ríkjum 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga. — **1. gr.** Aðfararhæfum dómi, úrskurði umboðsvalds eða skriflegu samkomulagi, sem í einhverjum samningsríkjanna leggur einhverjum á herðar að greiða meðlag til maka síns, fyrrverandi maka, skilgetins barns, stjúpbarns, kjörbarns, óskilgetins barns eða móður þess, og sé fullnæging heimil í því ríki, skal, sé þess farið á leit, fullnægt í hverju hinna ríkjanna, án þess að frekara komi til. Sama er um dóm, sem ekki er orðinn aðfararhæfur, og úrskurð (ákvörðun), kveðinn upp af rétti, dómara eða „överexekutor" og fullnægja má eftir reglunum um aðfararhæfa dóma. — Fullnægju verður þó ekki krafizt gegn dómi eða úrskurði, sem í því ríki, þar sem fullnægju er leitað, hefur ákveðið lægra meðlag eða að engin meðlagsskylda sé fyrir hendi. — Fullnægju verður heldur ekki krafizt, ef meðlagsskyldan gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, nema því aðeins, að hann hafi mætt í málinu, eða stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn. — **2. gr.** Beiðni um fullnægju er send frá og móttekin af: Í Danmörku hlutaðeigandi stjórnardeild eða yfirstjórnarvaldi; í Finnlandi utanríkismálaráðuneytinu; í Íslandi dómsmálaráðuneytinu; í Noregi hlutaðeigandi stjórnardeild eða sýslumanni; í Svíþjóð réttardeild utanríkismálaráðuneytisins eða fylkisstjórn. — Beiðninni skal fylgja vottorð þess yfirvalds, er hana sendir, um að dómurinn, úrskurðurinn, ákvörðunin eða samkomulagið uppfylli skilyrði 1. greinar, fyrstu og þriðju málsgreinar, fyrir fullnægju. — Með skjölum, sem skráð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing, svo að fullnægjandi sé, á dönsku, norsku eða sænsku. — **3. gr.** Fullnægjugerðin framkvæmist í hverju ríki samkvæmt þar gildandi lögum, en getur, að því er snertir skriflegt samkomulag, sem ekki er samþykkt af dómstólum eða framkvæmdavaldinu, orðið takmörkuð við, að haldið sé eftir af launum eða öðru þvílíku. — Fullnægjugerðin framkvæmist án kostnaðar fyrir meðlagsréttþafa, nema því aðeins að hún sé

1954 Nr. 61 21. apríl

1) Sbr. l. nr. 61, 21. apríl 1954.

1) Auglýs. nr. 75, 4. maí 1954.

1954 Nr. 61 21. apríl

framin eftir reglunum um aðför í fasteign. — Innkrafin meðlög skulu send því yfirvaldi, sem hefur beiðzt fullnægjugerðarinnar, eða til þess, sem það hefur ákveðið. — Samkomulag þetta ber að fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin afhent norska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem auðið er. Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Samkomulagið er óaðgreinanlegur hluti af samningnum frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, og er því ekki hægt að segja því upp sérstaklega.

c. Erfðir.

1949 Nr. 42 23. maí

Erfðalög.

I. kafli. — Um arf ættingja og hjóna. — 1. gr. Börn taka arf eftir föður sinn og móður, og erfa þau hina látnu að jöfnu. Ef barn andast á undan foreldri sínu, erfa börn hins látna þann hluta, er því barni hefði borið, ef lifað hefði arfleifanda. Nú er barnsbarn einnig andað á undan arfleifanda, en börn þess lifa, þá koma þau í stað barnsbarnsins og svo framvegis meðan nokkur niðji er til. — **2. gr.**[a]) Um erfðarétt óskilgetins barns og arf eftir það fer á sama hátt og væri það skilgetið, þó svo, að óskilgetið barn erfir því aðeins föður og föðurfrændur og þeir það, að hann hafi gengizt við faðerni þess, hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir barns, er honum hefur orðið eiðsfall, samkvæmt dómi. Hafi sambúð karls og konu, sem ógift eru, verið óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana, jafngildir hún faðernisjátningu, þá er um erfðarétt barns eftir föður og föðurfrændur ræðir, eða þeirra eftir það. — **3. gr.** Ef hinn látni á engan niðja á lífi, kjörbarn eða niðja þess, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu. — **4. gr.** Ef annað foreldri arfleifanda er andað, en hitt lifir, þá tekur það, sem á lífi er, helming arfs, en hinn helmingurinn hverfur til barna eða barnabarna hins látna foreldris á sama hátt og segir í 1. gr. — Nú eru hvorki börn né barnabörn hins látna foreldris á lífi, og tekur þá hitt foreldrið allan arfinn. — **5. gr.** Nú eru báðir foreldrar látnir, og taka þá systkini arfleifanda allan arf eftir hann, að jöfnu ef alsytkini eru, en hálfsystkini hálfan arfshluta móti þeim. Ef systkini eru dáin, erfa börn þeirra þann arfshluta, er hinu látna systkini bar, ef lifað hefði. — **6. gr.** Ef ekki eru á lífi niðjar arfleifanda, kjörbarn eða niðjar þess, foreldri hans, börn þeirra eða barnabörn, taka afar og ömmur arf eftir hinn látna, þannig að föðurforeldrar og móðurforeldrar taka sinn helming hvort. Nú er afi eða amma arfleifanda önduð, og erfa þá börn þess þeirra, sem látið er, þann arfshluta, er hinum látna (afa eða ömmu) hefði hlotnazt, ef lifað hefði. — Ef móðurforeldrar arfleifanda eru dánir og börn þeirra, taka föðurforeldrar eða börn þeirra allan arf og vice versa. — **7. gr.** Það hjóna, sem lengur lifir, erfir einn fjórða af eignum maka síns, ef arfleifandi á niðja, kjörbarn eða niðja þess á lífi. Séu hvorugir á lífi, en lifandi lögerfingjar samkv. 2.—6. gr., erfir makinn helming eignanna, en allar eignirnar, ef enginn framantaldra erfingja er á lífi. — **8. gr.** Nú andast það hjóna, sem lengur lifir, án þess að hafa gifzt aftur, en á ekki lifandi niðja eða kjörniðja og hefur ekki ráðstafað eignum sínum, og skulu þá eftirlátnar eigur þess skiptast milli lögmæltra erfingja þeirra beggja að jöfnu, þó þannig, að arfur sá, er áður kann að hafa verið greiddur eftir hinn fyrr látna maka, verður við arfskiptin talinn arftaka fyrirfram greiddur arfur, og lækkar arfshlutann um þá upphæð.[a]) — **9. gr.** Barn arfleifanda, getið en ófætt þegar hann andast, en fæðist síðar lifandi, eignast erfðarétt í dánarbúinu við fæðinguna, eins og það hefði verið fætt fyrir andlát hans. Fresta skal skiptingu þess arfshluta, þar til séð er, hvort það fæðist lifandi. — **10. gr.** Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng og við algeran hjónaskilnað. — **11. gr.** Föður og föðurfrændum ber ekki arfur eftir barn, ef faðirinn hefur hlotið refsidóm samkv. 194.—201. gr. almennra hegningarlaga vegna getnaðar þess, sbr. þó 205. gr. sömu laga. — **12. gr.** Sá missir rétt til arfs, er varnar arfleifanda að ráðstafa eignum sínum á löglegan hátt fyrir andlát sitt. — **13. gr.** Nú leggur faðir eða móðir fram allverulega fjárupphæð, — miðað við efni þeirra, — til eins eða fleiri barna sinna, eða kjörbarna, þeim til menningar, til búsmuna- eða bústofnskaupa við giftingu, til þess að koma fótum undir framtíðaratvinnu

1949 Nr. 42 23. maí

a) XXII, 288.

a) XXIV, 567.

barnsins, til að greiða skuldir þess, eða kaupa því eða maka þess lífeyri, eða á annan hátt því til framdráttar, og skal upphæðin dregin frá arfshluta barnsins eftir annað eða hvort tveggja foreldri, enda séu færðar sönnur á, að foreldri hafi ætlazt til, að svo skuli vera, eða barnið kannast við, að svo hafi verið umsamið, en ekki hefur verið samið um hið gagnstæða. — Það telst styrkur frá móður, þótt seinni maður hennar, með ráðstöfun á félagsbúinu, veiti hann. — Ekki kemur til frádráttar arfshluta barns kostnaður foreldra vegna sjúkleika þess eða gjafir vegna þess, að þau telja, að störf þess í þeirra þágu hafi ekki verið fullfaunuð. — Sá, er fengið hefur arf fyrirfram greiddan samkv. framantöldu, skal eiga þess kost að skila aftur fasteign eða grip þannig fengnum, en þó jafngóðum. Meta skal yfirleitt verðmæti hins fyrirfram greidda eftir gangverði þess, er erfinginn veitti því móttöku, og ekki hærra en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hina erfingjana. — Ákvæði gefanda um, að greiðsla til barnsins skuli teljast fyrirfram greiddur arfur, ber ekki að taka til greina, ef það bersýnilega miðar að því, að barnið fái ekki fullrétti á við samarfa sína. — **14. gr.** Ef barn hefur fengið fyrirfram meira fé en nemur arfshluta þeim, er því ber, fær það engan arf, en ekki verður það sem skuldunautur skyldað til þess að endurgreiða fé, sem það hefur fyrirfram tekið á móti upp í arfsvon sína, fari sú upphæð ekki fram úr arfshlutanum, að viðbættum þeim hluta eignar, er foreldrunum var heimilt að ráðstafa samkv. 20. gr. — En hafi foreldri af rangsleitni við skuldheimtumenn sína gefið börnum sínum svo miklar gjafir, að eignir þeirra hrökkvi ekki til að greiða skuldheimtumönnum, skulu slíkar gjafir ógildar að lögum. — **15. gr.** Um styrk, er föður- eða móðurforeldri veita barnabarni sínu fyrirfram upp í arf, fer á sama hátt og fyrir er mælt í 13. gr. um styrk foreldra til barna. — **16. gr.** Nú hefur barn fengið styrk fyrirfram upp í arf sinn eftir foreldri sín, eða annaðhvort þeirra, og deyr fyrri, en á börn á lífi, og skal þá draga þann styrk frá arfshluta þeirra eftir afa og ömmu, á sama hátt og með sömu skilmálum sem fyrir er mælt um barnið sjálft. — **17. gr.** Bannað er að selja eða veðsetja arf þann, er maður á í vændum, ekki má heldur gefa slíkan arf, þó skal eigi varna erfingjum að afsala sér arfstökurétti í hendur þeim, er þeir eiga arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert, séu þeir fullveðja og fjár síns ráðandi. Sé eigi annars getið og sett skilyrði eru ekki því til fyrirstöðu, skal það vera jafnskuldbindandi fyrir börn þess, er afsalar sér arfinum, eins og fyrir hann sjálfan.

1949 Nr. 42 23. maí

II. kafli. — Um arf kjörbarna og kjörforeldra. — **18. gr.** Kjörbarn og niðjar þess öðlast erfðarétt eftir kjörforeldri sem væri það getið og fætt barn þeirra. Kjörforeldri og börn þeirra að þeim látnum eiga rétt til arfs eftir kjörbarn á undan ættingjum þess, öðrum en niðjum, en aldrei hærri upphæðar en verðmæti arfs eða gjafa, er kjörbarnið hefur þegið af kjörforeldri. — Erfðaréttur helzt þrátt fyrir ættleiðsluna milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og foreldra þess og ættingja hins vegar. — Nú andast kjörbarn og á ekki lifandi lögerfingja samkv. 1. til 6. gr., sbr. 2. málsgr. þessarar greinar, og taka þá kjörforeldri eða börn þeirra allan arf. — Ákvæði 13. til 16. gr. laga þessara ná einnig til kjörbarna og barna þeirra.

III. kafli. — Um erfðaskrá.[a]) — **19. gr.** Hver sá, sem orðinn er fullra 18 ára, getur ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá, enda sé hann andlega svo heill, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt[b]) — **20. gr.** Nú á arfleifandi niðja á lífi, og er honum ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meiru en einum fjórða hluta eigna sinna. Ef enginn niðja er á lífi, en maki lifandi, er honum heimilt að ráðstafa helming eigna sinna. — **21. gr.** Ef sá, sem gera vill erfðaskrá, er yngri en 18 ára, eða er settur undir forráð annarra vegna eyðslusemi eða af öðrum orsökum, verður erfðaskrá því aðeins gild, að dómsmálaráðuneytið veiti leyfi til að hann geri hana.[c]) Slíkur maður þarf einnig leyfi dómsmálaráðuneytisins til þess að afturkalla erfðaskrá. — **22. gr.** Erfðaskrárákvörðun er ógild, ef arfleifandi hefur verið kúgaður eða prettaður til þess að gera hana eða hún er gerð vegna misskilnings arfleifanda og forsendur fyrir arfleiðslunni hafa verið rangar og hafi þessi atriði ráðið úrslitum um erfðaskrárákvæðið. — **23. gr.** Ef fyrirmæli eru í erfðaskrá um eyðing verðmæta arfleifanda, án þess að skynsamleg ástæða sé til, ber ekki að hlíta slíkum ákvæðum. — **24. gr.** Erfðaskrá skal vera skrifleg og arfleifandi sjálfur undirrita

a) I, 582, II, 248. — b) II, 41. — c) II, 42.

hana eða viðurkenna efni hennar fyrir notario publico, eða tveimur vottum. — Geri arfleifandi erfðaskrá erlendis, er áritun sendiherra Íslands eða ræðismanna þess jafngild og áritun notarii publici. Ef arfleifandi er ólæs á letur það, sem erfðaskráin er rituð á, skal þess getið, að hún hafi verið lesin skilmerkilega upp fyrir arfleifanda. — **25. gr.**[a]) Þess skal getið í áritun votta á erfðaskrá, að þeir hafi verið sérstaklega kallaðir af arfleifanda til að votta undirskrift hans, og að hann hafi undirritað erfðaskrána eða kannazt við undirskrift sína að þeim samtímis viðstöddum, og að þeim hafi verið kunnugt, að um erfðaskrá var að ræða, og skulu þeir samstundis undirrita þá yfirlýsingu. — Þá skulu vottarnir í áritun sinni tilgreina stað og dag, þegar erfðaskráin var undirrituð eða arfleifandi lýsti yfir, að efni hennar væri vilji sinn. Þeir skulu þar geta þess, hver staða þeirra sé og heimilisfang. — Yfirlýsing votta samkv. 1. málsgr. skal metin gild sönnun nema sérstök atvik bendi á hið gagnstæða. — **26. gr.** Þegar vottað er um erfðaskrá samkv. 24. gr., skal þess getið, hvort arfleifandi hafi verið svo andlega heill heilsu, að hann væri fær um að gera erfðaskrána. Einnig er rétt að geta annarra atriða, ef fyrir hendi eru, sem gætu haft áhrif á, hvort arfleiðsluskráin yrði gild metin. — **27. gr.** Vottar þeir, er á erfðaskrá rita, skulu ekki yngri vera en 21 árs. Þeir skulu vera þekktir að samvizkusemi, hvorki andlega sljóir né truflaðir. Erfðaskráin má ekki varða hagsmuni þeirra og þeir hvorki vera í náinni frændsemi né mægðum við þann, er góðs nýtur, — svo verulega munar, — af erfðaskránni, og ekki heldur í þjónustu hans. — **28. gr.** Verði maður snögglega og hættulega veikur, eða lendi í bráðri hættu og vilji gera erfðaskrá, má víkja frá þeirri reglu, að erfðaskráin sé skrifleg. Má arfleiðslan þá fara fram munnlega fyrir tveimur tilkvöddum vottum. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrárinnar undireins og þeir geta komið því við og staðfesta með undirskrift sinni. Slík erfðaskrá verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana áður en mánuður er liðinn frá því, að umgetnar tálmanir voru liðnar hjá, og arfleifandi hafði tækifæri að gera erfðaskrána samkv. 24. til 27. gr. — **29. gr.** Ef arfleifandi arfleiðir tvo eða fleiri í erfðaskrá sinni, en ákveður þar hvorki um arfahluta þeirra né röð arftaka, fá arftakar allir jafna upphæð. — Nú er ákveðið í erfðaskrá, að einhver arftaki hljóti sérstakan grip, þá hlýtur arftaki hann, þótt aðrir arftakar fái ekki þá upphæð, er erfðaskráin ánafnar þeim. — Ef arfleifandi lætur eftir sig tvær eða fleiri erfðaskrár, gengur sú fyrir, er síðast var gerð, ef ósamræmi er. — **30. gr.** Arfleifandi getur tilnefnt í erfðaskrá skiptaforstjóra í búi sínu og tiltekið verksvið hans eða þeirra. — Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eins og óregla eða ráðdeildarleysi erfingja, er arfleifanda heimilt að setja í erfðaskrá sína ákvæði um það, hvernig fari um skylduarf til einstakra niðja hans eða maka, svo sem að erfingjum sé skipaður fjárráðamaður, að því leyti er arfinn snertir, og greidd sé árlega ákveðin upphæð af arfinum til erfingjans. Slík ráðstöfun verður því aðeins gild, að dómsmálaráðherra samþykki hana. Heimilt er ráðherra að fella niður skilyrðin að nokkru eða öllu leyti, þegar erfinginn er orðinn 21 árs og hefur fært sönnur á, að forsendur þær, sem voru fyrir skilyrðunum, eru ekki lengur fyrir hendi. Einnig getur ráðherra leyft, að arftaka séu greiddar hærri upphæðir af arfinum en erfðaskráin ákveður, ef óumflýjanleg nauðsyn arftaka eða fjölskyldu hans krefur. — Skilyrðið fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingjans. — **31. gr.** Meðan skilyrði samkv. undanfarandi grein hvíla á arfahluta geta skuldheimtumenn ekki krafizt þess að fá skuldir erfingjans af því fé, nema tildæmdar skaðabætur út af verknaði erfingjans, frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. — **32. gr.** Framangreindar reglur um erfðaskrár skulu einnig gilda um breytingar og viðauka við hana og um gjafabréf, sem ekki er ætlazt til, að komi til framkvæmda fyrr en að gefandanum látnum, þó með þeim breytingum, sem leiðir af því, að gjafabréfið er nokkurs konar samningur.[a]) — Erfðaskrá fellur úr gildi, þegar arfleifandi hefur ótvírætt látið það í ljós, að hann vilji svo vera láta. Þó skal hann, ef erfðaskráin er gagnkvæm, tilkynna það hinum aðila, ef þess er nokkur kostur. — **33. gr.** Nú á maður engan lögmæltan erfingja, eða erfingja arfleiddan með erfðaskrá, eða réttur erfingi vitjar ekki arfsins áður en 5 ár eru liðin frá því, að kunnugt

a) II, 243, VI, 230.

a) X, 487, XXII, 283, 285.

1949 Nr. 42 23. maí

var um andlát arfleifanda, og hlýtur ríkissjóður þá allan arfinn.[1])

d. Kröfuréttindi.

1281

Jónsbók. — Mannhelgi.

Kap. 8. — Um óðs manns víg ok hversu skal með hann fara. — Ef óðr maðr brýzt úr böndum ok verðr hann manns bani, þá skal bæta af fé hans . . . ef til er . . . En ef óðr maðr særir mann, þá skal arfi uppi láta vera sárbætr ok læknisfé af fé hins óða.[2])

Kap. 13. — Um váðaverk. — Váðaverk eru með mikilli skynsemd greinandi, með hverjum atburðum, er þau kunnu til at falla, því at þar sem maðr tekr manni blóð, eða leggr eld á mann, eða þat annat með lækningu, er hvárrtveggi hyggr heilsubót af verða, þá er þat með öllu bótalaust, þó at hinn fái bana eða mein af. Ok í öllum stöðum þeim, er menn skulu sér til þarfinda vinna ok með mönnum til hagligra hluta lið at veita, þá eru þessi váðaverk meirr virðandi en hin, er engin nauðsyn dregr til, nema gáleysi ok mikit skammsýni. Nú þó at tveir menn fari í skóg saman, ok skýzt annars öx á annan at úvilja þess, er á skapti hélt, ok deyr hann af, þá skal bæta fjórðung bóta[3]) erfingja hins dauða . . . Ok svá skal hvervitna þessi váðaverk bæta, af þeir hafast þat at, er til nytsemdar heyrir, hvárt er menn fá af mein eða bana at úvilja þess, er gerði . . . En öll önnur váðaverk, svá sem skjóta eða kasta yfir skip eða hús eða hæðir eða aðra þarfleysu at gera, hvárt sem menn fá mein af, sár eða bana, at úvilja þess, er gerði, þá skal bæta . . . Þat má eigi váðaverk kalla, ef maðr höggr eða lýstr til manns, þó at á annan komi en hann vildi, með því at hann vildi einhverjum illt gera. Nú heldr maðr á vápni, en annar rasar á ok skeinist, bæti eftir dómi eftir atvikum . . . En ef annarr hrindr honum á vápn, bæti sá. . . . En hvar sem maðr hefir komit vápni sínu ok hafi hann eigi sjálfr á haldit . . ., þá bætir hann engu, þó at menn skeinist á . . . Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinndráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálfr at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af . . .

1) Sbr. l. nr. 12, 30. jan. 1952, § 1. — 2) Sbr. alm. hegnl. nr. 19, 12. febr. 1940, §§ 15—17, sbr. § 264. — 3) Nú fullar bætur, ef gáleysi mezt.

Kvennagiptingar.

1281

Kap. 12. (Et. 18). — Um arfsísetning ok skuldalykning. — . . . Vélakaup skal at vettugi hafa. . . .

Kap. 23. (Frfb. 1). — . . . Frá . . . úmögum[1]) skal maðr eigi seljast arfsali ok engum, þeim er áðr eru á féit komnir . . .

Kap. 30. (Frfb. 8). — Um arfván ok arfsöl. — . . . Seljast má maðr arfsali, ef hann vill, ef sá er engi úmagi,[1]) er hann á fram at færa, eða fær þeim staðfestu, með því móti, at . . . skynsamir menn geri þat kaup með honum ok þeim, er við tekr. . . . En sá, er arfsali vill seljast, skal fyrst bjóða frændum sínum nánustum . . . við honum at taka, þeim er fullar vörzlur hafi.[2]) . . .

Kaupabálkr.

Kap. 1.[3]) Þat er nú því næst, at várr skal engi fyrir öðrum taka. Ekki skulum vér oss at gripdeildum gera. Dóms er hverr maðr verðr fyrir sínu at hafa. En sá, er fyrir öðrum tekr, þá skal hann þat aptr færa, ok bæti þeim, er hann tók fyrir. . . .

Kap. 2. — Hverir vitni megu bera ok verjast kröfu. — . . . Hvervetna þar sem menn kaupa saman at lögum, þá skal aptr ganga oftalt, en fram vantalt, þar til er þeir hafast réttar tölur við.

Kap. 4. — Um vitafé ok skulda luktning. — . . . Nú kemr sá eigi, er féit skyldi taka, en sá kemr, er reiða skal, þá skal bjóða fé í eindaga, ef nokkurr er sá þar, er um sé boðit . . . at taka við fé því, þá skal þeim í hönd selja. En ef engi er sá þar, þá skal hann segja úr ábyrgð sinni, ok hafi sá, er áðr hafði, ok ábyrgist við handvömmum sínum til þess, er sá kemr eptir, er á, þá skal honum í hönd selja. . . .

Kap. 14.[4]) **— Um kaupfox, ef maðr selr einn grip tveimr mönnum senn.** — Nú skulu haldast . . . mál þau, er bók mælir eigi í móti ok haldast megu at lögum. Þat má eigi haldast, ef maðr selr manni þat, er hann hefir öðrum fyrr selt. En ef sá hefir hönd at er síðarr keypti þá . . . á sá kaup at hafa, er fyrr keypti ef honum fullnast vitni. . . . Þá er þeim kaupfox, er síðarr keypti. . . . Þat er kaupfox, ef maðr kaupir þat, er hinn

1) L. nr. 80, 5. júní 1947, I. kafli, l. nr. 3, 12. jan. 1900, § 13 og l. nr. 20, 20. júní 1923, § 20. — 2) Sbr. kgsúrsk. 3. marz 1814. — 3) Sbr. alm. hegnl. nr. 19, 12. febr. 1940, § 260. — 4) Sbr. l. nr. 39, 19. júní 1922, § 59.

1281 átti ekki í, er seldi, nema at þess ráði væri selt, er átti. Nú skal hann hitta þann, er honum seldi ok heimta sitt af honum.

Kap. 21.—Hversu vitafé er ok ábyrgð á láni. — Sá skal lán ábyrgjast, er þiggr, ok koma heilu heim. . . . Nú lér maðr eða selr þat, er honum er lét, ok misferr þat, þá skal hinn heimta at hvárum sem hann vill, þeim, er seldi, eða hinum, er keypti, ok svá skal hvervetna þar sem maðr selr eða lér annars eigu.

Kap. 23. — Um skuldskeytingar ok umboð. — Nú heimtir maðr skuld at manni . . . ok skuldskeytir hann hann við annan mann, þá hefir hann lokit þeirri skuld sér af hendi, ef . . . hinn tók þann skuldarstað. . . . Svá ok ef maðr fær manni lögligt umboð at heimta fé sitt, þá skal gjaldandi umboðsmanni svara, en eigi eiganda, nema hann hafi . . . sjálfr aptr tekit þat umboð.

Farmannalög.

Kap. 28. — Um skips lán eða hross. — Nú lér maðr manni hross sitt eða skip, ok vill sá hafa at þörf sinni, er lét var, en hinn ferr til, er léði, ok tekr af honum lánit, þá gjaldi hann . . ., er átti skip eða hross. En ef sá hefir víðara eða lengr at veðri færu en honum var lét, þá gjaldi hann . . . skaða þann, er þeim verðr at, er léði. Nú lér hann öðrum mönnum þat skip, þá sekjast þeir, er hafa, ef þeir vissu þat, at sá á eigi at ljá. Nú hyggja þeir, at sá megi ráða skipinu, ok varðar hinum einum þá. Nú koma þeir aptr, er með skip manns hafa farit, þá skulu þeir upp setja skipit ok búa svá um sem áðr var. Nú megu þeir eigi upp koma, þá skulu þeir fara ok segja þeim manni, er skip þat á, at þeir megu eigi upp koma, ok biðja hann tilfarar ok bjóða lið sitt at. Nú vill hann eigi til fara, ok ábyrgist hann þá sjálfr, en þeir ella, er með fóru, ok svá, ef þeir búa eigi svá um sem áðr var um búit. Ef maðr lér manni skips eða selr á leigu, þá verðr þeim mönnum öllum heimilt skipit til farar, er sá þarf í þá för at hafa.

Þjófabálkr.

Kap. 15. — Um ábyrgð á geymslufé. — Nú selr maðr fé sitt til hirzlu af trúnaði öðrum manni, þá skal sá, er við tekr, hirða ok varðveita sem sitt fé þat, er hann vill vel varðveita . . ., nema hann segi þat, þá er hann tók við, at hann vildi at engu ábyrgjast. . . . Svá er ok, ef hverfr úr einni hirzlu fé hans sjálfs ok þat, er hann hirði . . .

Kap. 16. — Um ábyrgð á láni ok ef II eigu I grip. — Nú ef maðr lér grip sinn, þá skal hverr láni heilu heim koma eða gjalda verð eiganda sem . . . skynsamir menn meta, nema hinn týnist, er lét var, með láni, því at eigi mátti hann þat lán ábyrgjast, er hann mátti eigi líf sjálfs síns. Eigi á erfingi fyrir þat lán at bæta. Heimilt verður skip eða hross eða annarr gripr þeim, er lét er, ok öllum þeim, er hann vill í þeirri för, ef hann hefir eigi lengr eða víðara. En engum skal hann ljá, ef hinn hefir þat frá skilt, er léði. Nú skal engi lán hafa lengr en lét er. . . . Nú þó at maðr fari með eyk annars manns at láni eða leigu, þá skal sá ábyrgjast, er hest á, þó at hann geri nokkurum skaða, ef eigi er af þess völdum ok vangæzlu, er með ferr. Ef maðr tekr grip manns úleigðan, hest eða skip, hvárt sem er meira skip eða minna, eyki eða aðra hluti þvílíka, bæti skaða allan þann, sem hann hefir af. . . . En ef maðr tekr skip manns, þá skal hann einni sök fyrir svara sik ok úmaga sína. Ef fleiri menn eru í einni för, þar er úskil verða ger um hrossreiðir eða hrossa eftirrásir, þá sekjast þeir einir, er úskil gera á, en ekki þeir, er skil vilja á gera. Ef maðr tekr eyk manns, ok sé eigi öðrum um varðveizlu boðit svá at hann viti, ok færir þeim, er á, ok fari svá með sem hann ætti, þá sekist hann eigi, ef hann vildi hinum í því gagn gera. Nú eigu tveir menn eða fleiri saman eyk eða skip eða aðra gripi, þá ábyrgist sá at öllu, er með ferr, en hverjum þeirra er heimilt í sína þörf, en eigi á hann að ljá eða byggja at úleyfi þess, er á með honum. En ef hann gerir þat, þá svari hann þeim, er á með honum, en hinn sé sýkn saka, er lét var eða leigði. . . . 1281

Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. 1936

Nr. 7
1. febr.

I. kafli. — Um samningsgerð.[a]) — **1. gr.** Ákvæðum þessa kafla skal beita, ef eigi leiðir annað af löggerningnum sjálfum eða af verzlunartízku eða annarri venju. — **2. gr.** Hafi sá maður, sem boðizt hefir til að gera samning (tilboðsgjafi), krafizt svars innan ákveðins frests (samþykkisfrests), verður svar, sem tekur tilboðinu (samþykki), að vera komið til hans áður sá frestur sé liðinn. — Sé tilboð gert í bréfi, telst frestur-inn frá þeim degi, er bréfið var dagsett. Sé tilboð gert í símskeyti, telst fresturinn frá

a) Tr., I, 63.

þeirri stund, er skeytið var afhent á símastöð þess staðar, er það var sent frá. — **3. gr.** Hafi sá maður, sem tilboð hefir gert í bréfi eða símskeyti, ekki kveðið á neinn samþykkisfrest, verður samþykkið að vera komið til hans áður en liðinn er sá tími, sem hann mátti ætla að til þess þyrfti, er hann gerði tilboðið.[a]) Sé eigi annað ljóst af atvikum málsins, skal frestur þessi reiknaður svo, að gert sé ráð fyrir, að tilboðið komi fram á réttum tíma, að gagnaðili hafi nægilegan tíma til umhugsunar, áður en hann svarar, og að svari hans seinki eigi á leiðinni. Sé tilboð gert í símskeyti, skal einnig svara því með símskeyti, ef svarið kemur eigi jafnsnemma fram með öðrum hætti. — Hafi tilboð verið gert munnlega og frestur eigi veittur til samþykkis, verður að samþykkja það þegar í stað. — **4. gr.** Komi samþykki of seint fram, skal skoða það sem nýtt tilboð.[b]) — Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar, að samþykkið hafi komið fram í tæka tíð og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðsgjafi skýra sendanda, án ástæðulausrar tafar, frá því, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður. — **5. gr.** Nú er tilboði hafnað, og skuldbindur það þá eigi tilboðsgjafa lengur, þótt samþykkisfrestur sé enn ekki liðinn. — **6. gr.** Svar, sem felur í sér samþykki á tilboði, en vegna viðbótar, takmörkunar eða fyrirvara er í ósamræmi við það, skal skoða sem höfnun hins fyrra tilboðs og um leið sem nýtt tilboð.[b]) — Þetta gildir þó ekki, ef sendandi samþykkisins ætlar, að samþykkið sé í samræmi við tilboðið og tilboðsgjafa má vera það ljóst. Ef svo er, skal tilboðsgjafi skýra sendanda frá því, án ástæðulausrar tafar, ef hann vill eigi taka samþykkinu. Að öðrum kosti telst samningur gerður, þess efnis, sem í samþykkinu fólst. — **7. gr.** Sé tilboð eða svar við tilboði kallað aftur, er afturköllunin gild, ef hún kom til gagnaðilja áður en eða samtímis því, að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans.[c]) — **8. gr.** Nú hefir tilboðsgjafi lýst því yfir, að hann muni skoða þögn gagnaðilja síns sem samþykki, eða að það er með öðrum hætti ljóst, að hann væntir ekki skýrra svara, og er gagnaðilja þó samt sem áður skylt að svara fyrirspurn um það, hvort hann vilji samþykkja tilboðið. Geri hann það ekki, er tilboðið fallið niður. — **9. gr.** Hafi maður sett orðin „án skuldbindingar", eða önnur orð sömu merkingar, í orðsendingu, sem að öðrum kosti mundi teljast tilboð, þá er sú orðsending eigi tilboð, heldur skal skoða hana sem áskorun um að gera tilboð, þess efnis, sem í orðsendingunni felst. Komi slíkt tilboð, innan sennilegs tíma, frá einhverjum, sem orðsendingunni hefir verið beint til, og sá, sem það tilboð fær, má ætla, að það sé gert vegna orðsendingarinnar, þá skal hann, án ástæðulausrar tafar, skýra tilboðsgjafa frá því, ef hann vill ekki taka tilboðinu. Að öðrum kosti telst hann hafa samþykkt það.

II. kafli. — Um umboð. — 10. gr. Geri umboðsmaður löggerning í nafni umbjóðanda og innan takmarka umboðs síns, þá skapar sá löggerningur rétt og skyldu fyrir umbjóðanda, án þess, að frekari löggerningur, frá umboðsmanni eða umbjóðanda, þurfi til að koma.[a])[b]) — Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggerninga, sem innan þeirra takmarka eru.[c]) — **11. gr.** Hafi umboðsmaður, er hann gerði löggerning, brotið í bág við þau fyrirmæli, er umbjóðandi gaf honum, og hafi þriðja manni verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst, þá er sá löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda, enda þótt hann sé innan takmarka umboðsins.[d]) — Sama gildir, enda þótt þriðji maður sé grandlaus, ef um þau umboð er að ræða, sem getið er í 18. gr. — **12. gr.** Nú vill umbjóðandi afturkalla eitthvert umboða þeirra, sem ræðir um í 13.—16. gr., og skal hann þá gæta þess, sem fyrir er mælt í greinum þessum, eftir því sem við á, og það eins, þótt hann hafi skýrt umboðsmanninum frá því, að umboðið skuli eigi lengur vera í gildi. Eigi fyrirmæli fleiri en einnar af greinum þessum við um sama umboð, skal þeirra allra gæta. — Hafi umboð verið kallað aftur með þeim hætti, sem segir í 13. gr., þá getur þriðji maður sá, er þá afturköllun fékk, eigi borið það fyrir sig, að umboðið hefði einnig átt að afturkalla

a) II, 709. — b) XVIII, 75. — c) (XXIV, 526—7).

a) I, 4, 33, 38, 154, 202, 342, 454, 460, 548, II, 32, 37, 401, 1270, III, 23, IV, 163, 537, 533, 716, 720, 723, 810—11, V, 223, 611, 613—15, 929, VI, 23, 322, VII, 224, 133, 6, IX, 163, (IX, 425, 481), X, 86, 252, XI, 379, 414, XII, 154, 227, XVI, 287, 406, XVIII, 198, XX, 225, XXI, 60, 117. — b) Umboðslaun, I, 33, 548, VI, 23, VIII, 599, XII, 56, 319, XIV, 4, 400, XVI, 76, XX, 24, Tr. I, 62—3. — c) I, 511, II, 329, 847, VII, 223, IX, 700, XII, 319. — d) I, 33, 38, II, 1269, III, 8, IV, 162.

með öðrum hætti. — **13. gr.** Hafi umbjóðandi komið umboðinu til vitundar þriðja manns með yfirlýsingu, sem beint var til þess manns sérstaklega, þá er það umboð afturkallað, er sérstök yfirlýsing umbjóðanda, um að það skuli eigi gilda lengur, er komin til þess þriðja manns. — **14. gr.** Umboð, sem umbjóðandi hefir birt í blöðum eða með öðrum álíka almennum hætti, verður afturkallað með yfirlýsingu, er birt sé með sama hætti og umboðið var birt. — Verði því eigi við komið, skal birta afturköllun umboðsins með öðrum álíka tryggilegum hætti. Ef umbjóðandi óskar þess, getur hann fengið fyrirmæli valdsmanns þess, er getur um í 17. gr., um það, hversu birtingu þessari skuli hagað. — Þinglýsing umboðs telst ekki almenn birting þess. — **15. gr.** Umboð þau, sem ræðir um í 2. málsgr. 10. gr., teljast afturkölluð, er umboðsmaðurinn lætur af starfanum. — **16. gr.** Skriflegt umboð, sem fengið er umboðsmanni í hendur, til þess að hann sýni það þriðja manni, er afturkallað, ef því, eftir kröfu umbjóðanda, er skilað honum aftur eða það er eyðilagt. — Umboðsmanni er skylt að skila umboðinu aftur, er umbjóðandi krefst þess. — **17. gr.** Nú leiðir umbjóðandi líkur að því, að umboð, slíkt sem um er rætt í 16. gr., sé glatað eða að hann af öðrum ástæðum geti ekki fengið það aftur innan hæfilegs tíma, og má þá fá það lýst ógilt. — Beiðni um ógildingu skal senda héraðsdómara á lögheimili umbjóðanda eða á þeim stað, er umbjóðandi síðast átti lögheimili. Þyki dómara ástæða til þess að taka beiðnina til greina, gefur hann út úrskurð um, að umboðið skuli vera ógilt, þegar úrskurðurinn hefir verið birtur í Lögbirtingablaðinu einu sinni og liðinn er tiltekinn tími, sem eigi má vera lengri en 14 dagar frá þeirri birtingu. Dómarinn getur kveðið svo á í úrskurðinum, að hann skuli, auk birtingarinnar í Lögbirtingablaðinu, einnig birtur með öðrum hætti. — Úrskurði dómara samkvæmt grein þessari verður eigi áfrýjað til æðra dóms. — **18. gr.** Umboð, sem felst aðeins í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmannsins, verður afturkallað, er yfirlýsing umbjóðanda, um að umboðið skuli eigi gilda framar, er kominn til umboðsmannsins.[a]) — **19. gr.** Nú hefir umboð verið afturkallað eða lýst ógilt, en umbjóðandi hefir sérstaka ástæðu til að ætla, að umboðsmaður muni samt sem áður gera löggerning sín vegna við ákveðinn þriðja mann, sem umbjóðandi má ætla, að sé ókunnugt um, að umboðið er fallið úr gildi, og verður hann þá að skýra þriðja manni frá því, ef honum er það unnt. Að öðrum kosti verður löggerningurinn skuldbindandi fyrir hann, ef þriðji maður var grandlaus. — **20. gr.** Nú hefir umboð hvorki verið afturkallað né lýst ógilt, en umbjóðandi hefir bannað umboðsmanninum að nota það eða á annan veg gefið til kynna, að hann vilji eigi, að umboðið sé lengur í gildi, og verður þá löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt því umboði, eigi skuldbindandi fyrir umbjóðanda, ef þriðja manni var þetta kunnugt eða honum mátti vera það kunnugt. — **21. gr.** Andist umbjóðandi, heldur umboðið samt sem áður gildi sínu, nema sérstakar ástæður sýni, að það skuli falla úr gildi. Löggerningur, sem umboðsmaðurinn gerir samkvæmt umboðinu, verður þó jafnan gildur gagnvart dánarbúi umbjóðanda, ef þriðja manni var ókunnugt um andlát umbjóðanda og áhrif þess á heimild umboðsmannsins til að gera löggerninginn og eigi varð ætlazt til þess, að honum væri þetta kunnugt. Sé um þau umboð að ræða, sem getur um í 18. gr., er löggerningurinn þó því aðeins gildur, að umboðsmanninum hafi eigi heldur verið um þetta kunnugt eða mátt vera það. — Nú er dánarbú umbjóðanda tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fellur þá umboðið úr gildi. — **22. gr.** Hafi umbjóðandi verið sviptur lögræði, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur honum, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við umbjóðanda sjálfan. Þegar svo stendur á, að þriðji maður hefði eigi getað borið gerninginn fyrir sig gagnvart umbjóðanda, ef hann hefði vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt, þá getur hann eigi heldur borið gerninginn fyrir sig, ef umboðsmanninum var kunnugt um lögræðissviptinguna eða mátti vera um hana kunnugt, er hann gerði gerninginn, og um þau umboð var að ræða, sem getur um í 18. gr. — **23. gr.** Ef bú umbjóðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, öðlast þriðji maður ekki frekari rétt á hendur þrotabúinu, með löggerningi við umboðsmanninn, en hann hefði öðlazt, ef hann hefði gert gerninginn við þrotamanninn sjálfan. Hafi gerningurinn verið gerður samkvæmt um-

a) X, 89.

boði, sem ræðir um í 18. gr., getur þriðji maður eigi borið hann fyrir sig, hafi umboðsmanninum verið kunnugt um gjaldþrotin eða mátt vera um þau kunnugt, er hann gerði gerninginn. — **24. gr.** Nú hefir umbjóðandi andazt, verið sviptur lögræði eða bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta, og getur þá umboðsmaður samt sem áður gert þá gerninga samkvæmt umboði sínu, sem nauðsynlegir eru til þess að verja búið eða umbjóðanda tjóni, fram til þess, að búið eða lögráðamaður umbjóðanda geta gert þær ráðstafanir, sem gera þarf. — **25. gr.**[a]) Sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, ábyrgist, að hann hafi nægilegt umboð. Sanni hann eigi, að hann hafi slíkt umboð eða að gerningur sá, sem hann gerði, hafi verið samþykktur af þeim manni, sem hann taldi sig hafa umboð frá, eða að gerningurinn af öðrum ástæðum sé skuldbindandi fyrir þann mann, skal hann bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi. — Þetta gildir þó eigi, ef þriðji maður vissi eða mátti vita, að sá maður, er gerninginn gerði, hafði eigi nægilegt umboð, né heldur, ef sá maður, sem gerninginn gerði, fór eftir umboði, sem var ógilt af ástæðum, sem honum var ókunnugt um og þriðji maður gat eigi búizt við, að honum væri kunnugt um. — **26. gr.** Ákvæði þessa kafla um umboð til að gera löggerninga gilda einnig, eftir því sem við á, um umboð til að taka við löggerningum fyrir umbjóðanda hönd. — **27. gr.** Um afturköllun prókúruumboðs, sem tilkynnt hefir verið til verzlunarskrár, fer eftir ákvæðum 7. og 32. gr. laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð frá 13. nóv. 1903. Hafi afturköllunin verið skrásett og birt með lögboðnum hætti, þarf umbjóðandi eigi einnig að kalla umboðið aftur með öðrum hætti.

III. kafli. — Um ógilda löggerninga. — 28. gr. Hafi maður með ólögmætum hætti verið neyddur til að gera löggerning, og nauðungin er fólgin í líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað, þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann mann, sem neyddur var. — Nú hefir þriðji maður beitt nauðunginni, en sá maður, sem löggerningnum var beint til, var grandlaus, og verður þá sá, sem neyddur var, ef hann vill bera nauðungina fyrir sig, að skýra honum frá því, án ástæðulausrar tafar, eftir að nauðunginni létti af. Að öðrum kosti er hann skuldbundinn samkvæmt löggerningnum. — **29. gr.** Hafi maður með ólögmætum hætti neytt annan mann til að gera löggerning, og þó eigi beitt slíkri nauðung, sem ræðir um í 28. gr., þá er sá löggerningur eigi skuldbindandi fyrir þann, sem neyddur var, ef sá maður, sem tók við löggerningnum, hefir sjálfur beitt nauðunginni eða hann vissi eða mátti vita, að löggerningurinn var gerður vegna ólögmætrar nauðungar af hálfu annars manns. — **30. gr.** Löggerningur skuldbindur eigi þann mann, sem gerði hann, ef hann var fenginn til þess með svikum, og sá maður, sem við löggerningnum tók, beitti sjálfur svikunum eða hann vissi eða mátti vita, að gerningurinn var gerður fyrir svik annars manns.[a]) — Hafi sá, sem tók við löggerningnum, sviksamlega skýrt rangt frá atvikum, sem ætla mátti að skiptu máli um löggerninginn, eða hann hefir sviksamlega þagað yfir slíkum atvikum, skal líta svo á, sem gerningurinn hafi verið gerður fyrir þau svik, nema það sannist, að þessi atriði hafi engin áhrif haft um það, að löggerningurinn var gerður. — **31. gr.** Löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess, er gerði hann, hefir orðið annars efnis en til var ætlazt, er ekki skuldbindandi fyrir þann, sem gerði hann, ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita, að mistök höfðu átt sér stað.[b]) — Nú er löggerningur sendur í símskeyti og aflagast hann í meðförum símans, og er hann þá eigi skuldbindandi fyrir sendanda í þeirri mynd, sem hann kemur fram í, og það enda þótt móttakandi sé grandlaus. — Sama gildir, sé munnlegum löggerningi, sem boðbera er falið að skila, skilað röngum.[c]) — Eigi sendandi sök á mistökunum, skal honum skylt að bæta móttakanda það tjón, sem hann hefir orðið fyrir af þeim. — Nú fær sendandi vitneskju um mistökin, og skal hann þá, án ástæðulausrar tafar, skýra gagnaðilja frá því, ef hann ætlar að bera þau fyrir sig. Að öðrum kosti gildir löggerningurinn svo sem hann var, er hann kom til móttakanda, nema því aðeins, að móttakandi hafi vitað um mistökin eða mátt um þau vita. — **32. gr.** Löggerning, sem ella myndi talinn gildur,

a) Bótakrafa umbjóðanda á hendur umbm., XV, 287, 291.

a) (XXV, 168). — b) I, 401, IV, 647, XVIII, 295, 297, 536. — c) II, 1269.

1936 Nr. 7 1. febr.

getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig, ef það gyrði talið óheiðarlegt, vegna atvika, sem fyrir hendi voru, þegar löggerningurinn kom til vitundar hans, og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.[a]) — **33. gr.** Nú hefir skriflegur löggerningur verið gerður til málamynda, og hefir sá maður, sem við gerningnum tók, framselt grandlausum þriðja manni rétt sinn samkvæmt honum, og verður það þá eigi borið fram gegn þeim manni, að gerningurinn hafi verið gerður til málamynda.[b]) — **34. gr.** Hafi kröfuhafi gegn vilja sínum misst kvittun fyrir peningaupphæð, er skuldari samt sem áður laus mála, ef hann í grandleysi greiðir, á gjalddaga eða eftir, gegn afhendingu kvittunarinnar. — **35. gr.** Hafi maður lofað að greiða peninga eða annað í févíti, ef hann efnir eigi skuldbindingu, sem á honum hvílir, eða ef hann að öðru leyti vinnur eða lætur ógert eitthvert verk, þá má lækka það févíti, ef telja verður bersýnilega ósanngjarnt, að það verði greitt að fullu.[c]) Skal þá eigi aðeins taka tillit til þess tjóns, sem sá maður bíður, sem rétt á samkvæmt loforði þessu, heldur og til þeirra hagsmuna, sem hann að öðru leyti hefir af því, að verkið sé unnið eða látið ógert, og til annarra atvika málsins. Nú hefir slíkt févíti verið greitt fyrirvaralaust, eftir að það var á fallið, og verður það þá eigi aftur heimt samkvæmt þessari grein. — **36. gr.** Ákvæðum 35. gr. skal beita, eftir því sem við á, ef svo hefir verið kveðið á í samningi, að verði samningnum rift vegna vanefnda annars aðilja, þá skuli hann hafa glatað rétti sínum til að heimta aftur það, sem hann þegar hefir greitt, eða að hann skuli, þrátt fyrir riftun samningsins, inna af hendi greiðslu sína samkvæmt honum.[d]) — Sama gildir, ef svo er um samið, að veði eða annarri tryggingu, sem sett hefir verið fyrir efndum einhverrar skuldbindingar, skuli fyrirgert, ef skuldbindingin er eigi efnd. — **37. gr.**[e]) Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni, að sá maður reki eigi verzlun eða aðra atvinnu, eða að hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann, ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er, til þess að varna samkeppni, eða að hún skerði óhæfilega atvinnufrelsi þess manns, sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því, hverju það varðar rétthafann, að skuldbinding þessi sé haldin. — Hafi starfsmaður við verzlun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuldbindingu, sem getur um í 1. málsgr., gagnvart þeim, sem fyrirtækið rekur, og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið, þá er sú skuldbinding ógild, ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni, án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess, eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess, að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.

IV. kafli. — Almenn ákvæði. — 38. gr. Nú er gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögum þessum komið undir því, að sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus, og skal þá á það líta, sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stund, er löggerningurinn kom til vitundar honum. Þegar sérstaklega stendur á, má þó einnig líta á þá vitneskju, sem hann fékk eða mátti hafa fengið eftir þann tíma, en áður en löggerningurinn hafði áhrif um ráðstafanir hans. — **39. gr.** Nú hefir maður afhent tilkynningu samkvæmt 4., 6., 9., 19., 28. eða 31. gr. laga þessara til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki, sem gilt þykir að nota, og kemur það þá eigi honum að sök, þótt þeirri tilkynningu seinki eða hún komist eigi til skila. — **40. gr.** Lög þessi gilda eigi um löggerninga, er lúta að málefnum, sem reglur persónuréttarins, sifjaréttarins eða erfðaréttarins gilda um.

a) (XVIII, 538), XXIV, 184, XXV, 70. — b) (IV, 802—4, 858—9, 866—8). — c) (XVI, 224), XVIII, 521, 523, XXI, 226, Féld. III, 196, Tr. I, 68—9. — d) XVI, 221. — e) X, 367.

Lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

1933 Nr. 73 19. júní

1. gr. Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5 af hundraði á ári. — **2. gr.** [Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af slíkum lánum, og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6 af hundraði, þó ekki yfir 7 af hundraði. Aldrei má samt semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.][1]) — **3. gr.** Af öðrum

1) L. nr. 75, 25. nóv. 1952, § 1.

1933 Nr. 73 19. júní

skuldum en þeim, er í 2. gr. getur, skal vera frjálst að taka í ársvexti allt að 8 af hundraði.[a]) — **4. gr.** Nú er áskilið annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar en vextir af henni, og má það aldrei vera hærra en svo, að endurgjaldið alls svari til þeirrar vaxtahæðar af höfuðstól skuldarinnar, er getur um í 2. og 3. gr. — **5. gr.** Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar unz hann greiðir hana að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni einum meira af hundraði en heimilað er í 1. gr. eða um hefir verið samið milli aðilja, þó svo, að dráttarvextir fari aldrei meira en 1% fram úr vaxtahæð þeirri, sem getur um í 2. og 3. gr.[b]) — **6. gr.** Ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og hafi slíkt verið greitt, ber skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.[c]) — Sá, sem áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, svo og sá, sem er milligöngumaður við slíka samninga, skal sæta sektum, er eigi séu lægri en fjórfaldur og eigi hærri en tuttugu og fimmfaldur ágóði sá, er ólöglega var áskilinn eða tekinn. Nú verður eigi sannað, hve mikill sá ágóði var, og skal þá ákveða sektina eftir málavöxtum. — **7. gr.**[d]) Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig, að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila, er á var hallað með honum. — Sama gildir, þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því, sem getið er í 1. málsgr. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt. — **8. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febr. 1890, um vexti. Önnur lagaákvæði um vexti og dráttarvexti, svo og 232. gr. siglingalaga, nr. 56, 30. nóv. 1914, skulu halda gildi sínu.

a) XXIV, 698. — b) IV, 280, 278, 303, 300, XIX, 116. — c) VIII, 94, 96, (XIII, 100). — d) (XVIII, 538), XXI, 236, XXIV, 625, XXV, 70.

1933 Nr. 73 19. júní

Lög um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

1905 Nr. 14 20. okt.

1. gr. Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið viðurkennd eða lögsókn heimt innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.[a]) — Nú á kröfuhafi skuld að lúka skuldunaut sínum, og missir hann þá eigi, þótt fyrningarfrestur líði, rétt til að telja kröfuna til skuldajafnaðar, enda sé hún af sömu rót runnin og skuld hans, eða samið hafi verið fyrirfram um skuldajöfnuð eða slíkt áskilið, áður en fyrningarfrest þraut.[b]) — Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé, sem er löglegt fylgifé með veðsettri fasteign, sbr. 5. og 6. gr. í lögum um veð 4. nóvbr. 1887. — Ennfremur fellur úr gildi sjálfsvörzluveðréttur fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir um í 2. tölulið 3. gr., þegar krafan fyrnist. — Þau réttindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð, og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk. — **2. gr.** Þessar kröfur fyrnast á 20 árum: — 1. Krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefir verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu. — Banki telst hver sá, sem samkvæmt tilkynningu til verzlunarskránna rekur bankaatvinnu. — 2. Krafa um lífeyri og aðrar slíkar kröfur, sem eru fólgnar í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlags, er ekki getur talizt afborgun af skuld. — **3. gr.** Þessar kröfur fyrnast á 4 árum: — 1.[c]) Kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, þó svo, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmið eða þvílíkan atvinnureka, og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki sú skuld, er hann kann í að vera við nýár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta

a) II, 494, III, 114, IV, 527, V, 943, VI, 4, 80—81, XX, 48, 488, 490—1, XXIV, 407, 411. — b) IV, 463. — c) II, 8, 686, 858, 957, III, 115, IV, 362, 527, 636. VI, 106, XX, 48, 49, XXI, 439.

árs eða ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið,[a]) leigu á fasteign eða lausafé, veru, viðgerning eða aðhlynningu, flutning á mönnum eða munum, vinnu, og hverskonar starfa, sem í té er látinn; þó fyrnist ekki krafa hjús um kaupgjald, meðan það er samfellt áfram í sömu vist.[b]) — 2. Kröfur um gjaldkræfa vexti, húsaleigu, landskuld, leigur, gjaldkræf laun eða eftirlaun, lífeyri, forlagseyri, meðgjöf eða aðra greiðslu, er greiðast á með vissu millibili og ekki er afborgun af skuld.[c]) — 3. Kröfur, er lögtaksrétt hafa. — 4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum, að undanskilinni ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimutmanna eða gjaldkera við opinberar stofnanir eða stofnanir einstakra manna. Ennfremur endurgjaldskrafa sú, er ábyrgðarmaður eða samskuldari hefir á hendur aðalskuldunaut, meðábyrgðarmanni eða samskuldara, út af greiðslu skuldar; endurgjaldskrafan er þó jafnan dómtæk eins lengi og innleysta krafan mundi verið hafa. — 5. Krafa um endurgjald á því, er maður hefir greitt í rangri ímyndun um skuldbinding, eða í von um endurgjald, er brugðizt hefir, þó svo að móttakandi hafi ekki gert sig sekan í sviksamlegu atferli. — **4. gr.** Á 10 árum fyrnast: 1. Kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falla undir ákvæði 2. gr. Að því er snertir kröfur þær, er um ræðir í 2.—4. tölul. 3. gr., gildir 10 ára fyrning þó því aðeins, að skuldabréf sé út gefið, dómur genginn eða sátt gerð, eftir að krafan féll í gjalddaga, eða var orðin sjálfstæð skuldakrafa á annan veg, eða rentumiði hafi verið útgefinn fyrir vöxtum eða annarri samskonar kröfu.[d]) — 2. Allar aðrar kröfur, sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr.[e]) — **5. gr.** Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf.[f]) Gjalddagi á verzlunarskuldum telst 31. desbr. ár hvert fyrir þá skuld, sem stofnuð er á árinu, nema samið sé um annan gjalddaga.[g]) Fyrningarfrestur á dómkröfum telst frá dómsuppsögn án tillits til fjárnámsfrests. — Nú fer gjalddagi skuldar eða annarrar kröfu eftir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfueiganda, og telst þá fyrningarfresturinn frá þeim degi, er skuldin í fyrsta lagi gat orðið gjaldkræf eftir uppsögn.[a]) Að því er snertir ábyrgð á kröfu, sem fyrnist á 10 eða 20 árum, telst þó 4 ára fyrningartíminn samkvæmt 4. tölulið 3. greinar aðeins frá þeim degi, er krafan á hendur ábyrgðarmanni varð gjaldkræf í raun og veru, jafnvel þótt ábyrgðarkrafan hefði getað fallið fyrr í gjalddaga fyrir uppsögn á aðalkröfunni. En jafnframt fyrnist ábyrgðarkrafan á 10 eða 20 árum frá þeim degi, er hún í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni. — Við útreikning á fyrningarfresti á ábyrgðarkröfu skal ekkert tillit taka til þess, þó ekki sé hægt að krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu fyrr en reynzt hefir árangurslaust að ná skuldinni inn hjá aðalskuldunaut, eða fyrr en eftir undangengna aðvörun. — Að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölul. 2. gr., telst fresturinn frá þeim degi, er hin fyrsta greiðsla féll í gjalddaga. Sama gildir um fyrningarfrest á ábyrgð á kröfum þessum. — **6. gr.** Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti — eftir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sér stað, eða frá þeim degi, er skuldin þar á eftir varð gjaldkræf, eða hefði getað orðið gjaldkræf með uppsögn frá kröfueiganda. Hafi skuldabréf verið út gefið, eða dómur gengið eða sætt verið gerð um kröfuna, þá fyrnist krafan eftir ákvæðum þeim, er sett eru í 4. gr., sbr. 5. gr. — **7. gr.** Ef skuldari dregur sviksamlega dul á, eða vanrækir að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, eða valda því, að hún verður gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda til að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki, hvað sem öðru líður, fyrr en 4 ár eru liðin frá þeim degi, er kröfueigandinn fékk vitneskju um þessi atvik, eða eitt ár er liðið frá dánardegi skuldunauts. — **8. gr.** Kröfur: 1. sem hjón hafa hvort á annað, 2. sem ómyndugir hafa á hendur fjárhaldsmanni eða yfirfjárráðanda, 3. sem opinberar stofnanir, hlutafélög eða aðrir ópersónulegir kröfueigendur eiga á hendur forstjóra, fyrnast ekki fyrr en fjögur ár eru liðin frá því, að hjónabandinu var slitið, fjárhaldið hætti, eða forstjórinn vék úr stöðu sinni. — **9. gr.** Nú deyr skuldari eða kröfueigandi, eða kröfueigandi er sviptur fjárforræði, eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta, og fullt

a) VI, 4—5, IX, 269. — b) VI, 318. — c) VI, 318, 320, XX, 48. — d) XVIII, 106. — e) IV, 636, XXIII, 94. — f) II, 694, IV, 360, 362, 636, Tr., I, 64. — g) Tr., I, 64.

a) IV, 636.

ár er ekki eftir af fyrningartímanum, og lengist þá fresturinn um eitt ár frá áminnztum atburði að telja. — **10. gr.** Nú er innköllun til skuldheimtumanna, til að koma fram með kröfur sínar innan ákveðins tíma, útgefin af skuldara eða af búi hans, áður en fyrningarfresturinn er á enda, og fyrnist þá krafan ekki fyrr en innköllunarfresturinn er liðinn. — Hafi krafan verið tilkynnt í tæka tíð, og ekki er að ræða um opinber skipti eða gjaldþrotaskipti, sbr. 13. gr., þá fyrnist krafan alls eigi, fyrr en eitt ár er liðið frá því innköllunarfresturinn var á enda. — **11. gr.** Málssókn telst byrjuð áður en fyrningarfrestur er liðinn, ef kæra til sáttanefndar eða stefna er birt innan nefnds tíma. Þó má stefnufresturinn ekki vera lengri en nauðsyn krefur, ef kæran eða stefnan á að takast fyrir eftir að fyrningarfresturinn er liðinn. Því aðeins skal álíta málssókn byrjaða, áður en málinu er stefnt til dóms, að stefnan sé birt svo fljótt sem unnt er, eftir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni, og stefnufrestur ekki ónauðsynlega langur eins og fyrr segir. Þá er opinber stefna er viðhöfð, telst málshöfðun byrjuð þann dag, er stefnan er birt í fyrsta sinni í blaði því, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar gagnkrafa er gerð til skuldajafnaðar, án þess að gagnsóknarmál sé höfðað, telst sóknin byrjuð, þegar gagnkrafan er gerð fyrir dóminum. Nú er máli vísað frá dómi eða hafið, eða það fellur niður af öðrum ástæðum, án þess dómur gangi um kröfuna, og hefir þá kröfueigandi rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að höfða nýtt mál gegn varnaraðilja í hinu fyrra máli, eða þeim, er komið hefir í hans stað, innan 6 mánaða frá því málinu var frávísað, eða það var hafið eða á annan hátt niðurfellt. Hið sama gildir, ef hinu síðara máli, eða síðari málum verður frávísað, eða þau á annan hátt niðurfalla án efnisdóms. — Nú er máli heimvísað til nýrrar meðferðar við lægri dómstól, og hefir þá kröfueigandi heimild til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að fá málið tekið fyrir á ný innan 6 mánaða. — **12. gr.** Þar sem lögtak eða fjárnám má gera án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgerðin eða nauðungaruppboðið, — þar sem ganga má fram hjá fjárnámi —, er byrjað áður en fyrningarfrestur er liðinn. Verði fjárnámið ekki framkvæmt vegna framkominna mótmæla, eða það fellt úr gildi við æðri dómstól, getur kröfueigandi látið framkvæma fjárnám, lögtak eða nauðungaruppboð á ný samkvæmt ákvæðum 11. gr., og telst 6 mánaða fresturinn frá því, er hin fyrri sókn endaði. — **13. gr.**[a]) Þá er bú skuldunauts hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða opinberrar skiptameðferðar samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum, kemur krafa í búið í stað lögsóknar. Sé krafan viðurkennd, en henni ekki fullnægt af eignum búsins, fyrnist krafa sú, er kröfueigandi kann að hafa á hendur skuldara eða erfingjum hans, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. tölulið 4. gr., þannig að 10 ára fresturinn telst í fyrsta lagi frá skiptalokum. Ef krafan þar á móti hefir ekki verið viðurkennd, þá hefir kröfueigandinn rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé á enda, að byrja nýja málssókn, innan 6 mánaða frá skiptalokum að telja, eða hafi kröfunni verið hrundið með úrskurði skiptaréttar eða dómi æðri réttar, innan 6 mánaða frá því, að úrskurðurinn eða dómurinn var uppkveðinn. — **14. gr.** Nú vill sá, er mál hefir höfðað, gera kröfu á hendur öðrum manni, til greiðslu að öllu leyti eða að nokkru leyti á því, er hann kynni ekki að fá sér tildæmt eða ná inn hjá þeim, er hann hefir höfðað málið á móti, og er þá það nægilegt til þess að halda kröfunni í gildi, að kröfueigandinn hafi áður en fyrningarfresturinn var á enda, gert hlutaðeiganda, eftir reglum þeim, er gilda um birtingu á stefnum, aðvart um málssóknina, enda skal hann þá sækja rétt sinn að lögum innan 6 mánaða, eftir að hinni fyrri málssókn var lokið. — Samsvarandi ákvæði gilda, ef sá, sem stefnt er, vill koma fram kröfu á hendur öðrum manni um fullnustu fyrir það, er hann kann að þurfa að greiða. — **15. gr.** Ef ekki er auðið að svo stöddu að sækja við dómstóla á Íslandi mál út af kröfu, sem fyrnist samkvæmt íslenzkum lögum, þá getur kröfueigandi, með því að tilkynna landsyfirdómnum[1]) kröfu sína, áður en fyrningartíminn er liðinn, haldið rétti sínum óskertum, til að sækja rétt sinn að lögum, annaðhvort innan árs eftir að skilyrði voru fengin fyrir því, að innheimta mætti skuldina við íslenzkan dómstól, eða innan 10 ára frá því tilkynningin var gerð. — Þessi tilkynning á að vera skrifleg, og skal innfæra hana í bók. — Stjórnarráðið setur ýtarlegri

1) Nú hæstarétti, sbr. l. nr. 112, 18. maí 1935, § 56. — a) III, 256, 254.

1905 Nr. 14 20. okt.

reglur um,[1]) hvernig haga skuli tilkynningum þessum og um gjald fyrir innfærsluna; gjaldið rennur til dómsmálaritara.[2]) — **16. gr.** Þótt krafan sé fyrnd samkvæmt framannefndum ákvæðum, skal það þó ekki vera því til fyrirstöðu, að sakamaður, sem dæmdur er fyrir glæp, sé jafnframt dæmdur til að greiða skaðabætur til þess, er skaða hefir beðið við glæpinn. Séu skaðabæturnar ekki ákveðnar í sakamálsdóminum, getur sá, er misgert var við, höfðað sjálfstætt mál gegn hinum sakfelda innan 6 mánaða frá dómsuppsögn. — **17. gr.** Þegar arðberandi skuld fyrnist, falla jafnframt úr gildi allir áfallnir vextir af skuldinni. — Samsvarandi ákvæði gildir einnig um kröfur, sem eru fólgnar í rétti til að krefjast fjárframlags með vissu millibili, og ekki getur talizt afborgun af höfuðstóli. — **18. gr.** Krafa samkvæmt peningaseðli eða bankaseðli fyrnist ekki. — **19. gr.** Samningur um lengri fyrningarfrest en framan er ákveðinn er löglegur að því er snertir: 1. Skuldabréf, er ganga eiga kaupum og sölum manna á milli og út eru gefin í mörgum samhljóða eintökum. — 2. Vaxtamiða, sem út eru gefnir fyrir vöxtum af ofannefndum skuldabréfum eða fyrir arði af hlutabréfum. — 3. Skírteini, sem út eru gefin af lífsábyrgðar- eða framfærslustofnunum. — 4. Kröfur þær, er ræðir um í 1. tölulið 2. gr. — **20. gr.**[3]) Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að veita eiganda veðsettrar eignar leyfisbréf til ógildingardóms á veðskuldabréfi, ef umsækjandi fullnægir eftirfarandi skilyrðum: 1. að liðin séu 10 ár, eða, að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. gr., 20 ár frá þeim degi, er skuldin samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins féll í gjaldaga, eða í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eftir uppsögn, eða að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölul. 2. gr., frá gjalddaga hinnar fyrstu greiðslu. — 2. að sannað sé, að þrátt fyrir ýtarlega eftirgrennslan hafi ekki fundizt nokkur maður, er veðbréfið veiti réttindi, og 3. að álíta verði eftir framkomnum skýrslum, að ekkert það atvik hafi fyrir komið, er haldi kröfunni enn í gildi gagnvart skuldunaut, né heldur gagnvart veðeiganda, þótt persónuleg skuldbinding hefði á honum hvílt. — Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á heimild þá, er stjórnarráðið hefir til þess að veita leyfisbréf til ógildingardóms á veðbréfi, þegar álíta verður að veðrétturinn sé úr gildi genginn. — **21. gr.** Ákvæði Jónsbókar í 8. kap. kaupabálks og ákvæði í 1. málsgr. 9. gr. í lögum um aðför, 4. nóv. 1887, eru úr gildi felld. Önnur ákvæði, þar sem frestur er settur fyrir málshöfðun eða kröfugerð, standa óhögguð.

1) Reglur nr. 142, 21. des. 1910. — 2) Nú hæstaréttarritara. — 3) Sbr. l. nr. 85, 23. júní 1936, XIX. kafli.

1905 Nr. 14 20. okt.

Tilskipun um áritun afborgana á skuldabréf.[1]) **1798** 9. febr.

1. gr. Eins og það er skylda lánardrottins, þegar skuldunautur borgar allan höfuðstól skuldabréfs, að skila honum aftur bréfinu með áritaðri kvittun, eins á hann, þegar nokkuð er afborgað af höfuðstólnum, að hafa við höndina frumrit skuldabréfsins, og vera skyldur til, í nærveru skuldunauts eða umboðsmanns hans, að rita bæði á bréfið sjálft það, er afborgað er, og að gefa auk þess sérstaka kvittun fyrir því. — Ef lánardrottinn skorast undan að gera þetta, þá er skuldunaut (sem vottfast býður fram afborgun þá, er greiða skyldi) heimilt að fresta afborguninni, þangað til lánardrottinn gegnir fyrrgreindri skyldu sinni; og er skuldunaut eigi skylt, meðan svo stendur, að svara vöxtum af þeim hluta höfuðstólsins, sem í gjalddaga var fallinn og boðinn var fram. — **2. gr.** Kvittanir á lausu blaði fyrir afborgunum af höfuðstól, er skuldabréf er fyrir, skulu, ef afborganirnar eru eigi einnig ritaðar á skuldabréfið sjálft, aðeins hafa gildi gagnvart þeim, sem gaf þær út, en eigi teljast gildar gagnvart öðrum, sem fyrir veðsetningu, framsal eða á annan löglegan hátt eru orðnir réttmætir handhafar skuldabréfsins. — **3. gr.** Þó má vaxtagreiðsla vera undanþegin þessum fyrirmælum, og sérstakar kvittanir fyrir vöxtum vera fullgildar, eigi aðeins gagnvart þeim, er út gaf kvittunina, heldur og gagnvart hverjum öðrum, sem skuldabréfið hefir síðar verið selt í hendur að veði eða til eignar.

Lög um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. **1928** Nr. 71 7. maí

1. gr. Hlutafélög, samlagsfélög, samvinnufélög og önnur atvinnufyrirtæki, þar með talin þau, er rekin eru af hálfu hins opinbera, skulu njóta sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til að hnekkja atvinnurekstri þeirra. — **2. gr.** Nú telur einhver þeirra aðilja, sem getur í 1. gr., sér

1) Sbr. l. nr. 18, 4. nóv. 1887, § 7, l. nr. 19, s. d., § 48, l. nr. 3, 12. jan. 1900, § 8, l. nr. 56, 30. nóv. 1914, §§ 170 og 171.

1928 Nr. 71 7. maí

fjárhagslegt tjón gert með slíkum ummælum, og skulu þá bætur þær, er honum kunna að verða gerðar, miðast við tjón það, er hann færir sönnur á, að ummælin hafi bakað honum áður en hann hóf málssóknina.

1938 Nr. 47 11. júní

Lög um fasteignasölu.

1. gr. Engum er heimilt að annast um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra, eða kalla sig fasteignasala, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum.[a]) — **2. gr.** Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til þess að annast sölu fasteigna, ef hann: 1. Hefir íslenzkan ríkisborgararétt. 2. Er heimilisfastur á Íslandi. 3. Er fjárráður. 4. Hefir forræði á búi sínu. 5. Hefir ekki verið dæmdur fyrir verknað, sem svívirðilegur er að almenningsáliti. 6. Sannar, að hann hafi staðizt próf samkvæmt ákvæðum, er atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð.[1]) [Kandidatar í lögfræði og viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands eru þó undanþegnir slíku prófi.][2]) — **3. gr.** Þeir, sem fengið hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt 2. gr., skulu hafa opna skrifstofu á þeim stað, er leyfið er veitt. Tilkynna skal flutning úr lögsagnarumdæminu til þess lögreglustjóra, er veitt hefir leyfið. — **4. gr.** Í hvert skipti, sem fasteignasali tekur fasteign í umboðssölu, eða aðstoðar að öðru leyti við kaup og sölu fasteignar, skal hann til upplýsingar aðiljum gera nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fasteignarinnar, veðskuldir, er á henni hvíla, o. s. frv. Skal yfirlit þetta vera sem nákvæmast, þannig að það ásamt skoðun á eigninni sé tryggur grundvöllur fyrir mati á verðmæti eignarinnar. — **5. gr.** Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á fasteign, sem honum hefir verið falin í umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu, að hann sé persónulegur kaupandi hennar. — Ennfremur skal fasteignasali tilkynna aðiljum, hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin. — **6. gr.** Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem í té er látin.[b]) — Fyrir aðstoð við kaup og sölu má þóknun frá kaupanda og seljanda samanlagt ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignarinnar. Fasteignasala er þó heimilt að áskilja sér minnst 150 krónur fyrir aðstoð við sölu fasteignar. Ennfremur getur fasteignasali áskilið sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingarkostnað, enda hafi eignin verið auglýst eftir sérstakri beiðni eiganda. — **7. gr.** Fasteignasala er óheimilt að skýra frá því, er honum er trúað fyrir í starfi sínu. — **8. gr.** Hverju sinni er fasteignasali gengur frá kaupsamningi, afsali eða skuldabréfi með veði í fasteign, er honum skylt að senda hlutaðeigandi héraðsdómara tilkynningu um löggerninga þessa. Skal í tilkynningu taka fram um nafn kaupanda og seljanda og upphæð kaupverðs eða skuldar, ef um veðbréf er að ræða, svo og útgáfudag bréfanna. — **9. gr.** Lögreglustjóri, þar sem aðili ætlar að reka fasteignasölu, lætur leyfisbréf af hendi. Fyrir leyfið greiðast 300 krónur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð. — Leyfi til fasteignasölu er bundið við nafn og veitir leyfishafa rétt til þess að kalla sig fasteignasala. Þó er ekkju heimilt að halda áfram fasteignasölu látins manns síns, jafnvel þótt hún fullnægi ekki skilyrðum þessara laga, en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi skilyrðum 2. gr. — **10. gr.** Fasteignasali fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—5. tölulið 2. gr. segir. — Geri fasteignasali sig sekan í einhverjum þeim verknaði, að varhugavert megi teljast, að hann haldi áfram starfi sínu sem fasteignasali, þá má, jafnframt refsingu, svipta hann leyfisbréfi í lengri eða skemmri tíma, eða fyrir fullt og allt. — **11. gr.** Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 300—5000 krónum, sem renna að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð og að hálfu í ríkissjóð.[a]) — Sömu refsingu skal sá sæta, er annast sölu fasteignar eftir að hann hefir verið sviptur leyfi sínu, eða misst það á annan hátt. — **12. gr.** Verði fasteignasali sekur gegn öðrum ákvæðum þessara laga, skal hann, nema þyngri hegning liggi við að lögum, sæta sektum frá 100—2000 krónum. — **13. gr.** Hæstaréttar- og héraðsdómsmálaflutningsmenn, svo og lögfræðingar, sem gegnt hafa í 3 ár embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til, þurfa ekki leyfi til þess að annast fasteignasölu samkvæmt lögum þessum. — **14. gr.** Þeim, er stundað hafa fasteignasölu 5 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi og auglýst opna skrif-

1) Rgj. nr. 3, 6. jan. 1939. — 2) L. nr. 20, 22. marz 1948, § 1. — a) XIII, 236, 238. — b) XII, 56, XX, 24, XXIV, 243, 507, (Tr., I, 62—3).

a) XIII, 236, 238.

1938 Nr. 47 11. júní

stofu, er heimilt að halda áfram starfi sínu, uppfylli þeir ákvæði 1.—5. tölul. 2. gr. og sanni auk þess með vottorðum tveggja manna, og sé að minnsta kosti annar þeirra lögfræðingur, að þeir séu færir um að annast fasteignasölu. — **15. gr.** Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

1948 Nr. 40 5. apríl

Lög um kauprétt[a]) **á jörðum.**

1. gr. Jörð merkir í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleigu utan kaupstaða og kauptúna, sem sérstaklega er metið til verðs samkvæmt fasteignamati og talið er í fasteignamatsbók eða metið sem jörð í millimati. — **2. gr.** Sveitarstjórn hvers hrepps skal hafa forkaupsrétt á þeim jörðum innan hreppsins, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign, með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. og síðari málsgr. þessarar greinar.[b]) Sama gildir, ef seldur er hluti af jörð, afréttarlönd, óbyggðar lendur, ítök, skógar, vatnsnot, jarðhiti og hvers konar veiðiréttindi eða önnur gæði, sem skilin eru eða skilin verða frá jörð. Þessi forkaupsréttur sveitarstjórnar er í því fólginn, að hún skal jafnan eiga kost á að ganga fyrir um kaup á jörðum eða jarðarhlutum innan hreppsins við því verði, greiðslukjörum og öðrum skilmálum, er seljandi þeirra getur fengið fyrir þær á hverjum tíma. — Ákvæði þessarar greinar taka ekki til óðalsjarða og því aðeins til sölu ættarjarða, að þær séu seldar samkv. ákvæðum síðasta málsliðar 28. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. — **3. gr.** Næst á eftir sveitarstjórn og á sama hátt hefur leiguliði, ef til er, kauprétt á hinni fölu jörð, þó með þeim undantekningum, sem um getur í 4. gr. Skal hann jafnan eiga kost á kaupum á ábýlisjörð sinni við því verði, er seljandinn getur fengið fyrir hana, enda hafi sveitarstjórn áður hafnað forkaupsrétti sínum á jörðinni fyrir það sama verð, sbr. þó 2. mgr. 4. gr. — Ef jörð er seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, eiga þeir, er forkaupsrétt hafa, rétt á að ganga inn í hæsta boð samkvæmt lögum þessum, enda tilkynni forkaupsréttarhafi það uppboðshaldara innan þriggja sólarhringa frá því, að uppboðsþingi var slitið, að hann ætli að nota forkaupsrétt sinn. — Nú hefur leiguliði sagt lausri jörð eða honum verið löglega byggt út af jörðinni frá næstu fardögum, og heldur hann þá kauprétti, það sem eftir er af ábúð hans, meðan jörðin er óbyggð. En frá þeim tíma á sá kaupréttinn, er ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefur fengið byggingu fyrir henni. Nú eru ábúendur á jörð þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, annars ræður eigandi, hverjum þeirra hann selur. — **4. gr.** Kaupréttarákvæði 2. og 3. gr. laga þessara ná ekki til þess er jarðeigandi selur jörð barni sínu,[a]) kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri. — Falli jörð við erfðir til skyldmenna eftir 6., 7. og 8. gr. tilskipunar frá 25. sept. 1850, á hreppsnefnd rétt á að fá jörðina keypta á því verði, sem hún er lögð erfingjum til arfs. — Hafi leiguliði haft ábúð og búsetu á leigujörð sinni a. m. k. þrjú ár samfleytt áður en söluumleitanir hefjast, hefur hann kauprétt á undan sveitarsjóði, og öðlast þá sveitarsjóður kaupréttinn næst á eftir og þó því aðeins, að leiguliði hafi hafnað honum. — **5. gr.** Kaupréttur samkv. 2. og 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. skal jafnan boðinn skriflega aðilum þeim, er hlut eiga að máli, og í þeirri röð, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Söluverð jarðar og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignum, tilgreinir seljandi, hversu hátt hann metur hina framboðnu jörð til peningaverðs, og hafa þá kaupréttareigendur heimild til þess að kaupa hana því verði. Sá, er kauprétt á, skal svara skriflega kaupréttarboði sínu innan 15 daga frá því, er honum barst tilboðið. Rétt er að bjóða í senn jörðina þeim, er kauprétt hafa. Þó skal þess ávallt getið, að því aðeins eigi sá, er tilboðið fær, kost jarðarinnar, að sá, er kauprétt á framar honum, noti ekki rétt sinn. Vanræki kaupréttarhafi að svara innan þess tíma, hefur hann í það sinn glatað rétti sínum til kaupanna. Yfirlýsing um afsal kaupréttar samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi 6 mánuðum frá dagsetningu hennar. — **6. gr.** Ef seljandi jarðar brýtur fyrirmæli 2. og 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. og selur jörð sína án þess að hafa áður fullnægt kaupréttarákvæðum laga þessara, getur sá kaupréttarhafi, sem rétti hefur verið sviptur, krafizt þess, að salan sé ógilt, og á hann þá rétt á að ganga inn í kaupin, enda sé málssókn til þess hafin innan 6

a) Um hugtakið kaup, XI, 108—10. — b) XVIII, 72, XI, 279, XXV, 26, 31.

a) XIII, 153.

1948 Nr. 40 5. apríl

mánaða frá því hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

1922 Nr. 39 19. júní

Lög um lausafjárkaup.

Almenn ákvæði. — **1. gr.** Ákvæðum laga þessara skal þá aðeins beita, er ekkert annað er um samið berum orðum eða venjur álitið fólgið í samningi eða leiðir af verzlunartízku eða annarri venju.[a]) — Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.[b]) — **2. gr.** Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign. — Ákvæði laga þessara um kaup gilda einnig, eftir því sem við á, um skipti. — **3. gr.** Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki aðeins átt við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð hluta af tilgreindri tegund, heldur og við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð úr ákveðnum hóp eða magni hluta. — **4. gr.** Þá er talað er í lögum þessum um verzlunarkaup, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í verzlunarrekstri þeirra eða í þágu hans.[c]) — Kaupmaður er í lögum þessum hver sá talinn, sem rekur það starf, að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt, er rekur víxlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverzlun eða forlagsverzlun, lyfsölu, veitingar, handiðn, verksmiðjuiðnað eða námugröft, mannvirkjagerð eða flutning fólks, muna eða orðsendinga. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, er rekur veitingar, handiðn eða flutninga, svo framarlega sem eigi vinna aðrir að því starfi með honum en konan með manni sínum, maðurinn með konu sinni, börn hans innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs. — **5. gr.** Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjarnt.[a]) — **6. gr.** Nú er í verzlunarkaupum reikningur sendur kaupanda, og hann mótmælir ekki verði því, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, og er hann þá skyldur að gjalda það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.[b]) — **7. gr.** Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stundu, er hættan við að varan farizt, flyzt yfir á kaupanda.[c]) — **8. gr.** Ef kaupverð er miðað við þunga vöru, skal svo meta sem umbúðir beri frá að draga.[d])

Um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut (afhendingarstaðinn). — **9. gr.**[e]) Seljandinn á að skila af sér seldum hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni. — Ef hluturinn var á öðrum stað á þeim tíma, er kaupin gerðust, og vissu báðir samningsaðiljar um það, eða áttu að vita, þá skal svo álíta, að hlutnum eigi þar að skila, sem hann þá var. — **10. gr.** Ef seljandi á að senda seldan hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, þá er svo álitið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur flutningsmanns þess, er tekizt hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan, sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn á skipi, þá skal telja honum skilað, er hann er kominn á skipsfjöl. — **11. gr.** Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og á seljandi að sjá um sendingu selds hlutar til kaupanda, og skal þá hlutnum eigi talið skilað fyrr en hann er kominn í vörzlur kaupanda.

Um eindaga samninga. — **12. gr.** Ef ekkert hefir verið ákveðið um það, hvenær kaupverð skuli greitt eða seldum hlut skilað, og atvik liggja eigi svo til, að af þeim megi ráða, að þetta skuli gera svo fljótt sem unnt er, skal líta svo á, að kaupverð beri að greiða og hlut að afhenda, hvenær sem krafizt er.[f]) — **13. gr.** Nú er frestur ákveðinn fyrir því, hvenær seldum hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma,

a) XVIII, 197, 203, (XIX, 535, 537). — b) *Fasteignakaup: Ýmislegt,* VII, 441, VIII, 44, IX, 41, X, 412, XII, 210, XIV, 108, XVIII, 520, XXÍ, 106. *Stofnun,* Í, 327, VIII, 308, XIII, 97, XX, 365, XXIII, 185, 80. *Fylgifé:* X, 553. *Forsendur,* II, 586, 838. *Umboð,* II, 961, XX, 255. *Gallar,* XVIII, 518, XXI, 399, XXII, 441. *Riftun,* II, 237, III, 51, IV, 828, VII, 441, XII, 154, XVIII, 417, XXIII, 629 (20. gr. l. 20/1923). *Veðskuld,* I, 294, VII, 294. *Forkaupsréttur,* I, 127, II, 1155, XIII, 153, XX, 11, XXIII, 114. — c) XVIII, 25.

a) II, 500, XII, 31, (XVIII, 462—3). — b) XVIII, 525. — c) V, 613, 611. — d) II, 686. — e) XVII, 391. — f) XVII, 391, (XIX, 190).

er hann kýs innan þess frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.

Um rétt til að krefjast, að hönd selji hendi á báðar hliðar. — **14. gr.** Ef enginn frestur hefir veittur verið af hendi hvorugs aðilja, þá er seljandi ekki skyldur að láta af hendi seldan hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis hlutinn til umráða. — **15. gr.** Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstað, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljanda ekki að láta vera að senda hlutinn, en varna má hann því, að kaupandi fái hlutinn í sínar vörzlur meðan kaupverðið er ógreitt. — **16. gr.** Nú er um verzlunarkaup að tefla, og er við sendingu hlutarins frá afhendingarstað til ákvörðunarstaðar notað farmskírteini eða farmbréf, er svo er lagað, að seljandi missi umráð yfir hlutnum þá er farmskírteinið eða farmbréfið er afhent kaupanda, og skal þá kaupverðið greitt um leið og farmskírteinið eða farmbréfið er afhent, samkvæmt reglum þeim, er settar eru í 71. gr. hér á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut. — **17. gr.** Hættan á því, að seldur hlutur farist af tilviljun, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann, (sbr. 9.—11. gr.). — Ef það er ákveðinn hlutur, sem seldur var, og kaupandi átti að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og hann er á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að gjalda kaupverðið, þó að svo atvikist, að hluturinn farist eða skemmist af hendingu.

Um arð af seldum hlut. — **18. gr.** Nú ber seldur hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði mundi ekki falla til fyrr en síðar. — Þann ágóða, sem af seldum hlut fæst eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema ástæða hafi verið að ætla, að sá ágóði mundi fyrri til falla. — **19. gr.** Ef maður kaupir hlutabréf, þá er í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn þegar kaup gerðust. — Nú fylgir hlutabréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabréfi, eða hlutabréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna. — **20. gr.** Ef maður kaupir skriflega skuldakröfu, sem ber vöxtu, þá eru í kaupinu vextir þeir, sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending á síðar að fara fram en kaup. Ef það sést ekki af atvikum, að krafan hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða umfram kaupverðið og samtímis því svo mikið fé, sem vöxtunum svarar.

Um drátt af hendi seljanda. — **21. gr.** Nú afhendir seljandi ekki seldan hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupið.[a]) — Hafi drátturinn haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda, eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, þá getur kaupandi ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér, að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma. — Í verzlunarkaupum er sérhver dráttur metinn verulegur, nema það sé aðeins lítill hluti hins selda, sem afhending hefir dregizt á. — **22. gr.** Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan aðeins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup, að því er til síðari afhendinga kemur, ef vænta má, að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift allt kaupið í heild sinni, ef það samband er í milli afhendinganna, að það veiti tilefni til þess. — **23. gr.** Nú er kaup gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á þá seljandi að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna. — **24. gr.** Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er seljandi skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða telja verður að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum var alls eigi auðið að efna það, sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af hinni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farizt; svo er og ef styrjöld tekur fyrir efndir, eða aðflutnings-

a) II, 527, (XIX, 190).

bann eða því um líkt. — **25. gr.** Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaðabótum samkvæmt 23. eða 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því, sem verð hluta af sömu tegund og gæðum sem hinir seldu hlutir er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé, að meira tjón eða minna hafi af hlotizt.[a]) — **26. gr.** Nú er afhendingarfrestur út runninn, en hinn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og í verzlunarkaupum, þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann æski að kaupið haldist. — **27. gr.** Nú hefir seldur hlutur verið afhentur eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er hluturinn kemur honum í hendur, eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að hluturinn hefir verið afhentur síðar en um var samið, og verður hann þá að skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verzlunarkaup er að tefla, en ella án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að bera fyrir sig dráttinn. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá því án óþarfrar tafar, ella missir hann þann rétt sinn.

Um drátt af kaupanda hendi. — **28. gr.** Ef kaupverð er ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, þá má seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það.[b]) Sé dráttur inn óverulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í verzlunarkaupum er sérhver dráttur talinn verulegur. — Nú er það, sem selt var, þegar komið í vörzlur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annaðhvort sé, að álíta verður, að hann hafi áskilið sér þenna rétt, eða þá kaupandi neitar að taka við hlutnum. — **29. gr.** Sé svo um samið, að seljandi afhendi smátt og smátt, og andvirði skuli greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá, er meta má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu því, er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur að höndum bera. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr. rift kaupið er kemur til þeirrar sendingar, sem andvirði dróst fyrir. — **30. gr.**[a]) Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. eða 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð hins selda á þeim tíma, er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi meira tjón eða minna af hlotið. — **31. gr.** Nú er kaupverð ekki greitt, þó að eindagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn frá kaupanda um þetta. Sé um verzlunarkaup að ræða, skal seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, tilkynna honum það innan hæfilegs tíma, enda þótt kaupandi hafi enga fyrirspurn gert um það. — **32. gr.** Nú er kaupverðið greitt of seint eða ráðstöfun sú, sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því þegar í stað, ef um verzlunarkaup er að tefla, en annars án óþarfs dráttar.[b]) Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin. — **33. gr.** Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja hins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið.[c]) Nú er hluturinn sendur og kominn á viðtökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því aðeins við, að þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveizlu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum. — **34. gr.** Geti seljandi ekki haldið áfram að annast hlutinn, án verulegs kostnaðar eða óþæginda, eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið á-

a) I, 37, 45, III, 10, XVIII, 199. — b) IV, 270, VII, 348, XIX, 356, (XXIV, 324).

a) (XXIV, 328). — b) I, 42, 53. — c) XIX, 359, 356.

1922 Nr. 39 19. júní

skorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda viðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Ef hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, þá getur kaupandi ekki mótmælt því verði, sem við söluna fæst. Ef eigi er auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, þá er seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill. — **35. gr.** Nú er hlutnum hætt við bráðum skemmdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjumikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr. — **36. gr.** Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveizlu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim. — **37. gr.** Ef seldur hlutur er í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerzt þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyzt ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að tefla, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyrr en ákveðnum hlutum hefir verið af skipt og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði. — 38. gr. Ef tiltekinn eindagi er ákveðinn á greiðslu kaupverðs í verzlunarkaupum og kaupverðið eigi greitt á réttum tíma, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá þeim tíma.[a]) Hafi tiltekinn eindagi á greiðslu kaupverðs eigi verið ákveðinn, þá á kaupandi að svara þessum vöxtum frá þeim degi, er afhending fór fram, eða hafi kaupandi verið þess valdur, að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi, er sá dráttur hófst. — Í öðrum kaupum á kaupandi að svara 5% ársvöxtum af kaupverðinu frá eindaga þess, hvort sem tiltekinn eindagi er ákveðinn eða eigi.[b]) Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverðið var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá viðtöku reikningsins, án þess frekari kröfu þurfi um að gera. — Ákvæði 2. gr. í tilskipun 27. maí 1859 um vaxtahækkun frá þeim degi, er kröfuhafi leitar réttar síns, skulu eigi gild vera framar, þá er vextir eru taldir samkvæmt þessari grein.[1])

Um það, er kaupandi getur eigi staðið í skilum. — 39. gr. Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð, þá er seljanda rétt að halda hinum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því, að hann sé afhentur búinu, unz nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Ef afhendingartími er kominn og búið hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, þá má hann rifta kaup, ef hann vill. — Þessum fyrirmælum skal einnig beita, ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni á að greiða skuld sína, eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má, að hann geti eigi greitt kaupverðið, þá er það fellur í gjalddaga. — **40. gr.** Ef bú kaupanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, en hvorki er kominn sá tími, er seldan hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, þá getur seljandi skorað á búið að lýsa yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búið þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan fjögra vikna eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyrr að höndum, að það vilji í kaupið ganga, þá má seljandi rifta kaupið. — **41. gr.** Hafi hinn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búið var framselt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverðið er eigi greitt, á seljandi rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búið lýsi yfir því, að það vilji í kaupið ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafizt er. Hafi búið látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, þá er seljanda rétt að líta svo á, sem búið hafi gengið í kaupið.

Um það er seldum hlut er áfátt.[a]) — 42. gr. Nú er ákveðnn hlutur seldur, og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifti kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu.[b]) Ef gallinn verður að teljast óverulegur, getur kaupandi ekki rift kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft. — Nú skortir hluti, þá er kaup gerðust, einhverja þá kosti, er ætla má að áskildir væru, eða það, sem hlutnum er áfátt, hefir gerzt

1) Sbr. nú l. nr. 73, 19. júní 1933, § 5. — a) IV, 278, 574. — b) VI, 81.

a) XXIV, 283—4. — b) I, 100, 430, IV, 830, V, 774, XII, 167, 195, XV, 122, XXIV, 329.

fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð, eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur þá kaupandi krafizt skaðabóta.[a]) — **43. gr.** Ef um þá hluti er að tefla, sem til teknir eru eftir tegund, og þeir reynast gallaðir, þá er þeim er skilað, getur kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.[b]) — Ef telja verður það óverulegt, sem að hlutunum er, þá verður ekki kaup rift né annarra hluta krafizt í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það, sem áfátt var, svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar. — Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það, sem að söluhlutnum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrirmælum 24. gr. eftir því sem við á. — **44. gr.** Nú skal úr því skera, hvort söluhlut sé áfátt, og verður þá að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því aðeins, að vanhirðu seljanda sé um að kenna það, sem áfátt er. — **45. gr.** Nú er kaup rift sakir þess, að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir fyrirmælum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.[c]) — **46. gr.** Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi hina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkvæmt 42. og 43. gr. aðeins rift kaup að því, er til þessarar afhendingar kemur.[d]) Þó getur hann einnig rift kaup á því, sem eftir er að afhenda, ef við má búast, að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift allt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra. — **47. gr.** Hafi kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrirfarast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.[e]) — **48. gr.** Ef hlutur er seldur á uppboði, getur kaupandi ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkenndur með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði. — **49. gr.** Nú býðst seljandi til að bæta úr göllum, sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.[a]) — Þessi fyrirmæli hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta. — **50. gr.** Fyrirmæli laga þessara um galla á söluhlut eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð, stærð eða þungi þess, sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlazt sé til að það, sem afhent er, séu fullar efndir þess, sem um var samið. Þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafizt annarra hluta í stað þeirra, sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það, sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess, sem afhenda átti. — **51. gr.** Sé um verzlunarkaup að tefla, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða sýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verzlunartízka heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkvæmt 56. gr. — **52. gr.** komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verzlunarkaup er að tefla, en ella án ástæðulauss dráttar.[b]) Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann eigi síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið. — Ef kaupandi vill rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra, sem hann hefir fengið, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar; ella missi hann rétt sinn til

a) (XXII, 442). — b) II, 712. — c) II, 713. — d) XVII, 263. — e) IV, 830, XII, 195, 201, XIII, 284, XVIII, 437, 519, XIX, 232, XXII, 442, XXIV, 329.

a) XVII, 263. — b) XV, 182, XVII, 385, XVIII, 422, 427, XIX, 232, Tr., I, 66—7.

1922 Nr. 39 19. júní

þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.[a]) — **53. gr.** Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sinn til þess að bera fyrir sig, að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.[b]) — **54. gr.** Nú er ár liðið frá því er kaupandi fékk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma, eða haft svik í frammi.

Fyrirmæli um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaupa. — 55. gr. Hafi kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, þá er hann skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur. — **56. gr.** Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveizlu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveizlu á kostnað seljanda. — Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi farmskírteinis eða annar, sá er fyrir seljanda hönd getur annazt um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörzlur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi. — Hafi kaupandi tekið hlutinn í sínar vörzlur, eiga við fyrirmælin í næstu grein hér á undan. — **57. gr.** Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aftur, nema hann skili aftur því, er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aftur því, er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í, er hann tók við því.[c]) — Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skipta á hlutnum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum þeim, er honum ber, eða setur nægilega trygging fyrir þeim. — **58. gr.** Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupið, þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

Um vanheimild. — 59. gr. Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafizt skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn.[a]) Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

Um kaup til reynslu. — 60. gr. Ef hlutur er keyptur til reynslu eða með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupið er fullgert, og hluturinn hefir verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan tiltekins tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími er fastákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa. — Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.[b])

Um tilkynningar eftir lögum þessum. — 61. gr. Ef slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., er afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða hún kemur eigi til skila. — Hið sama gildir um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr.

Um þýðingu ýmissa söluskilyrða. — 62. gr. Ef varningur er seldur „frítt á skipsfjöl" (fob.) á tilteknum stað, verður kaupandi að útvega skip eða rúm í skipi til að flytja varninginn þaðan.[c]) — Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, er farmsendanda er skylt að gera, eftir því sem lög áskilja á þeim stað eða venja er til. — Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda. — Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir á-

a) XII, 86, XIII, 284, XV, 184, XVI, 221, XXIII, 676. — b) XV, 184. — c) XVI, 221. XVIII, 419.

a) (II, 961). — b) Tr., I, 62. — c) XIX, 535, 537.

standi því, sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli. — Þó kaupandi hafi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum, leiðir ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr. — Kaupandi er skyldur að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því, sem ákveðið er í 71. gr., þó að ekki sé svo sérstaklega um samið. — **63. gr.** Ef varningur er seldur „flutningsfrítt" (Cost and freight, c & f, cf) skal seljandi annast og kosta sending hans til viðtökustaðar. — Nú er varningur afhentur flutningsmanni eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda. — Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, sem seldur er eftir tölu, þunga eða máli. — Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku farmskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr. — Þótt andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til viðtökustaðarins, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess að reikna sér þó vöxtu af því. — **64. gr.** Nú er varningur seldur „cif" (cost, insurance, freight) eða „caf" (coût, assurance, fret), og gilda þá fyrimælin í næstu grein hér á undan. — Auk þess á seljandi að annast venjulega vátrygging fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta sendingar, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Láti seljandi hjá líða að vátryggja þannig varninginn, enda sé kaup eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátryggt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins. — **65. gr.** Nú er varningur seldur, „afhentur" eða „frítt" (franko) á tiltekinn stað, og telst hann þá ekki afhentur fyrr en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sending varnings þangað, og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur. — Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann kom til skila. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli. — Sé orðið „afhent" notað í sambandi við „flutningsfrítt", „c og f" „cf", „cif" eða „caf", þá hefir merking orðsins „afhent" engin áhrif á téð söluskilyrði. — **66. gr.** Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð, t. d. „cirka", „frá — til" eða því um líkt, þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.[a]) — Ef orðið „cirka" er notað eða „hér um bil", þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að tefla, en 5% ella.[b]) — **67. gr.** Nú er seldur „farmur", og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum. — **68. gr.** Ef svo er til skilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka „í byrjun" („primo"), „í miðju" („medio") eða „í lok" („ultimo") mánaðar, er það að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum. — Þá er verðskjöl eru seld, merkir „primo" fyrsta virkan dag í mánuði, „medio" fimmtánda dag í mánuði, eða næsta virkan dag á eftir, ef sá dagur er heilagur, „ultimo" síðasta virkan dag í mánuði. — **69. gr.** Hafi seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning á ákveðnum fresti, skal svo álíta, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, áður en sá frestur er liðinn. — Sé farmskírteini gert um sendinguna og beri það ekki með sér, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, getur kaupandi hafnað vörunni. — **70. gr.** Ef áskilin er „borgun út í hönd", er kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til umráða (sbr. 14. og 15. gr.). — **71. gr.** Hafi kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku farmskírteinis,

a) III, 9, (VII, 447—8). — b) IX, 471.

1922
Nr. 39
19. júní

eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent farmskírteini, má hann ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann. — Þá er greiðslu er krafizt eða víxil-samþykkis gegn afhendingu farmskírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja farmskírteini. — Það, sem hér er mælt, á einnig við, þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku slíks farmbréfs, sem um er getið í 16. gr.

1943
Nr. 39
7. apríl

Lög um húsaleigu.[a])

1. gr. [Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé að dómi húsaleigunefndar þess brýn þörf[b]) til íbúðar fyrir sjálfan sig, systkini sín eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn, enda hafi hann eignazt[c]) hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd þó leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignazt hefur hús á starfssvæði sínu eftir 1. jan. 1946, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, verði honum talin þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.][1]) — [Enn fremur getur ríkisstjórnin sagt upp leigusamningum um húsnæði, sem ríkið hefur eignazt fyrir 9. september 1941, sé aðkallandi nauðsyn á að rýma fyrir opinberum starfsmanni eða starfsfólki, sem lögskylt er eða óhjákvæmilegt að sjá fyrir húsnæði,[d]) eða ef brýn þörf er fyrir húsnæðið vegna skrifstofuhalds eða annarrar starfrækslu í opinbera þágu eða vegna nýbygginga eða breytinga á húseignum ríkisins.][2]) — Heimilt skal leigusala að skipta á íbúð sinni og íbúð leigutaka í húsi sínu, enda komi íbúð leigusala leigutaka að sömu eða svipuðum notum, að dómi húsaleigunefndar. Svo skal og leigusala, er sjálfur býr í húsi annars, undir sömu kringumstæðum heimilt að skipta á íbúð við leigutaka í húsi sínu, enda samþykki leigusali hans skiptin. Skipti á íbúðum geta því aðeins farið fram, að leigusali hafi tilkynnt leigutaka vilja sinn þar um með sama fyrirvara og um uppsögn væri að ræða.[a]) — Nú missir leigusali af sér óviðráðanlegum ástæðum húsnæði það, sem hann hefir notað til eigin atvinnurekstrar, og getur hann þá, ef honum verður að dómi húsaleigunefndar talin þess brýn þörf til afnota fyrir þann atvinnurekstur, sagt upp leigusamningi um húsnæði, er notað hefur verið í öðru skyni en til íbúðar í húsi, er hann hefur eignazt fyrir 9. sept. 1941.[b]) — Uppsagnir framleigusala á leigusamningum framleigutaka lúta einnig ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem við á, þó þannig, að ekki skiptir máli, hvenær framleigusali öðlaðist rétt yfir hinu leigða. — Uppsagnir samkvæmt framansögðu má meta gildar að öllu leyti eða nokkru, verði það talið hentara, enda á þá húsaleigunefnd úrskurð þess, til hvorra herbergja uppsögnin nær. — **2. gr.**[c]) Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. heldur leigusali (framleigusali) óskertum rétti sínum til að slíta leigumála vegna vanskila á húsaleigu eða annarra samningsrofa af hálfu leigutaka (framleigutaka), svo og ef leigutaki (framleigutaki) hagar sér þannig eða fremur eitthvað það, er að mati húsaleigunefndar gerir leigusala verulega óþægilegt[d]) að hafa hann í húsum sínum.[e]) — **3. gr.** Leigusala (framleigusala) er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir.[f]) — Opinberir starfsmenn ríkis og bæja[g]) og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir aðilar húsaleigunefnd, ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða hús-

1943
Nr. 39
7. apríl

1) L. nr. 56, 25. maí 1950, § 1. — 2) L. nr. 47, 23. febr. 1945. — a) I, 65, XIV, 322—3, XIX, 113, XXIV, 625. — b) XIII, 297, XIV, 71, 385, XV, 70, 98, 156, XVI, 210, 245, XVII, 438, 28, 42, 226, 256, (XVII, 273—4), XVIII, 144, 213, 398, XIX, 446, 552, XX, 78, XXI, 103. — c) XVI, 438—9, XVII, 273. — d) (XV, 98).

a) XVII, 252, 306, XVIII, 213, XIX, 335, 474, XXI, 344. — b) XIX, 335. — c) Staðhæfing um *vanskil*, (X, 407, 421—2) XI, 508, XIII, 77, (XIII, 39), XIV, 231, XVI, 86, 173, 293, XVII, 134, XIV, 254, 290, XVII, 199, XVIII, 128, 394, (XIX, 100, 254, XX, 203, XXII, 594). Vanræksla á *viðhaldi*, XVII, 134, IX, 122 (músagangur). *Framleiga* o. fl., XII, 292, (XIV, 205, XV, 79, XX, 247). Leiguréttur fellur brott vegna *fjarveru* leigutaka o. fl., XXI, 241, XXII, 111, XXIII, 95. *Uppsögn*, XII, 177, XVI, 293, XX, 472, XXIV, 526, 527. Leigutaki beiðist *innsetningar*, XVI, 418, 434. — d) Leigutaki bakar óþægindi, XIII, 326, XVII, 362, XIX, 62, XXI, 390. Staðhæfing um óhæfilega framkomu leigutaka, XVII, 199, 282, XIX, 123, 329, XXI, 329. — e) Bótakröfur vegna slita á leigusamningi, X, 407, XIII, 227. Miskabætur, XII, 285, XIII, 208. — f) XIII, 211, XVII, 273. — g) XVII, 273—4, XVIII, 146—7.

næði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu mgr., ef alveg sérstaklega stendur á.[a]) — Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr.[b]) þessarar greinar. — Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.[c]) — **4. gr.** Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar.[d]) Húsaleigunefnd getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit. — Ef íbúðarhúsnæði er heimildarlaust tekið til annarrar notkunar en íbúðar, er húsaleigunefnd rétt að skylda húseiganda, að viðlögðum allt að 200 kr. dagsektum í ríkissjóð, að taka upp fyrri notkun húsnæðisins. Hefur húsaleigunefnd síðan heimild til að ráðstafa húsnæðinu samkvæmt reglum þeim, er segir í 5. gr., enda sé húseiganda áður veittur þriggja daga frestur til þess að leigja húsnæðið húsvilltu innanhéraðsfólki til íbúðar. [Þegar leigusali leigir íbúð öðrum en skyldmennum sínum, sbr. 1. gr., skal hann leitast við að leigja hana fjölskyldu, er hefur á framfæri sínu börn innan 16 ára aldurs, og jafnan leita tillagna húsaleigunefndar um ráðstöfun íbúðarinnar, áður en hann leigir hana öðrum.][1]) — **5. gr.** Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, enda komi fullt endurgjald fyrir.[e]) Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilað að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar. — Þegar alveg sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, og tekið til sams konar ráðstöfunar tiltekinn hluta af íbúðarhúsnæði, sem afnotahafi getur án verið, að mati nefndarinnar, og unnt er að skipta úr. Þó getur afnotahafi ráðstafað þessum hluta húsnæðisins til handa þeim innanhéraðsmanni, er hann kýs, og hefur húsaleigunefnd þá sams konar ráðstöfunarrétt á því húsnæði, er þannig losnar. — Taki húsaleigunefnd húsnæði leigunámi skv. ákvæðum þessarar gr., ákveður hún leiguupphæð, leigutíma og annað það, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilar koma sér ekki saman um. Úrskurðum nefndarinnar um töku húsnæðis samkv. þessari grein má skjóta til yfirhúsaleigunefndar, og eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir. — Hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður ábyrgist greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er samkvæmt þessari lagaheimild, svo og greiðslu skaðabóta fyrir spjöll á hinu leigunumda, er leigutaki eða fólk á hans vegum telst eiga sök á. — **6. gr.** Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:[a]) — Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939. Kauplagsnefnd skal, með aðstoð hagstofunnar, reikna út hækkun viðhaldskostnaðar fjórum sinnum á ári, 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des., miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa frá fyrsta næsta mánaðar eftir að húsaleiguvísitalan hefur verið reiknuð út hverju sinni, enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd. — [Nú hefur húsaleiga verið hækkuð í samræmi við vísitölu og hækkunin innheimt, án þess að húsaleigunefnd hafi staðfest leigumálann eða án þess að skriflegur leigumáli hafi verið gerður, og er þá hækkunin ekki endurkræf frá leigusala, ef húsaleigunefnd staðfestir leigumálann síðar eða grunnleiguupphæðin er hófleg að hennar dómi.][1]) — Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati húsaleigunefndar leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti eða lýsingu, sem innifalið er í leigunni, vaxtahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem leigt hefur verið lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda fyrsta næsta mánaðar eftir að matið fór fram. — **7. gr.** Nú vanrækir leigusali (framleigusali) viðhaldsskyldu sína, eða húsnæði telst af öðrum ástæðum leigt

1) L. nr. 56, 25. maí 1950, § 2. — a) XVII, 28, 30. — b) XVI, 438—9. — c) XVI, 22. — d) XV, 1, XIX, 378. — e) XIX, 435, 437.

1) L. nr. 95, 12. des. 1945, § 1. — a) XVI, 319.

óhæfilega hátt vegna ásigkomulags þess, þá getur leigutaki (framleigutaki) beiðzt mats húsaleigunefndar á húsaleigunni. Eigi er nefndinni þó skylt að taka slíka beiðni til greina, nema leigutaki (framleigutaki) leiði líkur að því, að málaleitunin hafi við rök að styðjast. Meti nefndin leiguna lægri en umsamið hefur verið, skal færa hana niður í samræmi við matið, og gildir lækkunin frá 1. næsta mánaðar eftir að matið fór fram. — Á sama hátt og húsaleiga hefur verið hækkuð samkv. 6. gr. skal leigusali færa leiguna niður, ef breytingar þær, sem áður urðu til hækkunar á leigunni, leiða síðar til lækkunar. — **8. gr.** [Í Reykjavík skal skipa þriggja manna húsaleigunefnd. Tveir af þeim skulu skipaðir af ríkisstjórninni, annar eftir tilnefningu Leigjendafélags Reykjavíkur og hinn eftir tilnefningu Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu vera lögfræðingar. — Húsaleigunefnd úrskurðar um gildi uppsagnar og önnur þau atriði, er greinir í lögum þessum, og framkvæmir mat á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum samkvæmt lögunum. Skulu allir nefndarmenn vera á fundi, þegar ákvarðanir eru teknar, og taka þátt í atkvæðagreiðslu. Nú er aðalmaður forfallaður, og kemur þá varamaður í hans stað. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.][1] — Tveir nefndarmenn, er félagsmálaráðherra tilnefnir, skulu framkvæma mat það á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum, er í lögum þessum greinir, undir eftirliti formanns, og getur þar einnig komið varamaður í stað aðalmanns. — Skylt er málsaðilum að koma á fund nefndarinnar, ef hún krefst þess, og gefa upplýsingar um málsatriði. — Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því að málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. — **9. gr.** Í bæjarfélögum og þorpum utan Reykjavíkur skulu húsaleigunefndir skipaðar 3 mönnum. Af þeim kýs viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd 2 menn, en félagsmálaráðherra skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. [Nú er félag leigjenda og félag fasteignaeigenda starfandi í bæjarfélagi eða þorpi, og tilnefna þau þá sinn manninn hvort í húsaleigunefnd, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs þá ekki menn í nefndina.][1] — Í sveitum annast úttektarmenn ásamt hreppsnefndaroddvita þau störf, sem með lögum þessum eru falin húsaleigunefndum. — **10. gr.** Húsaleigunefnd ber að fella úrskurð um ágreining út af uppsögn á leigusamningi um húsnæði samkvæmt 1. gr. laga þessara.[a] Skjóta má þeim úrskurði nefndarinnar til dómstólanna, en hlíta skal honum, unz dómur fellur. — **11. gr.** Skylt er að leggja fyrir húsaleigunefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir hafa verið eftir 14. maí 1940.[b] Skal nefndin gæta þess, að leigan sé ekki ákveðin hærri en hún áður var (sbr. 6. gr.), og hefur hún vald til að úrskurða um upphæð leigunnar, ef þörf gerist. Þá er og skylt að láta nefndina meta leigu eftir ný hús og húsnæði, sem ekki hefur verið leigt áður, og er leigusala (framleigusala) óheimilt að áskilja sér eða taka hærri leigu en nefndin metur. Nefndinni ber einnig að framkvæma mat á leigu samkvæmt 5., 6. og 7. gr. laga þessara. — Úrskurðum húsaleigunefndar um mat á húsaleigu má skjóta til yfirhúsaleigunefndar, er í eiga sæti fimm menn, og skulu þrír þeirra skipaðir af ríkisstjórninni, en tveir af hæstarétti, og sé að minnsta kosti annar þeirra lögfræðingur og formaður nefndarinnar. Sé matsgerðum utan Reykjavíkur skotið til yfirhúsaleigunefndar, getur nefndin við mat sitt lagt til grundvallar skýrslur trúnaðarmanna á staðnum um ásigkomulag hins leigða. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti yfirhúsaleigunefnd nánari starfsreglur, og greiðist kostnaður af störfum hennar úr ríkissjóði. — **12. gr.** Við mat á húsaleigu skulu húsaleigunefnd og yfirhúsaleigunefnd kynna sér, svo sem föng eru á, allt það, er áhrif getur haft á leiguna, svo sem verð húsnæðisins, viðhald þess, ásigkomulag og legu, og taka jafnframt tillit til húsaleigu almennt í sambærilegu húsnæði á þeim stað. — [Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót samkv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera 7 krónur á mánuði fyrir hvern fermetra gólffflatar íbúðarinnar, séu húsin byggð fyrir árslok 1944, en 8—9 krónur fyrir hvern fermetra í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar.

1) L. nr. 56, 25. maí 1950, § 3.

1) L. nr. 56, 25. maí 1950, § 4. — a) XVII, 32. — b) XVI, 66, XVIII, 127.

1943 Nr. 39 7. apríl

1943 Nr. 39 7. apríl

Nú er lofthæð íbúðar minni en 2,5 m, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur, er hæðin er minni en 2,5 m. Nú er greidd hærri húsaleiga en ákvæði laga þessara heimila, og skal leigan þá lækkuð samkv. hámarksákvæðunum hér að framan.][1]) — **13. gr.** Ef samið hefir verið um hærri leigu en heimilt er að taka samkvæmt lögum þessum, skal sá samningur ógildur að því er fjárhæðina snertir, og er afturkræft það, sem leigutaki kann að hafa ofgreitt samkvæmt slíkum samningi.[a]) — **14. gr.** Fari leigutaki (framleigutaki) úr húsnæði að undangengnum úrskurði, sem byggzt hefur á því, að leigusali (framleigusali) og vandamenn hans þurfi á húsnæðinu að halda (sbr. 1. gr.), og síðan kemur í ljós, að þeir taka ekki húsnæðið til afnota, þá á fyrri leigutaki (framleigutaki) rétt til að fá húsnæðið aftur á leigu með sömu kjörum, ef hann kýs.[b]) — **15. gr.** Öll ákvæði þessara laga um íbúðarhúsnæði gilda og um leigu á húsum, bryggjum og pöllum til línuveiðabáta, sem róa úr landi. — Hafi leiga eftir slík hús, bryggjur og palla verið greidd með aflahlut, getur aðili krafizt, að leigan verði metin til peningaverðs, og má leiga þessi ekki hækka meira en sem svarar hækkun almennrar húsaleigu. — **16. gr.** Þegar eftir gildistöku þessara laga skal húsaleigunefnd — af sjálfsdáðum — meta leigu eftir öll herbergi í gistihúsum í umdæmi sínu. Um framkvæmd þessa mats og birtingu herbergjaverðs skal ákveðið með reglugerð, er félagsmálaráðherra setur. — **17. gr.** Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkvæmt lögum þessum, tekur við hærri leigu eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum frá [200—50000 krónum.][2])[c]) — Sektirnar renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber mál. — **18. gr.** Meðan lög þessi eru í gildi, skulu húsaleigusamningar undanþegnir stimpilgjaldi samkv. l. nr. 75 frá 1921. — **19. gr.** Ákvæði 2. mgr. 5. gr. falla úr gildi 14. maí 1944, og er fyrri afnotahafa húsnæðis, sem ráðstafað hefur verið samkv. ákvæðum þeirrar mgr., heimilt að segja slíku húsnæði upp til rýmingar frá þeim tíma með löglegum fyrirvara. . . . —

1) L. nr. 56, 25. maí 1950, § 5, sbr. l. nr. 30, 4. febr. 1952, § 1. — 2) Sömu l., § 6. — a) II, 653, XVI, 319, 316, XVIII, 128, 205, 208, 441, 438, XX, 194. — b) XVII, 604, XVIII, 178, 180. — c) XII, 220, XIV, 385, XV, 1, XVI, 66, (XXIV, 33), XXV, 182 (sýkna).

Ákvæði til bráðabirgða. Ákvæði laga þessara taka til uppsagna þeirra á leigusamningum og tilkynninga um skipti á húsnæði, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laganna og koma eiga til framkvæmda 14. maí 1943, enda hafi uppsögn eða tilkynning komið fram með löglegum fyrirvara. — [1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950. 2. Þann 14. maí 1951 falla úr gildi: a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði. b. Ákvæði laganna um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í. 3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi [14. maí 1953.][1]) — Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 2. tölul. b. og 3. tölulið, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag. — Nú verða lögin í gildi á einhverjum stöðum eftir [14. maí 1953,][1]) og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.][2])

1943 Nr. 39 7. apríl

Lög um hámark húsaleigu o. fl.

1952 Nr. 30 4. febr.

1. gr. Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera sem hér segir: 1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólffletar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál. 2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólffletar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál. 3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólffletar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál. — Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leiguupphæð samkvæmt þessari grein. — **2. gr.** Húsaleigunefndir framkvæma mat á leiguhúsnæði og annast um, að ákvæðum 1. gr. sé fylgt. — **3. gr.** . . . — **4. gr.** Leigusala (framleigusala), er óheimilt að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði, og eru slíkir leigusamningar ógildir. — Opinberir starfsmenn ríkis og bæja og alþingismenn, er koma til þingsetu, eru undanþegnir ákvæðum 1. mgr., svo og fastir nemendur í skólum ríkisins eða skólum, sem styrktir eru af ríkisfé, meðan þeir þurfa að hafa not skólavistar, en tilkynna skulu þessir

1) L. nr. 30, 4. febr. 1952, § 3. — 2) L. nr. 56, 25. maí 1950, § 7.

1952 Nr. 30 4. febr.

aðilar húsaleigunefnd ekki síðar en viku eftir að þeir koma í bæinn, hvaða húsnæði þeir hafa fengið, og um leiguskilmála. Húsaleigunefnd er og heimilt að veita einstökum mönnum undanþágu frá ákvæðum sömu málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á. — Utanhéraðsmönnum er óheimilt að flytja í hús, er þeir kunna að kaupa eftir gildistöku laga þessara í kaupstöðum eða kauptúnum landsins, nema fullnægt sé ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar. — Húsaleigunefnd getur látið framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem ólöglega hafa tekið húsnæði á leigu eða flutt í það samkvæmt framansögðu, og skal þessu húsnæði ráðstafað handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum. — **5. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—10000 krónum.

1933 Nr. 93 19. júní

Víxillög.

Fyrsti þáttur. — Um víxla á hendur öðrum manni. — Fyrsti kapítuli. — Um útgáfu víxils og form. — 1. gr. Í víxli skal greina: 1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.[a]) 2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (víxilfjárhæð). 3. Nafn þess, er greiða skal (greiðandi, trassat). 4. Gjalddaga. 5. Greiðslustað. 6. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísa má víxilfjárhæðinni til greiðslu (viðtakandi, remittent). 7. Útgáfudag og útgáfustað víxilsins;[b]) og 8. Undirskrift þess, er víxilinn gefur út (útgefandi, trassent). — **2. gr.**[c]) Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi víxilgildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein. — Sé gjalddagi eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu.[b]) — Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, talinn vera greiðslustaður víxilsins, og skal þessi staður þá einnig vera talinn heimili greiðanda. — Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda. — **3. gr.** Víxil má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs. — Gefa má víxil út á hendur útgefanda sjálfum. — Gefa má víxil út fyrir reikning þriðja manns. — **4. gr.** Kveða má svo á í víxli, að hann skuli greiddur hjá þriðja manni, annaðhvort á þeim stað, þar sem greiðandi býr, eða annarsstaðar. — **5. gr.** Útgefandi getur kveðið svo á í víxli, sem greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, að vexti skuli greiða af víxilfjárhæðinni, en í öllum öðrum víxlum skulu slík ákvæði metin sem óskráð. — Tilgreina skal vaxtahæðina í víxlinum, og skal ákvæðið um vexti að öðrum kosti metið sem óskráð. — Vextina skal greiða frá útgáfudegi víxilsins, sé eigi annar dagur tiltekinn. — **6. gr.** Nú er fjárhæð tilgreind í víxli bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð. — Sé fjárhæðin tilgreind oftar en einu sinni í víxlinum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein. — **7. gr.** Séu á víxli nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig víxilskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnritanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna víxilskuldaranna gild, þrátt fyrir það. — **8. gr.** Sá, sem ritar nafn sitt á víxil fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir víxlinum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt víxilinn, sama rétt og hinn myndi hafa öðlazt. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt. — **9. gr.** Útgefandi ábyrgist samþykki víxilsins og greiðslu hans. — Undanskilja má hann sig ábyrgð á samþykki víxilsins, en hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu víxilsins, skal metinn sem óskráður væri. — **10. gr.** Nú er víxill eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við víxilhafa, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk víxilinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Annar kapítuli. — Um framsal víxla. — 11. gr. Framselja má víxil, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt víxillinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals. — Nú hefir útgefandi tekið í víxilinn orðin „eigi til framsals“ eða því lík orðatiltæki, og verður víxillinn þá aðeins framseldur með því formi og með þeim á-

a) II, 281, IV, 851, XXI, 173. — b) XVIII, 379. — c) X, 520.

1933 Nr. 93 19. júní

hrifum, er gilda um almennt framsal kröfu. — Framselja má víxil einnig til greiðanda, hvort sem hann hefir samþykkt víxilinn eða eigi, svo og til útgefanda eða annars víxilskuldara. Þessir menn geta framselt víxilinn aftur. — **12. gr.** Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru. — Framsal á nokkrum hluta víxilfjárhæðar aðeins er ógilt. — Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal. — **13. gr.** Framsal skal rita á víxilinn sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það. — Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum víxillinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið víxilsins eða á miða, sem við víxilinn er festur. — **14. gr.** Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er víxillinn veitir, til framsalshafa. — Sé framsalið eyðuframsal, getur víxilhafi: 1. Fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns, 2. framselt víxilinn að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða 3. afhent víxilinn þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á víxilinn. — **15. gr.** Sá, sem ritað hefir framsal á víxil, ábyrgist samþykki og greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð. — Hann getur lagt bann við því, að víxillinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er víxilinn fá framseldan eftir það. — **16. gr.** Sá, sem víxil hefir í höndum, skal talinn réttur víxilhafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazt víxilinn við eyðuframsalið. — Nú hefir víxill komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa þeim, er sannar rétt sinn með þeim hætti, er segir í næstu málsgrein hér að framan, eigi skylt að skila víxlinum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk víxilinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. — **17. gr.** Nú er lögsókn hafin út af víxilkröfu, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu víxilinn, nema því aðeins, að víxilhafi, er hann eignaðist víxilinn, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.[a] — **18. gr.** Séu orðin „til innheimtu“ í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð (framsal til umboðs), getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs. — Víxilskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn víxilhafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda. — Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar. — **19. gr.** Séu orðin „til tryggingar“, „að veði“ eða önnur orð, sem lúta að veðsetningu, í framsali, getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en framsal hans á víxlinum hefir aðeins gildi sem framsal til umboðs. — Víxilskuldarar geta eigi borið þær varnir fram gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum þeirra við framseljanda, nema því aðeins, að víxilhafi, er hann eignaðist víxilinn, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón. — **20. gr.** Framsal, sem ritað er eftir gjalddaga víxilsins, hefir sömu áhrif sem framsal ritað fyrir þann tíma. Sé framsal ritað eftir að afsögn vegna greiðslufalls hefir farið fram, eða eftir að afsagnarfrestur er liðinn, hefir það þó aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu. — Ódagsett framsal skal talið ritað áður en afsagnarfrestur leið, nema annað sannist.

1933 Nr. 93 19. júní

Þriðji kapituli. — Um samþykki víxla. — 21. gr. Fram til gjalddaga víxils getur hver, sem víxilinn hefir í höndum, sýnt hann til samþykkis greiðanda, á þeim stað, þar sem greiðandi býr. — **22. gr.** Útgefandi getur kveðið svo á í víxli, að sýna skuli hann til samþykkis, hvort sem hann jafnframt setur frest til sýningar eða eigi. — Hann getur lagt bann við því í víxlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, enda sé eigi að ræða um víxil, er greiðast á hjá þriðja manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem greiðandi býr, eða víxil, er greiðast á tilteknum tíma eftir sýningu. — Hann getur einnig mælt svo fyrir, að víxillinn skuli eigi sýndur til samþykkis fyrir tiltekinn tíma. — Sérhver framseljandi getur mælt svo fyrir, að víxillinn skuli sýndur til samþykkis, hvort sem hann um leið kveður á um sýningarfrest eða

a) VII, 58.

eigi. Þetta gildir þó eigi, ef útgefandi hefir bannað sýningu víxilsins til samþykkis. — **23. gr.** Víxil, er greiða skal tilteknum tíma eftir sýningu, skal sýna til samþykkis áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans. — Útgefandi getur stytt frest þennan eða kveðið á um lengri frest. — Framseljendur geta stytt þessa fresti. — **24. gr.** Greiðandi getur krafizt þess, að víxill sé sýndur sér að nýju næsta dag eftir hina fyrstu sýningu. Nú er slíkri kröfu eigi sinnt, og verður sú vörn eigi höfð uppi, nema kröfunnar sé getið í afsagnargerðinni. — Víxilhafa er eigi skylt að láta víxilinn frá sér í vörzlur greiðanda, er hann sýnir víxilinn til samþykkis. — **25. gr.** Samþykki skal rita á víxilinn. Það skal látið í ljós með orðinu „samþykkur", eða öðru samsvarandi orðatiltæki, og skal það undirritað af greiðanda. Nafnritun greiðanda á framhlið víxilsins gildir, ein út af fyrir sig, sem samþykki. — Eigi að greiða víxilinn tilteknum tíma eftir sýningu, eða eigi, eftir sérstöku ákvæði, að sýna hann til samþykkis á tilteknum fresti, skal samþykki dagsett og þá tilgreindur sá dagur, er samþykki var gefið, nema víxilhafi krefjist þess, að tilgreindur sé sá dagur, er sýning átti sér stað. Vanti dagsetningu, verður víxilhafi, til þess að varðveita fullnusturétt sinn gegn framseljendum og útgefanda, að sanna vöntun dagsetningarinnar með afsagnargerð, er fram fari í tæka tíð. — **26. gr.** Samþykki skal vera skilyrðislaust. Þó má greiðandi takmarka samþykkið við nokkurn hluta fjárhæðar víxilsins. — Sé annars á einhvern hátt vikið frá efni víxils við samþykki hans, skal það metið sem synjun á samþykki. Samþykkjandi er þó skuldbundinn eftir hljóðan samþykkis síns. — **27. gr.** Hafi útgefandi tilgreint á víxlinum annan greiðslustað en þann stað, þar sem heimili greiðanda er, og eigi tilnefnt neinn þriðja mann, er greiðsla skuli fara fram hjá, getur greiðandi, er hann samþykkir víxilinn, tilnefnt þennan mann. Sé enginn tilnefndur, skal líta svo á, að samþykkjandi hafi skuldbundið sig til þess að leysa sjálfur víxilinn inn á greiðslustaðnum. — Hljóði víxill um greiðslu hjá greiðanda, getur hann, er hann samþykkir víxilinn, tilgreint, hvar greiðslu skuli krafizt á greiðslustaðnum, eða tilnefnt annan mann á sama stað, er greiði víxilinn. — **28. gr.** Með samþykki sínu skuldbindur greiðandi sig til þess að greiða víxilinn í eindaga. — Verði víxillinn ekki greiddur, á víxilhafi, jafnvel þótt hann sé útgefandi víxilsins, beina kröfu samkvæmt víxlinum á hendur samþykkjanda um allt það, er krefja má samkvæmt 48. og 49. gr. — **29. gr.** Nú hefir greiðandi ritað samþykki sitt á víxil, en strikar það út áður en hann skilar víxlinum aftur, og skal þá talið, að neitað sé um samþykki. Útstrikunin skal talin hafa verið gerð áður en víxlinum var skilað aftur, nema annað verði sannað. — Hafi greiðandi skriflega skýrt víxilhafa eða einhverjum víxilskuldara frá samþykki sínu, er hann þó skuldbundinn við þá eftir hljóðan samþykkis síns.

Fjórði kapítuli. — Um ábyrgð á víxilkröfu (aval.).[a] — **30. gr.** Tryggja má greiðslu víxils með ábyrgð á allri víxilfjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar. — Ábyrgðina getur tekið á sig jafnt þriðji maður sem einhver víxilskuldaranna. — **31. gr.** Ábyrgð skal rituð á víxilinn eða á miða, er við víxilinn sé festur. — Henni skal lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður", eða með öðru samsvarandi orðatiltæki, og skal hún undirrituð af þeim, sem í ábyrgðina gengur (avalist). — Nafnritun ein sér á framhlið víxilsins skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun greiðanda eða útgefanda sé að ræða. — Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda. — **32. gr.** Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir. — Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla. — Greiði ábyrgðarmaður víxil, öðlast hann allan rétt samkvæmt víxlinum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt víxlinum bera ábyrgð gagnvart honum.

Fimmti kapítuli. — Um gjalddaga víxils. — **33. gr.** Víxill getur hljóðað um borgun: við sýningu (a vista); — tilteknum tíma eftir sýningu (a viso); — tilteknum tíma eftir útgáfudag (a dato) eða — á tilteknum degi. — Víxill, sem hljóðar um borgun á öðrum gjalddaga en þessum, eða greiðast á smám saman á fleiri en einum gjalddaga, er ógildur. — **34. gr.** Sýningarvíxill skal greiddur við sýningu. Sýna skal hann til greiðslu áður en eitt ár er liðið frá útgáfu-

a) II, 1037.

degi hans. Útgefandi getur stytt frest þennan eða kveðið á um lengri frest. Framseljendur geta stytt fresti þessa. — Útgefandi getur mælt svo fyrir, að víxill, er greiðast á við sýningu, skuli eigi sýndur til greiðslu fyrir tiltekinn tíma. Telst sýningarfrestur þá frá þeim tíma. — **35. gr.** Gjalddagi víxils, er hljóðar um borgun tilteknum tíma eftir sýningu, skal miðast við dagsetningu samþykkis eða afsagnargerðar. — Sé samþykki eigi dagsett, og hafi afsagnargerð heldur eigi farið fram, skal gagnvart samþykkjanda líta svo á, að víxillinn hafi verið samþykktur á síðasta degi frests þess, er settur er til sýningar víxilsins til samþykkis. — **36. gr.** Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, verður sami mánaðardagur í þeim mánuði, er greiða á víxilinn í, gjalddagi hans. Nú er sá dagur eigi til í mánuðinum, og er þá síðasti dagur mánaðarins gjalddagi víxilsins. — Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum og hálfum mánuði eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, skulu heilu mánuðurnir taldir fyrstir. — Sé gjalddagi ákveðinn í upphafi mánaðar, í miðjum mánuði eða í lok mánaðar, merkja þau orð fyrsta, fimmtánda eða síðasta dag mánaðarins. — Orðin „átta dagar" eða „fimmtán dagar" merkja eigi eina eða tvær vikur, heldur heila átta eða fimmtán daga. — Orðin „hálfur mánuður" merkja fimmtán daga. — **37. gr.** Hljóði víxill um greiðslu á tilteknum degi á stað, þar sem annað tímatal gildir en á útgáfustað hans, skal líta svo á, að gjalddaginn sé ákveðinn eftir tímatalinu á greiðslustaðnum. — Þegar víxill, sem út er gefinn milli tveggja staða með mismunandi tímatali, hljóðar um greiðslu tilteknum tíma eftir útgáfudag, skal reikna út þann dag að tímatalinu á greiðslustaðnum, er svarar til útgáfudagsins, og skal gjalddaginn ákveðinn eftir því. — Sýningarfrestir víxla skulu taldir samkvæmt því, er segir í næstu málsgrein hér á undan. — Reglum þessum skal eigi beitt, ef það verður séð af sérstöku ákvæði á víxlinum eða af efni hans að öðru leyti, að til þess hafi verið ætlazt, að eftir öðrum reglum yrði farið.

Sjötti kapítuli. — Um greiðslu víxla.[a]) — **38. gr.** Handhafi víxils, er greiðast á á tilteknum degi, tilteknum tíma eftir útgáfudag eða eftir sýningu, skal sýna víxilinn til greiðslu annaðhvort á þeim degi, er hann skyldi greiddur, eða á öðrumhvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir. — Afhending víxils til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu. — **39. gr.** Nú greiðir greiðandi víxil, og getur hann þá krafizt þess, að víxillinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun víxilhafa.[a]) — Víxilhafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins. — Nú er nokkur hluti víxilfjárhæðar greiddur, og getur greiðandi þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á víxlinum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni. — **40. gr.** Víxilhafa er eigi skylt að taka við greiðslu víxils fyrr en á gjalddaga hans. — Nú greiðir greiðandi fyrir gjalddaga, og gerir hann það á sjálfs sín ábyrgð. — Sá, sem greiðir víxil á gjalddaga hans, leysist með því endanlega undan skuldbindingu sinni, nema um svik eða stórkostlegt gáleysi af hans hálfu sé að ræða. Honum er skylt að fullvissa sig um, að framsöln séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar. — **41. gr.** Hljóði víxill um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má greiða víxilfjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á gjalddaga.[b]) Greiði víxilskuldari eigi á réttum tíma, getur víxilhafi krafizt þess, að víxilfjárhæðin sé greidd í mynt, gjaldgengri á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á gjalddaga eða á greiðsludegi. — Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að víxilfjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í víxlinum sjálfum. — Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt.)[c]) — Sé víxilfjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem víxillinn er gefinn út, og landi því, þar sem hann á að greiðast, skal líta svo á, að átt sé við mynt greiðslustaðarins. — **42. gr.** Sé víxill eigi sýndur til greiðslu innan þess frests, er ræðir um í 38. gr., er hverjum víxilskuldara heimilt að koma víxilfjárhæðinni í geymslu, á kostnað og ábyrgð

a) II, 286, IV, 178, 565, V, 664, 751, 754.

a) IV, 690, 693. — b) XIII, 242. — c) I, 604, IX, 757, 754, XI, 287.

1933 Nr. 93 19. júní

víxilhafa, í þeim stofnunum, sem löggiltar eru til að taka við geymslufé.

Sjöundi kapituli. — Um fullnustu vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls. — 43. gr. Þegar gjalddagi er kominn og víxill hefir eigi verið greiddur, getur víxilhafi leitað fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum víxilskuldurum. — Sama rétt á víxilhafi, þó gjalddagi enn eigi sé kominn: — 1. Ef neitað hefir verið um samþykki að nokkru eða að öllu. — 2. Ef bú greiðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, eða hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að hann geti eigi greitt skuldir sínar, eða sé hann kaupmaður og hafi stöðvað greiðslur sínar. Gildir þetta jafnt, hvort sem greiðandi hefir samþykkt víxilinn eða eigi. — 3. Ef bú útgefanda, er lagt hefir bann við því í víxli, að hann sé sýndur til samþykkis, hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamninga. — **44. gr.** Sanna skal neitun samþykkis eða greiðslufall með opinberri gerð (afsagnargerð vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls). — Afsögn vegna samþykkisskorts skal gerð áður en frestur sá er liðinn, sem settur er til sýningar víxilsins til samþykkis. Hafi hin fyrsta sýning, er svo stendur á sem segir í 1. mgr. 24. gr., farið fram á síðasta degi í frestinum, má samt gera afsögn á næsta degi þar á eftir. — Afsögn vegna greiðslufalls á víxli, er greiðast á á tilteknum degi, eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga. Nú á víxill að greiðast við sýningu, og eiga þá ákvæði þau, er sett eru í næstu málsgr. hér að framan um afsögn vegna samþykkisskorts, einnig við um afsögn hans vegna greiðslufalls, eftir því sem við á. — Hafi víxill verið afsagður vegna samþykkisskorts, þarf eigi að sýna hann til greiðslu eða afsegja hann vegna greiðslufalls. — Hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að greiðandi geti eigi greitt skuldir sínar, eða hafi hann, sé hann kaupmaður, stöðvað greiðslur sínar, getur víxilhafi eigi leitað fullnustu vegna þess, fyrr en hann hefir sýnt greiðanda víxilinn til greiðslu og afsögn hefir verið gerð. — Verði bú greiðanda tekið til gjaldþrotaskipta, eða taki skiptaréttur til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, nægir það, til þess að víxilhafi megi leita fullnustu, að hann leggi fram úrskurðinn, sem kveður á um gjaldþrotaskiptin eða nauðasamningstilraunirnar. Sama gildir, ef bú útgefanda, er lagt hefir bann við því í víxlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, verður tekið til gjaldþrotaskipta eða beiðni hans um aðstoð til tilrauna um nauðasamning verður tekin til greina af skiptarétti. — **45. gr.** Víxilhafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um samþykkisskort eða greiðslufall innan fjögra virkra daga eftir afsagnardag, eða hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er hann fékk, og greina nöfn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram, þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan. — Þegar tilkynning er send víxilskuldara samkvæmt því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann víxilskuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti. — Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt, eða tilgreint það svo, að ólæsilegt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á víxlinum. — Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda víxilinn. — Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn. — Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr víxilfjárhæðinni. — **46. gr.** Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar", „án afsagnar" eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf víxilhafi þá eigi, til þess að halda fullnusturétti sínum, að láta afsegja víxilinn vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls. — Fyrirvari þessi leysir víxil-

hafa hvorki undan því að sýna víxilinn innan fresta þeirra, er til þess eru settir, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 45. gr. Sönnun þess, að frestir hafi verið látnir hjá líða, hvílir á þeim, er bera vill það fyrir sig gegn víxilhafa. — Hafi útgefandinn sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum víxilskuldurunum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir víxilhafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern víxilskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð. — **47. gr.** Þeir, sem út hafa gefið víxil, samþykkt hann eða framselt eða gerzt ábyrgðarmenn að honum, bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart víxilhafa. — Víxilhafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum skuldurum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á víxlinum. — Sama rétt á hver víxilskuldari, sem leyst hefir víxilinn til sín. — Nú er mál höfðað gegn einum af víxilskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á víxlinum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur. — **48. gr.** Víxilhafi getur krafizt af þeim, er hann leitar fullnustu hjá: 1. Þess hluta víxilfjárhæðarinnar, sem eigi var samþykktur eða eigi greiddur, ásamt vöxtum, ef vextir voru áskildir. 2. Vaxta frá gjalddaga, 6% í ársvexti. 3. Kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar þær, er mælt er fyrir um í 45. gr., svo og annars kostnaðar,[a]) og 4. þóknunar, er sé ⅓% af víxilfjárhæðinni. — Nú er fullnustu leitað fyrir gjalddaga, og skal þá draga frá víxilfjárhæðinni víxilforvexti, eftir því sem bankaforvextir eru reiknaðir af víxlum á þeim stað, þar sem víxilhafi býr, þann dag, sem fullnustu er krafizt. — **49. gr.** Sá, sem víxilinn leysir til sín, getur krafizt af þeim víxilskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum: 1. Allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt; 2. vaxta af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana, 6% í ársvexti; 3. kostnaðar þess, er hann hefir haft, og 4. þóknunar, er sé ⅓% af víxilfjárhæðinni. Þó mega þóknunargjöldin aldrei nema meiru samtals en 2% af víxilfjárhæðinni. — [**49. gr. a.** Nú eru almennir víxilvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, og skal þá heimilt að krefja um vexti af víxli í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði 48. og 49. gr.][1]) — **50. gr.** Hver sá víxilskuldari, sem krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá víxilinn afhentan sér ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð. — Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir víxilinn, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljanda, sem á eftir honum komu. — **51. gr.** Nú er víxillinn aðeins samþykktur að því er tekur til nokkurs hluta víxilfjárhæðarinnar, og fullnustu síðan krafizt, og getur þá sá, er greiðir þann hluta víxilfjárhæðarinnar, er eigi fékkst samþykktur, heimtað, að þeirrar greiðslu sinnar sé getið á víxlinum og að sér sé jafnframt gefin sérstök kvittun fyrir henni. Víxilhafi skal ennfremur, auk afsagnargerðarinnar, fá honum staðfest eftirrit af víxlinum, og má þá leita fullnustu samkvæmt því eftirriti. — **52. gr.** Hver sá, sem fullnustu getur krafizt, getur, sé annað eigi áskilið, tekið sér greiðslu með nýjum víxli (gagnvíxill), er greiðist við sýningu og gefinn sé út á hendur einhverjum þeirra, er ábyrgð bera gagnvart honum, til greiðslu á þeim stað, þar sem sá maður býr. — Gagnvíxillinn skal nema upphæðum þeim, sem greinir í 48. og 49. gr., að viðbættu gjaldi til miðlara og stimpilgjaldi af gagnvíxlinum. — Gefi víxilhafi gagnvíxilinn út, skal fjárhæð hans ákveðin eftir gengi sýningarvíxla, sem gefnir eru út frá greiðslustað upphaflega víxilsins til þess staðar, þar sem hlutaðeigandi víxilskuldari býr. Gefi framseljandi gagnvíxilinn út, skal ákveða fjárhæðina eftir gengi sýningarvíxla, sem gefnir eru út frá þeim stað, þar sem útgefandi gagnvíxilsins býr, og til þess staðar, þar sem víxilskuldarinn býr. — **53. gr.** Séu frestir þeir látnir hjá líða, sem gilda — um sýningu víxils, er hljóðar um greiðslu við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, — um framkvæmd afsagnargerðar vegna samþykkisskorts eða vegna greiðslufalls, — um sýningu víxils til greiðslu, er fyrirvari hefir verið gerður um fullnustu án kostnaðar, — þá glatar víxilhafi rétti sínum gegn framseljendum, útgefanda og öðrum víxilskuldurum, nema samþykkjanda.[a]) — Hafi

a) XI, 290, 288.

1) L. nr. 83, 23. des. 1953, § 1. — a) XI, 290, 288, XVII, 588.

víxill eigi verið sýndur til samþykkis innan frests þess, sem útgefandi hefir ákveðið, glatar víxilhafi rétti sínum til fullnustu, bæði vegna samþykkisskorts og vegna greiðslufalls, nema það verði séð af ákvæðinu um frestinn, að útgefandi vildi aðeins undanskilja sig ábyrgð á samþykki. — Nú er settur frestur til sýningar í framsali, og getur þá hlutaðeigandi framseljandi einn borið það fyrir sig. — **54. gr.** Komi á fresti þeim, sem settur er til sýningar víxils eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun (innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrar óviðráðanlegir atburðir), og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir. — Víxilhafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og að geta þessarar tilkynningar og dagsetningar hennar á víxlinum eða miða, sem við víxilinn sé festur, og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðunum í 45. gr. — Jafnskjótt og tálmuninni er lokið, skal víxilhafi tafarlaust sýna víxilinn til samþykkis eða greiðslu, og láta afsegja hann, ef þarf. — Vari tálmunin lengur en þrjátíu daga eftir gjalddaga, má leita fullnustu án þess að nauðsynlegt sé að sýna víxilinn eða afsegja hann. — Sé um víxil að ræða, er greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, teljast þessir þrjátíu dagar frá þeim degi, er víxilhafi sendi síðasta framseljanda tilkynningu um tálmunina, þótt það hafi verið áður en sýningarfresti lauk. Nú á víxill að greiðast tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá bæta þeim tíma við þrjátíu daga frestinn. — Atvik, er aðeins varða víxilhafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna víxilinn eða láta afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir (vis major).

Áttundi kapituli. — Um meðalgöngu. — 1. Almenn ákvæði. — 55. gr. Útgefandi, framseljandi eða ábyrgðarmaður geta tilgreint nauðleitarmann til að samþykkja eða greiða víxilinn. — Þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, er greinir hér á eftir, getur maður gerzt meðalgöngumaður og samþykkt víxil eða greitt hann fyrir einhvern þann víxilskuldara, er fullnustu yrði krafinn. — Meðalgöngumaður getur verið einhver sá maður, sem eigi er víxilskuldari, jafnvel greiðandi víxilsins, eða einhver sá, sem orðinn er víxilskuldari, þó ekki samþykkjandi víxilsins. — Meðalgöngumaður skal, áður en tveir virkir dagar eru liðnir, senda þeim, er hann gerist meðalgöngumaður fyrir, tilkynningu um meðalgönguna. Láti hann frest þennan hjá líða, ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, er hljótast kann af vanrækslu hans; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr víxilfjárhæðinni. — **2. Samþykki fyrir meðalgöngu. — 56. gr.** Meðalgöngumaður getur samþykkt víxil, jafnan er víxilhafi getur leitað fullnustu fyrir gjalddaga víxilsins, nema því aðeins, að bannað hafi verið að sýna víxilinn til samþykkis. — Nú er á víxlinum vísað á nauðleitarmann á greiðslustaðnum, og getur víxilhafi þá eigi krafið þann, er vísaði á nauðleitarmanninn, né þá víxilskuldara, sem eftir honum koma, um fullnustu fyrir gjalddaga, nema hann hafi sýnt nauðleitarmanninum víxilinn og, hafi hann neitað um samþykki, þá sannað neitun hans með afsagnargerð. — Endranær getur víxilhafi neitað að taka við samþykki meðalgöngumanns. Taki hann samt við samþykkinu, missir hann rétt sinn til þess að krefjast fullnustu fyrir gjalddaga hjá þeim, er samþykkt var fyrir, og þeim víxilskuldurum, er eftir hann koma. — **57. gr.** Samþykki sitt skal meðalgöngumaður rita á víxilinn og undirrita það. Í samþykkinu skal þess getið, fyrir hvern það sé gefið. Sé þess eigi getið, telst samþykkið gefið fyrir útgefanda. — **58. gr.** Meðalgöngumaður, er samþykkt hefir víxil, ber ábyrgð gagnvart víxilhafa og þeim framseljendum, sem koma á eftir þeim, er hann samþykkti fyrir, með sama hætti og sá maður bar ábyrgð gagnvart þeim. — Þrátt fyrir það, þótt meðalgöngumaður hafi samþykkt víxil, getur sá, er hann samþykkti fyrir, og þeir víxilskuldarar, er ábyrgð bera gagnvart þeim manni, ef þeir greiða fjárhæð þá, sem í 48. gr. segir, krafizt þess, að víxilhafi skili sér víxlinum, kvittuðum reikningi og afsagnargerð, hafi hún farið fram. — **3. Greiðsla meðalgöngumanns. — 59. gr.** Meðalgöngumaður getur greitt víxil, jafnan er víxilhafi gæti leitað fullnustu, hvort heldur er fyrir gjalddaga eða eftir. — Greiða skal alla þá fjárhæð, er sá skyldi greiða, er fyrir er greitt. — Greiðsla skal fara fram í síðasta lagi næsta dag eftir þann dag, er afsögn vegna greiðslufalls síðast hefði orðið gerð. — **60. gr.** Hafi meðalgöngumaður, er heima á á greiðslustaðnum, samþykkt víxil, eða sé vísað á einn eða fleiri nauðleitarmenn á víxlinum, er búi á greiðslustaðnum, skal víxilhafi sýna öllum þessum mönnum víxilinn og, ef með þarf, láta afsegja hann vegna greiðslufalls í síðasta lagi næsta dag eftir

1933 Nr. 93 19. júní

þann dag, er afsögn síðast hefði orðið gerð. — Sé afsögn eigi gerð á þessum fresti, er sá, er vísaði á nauðleitarmanninn, eða sá, er víxillinn var samþykktur fyrir, og framseljendur þeir, er á eftir þeim koma, leystir frá skuldbindingum sínum. — **61. gr.** Víxilhafi, sem neitar að taka við greiðslu meðalgöngumanns, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er leystir hefðu orðið með greiðslunni. — **62. gr.** Sanna skal greiðslu meðalgöngumanns með kvittun, er rituð sé á víxilinn, og skal þess getið, fyrir hvern greitt sé. Nú er þess eigi getið, og skal þá talið, að greitt sé fyrir útgefanda. — Afhenda skal meðalgöngumanni víxilinn, ásamt afsagnargerð, hafi hún fram farið. — **63. gr.** Meðalgöngumaður, er víxil greiðir, öðlast réttindi þau, er víxillinn veitir, gegn þeim, er hann greiddi fyrir, og þeim, er samkvæmt víxlinum báru ábyrgð gagnvart þeim manni; þó má hann eigi framselja víxilinn af nýju. — Framseljendur þeir, er koma á eftir þeim, er greitt var fyrir, leysast með greiðslunni. — Bjóðist fleiri en einn meðalgöngumaður til að greiða, gengur sá þeirra fyrir, er flesta víxilskuldara leysir. Sá, er meðalgöngumaður gerist gagnstætt ákvæði þessu, og veit hversu á stendur, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er ella hefðu leystir orðið.

Níundi kapítuli. — Um samrit og eftirrit víxla. 1. Samrit. — 64. gr. Gefa má víxil út í fleiri samhljóða eintökum (samrit). — Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður víxill. — Sérhver handhafi víxils, er eigi greinir, að hann sé gefinn út í einu eintaki (einritaður), getur krafizt þess, að sér séu, á sinn kostnað, fengin samrit af víxlinum. Í því skyni skal hann snúa sér til þess, er næstur er fyrir framan hann; sá maður er skyldur til aðstoðar honum með tilmælum til þess, er næstur er á undan honum, og svo hver af öðrum, unz beiðnin kemur til útgefanda. Framseljendum er skylt að rita af nýju framsöl sín á nýju eintökin. — **65. gr.** Greiðsla samkvæmt einu af víxileintökunum leysir undan víxilskyldunni, þótt eigi sé það áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðandi ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, er samþykki hans er ritað á og honum hefir eigi verið skilað. — Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum víxileintök, ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur. — **66. gr.** Nú sendir víxilhafi eitt af víxileintökunum til samþykkis, og skal hann þá rita á hin eintökin nafn þess manns, er þetta eintak er hjá. Skylt er þeim manni að skila því til löglegs handhafa annars víxileintaks. — Nú neitar hann að skila eintaki þessu, og getur víxilhafi þá eigi leitað fullnustu fyrr en hann hefir sannað með afsagnargerð: 1. að sér hafi eigi verið skilað eintaki því, er til samþykkis var sent, þótt hann hafi krafizt þess, og 2. að hann hafi eigi getað fengið samþykki eða greiðslu samkvæmt öðru eintaki. — **2. Eftirrit. — 67. gr.** Hverjum handhafa víxils er rétt að taka eftirrit af honum. — Eftirrit víxils skal nákvæmlega fylgja frumvíxlinum, og skal það hafa að geyma eftirrit af framsölum og öðrum áritunum, sem á frumvíxlinum eru. Þess skal getið í eftirritinu, hve langt eftirritunin nær. — Framselja má víxileftirrit, svo og rita á það ábyrgðarskuldbindingu, með sama hætti og sömu áhrifum sem um frumvíxil væri að ræða. — **68. gr.** Í víxileftirriti skal þess getið, hver frumvíxilinn hafi með höndum, og er þeim manni skylt að skila löglegum handhafa eftirritsins frumvíxlinum. — Nú færist hann undan því, og getur þá handhafi eftirritsins eigi leitað fullnustu hjá þeim, er framselt hafa eftirritið eða ritað á það ábyrgðarskuldbindingu, fyrr en hann hefir sannað það með afsagnargerð, að sér hafi eigi verið skilað frumvíxlinum, þótt hann hafi krafizt þess. — Hafi verið rituð á frumvíxilinn, eftir síðasta framsal áður en eftirritið var gert, þessi athugasemd: „eftirleiðis er aðeins framsal á eftirrit gilt", eða önnur áritun sama efnis, eru framsöl þau, er seinna eru rituð á frumvíxilinn, ógild.

Tíundi kapítuli. — Um breytingar á víxli. — 69. gr. Nú eru breytingar gerðar á texta víxils, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á víxilinn eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á víxilinn, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphaflega texta hans.

Ellefti kapítuli. — Um fyrningu víxla. — 70. gr. Allar kröfur samkvæmt víxlinum á hendur samþykkjanda fyrnast á þremur árum frá gjalddaga. — Kröfur víxilhafa á hendur framseljendum og útgefanda fyrnast á einu ári frá þeim degi, er afsagnargerð fór fram, enda hafi afsögn verið gerð á réttum

1933 Nr. 93 19. júní

tíma, eða á einu ári frá gjalddaga, hafi fyrirvari verið gerður um fullnustu án kostnaðar. — Fullnustukröfur framseljanda á hendur öðrum framseljendum eða útgefanda fyrnast á sex mánuðum frá þeim degi, er framseljandi leysti víxilinn til sín, eða frá þeim degi, er fyrningu var slitið gagnvart honum. — **71. gr.** Fyrningu víxils er slitið, er stefna er birt í víxilmáli, krafa gerð í máli um notkun víxilkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, víxilkröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu víxils er og slitið, ef sá, sem sóttur er um víxilkröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á víxlinum. Sá, er slíka tilkynningu fær, getur slitið fyrningu þá, er ræðir um í 1. málsgr. 70. gr., með því að tilkynna samþykkjanda lögsóknina. — Fyrningu víxils er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er víxilkrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda. — Fyrningu er slitið með lýsingu víxilkröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst. — Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum víxilskuldurum en þeim, er einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan hann á víxlinum, er fyrningu sleit. — Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsókn er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti. — Nú verður gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 54. gr., og glatast þá víxilréttur eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því að tálmuninni lauk.

Tólfti kapítuli. — Almenn ákvæði. — 72. gr. Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða bankafrídag, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.[a]) — Nú á gerð fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður. — Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum. — Frestsdagar til greiðslu eftir gjaldaga gilda eigi um víxla. — **73. gr.** Nú glatast víxill, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað víxilsins. — Þegar stefna í ógildingarmáli er löglega birt, er útgefandi skyldur að gefa út nýjan víxil. Hafi hinn glataði víxill verði samþykktur, er samþykkjandi skyldur til að greiða hann á gjalddaga, þeim manni, er sannar rétt sinn til að taka við greiðslu. Setja skal þó útgefanda eða samþykkjanda næga tryggingu unz víxillinn er dæmdur ógildur eða ábyrgð þeirra eftir hinum glataða víxli er horfin á annan hátt. — **74. gr.** Nú hefir víxilkrafa fyrnzt eða víxilréttur glatazt fyrir vangeymslu, og er eiganda víxils rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld.[b])

Annar þáttur. — Um eiginvíxla. — Þrettándi kapítuli. — 75. gr. Í eiginvíxli skal greina: 1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á. 2. Skilyrðislaust loforð um að greiða tiltekna upphæð peninga. 3. Gjalddaga. 4. Greiðslustað. 5. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísa má víxilfjárhæðinni til greiðslu. 6. Útgáfustað og útgáfudag. 7. Undirskrift þess, er gefur skjalið út (útgefandi). — **76. gr.** Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi gildi sem eiginvíxill, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein. — Sé gjalddagi eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu. — Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal útgáfustaður skjalsins talinn vera greiðslustaður, og þá einnig vera

a) V, 665, 751, 754. — b) XVII, 588, XX, 490, 491.

talinn sá staður, er greiðandi býr á. — Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda. — **77. gr.** Um eiginvíxla gilda, að því leyti, sem þeim verður við komið, þau ákvæði, sem sett eru um víxla á hendur öðrum manni og varða: framsal víxla (11.—20. gr.),[a] — gjalddaga (33.—37. gr.), — greiðslu (38.—42. gr.), — fullnustu vegna greiðslufalls (43.—50. og 52.—54. gr.), — milligöngu við greiðslu (55. gr. og 59.—63. gr.), — eftirrit (67. og 68. gr.), — breytingar (69. gr.), — fyrningu (70.—71. gr.), — löghelga daga, reikning á frestum og bann gegn frestdögum til greiðslu eftir gjalddaga (72. gr.), — glataða víxla (73. gr.), og — rétt víxilhafa til málshöfðunar, er víxilkrafa er fyrnd eða glötuð fyrir vangeymslu (74. gr.). — Sömuleiðis gilda um eiginvíxla ákvæðin um víxla er greiðast eiga hjá þriðja manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem heimili greiðanda er (4. gr. og 27. gr.), um heimild til að áskilja vexti (5. gr.), um það, er víxilfjárhæð er tilgreind oftar en einu sinni og eigi hin sama í öll skiptin (6. gr.), um afleiðingar þess, að nafn er ritað á víxil með þeim atvikum, er segir í 7. gr., um það, er á víxli eru nafnritanir manna, er ritað hafa án umboðs eða farið hafa út fyrir umboð sitt (8. gr.), og ákvæðin um víxla, er eigi voru fullritaðir (10. gr.). — Ennfremur gilda um eiginvíxla ákvæðin um ábyrgð (30.—32. gr.). Sé eigi greint í áritun um ábyrgð, fyrir hvern hún sé tekin (31. gr. síðasta málsgr.), skal líta svo á, að hún sé tekin fyrir útgefanda. — **78. gr.** Útgefandi eiginvíxils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi víxils á hendur öðrum manni. — Nú hljóðar eiginvíxill um greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá sýna útgefanda hann, til áritunar um sýninguna, innan þess frests, sem getið er í 23. gr. Frestur frá sýningu telst þá frá þeim degi, er áritun útgefanda um sýningu er dagsett á víxlinum. Neiti útgefandi að rita á víxilinn um sýninguna eða að dagsetja áritunina, skal láta fara fram afsagnargerð um það (25. gr.), og telst fresturinn frá sýningu þá frá dagsetningu hennar.

Þriðji þáttur. — Um það, hve útlend lög koma til greina. — Fjórtándi kapituli. — 79. gr. Hvort erlendur maður sé umkominn

a) XXIV, 640.

þess að gangast undir víxilskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið. — Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir víxilskyldur samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er þó samt sem áður skuldbundinn hér í landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig. — **80. gr.** Um form víxilskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skylduna var gengið. — Nú er víxilskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er gengizt undir skuldbindingu, og leiðir þá ógilding hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild. — Víxilskuldbinding, sem íslenzkur ríkisborgari gengst undir erlendis og fullnægir skilyrðum íslenzkra laga um form, skal talin gild hér á landi gagnvart öðrum íslenzkum ríkisborgara, þótt skuldbindingin ella myndi talin ógild samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgr. þessarar greinar. — **81. gr.** Um áhrif þess, að víxill á hendur öðrum manni er samþykktur eða eiginvíxill gefinn út, skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast. — Um áhrif annarra víxilskuldbindinga skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir þær var gengizt, enda sé eigi öðruvísi fyrir mælt. — **82. gr.** Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, hver víxilskuldara sem hlut á að máli. — **83. gr.** Nú er svo litið á að lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, að víxilhafi sé einnig eigandi kröfu þeirrar, er varð tilefni þess, að víxillinn var út gefinn, og skal þá farið eftir þeim lögum um það efni. — **84. gr.** Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast, um það, hvort takmarka megi samþykki við nokkurn hluta víxilfjárhæðar og hvort víxilhafi geti neitað að taka við greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins. — **85. gr.** Um form afsagnargerðar og annarra gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að víxilrétti verði beitt eða hann varðveittur, og um frest til slíkra gerða, skal farið eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram. — **86. gr.** Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxill á að

1933 Nr. 93 19. júní

greiðast, um það, hversu farið skuli að, ef víxill glatast eða er stolið. — **87. gr.** Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf, um það efni.

Fjórði þáttur. — Lokaákvæði. — Fimmtándi kapituli. — **88. gr.** Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina. — **89. gr.** Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef víxillinn er fenginn honum. — **90. gr.** Sé afsagnar á sama víxli krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð. — **91. gr.**[a]) Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns, eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni. — Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beita, eftir því sem við á, um sýningu víxils til samþykkis eða til greiðslu. — **92. gr.** Nú á afsögn vegna greiðslufalls fram að fara, og býðst sá, sem afsögn á að gera hjá, til að greiða víxilinn að nokkru eða öllu, og skal þá sá, sem afsögn gerir, veita fénu móttöku, enda sé enginn annar maður viðstaddur, er veitt geti því móttöku fyrir gerðarbeiðanda hönd. Rita skal kvittun fyrir greiðslunni á víxilinn, og sé víxilfjárhæðin greidd að fullu, ásamt vöxtum þeim, er áskildir kunna að hafa verið, sbr. 5. gr., skal afhenda víxilinn þeim, er greiðir hann, ef gerðarbeiðandi hefir eigi látið öðruvísi um mælt við þann, er afsögn gerir. — **93. gr.** Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af víxlinum eða eftirriti hans og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir. — Á víxilinn eða eftirrit hans skal rita vottorð um afsagnargerðina. — **94. gr.** Færa skal afsagnargerð orðrétta inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi. — Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

a) I, 325, 335.

1933 Nr. 93 19. júní

Lög um tékka.[a])

1933 Nr. 94 19. júní

Fyrsti kapituli. — Um útgáfu tékka og form. — **1. gr.** Í tékka skal greina: 1. Orðið tékka í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á. 2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (tékkafjárhæð). 3. Nafn þess, er greiða skal (greiðslubanki, sbr. 3. gr.). 4. Greiðslustað. 5. Útgáfustað og útgáfudag tékkans, og 6. Undirskrift þess, er tékkann gefur út (útgefandi). — **2. gr.** Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu gr. hér á undan, og hefir skjalið þá eigi tékkagildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein. — Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðslubankans, talinn vera greiðslustaður tékkans. Séu fleiri staðir en einn tilgreindir við nafn greiðslubankans, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, er nefndur er fyrstur. — Sé greiðslustaður eigi tilgreindur með þeim hætti, er nú var sagt, eða með öðrum hætti, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, þar sem greiðslubankinn á aðalaðsetur sitt. — Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að tékinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda. — **3. gr.** Tékka má aðeins gefa út á hendur banka eða sparisjóði, sbr. 54. gr. — Ávísanir, sem gefnar eru út á hendur öðrum en banka eða sparisjóði, hafa eigi tékkagildi, enda þótt þær fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. gr., sbr. 2. gr. — **4. gr.** Útgefandi skal hafa til umráða fé hjá greiðslubankanum, er honum sé heimilt, samkv. samningi við greiðslubankann, að ráðstafa með tékkum. — **5. gr.** Tékki má hljóða um greiðslu: til tiltekins manns, hvort sem bætt er við eða eigi orðunum „eða þess, er hann framselur“, — til tiltekins manns,

a) (XXIII, 82), sjá um refsivert misferli með tékka við 248. og 261. gr. alm. hgl.

með viðbótinni „eigi til framsals“ eða samsvarandi orðum, eða — til handhafa. — Nú er tékki gefinn út til tiltekins manns, og bætt við orðunum „eða til handhafa“ eða samsvarandi orðum, og skal þá líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa. — Nú er eigi greint í tékka, hver við borgun eigi að taka, og skal þá einnig líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa. — **6. gr.** Tékka má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs. — Gefa má tékka út fyrir reikning þriðja manns. — Tékka má eigi gefa út á hendur útgefanda sjálfum. Þó má gefa út tékka, er eigi hljóðar um greiðslu til handhafa, milli tveggja starfsdeilda sama banka. — **7. gr.** Sé í tékka gefið loforð um vexti, skal meta það sem óskráð. — **8. gr.** Tékki getur hljóðað um greiðslu hjá öðrum banka en greiðslubankanum, annaðhvort á þeim stað, þar sem hann hefir aðsetur sitt, eða á öðrum stað. — **9. gr.** Nú er fjárhæð tilgreind í tékka bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð. — Sé fjárhæðin tilgreind oftar en einu sinni í tékkanum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein. — **10. gr.** Séu á tékka nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig tékkaskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnritanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna tékkaskuldaranna gild, þrátt fyrir það. — **11. gr.** Sá, sem ritar nafn sitt á tékka fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir tékkanum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt tékkann, sama rétt og hinn myndi hafa öðlazt. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt. — **12. gr.** Útgefandi ábyrgist greiðslu tékkans. Hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu tékkans, skal metinn sem óskráður væri. — **13. gr.** Nú er tékki eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við tékkahafann, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Annar kapituli. — Um framsal tékka. —

14. gr. Tékka, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, má framselja, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt tékkinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals. — Tékki, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, með viðbótinni „eigi til framsals“ eða samsvarandi orðum, verður aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, sem gilda um almennt framsal kröfu. — Framselja má tékka einnig til útgefanda, til fyrri framseljanda eða ábyrgðarmanns. Þessir menn geta framselt tékkann aftur. — **15. gr.** Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru. — Framsal á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins er ógilt. — Framsal frá greiðslubankanum er einnig ógilt. — Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal. — Framsal til greiðslubankans gildir einungis sem kvittun, nema þá er svo stendur á, að bankinn hefir fleiri starfsdeildir en eina og tékkinn er gefinn út á hendur annarri starfsdeild en þeirri, sem hann er framseldur. — **16. gr.** Framsal skal rita á tékkann sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það. — Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum tékkinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið tékkans eða á miða, sem við tékkann er festur. — **17. gr.** Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er tékkinn veitir, til framsalshafa. — Sé framsalið eyðuframsal, getur tékkahafinn: 1. fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns, 2. framselt tékkann að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða 3. afhent tékkann þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á tékkann. — **18. gr.** Sá, er ritað hefir framsal á tékka, ábyrgist greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð. — Hann getur lagt bann við því, að tékkinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er tékkann fá framseldan eftir það. — **19. gr.** Sá, sem hefir í höndum tékka, er framselja má samkv. 1. mgr. 14. gr., skal talinn réttur tékkahafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á

eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazt tékkann við eyðuframsalið. — **20. gr.** Nú er framsal ritað á tékka, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, og ber þá sá, sem framsalið ritaði, ábyrgð samkvæmt þeim reglum, er um fullnustu gilda, en tékkinn greiðist handhafa eftir sem áður. — **21. gr.** Nú hefir tékki komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa tékkans, er sannar rétt sinn með þeim hætti, sem segir í 19. gr., eða sé um tékka að ræða, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, eigi skylt að skila tékkanum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. — **22. gr.** Nú er lögsókn hafin út af tékka, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn tékkahafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu tékkann, nema því aðeins, að tékkahafi, er hann eignaðist tékkann, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón. — **23. gr.** Séu orðin „til innheimtu" í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð, getur tékkahafi neytt allra þeirra réttinda, er tékkinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs. — Tékkaskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn tékkahafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda. — Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar. — **24. gr.** Framsal, sem ritað er eftir að afsagnargerð hefir fram farið, sbr. síðustu málsgr. 40. gr., eða eftir lok sýningarfrests, hefir aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu. — Ódagsett framsal skal talið ritað áður en afsagnargerð fór fram eða fyrir lok frests þess, er ræðir um í næstu málsgr. hér að framan, nema annað sannist.

Þriðji kapítuli. — Um áritanir greiðslubankans á tékka. — **25. gr.** Hafi greiðslubankinn látið rita á tékka áritun, er skilja má á þá leið, að tékkinn muni verða greiddur (bókað, athugað eða því um líkt), eða hafi hann látið rita nafnritun sína á framhlið tékkans, er honum skylt að leysa til sín tékkann, sé hann sýndur til greiðslu innan þess frests, sem kveðið er á um í 29. gr. — Áritanir greiðslubankans á tékka, er fela í sér viðtækari greiðsluskyldu en þær áritanir, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., hafa þó eigi frekari áhrif en þar segir. — Leysi greiðslubankinn eigi tékkann til sín, er hann er sýndur honum, á tékkahafi, eins þó útgefandi sé, beina kröfu á hendur honum um greiðslu alls þess, er krefjast má samkv. 45. og 46. gr.

Fjórði kapítuli. — Um ábyrgð á tékkakröfu (aval.). — **26. gr.** Tryggja má greiðslu tékka með ábyrgð á allri tékkafjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar. Ábyrgð getur tekið á sig þriðji maður sem einhver tékkaskuldaranna, að greiðslubankanum undanskildum. — Ábyrgð skal rituð á tékkann eða á miða, sem við hann er festur, og skal henni lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður" eða með öðrum samsvarandi orðatiltækjum. — Ábyrgðin skal undirrituð af þeim, er í hana gengur. Nafnritun ein sér á framhlið tékkans skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun útgefanda sé að ræða. — Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda. — **27. gr.** Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir. — Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla. — Greiði ábyrgðarmaður tékka, öðlast hann allan rétt samkvæmt tékkanum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt tékkanum bera ábyrgð gagnvart honum.

Fimmti kapítuli. — Um sýningu tékka og greiðslu. — **28. gr.** Greiða skal tékka, er hann er sýndur. Meta skal sem óskráð væri hvert það ákvæði, er í bága við þetta fer. — Enda þótt tékki sé sýndur til greiðslu fyrir þann dag, sem talinn er vera útgáfudagur hans, þá er hann þó gjaldkræfur á sýningardegi. — **29. gr.** Tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast á innanlands, skal sýna til greiðslu innan 30 daga. — Tékka, sem gefinn er út í öðru landi í Evrópu, eða í landi, sem liggur að Miðjarðarhafinu, skal sýna til greiðslu innan 40 daga, og tékka, sem gefinn er út í annarri heimsálfu, innan 70 daga. — Frestir þeir, sem að ofan greinir, skulu taldir frá útgáfudegi þeim, sem í tékkanum greinir. — **30. gr.** Nú er tékki gefinn út milli tveggja staða með mismunandi tímatali, og skal þá reikna út þann dag í tímatali greiðslustaðarins, er til útgáfudagsins svarar, og miða við hann. — **31. gr.** Afhending tékka til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu. — **32. gr.** Hafi útgefandi

tilkynnt greiðslubankanum, að hann afturkalli tékkann, er greiðslubankanum eigi heimilt að innleysa tékkann, sbr. þó 25. gr. — Nú hefir tékki eigi verið afturkallaður, og er greiðslubankanum þá heimilt að innleysa hann, þótt sýningarfrestur sé liðinn. — **33. gr.** Nú andast útgefandi eftir úgtáfu tékka eða missir hæfi til að taka á sig skuldbindingar, og varðar það engu um gildi tékkans. — **34. gr.** Nú greiðir greiðslubankinn tékka, og getur hann þá krafizt þess, að tékkinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun tékkahafa. — Tékkahafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins. — Nú er nokkur hluti tékkafjárhæðar greiddur, og getur greiðslubankinn þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á tékkanum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni. — **35. gr.** Nú greiðir greiðslubankinn tékka, sem ræðir um í 1. málsgr. 14. gr., og er honum þá skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um það, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar. — **36. gr.** Hljóði tékkinn um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má, fram að lokum sýningarfrestsins, greiða fjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á greiðsludegi. Sé tékkinn eigi greiddur við sýningu, getur tékkahafi krafizt þess, að fjárhæðin sé greidd í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á sýningardegi eða á greiðsludegi. — Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að tékkafjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í tékkanum sjálfum. — Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri, ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt). — Sé tékkafjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem tékkinn er gefinn út, og í landi því, þar sem hann á að greiðast, eru líkurnar fyrir því, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

Sjötti kapítuli. — Um strikaða tékka. — **37. gr.** Útgefandi eða handhafi tékka geta strikað hann, með þeim áhrifum, sem í 38. gr. segir. — Strikunin er fólgin í því, að tvö samhliða strik eru dregin á framhlið tékkans. — Strikun er ýmist almenn eða sérstök. Almenn er strikunin, ef ekkert er skráð milli strikanna eða þar eru skráð orðin „til banka“ eða samsvarandi orð. Sérstök er strikunin, ef nafn tiltekins banka er skráð milli strikanna. — Breyta má almennri strikun í sérstaka strikun, en eigi sérstakri í almenna. — Strikun eða nafn hins tilgreinda banka verður eigi, svo gilt sé, strikað út aftur. — **38. gr.** Tékka, sem almenn strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða öðrum banka eða einhverjum viðskiptamanni sínum. — Tékka, sem sérstök strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða hinum tilgreinda banka, eða, sé það greiðslubankinn sjálfur, þá einhverjum viðskiptamanni sínum. Þó má banki sá, sem nefndur er milli strikanna, fela öðrum banka að innheimta tékkann fyrir sig. — Strikaðan tékka má banki aðeins eignast frá einhverjum viðskiptamanna sinna eða frá öðrum banka. Hann má eigi taka slíkan tékka til innheimtu fyrir aðra en þá, er nú voru nefndir. — Greiðslubankinn má eigi innleysa tékka, sem á eru fleiri en ein sérstök strikun. Þetta gildir þó eigi, séu strikanirnar aðeins tvær og önnur til innheimtu á greiðslujöfnunarstöð. — Nú gætir banki eigi ákvæða greinar þessarar, og ábyrgist hann þá tjón það allt, er af því leiðir, þó eigi með hærri upphæð en fjárhæð tékkans. — **39. gr.** Nú eru orðin „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða samsvarandi orðatiltæki skráð þversum á framhlið tékka, og skal tékkinn þá talinn vera strikaður.

Sjöundi kapítuli. — Um fullnustu vegna greiðslufalls. — **40. gr.** Sé tékki eigi greiddur, er hann er sýndur til greiðslu á réttum tíma, getur handhafi hans krafizt fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum, enda sé greiðslufallið sannað: 1) með opinberri gerð (afsagnargerð), 2) með dagsettri yfirlýsingu greiðslubankans, ritaðri á tékkann, og sé þar tilgreindur sýningardagurinn, eða 3) með dagsettri yfirlýsingu frá greiðslujöfnunarstöð, um að tékkinn hafi verið afhentur þangað á réttum tíma og eigi fengizt greiddur. — Orðið „afsögn“ merkir í lögum þessum einnig yfirlýsingar þær, sem getið er um í 2) og 3) hér að framan, enda sé eigi á annan veg fyrir mælt í lögunum. — **41. gr.** Afsögn skal gera áður en sýningarfrestur sé liðinn. — Nú hefir tékki verið sýndur til greiðslu á síðasta degi sýningarfrestsins, og má þá

afsögn gera næsta virkan dag þar á eftir. — **42. gr.** Tékkahafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um greiðslufallið innan 4 virkra daga eftir afsagnardag, eða, hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningarardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er hann fékk, og greina nafn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan. — Þegar tilkynning er send tékkaskuldara samkv. því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann skuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti. — Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt, eða tilgreint það svo, að ólæsilegt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á tékkanum. — Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda tékkann. — Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn. — Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr tékkafjárhæðinni. — **43. gr.** Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar", „án afsagnar" eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf tékkahafi þá eigi að láta afsegja tékkann vegna greiðslufalls, til þess að halda fullnusturétti sínum. — Fyrirvari þessi leysir tékkahafa hvorki undan því, að sýna tékkann innan frests þess, sem til þess er settur, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 42. gr. Sönnun þess, að fresturinn hafi verið látinn hjá líða, hvílir á þeim, sem bera vill það fyrir sig gagnvart tékkahafa. — Hafi útgefandi sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum tékkaskuldurum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir tékkahafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern tékkaskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð. — **44. gr.** Tékkaskuldararnir bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart tékkahafa. — Tékkahafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum mönnum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á tékkanum. — Sama rétt á hver tékkaskuldari, sem leyst hefir tékkann til sín. — Nú er mál höfðað gegn einum af tékkaskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á tékkanum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur. — **45. gr.** Tékkahafi getur krafizt hjá þeim, er hann leitar fullnustu hjá: 1) þess hluta tékkafjárhæðarinnar, er eigi var greiddur, 2) vaxta af þeirri upphæð, 6% ársvaxta frá sýningardegi, og 3) kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar samkv. 42. gr. og annars kostnaðar, er hann hefir haft. — **46. gr.** Sá, sem tékka leysir til sín, getur krafizt af þeim tékkaskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum: 1) allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt, 2) vaxta af þeirri fjárhæð frá þeim degi, er hann greiddi hana, 6% í ársvexti, og 3) kostnaðar, er hann hefir haft. — [**46. gr. a.** Nú eru almennir útlánsvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, og skal þá heimilt að krefja um vexti af tékka í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði 45. og 46. gr.][1]) — **47. gr.** Hver sá tékkaskuldari, er krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá tékkann afhentan sér, ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð. — Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir tékkann, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum koma. — **48. gr.** Komi á fresti þeim, sem veittur er til sýningar tékka eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun, innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir, og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar

1) L. nr. 82, 23. des. 1953, § 1.

þess vegna, lengjast frestirnir. — Tékkahafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og geta þessarar tilkynningar á tékkanum eða á miða, sem við tékkann sé festur, og dagsetningar hennar og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðunum í 42. gr. — Jafnskjótt og tálmuninni er lokið skal tékkahafi tafarlaust sýna tékkann til greiðslu og láta afsegja hann, ef með þarf. — Vari tálmunin lengur en fimmtán daga frá þeim degi, er tékkahafi sendi síðasta framseljandanum tilkynningu um tálmunina, þá má tékkahafi leita fullnustu, án þess að nauðsynlegt sé að sýna tékkann eða afsegja hann. Gildir þetta einnig, þótt tilkynningin hafi verið send áður en sýningarfresti lauk. — Atvik, er aðeins varða tékkahafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna tékkann eða afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir.

Áttundi kapítuli. — Um samrit tékka. — 49. gr. Gefa má tékka út í fleiri samhljóða eintökum (samritum), ef hann á að greiðast erlendis og er eigi gefinn út til handhafa. Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður tékki. — **50. gr.** Greiðsla samkvæmt einu af eintökum tékkans leysir undan tékkaskyldunni, þótt það sé eigi áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðslubankinn ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, sem ritað er á samkv. ákvæðum 25. gr. og honum hefir eigi verið skilað. — Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum eintök tékkans, þá ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

Níundi kapítuli. — Um breytingar á tékka. — 51. gr. Nú eru breytingar gerðar á texta tékka, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á tékkann eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á tékkann, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphafalega texta hans.

Tíundi kapítuli. — Um fyrningu tékka. — 52. gr. Kröfur tékkahafa gegn framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum fyrnast á sex mánuðum frá lokadegi sýningarfrestsins að telja. — Hafi tékkaskuldari leyst tékkann til sín, fyrnast kröfur hans gegn hinum tékkaskuldurunum á sex mánuðum, frá þeim degi að telja, er hann leysti tékkann til sín eða fyrningu var slitið gagnvart honum, sbr. 53. gr. — **53. gr.** Fyrningu tékka er slitið, er stefna er birt í tékkamáli, krafa gerð í máli um notkun tékkakröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, tékkakröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu tékka er og slitið, er sá, sem sóttur er um tékkakröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á tékkanum. — Fyrningu tékka er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er tékkakrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda. — Fyrningu er slitið með lýsingu tékkakröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst. — Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum tékkaskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á tékkanum, er fyrningu sleit. — Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti. — Verði gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 48. gr., glatast tékkaréttur samt eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því, að tálmuninni lauk.

Ellefti kapítuli. — Almenn ákvæði. — 54. gr. Orðið „banki" merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, svo og sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum. — **55. gr.** Eigi má sýna tékka til greiðslu né afsegja hann, nema á virkum degi. — Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins

1933 Nr. 94 19. júní

skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður. — Nú er kveðið á um frest í lögum þessum, og telst þá sá dagur, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum. — Frestdagar til greiðslu eftir sýningu gilda eigi um tékka. — **56. gr.** Nú glatast tékki, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað tékkans. — **57. gr.** Nú hefir fullnustukrafa fyrnzt eða glatazt fyrir vangeymslu, og er þá tékkahafa rétt að sækja tékkaskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld.[a]) Sé eigi annað gert sennilegt, skal telja, að útgefandi vinni tékkafjárhæðina tékkahafa úr hendi.

Tólfti kapituli. — Um það, hve útlend lög koma til greina. — 58. gr. Hvort erlendur maður sé þess umkominn að ganga undir tékkaskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið. — Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir tékkaskyldur samkv. ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er samt sem áður skuldbundinn hér á landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig. — **59. gr.** Um það, á hendur hverjum tékki verði gefinn út, skal dæmt eftir lögum þess lands, þar sem tékkann á að greiða. Þó er tékki, sem út er gefinn í öðru landi en greiðslulandinu, aldrei ógildur af þeirri ástæðu, að hann sé gefinn út á hendur einhverjum þeim, er eigi getur verið greiðandi tékka að lögum greiðslulandsins. — Nú er skjalið eigi gildur tékki samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, og hefir það ógildi þess þó engin áhrif á gildi skuldbindinga, sem á það eru ritaðar í öðru landi, enda væri skjalið gildur tékki að þess lands lögum. — **60. gr.** Um form tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skuldbindinguna var gengizt. Þó er nægilegt, að þeirra fyrirmæla hafi verið gætt, er gilda á greiðslustaðnum. — Nú er tékkaskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er ritað undir skuldbindingu, og leiðir þá ógilding hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild. — **61. gr.** Um áhrif tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir hana var gengizt. — **62. gr.** Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem tékkinn var gefinn út, hver tékkaskuldaranna sem hlut á að máli. — **63. gr.** Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem tékki á að greiðast, um þessi atriði: 1. Hvort greiða skuli tékka við sýningu eða hvort tékki verði gefinn út til greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, svo og, hver áhrif það hafi, að tékki er dagsettur eftir á. — 2. Sýningarfrest. — 3. Hvort samþykkja megi tékka eða rita á hann athugasemd um, að hann sé bókaður, athugaður eða því um líkt, svo og, hver áhrif slíkar áritanir hafi. — 4. Hvort tékkahafi geti krafizt greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins eða sé skylt að taka við slíkri greiðslu. — 5. Hvort tékki verði strikaður, eða hvort rita megi á hann athugasemdina „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða aðra þesskonar athugasemd, svo og, hver áhrif strikunin eða athugasemdirnar hafi. — 6. Hvort handhafi tékka eigi sérstakan rétt yfir fé því, sem ætlað er til greiðslu tékkans, og ef svo er, hver sá réttur hans sé. — 7. Hvort útgefandi geti afturkallað tékka eða gert ráðstafanir til að stöðva greiðslu hans. — 8. Hverjar ráðstafanir megi gera, ef tékki týnist eða er stolið. — 9. Hvort afsögn sé nauðsynleg til varðveizlu fullnusturéttar á hendur framseljendum, útgefanda eða öðrum tékkaskuldurum. — **64. gr.** Um form afsagnargerðar og frest til hennar, svo og um form annarra gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að tékkarétti verði beitt eða hann varðveittur, skal fara eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram. — **65. gr.** Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf um það efni.

Þrettándi kapituli. — Um afsagnargerðir o. fl. — 66. gr. Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina. — **67. gr.** Afsagn-

a) VI, 347, 344.

1933 Nr. 94 19. júní

ar má beiða munnnlega, þann sem á að gera hana, ef tékkinn er fenginn honum. — **68. gr.** Sé afsagnar á sama tékka krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð. — **69. gr.** Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinnni. — Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beitt, eftir því sem við á, um sýningu tékka til greiðslu. — **70. gr.** Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af tékkanum og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir. — Á tékkann skal rita vottorð um afsagnargerðina. — **71. gr.** Færa skal afsagnargerð orðrétt inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi. — Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda. — **72. gr.** Um mál, sem sótt eru til fullnustu tékkakröfu, fer sem um víxilmál.

1913 Nr. 62 22. nóv.

Lög um ábyrgðarfélög.

1. gr. Auk hinnar dönsku lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, hins almenna brunabótafélags kaupstaðanna í Danmörku og ábyrgðarfélaga, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum, mega ekki aðrir reka hér á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafélög, innlend eða útlend, eða félög með gagnkvæmri ábyrgð, eða félög, sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hér á landi í full 2 ár, er lög þessi öðlast gildi, enda fullnægi þau öll skilyrðum þeim, sem hér fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sér gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og vátryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hér á landi, að framboðin séu á einhvern hátt af ábyrgðarfélags hálfu viðskipti innanlands, en ekki þó hérlendir menn leiti til ábyrgðarfélaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hér í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim. — **2. gr.** Nú vill útlent ábyrgðarfélag reka starfsemi hér á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, einn eða fleiri, búsettan hér, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin, skal félagið afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að það hafi varnarþing hér á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður, sá er í hlut á, er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem félagið tekst á hendur gagnvart hér búsettum mönnum, eða stofnunum hér á landi. Ábyrgðarskírteini skulu vera á íslenzku, og skal þar tekið fram, hvar varnarþing sé. Að því er til sjóvátryggingar kemur, skal það þó vera á valdi þess, sem ábyrgðar leitar, hvort hann vill fá ábyrgðarskírteini á íslenzku eða á útlendu máli. — Nú vill erlent ábyrgðarfélag eigi gjalda það fé, sem það hefir verið skyldað til með íslenzkum dómi, og skal þá stjórn Íslands sjá um, að þeim dómi verði fullnægt. Kostnað tekur hún úr landssjóði, en gjalda skal dómhafi hann aftur, þá er hann hefir fengið leiðréttíng mála sinna. — Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist gagnvart vátryggjendum fyrir hönd félags síns allar gerðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi félagsins hér á landi. Tilkynna skal hann stjórnarráðinu, hverjir séu undirumboðsmenn. — **3. gr.** Öll ábyrgðarfélög, er starfa hér á landi, skulu háð eftirliti stjónarráðsins um það, að ekki séu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög. — **4. gr.** Verði ábyrgðarfélag, er starfar hér á landi samkvæmt 2. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, hefir félagið fyrirgert rétti sínum til þess að taka að sér nýjar ábyrgðir hér á landi, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skipti. — **5. gr.** Sérhverju ábyrgðarfélagi, er starfar hér á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir apríllok skýrslu um starfsemi félagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903. — **6. gr.** Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

1928
Nr. 22
7. maí

Hjúalög.

I. kafli. — **1. gr.** Fyrirmæli þessa kafla gilda aðeins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rétt hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemmri tíma en missiri, eða skildaga í milli, hníga ekki undir lög þessi. — **2. gr.** Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú.[1]) Vistráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn. — **3. gr.** Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí, eða 3. maí í þeim sveitum, þar sem hjúaskildagi hingað til hefir verið haldinn þann dag, og 1. október, eða 1. vetrardagur, þar sem það þykir betur henta. — Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn. — Samningur um vist að hálfu árlangt, eins og að undanförnu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt. — **4. gr.** Þegar samið er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekizt samningar um vistarráðin af nýju. — Sanni ógift vinnukona, að hún ætli að giftast áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara. — Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá á enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust. — Á skildaga er hjúi rétt að víkja úr vist á hádegi. — **5. gr.** Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg. þunga. Kostar húsbóndi flutning þennan án endurgjalds frá hjúinu. — Nú getur hjú ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan þriggja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistarráðanna, ef hann vill. — **6. gr.** Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, ef öðruvísi er ekki um samið, af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á réttum tíma, er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan þriggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en 10 daga frá skildaga. — Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina. — **7. gr.** Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbónda síns, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Ekki er hjúi skylt að sofa í rúmi með öðrum. Það á rétt til að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðarfresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í frístundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi. — **8. gr.** Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki. — Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rétt til að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hinsvegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann, hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rétt til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð, o. s. frv., þannig að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðum er löglega lokið. — Ef ekki er öðruvísi um samið, teljast ¾ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí (3. maí) til 1. október (1. vetrardags) (sumarkaup), og ¾ hlutar af sumarkaupinu teljast kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október. — Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu. — Ef vistarráðum lýkur fyrr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rétt til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistarráðum stóð verið frá vinnu án þess sjúkdómi sé um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rétt til kaups fyrir þann tíma. — **9. gr.** Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast, og er húsbóndi þess skyldur til að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir. — Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rétt til að flytja hann í opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins, ef læknir telur það nauð-

1) L. nr. 95, 5. júní 1947, § 16.

synlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum. — Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sé sérlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafizt, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað. — Sjúkt rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki og þótt vistartíminn sé á enda, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotizt mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúið í burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur til að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur lýst því, að hann væri hættulaus eða nauðsynlegur vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn ber svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúið í opinbert sjúkrahús. — **10. gr.** Nú sýkist hjú eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir það fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, en eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum. — **11. gr.** Ef hjú sýkist eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum. — **12. gr.** Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs né húsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði — allt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúið verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þó ekki í sjúkrahúsi, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint. — **13. gr.** Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu maí til október eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal þá hjú einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er og það getur ekki innt af hendi störf sín. — **14. gr.** Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sérstaka hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsi eða annarri slíkri stofnun, er húsbónda óskylt að greiða, nema þegar svo stendur á, sem segir í 11. gr. — **15. gr.** Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara. — **16. gr.** Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað sinn eða fyrir fæði og hjúkrun, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, sem sveitarstyrk, veittan hjúinu. — **17. gr.** Deyi hjú í vist, eiga erfingjar þess aðeins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfé, ef með þarf. — **18. gr.** Þótt hjú sé ráðið til ákveðinna starfa, skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa. — Ef hjúið með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt til að leysa þau af hendi, nema aðeins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk átti að vinna. — **19. gr.** Ef hjú í kaupstað eða kauptúni sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglingaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma. — **20. gr.** Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur. Þó er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðum á almennum skildaga með tveggja mánaða fyrirvara, eða frá 1. degi mánaðar með þriggja mánaða fyrirvara. — **21. gr.** Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi fer um kaupkröfur hjúa eftir ákvæðum skiptalaganna.[1]) — **22. gr.** Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km. burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina.

1928 Nr. 22 7. maí

1) L. nr. 3, 12. apríl 1878, § 83.

Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann ennfremur greiða hjúi kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 29. gr., ef hann hefir ekki látið hjúið vita um flutninginn 4 vikum hið skemmsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúið flytur í vistina allt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sérstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sér fyrir hjúið. — Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúið er komið í vistina, gilda samskonar ákvæði. — **23. gr.** Hjúi er vítalaust að koma ekki í vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast misþyrmt hjúi eða svelt það, leitazt við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir, þegar samningar um vistina tókust. — Ef hjú er komið í vistina, þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fékk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið aðeins krafizt fyrir þann tíma, sem það var í vistinni. — **24. gr.** Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni, þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerzt sekur um alvarlegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann: 1. misþyrmir hjúinu, 2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir ekki hjúinu tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann, 3. lætur hjúið að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlynningu eða heilsuspillandi húsnæði, 4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af, 5. geldur hjúi ekki kaup í ákveðinn tíma, þótt krafizt sé, 6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu. — **25. gr.** Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi séu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku, eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svarar til helmings áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega út vistinni, greiði það sömu bætur, miðað við vistartímann, sem eftir er. — Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 24. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 29. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur. — **26. gr.** Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku, ef hann getur sannað: 1. að hjúið hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur, 2. að hjúið hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sé óhæft til að inna það verk, sem það var ráðið til, 3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blekktur með fölskum vitnisburði um hjúið, 4. að hjúið kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til. — Þetta, sem talið hefir verið, skiptir þó aðeins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann réði hjúið. — Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúið er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjúi úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa. Ekki verður þó konu, sem barnshafandi hefir orðið áður en hún kom í vistina, vísað úr vist eftir að 5 mánuðir eru liðnir frá því að hún kom í vistina, og aldrei með minna en mánaðar fyrirvara. — **27. gr.** Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerzt mjög brotlegt gegn skyldum sínum, eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið: 1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur, 2. leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, 3. sýnir húsbóndanum eða þeim, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins, 4. tælir börn á heimilinu til illverka, 5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, 6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði, 7. gengur með smitandi samræðissjúkdóm, 8. spillir að ásettu ráði eignum húsbænda eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða, 9. sýnir af sér megnt og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni. — Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem taldar eru í þessari gr. og 26. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu. — **28. gr.** Ef húsbóndi rift-

1928 Nr. 22 7. maí

ar ólöglega vistarráðum eða vísar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því hæfilegar bætur, er þó ekki nema meiru en hálfu kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur. — **29. gr.** Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðruvísi um samið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar í héraði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

II. kafli. — **30. gr.** Viðskipti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Ekki má hjúið þó afsala sér fyrirfram neinum réttindum samkvæmt 9. og 11.—12. gr., og afsal slíkra réttinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði. — Nú er enginn sérstakur vistarsamningur gerður milli aðilja, eða í vistarsamningi, þó gerður hafi verið, er ekki tekið nægilega fram, hvernig vistarráðum er varið, og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. kafli. — **31. gr.** Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðum skal farið sem einkalögreglumál.[1]) — **32. gr.** Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum, frá 10—200 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál. — **33. gr.** Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess, og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum, frá 10—200 kr. Mál út af þessu eru almenn lögreglumál.

1907 Nr. 60 22. nóv.

Lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

I. kafli. — **Um lausamenn.** — **1. gr.** Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fé. — **2. gr.** Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sé,[2]) er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbréf hjá lögreglustjóra. — Fyrir leyfisbréf skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 kr. Rennur það fé í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfélagi, er hann var síðast vistfastur í.[3]) — Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbréfið án þess að greiða gjald þetta. — Sá, er leyfisbréfið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist. — **3. gr.** Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr. fyrir útgáfu leyfisbréfs hvers. — **4. gr.** Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðanda, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð. — **5. gr.** Rétt er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á réttum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum. — **6. gr.** Láti nokkur, sem fengið hefir leyfisbréf til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgert þeim rétti sínum, er leyfisbréfið veitir honum, en veita má honum leyfisbréf að nýju eftir eitt ár. — **7. gr.** Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sér hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grennslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum. — Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbréf, hafi fast heimili og séu ekki á flakki;[1]) en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa. — **8. gr.** Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefir eigi gert það, né heldur keypt leyfisbréf það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbréf eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gerir sig sekan í flakki. — **9. gr.** Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sér undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjungum

1) L. nr. 85, 23. júní 1936, § 224. — 2) Sbr. l. nr. 95, 5. júní 1947. — 3) L. nr. 50, 7. maí 1946.

1) Sbr. l. nr. 12, 31. maí 1927, § 17, og l. nr. 95, 23. júní 1936.

1907 Nr. 60 22. nóv.

þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

II. kafli. — Um húsmenn og þurrabúðarmenn. — **10. gr.** Nú vill maður setjast að í húsmennsku eða þurrabúð, og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minnsta kosti 4 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minnsta kosti. — Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gerast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem byggðarleyfi. — **11. gr.** Nú sezt maður að í húsmennsku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 10. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur. — Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi hefir byggðarleyfi samkvæmt 10. gr. — **12. gr.** Ákvæði 10. og 11. gr. ná og til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað. — **13. gr.** Enginn má selja á leigu þurrabúð utan kaupstaðar eða verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sérstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum: a) að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minnsta kosti sé 900 ferh.faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni; b) að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau séu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna; c) að þurrabúðin sé afhent viðtakanda með löglegri úttekt. — Nú byggir þurrabúðarmaður sjálfur hús þurrabúðar með heimild umráðamanns jarðar, og gilda þá sömu reglur um úthlutun lóðar, enda fullnægi húsin þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir í þessari grein. — **14. gr.** Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi af lóðinni þessi ár. — **15. gr.** Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávallt byggð að minnsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbréf, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, réttindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Eigi má tiltaka leigumálann í vinnukvöðum, nema þær séu ætlaðar til umbóta þurrabúðarlóðinni eða húsum á henni. Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbréf, og skal þurrabúðin þá álítast byggð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. — **16. gr.** Þegar ábúendaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, ræktun, úttekt og bygging. — **17. gr.** Sýslunefndir geta eftir tillögum hreppsnefnda gert undantekning frá fyrirmælum 13. gr., að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum byggðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh.faðma og ekki stærri en 1800 ferh.faðma. — **18. gr.** Nema öðruvísi sé ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—100 kr. sekt. — Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 13.—15. gr. í lögum þessum sé fylgt. Skulu skýrslur þessar gerðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur. — Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helmingurinn renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki í hreppnum. — **19. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

1907 Nr. 60 22. nóv.

Konungsúrskurður um heimild kansellíisins til að staðfesta prófentugerninga.[1]) **1814** 3. marz

Vér viljum allran. heimila kansellíinu að veita staðfestingu ad mandatum, og þegar atvik mæla með því, á prófentugerninga, enda þótt næstu frændur mótmæli því, þó því aðeins, að prófentumaður eigi enga lífserfingja.

Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur). **1926** Nr. 6 15. júní

1. gr. Happdrætti, hverrar tegundar sem er, má ekki hafa nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra. — Peningahappdrætti eða önnur þvílík happspil má ekki setja á stofn án lagaheimildar. — **2. gr.** Það er bannað mönnum á Íslandi að verzla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta. — **3.**

1) Sbr. Jb. Kvg. 80.

1926 Nr. 6 15. júní

gr. Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn 2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

1933 Nr. 44 19. júní

Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

1. gr. Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina: a) [Hlutatalan má ekki fara fram úr [35000,][1]) er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.][2]) — b) [Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og enn fremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.][3]) — c) Vinningarnir skulu vera samtals [ekki færri en][3]) 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum [í öllum 12 flokkum.][4]) — d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi drátttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið. — e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að telja,[5]) og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald. — **2. gr.** Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur. — **3. gr.** Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár. — **4. gr.** Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð. — **5. gr.** Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla. — **6. gr.** Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum,[1]) og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

1933 Nr. 44 19. júní

1940 Nr. 81 7. maí

Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

1. gr. [Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja til 1. jan. 1960 einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti, samkvæmt lögum nr. 44/1933, sbr. lög nr. 6/1943 og 20. gr. laga nr. 68/1940.][2])

1949 Nr. 13 16. marz

Lög um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

1. gr. Heimilt skal Sambandi íslenzkra berklasjúklinga að stofna vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum: a. [Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.][3]) b. Hlutina má aðeins selja í heilu lagi. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga. c. [Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.][4]) d. Drættirnir fara fram opinberlega í Reykjavík. — [**2. gr.** Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga skulu

1) L. nr. 68, 19. nóv. 1953, § 1. — L. nr. 97, 12. des. 1945, § 1. — 3) L. nr. 6, 29. jan. 1943, § 1. — 4) L. nr. 97, 12. des. 1945, § 2. — 5) Sbr. l. nr. 81, 7. maí 1940 og l. nr. 125, 30. des. 1943, § 1.

1) Rgj. nr. 8, 21. jan. 1946, sbr. rgj. nr. 234, 7. nóv. 1950. — 2) L. nr. 125, 30. des. 1943, § 1. — 3) L. nr. 76, 26. nóv. 1952, § 1. — 4) Sömu l., § 2.

1949 Nr. 13 16. marz

undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.][1]) — **3. gr.** Heimild þessi gildir í 10 ár frá því að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalundi. — **4. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.[2])

1954 Nr. 71 24. apríl

Lög um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr. Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, báta og búnaðarvélar. — Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna. — **2. gr.** Drættir í þessu happdrætti skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega. — **3. gr.** Heimild þessi gildir í 10 ár frá því, að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. — **4. gr.** Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla. — **5. gr.** Ráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.[3])

1945 Nr. 23 30. jan.

Lög um heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður.

1. gr. Dómsmálaráðherra er heimilt að veita hestamannafélögum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappreiðar og sjómannadagsráðum leyfi til þess að reka veðmálastarfsemi við kappróður með skilyrðum, er kveðin verða í reglugerð.[4]) — Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði hestamannafélaganna af starfsemi þessari skuli varið til reiðvega og 75% af hagnaði, er verður af kappróðri sjómannadagsráðanna, er fari fram á sjómannadaginn, renni í sjóminjasafn.

1940 Nr. 84 7. maí

Lög um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að veita íþróttanefnd leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki til ágóða fyrir íþróttasjóð. Nánari ákvæði um starfsemi þessa setur ríkisstjórnin, ef til kemur, með reglugerð.[5]) — **2. gr.** Nú hefir íþróttanefnd fengið heimild til að reka veðmálastarfsemi samkv. 1. gr., og skal þá öllum öðrum óheimilt að reka slíka starfsemi, að viðlögðum sektum, er nema 500—3000 kr. og renna í íþróttasjóð. — [Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.][1]) — **3. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

1940 Nr. 84 7. maí

1952 Nr. 15 31. jan.

Lög um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

1. gr. Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótta- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingó"-happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.[2])

e. Félög og stofnanir.

1937 Nr. 46 13. júní

Lög um samvinnufélög.[a])

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Lög þessi gilda um öll félög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld félagsmanna, í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.[b]) — **2. gr.** Verksvið samvinnufélaga er:[c]) 1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa félagsmönnum, eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfélög, pöntunarfélög). — 2. Að selja afurðir af búum félagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sé lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða tryggð á annan hátt (sláturfélög, smjörbú). — 3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegun lána til atvinnurekstrar. — **3. gr.** Að-

1) L. nr. 76, 26. nóv. 1952, § 3. — 2) Rgj. nr. 107, 5. ágúst 1949, sbr. rgj. nr. 230, 22. des. 1952. — 3) Rgj. nr. 41, 26. apríl 1954. — 4) Rgj. nr. 68, 11. maí 1944. — 5) Rgj. nr. 34, 26. febr. 1952, sbr. rgj. nr. 14, 28. jan. 1953.

1) L. nr. 69, 12. nóv. 1952, § 1. — 2) Rgj. nr. 42, 28. febrúar 1953. — a) XIII, 147, 134. — b) VII, 224, XIII, 134. — c) XIII, 134, XX, 201, 200.

aleinkenni á skipulagi samvinnufélaga eru: 1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum.[a]) 2. Atkvæðisréttur jafn, þannig að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskipta í félaginu. — 3. Í varasjóð greiðist árlegt fjártillag af óskiptum tekjum félagsins. — 4. Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum félagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynzt neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiptamagni hvors um sig.[b]) — 5. Í stofnsjóð leggist sem séreign hvers félagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.[c]) — 6. Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.[b]) — 7. Vextir af inneignum félagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiptareikningi, eigi hærri en 1½ % ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt. — 8. Nafnaskrá skal haldin yfir félagsmenn, svo að jafnan sé fyrir hendi óræk skýrsla um félagatal. — 9. Innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar, unz samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu.[d]) Fær það félag eða þau félög þá umráð sjóðeignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra.

II. kafli. — Félagsstofnun. — 4. gr. Nú vilja menn stofna samvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. — Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun og bindast samtökum að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað. — **5. gr.** Í samþykktum skulu greind eftirfarandi atriði: 1. Heiti félagsins fullum stöfum og skammstafað, heimilisfang og varnarþing. — 2. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir. — 3. Tilhögun á stjórn félagsins og vald hennar í félagsmálum. — 4. Deildaskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda. — 5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans. — 6. Vald og verksvið félagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert. — 7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir. — 8. Ábyrgð félagsmanna gagnvart skuldbindingum félagsins.[a]) Ábyrgð hvers félagsmanns í félögum, sem um ræðir í 2. gr. 1. tölulið, má ekki vera minni en 300 kr., auk innstæðu hans í stofnsjóði. Þó má í félögum, sem eingöngu selja gegn staðgreiðslu, takmarka ábyrgð félagsmanns við stofnsjóðsinnstæðu hans, enda skal þá leggja helming af úthlutuðum tekjuafgangi við stofnsjóðsinnstæðu hans, umfram stofnsjóðstillag skv. 26. gr., unz innstæðan nemur 300 kr. — 9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga. — 10. Breytingar á samþykktum og viðaukar, svo og félagsslit. — **6. gr.** Jafnskjótt sem félag er stofnað og samþykktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur. — **7. gr.** Í samþykktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra félagsmanna. Við inngöngu skrifar hver félagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma. — Inngöngueyrir er minnst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiptilegan sameignarsjóð.[b]) — **8. gr.** Ennfremur skulu í samþykktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanna.[c]) Úrsögn sendist félagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát félagsmanns eða burtflutning af félagssvæðinu. Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, er deyr, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er bíði úrslita dómstólanna.[d])

III. kafli. — Skrásetning. — 9. gr. Samvinnufélag, sem löglega er stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.[e]) — Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.[f]) — **10. gr.** Skrásetn-

a) XV, 204. — b) VII, 83, XIII, 134—6, XVII, 450. — c) XI, 218. — d) XIX, 503.

a) (IX, 173, XI, 218), XIX, 69, XX, 66, 62. — b) XI, 218. — c) II, 356, 1020. — d) X, 443. — e) VII, 224. — f) XI, 218, XIX, 69, XX, 65, 62.

1937 Nr. 46 13. júní

ing annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.[1]) — **11. gr.** Á mánaðarfresti eftir að félag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Félög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta félagssamþykktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði: 1. Heiti félagsins, heimili og varnarþing. — 2. Tilgangur félagsins og starfsemi. — 3. Dagsetning félagssamþykkta. — 4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra. — 5. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað. — 6. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða. — 7. Hve mikla ábyrgð hver félagsmaður ber á skuldbindingum félagsins. — Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld. — **12. gr.** Nú setur samvinnufélag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal félagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sé komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyrr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi félagið vegna þess. — Ef félag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skráningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi félagið vegna þess. — **13. gr.** Ef samþykktum félags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskipti þarf þó ekki að tilkynna, nema maður taki sér bólfestu utanlands, né heldur breytingu á heimilisfangi félags innan sama lögsagnarumdæmis. En sé heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal félagið skrásett þar. — Sé samþykkt að breyta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, skal breytingin þegar tilkynnt til skrásetningar og auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ef ábyrgð félagsmanna er minnkuð, fær breytingin ekki gildi um eldri skuldbindingar gagnvart öðrum en nýjum félagsmönnum, fyrr en tvö ár eru liðin frá auglýsingardegi. Ef beiðni um að taka félagið til skipta er afhent skiptaráðanda áður en þessi frestur er liðinn, breytist ábyrgð félagsmanna ekki, nema beiðnin sé afturkölluð eða reynist ekki á rökum byggð. — Ef ábyrgð félagsmanna er aukin, gildir breytingin aðeins gagnvart þeim félagsmönnum, sem samþykkja hana skriflega. Aðalfundi er heimilt að ákveða, að þeir félagsmenn, er eigi samþykkja ábyrgðarhækkun, missi félagsréttindi. — **14. gr.** Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla. — **15. gr.** Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði, á kostnað tilkynnanda. — Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda. — **16. gr.** Um firmu samvinnufélaga fer eftir ákvæðum firmalaganna. — Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur félagi. — **17. gr.** Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það né að til þess verði ætlazt af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.[a])

IV. kafli. — Félagsstjórn. — 18. gr. Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum félagsins, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþykktir þess.[b]) — Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur félagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur félagsmanna eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar, sbr. og 22. gr.[c]) — Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði. — **19. gr.** [Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt.[d]) Hve marga fulltrúa hver

1) Sbr. rgj. nr. 118, 27. des. 1921.

a) XVII, 587, 590, XIX, 69, XX, 64, 65. — b) XVII, 63. — c) XVII, 98—9. — d) XVII, 60.

félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.][1]) — Þar sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða. — Aðalfundur er lögmætur, er meir en þriðjungur félagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundinn, enda sé á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrétt. — Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta. — **20. gr.** Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr félaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og séu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.[a]) — Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagsmaður. — **21. gr.** Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. — Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins. — **22. gr.** Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor. — Endurskoðendur skulu vera félagsmenn, en mega ekki vera í stjórn félagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur félagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hvenær sem er á starfstíma félagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. — Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. — **23. gr.** Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn. — Á aðalfundi skal ávallt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

V. kafli. — Skyldur og réttindi. — 24. gr.[a]) Árgjald í varasjóð félags og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar 1% af samanlagðri sölu aðkeyptra vara og afurða. Fé má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu félagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sé tillögunni fylgjandi eigi færri en ⅔ þeirra félagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrétt eiga á fundinum. — **25. gr.** Fé stofnsjóðs skal notað sem veltufé í þarfir félagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.[a]) — Stofnsjóðseign hvers félagsmanns fellur til útborgunar: a) Við andlát hans. b) Við burtflutning af félagssvæði. c) Við gjaldþrot hans. d) Verði hann fátækrastyrksþurfi.[b]) — Þegar stofnsjóðseign félagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er, niður að 300 kr., enda hafi hann ekki skipt við félagið skemur en 15 ár. — Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign, fyrr en eigandi hefir innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem félagsmanni. — Ef eignatöp eða tekjuhalli hefir orðið hjá félagi og tryggingarsjóðir þess nægja ekki til að greiða töpin eða hallann, og hætta er á, að félagið verði að hætta störfum af þeim orsökum, er félagsfundi eða fulltrúafundi heimilt að

1) L. nr. 73, 11. júní 1938, § 1. — a) XVII, 64, 104—5.

a) IV, 91. — b) II, 1195, XII, 71, 75.

ákveða, að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna og annarra, sem í stofnsjóði eiga, skuli notaðar til greiðslu á töpunum eða hallanum. — Að öðru leyti er stofnsjóðsfé óuppsegjanlegt, og verður ekki selt né af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki félagsstjórnar. — **26. gr.** Stjórnendur samvinnufélags mega ekki úthluta tekjuafgangi fyrr en: 1. Fasteignir, áhöld og aðrar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega. 2. Áskilin gjöld í óskiptilega sjóði félagsins hafa verið greidd.[a]) — Í félögum, sem hafa vörukaup sem verksvið, má ekki greiða tekjuafgang út fyrr en minnst 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, hefir verið lagt í stofnsjóð. — **27. gr.** Ef tvö eða fleiri samvinnufélög óska að sameinast, skal samhljóða ályktun um það efni samþykkt í báðum eða öllum félögunum á tveim lögmætum félagsfundum í röð, og séu henni fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi milli félagsfunda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða. — Skrásetning framangreindrar ályktunar er fullnægjandi afsal á eignum hinna einstöku félaga til hins sameinaða félags. Þinglýsingar- og stimpilgjald skal eigi greiða vegna slíkrar eignayfirfærslu. — Þegar slík ályktun er skrásett, skal afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagsskrá. Hin einstöku félög mega skuldskeyta hið sameinaða félag. Réttur kröfuhafa má þó ekki rýrna við það. — **28. gr.** Samvinnufélög hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta. — Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður félagsins og aðrar eignir þess, ásamt ábyrgð félagsmanna. — **29. gr.** Heimilt er samvinnufélögum, er leysa borgarabréf, að hafa verzlunarviðskipti við utanfélagsmenn, hvort heldur er aðaldeild félagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiptaþörf krefur.

VI. kafli. — Samvinnusambönd. — 30. gr. Ef 3 eða fleiri samvinnufélög með líku verksviði koma sér saman um að mynda samband sem sérstakt félag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufélög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við. — Hvert það félag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rétt til upptöku. — **31. gr.** [Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.][1]) — Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta. — **32. gr.** Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og séu í henni eigi færri en 3 menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum. — Sambandsstjórn ræður framkvæmdarstjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskipti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita. — **33. gr.** Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikningum. — Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum félögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sé á ráðin, ef misfellur eru, og gefur félagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í té skýrslu um árangur af rannsókninni.

VII. kafli. — Félagsslit. — 34. gr. Samvinnufélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt af tveim lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda

a) XIII, 136.

1) L. nr. 73, 11. júní 1938, § 2.

hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða. — **35. gr.** Þegar fundur ákveður félagsslit, getur hann annaðhvort afhent félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál félagsins, meðan á félagsslitum stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En félagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar félagi, gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun. — Um meðferð skilanefndar á félagsbúi gilda ákvæði skiptalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Félagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins. — **36. gr.** Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem segir í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924. Þegar skuldir félagsins eru greiddar eða trygging sett og félagsfundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða félagsmönnum og öðrum, sem eiga í stofnsjóði, stofnsjóðsinnstæður. Stofnsjóðsinnstæður má ekki skuldajafna. — Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta. — **37. gr.** Sömu aðiljar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin. — **38. gr.** Stjórn samvinnufélags er rétt og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskipta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiptarétti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið. — Skiptaréttur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskipta. — **39. gr.** Ef svo ber til, að samvinnufélag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki ákvæðum laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn félagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra réttinda samkv. lögum þessum.[a] — **40. gr.** Bækur félags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóðskjalasafnið. Sama gildir um bækur annarra félaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir félagsins.

1937 Nr. 46 13. júní

VIII. kafli. — Ýmisleg ákvæði. — 41. gr. Þangað til fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufélög gjöld til þeirra sem hér segir: 1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.[b] — 2. Útsvar af arði, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt ákvörðun skattanefndar, byggðri á skýrslu, er hlutaðeigandi félag gefur henni. En vanræki félagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiptum, og byggist útsvarið á því.[c] — 3. Skatt, allt að 2% af virðingarverði þeirra húsa, sem félagið notar við starfrækslu sína.[d] Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru aðallega til líknarstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem félagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera byggður á síðasta fasteignamati. — Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.[e] — **42. gr.** Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til félagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga,[1]) nema verkið varði þyngri refsingu að lögum. — Sömuleiðis liggja sektir við, allt að 2000 kr., ef þeir herma vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi rangt eða villandi frá öðrum skjölum, viðskiptabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag félags, er þeir stýra, eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.[f] — Ennfremur varðar það sektum, allt að 1000 kr., að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt. — **43. gr.** Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem al-

1) Sbr. nú alm. hegn.l. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) XIII, 134. — b) V, 616. — c) XXV, 90, sjá og l. nr. 66/1945, § 6, II, 2. — d) VIII, 348, XIII, 277. — e) IV, 90. — f) XIII, 136.

1937 Nr. 46 13. júní

menn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð. — **44. gr.**[1]) Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir: a) Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, kr. 30.00. b) Fyrir skrásetningu útibús kr. 20.00. c) Fyrir skrásetningu breytinga eða viðauka við eldri skrásetningu kr. 15.00. d) Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum. — **45. gr.** Félögum, sem skrásett eru eftir þessum lögum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag", „samvinnufélag", „pöntunarfélag" eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þeim orðum.

1940 Nr. 13 12. febr.

Lög um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

1. gr. Sláturfélagi Suðurlands veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfunum er skilað stofnfjárbækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði. — **2. gr.** Auglýsing um innköllunina skal birt í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus. — **3. gr.** Að innköllunarfresti liðnum skal Sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

1945 Nr. 89 23. nóv.

Lög um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

1. gr. Sláturfélagi Skagfirðinga veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfum er skilað stofnfjárbækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði. — **2. gr.** Auglýsing um innköllunina skal birt í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus. — **3. gr.** Að innköllunarfresti liðnum skal Sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

1) Sbr. nú l. nr. 40, 14. apr., 1954, § 32.

1945 Nr. 89 23. nóv.

1940 Nr. 45 12. febr.

Lög um hlutarútgerðarfélög.

1. gr. Markmið hlutarútgerðarfélaga er að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl. — **2. gr.** Nú vilja menn stofna hlutarútgerðarfélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef að minnsta kosti 5 menn utan kaupstaða, en 10 menn í kaupstöðum, verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim. — Breytingar á samþykktum hlutarútgerðarfélags ná því aðeins gildi, að ríkisstjórnin staðfesti þær. — **3. gr.** Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins. — Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annarra, ef brýn nauðsyn krefur. — Inngangseyrir sé 10 krónur frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð. — **4. gr.** Sérhver meðlimur hlutarútgerðarfélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að upphæð 300 krónur. — Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt þessari grein á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur

en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skuld, er stofnuð var á meðan hann var í því, er bíði úrskurðar dómstólanna. — **5. gr.** Í hlutarútgerðarfélagi skulu skipverjar og aðrir fastir starfsmenn ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra- og beitukostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum afla. — **6. gr.** Í varasjóð hlutarútgerðarfélags greiðist árlega 1% af óskiptum ársafla. Í varasjóð skal greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn. Tekjuhalli, sem verða kann hjá hlutarútgerðarfélagi, greiðist úr varasjóði. — Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins. — **7. gr.** Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþykkt af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstjórninni. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, er hér segir: 1. Árlegt gjald 1% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi. 2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og gjald samkvæmt tölulið 1 verður árlega. — Heimilt er að ákveða, að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþykkt af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn. — Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka eða annarri tryggri peningastofnun, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstólinn um hver áramót. — Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði annarra hlutarútgerðarfélaga, sem þar starfa. — **8. gr.** Fjárreiðum hvers einstaks skips hlutarútgerðarfélags skal haldið aðgreindum í bókum félagsins. — **9. gr.** Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum hlutarútgerðarfélags. Einn aðalfund skal halda árlega, og aukafundi þegar félagsstjórn telur þess þörf. Ennfremur er félagsstjórn skylt að boða til aukafundar, ef ¼ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Dagskrá skal jafnan greina fundarboði. — Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins. Félagsfundir eru lögmætir, ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur sökum fámennis, skal boða til nýs fundar, og er hann þá lögmætur án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á fundum ræður meiri hluta atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrirvara. — **10. gr.** Á aðalfundi skal kjósa stjórn og endurskoðendur og varamenn þeirra, sem allir séu félagsmenn. Í samþykktum félags skal ákveða tölu stjórnarnefndarmanna og kjörtíma þeirra. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi, og ræður afl atkvæða úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda, samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins, og bera stjórnendur ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins. — Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda hafa þeir aðgang að öllum bókum og skjölum á hvaða tíma sem er, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt sem þörf krefur, en takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. — Á aðalfundi skal árlega leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikningana, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram, eftir þeim reglum, sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, sem tekur fullnaðarákvörðun um reikningana. — **11. gr.** Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skulu ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og tilgreindar ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanns. — **12. gr.** Hlutarútgerðarfélag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur

1940 Nr. 45 12. febr.

1940 Nr. 45 12. febr.

það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi og aðrir á hendur því. Skrásetningu annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar. Félag skal tilkynnt til skrásetningar innan mánaðar frá stofnun þess. Í tilkynningu skal greina þessi atriði: 1. Heiti félags, heimili og varnarþing. 2. Dagsetning félagssamþykkta. 3. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra. 4. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað. 5. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða. — Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum og lögboðin gjöld. Sé um útibú að ræða, skal það einnig tilkynnt. Ef samþykktum félags er breytt, eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. — Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla. — Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaðinu á kostnað tilkynnanda. — **13. gr.** Hlutarútgerðarfélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á 2 lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna. Skilanefnd, kosin af félagsfundi, fer með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald, skyldur og ábyrgð. Meðan skilanefnd stjórnar félagi gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun. Félagsslit skal tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins. — Sömu aðilar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins að nýju, en þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin. — **14. gr.**[1]) Gjöld fyrir störf þau, sem löglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir: a. Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 krónur. b. Fyrir skrásetningu útibús 20 krónur. c. Fyrir skrásetningu breytingar eða viðauka við eldri skrásetningu 15 krónur. d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum. — **15. gr.** Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði. — **16. gr.** Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu vera undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, sem getur falið fiskveiðasjóði framkvæmd þess.

1) Sbr. nú l. nr. 40, 14. apr. 1954, § 32.

1940 Nr. 45 12. febr.

Lög um rekstrarlánafélög. **1938** Nr. 98 11. júní

1. gr. Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum. — **2. gr.** Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum. — Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra. — Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig: a) að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar. b) að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu. — **3. gr.** Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti: a) að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins. b) að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags. — Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 10, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á. — **4. gr.** Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnanir um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett. — **5. gr.** Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti: a)

1938 Nr. 98 11. júní

að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær. b) að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna. — Leggja skal árlega í félagssjóð hundraðshluta af viðskiptaveltunni, og skal gjald þetta ákveðið í samþykktum hvers félags. — Sjóðeign útborgist ekki til félagsmanna nema við félagsslit. — **6. gr.** Rekstrarlánafélög eiga rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjar til útgerðar félagsmanna sinna, sbr. 2. gr., í samræmi við innflutningsreglur á hverjum tíma. — **7. gr.** Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem: — **að** allar sjávarafurðir lántakanda **skuli** seldar gegnum sölusamlag, — **að** í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu —, skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að vera um samið, til greiðslu upp í lánið. — Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga. — **að** lánsstofnuninni eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt. — **8. gr.** Rekstrarlánafélög greiða skatta til ríkis og bæjar- og sveitarsjóða eftir sömu reglum og samvinnufélög. — **9. gr.** Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur. — Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins. — Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvíxlum á sama tíma. — **10. gr.** Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin veita aðstoð sína til þess að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til. — **11. gr.** Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda. — Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

1938 Nr. 98 11. júní

Lög um hlutafélög.

1921 Nr. 77 27. júní

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Hlutafélag merkir í lögum þessum hvert það félag, sem stofnað er með fjárframlögum, skiptum í fyrirfram ákveðna hluti, til þess að afla ágóða til skiptingar með einhverjum hætti meðal félaga, enda ábyrgist enginn þeirra skuldir félagsins persónulega, heldur allir saman einungis með eignum þess.[a]) — Þó taka lög þessi eigi til félaga með takmarkaðri ábyrgð, sem starfa í þeim tilgangi að útvega félögum sínum hluti til notkunar eða koma afurðum þeirra í verð eða bæta með öðrum hætti hag þeirra, enda sé starfsemi félagsins takmörkuð við félaga eina og arði skipt með þeim, eftir hlutdeild þeirra í veltu félagsins einvörðungu. — Að því leyti sem sérákvæði eru í lögum eða verða sett í lögum um einstök hlutafélög, þá eru þau undanþegin fyrirmælum þessara laga. — **2. gr.** Hlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið „hlutafélag“ í heiti sínu, eða skammstafanir úr því orði, er ekki orki tvímælis.[b])

II. kafli. — Stofnun hlutafélaga. — 3. gr.[b]) Nú vilja menn stofna hlutafélag, og skulu þeir þá gera um það með sér skriflegan samning, er stofnsamningur heitir, og skal í honum greina: 1. Heiti félags og heimilisfang. 2. Í hvaða skyni félagið eigi að stofna. 3. Hversu mikið hlutafé sé ákveðið, hversu mikill hluti þess sé þegar fenginn, hvernig eigi að afla þess, sem ófengið er, með almennu útboði eða hjá ákveðnum mönnum, upphæð hluta og hversu mikið hver stofnenda leggi til. 4. Kostnað af stofnun félagsins, ef ætlazt er til þess, að félagið greiði hann, þar á meðal þóknun handa stofnendum sjálfum. 5. Hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli sérréttindi fylgja eða hvort ákveðnum flokki eða stétt manna er áskilinn forgangsréttur til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu. 6. Hvort hluthafar skuli sæta innlausn á hlutum sínum, ef til kemur. 7. Hvort skorður séu reistar við heimild hluthafa til framsals eða veðsetningar hluta-

a) XXIV, 644, 647. — b) XXII, 463.

bréfa. 8. Hvort hlutabréf skuli gefa út til nafngreinds manns eða til handhafa. 9. Hvort félagið eigi að taka við atvinnu annars manns eða eignum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum, hvernig andvirði þeirrar atvinnu eða eigna sé ákveðið og hvort það skuli greiða með hlutum í félaginu eða með öðrum hætti. 10. Hvort stofnendur áskilji sér stöðu hjá félaginu eða önnur fríðindi, hvort stjórn þess eða skipulag að öðru leyti skuli verða með ákveðnum hætti. — Skjöl öll og samningar, er gerðir kunna að hafa verið vegna félagsstofnunarinnar, skulu fylgja stofnsamningi, annaðhvort í frumriti eða eftirriti, staðfestu af stofnendum eða notarius publicus. Sammæli manna um efni, er félagsskapinn varða og eigi fylgja stofnsamningi með framanskráðum hætti, eru félaginu óviðkomandi. — Frumvarp til samþykkta handa félaginu skal fylgja stofnsamningi. — **4. gr.** Allir, sem undirrita stofnsamning, skulu taldir stofnendur félags. Skulu þeir rita full nöfn, stöðu og heimili, svo að ekki verði um villzt.[a]) — Stofnendur mega ekki færri vera en 5. Þeir skulu hafa lofað að leggja fram eða lagt fram hluti í félaginu fyrir að minnsta kosti 2000 kr. alls. Stofnendur skulu vera lögráðir menn, með óflekkað mannorð, fjár síns ráðandi og að öðru leyti þeim kostum búnir, er þeir skyldu hafa lögum samkvæmt til þess að reka í sínu nafni atvinnu fyrirhugaðs félags eða til að eiga þær eignir, sem félaginu er ætlað að eignast. — **5. gr.** Nú leggja stofnendur einir, eða með þeim, er kynnu að hafa verið við undirskrift stofnsamnings staddir eða síðar koma til, fram allt hlutafé, og má þá stofna félagið, enda er því þá rétt að taka til starfa jafnskjótt sem samþykktir þess eru löglega settar og skrásetning þess hefir farið fram. Ella verður hlutafélag stofnað aðeins að því tilskildu, að hlutafé fáist. — **6. gr.** Stofnendur skulu kveðja alla þá á fund, sem lofað hafa fjárframlögum til félagsins.[a]) Á fundi þessum má setja félaginu samþykktir, en ekkert má í þær setja, er brjóti bág við stofnsamning, nema honum sé jafnframt breytt í samræmi við það. Þá skal og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema samþykktir áskilji fyrsta hluthafafundi kjör þeirra. Þeir einir eru bundnir við ákvarðanir fundar þessa, sem hann hefir verið boðaður, eða hafa sótt hann eða síðar samþykkt þær. Þó er enginn bundinn við breytingar á stofnsamningi, nema hann hafi goldið jákvæði við þeim. — **7. gr.** Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum í félagi, og skal það þá gera með opinberri auglýsingu (boðsbréfi). — Í boðsbréfi skal greina: 1. Nákvæmt ágrip af stofnsamningi, sbr. 6. gr. 2. Ákvæði samþykkta, ef gerðar hafa verið, um atkvæðisrétt hluthafa. 3. Hverjir séu stjórnendur félags og endurskoðendur, ef þeir hafa þegar verið kosnir, sbr. 6. gr. 4. Hversu mikið af hlutafé sé þegar fengið og hversu miklu eigi að safna með þessum hætti. 5. Hver upphæð hluta sé og gengi. 6. Hvar og hversu lengi kostur sé að skrifa sig fyrir hlutum og hvaða ákvæði séu sett þar um að öðru leyti. 7. Hvernig með skuli fara, ef fram kynni að verða lagt meira fé en ákveðið var að safna. 8. Hvernig birta skuli árangur af hlutafjársöfnun. 9. Hvar og hvenær stofnsamningur, samþykktir félagsins og önnur skjöl séu til sýnis. — **8. gr.** Eigi má lengri tími en 6 mánuðir, talið frá dagsetningu boðsbréfs, ganga til að safna því hlutafé, sem lægst er tiltekið í boðsbréfi samkvæmt 7. gr. Innan 2 mánaða frá því er hlutafjársöfnun er lokið, skal birta árangurinn. — Ef eigi fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbréfi, áður en áskriftarfrestur er liðinn, þá eru öll loforð um hlutaframlög úr gildi fallin. Og eigi er áskrifanda þá skylt að greiða að neinu leyti kostnað, nema svo hafi verið tilskilið í boðsbréfi. Ef hann hefir þegar greitt eitthvað, er það afturkræft með sparisjóðsvöxtum frá greiðsludegi. — Nú fást loforð um framlög þess hlutafjár, er lægst var tiltekið í boðsbréfi, áður liðinn sé áskriftarfrestur, og er þá rétt að halda áfram hlutafjársöfnun 4 mánuði hina næstu, unz það hlutafé er fengið, er hæst var tiltekið í stofnsamningi. — **9. gr.** Nú hefir hlutafjársöfnun tekizt, og skulu þá stofnendur eða stjórn, ef hún hefir þegar verið skipuð, boða, svo fljótt sem unnt er, áskrifendur til fundar. Á þeim fundi skal ákveða stofnun félagsins til hlítar. Félagið er þá löglega stofnað, nema fundarmenn, er ráða yfir helmingi hlutafjár eða meira, felli tillögu í þá átt. Fer þá um rétt áskrifenda samkvæmt 8. gr. 2. málsgr. — Nú er félag löglega stofnað, og skal þá setja því samþykktir og kjósa stjórn og endurskoðendur, nema það hafi þegar verið gert, sbr. 6. gr. Ákvæði 6. gr. gilda hér, að því leyti sem þau eiga við.

a) XXII, 463.

III. kafli. — **Skrásetning hlutafélaga.** — **10. gr.** Eigi má hlutafélag taka til starfa fyrr en það hefir verið skrásett lögum samkvæmt. Fyrr getur það eigi heldur öðlazt réttindi á hendur öðrum mönnum með samningum, né þeir á hendur því, sbr. þó 20. gr.[a]) — Eigi má skrásetja hlutafélög fyrr en: 1. Fengin eru loforð um framlög hlutafjár þess, er lægst var tiltekið í stofnsamningi, eða boðsbréfi, ef opinbert hlutaútboð hefir verið haft. 2. Félagið er löglega stofnað samkvæmt 5. eða 9. gr. 3. Fjórðungur lofaðs hlutafjár er greiddur. — Tilkynna skal félagið til skrásetningar á mánaðarfresti eftir að það er löglega stofnað. Tilkynningarskylda hvílir á stjórn þess.[b]) — **11. gr.** Skrásetningu hlutafélaga annast lögreglustjóri, þar sem heimili félags er, sbr. 13. gr. Hlutafélög skal skrá í sérstaka skrá (hlutafélagaskrá). Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um skipulag hlutafélagaskráa.[1]) — **12. gr.** Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar, og skal þær allar rita á þau eyðublöð. — Í tilkynningu skal greina: 1. Heiti félagsins. 2. Heimili þess og varnarþing. Ef það hefir útibú eða setur það síðar, þá skal einnig tilkynna það samkvæmt 11. gr. 3. Tilgang félagsins. 4. Dagsetning samþykkta þess. 5. Full nöfn, stöðu og heimili stofnenda. 6. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra. 7. Hver eða hverjir hafa heimild til að skuldbinda félagið með samningum, þar á meðal ef aðeins tveir eða fleiri stjórnendur hafa þá heimild í sameiningu, og hvernig undirskriftum sé hagað. 8. Upphæð hlutafjár og greining þess í hluti. 9. Hvort hlutafjársöfnun sé lokið eða hvort hún haldi áfram. 10. Hversu mikið sé greitt af hlutafé og hvenær það sé kræft, sem ógreitt er. 11. Hvort hlutabréf eigi að hljóða á nafn eða handhafa. 12. Hvort nokkrum hlutum fylgi sérréttindi. 13. Hvort nokkrir hluthafar skuli skyldir að þola lausn á hlutum sínum. 14. Hvort nokkrar hömlur séu lagðar á meðferð hluthafa á hlutabréfum sínum. 15. Ákvæði samþykkta um atkvæðisrétt hluthafa. 16. Hvernig boða skuli hluthöfum fundi eða birta þeim aðrar tilkynningar. — Tilkynningu skal fylgja: a) Eftirrit af stofnsamningi með fylgiskjölum. b) Eftirrit af boðsbréfi, ef það hefur verið gefið út. c) Samþykktir félagsins í 2 eintökum. d) Sönnun fyrir því, að stofnendur og stjórnendur fullnægi lögmæltum skilyrðum. — Þeir, sem heimilt er að rita firma, skulu sýna með eigin hendi, hvernig undirskriftum sé hagað. — **13. gr.** Í lögsagnarumdæmi, þar sem hlutafélag setur útibú, skal einnig skrásetja félagið. Í tilkynningu, sem komin skal vera til lögreglustjóra þegar útibúið tekur til starfa, skal, auk þess er í 12. gr. segir, geta þess, hver eða hverjir stýri útibúi og skuldbindi félagið vegna þess. Ef aðalskrifstofa og útibú eru í sama lögsagnarumdæmi, skal aðeins tilkynna, að útibúið sé sett og hver skuldbindi félagið vegna útibúsins. — **14. gr.** Nú verður samþykktum hlutafélags breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, og skal þá tilkynna breytinguna innan mánaðar frá því er hún varð, ásamt sönnun fyrir lögmæti hennar.[a]) Eigi þarf þó að tilkynna bústaðaskipti, nema maður taki sér bólfestu utanlands. Ef hlutafélag skiptir um heimilisfang, skal það og eigi tilkynna, nema það flytjist í annað lögsagnarumdæmi, enda skal þá skrásetja það þar. — **15. gr.** Fylgja skulu lögboðin gjöld tilkynningu. — Nú vantar greinargerð í tilkynningu um einhver þau atriði, sem í 12. gr. getur, eða lögboðin fylgiskjöl, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri þá synja skrásetningar, en birta skal hann það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra, en heimilt er honum samt sem áður að leita úrlausnar dómstóla um það. — **16. gr.** Nú telur einhver rétti sínum hallað með skrásetningu hlutafélags, og er honum þá rétt að bera það mál undir dómstóla, enda hafi hann birt stjórn félagsins dómstefnu innan 6 mánaða, talið frá lokum þess mánaðar, er skrásetning fór fram. Ef aðili æskir þess, þá skal skrá kauplaust athugasemd um málsúrslit í hlutafélagaskrá og birta síðan samkvæmt 17. gr. — **17. gr.** Lögreglustjóri skal birta tafarlaust og á kostnað tilkynnanda það, sem skrásett hefir verið, í Lögbirtingablaðinu. Tilkynning skal öll sett í auglýsingu, en fylgiskjöl eigi. — Atvinnumálaráðherra lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda um árslok hver skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu. — **18. gr.** Um firmu hlutafélaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna, — sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnu-

1) Sbr. reglur nr. 118, 27. des. 1921. — a) Tr. I, 64.—5. — b) XVIII, 410, XXII, 463.

a) VIII, 80.

frest í málum á hendur félagi. — **19. gr.** Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt 17. gr. 1. málsgr., skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það né að til þess verði ætlazt af honum. — Nú hefir birting samkvæmt 17. gr. 1. málsgr. eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli. — Um hlutafé, hlutabréf o. fl.[a]) — **20. gr.** Hver, sem hefir skrifað sig fyrir hlut, er skyldur að greiða hann á gjalddaga, sbr. þó 8. gr. 2. málsgr.[b]) Ef brestur verður á þessu, ber honum að svara 6% ársvöxtum af því, sem eigi er rétt greitt, frá gjalddaga til greiðsludags. Stofnendur eða stjórn félags, ef hún er skipuð fyrir gjalddaga hlutafjár, eru réttir sækjendur þessa máls, enda má sækja það fyrir gestarétti á heimilisvarnarþingi félagsins, sbr. 3. gr. 1. tölul., 7. gr. 1. tölul. og 12. gr. 2. tölul. — Nú telur áskrifandi rétti sínum hallað, og getur hann þá höfðað mál á hendur stofnendum eða stjórnendum, ef stjórn er skipuð, með sama hætti sem í 1. málsgr. segir. — **21. gr.** Stjórn hlutafélags, eða stofnendur, þar til er stjórn er skipuð, eða umboðsmenn þeirra gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafé. Bráðabirgðaskírteini skal greina: 1. Nafn og heimili félags. 2. Upphæð hluta, er áskrifandi hefir lofað, hvað greitt sé, hvað eftir standi og hvenær það megi heimta. — Þess skal ennfremur geta í skírteini, ef ákveðið hefir verið: a) Að sumum hlutum skuli fylgja einhver forréttindi. b) Að hluthöfum skuli skylt að þola lausn á hlutum sínum. c) Að hömlur séu lagðar á meðferð bráðabirgðaskírteina og hlutabréfa. — Skrá skal halda yfir bráðabirgðaskírteini samkvæmt 23. gr., eftir því sem við á. — **22. gr.** Hlutabréf má ekki gefa út fyrr en félag er skrásett og hlutur að fullu greiddur. — Í hlutabréfi skal greina: 1. Nafn og heimili félags. 2. Upphæð hlutar. 3. Þau atriði, er í 21. gr. 2. tölul. a-c segir, að því leyti sem við á. 4. Dagsetning samþykkta. 5. Tölu (númer) bréfsins. — Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Eiginhandarnöfn, að minnsta kosti 3, skulu vera undir hverju hlutabréfi. — **23. gr.** Stjórn félags skal halda skrá yfir hlutabréf í framhaldandi töluröð, og skal þar greina: 1. Útgáfudag hvers hlutabréfs. 2. Til handa hverjum hlutabréf var útgefið, ef það var gefið út til nafngreinds manns, félags eða stofnunar. 3. Nafnverð bréfs. 4. Eigandaskipti, ef þau hafa verið tilkynnt. 5. Forréttindi, er kunna að fylgja bréfi, svo og ef eigandi þess skal standa að baki öðrum hluthöfum. 6. Þær breytingar, er verða kunna á skiptum félags og eiganda bréfsins, svo sem ef ógildingardómur er fenginn á bréfi, ef félagið leysir bréf til sín o. s. frv. — **24. gr.** Hluthafafundur einn getur ákveðið að auka hlutafé eða heimilað stjórninni að gera það. Þó má stjórnin, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, bjóða út hlutafjárauka, að áskildu samþykki hluthafafundar. — **25. gr.** Nú er almenningi veittur kostur á því að skrifa sig fyrir hlutum samkvæmt 24. gr., og skal stjórn félagsins þá undirrita boðsbréfið. Í því skal vera greinargerð um þau atriði, sem í 3. gr. 5.—9. tölul. og 7. gr. 1.—9. tölul. segir um það, hvort eldri hluthöfum sé áskilinn forgangsréttur til áskriftar og annað, sem ákveðið kann að hafa verið um hlutafjáraukann. — Ákvæði laga þessara um hlutafjársöfnun og skipti félags og áskrifenda gilda eftir því sem við á. — **26. gr.** Hluthafafundur einn getur ákveðið minnkun hlutafjár. — Ef hlutafé á að minnka um helming eða minna og niðurfærslan veldur því, að greiða þarf verð hluta af eignum félags eða áskrifendur verða leystir undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum, enda sé það ekki skylt eftir löglegri félagssamþykkt, tilkynntri 12 mánuðum áður hlutafjárminnkun sé samþykkt, þá skal stjórn félagsins birta í Lögbirtingablaðinu áskorun með 6[1]) mánaða fyrirvara, til lánardrottna félagsins um að lýsa kröfum sínum áður frestur sá sé liðinn. Eigi má greiða hluthöfum né leysa áskrifendur undan greiðsluskyldu fyrr en skuldalýsingarfrestur er liðinn né heldur fyrr en viðurkenndar eindagaðar kröfur eru greiddar og trygging sett fyrir greiðslu á óeindöguðum eða ósamþykktum kröfum.[a]) Nú skilur menn á um tryggingu, og skulu þá dómkvaddir menn meta, enda skulu aðiljar hlíta því mati. — Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 2. málsgr., enda sé sannað, að félagið eigi fyrir skuldum á því bili, sem hlutafjárminnkun er lokið.[a]) — Félagsstjórnin skal kveðja hluthafa, með auglýs-

a) XXI, 229. — b) IV, 310, (V, 501).

1) Sbr. nú l. nr. 19, 4. júní 1924, § 2. — a) XVII, 110.

ingu í Lögbirtingablaðinu og með árs fyrirvara, til að gefa sig fram með hlutabréf sín eða bráðabirgðaskírteini, til þess að færa hluti niður, taka við greiðslu þeirra eða skipta um hlutabréf. Að fresti loknum getur stjórnin lýst þau hlutabréf og bráðabirgðaskírteini ógild, sem eigi hafa fram komið, enda skal sú ákvörðun þegar auglýst í Lögbirtingablaðinu. Sá, er gefur sig fram með hlutabréf eða bráðabirgðaskírteini með formréttri heimild innan 10 ára frá lokum framvísunarfrests, fær þó greitt nafnverð þeirra. Ef draga skal út til innlausnar ákveðna tölu bréfa, þá skal notarius publicus hafa eftirlit með útdrættinum, og auglýsa skal það þegar í Lögbirtingablaðinu, hvaða bréf hafi verið út dregin. Innan mánaðar frá lokum framvísunarfrests skal gefa út ný hlutabréf, ef hlutafjárminnkun gerir útgáfu þeirra nauðsynlega. — Ef eigandaskipti verða að ógiltu, útdregnu eða niðurfærðu bréfi, eftir að það hefir verið löglega auglýst, á eigandi þess aðeins rétt til þess að taka við og kvitta fyrir fjárhæð þeirri, sem greidd kann að verða samkvæmt 4. málsgr., og til að taka við nýju bréfi, ef því er að skipta. — Nú greiðir stjórnin verð hluta, eða leysir menn undan greiðsluskyldu gagnstætt fyrirmælum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr., og ábyrgjast þá stjórnendur, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir félagsins, að því leyti sem því nemur, sem greitt var og leyst var undan að greiða.[a]) Hluthafa er og skylt að skila því aftur, sem hann hefir við tekið, og að greiða það, er hann var leystur undan að gjalda, gagnstætt ákvæðum 2. málsgreinar, sbr. 3. málsgr. Sök á hendur stjórnendum eða hluthafa má sækja fyrir gestaréttí á varnarþingi félagsins. Nú brýtur félagsstjórn fyrirmæli 2. málsgr., og er þá söm ábyrgð hennar gagnvart hluthafa sem áður var mælt, enda má sömu meðferð hafa á sök. — **27. gr.** Ákvörðun um minnkun hlutafjár skal tilkynna til skrásetningar þegar eftir að hún hefir verið gerð. Tilkynningu um framkvæmd hlutafjárminnkunar skal fylgja sönnun fyrir því, að svo hafi verið með farið sem í 26. gr. er mælt. — **28. gr.** Hlutafélag má ekki taka hlutabréf sjálfs sín eða bráðabirgðaskírteini til tryggingar, eða lána út á þau. — Eigi má hlutafélag eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafé sínu nema atvinnumálaráðherra leyfi. Árlega skal tilkynna til skrásetningar eign félags í hlutabréfum sjálfs sín, enda skal sú eign greind á sérstökum lið í efnahagsreikningi þess. — Félagsstjórnin fer með atkvæði fyrir þá hluti, er í 2. málsgr. segir, nema öðruvísi sé um mælt í samþykktum félagsins. — **29. gr.** Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabréf, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt. Í samþykktum hlutafélags má heimila félagsstjórninni að gefa út nýtt bráðabirgðaskírteini eða hlutabréf, í stað glataðs, ef félagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að skírteinið eða hlutabréfið hafi eyðilagzt, enda nemi upphæðin ekki meiru en 200 kr. — Ef hlutabréf eða bráðabirgðaskírteini skemmist, en þó verður eigi villzt um tölu skjalsins og efni, getur handhafi fengið nýtt bréf í staðinn á sinn kostað, enda skili hann því, sem skemmt var.

1921 Nr. 77 27. júní

V. kafli. — Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. — 30. gr. Hluthafafundur hefir æðsta vald í málefnum félags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþykktir þess. — Halda skal reglulegan hluthafafund einu sinni ár hvert (ársfund).[a]) Þar að auki getur félagsstjórn boðað til hluthafafundar (aukafundar) hvenær sem henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórn skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimmtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþykktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefir stjórn ekki boðað fund innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta hluthafar þá sjálfir gert það. — Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði. — Á ársfundi skal ávallt leggja fram endurskoðaða reikninga félags fyrir umliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri, og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga félagsins. — **31. gr.** Hluthafafundir eru lögmætir, ef 3 hluthafar hið fæsta eða umboðsmenn þeirra sækja fund, nema samþykktir félags mæli öðruvísi. — Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sé kveðið á í samþykktum. Enginn hluthafi getur þó farið með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða í félaginu.[b]) Samþykki allra hluthafa þarf til þess: a) Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé eða annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar. b) Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema félagi sé slitið eða hlutafé löglega fært niður. c) Að tak-

a) XVII. 112, 107.

a) VIII, 606. — b) XXIV, 612.

marka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum. d) Að ákveða, að áskrifendur hafi fyrirgert rétti sínum til þess að fá hluti, fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess, sem þeir hafa lofað. e) Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti. f) Að breyta ákvæðum samþykktanna um atkvæðisrétt, um forréttindi, sem hlutum í félaginu fylgja, eða hlutdeild manna í því eða jafnrétti hluthafa sín á milli, enda sé slíkt eigi áskilið í stofnsamningi. — **32. gr.** Engan má kjósa í stjórn hlutafélags, nema hann eigi hlut í félaginu, sé lögráður, hafi óflekkað mannorð, sé fjár síns ráðandi og fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka, og til þess að mega eiga þær eignir, sem félagið á eða ætlar að eignazt.[a]) — Félagsstjórn fer með málefni félagsins milli hluthafafunda. Hún ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, hefir umsjón með rekstri atvinnunnar, gerir reikningsskil og skuldbindur félagið, allt samkvæmt lögum og samþykktum félagsins.[b]) — **33. gr.** Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafélags ár hvert og efnahagsreikning svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn. — Hluthöfum má aðeins úthluta þeim hreinágóða, sem eftir verður, þegar afskrifað hefir verið og lagt til hliðar svo mikið, sem í samþykktum félags greinir, og eftir að unninn er upp reikningshalli, er vera kann frá fyrra ári. — Ef félag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu. Sömuleiðis má hafa sérstaka sjóði til tryggingar greiðslu arðs af hlutunum, er illa gengur, og það þó að reikningshalli verði. — **34. gr.** Endurskoðendur mega ekki vera í stjórn félagsins. Þeir skulu vera lögráðir, með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi. Þeim er skylt að sannprófa það, að reikningunum beri saman við bækur félagsins, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins, og er stjórn þess skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til starfa síns. — **35. gr.** Nú fellir ársfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá þegar ákveðið, að ný endurskoðun skuli fram fara og hverjir skuli framkvæma hana. Að þeirri endurskoðun lokinni skal boða til hluthafafundar af nýju, og skal hann taka ákvörðun um reikningana. — Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafélagaskrár og skrásetja. — **36. gr.** Í samþykktum félags skal greina: 1. Nafn félags og heimili. 2. Tilgang þess. 3. Hlutafé og skipting þess í hluti, og, ef því er að skipta, um skyldu hluthafa til að þola lausn á hlutum, ákvæði um forréttindahluti, hvort hlutabréf skuli hljóða á nafn og hvort hömlur séu lagðar á meðferð hluthafa á þeim. 4. Reikningagerð og skipting arðs. 5. Um stjórn félagsins. 6. Um framkvæmdarstjóra og skipun hans eða þeirra. 7. Um endurskoðendur. 8. Um tilkynningar til félaga, hluthafafundi, atkvæðisrétt hluthafa og fundarsköp. 9. Um félagsslit. 10. Hvernig samþykktum megi breyta. — **37. gr.** Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rétt að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn félags innan 3 mánaða eftir að ályktun var gerð. Dómsúrslit skal stjórnin þegar tilkynna til skrásetningar, hvort sem dómi hefir verið áfrýjað eða ekki. — Ákvæði 1. málsgr. um málshöfðunarfrest gildir ekki um ákvarðanir hluthafafundar samkvæmt 31. gr. 2. málsgr. a—f.

VI. kafli. — Um félagsslit o. fl. — 38. gr. Slíta skal hlutafélagi, ef hluthafar verða færri en 5, nema úr sé bætt innan 3 mánaða eftir að félagsstjórn fékk vitneskju um þetta.[a]) Ef félagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgjast þeir, er vísvitandi um ástandið gerðu saman samning fyrir hönd félags, allir fyrir einn og einn fyrir alla, efndir hans, auk félagsins. — Jafnskjótt sem félagsstjórn kemst að raun um, að svo er ástatt, sem í 1. málsgr. segir, ber henni að kveðja til hluthafafundar. Skal þá taka ákvörðun um félagsslit eða breytingar til að koma félaginu í löglegt horf. Ef eigi hefir verið úr bætt eða skilanefnd kosin á þeim tíma, sem fyrir segir, eða félagsbú fengið skiptarétti til meðferðar, skal stjórnin fá skiptarétti félagsbúið í hendur til opinberra skipta. — Ákvæði greinar þessarar eiga þó ekki við, ef annað félag, eða önnur félög, sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabréfum félagsins, en í gjalddaga eru þá þegar fallnar allar kröfur á hendur félagi, er rennur þannig saman við annað félag.[a]) — **39. gr.** Hluthafafundur einn getur ákveðið félagsslit,

a) XVIII, 58, XXII, 463. — b) V, 223.

a) XIV, 281.

1921 Nr. 77 27. júní

nema félag megi ekki halda áfram eða bú þess sé tekið til gjaldþrotaskipta. Hluthafafundur getur annaðhvort afhent félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kosið einn mann eða fleiri (skilanefnd) til þess að fara með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur, og löggildir dómsmálaráðherra skilanefndarmenn. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald og skyldur, að því leyti sem við á, en sett getur hluthafafundur þá frá starfinu hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar félagi, gilda reglur laga þessara um hluthafafundi, reikningsskil og endurskoðun. — Skilanefnd skal jafnan fullum stöfum setja það orð með nöfnum sínum, er hún undirritar fyrir hönd félagsins. — **40. gr.** Skilanefnd skal þegar gera efnahagsreikning félagsins, og reikningsskil síðan ár hvert, unz störfum hennar er lokið. Þó má efnahagsreikningur bíða, ef liðnir eru meira en 6 mánuðir af yfirstandandi reikningsári þegar hún tekur við, til loka þess reikningsárs. — **41. gr.** Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem í 22. gr. skiptalaga nr. 3, 12. apríl 1878,[1]) og 10. gr. 1. málsgr. og 13. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, segir. — Um réttindi skuldheimtumanna og hluthafa, um eigendaskipti að hlutabréfum og ábyrgð skilanefndar og hluthafa skal fara eftir 26. gr. 2.—6. málsgr., eftir því sem við á.[a]) — Þegar skuldir eru greiddar eða trygging sett og hluthafafundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða hluthöfum það, sem skuldlaust kann að verða eftir.[b]) — Ágreining um skuldakröfur og um skiptingu félagseigna með hluthöfum má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta. — Skilanefnd ber að afhenda bækur félagsins á Þjóðskjalasafnið, og skal geyma þær þar að minnsta kosti 10 ár eftir að félagsslitum er lokið. — **42. gr.** Hluthafafundur einn getur ákveðið að afsala öðru hlutafélagi öllum eignum sínum eða sameinast því.[c]) Tilkynna skal ákvörðun um þetta til skrásetningar innan viku, og þegar ákvörðunin er framkvæmd, þá skal og tilkynna það lögum þessum samkvæmt. Að öðru leyti skal með fara samkvæmt 39.—41. gr., svo sem við á. — **43. gr.** Nú er ákveðið að minnka hlutafé félags um meira en helming, og skal þá fara eftir fyrirmælum 39.—41. gr., eftir því sem við á. — **44. gr.** Stjórn hlutafélags er rétt og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskipta með sama hætti sem einstakur maður getur gert eða skal gera það um bú sitt.[a]) Á henni hvíla samsvarandi skyldur til þess að veita skiptarétti upplýsingar um búið sem einstökum mönnum, enda liggur sama við, ef út af er brugðið. — Skiptaréttur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskipta.

VII. kafli. — Um erlend hlutafélög. — 45. gr. Hlutafélög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, mega starfa hér á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annarra ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis. — Þá starfar erlent hlutafélag hér, ef það hefir hér skrifstofu eða atvinnustöð, hvers kyns sem er, þar á meðal til þess að safna tilboðum (agentur). — **46. gr.** Eigi má erlent hlutafélag taka til starfa fyrr en það er skrásett hér á landi, þar sem bækistöð þess, sbr. 45. gr. 2. málsgr., er, og ef í fleiri lögsagnarumdæmum eru, þá í hverju þeirra áður en félagið hefur starf sitt þar. Um tilkynningar til skrásetningar fer svo sem við á eftir 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 2. málsgr. c-lið. Tilkynningu skal ennfremur fylgja: 1. Vottorð þar um bærs embættismanns, staðfest af ræðismanni, um að félagið sé löglegt samkvæmt þarlandslögum og eigi þar heimilisfang. 2. Yfirlýsing frá stjórn félagsins, staðfest af notarius publicus, um að félagið undirgangist, að viðskipti þess hér fari eftir íslenzkum lögum, að umboðsmaður þess hér sé bær um að sættast á þau hér og svara til sakar vegna þeirra skipta fyrir íslenzkum dómstólum. 3. Einkaumboð handa manni, einum eða fleirum, til þess að fara með málefni félagsins hér á landi, og fullnægi umboðsmaður lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu félagsins hér í sjálfs sín nafni. 4. Skilríki fyrir því, að félagið eigi hér eignir, eigi minna en 10 þúsund króna virði, til tryggingar greiðslu þeirra skulda, er félagið kann að komast í vegna starfa sinna hér, svo og skýrsla um, hvernig verðmæti þeirra eigna er ákveðið, ef þær eru eigi í peningum. — **47. gr.** Ef erlent félag byrjar störf hér á landi án þess það sé löglega tilkynnt til skrá-

1) Sbr. l. nr. 19, 4. júní 1924, § 2. — a) XVII, 110. — b) XV, 294, XVII, 110. — c) XIV, 279.

a) XXII, 463.

setningar, ábyrgjast þeir, sem hér koma fram fyrir þess hönd, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir þær, sem hér verða til vegna starfsins. — **48. gr.** Umboðsmanni erlends félags ber að tilkynna til skrásetningar allar breytingar á hverju því, sem skrásett hefir verið, sbr. 14. gr. Reikninga starfseminnar hér, sbr. 33. gr., skal senda lögreglustjóra til skrásetningar 3 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers. — **49. gr.** Sá eða þeir, sem skuldbinda erlent félag hér, skulu við undirskrift sína nefna hlutafélagið fullu nafni og heimili þess. Og ef félag er undir forræði skilanefndar, þá skal þess einnig geta. — **50. gr.** Nú sannar skuldheimtumaður með aðfarargerð, að erlent félag, sem starfar hér á landi, á hér eigi nægar eignir til þess að greiða kröfu hans, og skal þá afmá félagið úr hlutafélagaskrám hér, ef hann krefst þess, og auglýsa það þegar í Lögbirtingablaðinu, enda má eigi fyrr skrásetja félagið hér aftur en skuldin er greidd eða samþykki skuldheimtumanns kemur til. — **51. gr.** Ef erlent félag verður gjaldþrota, er umboðsmanni þess hér skylt að tilkynna þetta, þegar er hann veit um það, til hluthafaskrár og skiptaréttar þar, sem félagið starfar hér. Ella bakar hann, eða þeir ef fleiri eru, sér ábyrgð á skuldum, sem eftir það verða til vegna atvinnunnar hér, samkvæmt 47. gr.

VIII. kafli. — Ákvæði um refsingar o. fl. — **52. gr.** Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, skilanefnd eða umboðsmenn erlendra hlutafélaga að inna af hendi skylduverk sín samkvæmt lögum þessum, samþykktum félagsins eða ályktun hluthafafundar, og getur þá atvinnumálaráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna verkið af höndum. En rétt er þeim, sem sektaður er, að bera lögmæti skipunar ráðherra undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu skipunar. Mál það má höfða á hendur ráðherra fyrir gestarétti á varnarþingi félags, sbr. 18. gr. 2. málsgr. og 46. gr. 2. tölul. — **53. gr.** Það varðar stofnendur, stjórnendur, skilanefndarmenn og umboðsmenn erlendra félaga hér sektum eða fangelsi, sbr. 26. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869,[1]) enda sé verkið ekki svo vaxið, að þyngri refsing sé lögmæt, ef þeir: 1. Herma vísvitandi rangt eða villandi í boðsbréfi, skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða annarra forráðamanna félags eða í tilkynningu til hlutafélagaskrár.[a]) 2. Brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, um greiðslu arðs eða endurgreiðslu hluta. — **54. gr.**[b]) Það varðar sektum allt að 2000 kr., ef þeir, er í 53. gr. segir: 1. Gerast sekir af stórfelldu gáleysi um brot þau, er í 53. gr. segir, eða 2. Herma vísvitandi rangt eða villandi, en án þess, að 53. gr. eða önnur lög taki þar til, í skjölum, viðskiptabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um efnahag eða eignir félags þess, er þeir stýra eða fara með umboð þess, sbr. 46. gr. 3. tölul. — **55. gr.** Sá, er vanrækir tilkynningar til hlutafélagaskrár lögum þessum samkvæmt, skal sæta sektum, allt að 1000 krónum. — **56. gr.** Hluthafi, sem þiggur fé til þess að neyta ekki atkvæðisréttar síns eða greiða atkvæði félaginu í óhag, sætir sektum, nema verkið sé svo vaxið, að þyngri refsing sé lögmælt. — **57. gr.** Stjórnendur, skilanefndarmenn eða umboðsmenn erlendra félaga sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir félagsins eða gera ráðstafanir gegn betri vitund, félaginu í óhag, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.[c]) — **58. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum þeim, er í 53.—57. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál. — **59. gr.** Hlutafélög, stofnuð áður lög þessi öðlast gildi, svo og erlend félög, er starfa hér, skulu tilkynnt til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922.[d]) Í tilkynningu skal vera greinargerð samkvæmt 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 3. málsgr. og 13. gr., ef því er að skipta, og 46. gr. Svo skulu tilkynningu og fylgja skjöl þau, er í 12. gr. 2. málsgr. c og d getur, að því leyti sem við á. — Frá því er félag samkvæmt 1. málsgr. er skrásett, skal fara eftir fyrirmælum 1., 2., 11. og 13.—58. gr. laga þessara, eftir því sem við á. Nú fullnægir stjórn félags ekki ákvæðum 32. gr. 1. málsgr., eða umboðsmaður fyrirmælum 46. gr. 3. tölul., og getur atvinnumálaráðherra veitt allt að 2 ára frest til þess að koma málinu í löglegt horf. — Nú er félag ekki tilkynnt áður frestur sá, er í 1. málsgr. segir, er liðinn eða máli eigi komið í löglegt horf samkvæmt 2. málsgr. 2. málslið, og skal þá slíta félaginu eða strika erlent félag út af hlutafélagaskrám. Ef lögreglustjóri synjar

1) Sbr. nú alm. hegn.l. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268.

a) IV, 343, 344, 326, VIII, 636, 607, X, 149, 152—3, XXII, 463.— b) IV, 327, VIII, 636, 607. — c) VIII, 607. — d) VIII, 80.

1921 Nr. 77 27. júní

1921 Nr. 77 27. júní

skrásetningar eða ágreiningur er um hæfileika stjórnenda eða umboðsmanns, má bera málið undir atvinnumálaráðherra og dómstóla. Nú skýtur aðili ákvörðun lögreglustjóra til ráðherra eða dómstóla innan 2 mánaða eftir að hún varð honum kunn og ákvörðunin verður staðfest, og skal þá eigi slíta félagi eða strika það af skrá, ef aðili bætir um það, er áfátt var, innan 4 mánaða frá dagsetning úrskurðar ráðherra eða uppsögn fullnaðardóms í málinu. Ef aðili vill eigi una úrskurði ráðherra, getur hann skotið málinu til dómstóla innan 2 mánaða frá dagsetning úrskurðar, og ef þar verður sama niðurstaða, fer um félagsslit og útstrikun af skrá sem áður segir. — Mál út af þeim atriðum, er hér segir, skal höfða á hendur lögreglustjóra fyrir gestarétti á varnarþingi félags eða starfstöðvar, sbr. 46. gr. — Nú er félagi eigi slitið svo sem boðið er í þessari grein, og skal þá fara svo sem í 38. gr. 1. og 2. málsgr. 2. málslið og 47. gr. segir. — **60. gr.**[1]) Gjöld fyrir störf þau, er lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir: — Fyrir að taka við og skrásetja tilkynningu um félag, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 kr. — Fyrir tilkynningu og skrásetningu útibús og starfstöðvar erlendra félaga greiðist 20 kr. — Fyrir að taka við og skrásetja breytingar á eða viðauka við það, sem áður hefir verið skrásett, 15 kr. — Fyrir eftirrit úr hlutafélagaskrá greiðist lögreglustjóra samkv. 10. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 1. málsgr.,[2]) og fyrir munnlegar skýrslur um einstakt hlutafélag 2 kr. — Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits eða munnlegrar skýrslu um einstök atriði úr hlutafélagaskrá.

1941 Nr. 111 9. okt.

Lög um eftirlit með opinberum sjóðum.

1. gr. Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu til 5 ára í senn þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og gera skrá um þá sjóði í landinu, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, svo og um aðra hliðstæða sjóði, er stofnaðir hafa verið með gjöfum einstaklinga eða félaga. Rísi ágreiningur um það, hvort einhver sjóður skuli háður eftirliti samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr. — Eftirlitsmen skulu á ári hverju senda Alþingi og fjármálaráðuneytinu skýrslu um sjóði þessa. — **2. gr.** Stjórn þeirra sjóða, sem ekki hafa hlotið konungsstaðfestingu á skipulagsskrá, eða þeim, er slíka sjóði hafa undir höndum, skal skylt að senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum fyrir árslok 1941 stofnskrár sjóðanna, gjafabréf eða önnur fyrirmæli um starfsemi þeirra, en um þá sjóði, er síðar verða stofnaðir, skulu slík gögn send eftirlitsmönnum áður en ár er liðið frá sjóðstofnun. — Nú kemur það í ljós, að ekki eru til fyrirmæli um starfsemi sjóðs, og skulu þá eftirlitsmenn hlutast til um, að slík fyrirmæli verði sett. — **3. gr.** Stjórnir eða vörzlumenn þessara sjóða skulu senda eftirlitsmönnum, áður en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár. Geta eftirlitsmenn þó krafizt fyllri skýrslna um allan hag sjóðanna, og er sjóðstjórnum eða vörzlumönnum skylt að svara fyrirspurnum þeirra — eins eða fleiri — um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, áður en mánuður er liðinn frá því er þeim barst slík fyrirspurn, enda hvíli ekki sérstök þagnarskylda á þeim. — **4. gr.** Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin fyrirmæli um starfsemi hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera. — **5. gr.** Nú senda vörzlumenn sjóðs ekki reikning eins og fyrir er mælt í 3. gr. eða fyrirmæli um starfsemi sjóðs samkvæmt 2. gr. og svara ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur þá fjármálaráðherra, ef eftirlitsmenn óska þess, skyldað aðila til þess, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, að senda umkrafin gögn innan tiltekins tíma. — Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun sjóða þeirra, er um ræðir í lögum þessum, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á sem öruggastan hátt. — **6. gr.** Fjármálaráðherra ákveður þóknun eftirlitsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði. — [**7. gr.** Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefir staðfestinu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, og skulu þeir þá senda tillögur um breytingar til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. júlí 1953. Ef ráðuneytið telur, að breyta þurfi skipulagsskrám eða öðrum fyrirmælum um einstaka sjóði eða gjafir, og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því, skal leggja lagafrumvarp

1) L. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — 2) Sjá nú l. nr 85, 11. júní 1938, § 10.

1941 Nr. 111 9. okt.

1941 Nr. 111 9. okt.

um breytingarnar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er. — Stjórn Legatsjóðs Jón Sigurðssonar Böggvisstöðum skal þó heimilt að selja jarðir sjóðsins, og enn fremur er forráðamanni kristfjárjarðarinnar Reynis í Innri-Akraneshreppi heimilt að selja þá jörð, svo og hreppsnefnd Fljótsdalshrepps að selja kristfjárjarðir hreppsins, enda verði andvirði jarða þessara varið í samráði við ákvæði gjafabréfa fyrir þeim. Sala er þó því aðeins heimil, að eftirlitsmenn opinberra sjóða hafi mælt með henni og samþykkt söluverð jarðanna. — **8. gr.** Nú er svo fyrir mælt í skipulagsskrá eða gjafabréfi, að jarðeign sjóðs megi ekki selja, en jörðin er laus úr ábúð og enginn vill taka hana á leigu, og er þá forráðamönnum sjóðsins eða eignarinnar heimilt að auglýsa jörðina til sölu með hæfilegum tilboðsfresti og selja hana hæstbjóðanda, þrátt fyrir áðurnefnt ákvæði í skipulagsskrá eða gjafabréfi, enda samþykki eftirlitsmenn opinberra sjóða söluverðið. Ekki má þó auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið opinberlega auglýst til leiguábúðar með a. m. k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vill taka jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð á jörðinni, enda sé þá jarðareiganda ekki skylt að leggja fram fé til húsagerðar á jörðinni og ábúandi taki á sig þá kvöð, sem hvílir á landsdrottni samkv. 13. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951, að kaupa hús, er fyrrverandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna. — Nú gefur einhver sig fram, eftir að jörð er auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, sem vill taka jörðina á leigu, og skal þá leigja jörðina, en ekki selja. Þá er og skylt, áður en sala fer fram, að tilkynna það nýbýlastjórn ríkisins og gefa henni kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar með þeim kjörum, er að framan greinir, hafi enginn óskað að fá jörðina leigða. — Heimild til sölu á jörðum samkvæmt þessari grein fellur úr gildi við árslok 1954.][1])

f. Hlutaréttindi.

1281 **Jónsbók. — Kaupabálkr.**

Kap. 20. — Ef menn tveir eða fleiri eigu einn grip saman. — Alla þá gripi, er menn eigu saman, hvárt sem þat er akr eða teigar, hús eða aðra hluti, þá er skipti fær á komit, **1281** þá skal sá skipti ráða, er skipta vill . . . En þar sem tveir menn eða fleiri eigu einn grip saman, þann er eigi fær skipti á komit, svá at eigi verði skaði af, eða þann, er annarr vill gagn af hafa, en annarr úrækir eða má eigi, bjóði þeim fyrst, er til móts eigu við hann. Nú vilja þeir eigi kaupa, þá hluti, hverr kaupa skal, ok leysi sá, er hlýtr eftir því sem . . . skynsamir menn meta, eða seli hverjum, er hann vill, ok lúki þeim sinn hluta verðs. Vilja þeir eigi við taka, hafi at úsekju þar til er hinir heimta, ok ábyrgist sem sitt fé . . .

Þjófabálkr.

Kap. 14. — Um fund, ef maðr finnr fémætt. — Ef maðr finnr fjárhlut manns, ok hefir eigandi glatat, þá skal hann lýsa fyrir mönnum. . . . Nú skal maðr í ljósi fé hafa ok nýta sér, ok þó at eigandi komi þá eftir, er slitit er, þá bætir hann engu fyrir. En sá, er sér kallar, hann skal hafa til tveggja skilríkra manna vitni, at þat er hans fé . . ., þá lætr hinn at lögum laust, ella eignast hann. Nú fara fleiri menn at götu saman, ok finnr sá fund, er fyrstr gengr, þá eigu þeir allir saman ok þeir, er eftir fara. Ekki eigu þeir í, er um ganga. Nú fara menn á skipi saman ok finna fund þann, er fjár er verðr, þá skulu þeir skipta at jafnaði sín á milli.

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. **1919** Nr. 63 28. nóv.

1. gr. Enginn má öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina: 1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hér á landi. — 2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hér á landi. — 3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hér heimilisfastir, enda skal félagið hafa hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir. — 4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir. — Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu

1) L. nr. 20, 11. febr. 1953, § 1.

1919 Nr. 63 28. nóv.

þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. — Ákvæði laga þessara ná til hverskonar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem sérleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.[1]) — Námuréttindi, svo og hagnýting vatns og vatnsorku í þarfir námuvinnslu einvörðungu, getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara. — **2. gr.** Eigi verður krafizt afsals á eign eða réttindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sé áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rétt til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt. — **3. gr.** Nú er krafizt þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sé þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum. — **4. gr.** Nú hefir ráðherra borizt skýrsla samkv. 3. gr., eða hann hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. — Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi. — **5. gr.** Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847,[2]) eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. — Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota. — **6. gr.** Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því að mega öðlast þess konar eignarrétt eða notkunarrétt, og verður hann þá eigi gerður eign félagsbúsins fyrr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan séreign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir. — **7. gr.** Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða notkunarrétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr. með afbrigðum eftir atvikum. — **8. gr.** Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum. — **9. gr.** Nú hefir maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sé sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sé bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð. — **10. gr.** Nú hefir maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignazt þar greind réttindi yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sé liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr. — **11. gr.** Lög þessi taka eigi til: 1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir séu erlendis, né til námsmanna, sjúklinga eða annarra, sem líkt er ástatt um. 2. annarra ríkja, sem kaupa hér á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum. 3. þegna annarra ríkja, að því leyti sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

1) Sbr. l. nr. 12, 2. apr. 1946. — 2) Sbr. nú l. 95, 5. júní 1947, § 39.

1919 Nr. 63 28. nóv.

1953
Nr. 33
18. febr.

Lög um bæjanöfn o. fl.

1. gr. Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal nafn hafa. Í kaupstöðum og kauptúnum eða þorpum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri, sbr. þó 6. gr. — **2. gr.** Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Hún skal auk eftirlits og tillagna um býlanöfn hafa á hendi eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera ráðuneytinu til leiðbeiningar og aðstoðar um önnur málefni, er varða hvers konar staðarnöfn hér á landi. — **3. gr.** Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, þeim, er talin eru í fasteignabók 1942, má eigi breyta nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar (sbr. 5. gr.). — **4. gr.** Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar. — **5. gr.** Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim lýst í umsókninni, hvort sem um er að ræða nafn á nýbýli eða nafn á býli, sem eigandi vill breyta um nafn á. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt umsækjanda á býlinu. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama sýslufélagi eða því um líkt. Við upptöku nýnefna skal gæta þess, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama sýslufélagi né nafna, sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í sýslufélaginu, að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum. — Nú þykir örnefnanefnd betur fara að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama sýslufélagi eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða nafnið er málskrípi eða sérstaklega óþjált, og er þá rétt, að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar. — **6. gr.** Nú vill eigandi húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi gefa húsi sínu nafn samkvæmt 1. gr. eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skal fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu. Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem önnur fasteign í sama kaupstað, kauptúni, þorpi eða sýslufélagi hefur áður fengið með löglegum hætti. — **7. gr.** Nú myndast þéttbýli — þorp — í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að sýslunefnd sæki um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til (sbr. 5. gr.). — **8. gr.** Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt, eftir að henni hafa borizt beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr., senda ráðherra rökstuddar tillögur um málið. Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt að lögfesta nafn, sem um er beðið á nýbýli, og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á þrjú nöfn, sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn, sem nefndin fellst á, og tilkynnt það örnefnanefnd, sendir örnefnanefnd öll gögn viðvíkjandi málinu til ráðherra, og úrskurðar hann, hvert nafn býlið skuli fá, og gefur út fyrir því leyfisbréf. Leyfisbréf fyrir nafntöku býlis sendir ráðherra viðkomandi sýslumanni, sem færir það þegar í veðmálabækur, sendir það eiganda býlisins og þinglýsir því á næsta manntalsþingi og tilkynnir nafnbreytinguna þinglýstum veðhafa. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign, sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um nöfn þau, sem leyft hefur verið að taka upp á árinu. Svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók

1953
Nr. 33
18. febr.

1953 Nr. 33 18. febr.

1942 og ekki hafa þegar verið birt. — **9. gr.** Ákvæði 5. og 8. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp og ekki eru talin í fasteignabók 1942. Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara. — **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1000.00, er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt. — Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

1945 Nr. 70 12. apríl

Lög um fasteignamat.[a])

1. gr. Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tuttugasta og fimmta hvert ár. Næsta aðalmat samkvæmt lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. janúar 1965. — Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breyting á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það. — **2. gr.** Fasteign hver skal metin sanngjörnu söluverði. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er af fasteigninni fást, hlunnindi þau, er henni fylgja, leigumála þann, sem á henni er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin kann að hafa verið seld fyrir síðustu 10 árin áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og brunabóta, þegar um húseign er að ræða. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins. Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum hundruðum króna. — **3. gr.** Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum, en bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skulu ritaðar á eyðublöð, er yfirmatsnefnd lætur prenta, og skal senda þær formönnum undirmatsnefnda nokkru áður en aðalmat á að hefjast í hvert sinn. — Skylt er hreppstjórum, bæjarfógetum og einstökum mönnum að láta í té allar upplýsingar, er matsnefndir óska og kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna. — **4. gr.** Við matið skal hver jörð, sem hefur sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er fornt býli eða býli byggt úr landi annarrar jarðar. — Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið reist á þeim eða ekki. Verði um það ágreiningur milli undirmatsnefndar og aðilja, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til fjármálaráðherra, sem leggur á málið fullnaðarúrskurð. — Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annarri jörð eða lóð, enda sé sami eigandi að báðum. — Enn fremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi og jarðhitaréttindi, sem seld eru undan jörðum. — **5. gr.** Við mat jarðeigna skal: 1. meta sér verðmæti landsins, að frádregnu því verðmæti þess, er stafar af styrk ríkisins, sbr. jarðræktarlög; 2. meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem hvorki má selja né veðsetja (sbr. jarðræktarlög, nýbýlalög og lög um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum); 3. meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem svarar til afgjaldskvaðar, sem jarðareiganda ber að telja sér til eignar; 4. meta sér þann hluta af verðmæti húsa, er jarðareigandi á, og telst þar með álag; 5. meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ábúandi á; 6. meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ekki má selja né veðsetja, sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög. — Með landverðinu skal meta hlunnindi og ítök í lönd annarra jarða. — **6. gr.** Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, svo og hús þurrabúðarmanna í sveitum, ber að meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni, önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. um mat á fasteignum þessum, ef styrkur hefur verið veittur til þeirra samkvæmt jarðræktarlögum eða nýbýlalögum. — **7. gr.** Afréttarlönd, sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, er hann eiga. — Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi. — **8. gr.** Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að ekki verði um villzt, hver hún er. Nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Geta skal þess, hvort landamerki og lóðamörk eru ágreiningslaus. — **9. gr.** Til að framkvæma aðal-

a) X, 349.

mat skipar fjármálaráðherra þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverju bæjarfélagi. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um. — **10. gr.** Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar. — Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með störfum undirmatsnefnda undir yfirumsjón fjármálaráðherra. Hún skal endurskoða og samræma mat allra fasteigna. Ef henni þykir eitthvað óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd og eiganda eða notanda fasteignar. — Yfirmatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar fasteigna og sendir þau til undirmatsnefnda í tæka tíð. — **11. gr.** Hver, sem skipaður er í fasteignamatsnefnd, hvort heldur undirmats- eða yfirmatsnefnd, skal undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi. Nefndarmenn allir eru sýslunarmenn ríkisins og njóta þeirra réttinda og hafa þær skyldur, er því fylgja að lögum. — **12. gr.** Milli þess, er aðalmat fer fram, sbr. 1. gr., skal meta öll ný hús svo og fasteignir, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti.[a]) Mat þetta skulu úttektarmenn framkvæma, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfa kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn. Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að aukamat fari fram, þegar ástæða er til, og skal það annast endurskoðun á matinu. Skal framkvæma matið eftir sömu grundvallarreglum sem fylgt var við síðasta aðalmat. — Niðurstöður allra matsgerða, sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna eigendum fasteignanna. — **13. gr.** Laun matsmanna og annan kostnað af matinu, þar með talinn ferðakostnaður, síma- og ritfangakostnaður, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna. — Kostnaður af aukamati greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði. — **14. gr.** Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd fasteignamats og störf matsnefnda, og skal hann í hvert skipti, er aðalmat á fram að fara, ákveða, hvenær það byrji og hvenær því skuli lokið. — Matsgerðir úr hverjum hreppi og kaupstað skal leggja fram á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins þegar er undirmati er lokið, og skal auglýsa á venjulegan hátt, hvenær þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður. — **15. gr.** Við mat fasteigna skal gera eiganda eða umráðamanni kost á að bera fram þær skýringar, sem hann óskar, að teknar verði til greina við matið. — Nú er eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar eða þykir ekki samræmi í mati í hreppi, sýslu eða kaupstað, og getur hann þá kært það til undirmatsnefndar, enda skal hann þá leggja fram skrifleg rök máli sínu til stuðnings eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi í hreppnum eða kaupstaðnum. — Allar aðfinnslur og kærur, sem undirmatsnefnd berast, skal hún athuga og úrskurða. Að því búnu skal nefndin senda matsgögn öll til yfirmatsnefndar og láta fylgja lýsingu fasteignar, þær kærur og aðfinnslur, er fram hafa komið við matið og hana varðar, svo og umsögn eða úrskurð sinn í málinu. — Heimilt er aðilja að skjóta úrskurði undirmatsnefndar til yfirmatsnefndar, en hún leggur á málið fullnaðarúrskurð. — **16. gr.** Að loknu hverju aðalmati skal fjármálaráðuneytið svo fljótt sem við verður komið gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna í landinu. Skal bókin löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis öllum þeim mönnum og stofnunum, sem fá Stjórnartíðindi án endurgjalds. — **17. gr.** Fjármálaráðuneytið leggur úrskurð á kærur út af aukamati. Slíkar kærur skulu vera skriflegar og komnar í hendur ráðuneytisins, áður en 4 mánuðir eru liðnir, frá því að mat var tilkynnt eiganda fasteignar. — Fjármálaráðuneytið skal halda skrá um allt aukamat, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, breytingar á fasteignamati við aukamat. — **18. gr.** Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli þess, að aðalmat fer fram, og skal hann þá senda fjármálaráðuneytinu um það rökstudda beiðni.[a]) Ráðuneytið úrskurðar síðan, hvort matið skuli fram fara. — **19. gr.** Aukamatsmenn fá þóknun úr ríkissjóði fyrir starf sitt

a) XXV, 85.

a) XXIV, 434.

1945 Nr. 70 12. apríl

eftir lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. Þó skal sá, er krefst endurmats, sbr. 18. gr., greiða matskostnaðinn, nema matsverðið breytist um 10% eða meira.

1919 Nr. 41 28. nóv.

Lög um landamerki o. fl.

I. kafli. — Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald. — 1. gr. Þar sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrétti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skipt land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skipt er úr landi jarðar. — Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerða, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg. — Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú rís ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en ef þá greinir á, nefnir ráðherra oddamann. — **2. gr.** Eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau réttust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annarra manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi. — Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana að nýju, enda séu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett. — **3. gr.** Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágreiningur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur. — **4. gr.** Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiptum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.—3. gr. — Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá. — **5. gr.** Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka. — **6. gr.** Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrám þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrám hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt. — Á manntalsþingum skulu valdsmenn grennslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum. — **7. gr.** Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr. laga þessara á næstu 2 árum frá því, er þau komu til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, allt að 200 krónum, er renni í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl. — Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

1919 Nr. 41 28. nóv.

II. kafli. — Um meðferð landamerkjamála.[a]) — **8. gr.** Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skipta, sé um landamerki eða ítaks, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem þæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum.[b]) Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt. Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það. — Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fara skuli með málið. — **9. gr.** Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað. — Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarasæti, eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu. — Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðning sem áður greinir. — Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unnt er. — Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sér ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi. — Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna. — Dómstjóri kveður á um, hvor aðilja skuli greiða kostnað af dómsathöfn hverri, og greiðist hann þegar að athöfn lokinni. Kostnað þennan má taka lögtaki. — Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum, og má skjóta því ákvæði til hæstaréttar sérstaklega. — **10. gr.**[a]) Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þinghald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt.[b]) Þá skulu og dómendur og aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsynlegt þykir, enda sé þingið háð á varnarþingi vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf og kostur er á.[c]) Skal jafnan svo til haga, að jörð sé auð, ef mál er svo vaxið, að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum. Skal málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp kveðinn þegar eftir að málflutningi er lokið, og ávallt áður en liðnir eru 3 sólarhringar þar frá. — **11. gr.** Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt á kveðið um landamerki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má merkjadómi sem öðrum dómi.[d]) — **12. gr.** Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslufélags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sé í því sýslufélagi, og er rétt að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli.[e]) Tilkynna skal valdsmanni, hver umboðsmaður sé, og skal það skrá í fasteignaskrá. — Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sé, samkv. 1. málsgr., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valinkunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkjamáli.[f]) Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sér ráðandi, heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun. — **13. gr.** Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður, svo sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sé kunnugur og aðilja hlynntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12.

1919 Nr. 41 28. nóv.

a) I, 498, V, 103, VII, 483, 489, (X, 431), XVII, 267, XX, 495, XXI, 20, XXIII, 156, XXIV, 363, 392, 516, XXV, 38. — b) VI, 176—7, 583.

a) Samdómendur ekki heitfestir, ómerking, , 219, 242, 308, 330, 397; aðfinning, XVI, 216. — b) XVIII, 383. — c) II, 73, XVI, 216. — d) XVI, 217. — e) V, 103. — f) II, 733.

1919 Nr. 41 28. nóv.

gr. 2. málsgr. — **14. gr.** [Merkjamál sæta að öðru leyti en því, sem í lögum þessum greinir, hinni venjulegu meðferð einkamála í héraði.][1]) — **15. gr.** [Um áfrýjun merkjamála til hæstaréttar og meðferð þeirra þar fer eftir almennum reglum.][2])

III. kafli. — Um áreiðar og vettvangsmál.[3])[b]) — **16. gr.** Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot landa, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðamerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stéttir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm, nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr.[c]) Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skylt er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt. — **17. gr.** Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sé uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það.[d]) Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annar hvor aðilja vefengir hann. — Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sé allt að einu nægilega ljóst. — **18. gr.** Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. . . .[4])

IV. kafli. — Almenn ákvæði. — 19. gr. Þegar málum þeim, er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.[e]) — Nú fylgir engin slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sér eigi unnt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sé eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

1) L. nr. 69, 24. apríl 1954, § 1. — 2) Sömu l., § 2. — 3) Sbr. l. nr. 35, 2. nóv. 1914 og l. nr. 35, 20. júní 1923. — 4) L. nr. 69, 24. apríl 1954, § 3. — a) I, 444, 506, II, 159, 497, 546—7, X, 74, XI, 446, XII, 311, XIV, 116, XXIV, 394. — b) I, 397, VIII, 673, XV, 365, XIX, 308, XXI, 212, XXIII, 45, 156. — c) V, 122, XVIII, 231. — d) I, 444, 613, VIII, 676. — e) XVI, 217.

1919 28. nóv. Nr. 46

1941 Nr. 46 27. júní

Landskiptalög.[a])

1. gr. Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, tún, sáðreitir, engi, landsnytjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa eða hafa áður haft til samnota: 1. Ef lögfest skipti hafa eigi áður farið fram, og getur þá hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnytja krafizt skiptanna. — 2. Ef allir hlutaðeigandi eigendur beiðast skipta, þótt lögfest skipti hafi áður átt sér stað. — 3. Nú þykir einum eða fleirum aðilum, að lögfest skipti séu óhagkvæm, og getur þá hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðilum að skaðlausu. — **2. gr.** Skipta skal eftir jarðamati frá árinu 1861, þar sem því verður við komið.[b]) — Nú eru í því jarðamati tvær eða fleiri jarðir (hjáleigur) metnar í einu lagi til dýrleika, en aðgreint mat þeirra er að finna í jarðatali Johnsens frá 1847, og skal það þá notað. — Verði hvorugu þessu mati við komið, skal farið eftir fasteignabók frá 1922 eða síðari fasteignabókum, þó þannig, að ávallt verði notað hið elzta jarðamat, sem við verður komið. — Nú hafa gilt manna á meðal í 20 ár eða lengur önnur eignahlutföll en jarðamatsbækur gefa upp, og allir eigendur samþykkja, að þau eignahlutföll skuli haldast, og er þá heimilt að skipta eftir þeim, en sýslumaður skal tilkynna fasteignamatsnefnd þess konar skipti. — **3. gr.** Við skiptin skal ekki aðeins farið eftir flatarmáli lands, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má staðbundin skipti gera á námarétti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekjum, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema skiptin séu það hagkvæm, að á engan eiganda sé hallað, eða samþykki allra eigenda komi til. — Nú hafa eignarhlutföll á sameignarjörð breytzt við jarðamat (endurmat), fyrir misjafna ræktun eða að-

a) XVIII, 296. — b) X, 431.

ar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja. — Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja, og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi. Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum. — **4. gr.** Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiptin hver í sínu umdæmi. Ef úttekarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiptagerða. Skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiptum og annast bókun skiptagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum. — Matsmenn fá þóknun fyrir skiptin eftir gildandi kauptaxta í vegavinnu ríkisins í viðkomandi umdæmi, og reiknast þeim kaup á meðan þeir eru fjarverandi heimili sínu, enda tefji þeir ekki ferð sína eða störf meir en nauðsyn krefur. Oddamaður fær þriðjungi hærri þóknun en hinir. Ferðakostnaður greiðist þannig, að fargjöld með bifreiðum greiðast eftir gildandi taxta, en fyrir hesta greiðist eftir gildandi vegavinnutaxta. — **5. gr.** Þegar skipta skal landi eða landsnytjum, skal bjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrétt hafa á því, er til skipta getur komið, að vera við skiptin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiptanna eða ráða þeim til lykta. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiptin, getur heimtað yfirmat innan 6 mánaða frá þeim degi, er skiptin fóru fram.[a] — **6. gr.** Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu.[b] Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá sama kaup og matsmenn og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. — Kostnað við skipti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiptatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiptum, ella skiptist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiptin ná til. Ef skipt er samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu þeir einir greiða fyrir skipti, er verða leiðréttingar aðnjótandi eða fá bætta aðstöðu. — **7. gr.** Nú eru landskipti sérstaklega vandasöm, land sérstaklega verðmætt eða aðstaða þannig, að sýslumaður telji nauðsynlegt, að fagmaður fjalli um skiptin, og er honum þá heimilt að kveðja slíkan mann, einn eða fleiri, til skiptanna. — Sýslumaður semur um þóknun til fagmanna, en aldrei má kaup þeirra yfirstíga lágmarkskauptaxta samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands. — **8. gr.** Ef land það, er skipta á, er tún, góðar engjar eða annað sérstaklega verðmætt land, geta eigendur hver um sig krafizt þess, að skipt sé eftir uppdrætti. Enn fremur ef landið er mjög óreglulegt eða aðstaða þannig, að torvelt sé að skipta, getur sérhver eigandi eða matsnefnd krafizt uppdráttar. Nú er uppdráttur ekki til af landinu, og skal þá sýslumaður fá mann til að gera uppdráttinn, og telst kostnaður við það til skiptakostnaðar. Á uppdráttinn skal draga greinilega með teiknibleki allar landamerkjalínur, og afhendist hann síðan sýslumanni til geymslu. — **9. gr.** Áður en skipti byrja, skulu úttektarmenn eða matsmenn rannsaka, hvort land það, er skipta skal, sé með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða.[a] Séu landamerki krókótt og óhagkvæm, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rétting þeirra. Leita skulu þeir og upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess. Nú er ágreiningur um aðliggjandi landamerki, og skulu matsmenn þá leita eftir samkomulagi, en náist það ekki, skal matsnefnd gera sýslumanni þegar í stað aðvart, og tekur hann þá málið fyrir samkv. lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki. — **10. gr.** Skipta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi og sé sem skipulegast. — Skipta skal með beinum línum, eins fáum og verða má, svo horn verði sem fæst. Boglínur í landamerkjum mega því aðeins eiga sér stað, að illa verði hjá þeim komizt, svo sem þegar vegur eða opinn vatnsfarvegur verður að ráða mörkum. — Nú hefur einhver unnið hefð á landi samkvæmt lögum nr. 46 10. nóv. 1905, og má þá hefðarréttur eigi standa fyrir skipu-

a) VII, 514—15, 512. — b) XXIV, 462.

a) X, 431.

legri landskiptingu samkvæmt lögum þessum, enda fái sá, er hefðarrétt hefur unnið sér, jafngildi lands á öðrum stað, og skal bæta honum við skiptin umbætur hans á landi því, er hann kann að missa. — **11. gr.** Nú hefur eigandi ræktað hluta úr óskiptu sameignarlandi, áður en lög þessi gengu í gildi, og skal hann við skiptin halda þessu landi gegn því að hinir sameigendurnir fái hver um sig að tiltölu samsvarandi hluta af óræktuðu landi í sameigninni, ef skiptin mega þannig vel fara. En verði landið úthlutað öðrum, án þess ræktað land komi í staðinn, skal honum heimilt að nytja það sem sína eign, þar til sá, sem landið var úthlutað, hefur ræktað honum jafnstóran blett og ekki lakari í hans landi. — Verði ágreiningur við samanburð ræktunarlandanna eða hvar land skuli ræktað til endurgreiðslu, eftir að landskiptum er lokið, skal hlíta úrskurði viðkomandi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands. — Ef ekki er völ á ræktunarhæfu landi til skipta á móti því, sem ræktað hefur verið, skal, ef þess er krafizt, nema svo mikið af hinu ræktaða landi, að rétt skiptahutföll fáist, og skal þá sá, er ræktunarlandið fékk, greiða þeim, er landið lét, ræktunarkostnaðinn eftir mati skiptanefndar. — **12. gr.** Nú kemur í ljós við skiptin, að flytja þarf til hús, girðingar eða önnur færanleg mannvirki, og kveður skiptanefnd á um, innan hvers tíma flutt skuli og hver skuli kosta flutninginn eða hvernig flutningskostnaði skuli skipt niður. — Nú liggja tún- eða engjavegir yfir landið, eða nauðsynlegt þykir, að slíkir vegir verði þar lagðir, og skal þá í skiptagerðinni ákveðið um notkunarrétt hvers einstaks landeiganda á þeim, um viðhalds- og vegagerðarkostnað, svo og hvar nýir vegir skuli liggja. — **13. gr.** Nú er land að einhverju leyti undirorpið hættu af vatnságangi, skriðufalli, sandfoki eða uppblæstri, og skal þá við skiptin taka sérstakt tillit til slíkrar hættu, og um leið, ef unnt er, koma á samningum um það, hver vera skuli aðstaða eigendanna innbyrðis um varnir gegn þessari hættu, eða aðgerðir á slíkum skemmdum, er fyrir koma, eftir að landinu er skipt. — Á sama hátt skal gera ráðstafanir gagnvart væntanlegum landvinningum, svo sem ef land grær upp úr vatni eða sandauðnum, þannig, að eftir föngum sé haldið opinni leið til hagkvæmra framhaldsskipta eða endurskipta. — **14. gr.** Skiptagerðir eftir lögum þessum skal rita í bók, er sýslumaður löggildir, og greiðist verð bókarinnar úr ríkissjóði. — **15. gr.** Þegar landi hefur verið skipt samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir skiptunum. Eru landeigendur skyldir að gera þau tafarlaust. Í skiptagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um villzt. Þegar greinilegir skurðir, garðar, vegir eða girðingar eru í mörkum, þarf ekki um að bæta, en ef engin slík merki eru í markabeygjum, og ekki heldur glögg náttúrueinkenni, sem ekki verður á villzt, skal hlaða vörður úr torfi eða grjóti, nema hlutaðeigendur kjósi varanlegri merki, svo sem steinsteypustaur, skurð eða annað, sem skiptanefnd tekur gilt. Ef vörður eru hlaðnar, skulu þær vera keilumyndaðar, eigi minni en 1½ m í þvermál að neðan og dragast saman með fláa 1:1. Landeigendum er skylt að halda landamerkjum glöggum. — Ef skráð landamerki eru færð til af mannavöldum, eða önnur lík merki sett upp, er valdið geta ruglingi, varðar það sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. — **16. gr.** Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum og leiguliðar og aðrir, er nokkurn rétt hafa á landinu og skiptin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Þó skal landeigendum skylt að fá hreppstjóra, úttektarmann eða trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands — eða fagmann, ef skiptin eru sérstaklega vandasöm — til aðstoðar, enda sé hann leiðbeinandi um það, að skiptin verði sem skipulegust og réttlátust. — Frá landamerkjum skal gengið eins og segir í 15. gr. Um slík skipti skal skrá greinilega skiptagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiptin, takmörkum þess og réttindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiptin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skipt var. Skiptagerð þessari skal þinglýsa. — Sé ekki skipt að tiltölu réttri, en einhver eiganda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða réttindum innan sameignarinnar en hann fékk á móti, skal líta á það sem afsal eða selt, og breytist þá skattskylda jarðanna eða jarðapartanna samkvæmt því. — **17. gr.** Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig. — **18. gr.** Þar, sem tveir eða fleiri menn

1941 Nr. 46 27. júní

1941 Nr. 46 27. júní

hafa sambeit í óskiptu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sé af úttektarmönnum. Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fénað má í högum hafa án þess örtröð verði. — Nú hefur einhver sambeitareigenda minni fénað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meira en þeim ber, og skulu þeir þá hafa forgangsrétt til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurétt þess, sem of fátt hefur, meðan hann notar eigi sjálfur. — **19. gr.** Enginn má, eftir gildistöku þessara laga, taka land til ræktunar, setja upp varanlega girðingu, gera skurð, byggja hús eða önnur varanleg mannvirki í óskiptu sameignarlandi, þó samþykki allra annarra hlutaðeigenda liggi fyrir.[a]) Brot gegn þessu ákvæði varðar sekt, allt að 1000 kr., er renni í viðkomandi sveitarsjóð.

1928 Nr. 30 7. maí

Lög um þinglýsing skjala og aflýsing.[1])[b])

1. gr. Í hverju lögsagnarumdæmi skal hafa afsals- og veðmálabækur með tilheyrandi skrám, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.[c]) — **2. gr.** Sýslumenn og bæjarfógetar hafa á hendi þinglýsing skjala og sjá um framkvæmd laga þessara, nema öðruvísi sé fyrir mælt sérstaklega. — **3. gr.** Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þinglýsing á fram að fara. — **4. gr.** Skjali, sem snertir fasteign eða skráningarskylt skip,[2]) skal þinglýsa í þeirri þinghá, sem eignin er eða skipið skráð eða óskast skráð. — Skjali um báta, 5—12 smálesta að stærð, skal þinglýst þar, sem eigandi á lögheimili. Um minni báta en 5 smálestir fer sem um lausafé.[d]) — Skjali, sem ekki snertir fasteign eða skip, skal þinglýst þar, sem sá er búsettur, sem tekur á sig skyldur með skjalinu eða réttur hans er takmarkaður með því. — Öðrum skjölum, sem þinglýsa á, má þinglýsa þar, sem sá óskar, sem afhendir skjal. — Nú snertir skjal bæði fasteign eða skip og mann persónulega, og skal því þá bæði þinglýst á varnarþingi fasteignar eða heimilisstað skips og á varnarþingi aðilja, ef þinghár þessar eru ekki hinar sömu. — **5. gr.** Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum, eða í frumriti og eftirriti. Að minnsta kosti annað frumritið eða eftirritið skal rita á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess. Pappír þessi skal vera hentugur bæði til áritunar með ritvél og penna og til sölu við hæfilegu verði hjá öllum bóksölum landsins, sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum og hreppstjórum. — **6. gr.** Þegar dómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að bæði eintök skjalsins séu samhljóða, og að því búnu ritar hann á bæði eintökin vottorð um móttökudag og stund, merkir þau bæði á sama hátt og afhendir síðan frumritið, ef eftirrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt frumritið er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist. — **7. gr.**[1]) Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á manntalsþingi, en í Reykjavík á bæjarþingi, skrá yfir þau skjöl, sem honum hafa borizt í þessu skyni síðan síðasta manntalsþing í þeirri þinghá eða síðasta bæjarþing var háð. — Í skrá þessari skal getið, hver sé eigandi skjals, útgefandi þess, tegund og fjárhæð, ef nokkur er, veðsetninga og annars, sem þarf til þess að einkenna skjalið greinilega. — **8. gr.** Gildi þinglýsingar telst frá því skjal var afhent dómara.[a]) Ef tvö skjöl, sem ekki geta samrýmzt, eru afhent samtímis til þinglýsingar, hefir það forgangsrétt, sem fyrr er dagsett. Ef bæði eru dagsett á sama degi, eru bæði jafnrétthá. — **9. gr.** Þegar skjal er afhent til þinglýsingar, skal dómari rannsaka, ef um fasteign eða skip er að ræða, hvort útgefandi hefir þinglýsta eignarheimild og hvort áður hefir verið þinglýst nokkuð það, sem fer í bága við eða rýrir gildi hins nýja skjals. Ef brestur er á um þetta, ritar dómari athugasemd um það á bæði eintök skjalsins, áður en hann afhendir annað þeirra. — **10. gr.** Þau samrit þinglýsingarskjala, sem ekki eru afhent þeim, er þinglýsingar beiðast, og eftirritin, geymast með embættisskjölum dómara á tryggum stað í sérstöku skjalahylki, unz svo mikið er komið, að hæfilegt er í bók. Skulu samritin og eftirritin þá fest eða bundin í skinnband, og eru þær bækur afsals- og veðmálabækur lögsagnarumdæmisins ásamt þeim, sem þegar eru. Kostnaður af bandi bóka þessara telst til skrifstofukostnaðar. — Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um stærð veðmálabóka og annað, sem rætt er um í

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apr. 1954. — 2) Sbr. l. nr. 17, 8. marz 1948. — a) (XVIII, 301). — b) IX, 738—9. — c) IX, 46,41. — d) VII, 239—40.

1928 Nr. 30 7. maí

1) L. nr. 65, 16. des. 1943, § 3. — a) VII, 238, Tr. I, 63.

1928 Nr. 30 7. maí

þessari grein.[1]) — **11. gr.** Skrár þær, sem getur um í 1. gr., skulu vera skinnbundnar bækur, ein eða fleiri í hverju lögsagnarumdæmi. Í skrám þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, 5 smálestir eða stærri, að minnsta kosti eitt blað, og skal jafnóðum og skjöl eru afhent til þinglýsingar geta þess skjals á blaði fasteignar eða skips í réttri röð eftir afhendingu, þannig að nægilegt sé, þegar veðbókarvottorð eru gefin, að gefa þau eftir því, sem þar er skráð. Ennfremur skal halda skrár eftir stafrófsröð, og skal þar ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð, og skal þar á sama hátt getið skjala, sem ekki snerta fasteign eða skip. Fyrsti stafur í nafni útgefanda skjalsins segir til um, hvar slíkt skjal skuli skráð. — Þangað til fengin er í lögsagnarumdæminu ný eða nýjar skrár samkvæmt lögum þessum, má um skip nota skipaskrárnar, eins og segir í 2. gr. laga nr. 20, 10. nóv. 1907.[2]) — Sérstakar lóðaskrár, skipaskrár og bifreiðaskrár skal halda þar, sem það telst nauðsynlegt. — Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skránna, er í þessari grein getur. — **12. gr.** Nú er þinglýsingarskjal ekki að stærð eins og fyrirskipað er, eða ekki þannig ritað, að hægt sé að binda það í bók, eða það er mjög ógreinilegt, eða eintökin ósamhljóða, eða skjalið hefir aðra svo verulega ágalla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og innfestingar í afsals- og veðmálabók, og má þá dómari neita um þinglýsingu, þar til úr er bætt. — **13. gr.**[3]) Nú er skjal afhent dómara til aflýsingar, og skal hann þá þegar afmá það úr afsals- og veðmálabókum með því að rita á skjalið í bókinni, að því sé aflýst, og tilgreina ár og dag og setja nafn sitt undir. Hann skal einnig strika yfir skjalið, svo að greinilega sjáist, að aflýst er skjalinu, þó þannig, að engin vandkvæði séu á að lesa það síðar. Skjal það, sem afhent var til aflýsingar, fær dómari aðilja aftur með áritun um, að því sé aflýst og það afmáð úr afsals- og veðmálabókum umdæmisins. — Á næsta manntalsþingi eða bæjarþingi skal lesin upp skrá yfir hin aflýstu bréf, eins og segir í 7. gr. um þinglýsingar. — Um leið og skjal er afmáð úr afsals- og veðmálabók, skal strika yfir það, sem um skjalið er skráð í skrám þeim, er 11. gr. ræðir um, þó þannig, að engin vandkvæði séu á að lesa það síðar. — **14. gr.** Nú er veðsett fasteign eða skip selt á nauðungaruppboði eða fengin veðhafa til eignar af skiptaráðanda eða fógeta, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu af því, er fasteignin eða skipið var selt eða látið fyrir, og skal þá afmá úr afsals- og veðmálabókum þau veðbréf, sem þannig falla úr gildi. Til þess að slík veðbréf verði máð úr bókunum þarf ekki að afhenda þau dómara, en geta skal hann þess í áritun sinni á bréfið í bókinni, hvers vegna það er afmáð. — **15. gr.** Nú hefir þinglýst skjal verið ómerkt með dómi, og má þá afmá það úr afsals- og veðmálabókum eftir reglum 14. gr., ef dómhafi óskar.

1) Sbr. rgj. nr. 83, 27. des. 1928. — 2) Sbr. nú l. nr. 56, 30. nóv. 1914, § 8. — 3) L. nr. 65, 16. des. 1943, § 3.

1928 Nr. 30 7. maí

Lög um framkvæmd eignarnáms. 1917 Nr. 61 14. nóv.

1. gr. Nú er í lögum heimilað eignarnám, og skal þá fara um framkvæmd þess sem hér segir, nema heimildarlögin sjálf mæli öðruvísi fyrir. — **2. gr.** Endurgjald skal ákveða eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Nú á eignarnám að fara fram handa bæjar- eða sveitarfélagi, og skulu þeir menn þá eigi kvaddir, sem eru í þjónustu sveitarfélagsins eða sæti eiga þar í bæjar- eða sveitarstjórn. — **3. gr.** Matsmenn skulu með hæfilegum fyrirvara bjóða þeim, er hlut eiga að máli, að vera viðstaddir gerðina. Má gera það í ábyrgðarbréfi eða á annan hátt, svo sanna megi að birting hafi farið fram. — Gefinn skal aðiljum kostur á að skýra mál sitt, skriflega eða munnlega, og kynna sér það, sem þegar er fram komið. En því aðeins verður gerðinni frestað, að matsmenn telji einhvern aðilja þurfa að afla sér frekari gagna. — **4. gr.** Á sama hátt og segir í 3. gr. skal, eins fljótt og verða má, birta aðiljum matsgerðina, eða þeim, er við hana voru staddir. — Að matsgerð lokinni má eignarnemi taka hið numda í sína vörzlu, án þess hindrað verði með áfrýjun gerðarinnar, gegn því að greiða matsverðið og allar áfallinn matskostnað. — **5. gr.** Nú vill aðili áfrýja matsgerð, og skal hann það gert hafa innan 4 vikna frá því gerðin fór fram. — Skjóta má mati til venjulegs yfirmats eða sérstaks yfirmats. — **6. gr.** Venjulegt yfirmat framkvæma þrír óvilhallir, dómkvaddir menn, er fullnægja skilyrðum þeim, er um getur í 2. gr.; þeir kjósa sér oddvita.[a]) — Nú hefir bæjarfélag, þar sem dómari er oddviti

a) VIII, 39, XXII, 298, 294.

1917 Nr. 61 114. nóv.

bæjarstjórnar eða á sæti í bæjarstjórn, eða sýslufélag, þar sem dómari er oddviti sýslunefndar, krafizt eignarnáms, og er þá rétt, að stjórnarráðið kveðji yfirmatsmenn. — Yfirmatsmenn skulu framkvæma matið á sama hátt sem matsmennirnir, en eigi skal aðiljum neitað um frest til þess að afla sér nýrra gagna, ef þeirra telst nokkur þörf. — Sá, sem krefst yfirmats, greiðir matskostnað, nema matinu sé breytt honum í vil um 10% eða meira; þá skal hinn aðilinn greiða kostnaðinn. — **7. gr.** Nú er þess krafizt, að námsbætur séu 10000 kr. eða meira, og má þá í stað venjulegs yfirmats krefjast sérstaks yfirmats. Jafnframt og áfrýjandi krefst þessa mats, skal hann afhenda 300 kr. til greiðslu matskostnaðar. — Til sérstaks yfirmats nefnir landsyfirrétturinn[1]) 3 menn; skal einn þeirra vera dómari í réttinum, og er sá oddviti matsmanna, en hinir skulu hafa sérþekkingu á því sviði, sem um er að ræða. — Um kostnað við sérstakt yfirmat gilda ákvæði 6. gr. — **8. gr.** Skylt er matsmönnum og yfirmatsmönnum að rannsaka verð eignarinnar eftir föngum, meðal annars með því að leita skýrslna af málsaðiljum sjálfum og öðrum, ef nauðsyn krefur. Matsmenn mega og, ef nauðsyn ber til, afla sér skýrslna og aðstoðar sérfræðinga, og skal sá kostnaður, er það hefir í för með sér, teljast með matskostnaðinum. — **9. gr.** Matsmenn ákveða sjálfir þóknun sína. Nú verður ágreiningur um hana, og fellir þá stjórnarráðið fullnaðarúrskurð um þann ágreining. — **10. gr.** Matsverð eignar skal miðað við það gangverð, sem hún mundi hafa í kaupum og sölum,[a]) og sé um hluta fasteignar að ræða, skal frá matsverðinu draga það, sem hinn hluti eignarinnar við eignarnámið hefir stigið í verði fram yfir aðrar eignir, svo sem þegar spilda er tekin eignarnámi undir götu, og við það vinnst hússtæði við götuna; svo ber og hins vegar að taka tillit til verðrýrnunar þess hluta eignarinnar, sem eftir er. — Nú á annar en eigandinn verðmæt réttindi yfir eigninni, og skal þá endurgjaldið ákveðið einnig með tilliti til þessa, og þeim ætlaðar sérstakar bætur, sem missa kunna réttindin að einhverju eða öllu leyti. — **11. gr.** Endurgjaldið skal greitt sem fyrst eftir að upphæðin hefir verið ákveðin, nema eignarnemi, vegna áfrýjunar, óski þess að fresta því að taka við eigninni. — Eignarnemi skal sjá um, að veðeigendum, sem kunna að eiga tilkall til einhvers hluta endurgjaldsins, sé greidd fjárhæðin eða hún tekin frá til greiðslu síðar. Nú er tekinn eignarnámi svo lítill hluti fasteignar, að eigi er að ræða um verulega rýrnun í verði, og má þá eignarnemi, ef engin krafa kemur fram frá veðeigendum, greiða þeim endurgjaldið, er fyrir eignarnáminu varð, og skal sá sjá um, að fullnægt sé kröfum þeim, er kunna að koma fram af veðeigenda hálfu.

1) Nú hæstiréttur, l. nr. 112, 18. maí 1935, § 56. — a) X, 404.

1917 Nr. 61 14. nóv.

Lög um lausn ítaka af jörðum. **1952** Nr. 113 21. des.

1. gr. Ítak merkir í lögum þessum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörzlum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. — **2. gr.** Lög þessi taka eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir. — **3. gr.** Lög þessi taka eigi til skógarítaka né til lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum. — **4. gr.** Á næstu 6 mánuðum, eftir að lög þessi taka gildi, skulu héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telja sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Í lýsingunni til héraðsdómara skal greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförnu og, eftir því sem unnt er, hversu það í fyrstu er tilkomið. — **5. gr.** Nú hefur ítaki verið lýst samkvæmt 4. gr., og skal héraðsdómari þá senda eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeir lýsinguna, skal úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt l. nr. 41 28. nóv. 1919. Komi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því jarðeiganda og ábúanda var send tilkynning þessi, skal það metið svo sem þeir viðurkenni, að lýsingin sé rétt, og skal þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi jarðarinnar, hafi ítakinu eigi verið þinglýst þar áður. — Nú er ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, og fellur það þá úr gildi. Hafi því áður verið þinglýst, skal afmá það úr veðmálabókunum. — **6. gr.** Eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, á þess kost að leysa það af jörð sinni samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir. — Sama rétt á sá, sem erfðaábúð hefur á jörð, svo og óðalsmaður, að því er tekur til ítaka í óðalsjörð hans. — Nú er jörð sú, sem ítakið er í, í sameign fleiri manna, og verða þeir þá allir að vera sammála um lausn ítaksins af jörðinni. —

1952 Nr. 113 21. des.

— **7. gr.** Nú vill eigandi leysa ítak af jörð sinni, og skal hann þá snúa sér til ítakshafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra. Matsmenn þessir skulu meta annars vegar hagsmuni ítakshafa af notkun ítaksins og hins vegar hagsmuni lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörð sinni. Er ítakshafa þá því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni. Meta þá matsmennirnir ítakið til peningaverðs, ef óskað er. — **8. gr.** Nú eiga tvær jarðir ítök hvor í annarrar land og leysir eigandi annarrar jarðarinnar ítakið af henni, og er það þá á valdi eiganda hinnar jarðarinnar, hvort hann leysir einnig ítakið af jörð sinni. — **9. gr.** Nú hefur ítak verið leyst af jörð, sem í leiguábúð er, og getur landsdrottinn þá látið fara fram endurmat á landskuld ábúandans. Sama rétt á leiguliði, er ítak, sem ábýlisjörð hans fylgdi, hefur verið skilið frá jörðinni og leyst af jörð þeirri, er það var í. Endurmat þetta framkvæma úttektarmenn. — **10. gr.** Aðili, sem eigi vill una álits- og matsgerð dómkvaddra manna, er ræðir um í 7. gr., getur skotið henni til yfirmats þriggja dómkvaddra óvilhallra manna. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, sem æskir þess, svo og við yfirmat, ef engin breyting verður á matinu honum í vil; ella greiðist kostnaður við yfirmat að hálfu af hvorum aðila.

1905 Nr. 46 10. nóv.

Lög um hefð.[a])

1. gr. Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. — **2. gr.** Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé.[b]) — Nú hefir maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig til komið. — Nú hefir hefðandi fengið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð. — **3. gr.** Til hefðartíma má telja óslitið eignarnald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega gengið frá manni til manns.[a]) Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. — **4. gr.** Nú missir hefðandi umráð yfir hlutnum, og slitnar þá hefðarhaldið,[b]) nema svo sé, að hann hafi umráðin óviljandi misst og náð þeim aftur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sé innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða. — Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefengdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, áður en hefðartíminn er fullnaður, og málið því næst rekið með hæfilegum hraða, eða vefengingarkröfu er lýst í bú hefðanda, og skal þá álíta hefðarhaldið slitið þann dag, er sáttakæra eða dómstefna er dagsett, ef dómur gengur sækjanda í vil, en dagsetningardag vefengingarkröfu, verði hún gild metin af skiptarétti. — **5. gr.**[b]) Nú hefir maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkvæmt 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum aðeins að standa skil á þeim arði, er hann hefir haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans. — **6. gr.** Fullnuð hefð skapar eignarrétt yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.[d]) — Afnotaréttur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninni hafa útilokað afnotin. Nú stofnar annar en hefðandi afnotarétt með samningi yfir eign þeirri, er hefðandi hefir í eignarhaldi, og fellur þá afnotaréttur sá úr gildi um leið og eignarhefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími fullur frá stofnun hans, ef eignarhald hefðanda hefir útilokað afnotin. — Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsréttur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er réttindi þessi hvíla á, verður hefðuð. — **7. gr.** Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarétt.[e]) — **8. gr.** Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv., getur aðeins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.[f]) — **9. gr.** . . .[1])

1905 Nr. 46 10. nóv.

a) XII, 212, XIV, 419, XXII, 424. — b) II, 1117, 1118, 1120, X, 30, XI, 191, 301, 306, XXIV, 395.

1) L. nr. 85, 23. júní 1936, § 224. — a) XI, 306, XXII, 424. — b) XII, 212. — c) XII, 212. — d) I, 7. — e) XI, 191, 195, XIV, 267—8. — f) XIV, 267—8, XVIII, 509, XXIII, 92.

1811 8. júní **Opið bréf (frá kansellíinu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum.** (Vafasamt um gildi þessa bréfs, en því hefir verið beitt hér).[1])

Í opnu bréfi 28. sept. 1767, fyrir Kaupmannahöfn, er ákveðið: að fundnir munir skulu geymdir á skrifstofu lögreglustjóra, og skuli þar bókað, hver fundið hafi hvern hlut og hvar, og það auglýst í blaði og með uppfestri skrifaðri auglýsingu; að þegar eigandinn gefur sig fram og fær hið fundna afhent á skrifstofu lögreglustjóra, skuli hann greiða dálitla þóknun í fundarlaun, eftir verði hlutarins, atvikum og úrskurði lögreglustjóra, og auk þess kostnað við birtingu í blaði; og loks að, ef eigandinn kemur eigi innan árs og dags, skuli selja hið fundna handa lögreglusjóðnum, og finnandi þá fá þriðjung þess í fundarlaun. En með allrahæstum úrskurði, 5. júní síðastl., hefir Hans Hátign allramildilegast ákveðið, að fyrirmælin í ofannefndu opnu bréfi, 28. sept. 1767, skulu eftirleiðis einnig ná til allra annarra kaupstaða í báðum ríkjunum, þó svo, að í þeim kaupstöðum, þar sem engin blöð koma út, skal hinum fundnu munum lýst með uppfestum auglýsingum og bumbuslætti.

1812 5. des. **Opið bréf kansellísins um fundið fé í sveitum** (samkv. kgsúrsk. 24. nóv. 1812).

(Ákveðið, að ákvæðin í opnu bréfi 8. júní 1811 skulu einnig gilda í sveitum í „báðum ríkjunum, þó svo, að fundi skal lýst af prédikunarstóli og með uppfestum auglýsingum").

1887 Nr. 18 4. nóv. **Lög um veð.**[a])

1. gr. Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir á ákveðnum tíma, hefir veðhafi rétt til að láta selja veðið á uppboðsþingi, en gera skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sé, með 8 daga fyrirvara, og sé veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda. — **2. gr.** Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sé um að kenna. — **3. gr.** Rétt er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847 um fé ómyndugra á Íslandi, 10. gr., sé sett í hvert það veðskuldabréf, er fasteignartrygging veitir. — **4. gr.** Engum er heimilt, eftir það að lög þessi öðlast gildi, að veðsetja allt það, er hann á og eignast kann. — Enginn má, eftir það að lög þessi öðlast gildi, setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru einu almennu nafni.[a]) — Þó er leiguliða heimilt að setja landsdrottni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn eða kann að komast í við landsdrottin sinn, og af ábúðinni leiða.[1]) — [Svo er og útgerðarmanni heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánum, er hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum.[b]) — Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrargjöld fyrir skuldabréf, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.][2]) [Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. greinar þeirra laga.][3]) — **5. gr.** Þegar jörð er sett að veði, er rétt svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja auk kúgilda og jarðarhúsa önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti. — **6. gr.** Rétt er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eða önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vélar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni. — [Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifjár, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.][4]) — **7. gr.**[5]) Nú veðsetur maður nokkuð af lausafé sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávallt gætt, að veðsali skrifi undir veðskuldabréfið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rétt dagsetning sé á því.[c]) — Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal lesa veðbréfið á fyrsta eða öðru þingi eftir að það er dagsett, og fær bréfið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið. —

1) Sjá l. nr. 40, 16. nóv. 1907. — a) Veð-haldsréttur, II, 952.

1) Sbr. þó l. nr. 31, 19. maí 1930, § 14, l. nr. 17, 25. jan. 1934, § 2. — 2) L. nr. 34, 31. maí 1927. — 3) L. nr. 46, 19. júní 1933, § 1. — 4) Sömu l., § 2. — 5) Sbr. l. nr. 56, 30. nóv. 1914, II. kap. — a) V, 437. — b) IV, 631, V, 314. — c) VII, 238, 241, XI, 291.

1887 Nr. 18 4. nóv.

Eigi veðsali heima annarsstaðar en í Reykjavík, skal lesa veðbréfið á manntalsþingi hinu næsta eftir að það er dagsett, og fer um það sem segir áður, ef út af er brugðið.[a]) Hafi það verið þinglesið á réttum tíma, en áður sýnt til þess að það verði ritað fyrirfram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr., og opnu bréfi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.[1]) — Nú flytur veðsali í aðra þingá, og skal þá lesa bréfið að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann þangað kom. — Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, sem þegar hafa gefnar verið fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafé eður sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gera á manntalsþingi hinu fyrsta eftir það, að lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á annarsstaðar heima en í Reykjavík, en sé hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eftir það að lög þessi ná gildi. — Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sé, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabréf, hlutabréf, veðskuldabréf eður önnur slík bréf þeim til tjóns, er þau síðar hafa löglega afhent verið að handveði eður til eignar, nema ritað hafi verið á þessi verðbréf með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái til þeirra. — **8. gr.** . . .[2]) — [**9. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laganna er bændum rétt og heimilt að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn, og gengur það veð fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár og einstakra gripa.][3])

1937 Nr. 39 13. júní

Lög um skipting fasteignaveðslána.

1. gr. Þegar skipta á jörð í tvö eða fleiri sjálfstæð býli milli eigenda, eða byggja á nýbýli úr landi jarðar, skal, ef óskað er, meta hvernig heildar-fasteignarmatsverð fasteignarinnar skiptist á hin einstöku býli. — **2. gr.** Við matsgerð þessa skal ekki meta þau mannvirki, er unnin hafa verið á jörðinni eftir að mats var óskað. — **3. gr.** Mat það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal framkvæmt af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps. Matskostnað greiða eigendur í hlutfalli við verðmæti hvers býlis, eftir því sem metið er, og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur.[1]) — **4. gr.** Nú hefir mat farið fram samkvæmt fyrirmælum 1.—3. gr., og er þá peningastofnunum skylt, sé þess óskað af eigendum býlanna, að skipta fasteignaveðslánum, er á fasteigninni hvíla, hlutfallslega jafnt á hin einstöku býli, eftir verðmæti þeirra, samkvæmt mati því, er að ofan getur, enda skal, að dómi hlutaðeigandi lánsstofnunar, trygging fyrir fasteignaveðslánum þessum ekki lakari en áður, og veðhæfi eignarinnar og veðréttur í engu lakari en áður en skipti fóru fram. — **5. gr.** Kostnað þann, er leiðir af skiptingu lánanna, svo sem þinglestur, greiða lántakendur, en engin afföll skal þeim reikna af hinum nýju lánum. — **6. gr.** Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

1937 Nr. 39 13. júní

Lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum.

1901 Nr. 23 13. apríl

Sé skuldunaut veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignarveð er fyrir, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá helzt eigi forgangsréttur til veðsins fyrir vöxtum þessum gagnvart síðari veðhöfum lengur en eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga.[a])

g. Einkaréttindi.

Lög um einkaleyfi.

1923 Nr. 12 20. júní

1. gr. Einkaleyfi er rétt að veita fyrir uppgötvunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er tilbúning þeirra má reka sem iðn. — Enginn má öðlast einkaleyfi fyrir: 1. uppgötvunum, er eigi verða taldar hafa neitt verulegt gildi; 2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu; 3. nýfundnum læknislyfjum, neyzluefnum eða nautnar. Einkaleyfi má þó veita fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta; 4. uppgötvunum, sem lýst hefir verið í riti, er almenningur hefir átt kost á að kynna sér, eða þær hafa verið hafðar opinberlega um hönd hér á landi, sýndar á sýningu (sbr. þó 24. gr.) eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært þér þær í nyt.[b]) Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sér, teljast ekki í skiln-

1) Sbr. l. nr. 30, 7. maí 1928. — 2) L. nr. 25, 14. júní 1920, § 20. — 3) L. nr. 28, 16. febr. 1953, § 1. — a) XV, 25.

1) Sbr. nú l. nr. 85, 11. júní 1938. — a) V, 340. — b) XVI, 270, 274—6.

ingi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði. Að áskildu gagnkvæmi getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyrr en að tilteknum tíma liðnum teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sér í skilningi laga þessara. — **2. gr.** Rétt er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sér teljast uppgötvanir. — Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rétt til að hagnýta sér aðaluppgötvunina. — **3. gr.** Uppgötvari hefir einn rétt til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignazt rétt hans. Skuldheimtumenn mega ekki leita fullnægingar í rétti til að öðlast einkaleyfi; en í rétti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita. — Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyrr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það. — **4. gr.** Einkaleyfi skal veita fyrir 15 ár, að telja frá dagsetningu leyfisbréfsins. — Nú er gerð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlazt viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og rennur það út jafnsnemma og frumleyfið. — **5. gr.** Án samþykkis einkaleyfishafa má enginn gera sér atvinnu eða gróða af því: 1. að tilbúa, flytja inn eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð, eða 2. að nota hina einkaleyfðu aðferð. — Þó má án tillitis til einkaleyfis: a) nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hér á landi, og b) nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrt til samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenzkt fé eða handa íslenzku skipi, sem bilað hefir á sjó, og gert hefir verið við í útlöndum. — **6. gr.** Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hér á landi áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlítar. — Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrétt (sbr. 21. gr.), svo framarlega sem honum, er hann tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni hafi verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð þess vísari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá hafa fyrir satt, að alkunnugt sé, að beiðnin hafi verið borin upp. — **7. gr.**[1]) Fyrir einkaleyfi hvert skal greiða 50 kr. gjald til ríkissjóðs fyrir fyrstu 5 ár leyfistímans. Fyrir næstu 5 árin skal greiða 300 kr. gjald og fyrir síðustu 5 árin 600 kr. Gjald þetta greiðist fyrirfram fyrir 5 ár í senn. — **8. gr.** Ákveða má með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, hafa rétt til að nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi. — Nú lætur einkaleyfishafi líða svo 5 ár frá því er leyfið er út gefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni í framkvæmd innan ríkisins, að svo miklu leyti sem ætlazt verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur eða aðrir hans vegna, og er honum þá skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina í iðn sinni, ef þess er beiðzt, mót endurgjaldi. — Þá er liðin eru þrjú ár frá því, er einkaleyfisbréf var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim, er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unnt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi. — Ráðuneytið sker úr því, hvort skilyrði eru til þess að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slíkt mál upp, greiði gjald, að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðuneytisins má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögunum, sem úrskurðurinn er byggður á. — Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera. — Að áskildu gagnkvæmi getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hér. — **9. gr.** Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst sam-

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43.

komulag. — Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skipti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið að nota uppgötvunina. — Sé afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða, hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess. — Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði ráðuneytisins, má innheimta með lögtaki. — **10. gr.** Ráðuneytið úrskurðar um einkaleyfisumsóknir. — Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu: 1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sé til ráðuneytisins og tvírituð; 2. lýsingu á uppgötvuninni, tvíritaða; 3. ennfremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömuleiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.; 4. yfirlýsing um það, hvort beiðzt hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni. — Áður en leyfið sé veitt getur ráðuneytið heimtað, að lögð sé fyrir það skýrsla um árangur af rannsókn um einkaleyfið í öðrum ríkjum. — **11. gr.** Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlazt er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til, hver uppgötvari er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sé löglega að rétti hins kominn. — Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota uppgötvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdrætti að vera táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum. — Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annarri óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðnina fyrir hverja uppgötvun. — **12. gr.** Einkaleyfisbeiðni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslenzk lög í öllum málum, er varða hið íslenzka einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hér á landi, eða lætur af heimilisfangi hér, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hér sé heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rétt að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til réttarhalda hér á landi, í ábyrgðarbréfi, er sent sé ráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynnt í ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík[1]) tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt. — **13. gr.** Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er. — Þegar beiðnin er í réttu lagi, lætur ráðuneytið birta stuttorða auglýsingu um, að hún sé komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgiskjölum lögð fram almenningi til sýnis á þeim stað, er ráðuneytið tiltekur. Beiðandi á heimtingu á, að auglýsingu og framlagningu sé frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent. — **14. gr.** Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar er sérhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem mótmælin eru byggð á því, að til þess bresti almenn skilyrði, eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bága við einkarétt mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau. — **15. gr.** Nú hefir beiðandi áður eða jafnframt beiðzt einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og verður einkaleyfi þá að jafnaði ekki veitt fyrr en beiðandi sýnir skilríki fyrir því, að hann hafi fengið einkaleyfi í einhverju slíku ríki. — Nú hefir ekki verið beiðzt einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og lætur ráðuneytið þá framkvæma rannsókn á beiðninni. Kostnað við rannsóknina greiðir beiðandi. — **16. gr.** Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum byggða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því, er hann fékk frá því tilkynningu um úrslitin, og gerir grein fyrir mála-

1) Sbr. nr. 65, 16. des. 1943, § 2.

1923 Nr. 12 20. júní

leitun sinni. — **17. gr.** Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það tilkynnt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því, er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir, að leyfið sé útleyst, þegar það er gert. — **18. gr.** Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðalefni hvers einkaleyfis og dagsetning, en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er. — Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni. — Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum eða höfð hafi verið umboðsmannaskipti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni. — Hverjum manni er heimilt að kynna sér bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi. — **19. gr.** Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar. — **20. gr.** Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rétt sinn, eða við 1. gr. 4. lið í lögum þessum, og að því hefði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi eða umsömdu varnarþingi einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í ríki hér, sbr. 12. gr. — Í hvert skipti sem dæmt er, að einkaleyfi sé niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum. — **21. gr.** Hver sá, er gengur á réttindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, allt það tjón, er hann af því bíður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða það sé látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrétt, skal auk þess sæta sektum, allt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, allt að 4000 kr. eða fangelsi.[1])

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268.

Sektirnar renna í ríkissjóð. — **22. gr.** Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 21. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.[1]) — Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sé niður fallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin. — Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann átti sér stað. — **23. gr.** Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til. — Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa, og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum. — **24. gr.** Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenzkri sýningu eða alþjóðasýningu hér á landi, og á þá uppgötvari heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 4. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki. — Ennfremur má ákveða með konunglegri tilskipun: 1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind séu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hér á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi á nefndu tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 4. lið 1. greinar; og 2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hér á landi, skuli standa svo að vígi gagnvart öðrum beiðnum sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú, er fyrst var borin upp í öðru ríki. — **25. gr.** Ráðuneytið getur með reglugerð[2]) skipað nánar fyrir um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbréfa og efni, greiðslu einkaleyfisgjalda og kostnaðar við rannsókn einkaleyfa. Í reglugerðinni má ákveða, að veita megi efnalitlum beiðendum eftirgjöf á kostn-

1) L. nr. 85, 23. júní 1936, § 224. — 2) Sbr. rgj. nr. 74, 7. des. 1923 og rgj. nr. 4, 4. jan. 1944.

1923 Nr. 12 20. júní

1923 Nr. 12 20. júní

aði við rannsókn, samkvæmt 15. gr., ef ráðuneytið telur ástæður til.

1946 Nr. 15 2. apríl

Lög um breyting á lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi.

1. gr. Ákvæði 4. liðs 1. gr. laga nr. 12 20 júní 1923, um einkaleyfi, varðandi embættislega birtingu uppgötvanalýsinga skulu ekki gilda um þær uppgötvanir, sem embættisleg birting hefur farið fram á erlendis eftir 1. september 1939, ef sótt er um einkaleyfi á þeim fyrir 1. janúar 1947.

1905 Nr. 13 20. okt.

Lög um rithöfundarétt og prentrétt.[a])

1. gr. Höfundur hver hefir eignarrétt á því, er hann hefir samið. — Hann hefir því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á að birta og gefa út rit sín skrifuð, prentuð eða margfölduð á annan þvílíkan hátt, svo og til þess að sýna þau á leiksviði og lesa þau upp.[b]) Heimilt er þó að lesa upp rit, sem út hefir verið gefið, hafi rithöfundur eigi á titilblaði þess lagt bann við því, og þrátt fyrir slíkt bann er upplestur leyfilegur, þegar liðin eru 5 ár frá því, að ritið kom út í fyrsta sinn. Höfundur hefir og einkarétt á að gefa út ræður og fyrirlestra, er hann hefir haldið (sbr. þó 2. málsgr. 8. greinar og niðurlag 13. greinar). — **2. gr.** Tónskáld hafa sama rétt á tónsmíðum sínum sem höfundar á ritum. Heimilt er þó að syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega danslög og sönglög, er áður hafa verið birt, svo og einstaka kafla úr öðrum útgefnum lagsmíðum. — [Sama rétt hefir og höfundur á allskonar myndum og uppdráttum.][1]) — **3. gr.** Útgefendur blaða, tímarita eða ritsafna hafa einkarétt á að gefa út rit þessi í einni heild sem höfundar væru. — Sé eigi öðruvísi um samið, hafa höfundar einstakra ritgerða eða kafla í slíkum ritum að öðru leyti eignarrétt að þeim eftir sem áður. — **4. gr.** Engum er heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefir á riti, að gefa út þýðing á því fyrr en 10 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn.[c]) — Nú hefir rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum áður en téður 10 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála, nema sá, er eignarréttinn hefir, leggi á samþykki sitt. — Nú er rit gefið út í heftum, og ber þá að telja ofangreint 10 ára tímabil frá útkomu síðasta heftis. Sé um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafélög gefa út, þá skulu einstök bindi eða skýrslur teljast sérstök rit að því er umgetinn frest snertir. — **5. gr.** Þýðing á riti, sem gerð er með fullri heimild, og þýðing á riti því, er eigi nýtur verndar þessara laga, hefir sama rétt sem frumrit væri. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, sem annars er heimilt hverjum manni að þýða, þótt hið sama rit hafi áður þýtt verið. — **6. gr.** Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild og hafi þeir ekki fyrir fram, áður en ritið var samið, veitt beint eða þegjandi samþykki sitt til birtingar, og þarf þá samþykki allra höfundanna til þess að ritið verði birt. — Ákvæði þetta á einnig við, þegar um það er að ræða, að ritið sé birt á annan hátt en áður hefir verið gert, t. d. sýnt á leiksviði, er það áður aðeins hefir verið gefið út á prenti. — Nú fá margir eignarrétt á riti að arfi, og skal hver sá, sem höfundur með arfleiðsluskrá hefir til þess kjörið, skera úr því, hvort birta skuli ritið eða birta það á annan hátt en áður hefir verið gert. Hafi höfundur eigi gert slíka ákvörðun, skal það hjóna, sem eftir lifir, ef skilnaður að borði og sæng eða alger hjónaskilnaður hefir eigi átt sér stað, hafa úrskurðarvald að þessu leyti. Sé hvorugt hjóna á lífi, þarf samþykki allra erfingja. — Nú hefir rit verið löglega út gefið áður, og getur þá hver sameigandi krafizt þess, að ritið megi gefa út á ný óbreytt, enda sé eigi öðruvísi um samið áður eða annað ákveðið í arfleiðsluskrá, að því er til erfingja kemur. — Nú hafa fleiri en einn öðlazt útgáfurétt með afsali eða lögsókn, og getur þá hver þeirra krafizt þess, að ritið megi gefa út. — Nú eru hlutaðeigendur eigi á eitt sáttir um það, hvernig útgáfu skuli hagað, eða með hvaða skilyrðum ritið skuli gefið út, eða eigi verður fengin yfirlýsing sumra þeirra um þessi atriði, og getur þá hver einstakur þeirra krafizt þess, að stjórnarráð Íslands tilnefni 3 menn í nefnd, sem skeri úr ágreiningsatriðunum. Ef nefndarmenn verða eigi á eitt sáttir, ræður afl atkvæða. Þeir, sem stjórnarráðið skipar í nefnd þessa, eru, að viðlögðum dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður, ef til kemur, skyldir til þess að takast starfa þennan á hendur. Borgun til dómsmanna ákveður stjórnarráðið, og greiðist hún af sameigendum, er skulu

1) Sbr. l. nr. 11, 22. okt. 1912. — a) XXIII, 683. — b) XXI, 354—5, 358. — c) XXIV, 132.

setja tryggingu fyrir henni fyrirfram, ef stjórnarráðið krefst þess. — Tekjur af útgáfum skiptast meðal sameigenda eftir réttri tiltölu við eignarrétt hvers eins. — Nú eru margir höfundar að sama riti, og skulu þeir þá hafa jafna hlutdeild í eignarréttinum, nema öðruvísi sé um samið. — **7. gr.** Nú eru gefin út sönglög með texta, og gilda þá ákvæði 6. greinar að því er snertir útgáfu sönglaganna og textans í einni heild. — Höfundar laganna og textans eiga rétt á að gefa út hvort fyrir sig sérstaklega. — **8. gr.** Lög, tilskipanir, auglýsingar frá stjórnarvöldum, dóma og opinber skjöl yfir höfuð, má hver gefa út sem vill. Sama er um umræður á alþingi og hverskonar opinberum fulltrúasamkomum, snertandi sveitarstjórn eða kirkjuleg mál eða önnur opinber erindi, ennfremur ræður manna á opinberum landsmálafundum, lýðmenntasamkomum eða þess konar fundum, og hvers kyns öðrum opinberum samkomum. — **9. gr.** Höfundur á rétt á að fá öðrum í hendur, að nokkru eða öllu leyti, rétt að riti sínu. — Nú hefir höfundur veitt öðrum rétt til þess að birta rit á ákveðinn hátt (t. d. á prenti eða leiksviði), og er þá rétthafa eigi heimilt að birta ritið á annan hátt en ákveðið var, né láta þýða. — Rétthafi má eigi án leyfis höfundar gera breytingar á riti og birta það þannig. — Nú selur höfundur (eða sá, er í hans stað gengur) útgáfurétt á riti, og nær þá réttur útgefanda til einnar prentunar aðeins, nema öðruvísi sé um samið, og má slík prentun eigi fara fram úr 1000 eintökum, nema ritið eigi að birtast á þann hátt, er um er rætt í 1. málsgr. 3. gr.[a]) Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi uppselt, enda sé ritið þá jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, er eigi sé hærra en upphaflega var á það sett. — Nú gefur höfundur eða útgefandi út ritið að nýju í heimildarleysi, eða útgefandi hefir upplagið stærra en rétt er, og skal þá beitt ákvæðum 17., 18. og 20. gr. laga þessara. — **10. gr.** Nú selur höfundur öðrum í hendur leikrétt á leikriti, og er þá rétthafa heimilt, sé eigi öðruvísi um samið, að sýna það hvar sem er og eins oft og hann vill, en eigi getur hann fengið rétt sinn öðrum í hendur. — Ef eigi er öðruvísi um samið, er höfundi heimilt að fá einnig öðrum leikrétt á ritinu eða láta leika það sjálfur. — Nú hefir einhver öðlazt einkarétt á að sýna rit á leiksviði, en lætur eigi leika það opinberlega í þrjú ár samfleytt, og er þá höfundi eða erfingjum hans, en eigi öðrum, er kynnu að hafa náð eignarétti á ritinu, heimilt að fá öðrum í hendur leikréttinn eða láta leika ritið sjálfir. — **11. gr.** Nú deyr höfundur, og skal þá farið eftir ákvæðum erfðalaganna[1]) að því er snertir eignarrétt hans á sömdu máli (sbr. þó 6. gr.). Nú hefir rit eigi verið gefið út meðan höfundur var á lífi, og getur hann þá ákveðið í arfleiðsluskrá, að eigi megi birta það fyrr en eftir tiltekinn árafjölda — þó eigi meira en 50 ár — eftir dauða hans, og heimilt er honum að ákveða jafnframt, hver skuli eiga rétt á að gæta þess, að fyrirmæli hans um þetta séu haldin. — Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess þó að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og fellur þá réttur eins höfundarins til samhöfunda hans, eða þeirra, sem komnir eru í þeirra stað, ef hann deyr án þess að láta eftir sig erfingja og hefir eigi heldur fengið öðrum í hendur rétt sinn. Þó skal óskerður réttur sá, er 12. gr. veitir þeim, er skuld eiga að hinum látna manni. — Hafi enginn að höfundi látnum eignarrétt að riti hans, þá er hverjum sem vill heimilt að gefa ritið út eða birta það á annan hátt, ef erfðaskrárákvæði eru því eigi til fyrirstöðu. — **12. gr.** Nú hefir rit eigi verið birt almenningi á prenti né á annan hátt, og geta þá þeir, er skuld eiga að höfundi eða erfingjum hans, eigi öðlazt með lögsókn rétt til þess að birta ritið né heldur umráð yfir handriti höfundar. — Nú hefir rit verið birt, og geta skuldheimtumenn þá ekki heldur öðlazt með lögsókn rétt til að gefa það út að nýju eða birta það án leyfis höfundar eða erfingja hans. En rétt er, að skuldheimtumenn leiti fullnustu í fjárráði af eignarrétti rits, sem út hefir verið gefið eða síðar kann að verða út gefið, eða birt á annan hátt, þó því aðeins í arði af væntanlegum útgáfum eða birtingum rits, sem eigi hefir áður birt verið, að höfundur þess sé dáinn. — Hafi fjárnám verið gert í útgáfum rits eftirleiðis, má höfundur eigi né erfingjar hans, án samþykkis fjárnámshafa, veita móttöku og eyða andvirði fyrir slíkar útgáfur að viðlagðri hegningu samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga.[1]) — Rétt þann, sem hér er veittur fjárnámshafa,

a) XXI, 354.

1) Sbr. erfðalög nr. 42, 23. maí 1949. — 2) Sbr. nú hegnl. nr. 19, 12. febr. 1940, § 250.

hafa og allir skuldheimtumenn í þrotabúum, svo og í dánarbúum, þar sem erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum. — **13. gr.** Það er brot gegn lögum þessum að birta eða gefa út rit, er annar hefir eignarrétt á, þótt úr því sé fellt, við það bætt eða á því gerðar breytingar, hvort heldur að efni, orðfæri eða framsetning (t. d. er sögu er snúið í leikrit), ef úrfellingarnar, viðaukarnir eða breytingarnar eru eigi svo verulegar, að heita megi að nýtt og sjálfstætt rit sé til orðið. Heimilt er þó að segja frá efni útgefinna rita, svo og að skýra stuttlega frá ræðum manna og fyrirlestrum. — **14. gr.** Enginn má endurprenta án heimildar fregnskeyti, sem annar hefir fengið og birt á sinn kostnað, né segja frá efni þeirra á prenti, fyrri en 5 dögum eftir að það var birt á prenti. — Hver sá er söknaraðili réttur um þetta efni, sem sýnt getur frumrit fregnskeytisins til sín stílað frá ritsímaskrifstofu eða frá fregnskeytafélagi, sem hann er áskrifandi hjá. — Sá, er stefnt er fyrir ólöglega eftirprentun fregnskeytis, verður sekur talinn, nema hann sanni, að hann hafi sömu heimild til þess sem sækjandi eða aðra jafngóða (svo sem leyfi einhvers þess, er fengið hefir skeytið með jafngóðri heimild). — Brot gegn þessu varða sektum 10—1000 kr. hvert sinn og auk þess skaðabótum til stefnanda, tvígildum við símagjald fyrir skeytið. — **15. gr.** Eigi er það saknæm eftirprentun: a) að taka einstaka kafla úr útgefnum ritum annarra upp í önnur rit, sem samkvæmt aðalefni sínu eru fullkomlega sjálfstæð; b) að prenta í lesbókum og skólabókum einstaka kafla úr ritum, þegar full tvö ár eru liðin frá því að ritin voru gefin út í fyrsta sinn; c) að prenta áður útgefin kvæði sem texta, þegar sönglög eru gefin út, svo og á söngskrám. — Heimildir skulu jafnan skilmerkilega tilgreindar (sbr. 16. gr.). — **16. gr.** [Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirpretnun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgirita.][1]) — Tilgreina skal fullum stöfum blað það eða tímarit, sem greinarnar eru teknar úr, og nafn eða merki höfundar eða þýðanda, ef nokkurt er. — **17. gr.** Nú er rit prentað eða eftirritað innanlands eða utan gegn ákvæðum laga þessara, og skulu þá öll þau eintök, sem til eru hér á landi, og ætluð eru til þess að hafa þau á boðstólum, gerð upptæk og ónýtt. — Nú er aðeins nokkur hluti rits ólöglegur samkvæmt lögum þessum, og skal þá, ef unnt er, einungis gera þann hluta ritsins upptækan og ónýta hann. — Áhöld öll, sem aðeins verða notuð til þess að drýgja brot gegn lögum þessum, svo sem mót, plötur og þess háttar, skulu gerð upptæk og ónýtt, eða farið með þau þannig, að þau eigi framar verði notuð. — Rétt er, að sá eða þeir, sem misboðið er, fái keypt áhöld þau, sem upptæk eru gerð, gegn því að greiða verð þeirra eftir dómkvaddra manna mati. Verðið skal aldrei ákveðið hærra en svari því, sem sannað verður að tilbúningur munanna hafi kostað, og getur sá, sem misboðið er, krafizt þess að matið fari fram áður en hann lætur uppi, hvort hann kaupi hina upptæku muni. — Ákvæði greinar þessarar eiga einnig við eftirrit, sem ætluð eru til afnota við óheimila opinbera sýning rita á leiksviði. — Sé brot á lögum þessum svo til komið, að fremjandi hafi eftir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verkið heimilt, verður þess eigi krafizt, að hin ólöglegu eintök eða áhöld þau, er notuð hafa verið, verði af hendi látin eða ónýtt, ef eigandi þeirra sér um, að þau verði geymd undir umsjón yfirvalda, þangað til eignarréttur að ritinu er úr gildi genginn. — **18. gr.** Sá, sem gegn ákvæðum laga þessara af ásettu ráði eða af gáleysi gefur út rit, eða flytur hingað til lands rit, sem gefið hefir verið út erlendis, án heimildar samkvæmt lögum þessum, í þeim tilgangi að hafa ritið á boðstólum hér á landi, svo og sá, sem vísvitandi útbýtir, selur öðrum á leigu eða hefir útsölu á riti, sem gefið hefir verið út hér á landi eða hingað flutt gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta 10—1000 kr. sektum, enda hafi hann eigi með atferli sínu unnið til þyngri refsingar. Brot gegn 1. málsgr. 16. gr. varða þó aðeins sektum frá 1—20 krónum. — Bæta skal hinn seki þeim, sem misboðið er, fullum bótum allt tjón það, er af broti gegn lögum þessum leiðir; hafi rit áður verið gefið út, skal meta bæturnar eftir bóksöluverði því, er var á hinni síðustu útgáfu, og tölu þeirra eintaka, er sannað verður eða líklegt má ætla, að úti hafi verið látin, en verði eigi beinlínis farið eftir þessu, svo og þegar ritið hefir eigi áður verið gefið út, skal svo mjög sem unnt er meta bæturnar eftir álíka mælikvarða. — Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, þegar eitt eintak er fullprentað eða við það lokið á annan

1) L. nr. 74, 5. júní 1947, § 2.

1905 Nr. 13 20. okt.

hátt. — **19. gr.** Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi brýtur lög þessi með því að sýna í heimildarleysi sjónleika eða söngleika á leiksviði, lesa upp ritsmíðar annarra eða syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega sönglög eða aðra tónsmíð eða þá nota við söng, ljóð eða annan texta heimildarlaust, sæti 5—500 kr. sektum og bæti auk þess að fullu halla þann, sem rétthafi hefir af beðið.[a]) Bæturnar skulu eigi vera minni en gróði sá, sem orðið hefir á sýningunni, upplestrinum, söngnum eða hljóðfæraslættinum, og hafi verk það, sem ranglega var notað, eigi verið notað eingöngu, er brotið var framið, skal metið hversu mikinn þátt það á í gróðanum. — **20. gr.** Nú aðhefst einhver eitthvað það, er um er rætt í 18. og 19. gr., og hefir hann eftir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verknaðurinn heimill, og sætir hann þá eigi ábyrgð samkvæmt þessum lagagreinum, en skila skal hann rétthafa gróða sínum eftir því, sem hann verður metinn.[b]) — **21. gr.** Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi lætur hjá líða að tilgreina heimild eins og boðið er í 15. og 16. gr., sæti 1—20 kr. sektum. Brot þessi hafa hvorki skaðabætur né upptöku í för með sér. — **22. gr.** Eignarréttur að sömdu máli helzt alla æfi höfundar og 50 ár eftir hann látinn. — Nú eru fleiri en einn höfundur að riti án þess að ritsmíð hvers eintaks sé sérstök heild, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá dauða þess þeirra, er lengst lifir. Hafi rit verið birt, ber þó einungis að taka tillit þá til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu eða, sé um leikrit að ræða, sem leikið hefir verið, en eigi birt á annan hátt, þeirra höfunda, sem hafa nafngreint sig þegar ritið var leikið. — **23. gr.** Rit, sem koma út nafnlaus eða með dularnafni, svo og rit, er útgefendur hafa öðlazt eignarrétt að samkvæmt 3. gr., njóta verndar í 50 ár frá lokum þess árs, er þau komu út í fyrsta sinn. — Nú birtir höfundur sjálfur nafn sitt, áður en téð 50 ára tímabil er liðið, eða einhver, er til þess hefir heimild, nafngreinir hann, annaðhvort á nýrri útgáfu ritsins eða með yfirlýsing, sem birt er á sama hátt og fyrirskipað er um opinberar auglýsingar, og öðlast ritið þá fyllstu vernd samkvæmt 22. gr. — Heimild til þess að nafngreina höfund að honum látnum hefir einungis sá, sem höfundur, samkvæmt því, er segir í 6. gr., hefir fengið í hendur úrskurðarvald um það, hvort ritið skuli birt, en sé enginn maður á lífi, er slíkt vald hefir fengið hjá höfundi, þarf samþykki allra erfingja höfundarins til þess að hann verði nafngreindur. — **24. gr.** Nú eru rit þau, sem ræðir um í 1. málsgr. 23. gr., gefin út í fleiri deildum, en eru þó í slíku sambandi, að þau mynda eina heild, og skal þá hið umrædda 50 ára tímabil teljast frá þeim tíma, þegar síðasta deildin kom út í fyrsta sinn, nema meira en 3 ár hafi eitthvert sinni liðið milli útgáfu einhverra deildanna, en þó telst tímabilið að því er snertir þær deildir, er áður komu út, frá þeim tíma, þegar hin síðasta þeirra var út gefin. — **25. gr.** Út af brotum gegn lögum þessum getur enginn höfðað málssókn nema sá, sem misboðið er. — Nú kemur út rit nafnlaust eða með dularnafni, og skal þá líta svo á, þangað til sönnur eru færðar á annað, að sá maður, sem tilgreindur er á ritinu sem útgefandi þess eða forlagsmaður, hafi umboð til að gæta réttar höfundar. — **26. gr.** Málssókn samkvæmt 18., 19., 20. og 21. gr. skal hafin innan 1 árs frá því að rétthafi fékk vitneskju um brotið. Nú er mál eigi höfðað innan tveggja ára eftir að brotið var framið, og verður hinn seki þá eigi dæmdur til hegningar, og sé málssókn eigi hafin áður en 3 ár eru liðin frá því að brot var framið, verður hann eigi heldur dæmdur til að greiða skaðabætur né skila gróða sínum samkvæmt 20. gr. — Meðan höfundarréttur helzt má höfða málssókn til þess, að upptæk séu gerð, ónýtt eða af hendi látin þau eintök af riti, sem ólöglega eru til orðin og ætluð eru til að hafa á boðstólum, svo og áhöld, sem eingöngu verða notuð til þess að framkvæma brot á lögum þessum. — **27. gr.** Ákvæði laga þessara taka til allra ritsmíða danskra[1]) þegna, og einnig til ritsmíða utanríkismanna, er forlagsmaður þeirra er íslenzkur. Sé forlag félagseign, telst það íslenzkt, ef allir þeir meðlimir firmans, sem ótakmarkaða ábyrgð hafa, eða ef um félag með takmarkaðri ábyrgð eða hlutafélag er að ræða, allir stjórnendur þess, eiga fast heimili á Íslandi. Með konunglegri tilskipun má veita ákvörðunum laga þessara gildi, að öllu eða nokkru, að því er snertir ritsmíðar þegna annars ríkis, þótt eigi séu þær útgefnar af íslenzku forlagi, svo framarlega sem sama vernd kemur á móti fyrir ritsmíðar Íslendinga í því ríki. Þó verður

a) XXIII, 458, 462. — b) XXIII, 458.

1) Sbr. nú stjskr. nr. 33, 17. júní 1944.

1905 Nr. 13 20. okt.

eigi gerður samningur um gagnkvæmi í þessu efni, nema Alþingi samþykki, ef af samningnum leiðir nokkra fjárkvöð fyrir Ísland. — **28. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1906, en eftir ákvæðum þeirra skal fara einnig að því er snertir ritsmíðar, sem eldri eru eður áður útgefnar. — Nú hefir einhver gefið út rit löglega, áður en lög þessi eru birt, og skal hann þá eiga rétt á að selja þau eintök eða hefti, sem þá voru fullprentuð, þó útgáfan hefði eigi verið heimil samkvæmt lögum þessum. — Lög þessi snerta eigi samningsréttindi manna, sem löglega eru stofnuð áður þau lög öðlast gildi. — Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði um eignarrétt að ritsmíðum.

1943 Nr. 49 14. apríl

Lög um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

1. gr. 1. gr. laganna orðist svo: — Höfundur hver á eignarrétt á því, er hann hefur samið eða gert. Hann hefur því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja einkarétt á: a. að birta og gefa út rit sín,[a]) skrifuð, prentuð eða margfölduð á hvern hátt sem er, þýða þau, sýna þau á leiksviði eða í kvikmynd, lesa þau upp, flytja í útvarp eða hagnýta þau eða koma á framfæri með öðrum hætti; þetta gildir jafnt um allt ritað mál, ræður og erindi (sbr. þó 2. málsgr. 8. gr. og niðurlag 13. gr.), svo og tónsmíðar allar, b. að gera eftirlíkingar (kopíur), ljósmyndir eða aðrar eftirmyndir af verkum sínum, svo sem höggmyndum, skurðmyndum, málverkum, teikningum og hvers konar uppdráttum, ljósmyndum, listsmíði, fyrirmyndum og hverju því verki, sem höfundarréttur getur fylgt, svo og að margfalda slíkar eftirmyndir til sölu, auglýsinga eða hagnaðar á nokkrun hátt, c. að sýna opinberlega slík verk, sem í b-lið greinir, í hvaða skyni sem er, séu þau í einkaeign; þetta gildir þó ekki um einkasöfn, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. — **2. gr.** 2. gr. laganna orðist svo: — Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum og reglur verið settar um það efni, og skal þá heimilt, án sérstaks leyfis hverju sinni, að lesa upp og flytja í útvarp einstök kvæði, smásögur, ritgerðir eða kafla úr ritum, svo og að syngja eða leika einstök lög og tónverk, sem út hafa verið gefin, eða kafla úr þeim, enda sé þá fullnægt settum skilyrðum um rétt höfundar og greiðslu til hans. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar og áskilinn er í hinum almennu reglum eða samningum, en hvorki meiri né minni; sama er, ef höfundarréttur er komin öðrum í hendur.[1]) — Einstök kvæði, sögur, ritgerðir og kafla úr ritum, svo og einstök lög og kafla úr tónverkum, sem út hafa verið gefin, má hafa um hönd án allra kvaða á samkomum, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, eða til þess eingöngu að kynna menntir þjóðarinnar, eða til mannfagnaðar aðeins, enda komi þá engin greiðsla fyrir flutninginn; svo og á samkomum félaga eða skóla, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum tilkostnaði. Danslag má leika kvaðalaust á slíkum samkomum, þó að hljóðfæraleikari taki venjulega þóknun, nema félagsbundin eða föst hljómsveit leiki. — Söngfélög og aðrir, er hafa með höndum tónlistarstarfsemi án þess þeir taki sérstaka greiðslu fyrir, skulu og njóta undanþágu samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar. — **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda, þá er settar hafa verið reglur samkvæmt 1. málsgr. 2. gr. og menntamálaráðherra hefir staðfest þær. . . . — **5. gr.** Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, sbr. 3. gr., skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um höfundarétt og prentrétt.

1943 Nr. 49 14. apríl

Lög um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.[a])

1941 Nr. 127 9. des.

1. gr. Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af.[b]) Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni. — **2. gr.** Hið íslenzka ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslenzk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri.[c]) — Þrátt fyrir ákvæði þess-

a) XXI, 354.

1) Rgj. nr. 19, 1. febrúar 1949, rg. nr. 39, 17. febrúar 1953. — a) XXI, 353. — b) XIV, 237—42. — c) XIV, 237—42, XXI, 355.

1941 Nr. 127 9. des.

arar greinar hefur Hið íslenzka fornritafélag heimild til útgáfu fornrita. — **3. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum 100—10000 króna, og óheimil rit skulu gerð upptæk, nema brot sé smávægilegt. — **4. gr.** Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gætir þess, að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögunum skal fara sem almenn lögreglumál. — **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrirmæli þeirra til allra rita, sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra.

1947 Nr. 74 5. júní

Lög um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.[a])

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennta og listaverka. Menntamálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd sáttmálans hér á landi. — **2. gr.** (Felld inn í l. 13, 20. okt. 1905). — **3. gr.** Ríkisstjórnin skal, eftir því sem verða má, tryggja það, að þýðendur eða bókaútgefendur, sem þegar hafa þýtt eða látið þýða erlendar bækur, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn hæfilegri þóknun til eiganda þýðingarréttarins, enda verði bókin gefin út fyrir 31. desember 1948. — Þýðendur og útgefendur, sem notfæra vilja sér þetta ákvæði, skulu senda menntamálaráðuneytinu skrá um bækur þessar innan þess tíma, sem ráðuneytið ákveður með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og færa sönnur á, ef óskað er, að þýðingarstarfið hafi verið hafið, áður en Ísland óskaði inngöngu í Bernarsambandið.

1947 Nr. 110 19. sept.

Auglýsing um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 74 frá 5. júní 1947 hefur utanríkisráðuneyti Svisslands verið afhent skjal um staðfestingu Íslands á sáttmála þeim, er gerður var í Bern 9. september 1886 og síðast endurskoðaður í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennta og listaverka. — Sáttmálinn gekk í gildi fyrir Ísland 7. þ. m. með þeim fyrirvara, að varðandi þýðingar gildir 10 ára frestur sá, sem tiltekinn er í 4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905 í stað 50 ára frests 8. gr., sbr. 7. gr. sáttmálans.

Fylgiskjal I. — Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum, frá 9. sept. 1886, endurskoðaður í Berlín 13. nóv. 1908 og í Róm 2. júní 1928. — **1. gr.** Þau lönd, sem aðilar eru að sáttmála þessum, mynda samband til þess að vernda höfundarétt á bókmenntum og listaverkum. — **2. gr.** 1. Með „bókmenntum og listaverkum" er átt við hvers konar verk á sviði bókmennta, vísinda og lista án tillits til framsetningar þeirra eða forms, svo sem bækur, bæklinga og önnur ritverk, fyrirlestra, ávörp, prédikanir og önnur verk af því tagi; leikrit, söngleika, dansleikrit og bendingaleika, svo framarlega sem leiksviðsatburðirnir eru sýndir í riti eða á annan hátt, tónverk með eða án texta; hvers konar teikningar, málverk, verk á sviði byggingarlistar, höggmyndir, stungur (gravure), prentmyndir; myndskreytingar, landkort; áætlanir, teikningar og mótanir á sviði landafræði, staðarlýsinga, byggingarlistar eða vísinda. — 2. Þýðingar, aðlaganir (adaptations), útsendingar á tónverkum og aðrar umsmíðanir á ritverki eða listaverki ásamt safni úr ýmsum verkum njóta sömu verndar og frumverkin, að óskertum höfundarétti á frumverkunum sjálfum. — 3. Sambandslöndin skuldbinda sig til þess að vernda ofangreind verk. — 4. Listaverk, sem notuð eru í iðnaði, eru vernduð að svo miklu leyti sem innanlandslöggjöf hvers lands heimilar. — **2. gr. a.** 1. Löggjafarvaldi hvers sambandslands er áskilinn réttur til þess að undanþiggja að nokkru leyti eða öllu stjórnmálaræður og ræður fyrir dómstólum vernd þeirri, sem um ræðir í næstu grein á undan. — 2. Þá er löggjafarvaldi hvers sambandslands einnig geymdur réttur til þess að setja blöðum skilyrði fyrir prentun fyrirlestra, ávarpa, prédikana og annarra verka af því tagi, en heimild til útgáfu á safni af slíkum verkum hefur þó höfundurinn einn. — **3. gr.** Sáttmáli þessi tekur einnig til ljósmynda og þeirra verka, sem gerð eru með svipaðri aðferð og við ljósmyndun. Sambandslöndin skuldbinda sig til að vernda þessi verk. — **4. gr.** 1. Höfundar hvers sambandslands skulu í öllum sambandslöndunum að upprunalandi verksins undanskildu njóta þess réttar, sem nú er eða síðar kann að verða heimilaður innlendum höfundum í lögum, svo og þeirra réttinda, sem sérstaklega eru ákveðin í sáttmála þessum. — 2. Höfundar njóta ofangreindra réttinda án nokkurra formsskilyrða, hvort sem um vernd er að ræða í upprunalandi verksanna eða ekki. Að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í sáttmála þessum, fer það því eingöngu eftir lögum lands þess, sem

a) XXIII, 461.

höfundur krefst verndar í, hve víðtæk hún verður og hvaða lagalegri aðstoð hann á heimtingu á til þess að gæta hagsmuna sinna. — 3. Þessi teljast upprunalönd verka: Ef verkið hefur ekki verið birt — heimaland höfundar; ef verkið hefur verið birt — það land, sem verkið var fyrst birt í; ef verk hefur verið birt samtímis í fleiri sambandslöndum en einu — þá það af löndum þessum, sem veitir stytztan verndartíma í löggjöf sinni. Sé verk birt samtímis í sambandslandi og landi utan sambandsins, þá telst eingöngu sambandslandið upprunaland. — 4. Með „birtum verkum" („œuvres publiées") er samkvæmt sáttmála þessum eingöngu átt við þau verk, sem gefin hafa verið út („œuvres editées"). Eigi telst það birting á verki, þó að leikið sé opinberlega leikrit, söngleikrit eða tónverk, haldin sé sýning á myndlistaverki, eða — á svið húsagerðarlistar —, þó að bygging sé reist. — **5. gr.** Þeir höfundar, sem teljast til einhvers sambandslands og birta verk sín fyrsta sinni í öðru sambandslandi, njóta í því landi sömu réttinda og þarlendir höfundar. — **6. gr.** 1. Þeir höfundar, sem eigi teljast til neins af sambandslöndunum, en birta verk sín fyrsta sinni í einhverju þeirra, njóta þar sömu réttinda og þarlendir höfundar og í öðrum sambandslöndum þeirra réttinda, sem sáttmáli þessi veitir. — 2. Ef land utan sambandsins veitir verkum höfunda frá einhverju sambandslandi eigi nægilega vernd, þá getur sambandslandið takmarkað vernd á verkum höfunda, sem töldust til hins landsins, er þau voru birt fyrsta sinni, enda séu þeir ekki raunverulega búsettir í einhverju sambandslandanna. — 3. Engin takmörkun samkvæmt næstu málsgrein á undan skal skerða þau réttindi, sem höfundur hefir öðlazt fyrir verk, birt í sambandslandi áður en takmörkun kom til framkvæmda. — 4. Sambandslönd þau, er takmarka vernd höfundaréttar samkvæmt þessari grein, skulu með skriflegri yfirlýsingu tilkynna það sambandsstjórn Svisslands, og skal í yfirlýsingunni tekið fram, gagnvart hvaða löndum verndin er takmörkuð, og greindar þær verndartakmarkanir, er gilda gagnvart þeim höfundum, sem til þessara landa teljast. Sambandsstjórn Svisslands skal þegar í stað tilkynna þetta öllum sambandslöndunum. — **6. gr. a.** 1. Hvað sem líður eignarréttarheimild höfundar og jafnvel eftir að hann hefur afsalað sér henni í hendur öðrum, hefur hann samt ætíð heimild til að krefjast þess sér til handa, að hann teljist höfundur verksins, og enn fremur heimild til að snúast gegn hverri afbökun, lemstrun eða annarri breytingu á verkinu, sem skerðir heiður hans eða álit. — 2. Það er áskilið löggjafarvaldi hvers sambandslands að setja skilyrðin fyrir því, að þessara réttinda verði neytt. Hin lagalega aðstoð til verndar þessum réttindum fer eftir ákvæðum í löggjöf þess lands, sem verndarinnar er krafizt í. — **7. gr.** 1. Vernd sú, er sáttmáli þessi veitir, varir til æviloka höfundar og fimmtíu ár eftir andlát hans. — 2. Ef svo skyldi fara, að þessi tímalengd yrði ekki samþykkt af öllum löndum, þá fer lengd verndartímans eftir lögum þess lands, þar sem verndarinnar er krafizt, en hún getur ekki farið fram úr tímalengdinni, sem ákveðin er í upprunalandi verksins. Sambandslöndin eru því eigi skyldug til að beita fyrirmælum undanfarandi málsgreinar, nema að því leyti sem hægt er að samræma það innanlandslöggjöf þeirra. — 3. Verndartímalengdin fyrir ljósmyndaverk og þau verk, sem gerð eru með svipaðri aðferð og við ljósmyndun, eftirlátin verk, nafnlaus verk og verk undir dulnefni fer eftir lögum þess lands, sem verndarinnar er krafizt í, en þó getur tímalengdin ekki farið fram úr því, sem ákveðið er í upprunalandi verksins. — **7. gr. a.** 1. Nú er fleiri en einn höfundur að sama verki, og er þá tímalengdin fyrir vernd á réttindum þeirra miðuð við andlát þess þeirra, er síðastur deyr. — 2. Þeir höfundar, sem teljast til landa, þar sem skemmri verndartími gildir en segir í 1. mgr., geta ekki krafizt lengri verndartíma í öðrum sambandslöndum. — 3. Aldrei er þó verndartíminn útrunninn fyrir andlát þess meðhöfundar, sem lengst lifir. — **8. gr.** Nú telst til sambandslands höfundur að óbirtu verki eða verki, sem hefur verið birt fyrsta sinni í einhverju sambandslandanna, og á hann þá í hinum sambandslöndunum einkarétt á því að þýða verkið eða leyfa þýðingu á því um allan þann tíma, sem hann á rétt á frumverkinu. — **9. gr.** 1. Eigi má án leyfis höfundar prenta í öðrum sambandslöndum neðanmálssögur, stuttar skáldsögur (nouvelles) né nein önnur verk á sviði bókmennta, vísinda og lista, hvað sem þau fjalla um, ef þau hafa áður verið birt í blöðum eða tímaritum í einhverju sambandslandi. — 2. Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál, nema þess sé getið við greinarnar að eftirprentun sé bönnuð. Alltaf skal greinilega geta þess, hvaðan þær séu teknar, en ef

1947 Nr. 110 19. sept.

þessari skuldbindingu er ekki fullnægt, fara viðurlög eftir löggjöf þess lands, sem verndarinnar er krafizt í. — 3. Vernd sú, er þessi sáttmáli veitir, tekur ekki til daglegra frétta, né heldur til ýmiss konar upplýsinga, sem telja verður til blaðatilkynninga. — **10. gr.** Um heimild til að hafa afnot af bókmenntum eða listaverkum í sambandi við rit, sem ætluð eru til kennslu eða eru vísindalegs eðlis, svo og í sambandi við sýnisbækur (chrestomathies) fer eftir löggjöf sambandslandanna og þeim sérstöku samningum, sem í gildi eru eða síðar verða gerðir milli þeirra. — **11. gr.**[a]) 1. Ákvæði sáttmála þessa eiga við um það, ef leikrit, söngleikrit eða tónlistarverk eru leikin opinberlega, og það jafnt, hvort sem þau hafa birt verið áður eða eigi. — 2. Höfundum leikrita eða söngleikrita er tryggð vernd gegn opinberri sýningu á þýðingum á þessum verkum án leyfis þeirra, meðan þeir eiga rétt á frumverkinu. — 3. Höfundar njóta verndar samkvæmt þessari grein, án þess þeir séu skyldir til að banna opinbera sýningu á verkinu, er þeir birta það. — **11. gr. a.** 1. Höfundar bókmenntaverka eða listaverka eiga einkarétt á því að leyfa opinberan flutning á verkum sínum í útvarpi. — 2. Það er hlutverk löggjafarvalds hvers sambandslands að setja skilyrði fyrir, að neytt verði þeirra réttinda, er getur í 1. mgr., en þau skilyrði ná þó eingöngu til þess lands, sem hefur sett þau. Skilyrðin mega með engu móti skerða siðferðilegan rétt höfundar (droit moral) né heldur rétt hans til að fá hæfilega þóknun, sem fara skal eftir mati réttra yfirvalda, náist ekki samkomulag um hana. — **12. gr.** Til óleyfilegrar notkunar, sem sáttmáli þessi tekur til, teljast enn fremur óheimiluð, óbein afnot (appropriations) bókmenntaverka eða listaverka, svo sem aðlaganir (adaptations), útsetningar á tónverkum, breytingar (transformations) skáldsögu, smásögu eða kvæðis í leikriti eða öfugt o. s. frv., svo framarlega sem afnotin eru eingöngu endurnýjun verksins í sama formi eða öðru með óverulegum breytingum, viðbótum eða stytt-ingum, en hefur ekki til að bera eiginleika nýs frumverks. — **13. gr.** 1. Höfundar tónverka hafa einkarétt á: (1) að verk þeirra séu löguð til vélflutnings og (2) að leyfa að slíkur vélflutningur fari fram opinberlega. — 2. Hvert land getur fyrir sitt leyti lögleitt fyrirvara gegn eða takmarkanir á framkvæmd

a) XXIV, 132.

þessarar greinar, en áhrif slíkra fyrirvara og takmarkana ná eingöngu til umráðasviðs landsins sjálfs. — 3. Ákvæði 1. málsgreinar gildir ekki aftur í tímann, og er því ekki hægt að beita því í sambandslandi um þau verk í landinu, sem voru á leyfilegan hátt löguð til vélflutnings, áður en Berlínarsáttmálinn frá 13. nóv. 1908 gekk í gildi, eða á undan inngöngu lands í sambandið, ef það hefur gengið í það eftir þann dag. — 4. Upptökur, er gerðar hafa verið samkvæmt 2. og 3. mgr. þessarar greinar og innfluttar, án heimildar hlutaðeigandi aðilja, til lands þar sem þær eru eigi leyfilegar, má gera upptækar þar. — **14. gr.** 1. Höfundar verka á sviði bókmennta, vísinda eða lista, hafa einkarétt á að leyfa endurnýjun, aðlögun (adaptation) og opinberan flutning verka sinna í kvikmyndum.[a]) — 2. Sömu verndar og bókmennta- og listaverk njóta kvikmyndir, svo framarlega sem höfundurinn hefur gætt verkið eiginleika frumverks. En ef svo er ekki, nýtur kvikmyndin sömu verndar og ljósmyndaverk. — 3. Að óskertum rétti höfundar á endurnýjuðu eða aðlöguðu verki nýtur kvikmyndaverk sömu verndar og frumverk. — 4. Ofangreind fyrirmæli eiga einnig við um endurnýjun eða framleiðslu (production), sem til verða með svipuðum hætti og kvikmyndir. — **15. gr.** 1. Til þess að höfundar þeirra verka, sem verndar njóta samkvæmt sáttmála þessum, skuli teljast slíkir, unz annað sannast, og eiga samkvæmt því aðgang að dómstólum sambandslandanna til málssóknar gegn óleyfilegum afnotum, nægir það, að nafn þeirra sé tiltekið á venjulegan hátt á verkinu. — 2. Sé um nafnlaust verk að ræða eða verk undir dulnefni, veitir nafn útgefanda á því honum heimild til að gæta viðurkenndra hagsmuna höfundar. Þarf eigi frekari sannana við um það, að hann sé rétthafi fyrir hönd nafnlauss höfundar eða höfundar með dulnefni. — **16. gr.** 1. Rétt yfirvöld í þeim sambandslöndum, þar sem frumverkið á kröfu til lagaverndar, mega gera upptæka sérhverja óleyfilega gerð þess. — 2. Í löndum þessum má og leggja löghald á endurgerðir (reproductions) verka, sem upprunnar eru í löndum, þar sem verkin njóta engrar verndar eða þar sem hætt hefur verið að veita þeim vernd. — 3. Löghald fer fram samkvæmt reglum löggjafar hvers lands. — **17. gr.** Ákvæði sáttmála þessa skerða á engan hátt þann rétt, sem stjórn hvers sambands-

a) XXIII, 461.

lands hefur til þess að leyfa, líta eftir eða banna útbreiðslu, sýningu eða flutning á hvaða verki eða framleiðslu (production) sem er, með ráðstöfunum samkvæmt laga- eða lögregluákvæðum, er réttum yfirvöldum ber að framkvæma. — **18. gr.** 1. Sáttmáli þessi á við um öll verk, sem eru ekki orðin almenningseign í upprunalandi sínu, þegar hann gengur í gildi, vegna þess að verndartíminn er útrunninn. — 2. Nú er verk þegar orðið almenningseign í sambandslandi, þar sem verndar er krafizt fyrir það, sökum þess að verndartími sá, sem því hefur áður verið veittur, er liðinn, og veitir sáttmáli þessi því þá eigi vernd þar að nýju. — 3. Grundvallarreglu þessari er beitt samkvæmt því, er sambandslöndunum hefur komið saman um í sérstökum samningum, sem þau hafa gert eða gera um það efni sín á milli. Ef slíkt samkomulag vantar, ákveða lönd þau, er hlut eiga að máli, hvert í sínu lagi, hvernig henni skuli beitt. — 4. Ofangreindum ákvæðum er beitt á samsvarandi hátt, ef nýtt land bætist við í sambandið, ef verndartíminn er lengdur samkvæmt 7. gr. eða ef horfið hefur verið frá fyrirvara. — **19. gr.** Ákvæði sáttmála þessa eru eigi því til fyrirstöðu, að krefjast megi, að beitt verði víðtækari fyrirmælum, sem sett kynnu að verða í löggjöf sambandslands í hag útlendingum yfirleitt. — **20. gr.** Stjórnir sambandslandanna áskilja sér rétt til að gera sérstaka samninga sín á milli að því leyti sem þeir samningar veita höfundum frekari réttindi en sambandið eða fela í sér ákvæði, sem fara ekki í bága við þennan sáttmála. Þau atriði í núgildandi samningum, sem eru í samræmi við ofangreind skilyrði, halda gildi. — **21. gr.** 1. Alþjóðastofnun sú, sem komið hefur verið á fót undir nafninu „Skrifstofa alþjóðasambandsins til verndar bókmenntum og listaverkum“ („Bureau de l'Union internationale pour la protection des œuvrés littéraires et artistiques“) starfar áfram. — 2. Skrifstofan er falin vernd sambandsstjórnar Svisslands, er ákveður fyrirkomulag hennar og hefur eftirlit með starfsemi hennar. — 3. Viðskiptamál skrifstofunnar er franska. — **22. gr.** 1. Skrifstofa alþjóðasambandsins safnar hvers konar upplýsingum, er snerta vernd höfundaréttar á sviði bókmennta og lista. Hún raðar þeim niður og birtir þær. Þá rannsakar hún og sameiginleg hagsmunamál fyrir sambandið, og eftir þeim gögnum, sem ríkisstjórnirnar láta hana hafa til umráða, gefur hún út tímarit á frönsku um þau atriði, er varða viðfangsefni sambandsins. Stjórnir sambandanna áskilja sér að fengnu einróma samþykki að heimila skrifstofunni að birta tímaritið á einu máli eða fleirum að auki, ef reynslan skyldi leiða það í ljós, að þörf væri á því. — 2. Skrifstofu alþjóðasambandsins ber hvenær sem er að vera við því búin að veita sambandslöndunum þá sérstöku vitneskju, sem þau kunna að þarfnast um þau atriði, er varða vernd bókmennta og listaverka. — 3. Forstjóri skrifstofunnar semur ársskýrslu um embættisfærslu sína, og skal senda hana öllum sambandslöndum. — **23. gr.** 1. Kostnað af skrifstofu alþjóðasambandsins greiða sambandslöndin í sameiningu. Unz önnur ákvörðun verður um það tekin, má hann ekki fara fram úr eitt hundrað og tuttugu þúsund svissneskum frönkum árlega. Ef þörf krefur, má hækka þessa upphæð með einróma ákvörðun einhverrar þeirrar ráðstefnu, sem gert er ráð fyrir í 24. gr. — 2. Til þess að ákveða tillag hvers lands í þessari heildarupphæð er sambandslöndunum og þeim löndum, er síðar kunna að ganga í sambandið, skipt í sex flokka, og greiðir hver flokkur tillag, er miðast við ákveðinn fjölda eininga, sem sé:

1.	flokkur	25	einingar
2.	—	20	—
3.	—	15	—
4.	—	10	—
5.	—	5	—
6.	—	3	—

— 3. Ofangreindir stuðlar eru margfaldaðir með tölu landa í hverjum flokki, og heildarupphæð þeirra talna, sem við það koma fram, verður sá einingafjöldi, sem deila skal í heildarkostnaðinn. Niðurstaðan sýnir kostnaðarhluta hverrar einingar. — 4. Sérhvert land lýsir yfir því, er það gengur í sambandið, til hvers af ofangreindum flokkum það vill teljast, en það getur síðar, hvenær sem er, lýst því yfir, að það vilji teljast til einhvers annars flokks. — 5. Sambandsstjórn Svisslands semur fjárhagsáætlun skrifstofunnar, hefur eftirlit með fjárgreiðslum hennar, innir af hendi nauðsynlegar fyrirframgreiðslur og semur ársreikning hennar, sem sendur er öllum öðrum ríkisstjórnum. — **24. gr.** 1. Sáttmála þennan má endurskoða í því skyni að koma á umbótum, sem til þess eru fallnar að fullkomna kerfi sambandsins. — 2. Ofangreind mál og þau, er snerta á annan hátt þróun sambandsins, skulu fulltrúar sambandslandanna ræða á ráðstefnum, sem haldnar verða í sambandslöndunum, hverju eftir ann-

1947 Nr. 110 19. sept.

að. Stjórn þess lands, þar er ráðstefnu skal halda, undirbýr störf hennar ásamt skrifstofu alþjóðasambandsins. Forstjóri skrifstofunnar er viðstaddur á ráðstefnum þessum og tekur þátt í umræðunum, en eigi hefur hann atkvæðisrétt. — 3. Sérhver breyting á sáttmála þessum þarf einróma samþykki sambandslandanna, ef hún á að hafa gildi fyrir sambandið. — **25. gr.** 1. Þeim löndum, sem eigi teljast til sambandsins, en veita lögvernd á þeim réttindum, sem í sáttmála þessum greinir, skal heimilt að ganga í sambandið, ef þau óska þess. — 2. Þessi innganga skal tilkynnt skriflega sambandsstjórn Svisslands, er aftur skal tilkynna hana öllum hinum ríkisstjórnunum. — 3. Af inngöngunni leiðir, að gengizt er undir allar skyldukvaðir samningsins og fengin hlutdeild í öllum þeim hagsmunum, sem hann veitir. Inngangan tekur gildi einum mánuði eftir að sambandsstjórn Svisslands hefur sent tilkynningu um hana til hinna sambandslandanna, svo framarlega sem landið, sem inngöngunnar óskar, tiltekur ekki lengri frest. En í inngöngubeiðninni má taka fram, að viðkomandi land, í stað þess að vera bundið af 8. gr. í þessum sáttmála, áskilji sér að minnsta kosti fyrst í stað, að varðandi þýðingar sé það bundið af ákvæðum 5. gr. sáttmálans frá 1886 í því formi, sem hann hlaut í París 1896, að því leyti sem ákvæði þess snerta þýðingar á mál þess lands. — **26. gr.** 1. Sérhvert sambandsland getur, hvenær sem er, tilkynnt sambandsstjórn Svisslands skriflega, að þessi sáttmáli skuli hafa gildi að öllu leyti eða nokkru fyrir nýlendur þess, verndarsvæði og umboðssvæði eða önnur þau landsvæði, er það hefur fullveldi yfir; er þá sáttmálinn í gildi á þeim svæðum, sem getið er í tilkynningunni. Án slíkrar tilkynningar hefur sáttmálinn ekki gildi fyrir ofangreind svæði. — 2. Sérhvert sambandsland getur, hvenær sem er, tilkynnt sambandsstjórn Svisslands skriflega, að sáttmáli þessi hafi ekki lengur gildi fyrir þau svæði eða hluta af þeim svæðum, sem nefnd eru í tilkynningu samkv. 1. mgr.; fellur þá sáttmálinn úr gildi á þeim svæðum, sem greind eru í tilkynningu þessari, einu ári eftir að hún barst sambandsstjórn Svisslands. — 3. Allar tilkynningar, sem berast sambandsstjórn Svisslands samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., skulu sendar öllum sambandslöndunum. — **27. gr.** 1. Sáttmáli þessi skal, að því er snertir sambandslöndin sín á milli, koma í stað sáttmálans frá Bern 9. sept. 1886 og síðari endurskoðana á honum. Fyrri samningar halda gildi sínu varðandi þau lönd, sem ekki staðfesta þennan sáttmála. — 2. Þau lönd, sem láta undirrita þennan sáttmála, geta haldið öllum þeim fyrirvara, er þau hafa áður gert, svo framarlega sem þau lýsa því yfir um leið og þau leggja fram fullgildingarskjöl sín á honum. — 3. Þau lönd, sem nú eru í sambandinu, en undirrita eigi sáttmála þennan, geta gengið að honum hvenær sem er. Eiga þá ákvæði undanfarandi málsgreinar við um þau. — **28. gr.** 1. Sáttmála þennan skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin lögð fram í Rómaborg í síðasta lagi í júlí 1931. — 2. Í þeim löndum, er hafa fullgilt hann, gengur hann í gildi einum mánuði eftir þann dag. En fari svo, að hann verði fullgildur fyrr af sex sambandslöndum að minnsta kosti, þá skal hann ganga í gildi þeirra í milli einum mánuði eftir að sambandsstjórn Svisslands hefur tilkynnt þeim framlagningu sjötta fullgildingarskjalsins, en í hinum sambandslöndunum, sem fullgilda hann síðar, einum mánuði eftir að fullgilding viðkomandi ríkis hefur verið tilkynnt. — 3. Lönd utan sambandsins geta gengið í það fram til 1. ágúst 1931, þannig að þau gangi annaðhvort að Berlínarsáttmálanum frá 13. nóv. 1908 eða að þessum sáttmála. Eftir 1. ágúst 1931 geta þau aðeins gengið að þessum sáttmála. — **29. gr.** 1. Sáttmáli þessi skal gilda um óákveðinn tíma, þar til honum er sagt upp með eins árs fyrirvara. — 2. Uppsögn þessa skal senda sambandsstjórn Svisslands. Hún skal aðeins hafa gildi fyrir það land, sem hefur sent hana, en sáttmálinn heldur gildi sínu fyrir hin sambandslöndin eftir sem áður. — **30. gr.** 1. Þau lönd, sem innleiða í löggjöf sína 50 ára verndartímabil það, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. 1. mgr. þessa sáttmála, skulu tilkynna það með skriflegri yfirlýsingu sambandsstjórn Svisslands, en hún tilkynnir það þegar öllum öðrum sambandslöndum. — 2. Hið sama á við um þau lönd, sem falla frá þeim fyrirvara, er þau hafa gert eða haldið samkvæmt 25. og 27. gr. — Þessu til staðfestu hafa fulltrúar viðkomandi þjóða ritað nöfn sín undir sáttmála þennan. — Gjört í Rómaborg, 2. dag júnímánaðar 1928, í einu eintaki, er skal geymt í skjalasafni ríkisstjórnar ítalska konungsríkisins. Staðfest eftirrit skal látið í té sérhverju sambandslandi.

Fylgiskjal II. — Skrá yfir erlend ríki, sem aðilar eru að Bernarsáttmálanum. — Ástralía, Belgía, Brazilía, Bretland, Búlgaría, Canada,

1947 Nr. 110 19. sept. Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Ítalía, Japan, Júgóslavía, Liechtenstein, Luxemburg, Monaco, Noregur, Nýja-Sjáland, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Spánn, Suður-Afríka, Sviss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Vatikanið, Þýzkaland.

1903 Nr. 42 13. nóv. **Lög um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.**

Fyrsti kafli. — Verzlanaskrár. — **1. gr.** Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum að setja í skrárnar. — **2. gr.** Tilkynning til innritunar á verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun[1]) fyrir skrásetning og auglýsing. — Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriftir þeirra staðfestar af notarius. — **3. gr.** Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.[a]) — Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja,[2]) er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið. — **4. gr.** Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána, í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar. — Landsstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu. — **5. gr.** Landshöfðingi setur ýtarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.[3]) — **6. gr.** Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og liggur það þá undir úrskurð dómstólanna, hvort afmá skuli tilkynninguna.[b]) — **7. gr.** Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi, nema atvik séu svo vaxin, að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það, né til þess verði ætlazt af þeim.[a]) — Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

1903 Nr. 42 13. nóv.

Annar kafli. — Firmu.[b]) — **8. gr.** Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (firma). — **9. gr.** Firma einstaks manns skal vera fullt nafn hans,[c]) þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð. — Firma félags, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minnsta kosti vera nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp í það. — Firma samlagsfélags skal að minnsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlagshlutafélag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annarra en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð. — Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag.[1]) — Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera. — **10. gr.** Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis.[d]) Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gerð á henni. — Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glöggt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glöggt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt.[e]) Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrá-

1) Sbr. 36. gr. — 2) Sbr. l. nr. 17, 3. okt. 1903. — 3) Sbr. rgj. nr. 24, 8. maz 1904. — a) (XVIII, 230). — b) XXII, 87, 89.

1) Sbr. l. nr. 77, 27. júní 1921, § 2. — a) XVII, 587, 590. — b) II, 1005. — c) IX, 589, 587. — d) IX, 589, 587, XXII, 87, 89. — e) XVIII, 228—30, XXI, 417—18.

sett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta. — **11. gr.** Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gert aðra ráðstöfun. — **12. gr.** Nú gerist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og, ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það, eða, ef hann er látinn og hefir eigi gert aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess. — **13. gr.** Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigendaskipti hafi orðið. — Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan. — **14. gr.** Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum geri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað. — Með firmaritun fyrir hönd hlutafélags eða annars félags[1]) með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað. — **15. gr.** Nú er fulltrúum (skuldarlúkningarmönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni. — **16. gr.** Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, [nema firmanu sé valið sérstakt heiti, annað en nafn eiganda][2]) — sjá þó 21. gr. —, en öll önnur firmu skal tilkynna, áður en atvinnurekstrinn byrjar; tilkynning skal gera til innritunar í verzlunarskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útibú) er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útibúið ekki í sama umdæmi sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má eftir að tilkynningin hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Útibú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það. — Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn félagsins; annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð. — Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað. — **17. gr.** Þegar firma eins manns er tilkynnt, skal tilgreint auk firmans: 1. Fullt nafn hans og heimili, 2. tegund atvinnunnar, og 3. það bæjar- og sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er. — **18. gr.** Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans: 1. Fullt nafn og heimili allra félagsmanna, 2. tegund atvinnunnar, 3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er; og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað; 4. hver þá hafi rétt til þess, svo og hvort aðeins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess. — Hið sama er og um tilkynning samfélagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það almennt samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþykktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gerð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra. — **19. gr.** Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans: 1. Dagsetning samþykkta þess; 2. tegund atvinnunnar; 3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er; 4. upphæð framboðins hlutafjár og skipting þess í hluti; 5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa; 6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar; 7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birta í almennum fréttablöðum, og þá hverjum; 8. fullt nafn og heimili stjórnendanna; 9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað. — Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins og nægileg umboðsskilríki

1) Sbr. l. nr. 77, 27. júní 1921, § 61. — 2) L. nr. 14, 6. júlí 1931.

1903 Nr. 42 13. nóv.

fyrir stjórnendur. — **20. gr.** Ákvæði 19. gr. um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana. — **21. gr.** Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynning um þetta svo fljótt sem unnt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþykktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefir verið samþykkt og senda afrit af henni. — Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð, eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. — Þegar atvinna flyzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning. — Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðilja krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr. — Þegar gjaldþrot verður, skal skiptaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiptanna. — **22. gr.** Um leið og firma er tilkynnt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána eða viðauka hennar, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynnt verið. — **23. gr.** Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr., eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr.[a]) Sektirnar renna í landssjóð. — **24. gr.** Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

Þriðji kafli. — Prókúra. — 25. gr.[b]) Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir umbjóðanda að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúruhafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð. — **26. gr.** Prókúru má veita fleiri mönnum en einum, þannig, að þeir aðeins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra). — **27. gr.** Umboð prókúruhafa samkvæmt 25. gr. má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það. — **28. gr.** Þegar prókúruhafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annarri skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin. — **29. gr.** Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína. — **30. gr.** Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda. — **31. gr.** Umbjóðandi getur tilkynnt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef firmahafi tilkynnti firmað, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum frekar en heimilað er í 25. og 26. gr. — Um leið og prókúra er tilkynnt, skal prókúruhafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni. — **32. gr.** Sé tilkynntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynnt og tekið upp í verzlanaskrána.

---

a) IX, 589. — b) II, 1089, 1240. IV, 810—11, XVII, 587, XX, 52—3, (XXII, 308).

1903
Nr. 42
13. nóv.

Fjórði kafli. — Almenn ákvæði. — 33. gr. Við framkvæmd laga þessara skal það athugað, er hér segir: a) Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafé það, sem tilkynnt hefir verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmarkaðri ábyrgð. b) Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag. c) Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð. — **34. gr.**[a]) Þegar firmahafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útibú á öðrum stað og stjórn útibúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað,[1]) og skoða skrifstofu útibúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. — **35. gr.** Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir: a) Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi[2]) til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslufélög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða bankastörf, miðlunarstörf við vöruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög. b) Sparisjóðir. — Undanskilin eru félög, er samþykktir þeirra eru ákveðnar með lögum. — Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafélög og samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara. — **36. gr.**[1]) Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eftir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hér segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra: Fyrir firmatilkynningu félags, samkvæmt 16. gr. kr. 8.00. Fyrir firmatilkynningu eins manns, og fyrir prókúrutilkynningu (31. gr.) kr. 4.00. Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. kr. 2.00; þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu um, að atvinnu sé hætt. — Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgrein 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald. — Fyrir tilkynningar um sparisjóði og félög með breytilegri félagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald. — Fyrir eftirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast kr. 4.00. Fyrir eftirrit af einni tilkynningu kr. 2.00. Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma kr. 0.80. — Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits úr verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð. — **37. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hér fara á eftir: 1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi. 2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: „takmörkuð ábyrgð“ eða „limitað“, eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins.

1) L. nr. 85, 23. júní 1936, § 75. — 2) Sbr. l. nr. 52, 27. júní 1925, § 3. — a) IV, 811—12.

1903
Nr. 42
13. nóv.

Lög um vörumerki.

1903
Nr. 43
13. nóv.

1. gr.[a]) Hver sá, er hér á landi rekur verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, hefir rétt til að nota nafn sitt eða firma eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, en getur jafnframt samkvæmt lögum þessum með skrásetningu

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — a) XXIV, 259.

öðlazt einkarétt til að hafa sérstakt vörumerki til að greina vörur sínar frá vörum annarra í viðskiptum manna á milli. Þessi réttur nær til allra vörutegunda, hafi hann eigi með skrásetningunni verið bundinn við ákveðnar vörutegundir. — Vörumerkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar. — **2. gr.** Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt af skráritara, er landshöfðingi[1]) skipar; ráðherra Íslands ákveður laun hans og ritfé frá því lög þessi öðlast gildi þangað til 31. desember 1905, en upp frá því skal hvorttveggja veitt á fjárlögunum. — **3. gr.**[2]) Nú vill maður fá vörumerki skrásett, og skal hann þá afhenda eða senda skráritara í borguðu bréfi tilkynningu um það; skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og póstáskrift; eigi vörumerkið eingöngu að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og tilgreindar.[3]) — Tilkynningu skal fylgja: 1. mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, eigi stærri en 10 sentimetrar (3,82 þumlungar) á hæð og 15 sentimetrar (5,74 þumlungar) á breidd. 2. Tvö mót (kliché) jafnstór myndinni til að prenta hana eftir. 3. 40 kr. borgun fyrir skrásetning og auglýsing hennar, er renni í landssjóð. — Skráritari skal svo fljótt sem kostur er á afhenda tilkynnanda eða senda honum skriflega viðurkenning fyrir móttöku tilkynningarinnar og nefna dag og stund, er hann fékk hana. Festa skal við viðurkenninguna eitt eintak vörumerkisins. — **4. gr.** Nú notar einhver, þá er lög þessi ganga í gildi, ákveðin merki á vörum sínum eða umbúðum þeirra, og getur þá enginn annar með tilkynningu öðlazt rétt til notkunar þeirra merkja, ef sá, er merkin notaði, tilkynnir þau innan 2 vikna frá því, er lögin öðluðust gildi, á þann hátt, er fyrirskipað er í 3. gr. — **5. gr.** Vörumerki skal eigi skrásetja: 1. Ef það einungis er tölustafir, bókstafir eða orð, er ekki hafa svo einkennilegt lag, að þau megi teljast mynd; þó skal eigi neita um skrásetning, ef merkið er orð, sem er sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, er tilgreindar eru í tilkynningunni samkvæmt 3. gr., og á ekki að lýsa uppruna vörunnar, ásigkomulagi hennar eða ákvörðun, vörumagni eða verði. 2. Ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns. 3. Ef í því eru opinber merki, svo sem skjaldmerki. 4. Ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneyksli. 5. Ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefir verið skrásett fyrir aðra eða tilhlýðilega tilkynnt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sé við að villast á merkjunum yfirleitt, þótt ólík séu í einstöku atriðum; þó skal eigi neita um skrásetningu, ef líkingin er fólgin í táknum þeim og merkjum, sem getur um í 8. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund.[a]) — **6. gr.** Ef synjað er um skrásetning, skal gera tilkynnanda skriflega aðvart samkvæmt 3. gr. um synjunina og ástæður fyrir henni. — Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann innan þriggja mánaða skotið honum til landshöfðingja,[1]) og skal honum engu að síður heimilt að leita úrskurðar dómstólanna um málið. — **7. gr.** Þá er skrásetning hefir fram farið, skal svo fljótt sem unnt er auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi, og skal þar að auki í hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna auglýsing um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið á því ári. — **8. gr.** Nú eru í skrásettu vörumerki tölustafir, bókstafir eða orð, sem ekki verða skrásett út af fyrir sig samkvæmt 5. gr., eða vörumerkið er sett saman eingöngu eða að nokkru leyti af táknum eða merkjum, sem almennt eru notuð í einhverjum atvinnugreinum, þá sviptir það ekki aðra rétti til að hafa sömu tákn fyrir vörumerki eða einhvern hluta þess. — **9. gr.** Skrásett vörumerki má eigi láta af hendi, nema með atvinnu þeirri, sem það er notað við. — Nú selur maður atvinnu sína, og eignast kaupandi þá hið skrásetta vörumerki, sem notað er við atvinnuna, nema svo sé um samið, að seljandi skuli halda vörumerkinu, eða að þeir megi báðir nota merkið, hvor á sinni vörutegund. — **10. gr.** Vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skráritari skal að minnsta kosti 4 mánuðum áður en frestir þessir eru liðnir, gefa þeim, sem merkið hefir verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 15. gr.), vísbending í ábyrgðarbréfi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er ekki gerð í tækan tíma; bréfið

1) Sbr. l. nr. 17, 3. okt. 1903. — 2) Sbr. augl. nr. 15, 30. des. 1904 og augl. nr. 2, 15. marz 1927. — 3) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43.

1) Sbr. l. nr. 17, 3. okt. 1903. — a) VII, 250.

1903 Nr. 43 13. nóv.

sendist til þess staðar hér á landi, er hlutaðeigandi hefir til nefnt. — Nú vill einhver endurnýja skrásetning, og skal hann þá afhenda eða senda skriflega tilkynning, samda samkv. 3. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá, er þar er fyrir skipuð, og 10 kr. í skrásetningargjald til landssjóðs. Ef merkið hefir verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skulu jafnframt færðar sönnur fyrir rétti beiðanda til merkisins. Endurnýjun skal rita í skrána svo fljótt sem verða má, og skal beiðanda gefin viðurkenning eins og fyrirskipað er í 3. gr. fyrir tilkynning um nýtt merki. — Ef skráritara þykir tilkynningu að einhverju leyti ábótavant, skal hann synja um endurnýjun merkisins, og fer um þá synjun og kæru út af henni eftir ákvæðum 6. gr. — **11. gr.** Nú álítur landshöfðingi, að ekki hefði átt samkvæmt ákvæðunum í 5. gr. nr. 3 eða 4 að skrásetja vörumerki, og skipar hann þá að ógilda skrásetninguna; um lögmæti skipunar þessarar má leita úrskurðar dómstólanna. — Nú er vörumerki skrásett, og eru í því aðeins tákn eða merki, sem almennt eru notuð í sérstökum atvinnugreinum, og getur þá hver, er rekur þess konar atvinnu, krafizt þess, að skrásetningin sé ógilt. Þegar þetta kemur fyrir, svo og þegar einhver álítur skrásetning vörumerkis sér til skaða, liggur spurningin um ógilding skrásetningarinnar undir úrskurð dómstólanna. — Nú er synjað um skrásetning vörumerkis samkvæmt 5. gr. nr. 5, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem hefir hið umbeðna eða skrásetta merki, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta og að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með þeim einkarétti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hinn tilkynnti það, svo framarlega sem hann höfðar mál út af þessu innan eins árs, eftir að auglýsing um skrásetning merkisins hefir verið birt í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi.[a]) — **12. gr.** Þegar skrásetning vörumerkis er felld úr gildi eða vernd á skrásettu vörumerki fellur burt, eða þegar sá, sem rétt hefir til merkisins, æskir þess, skal afmá merkið úr skránni og skal birta auglýsingu um það í blaði því, er löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi, og við árslok í B-deild Stjórnartíðindanna, ásamt auglýsing þeirri, er getur um í 7. gr., um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið á árinu. — **13. gr.** Nú setur maður heimildarlaust á söluvarning eða umbúðir hans nafn eða firma annars manns, eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns eða maður hefir vörur til sölu, sem auðkenndar eru á þennan hátt, og getur þá sá, er fyrir órétti verður, höfðað mál og fengið dómsúrskurð fyrir því, að hinum sé óheimilt að nota merkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkenndar eru með því. Hafi honum verið kunnugt um rétt hins, verður hann sekur um 100 kr. til 2000 kr., sé brotið ítrekað, getur það varðað fangelsi;[1]) auk þess má skylda hann til að bæta skaða þann, er af því hefir leitt, og taka burtu merki þau, er ólöglega hafa sett verið, eða, ef nauðsyn krefur, ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefir umráð yfir þeim. — **14. gr.** Ákvæðum 13. greinar skal einnig beitt, þegar nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns er notað með svo lítilvægum breytingum, að hætt er við að villast á nöfnunum eða merkjunum, þótt ólík séu í einstökum atriðum.[a]) — **15. gr.** Með konunglegri tilskipun má einnig veita vernd þá, er lög þessi heimila, þeim mönnum erlendis, sem reka einhverja þá atvinnu, sem um er getið í 1. gr., með því skilyrði, að hérlendir menn verði sömu réttinda aðnjótandi í hinu landinu. Skal þá farið eftir þeim sérstöku reglum, er nú skal greina um vörumerki þau, sem skrásett verða: 1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í hinu landinu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar. 2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sér varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkinu og tilnefna umboðsmann búsettan hér á landi, er taki á móti málssókn fyrir hans hönd. 3. Vörumerkið skal eigi njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í hinu landinu. — Um vörumerki, skrásett í öðru landi, þar er íslenzk vörumerki njóta sömu réttinda, má ennfremur setja þessi ákvæði með konunglegri tilskipun: 4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í hinu landinu, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu. 5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar

a) VII, 250.

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) XXII, 201.

1903 Nr. 43 13. nóv.

hér á landi í síðasta lagi [6][1]) mánuðum eftir að það hefir verið tilkynnt í hinu landinu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í því landi. 6. Nú er synjað um skrásetningu samkv. 5. gr. nr. 5, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgr. — **16. gr.** Landshöfðingi setur ýtarlegar reglur um fyrirkomulag og lögun vörumerkjaskrárinnar og hvernig hún skal haldin, um auglýsingar samkvæmt lögum þessum, og um reikningsskil fyrir gjöldum þeim, er renna í landssjóð samkvæmt þeim. — **17. gr.** Um mál, sem höfðuð eru samkvæmt 13. gr. 2. málsgr. í lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál, en mál skal aðeins höfða eftir kröfu þess, er fyrir órétti hefir orðið sökum lagabrotsins.[a]) — **18. gr.** Öllum skal heimilt að kynna sér það, sem stendur í vörumerkjaskránni, annaðhvort með því að skoða hana eða fá eftirrit eftir henni; þó verður þess eigi krafizt, að skrásettar myndir séu sýndar í eftirritum. — Fyrir eftirrit eftir skránni eða af frumritaðri tilkynningu greiðist 2 kr. gjald til landssjóðs. Fyrir að skoða skrána greiðist ekkert gjald.

1941 Nr. 77 27. júní

Lög um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

1. gr. Meðan núverandi styrjöld er háð, skal vernd skrásettra, erlendra vörumerkja, sem endurnýja þarf samkv. 10. gr. vörumerkjalaganna, haldast, enda þótt tilkynning sú, sem um ræðir í 2. mgr. téðrar greinar, hafi ekki borizt skráritara í tæka tíð. — Meðan ákvæði þetta er í gildi, skal heimilt að endurnýja vernd skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjalaganna ákveður. — Endurnýjun vörumerkjaverndar samkvæmt þessari grein telst frá þeim degi, er verndartími samkvæmt vörumerkjalögunum rann út. — **2. gr.** Nú verður sú breyting á ófriðarástandinu, að telja má samgöngur orðnar svo greiðar, að ekki sé ástæða til að halda ákvæðum 1. gr. lengur í gildi, og koma þá ákvæði 3. gr. til framkvæmda. — **3. gr.** Að ófriðnum loknum eða þegar svo er ástatt, sem um ræðir í 2. gr., skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu setja tiltekinn frest til endurnýjunar, en að þeim tíma liðnum skal verndin falla niður, hafi ekki vörumerkjaskráritara borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar, áður en fresturinn er útrunninn.

1941 Nr. 77 27. júní

Lög um almenn gæðamerki.

1. gr. Félög með heimilisfangi á Íslandi, sem hafa það að markmiði, að gæta sameiginlegra atvinnuhagsmuna félaga sinna, skulu, með því að láta skrásetja almenn gæðamerki, sem ætluð séu í viðskiptum til þess að greina vörur félaganna frá vörum annarra, eða til tryggingar eftirlits, geta öðlazt einkarétt fyrir félaga sína til notkunar slíkra gæðamerkja, enda þótt félög þessi reki ekki neina þá atvinnu, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903. — Opinber stjórnarvöld eða stofnanir á Íslandi, sem gæta sameiginlegra atvinnurekstrarhagsmuna flokks ríkisborgara, geta einnig öðlazt slíkan einkarétt með því að láta skrásetja almenn gæðamerki. — Um merki þau, er ræðir um í þessari grein, skulu gilda ákvæði framangreindra laga, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. — **2. gr.** Nú beiðist félag skrásetningar merkis, og skal þá í beiðninni greina nafn félagsins og heimilisfang félagsstjórnarinnar; ennfremur skal fylgja beiðninni eintak af samþykktum félagsins og í þeim skal tekið greinilega fram: 1. Hvert sé markmið félagsins. 2. Hverjum sé heimilt að nota merkið, svo og hver skilyrði séu sett fyrir slíkum rétti. 3. Hver réttindi og hverjar skyldur fyrir félagið sjálft eða félaga þess leiði af notkun merkisins á óheimilan hátt. 4. Hver eða hverjir hafi heimild til að koma fram fyrir félagsins hönd. — Kröfu opinbers stjórnarvalds eða stofnunar um skrásetning merkis skal fylgja eintak af lögum þeim eða öðrum ákvæðum, sem við eiga, og séu í þeim samskonar upplýsingar, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. greinar þessarar. — Nú verða síðar breytingar á atriðum þeim, sem að framan greinir, og skal þá tilkynna

1935 Nr. 89 3. maí

1) L. nr. 13, 13. jan. 1938, § 1. — a) I, 475, XXII, 201.

1935 Nr. 89 3. maí

þær þeim, sem annast skrásetninguna. — Fyrir skrásetning almenns gæðamerkis og auglýsingu um skrásetninguna greiðist 120 kr. gjald; fyrir endurnýjun 40 kr. gjald. — **3. gr.** Eigi er heimilt að framselja öðrum rétt til almenns gæðamerkis, sem skrásett er. — **4. gr.** Sérhverjum er heimilt að krefjast þess, að skrásetningin skuli afmáð með dómi: a. Ef félag það, sem á merkið, er hætt störfum, b. ef breytzt hafa verulega skilyrði þau, er voru fyrir hendi þegar merkið var tilkynnt, og c. ef félagið kemur ekki fram ábyrgð á hendur þeim, sem nota merkið á óheimilan hátt, þrátt fyrir áminningu um að koma fram slíkri ábyrgð. — **5. gr.** Skylda sú til skaðabóta, sem hvílir á þeim, er brjóta í bága við einkarétt þann, sem stofnast með skrásetningu almenns gæðamerkis, nær eigi einvörðungu til þess að bæta tjón, sem sjálfur eigandi merkisins kann að hafa orðið fyrir, heldur einnig til að bæta tjón það, sem þeir kunna að hafa beðið, sem áttu rétt á að nota merkið. — **6. gr.** Með því skilyrði, að um gagnkvæmi sé að ræða, ná framangreind ákvæði einnig til félaga, sem eiga heimilisfang í einhverju þeirra ríkja, sem ákvæði vörumerkjalaganna hafa náð gildi um samkvæmt 15. gr. laga nr. 43 13. nóv. 1903, svo og til opinberra stjórnarvalda eða stofnana með heimilisfangi í umræddum ríkjum. — **7. gr.** Merki þau, sem hér ræðir um, skal skrá í sérstaka deild vörumerkjaskrárinnar, og ákveður atvinnumálaráðherra fyrirkomulag, form og færslu þessarar deildar. — **8. gr.** Nú telur ríkisstjórnin, eftir samráði við fulltrúa atvinnurekenda, æskilegt að láta skrásetja almennt íslenzkt gæðamerki, sem nota megi á afurðir útfluttar frá Íslandi, er öruggt sé að telja gæðavörur samkvæmt gildandi ákvæðum um eftirlit með útflutningsvörum, og má þá setja ákvæði um skilyrði fyrir notkun þessa merkis með reglugerð. Í reglugerðinni má setja ákvæði, er banni að nota hér á landi merki, sem hægt er að villast á og skrásetta almenna gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til og flytja til landsins, án samþykkis ráðherra, eftirmyndir af almenna gæðamerkinu eða af merkjum, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu; ennfremur ákvæði, er banni að búa til eða flytja til landsins stimpla, myndamót eða annað, sem ætlað er til þess að gera gæðamerkið eða annað merki, sem hægt er að villast á og gæðamerkinu. Í reglugerðinni má og ákveða, að framleiðandi eða útflytjandi, sem gætir ekki fyrirmæla þeirra, sem sett eru um notkun almenna gæðamerkisins, skuli missa réttinn til að nota það, um skemmri tíma eða að fullu og öllu. — Loks má ákveða í reglugerðinni sektir frá 10—5000 kr. fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar. — Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað þann, sem skrásetning almenna gæðamerkisins hefir í för með sér í löndum þeim, sem Ísland selur afurðir sínar. — **9. gr.** Ríkisstjórninni veitist heimild til að ákveða með auglýsingu, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum og samþykktum um vernd iðnaðarréttinda, varðveizlu alþjóðamerkja og iðnaðarmáta, alþjóðaskrásetningu verzlunar- og vörumerkja og samþykktum snertandi takmörkun á fölskum upprunaauglýsingum á verzlunarvörum. — Ennfremur veitist ríkisstjórninni heimild til að setja með reglugerð önnur ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg vegna þátttöku í slíkum samningum.

1935 Nr. 89 3. maí

Tilskipun handa Íslandi um eftirmyndan ljósmynda o. fl.

1869 11. des.

1. gr. Hver sá, sem á sjálfs síns kostnað býr til frumlega ljósmynd eftir náttúrunni eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarétt á að eftirmynda, getur um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til til sölu ljósmynd eftir ljósmynd hans, með því að auglýsa á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherra tiltekur nákvæmar,[1]) að hann áskilji sér einkarétt, og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin „með einkarétti“ á sérhverja ljósmynd, er hann lætur frá sér fara. — Sé ljósmyndin gerð eftir beiðni annars manns, þarf samþykki hans ekki einasta til þess að fá áðurnefndan einkarétt, heldur einnig til þess að mega selja eftirmynd af ljósmyndinni. — **2. gr.** Hver sá, sem í nokkru skerðir réttindi þau, sem heimild er fyrir í 1. gr., skal sektaður um 5—200 rd., og þar að auki gjalda þeim, sem fyrir óréttinum hefir orðið, fullar skaðabætur. Plötur og annað, sem eingöngu verður haft til hinnar ólöglegu eftirmyndunar, og eins allar hinar eftirgerðu ljósmyndir, sem finnast og ætlaðar eru til sölu, skal upptækt gert og ónýtt, nema að sá, sem fyrir óréttinum hefir orðið, krefjist að sér sé fengið það í hendur, og skal þá andvirði þess koma upp í skaðabæturnar, sem

1) Sbr. augl. 10. febr. 1870.

1869 11. des. honum bera. Sama hegning og skaðabætur liggja við að hafa slíkar myndir til sölu og eins við því að flytja til landsins eftirmyndaðar ljósmyndir, sem gerðar eru annarsstaðar, og óleyfilegar eru samkvæmt þessari tilskipun. — **3. gr.** Mál, sem rísa út af afbrigðum gegn tilskipun þessari, getur sá einn höfðað, sem fyrir óréttinum hefir orðið, og verður þeim málum því aðeins gegnt, að þau sé höfðuð innan árs og dags.

1870 10. febr. **Auglýsing fyrir Ísland um tilkynningu um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir.**

Samkvæmt tilskipun handa Íslandi um eftirmyndan ljósmynda o. fl., dagsettri 11. dag desembermánaðar f. á., getur sá, sem á sjálfs síns kostnað hefir búið til frumlega ljósmynd eftir náttúrunni eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarétt til að eftirmynda, um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til ljósmynd til sölu eftir ljósmynd hans, með því að tilkynna á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar, að hann áskilji sér einkarétt og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin „með einkarétti" á sérhverja ljósmynd, er hann lætur frá sér fara. Samkvæmt þessu skal gert heyrum kunnugt, að tilkynning sú, sem að framan er um rætt, skal send stiftamtmanninum yfir Íslandi,[1]) og á hún að hafa inni að halda nafn ljósmyndasmiðsins, ritað fullum stöfum, nógu greinilega lýsingu á ljósmyndinni, er áskilinn er einkaréttur til að eftirmynda, og, ef ljósmyndin er eftirmyndan einhvers listaverks, þá nafn listasmiðsins. Þar að auki skal ávallt senda með tilkynningunni eina af ljósmyndum þeim, sem áskilinn er einkaréttur til að eftirmynda. **1870** 10. febr.

VI. REFSILÖG

1940 Nr. 19 12. febr. **Almenn hegningarlög.**

I. kafli. — Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl. — 1. gr. Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.[a]) — **2. gr.**[b]) Hafi refsilöggjöf breytzt frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skal dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinæmi verknaðar og refsingu. Aldrei má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Hafi refsiákvæði laga fallið úr gildi af ástæðum, sem ekki bera vitni um breytt mat löggjafans á refsinæmi verknaðar, skal dæma eftir lögum þeim, sem í gildi voru, þegar brot var framið. — Falli refsinæmi verknaðar niður af öðrum ástæðum en síðast var getið, fellur refsing niður, sem dæmd hefir verið fyrir þann verknað, að því leyti, sem hún hefir þá ekki þegar verið framkvæmd. Einnig falla þá niður aðrar afleiðingar verknaðar, **1940** Nr. 19 12. febr.

a) 1. *Refsiheimildir.* Bráðabirgðalög, XII, 7, 115, XIII, 59, XXIV, 386, 377, 658, 655, VI, 337. Spurning, hvort reglugj. hafi nægja lagastoð, II, 95, 150, III, 211, IX, 78, 116, XIX, 88, XXI, 316, XXII, 240, XXIV, 12, 3. Sama álitamál um reglur verðlagsyfirvalda o. fl., V, 598, 596, XVI, 18, 74, XVII, 13, og um reglur, er lögreglustjóri setur, II, 204, og um úrlausnir opinberra starfsmanna ella, IV, 40, 222. Refsiheimilda ber að geta í dómi o. fl., IV, 731, VI, 77, V, 757, VIII, 218, XII, 115. — 2. *Birting refsiheimilda.* Refsiheimild orðin til á óstjórnskipulegan hátt, XXI, 175—6. Birting settra réttarreglna, II, 203, 862, XXI, 318, XXII, 240. — 3. *Réttarheimildum lendir saman.* Almenn lög stjórnarskrá, V, 790, XIV, 237. Refsiákvæði — Þjóðréttarsamningur, IV, 61, 82, 120, 202, 200. — 4. *Lögjöfnun. Hegnl. 1869:* 38. gr., VI, 541, 57. gr., VII, 367, 358; 58. gr., (og 62. gr.), VII, 497, 59. gr., V, 1050, VIII, 325, 63. gr., VI, 553, 65. gr., X, 149, 152, 153, 67. gr. (um fyrningu), VI, 42, VIII, 12, X, 137, 150, 155; 113. gr., III, 415; 206. og 209. gr., V, 68; 253. gr., IX, 299, 301; 262. gr., VIII, 601. *L. 51/1928,* 6. gr., VIII, 19. *Hgl. 19/1940:* 22. gr., XII, 97, XIV, 372, XVI, 445, XVIII, 305, XXI, 319, XXIV, 536, 533; 76. gr., XVIII, 3, 189, 447, XIV, 359; 78. gr., XXII, 244; 107. gr., XXIII, 194 o. áfr.; 108. gr., XXIII, 246, 199 o. fl.; 241. gr., XXIII, 516, 512; 248. gr., XXII, 454—6. *Bifreiðalög,* V, 68—9, VI, 133, XVIII, 469. *Áfengislög,* VI, 160, 551—3, XXIII, 285. *Gjaldeyrislög,* XX, 222, 226. *L. 47/1932,* VIII, 339. *L. 56/1914,* XX, 382, 387. *Lögreglusamþykkt,* XIX, 299. *L. 52/1925,* IX, 297. *L. 13/1924,* VII, 465. — 5. *Refsiheimild brast,* I, 625, V, 25, VIII, 594, VI, 337, XII, 117—18, XVII, 57, XXIV, 1. — b) 1. *Um refsingar,* III, 211, V, 231, 67, 68, VI, 426, 443, 553, 610, VII, 406, VIII, 12, IX, 77, X, 149, 206, XI, 354, 358—9, 405, 469, 472, (XI, 512), XII, 12, 117, 127, 206, 243, 326, XIII, 5, 6, 13—14, 43, 84, 188, XIV, 211, 89, XVI, 66, XX, 241, XXII, 388, 179. — 2. *Um réttindasviftingu,* XII, 256, 244, XIII, 5, XII, 12 og XIII, 84, XI, 358—9, 472, 469, XIII, 43, XV, 89. — 3. *Um eignaupptöku,* XVII, 14. — 4. *Um ákærureglur,* XII, 14, XIII, 13—14, 6, XIV, 213—14. — 5. *Um 77. gr. hgl.,* XI, 354.

1) Sbr. tsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I. 11.

sem refsinæmi hans að eldri lögum leiddi af sér, að undantekinni skyldu til greiðslu sakarkostnaðar. Bera má þá undir dómstól þann, sem dæmdi í því máli í héraði, eða dómstól á heimavarnarþingi aðilja, hvort refsing samkvæmt dóminum skuli niður falla eða lækka, ef dómurinn tekur jafnframt til fleiri brota. Niðurstöðu héraðsdóms má áfrýja. — **3. gr.**[a]) Þegar refsilöggjöfin lætur ítrekun brots varða aukinni refsingu eða öðrum viðurlögum, skal refsiákvörðun samkvæmt eldri lögum hafa ítrekunaráhrif eftir orðan sinni, eins og hún hefði verið gerð eftir nýrri lögunum. — **4. gr.** Refsað skal eftir íslenzkum hegningarlögum: 1. Fyrir brot, framin innan íslenzka ríkisins. Sé brot framið af starfsmanni eða farþega erlends skips eða loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með farinu fylgist, eða hagsmunum, sem við farið eru nátengdir, skal þó því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun. 2. Fyrir brot, framin á íslenzkum skipum eða í íslenzkum loftförum, hvar sem þau hafa þá verið stödd. Hafi brot verið framið á stað, þar sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og af manni, sem hvorki var fastur starfsmaður né farþegi á farinu, skal þó ekki refsað hér, nema heimild sé til þess eftir 5. eða 6. gr. — **5. gr.** Fyrir verknað, sem íslenzkir ríkisborgarar eða menn, búsettir á Íslandi, hafa framið erlendis, skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum: 1. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum heimaríkis sakbornnigs. 2. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess. — **6. gr.** Ennfremur skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum fyrir brot, sem þannig er háttað, er hér á eftir segir, enda þótt það sé framið utan íslenzka ríkisins og án tillits til þess, hver að því er valdur: 1. Gegn sjálfstæði íslenzka ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum, á embættis- eða sýslunarskyldum við íslenzka ríkið og gegn hagsmunum, sem njóta íslenzkrar réttarverndar, vegna náins sambands við íslenzka ríkið.[b]) 2. Á skyldum, sem þeim, er verkið vann, bar samkvæmt íslenzkum lögum að rækja erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenzkt far. 3. Gegn hagsmunum íslenzkra ríkisborgara eða manna, búsettra á Íslandi, ef brot er framið á stað, þar sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun saksóknara. — **7. gr.** Nú er refsing að einhverju leyti bundin að lögum við afleiðingar verknaðar, og skal þá líta svo á, að verkið sé einnig unnið þar, sem þessar afleiðingar gerast eða er ætlað að koma fram.[a]) — **8. gr.** Þegar refsimál er höfðað fyrir íslenzkum dómstóli, skal niðurstaða dóms um refsingu og aðrar afleiðingar verknaðar fara eftir íslenzkum lögum. — Refsing fyrir brot, sem mál er höfðað út af hér á landi samkvæmt 5. gr., má ekki fara fram úr hámarki þeirrar refsingar, sem við brotinu lá í heimaríki sakbornings, sbr. 1. tölulið, eða í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið. — Nú hefir sakborningur verið sýknaður í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið 5. gr., refsidómi yfir honum fyrir brotið hefir verið fullnægt eða dæmd refsing er að lögum þess ríkis brott fallin, og skal þá ekki höfða refsimál á hendur honum hér á landi fyrir það brot. — Sé annars höfðað mál á hendur manni hér á landi fyrir brot, sem hann þegar hefir tekið út refsingu fyrir í öðru ríki, skal ákveða refsinguna hér að sama skapi vægari eða láta hana eftir atvikum falla niður.[b]) — **9. gr.** Ekki má framselja til refsingar á vald erlendra ríkja: 1. Íslenzka ríkisborgara. 2. Menn, sem sakaðir eru um stjórnmálaafbrot. 3. Erlenda ríkisborgara fyrir verknað, sem annaðhvort er ekki refsiverður eftir íslenzkum lögum, eða sökin er fallin niður samkvæmt þeim. — Erlendan ríkisborgara má aðeins framselja til þess ríkis, sem hann hefir drýgt afbrot í, eða þangað, er hann á ríkisborgararétt. Hafi erlendur ríkisborgari verið búsettur hér á landi síðustu 2 árin, verður hann því aðeins framseldur, að ríkar ástæður mæli með því. — Jafnan má setja það skilyrði fyrir framsali, að ríki það, sem við tekur, heiti því, að hinum framselda manni verði ekki refsað fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem hann er framseldur fyrir, og ekki frekar en íslenzk refsilög mæla fyrir um þyngsta refsingu fyrir það brot. — **10. gr.** Hafi íslenzka ríkið fengið mann framseldan til refsingar frá öðru ríki, má ekki dæma hann fyrir aðra

a) I, 301, II, 758, 778, 1264, VII, 384, VIII, 560, XIII, 304. — b) XVII, 11.

a) XVII, 11. — b) XVIII, 3, 189, 447.

glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem framselt er fyrir, hafi hið erlenda ríki sett slíkt skilyrði, og ekki í þyngri hegningu en það hefir áskilið. — **11. gr.** Ákvæðum 4.—6. og 9. greinar laga þessara skal beita með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglum þjóðaréttarins.

II. kafli. — Almenn refsiskilyrði. — 12. gr. Það verk er refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.[a] — Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefir orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skal honum ekki refsað.[b] — **13. gr.** Það verk er refsilaust, sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni.[c] — **14. gr.** Eigi skal manni refsað fyrir verknað, er hann hefir framið, áður en hann varð 15 ára gamall. — **15. gr.** Þeim mönnum skal eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sínum.[d] — **16. gr.**[e] Nú var maður sá, sem verkið vann, andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðilegs misþroska eða annarrar truflunar, en þetta ástand hans er ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur, og skal honum þá refsað fyrir brotið, ef ætla má eftir atvikum, og eftir að læknisumsagnar hefir verið leitað, að refsing geti borið árangur. — Verði til stofnun, ætluð slíkum mönnum, sem í þessari grein getur, má ákveða í refsidómi, að sakborningur skuli taka út refsivist sína í stofnuninni. — **17. gr.** Refsingu skal beita, þótt brot hafi verið framið í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja.[a] Hafi verið um fullkomið rænuleysi að ræða, skal þó ekki refsað, nema sakborningur hafi fyrirfram vitað um eða haft fullkomna ástæðu til að ætla, að hann myndi fremja brotið, meðan á áhrifunum stæði, eða að það myndi leiða af þessu ástandi hans. — **18. gr.**[b] Verknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa, að sér stök heimild sé til þess í lögunum. — **19. gr.** Sé refsinæmi verknaðar, eða aukin refsing við honum, bundið því skilyrði samkvæmt þessum lögum, að verkið hafi í för með sér tilteknar afleiðingar, telst því skilyrði ekki fullnægt, nema gáleysi sakbornings megi að minnsta kosti um afleiðingarnar kenna, eða því, að sakborningur hefir ekki gert sér far um að afstýra eftir mætti hættu þeirri, er verkið hafði í för með sér, þegar er hann varð hennar var.[c]

III. kafli. — Tilraun og hlutdeild. — 20. gr. Hver sá, sem tekið hefir ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefir, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerzt sekur um tilraun til þess.[d] — Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má að sé um menn, sem fullfremja slík brot.[e] — Ef hagsmunum þeim, sem verknaður beinist að, eða verknaðinum sjálfum er svo háttað, að tilraunin hefði ekki getað leitt til fullframins brots, má ákveða, að refsing skuli falla niður. — **21. gr.** Hegning fyrir tilraun fellur niður, ef sá, sem sekur hefur gerzt um hana, lætur af sjálfsdáðum af þeim ásetningi sínum að drýgja brotið, áður en það er fullkomnað, enda farist framkvæmd þess ekki fyrir eða tilætlaður árangur náist ekki vegna tálmana eða

a) I, 463, 465, (IV, 231, V, 511—13, XI, 5), XIV, 378, XV, 172, XVI, 227. — b) II, 647, VII, 604—5. — c) (II, 334, 335, 743, III, 33), II, 576, 947—8, V, 1046—7, IX, 155, XIII, 59, (XIV, 208, XX, 290). Neyðarréttur að einkarétti, VI, 66—7, IX, 145, X, 254—5. — d) I, 61, 449, II, 883—4, 942—3, 939, VII, 165—6, (XIX, 87), XX, 291, XXI, 254, 269—70. — e) 40. gr. hgl. 1869: I, 181, 449, II, 884, 986, IV, 161, 158, V, 40, VII, 166, 173, VIII, 20, 23—4, 236, 233, 260, 254, 33, XII, 12, X, 1. Sjá enn fremur I, 293, (IX, 3), XVI, 186—7, XIX, 87, 182, 188, XX, 299, 293, XXI, 255, 269—70, (XXII, 367—8, 357—8).

a) II, 772, 882, IV, 730, VI, 249—51, VII, 564, IX, 302, VI, 76, XII, 90, XVI, 183, XV, 256, XVIII, 122, 125, XXI, 339, 333. — b) T.d. II, 1308, V, 443, VI, 41—2, XXIV, 9. — c) XVIII, 511. — d) I, 135, 181, 662, II, 395 (hérd.), 412, 410, 883, 939, 986, 1031, IV, 231, 753, V, 255, 784, 874, 982, 979, VI, 57, 76, 337, 441, 434, 443—4, VIII, 254, 487—8, 531, X, 460, XI, 359, XVI, 227, XVIII, 13, 309, 315, 317, XIX, 5, 7—14, 18, XX, 293, XXI, 339, 333, XXII, 555, XXIII, 456, XXIV, 299, 375, 512. — e) 47. gr. hgl. 1869: II, 988, 998, 1094, VI, 76, 443—4.

annarrar tilviljunar, og hann hefir þar að auki, ef hann hefir með verknaði sínum valdið eða talið sig hafa valdið hættu á því, að brotið fullkomnist, komið í veg fyrir það eða gert þær ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef fullkomnun brotsins hefði ekki, án vitundar hans, verið aftraað á annan hátt eða verið óframkvæmanleg.[a]) — **22. gr.** Hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, skal sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð.[b]) — Ef hlutdeild einhvers þátttakanda í brotinu er smávægileg, eða er í því fólgin að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, svo og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka hefir misheppnazt, má dæma hann í vægari refsingu en þá, sem lögmælt er við brotinu.[c]) — Þegar svo stendur á, sem í annarri málsgrein segir, og sömuleiðis, ef manni hefir orðið á af gáleysi að taka þátt í broti, má láta refsingu falla niður, ef brotið á undir hegningarákvæði, þar sem ekki er sett þyngri refsing en varðhald. — Nú er brot fullframið, og skal þá sá, sem veitir brotamanni sjálfum eða öðrum liðsinni til þess að halda við ólögmætu ástandi, er skapazt hefir fyrir brotið, eða nýtur hagnaður af því, sæta refsingu eftir ákvæðum þessarar greinar, enda taki önnur ákvæði laga ekki til verknaðar hans.[d]) — **23. gr.** Hlutdeildarmanni skal ekki refsað, ef hann, á þann þátt, sem í 21. gr. getur, afstýrir brotinu eða gerir ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef framkvæmd þess hefði ekki, án vitundar hans, verið afstýrð á annan hátt, misheppnazt eða verið óframkvæmanleg.[e])

IV. kafli. — Ákærureglur. — 24. gr. Sérhver refsiverður verknaður skal sæta opinberri ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. — **25. gr.** Beri ekki að höfða mál af hálfu opinbera ákæruvaldsins út af broti, eða það á því aðeins að fylgja málinu fram, að krafa sé um það gerð, getur sá einn höfðað mál eða borið fram kröfuna, sem misgert var við. — Ef sá er ósjálfráða, sem misgert var við, kemur sá maður í hans stað, sem að lögum hefir forræði yfir honum. Ef þurfa þykir, má skipa sérstakan forráðamann í þessu skyni. — Sé sá dáinn, sem misgert var við, eða verknaður, sem beinist að dánum manni, er refsiverður, hafa eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn, kjörbörn og systkin rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun.[a]) — **26. gr.** Nú er verknaður ekki refsiverður, nema sá, sem misgert var við, krefjist opinberrar málshöfðunar, og skal þá ekki byrja opinbera rannsókn fyrr en krafan er komin fram.[b]) — Hafi fleirum en einum manni verið misboðið með sama verknaði, nægir að krafan komi frá einum þeirra, og beri ekki að höfða mál út af brotinu af hálfu hins opinbera, getur hver um sig sótt hinn seka til refsingar í einkamáli. — Hafi fleiri en einn maður heimild samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 25. gr. til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn, en eru ekki á eitt sáttir um, hvort það skuli gert, ákveður opinbera ákæruvaldið, hvort mál skuli höfðað. — **27. gr.** Ekki skal taka til greina kröfu um opinbera ákæru, ef undanskilinn er nokkur sá, sem samsekur kann að vera um verknaðinn, nema opinbera ákæruvaldið geti á það fallizt.[c]) Komi það í ljós, eftir að krafa hefir verið gerð, að fleiri eru sekir en áður var um vitað, skal maður sá, sem kröfuna gerði, um það spurður, hvort hann krefjist þess, að þeim mönnum verði refsað. — **28. gr.** Beri ekki að dæma refsingu, nema refsikrafa sé borin fram í einkamáli, fellur refsiábyrgð niður, ef sá, sem misgert var við, hverfur frá málshöfðunarrétti sínum eða málssókn eða gefur refsingu upp á annan hátt, áður en málið er dæmt í héraði. — Eigi ákæruvaldið því aðeins að fylgja málinu fram, að sá krefjist þess, sem misgert var við, fellur refsiábyrgð niður, ef hann hverfur frá þessum rétti sínum eða gefur refsingu á annan hátt upp, áður en hann ber fram kröfuna.[d]) Afturkalli hann kröfuna, áður en héraðsdómur gengur í málinu, fellur málssókn niður, nema ákæruvaldið telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram. — Sá, sem eitt sinn hefir afturkallað kröfu um málssókn, getur ekki síðar komið fram með hana, nema ákæru-

a) XIX, 4. — b) I, 160, 662, II, 313, 412, 410, IV, 394, 913, 891, V, 256, 443, 784, VI, 57, 208, 361, 363—7, 441, 434, VII, 596—8, 569, VIII, 487, 531, XII, 90,95, 243, 255—6, XIII, 266, 125, XIV, 394, XV, 231—2, XVI, 398, 392, XVIII, 125, 122, 305, XIX, 5, 7—14, 18, 199, (XIX, 512), XX, 468, XXI, 319, (XXII, 353, 316—17), XXIII, 128, 197—8, 202, XXIV, 538, Tr. II, 67. — c) I, 368, IX, 364, XIII, 125, XV, 231, XIX, 182, 199, XXIII, 198—205. — d) XXIV, 533; 56. gr. hgl. 1869, IV, 326. — e) 54. gr. hgl. 1869, VIII, 488.

a) XV, 296, XVI, 316, XVII, 599, XXII, 129. — b) XXIII, 311. — c) XXI, 79. — d) XVIII, 561, 564—5.

valdið samþykki. — **29. gr.** Heimild til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn eða höfða einkamál til refsingar fellur niður, sé krafa ekki gerð eða mál höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefir, fékk vitneskju um hinn seka.[a]) Nú andast sá, sem misgert var við, áður en frestur er liðinn, og getur þá sá, sem í stað hans kemur, ávallt borið fram kröfu um málssókn eða höfðað einkamál á næstu 3 mánuðum eftir andlátið, þótt frestur væri annars liðinn. Séu fleiri sekir en einn, og frestur til þess að krefjast opinberrar málssóknar á hendur einhverjum þeirra er liðinn, skal því aðeins taka til greina kröfu um málssókn gegn hinum, að ákæruvaldið geti á það fallizt. — Hafi einkamál ekki leitt til dóms um refsikröfuna, má höfða mál að nýju, unz framangreindur 6 mánaða frestur er liðinn. Einnig má jafnan kröfu gera um málssókn eða höfða einkamál næstu 3 mánuði frá því að mál ónýttist. — **30. gr.** Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, að saksókn skuli niður falla út af brotum, sem unglingar á aldrinum 15 til 18 ára hafa framið, með því skilyrði, að unglingurinn sé um ákveðinn tíma, en þó ekki lengur en til fullnaðs 21 árs aldurs, háður eftirliti, er hæfa þykir, svo sem umsjón ákveðinnar stofnunar eða einstaklings, er vill taka það að sér. Málið má taka upp að nýju, ef unglingurinn gerist sekur á eftirlitstímanum um nýtt brot, eða óhlýðnast verulega fyrirmælum þeim, sem sá, er umsjónina hefir á hendi, hefir gefið honum. — Leita skal álits barnaverndarnefndar (skólanefndar), áður en ákvarðanir samkvæmt grein þessari eru teknar.

V. kafli. — Um refsingarnar. — 31. gr. Hegningar samkvæmt lögum þessum eru refsivist og fjársektir. — **32. gr.** Refsivist er tvennskonar: fangelsi og varðhald. — Refsivist skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, en mánuður rímmánuð. Láta skal fangann lausan um sama leyti dags og hann var settur inn. — **33. gr.** Refsivist skal úttaka í hegningarhúsi, sem til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það skulu settar [með reglugerð.][1]) — **34. gr.** Í fangelsi má dæma menn æfilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár. — Þegar lögin leggja fangelsi við afbroti, er átt við fangelsi um tiltekinn tíma, nema annað sé sérstaklega ákveðið. — **35. gr.** Fangar, sem dæmdir eru til skammrar fangelsisvistar, skulu að jafnaði taka refsinguna út í einrúmi, en aðrir í félagi. Þó má jafnan halda föngum í einrúmi í byrjun og við lok refsitímans. — **36. gr.** Sé refsingin tekin út í einrúmi, skal fanginn vera sér í herbergi dag og nótt. Þó má víkja frá því á einstökum tímum dags, svo sem við kennslu, fyrirlestra, líkamsæfingar, útvarpsáheyrn, guðsþjónustu og útigöngu. Ennfremur má slaka til um einangrun einstakra fanga fram yfir það, sem áður segir, ef æskilegt þykir vegna aldurs þeirra, heilsu eða annarra ástæðna. — Sé refsingin tekin út í félagi, skal fanginn þó vera einangraður að nóttu til, ef heilsa hans leyfir. Svo má og halda fanga aðgreindum við kennslu, guðsþjónustu, útigöngu og borðhald, ef sérstakar ástæður þykja til. — **37. gr.** Vinnuskylda fylgir fangelsisvist. [Með reglugerð][1]) skal setja reglur um vinnuna og vinnulaun fanganna. Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum, sem fanginn hefir orðið ábyrgur fyrir, meðan hann var að úttaka refsinguna. — Útivinna má fara fram utan hegningarhúslóðarinnar, eftir því, sem stjórn hegningarhússins ákveður, og undir öruggri gæzlu fangavarðar og eftirlitsmanna fanganna. — **38. gr.** Um fæðu og annan aðbúnað fanga, sem úttaka fangelsisrefsingu, skal fara eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð, og má ekki út frá því breyta né leyfa föngunum að útvega sér eða taka við öðru en því, sem reglugerðin heimilar. — Fangelsisstjórnin getur þó eftir tillögum fangelsislæknis ákveðið föngum, sem sökum aldurs, veiklunar eða af öðrum ástæðum þurfa að hafa sérstaka aðbúð, sérstakt mataræði og annan aðbúnað um tíma. — **39. gr.** Fanga, sem veiklaðir eru af ofnautn áfengra drykkja eða annarra eiturlyfja, má, meðan á refsitíma stendur, flytja á hæli um stundarsakir eða það, sem eftir er af refsitímanum, ef það þykir, að dómi fangelsisstjórnar og fangelsislæknis, hentara og líklegra til árangurs. — **40. gr.** Þegar liðnir eru ⅔ hlutar refsitímans, en þó minnst 8 mánuðir, getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum fangelsisstjórnar, að fanginn skuli látinn laus til reynslu. — Reynslulausn úr fangelsi má því aðeins veita, að líklegt sé, að fanginn hafi séð að sér, að honum sé vís hentugur samastaður og vinna

1) L. nr. 100, 7. des. 1951, § 4. — a) VIII, 103, 105, XXI, 79, 84, XXII, 392.

1) L. nr. 100, 7. des. 1951, § 4.

eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsuppeldis, og yfirlýsing hans sé fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett kunna að vera fyrir reynslulausninni. — Fangi, sem lausn fær til reynslu, skal vera háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst fallinn og vill taka eftirlitið að sér.[a]) Jafnan skal það vera meðal skilyrða fyrir reynslulausn, að fanginn lifi reglusömu lífi, gerist ekki á ný sekur um refsiverðan verknað og hagi sér eftir fyrirmælum þess, sem eftirlit hefir með honum. — Sá, sem eftirlit er falið, skal gefa lögreglustjóra skýrslur um hagi mannsins eftir ákvörðun lögreglustjóra. — **41. gr.** Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greinir skilyrðin fyrir lausninni.[a]) Skal þar tekið fram, að brot á skilyrðum varði því, að hann verði settur í fangelsi á ný. Sé það gert, skal hann taka út refsingu þá, sem eftir stendur, sem nýja refsingu. Hafi fanginn, eftir að hann var látinn laus til reynslu, verið dæmdur í refsingu, sömu tegundar, skal leggja refsingarnar saman, en sé síðari refsingin varðhaldsvist, skal dómsmálaráðherra breyta henni í fangelsisvist samkvæmt reglum 79. gr. — **42. gr.** Reynslutíminn helzt, þar til refsitíminn er liðinn, en þó aldrei skemur en 2 ár. — Hafi ekki verið tekin ákvörðun um að setja fangann í fangelsi á ný, áður en reynslutíminn er liðinn, telst refsingunni fullnægt í lok reynslutímans. — **43. gr.** Ákveða má [með reglugerð][1]), að fangar, sem dæmdir hafa verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skuli hafðir sér í fangelsi, eða fangelsisdeild, og látnir sæta annarri meðferð en aðrir fangar. Skal þá leggja sérstaka stund á að efla andlegan og líkamlegan þroska fanganna með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna þeim atvinnugreinir, sem komið geta þeim að gagni, er þeir hafa fengið frelsi sitt aftur. — Dómsmálaráðherra getur samt ákveðið, eftir tillögum fangelsisstjórnar, að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hafa hlotið á ofangreindum aldri, skuli sæta almennri fangameðferð. — **44. gr.** Í varðhald má dæma menn tiltekinn tíma, sem ekki sé skemmri en 5 dagar og ekki lengri en 2 ár, nema annað sé ákveðið í lögum. — Varðhaldsvist skal að jafnaði taka út í einrúmi, nema annað sé nauðsynlegt vegna aldurs eða heilsu fangans. Þó má láta fanga, sem dæmdir eru í varðhaldsvist, taka refsingu út að öllu eða nokkru leyti í félagi. Ekki má hafa varðhaldsfanga með föngum, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar. — Varðhaldsfangar þurfa ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði, húsmunum, bókum og öðrum persónulegum nauðsynjum, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bág við öryggi og góða reglu í varðhaldinu. — Varðhaldsfangi má sjálfur útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Arðinn af vinnunni á fanginn sjálfur. Sjái hann sér ekki sjálfur fyrir vinnu, sem varðhaldsstjórn samþykkir, skal honum skylt að vinna það, er hún leggur honum til, og skal vinnan miðuð svo sem unnt er við undangengna atvinnu hans og þekkingu. Ágreiningi milli varðhaldsstjórnar og fanga um vinnu samkvæmt þessari málsgrein má skjóta til úrskurðar dómsmálaráðherra. — Nú liggur ekki þyngri refsing við broti en varðhald, eða tiltekið brot þykir ekki varða þyngri refsingu en varðhaldi, og má þá, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við varðhaldsfanga, dæma honum fangelsi jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr. — **45. gr.** Ekki má setja fanga til vinnu, sem hættuleg er heilsu þeirra. Fangar skulu tryggðir fyrir slysahættu við vinnu, eftir því, sem lög um slysatryggingar mæla, og með þeim breytingum, sem nánar skal ákveða [með reglugerð.][1]) — **46. gr.** Nú er fangi lagður á sjúkrahús, og telst hann þá úttaka refsingu, meðan hann dvelst þar, nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt, eftir að hann byrjaði að taka út refsinguna. — Sá tími, sem fangi er hafður í refsiklefa, sbr. 47. gr., telst ekki til refsitímans, og eigi heldur tími sá, sem líður frá því að fangi strýkur þar til hann er settur í fangelsi eða varðhald á ný. — **47. gr.** Ákvæði um viðurlög við brotum fanga á reglum hegningarhússins skal setja [með reglugerð.][1]) Beita má viðurlögum þeim, sem hér eru talin: 1. Svipting ívilnana, sem í samræmi við reglur hegningarhússins eru veittar föngum, sem hegða sér vel. 2. Svipting vinnulauna. 3. Einangrun í refsiklefa allt að 60 daga fyrir varðhaldsfanga og allt að 90 daga fyrir fanga, sem eru í fangelsisvist. 4. Ennfremur má svipta varðhaldsfanga rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru

1) L. nr. 100, 7. des. 1951, 4. — a) XXII, 358.

1940 Nr. 19 12. febr.

1) L. nr. 100, 7. des. 1951, 4.

fæði en því, sem reglugerð mælir. Beita má fleiri en einskonar viðurlögum samtímis. — Einangrun í refsiklefa má ekki lengja refsivist fanga um meira en þriðjung dæmds refsitíma, nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið, og aldrei um meira en helming dæmds refsitíma. — **48. gr.** Beita má nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við fanga, ef afstýra þarf yfirvofandi ofbeldi, bæla niður ofbeldisfullan mótþróa eða koma í veg fyrir strok. Í því skyni má meðal annars nota, eftir því sem nauðsyn krefur í hvert skipti, spennibol, handjárn og einangrun í öryggisklefa. Ekki má, nema með samþykki dómsmálaráðherra, halda fanga í öryggisklefa lengur en einn mánuð. — **49. gr.** Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.[a]) — Þeim, sem hefir aflað sér fjár með broti, má, þegar sérstaklega stendur á, dæma sekt jafnframt refsivist, sem við brotinu kann að liggja. — **50. gr.** Ekki má gera manni á hendur lægri sekt en 4 krónur, og eigi hærri en 30000 krónur, nema sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri.[1]) — **51. gr.** Þegar upphæð sektar er tiltekin, skal höfð hliðsjón af efnahag sakbornings auk annarra ástæðna, sem áhrif hafa á refsihæðina, og innan þeirra takmarka, sem lögin setja um lágmark og hámark sektar við brotinu.[b]) — Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til fjárhags sökunauts, sem hér ræðir um. — **52. gr.** Ákveða skal í dómi, sátt eða úrskurði frest til greiðslu sektar, þó ekki yfir 6 mánuði.[c]) — Lögreglustjórar annast innheimtu sekta. Heimilt er þeim að leyfa, að sekt sé greidd með afborgunum. — Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma, skal þegar heimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, ef unnt er, nema lögreglustjóri álíti, að innheimtan mundi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Annars kostar krefst lögreglustjóri fjárnáms, og ber þá mat á högum sökunauts undir dómsvaldið. — Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts, né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum. — **53. gr.** Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í hennar stað varðhald eða fangelsi. — **54. gr.** Dómstólar ákveða í dómi, úrskurði eða sátt, þar sem sekt er tiltekin, hvort hún skuli afplánuð í varðhaldi eða fangelsi og um hversu langan tíma.[a]) Fangelsi skal einkum hafa, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við þá, er varðhaldi sæta. Ekki má ákveða styttri tíma til afplánunar sektar en 2 daga og ekki lengri en 1 ár. — Sé sekt dæmd ásamt refsivist, skal afplánun hennar ákveðin með sömu tegund refsivistar og aðalrefsingin. — Hafi hluti sektar verið greiddur, ákveður valdsmaður sá, sem annast fullnustu sektardóms, styttingu afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig, að hann verði ekki undir framangreindu lágmarki, og að sektarfjárhæð, sem svarar til hluta úr degi, afplánist með heilum degi. — **55. gr.** Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir hæstarétt eftir reglum um kæru í opinberum málum. — Dagsektir skal afplána í varðhaldi, og ákveður fógeti varðhaldstímann. Fer um áfrýjun þeirrar ákvörðunar eftir reglum um kæru í opinberum málum. — Um sektir samkvæmt þessari grein sé gætt lágmarks og hámarks afplánunartíma samkvæmt 54. gr., svo og ákvæða 3. mgr. sömu greinar.

VI. kafli. — Um skilorðsbundna refsidóma.

— **56. gr.** Þegar dæmd refsing fer ekki fram úr sektum, sem gerðar eru á hendur manni eftir þessum lögum, tveggja ára varðhaldi eða eins árs fangelsi, má ákveða í dómi, að fullnustu refsingar skuli frestað[b]) og hún falla

1) Sbr. l. nr. 14, 8. marz 1948. — a) II, 1171, XI, 229, XVI, 12, XIX, 298, XX, 15, XXII, 400, 398, XXIII, 29, 31. — b) XII, 124, 321, XVII, 13, XX. 241, XXIII, 139. — c) II, 747, VIII, 438, XIV, 57, XVI, 334; greiðslufrestur 2 vikur: XXII, 11, 159, 201, 317, XXIV, 421.

a) VIII, 437, X, 544, XIII, 289, XIV, 57, XVI, 334, sjá þó XV, 200. — b) I, 77, 183, 369, 685, II, 78, 225, 328, 314, 438, 548, 647, 670—1, 667, 819, 815, 869, 866, 882, 880, 1047, 1224, III, 246, 234, 327, 412, 410, IV, 68—9, 211, 288, 326 (refsivist skb., fésekt óskb.), 364, 400, 467, 473, 511, 509, 606, 613—14, 662—4, 732, 731, 753, 795, V, 24, 48, 76, 68, 83, 77, 143, 129, 351, 356, 359, 357, 443, 513, 508, 636, 696, 757, 781, 789, 785, 970, 968, 982, 979, 996, 1058, 1070, VI, 57, 76, 79, 165, 207, 227, 208, 227, 243, 251, 264, 272, 368, 402—14, 434—5, 441, 539, 536, 545, 541, VII, 129, 130, 116, 367, 358, 417—19, 406—7, 461, 598—9, 571, VIII, 20, 233, 230, 263—4, 261, 347, 340, 510, 500—1, 574, 575—6, 607, 637, 656, 658, IX, 73, 76, 111—12, 99, 251, 253, 288, 294, 368, 364, 606, 599, 640, 632, X, 293, 289, 348, 340—1, 438, 483, 474, XI, 11, 6, XII, 123, 118, 244, 256, 262, 259, (XII, 305), 329, 326, XIII, 85, 88, 147, 134, XIV, 344, 347, XV, 58, 56, 131, 128, 272, 256, XVI, 9, 4, 134, 132, 360, 357, XVII, 225, 220, XVIII 352, 320, 460, 456, XIX, 175, 178, 182, 183, 189, 274, 263, XXIII, 143, 199 o. áfr., XXIV, 106, 104, 549—51, 538, 587, 583, XXV, 153, 150.

niður að tilteknum tíma liðnum, ef skilyrðum laga og þeim frekari skilmálum,[a]) sem í dóminum kunna að vera settir, er fullnægt. — Reynslutími má ekki vera skemmri en 2 ár og ekki lengri en 5 ár frá uppkvaðningu fullnaðardóms.[b]) Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómfelldi sé, meðan á reynslutíma stendur, háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst hæfur og taka vill eftirlitið að sér.[c]) — **57. gr.** Verði dómfelldi sekur á reynslutímanum um refsivert brot, og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok frestsins, skal hann einnig sæta þeirri refsingu, sem frestað var.[d]) Ef síðara brotið er ekki framið af ásettu ráði, eða refsing sú, sem til er unnið fyrir það, fer ekki fram úr sektum eða varðhaldi, er dómstólunum heimilt að ákveða, að haldast skuli frestun á fullnustu refsingar fyrir fyrra brotið, og jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, að fullnustu refsingar fyrir bæði brotin, er þá sé tiltekin í einu lagi, skuli frestað. — **58. gr.** Ef skilyrði, sem sett eru í dómi fyrir frestun hegningar, er rofið, skal dómfelldi sæta hegningu, nema hann hafi ekki getað fullnægt skilyrðum dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómfelldi krafizt úrskurðar dómstóls þess, sem dæmdi málið í héraði, eða dómstóls á heimavarnarþingi sínu, um það, hvort dómi skulu fullnægt eða frestun haldast með sömu eða eftir atvikum breyttum skilyrðum. Úrskurði þessum getur dómfelldi áfrýjað til æðri réttar eftir reglum um kæru í opinberum málum. — **59. gr.** Nú er réttarrannsókn hafin gegn dómfellda, áður en reynslutími er liðinn, fyrir brot, sem hann hefir drýgt, áður en skilorðsdómur var upp kveðinn yfir honum í héraði, og skal dómurinn þá, ef skilyrði fyrir því, að hegningarauki sé dæmdur, eru fyrir hendi, tiltaka nýja refsingu í einu lagi fyrir bæði eða öll brotin, sbr. 77. og 78. gr. Ákveður dómurinn þá, að gættum skilyrðum 56. gr., hvort hinn nýi dómur skuli vera skilorðsbundinn og nýr frestur settur. — **60. gr.**[e]) Nú er brot framið, meðan á reynslutíma stendur, en réttarrannsókn út af því hefst eigi fyrr en frestur er liðinn, og skulu þá skilorðsrofin tekin til greina til þyngingar refsingunni fyrir hið nýja brot. — **61. gr.** Nú er refsing, sem frestað hefir verið, eigi framkvæmd vegna ákvæða þessa kafla, og fellur hún þá niður. Einnig falla þá niður ítrekunaráhrif dómsins, sbr. þó 60. gr.

VII. kafli. — Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna. — 62. gr. Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr.,[a]) eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr.,[b]) að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að manninum.[a]) Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefir með því, að dvöl hans á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað.[c]) Svo getur og tilsjónarmaður krafizt þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir. Ákvörðun hans má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum. — **63. gr.** Nú hefir orðið svo ástatt um mann til langframa, sem í 15. eða 16. gr. segir, eftir að hann hefir drýgt refsiverðan verknað, en áður en fullnaðardómur gengur í máli hans, og ákveður dómur þá, hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður. Ákveða má í dóminum, ef skilyrði samkvæmt 62. gr. þykja vera fyrir hendi, að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu. — **64. gr.** Þegar maður er dæmdur til refsivistar fyrir brot, sem hann hefir framið undir áhrifum áfengis, má leggja fyrir hann í dómi, að viðlagðri ábyrgð eftir 2. mgr. 123. gr., að hann hvorki kaupi né neyti áfengis um tiltekinn tíma, sem má vera allt að 5 ár frá því að hann hefir lokið við að taka út refsingu sína.[d]) Samskonar fyrirmæli má setja

a) (XIII, 147). — b) Lengd reynslutíma skv. hrd. eftir gildistöku hgl. 1940: *2 ár*, XII, 262, 329, XIII, 85, XIV, 367, XV, 272, 256, XVI, 132, XVIII, 352, 456; *3 ár*, XII, 262, XXIV, 538—9, 587, 583; *5 ár*, XII, 244, XIX, 175, 182, 263, XXIII, 143, 208—10, XXIV, 104, XXV, 150. — c) XII, 262. — d) V, 967, 965. — e) Sbr. V, 77.

a) XX, 293, XXI, 254, 270. — b) (XX, 299, XXI, 255). — c) XXI, 228, XXII, 356, 371. — d) XVI, 187, XXI, 395.

þeim manni í dómi, sem sýknaður er samkvæmt ákvæðum 17. gr., ef verknaður hans hefði ella varðað refsivist. Loks má og setja þeim manni slíkt fyrirmæli í dómi, sem á síðustu 2 árum hefur tvisvar sinnum eða oftar gerzt sekur um brot vegna ölvunar, þótt smærri séu en að framan greinir. — Hver sá, sem vitandi um fyrirmælin selur, gefur eða veitir þeim, er fyrirmælin hefir hlotið, vín eða aðra áfenga drykki, skal sæta ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 123. gr. Jafnan skal viðkomandi lögreglustjóri tilkyna vínverzlunum og vínveitingamönnum fyrirmælin. — **65. gr.** Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefir verið leitað, að sakborningur samkvæmt 1. mgr. 64. gr. eða 1. eða 2. mgr. 123. gr. geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður á viðeigandi hæli til lækningar, að refsingu afstaðinni eða þegar í stað, ef refsing er skilorðsbundin.[a]) Skal dómur þá hljóða um dvöl á hælinu allt að 18 mánuðum, eða, ef ítrekun á sér stað, allt að 3 árum. Dómsmálaráðherra ákveður, eftir tillögum stjórnar hælisins og hlutaðeigandi læknis, hvort leysa megi manninn af hælinu, áður en ofangreindur hámarkstími er liðinn, sökum þess að ætla megi, að hann hafi læknazt. — **66. gr.** Ef nokkur heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum, og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, getur ákæruvaldið hlutast til um, eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dómsúrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hótunin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort heitingamaður skuli setja tryggingu eða hvort setja skuli hann í gæzlu. Dómstóll getur fellt ráðstafanirnar niður, ef þeirra þykir ekki lengur þörf vegna breyttra málavaxta. — Ef ákæruvaldið æskir þess, má jafnan leggja málið á ný undir úrskurð dómstóls. Hinn dómfelldi getur og jafnan krafizt, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu dóms eða síðasta úrskurði, og fyrr, ef ákæruvaldið samþykkir, að málið sé að opinberri tilhlutan lagt undir úrskurð dómstóls að nýju. — Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum. — **67. gr.** Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald, og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni. Létta má slíkum ráðstöfunum af aftur eftir sömu reglum og um getur í 66. gr. — **68. gr.** Fremji maður brot, sem starfa hefir á hendi, er opinbera skipun, heimild, viðurkenningu eða próf þarf til að gegna, þá má í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann rétti til þess að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess. Nú varðar brot einhvern starfa, er áður getur, en sökunautur hefur ekki haft heimild til að gegna honum, og má þá ákveða í dómi, að hann skuli sviptur rétti til þess að fá síðar heimild til slíks starfa.[a]) — Svipta má mann ofangreindum rétti um tiltekinn tíma, þó ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 5 ár, eða æfilangt. — Nú er broti svo háttað, að fremjandinn telst ekki lengur hafa óflekkað mannorð, og skal hann þá sviptur í refsidómi kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.[b]) — Sérákvæði í lögum um svipt-

a) XV, 18.

a) Réttindi, sem sakborningar eru sviftir: *Ökuréttindi*, XIII, 266, XV, 138, XVII, 565, XVIII, 122, 151, 456, 469, 486, 511, 529, 539, XIX, 78, 203, 263, 290, 409, 461, 534, XXIV, 375, 548. *Skipstjóraréttindi*, XXIV, 588, XXI, 405 (einnig stýrimannsréttindi). *Réttindi til verzlunarrekstrar*, XXII, 463. *Réttindi til leiðsögu loftfars*, XXIII, 605, 621. Réttindasviftingar ógetið í ákæruskjali, XXIV, 588. Máli áfrýjað eingöngu til sviftingar ökuréttinda, XVI, 199. — b) *88. gr. hgl.*, XII, 59—60, 70 (2 hinna ákærðu sviftir réttindum, 2 ekki), XVI, 26, XVIII, 447; *89. gr. 2. mgr.* (og 93. gr.), XVIII, 3, 189, 448; *100. gr.*, XXIII, 197, og *107. gr. að auki*, XXIII, 198 o. áfr.; *109. gr.*, XV, 133; *128. gr.* (og 244. gr. o. fl. að auki), XV, 230—1; *139. gr.* (ekki réttindasvipting), XV, 231; *142. gr.*, XIII, 266, XIV, 394, XX, 304, XXIV, 538 (ekki svift réttindum); *155. gr.*, XV, 231, XVI, 66, 398, XVIII, 151, 497, XIX, 183, 328; *157. gr.* (262. gr. o. fl.), XIX, 284 (hérd.); *164. gr.*, XVI, 187, XIX, 23 (auk 248. gr. o. fl.), XXI, 253 o. áfr.; *194. gr.*, XIX, 200; *199. gr.*, XIV, 175, 168; *200. gr.*, XXIII, 344; *202. gr.*, XXI, 333 (auk 231. gr.), XXI, 395; *209. gr.* (og 218. gr.), XX, 104; *211. gr.*, XX, 293; *218. gr.* (auk 209. gr.), XX, 104; *221. gr.*, XVII, 291; *244. gr.*, XIII, 111 og síðari hrd., sem vitnað er til við 244. gr. hér á eftir; *245. gr.*, XVI, 134; *247. gr.*, XIV, 394 og síðari dómar, sjá tilvitnanir við 247. gr., að fráskildum XVIII, 219 og XXV, 105; *248. gr.*, XII, 243—4, 256 og yngri dómar, að undanteknum XXIV, 104; *250. gr. 4. tl.*, XVIII, 352; *251. gr.*, XXIV, 300; *252. gr.*, XXIII, 354; *254. gr.*, XVII, 413, XIX, 99, 94, 274, 354. Hegning-

ingu réttinda, er í 1. málsgrein getur, skulu halda gildi sínu. — Svipting telst frá þeim tíma, sem í dómi er ákveðinn. — Nú hefir maður hlotið uppreist æru samkvæmt ákvæðum 84. eða 85. gr., og skal þá viðkomandi stjórnvald synja aðilja skírteinis eða annarrar heimildar til starfa samkvæmt 1. mgr., ef líklegt má telja, að það sé nauðsynlegt vegna öryggis einstaklinga eða almennings. Ákvörðun stjórnvalds má bera undir hæstarétt samkvæmt reglum um kæru í opinberum málum. — **69. gr.** Gera má upptækt með dómi:[a]) 1. Hluti, sem orðið hafa til við misgerning eða hafðir hafa verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn.[b]) 2. Hluti, sem ætla má, að ákvarðaðir séu til notkunar í glæpsamlegu skyni, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis.[c]) 3. Muni eða ávinning, sem aflað hefir verið með broti, og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til slíks ávinnings.[d]) — Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Hafi einhver beðið tjón við brotið, skal hann þó eiga forgang til andvirðisins, ef bætur fást ekki á annan hátt. — Nú er félagi slitið með dómi, og skal þá gera eignir þess upptækar til handa ríkissjóði, enda taki ríkisvaldið bækur þess og skjöl til varðveizlu.

VIII. kafli. — Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina. — 70. gr. Þegar hegning er tiltekin, á einkum að taka til greina eftirtalin atriði: 1. Hversu mikilvægt það er, sem brotið hefir beinzt að.[e]) 2. Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefir valdið. 3. Hversu mikil hætta var búin af verkinu, einkum þegar til þess er litið, hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt.[f]) Aldur þess, sem að verkinu er valdur.[g]) 5. Hegðun hans að undanförnu.[a]) 6. Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefir verið. 7. Hvað honum hefir gengið til verksins.[b]) 8. Hvernig framferði hans hefir verið, eftir að hann hafði unnið verkið.[c]) — Hafi fleiri menn en einn unnið verkið í sameiningu, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.[d]) — **71. gr.** Þegar lög ákveða eða heimila aukna hegningu eða önnur viðurlög[e]) við ítrekun brots, skal ekki beita þeim ákvæðum, nema sökunautur hafi, áður en hann framdi síðara brotið,[f]) verið dæmdur sekur[g]) um brot eða gengizt undir refsingu hér[h]) á landi fyrir brot, sem ítrekunaráhrif hefir á síðara brotið,[i]) eða tilraun til eða hlutdeild í slíku broti, og að hann hafi þar að auki verið fullra 18 ára, þegar hann framdi fyrra brotið.[j]) — Dómstólunum er heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi. — Ítrekunaráhrif falla niður, ef liðið hafa 5 ár frá því að sökunautur hefir tekið út fyrri refsinguna, eða frá því að hún hefir fallið niður eða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið.[k]) Hafi fyrri refsingin verið sektir, telst fresturinn þó frá þeim degi, er fullnaðardómur var upp kveðinn eða gengizt var undir sektargreiðslu. — **72. gr.** Hafi maður lagt það í vana sinn að fremja brot, einnar tegundar eða fleiri, eða hann gerir það í atvinnuskyni, má auka refsinguna svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Eigi ítrekun á þessu sér stað, má refsingin tvöfaldast.[l]) — **73. gr.** Ef fangi, sem er að taka út refsingu eða er haldið í gæzlu af öðrum ástæðum, gerist sekur um brot á ákvæðum 106., 108., 126., 127., 164., 211., 217., 218., 225., 226., 233. eða 2. mgr. 257. gr., þá má, þegar refsing hans er tiltekin, fara út fyrir hæsta stig þeirrar refsingar, sem við broti hans liggur samkvæmt nefndum greinum, en þó ekki meira en svo, að

arauki dæmdur, svift réttindum, XIX, 215, XX, 199, (XXIII, 498). Sakhæfisskortur, svift réttindum, XX, 293, XXI, 270. Kröfu um réttindasviftingu ógetið í ákæruskjali, XXIII, 498. Máli áfrýjað eingöngu til réttindasviftingar, XXIII, 171, 344, 345. Sýkna af kröfu um réttindasviptingu, XVIII, 219, XXV, 105 (báðir varða 247. gr. hgl.), XXIV, 104 (248. gr.), XXIV, 538 (142. gr.), XXIV, 548 (215. gr.).

a) XIX, 110, 106. — b) (VI, 43), VI, 610, VIII, 12—13, XX, 471, XXIV, 658, 655, Tr. II, 64—6. — c) Tr. II, 64—6. — d) XI, 406, XII, 38—9, (XII, 268—9, 330—1, XV, 41), XV, 314, 143, 138, 165, 218, (XVII, 14), XVIII, 90, 82, (XIX, 303, XX, 246—7), XX, 471, XXI, 191, XXII, 7, 10, 500, XXIV, 658, 655. — e) T.d. V, 129, VI, 545, XVIII, 155, 211. — f) XV, 172, XIX, 199, XXIII, 348, XXIV, 375. — g) X, 293, 289, XV, 131, XXIV, 550—51.

a) I, 77, VII, 497, XVI, 184, XXII, 428, XXIII, 203, 516, — b) V, 329, 707, 708, IX, 456, XVIII, 151. — c) I, 77, V, 77, IX, 589, XIII, 188, XIV, 362, (XV, 143), XVII, 305, XX, 317. — d) I, 136, 181, IV, 753, V, 982, VI, 76, 95, 264, 433—4, IX, 307, XIX, 199, XX, 104, XXIII, 348, XXIV, 292. — e) XVII, 303, XVIII, 263, XXI, 319. — f) II, 678. — g) I, 449, 668, XXII, 431, 428, 511, 508. — h) I, 624, XVII, 303, VI, 14 um áminningu, II, 1174, XXII, 386. — i) XX, 131. — j) VI, 433, 442, 443, VIII, 216. — k) II, 1292, VII, 497, IX, 317, XVIII, 262, 474, (XVIII, 209, 212), XIX, 529, XXI, 319, 323; *afturvirkni* við ítrekunarreglur, II, 208, 777; *hugrænar forsendur*, II, 512—13 o. fl.; *lögskýring*, XI, 434—5. — l) XVII, 549, XVIII, 8, XIX, 23, 95, 263, XX, 191.

refsing tvöfaldist. Þegar svo stendur á, má ekki dæma í vægari refsingu en varðhald. Sé fanginn í fangelsisvist eða öryggisgæzlu, má refsingin ekki vera vægari en fangelsi, og liggi ekki þyngri refsing við brotinu en varðhald, skal dæma fangelsisvist um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr. — Ákvæðum fyrsta málsliðs undanfarandi málsgreinar má einnig beita, þegar brot, sem þar er nefnt, er framið af fyrrverandi refsifanga gegn yfirmönnum eða starfsmönnum hegningarhúss þess, sem hann átti dvöl í, eða brotið beinist að hegningarhúsinu eða eignum þess, svo og ef fyrrverandi refsifangi gerist sekur um brot á ákvæðum 111. gr., að því er varðar fanga, sem taka út refsingu í hegningarhúsi því, er hann dvaldist áður í. — Ef maður, sem dæmdur hefir verið til æfilangrar fangelsisvistar og ekki hefir verið náðaður, fremur nýtt brot í fangelsinu eða utan þess, skal ákveða í dómi, hvaða refsingu hann ætti að sæta, ef fyrri refsingin hefði ekki verið æfilangt fangelsi. Má þá einnig dæma hann til að þola viðurlög samkvæmt 47. gr., þó svo, að refsitími eftir 3. tölulið þeirrar greinar má tvöfalda. — **74. gr.** Refsingu þá, sem í lögum er lögð við broti, má færa niður úr lágmarki því,[a]) sem þar er ákveðið, þegar svo stendur á, sem hér á eftir segir: 1. Þegar maður hefir farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðarréttar. 2. Þegar brot er drýgt af manni, sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri, og álíta má vegna æsku hans, að full refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg.[b]) Aldrei má dæma í þyngri hegningu fyrir brot, sem menn hafa framið á þessum aldri, en 8 ára fangelsi. 3. Hafi sá, sem verkið vann, álitið, að verknaður hans væri ekki réttarbrot, sökum afsakanlegrar vanþekkingar eða misskilnings á réttarreglum, sem banna framkvæmd verknaðar.[c]) 4. Þegar maður hefir framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem sá, er fyrir brotinu verður, hefir vakið hjá honum með ólögmætri árás eða stórfelldri móðgun.[d]) 5. Ef maður lætur leiðast til að fremja brot sökum þess, að hann var öðrum háður.[a]) 6. Ef maður er beittur þvingun til að fremja brot, en þvinguninni er þó ekki þannig varið, að hún geri verknað hans að öllu leyti refsilausan.[b]) 7. Ef sá, sem verk vann, hefir af sjálfsdáðum, eftir að það var fullframið, afstýrt hættu þeirri, sem það hafði í för með sér.[c]) 8. Ef sá, sem verkið vann, hefir af sjálfsdáðum bætt að fullu tjón það, sem af verkinu leiddi, svo og þegar hann hefir gert sér mikið far um að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar verksins eða reynt eftir mætti að bæta úr tjóninu.[d]) 9. Ef maður segir af sjálfsdáðum til brots síns og skýrir hreinskilnislega frá öllum atvikum að því.[e]) — Ákveða má, þegar svo stendur á, sem í 1.—8. tölulið segir, að refsing skuli falla niður að öllu leyti.[f]) — **75. gr.** Hafi maður framið brot í ákafri geðshræringu, vegna annars skammvinns ójafnvægis á geðsmunum eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um samskonar brot, má færa refsingu niður og jafnvel, ef brot varðar ekki þyngri refsingu en varðhaldi, láta hana falla niður.[g]) Hafi sá, sem verkið vann, sjálfur komið sér í umrætt ástand með neyzlu áfengis, koma framangreind ákvæði því aðeins til greina, að málsbætur séu fyrir hendi og fremjandinn hafi ekki áður orðið sekur um samskonar eða svipað brot né um brot á 1. eða 2. mgr. 123. gr. — Dæma má skilorðsbundna refsingu, þegar svo er ástatt, sem í fyrri málsgrein segir, þótt refsing verði hærri en í 56. gr. getur. — **76. gr.** Hafi sakborningur verið hafður í gæzluvarðhaldi, og það er ekki því að kenna, hvernig hann hefir hagað sér meðan á málinu eða rannsókn þess stóð, skal ákveða í refsidómi, að gæzluvarðhaldsvistin skuli koma að einhverju leyti eða öllu í stað refsingar.[h]) — **77.**

a) XVIII, 219. — b) 38. gr. hgl. 1869: I, 77, 181, II, 19, 20, 542, V, 68, VI, 264, 272, 362, 433—4, 443, 541, VII, 358, 557, VIII, 217, 572, 574, X, 602; um 74. gr. 2. tl. hgl. 1940: XII, 262, XIX, 23, XXIII, 199, 206. — c) II, 626, 631—2, 633, 947—8, IV, 620, (IX, 129, 589), (X, 207, XI, 406), XV, 32, 358, 360, XVII, 12, (XVIII, 155), XX, 133, XXIII, 458, (XXIV, 9), XXIV, 14, Tr. II, 68, — d) XVI, 97, 92, XVII, 239, XVIII, 99, 93, (XVIII, 252), XIX, 379, 383, 269.

a) IV, 473, V, 257, VI, 272, VII, 358, 366—7, IX, 368. — b) XVIII, 3, 189, 447. — c) IV, 399, X, 72, (XX, 267, X, 72). — d) I, 369, V, 636, XV, 32, 40, (XV, 131, XVII, 13), XVIII, 219, XXV, 150. — e) I, 77, 369, V, 636, VI, 362, 368, XIII, 88, XVII, 514, XXIII, 259. — f) XV, 32, XX, 133. — g) IX, 672, XVI, 183, XVIII, 7, 3, 93, 99, 529, XIX, 379, 383. — h) Gæzluvarðhaldsvist frádræg að fullu, XII, 70, 60, 244, 255, 330, XIII, 266, XIV, 359, 395, XV, 18, 231, XVI, 26, 66, 187, XVII, 56, 413, XVIII, 151, XIX, 99, 183, 274, 322, 325, 328, 354, XX, 121, 466, XXII, 500, XXIII, 236, 238, 246, 354, 456, XXIV, 300, 375, 511, XXV, 150; gæzluvarðhaldsvist frádræg að nokkru leyti, XII, 70, 60, XVI, 29, XIX, 60, 23, XX, 109, XXIV, 246, 252; gæzluvarðhaldsvist ekki frádræg, XVI, 66, XVII, 549, 565, XVIII, 125, 352, XIX,

gr. Verði maður, meðan á sama málinu stendur, uppvís að því að hafa framið fleiri brot en eitt, skal tiltaka refsinguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau séu öll tekin til greina, en liggi æfilangt fangelsi við mesta brotinu, er ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin brotin.[a]) — Refsingu skal að jafnaði tiltaka innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem við brotunum liggur, og eigi þau ekki öll undir sama hegningarákvæði, þá innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setur. Þó má eftir málavöxtum þyngja refsingu svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Dómstólunum skal þá heimilt, þegar maður er dæmdur samtímis fyrir mikið brot og annað, sem að tiltölu er lítilræði eitt, að beita jafnvel lægsta stigi þeirrar refsingar, sem við meira brotinu liggur. — Liggi mismunandi tegundir refsivistar við brotunum, skal beita þeirri, sem þyngri er. — Sé dæmt í einu lagi fyrir tvö eða fleiri brot, er annað eða sum varða refsivist, en hin sektum, er dómstólunum heimilt að dæma sektir jafnframt refsivist.[b]) — **78. gr.** Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt brot eða fleiri, uppvís að því að hafa framið önnur brot, áður en hann var dæmdur, skal honum dæma hegningarauka, er samsvari þeirri þyngingu hegningarinnar, sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu.[c]) Má þá dæma refsivist um skemmri tíma en mælt er í 34. og 44. gr. — Nú verður hegningarauki fangelsisvist, en fyrri refsingin var varðhald, og skal þá, ef fyrri refsingin er enn ekki úttekin að fullu, valdsmaður sá, sem annast fullnustu refsidóma, breyta því, er eftir stendur af varðhaldsvistinni, í fangelsisvist eftir reglum 79. gr. — **79. gr.** Þegar breyta skal refsingu þeirri, sem við broti er lögð, telst 2 daga fangelsi jafnt 3 daga varðhaldi. — Þegar lög heimila aukna refsingu, en hin lögákveðna refsing við broti yrði ekki aukin, nema farið væri út fyrir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningartegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningartegund, sem næst er og þyngri. Takmörk þau, sem sett eru í 34. og 44. gr., skulu þá ekki vera því til fyrirstöðu, að dæma megi í varðhaldsvist allt að 3 árum og fangelsisvist allt að 20 árum.

1940 Nr. 19 12. febr.

IX. kafli. — Fyrning sakar og uppreist æru. — **80. gr.** Sakir fyrnast eftir reglum þeim, sem settar eru í 81. og 82. gr. Brot, sem um er rætt í XIV. kafla laga þessara, fyrnast þó ekki, ef refsing sú, sem til er unnið, fer fram úr sektum.[a]) — **81. gr.** Sök samkvæmt þessum lögum fyrnist á þeim tíma, sem hér segir:[b]) 1. 2 árum, þegar refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi.[c]) 2. 5 árum, þegar refsing hefði orðið varðhald um lengri tíma en 1 ár, eða fangelsi í 8 mánuði eða skemmri tíma. 3. 10 árum, ef refsing hefði orðið þyngri en að framan greinir, og þyngsta refsing, sem við broti liggur, fer ekki fram úr 6 ára fangelsi. — Sé sök ekki fyrnd samkvæmt framansögðu, en meira en 10 ár eru liðin frá því að brot var framið, ákveður dómsmálaráðherra, hvort mál skuli höfðað.[d]) — **82. gr.** Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk.[e]) Nú er verknaður ekki refsiverður, nema hann hafi í för með sér ákveðnar afleiðingar, og hefst fresturinn þá ekki fyrr en þær hafa komið fram. — Fyrningarfrestur stöðvast, er réttarrannsókn hefst gegn sökunaut út af broti. Réttarrannsókn, sem hætt er við um óákveðinn tíma, hefir þó engin áhrif á frestinn, nema stöðvunin stafi af því, að sökunautur hefir komið sér und-

223, 325, XX, 121, XXIII, 265, XXV, 153, sbr. hins vegar s. 150; skilorðsbundnir refsidómar, XIX, 183, XXIII, 199, XXV, 150; fésekt dæmd, XX, 466, XXII, 182, 179; vist á hæli vegna geðrannsóknar frádræg, XII, 244, XVI, 629; gæzluvarðhaldsvist kemur í stað refsingar, V, 1050, VIII, 252, IX, 10—11; um afplánaða refsingu, VIII, 485; lögjöfnun, XVIII, 3, 189, 447, XIV, 359, XXIV, 252, (XXIV, 511). *Um 59. gr. hgl. 1869*, I, 386, II, 570, IV, 162, 158, V, 777—8, 1050, VI, 357, VIII, 254, 325 (analogía), IX, 10—11, 99.

a) T. d. I, 380 (4 meiðyrðamál höfðuð), III, 413, V, 781, 874, 953, VI, 264, VII, 323, 406—7, VIII, 265, 567—74, 656, X, 348, XI, 354, XIII, 266, XIV, 217, 395, XV, 18, 58, 231, XVI, 66, 226, 398, XVII, 13, 27, 183, 230, 251, 275, XVIII, 13, 39, 51, 93, XIX, 23, 298, 393, 411, XXI, 26, XXII, 499, XXIII, 233, 197, 238, 198 o. fl., (XXIII, 421—2), XXV, 150. Ákvæði tæmir sök, t. d. I, 490, V, 721, 1056, XXII, 496; IV, 606, VI, 365, VII, 402, VIII, 566; VII, 234, 236, XV, 172, XVIII, 447—8, XX, 19, 21, XVI, 398, 392, XVIII, 497, 469. — b) IV, 513, 325, 616, VI, 243, IX, 431, XIV, 362. — c) I, 367, 293, VI, 551, X, 147—50, 52—3, 579, XII, 243, XIII, 51, 59, XIX, 215, 274, 379, XX, 199, 191, XXII, 244, XXIII, 40, XXV, 150.

a) XVII, 239, (XXIII, 155). — b) IX, 138. c) II, 442 (refsing ekki dæmd vegna fyrningar, en ummæli þó ómerkt), V, 1057, VI, 42 (sérrefsilög), 464, VIII, 12 (analogía), (VIII, 103), X, 137 (analogía), 746, 206 (sérrefsilög), 150, 152, 153, 155 (sérrefsilög), XVII, 239, (XXIII, 155), (XXIV, 37—8), Tr. II, 67. — d) VII, 357. — e) VIII, 12.

an rannsókn.[a]) Þá telst sá tími, sem rannsóknin stóð yfir, ekki til fyrningartímans. Hafi mál ónýtzt, sem höfðað var á réttum tíma, má ávallt taka það upp að nýju á næstu 3 mánuðum frá því að það var ónýtt. Hafi refsiverður verknaður verið framinn í íslenzku skipi eða loftfari, utan ríkisins, hefst fyrningarfrestur ekki fyrr en skipið eða loftfarið er komið til íslenzkrar hafnar eða einhvers þess staðar utan ríkisins, þar sem íslenzkur ræðismaður er búsettur. Ekki skal þó fyrningarfrestur, þegar svo stendur á, lengjast um meira en eitt ár. — **83. gr.** Refsing, sem ekki er þyngri en sektir, varðhald eða eins árs fangelsi, fellur niður, ef ekki er byrjað að fullnægja henni, áður en 5 ár eru liðin frá því að hún var ákveðin með fullnaðardómi, úrskurði eða sátt. Hafi fullnusta að vísu verið byrjuð, en hún hefir stöðvazt, telst frestur frá því, að stöðvun hófst. — Þegar 10 ár eru liðin frá uppkvaðningu refsidóms, má ekki fullnægja honum, nema að boði dómsmálaráðherra. — Til framangreindra fresta telst ekki sá tími, sem fullnusta refsingar frestast samkvæmt ákvæðum skilorðsbundins dóms eða vegna þess að dómfelldi er í refsivist, eða loks vegna dvalar hans í öryggisgæzlu eða á hæli samkvæmt ákvæðum VII. kafla þessara laga. — **84. gr.** Hafi maður verið dæmdur skilorðsbundnum dómi samkvæmt VI. kafla laga þessara, og refsing fellur niður, sbr. 61. gr., þá nýtur hann frá þeim degi, er reynslutíma lýkur, allra réttinda, sem fást með uppreist á æru. — Nú hefir maður hlotið í fyrsta sinn refsidóm fyrir brot, sem hefir skerðing borgararéttinda í för með sér, og refsing fer ekki fram úr 1 árs refsivist, þá nýtur hann að liðnum 5 árum frá því að refsing er að fullu úttekin, fyrnd eða upp gefin, allra réttinda, sem fást með uppreist á æru, enda hafi hann ekki sætt ákæru á þeim tíma fyrir brot, sem þyngri hegning liggur við en sektir. — **85. gr.** Þegar liðin eru 2 ár af fresti þeim, sem í síðari mgr. 84. gr. getur, og að fullnægðum öðrum skilyrðum, sem þar eru sett, getur [forseti,][1]) ef dómfelldi hefir hegðað sér vel á þessu tímabili, veitt honum uppreist æru. — [Forseti][1]) getur og veitt manni uppreist æru, þegar að minnsta kosti 5 ár eru liðin frá því að refsing hans er að fullu úttekin, fyrnd eða gefin upp, enda færi umsækjandi sönnur, sem gildar séu metnar, á það, að hegðun hans hafi verið góð umræddan tíma. — [Þegar sérstaklega stendur á, má veita uppreist æru, þó að refsitími sé svo langur sem í 2. málsgr. segir, enda þótt ekki sé liðinn lengri tími en til er skilinn í 1. málsgr.][1])

X. kafli. — Landráð. — 86. gr. Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi, hótun um ofbeldi, annarri nauðung eða svikum að ráða íslenzka ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta ríkisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en 4 ár eða æfilangt. — **87. gr.** Geri maður samband við stjórn erlends ríkis til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við íslenzka ríkið eða bandamenn þess, án þess að verknaðurinn varði við 86. gr., þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár eða æfilangt. Sé þetta í því skyni gert að koma erlendu ríki til þess að skerða sjálfsákvörðunarrétt íslenzka ríkisins á annan hátt, þá varðar það fangelsi allt að 8 árum. — **88. gr.**[a]) [Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlend ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri íhlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektarhegningu.][2]) — **89. gr.** Beri íslenzkur ríkisborgari í ófriði vopn gegn íslenzka ríkinu eða bandamönnum þess, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár. — Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem í ófriði, eða þegar ófriður vofir yfir, veitir fjandmönnum íslenzka ríkisins liðsinni í orði eða verki eða veikir viðnámsþrótt íslenzka ríkisins eða bandamanna þess.[b]) — **90. gr.** Rjúfi maður, meðan á ófriði stendur eða þegar hann vofir yfir, samning eða skuldbindingu, sem varðar ráðstafanir, sem íslenzka ríkið hefir gert vegna ófriðar eða ófriðarhættu, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. — Hafi manni orðið slíkt á af stórfelldu gáleysi, skal honum refsað með sektum eða varðhaldi. — **91. gr.** Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við

1) L. nr. 100, 7. des. 1951, § 4. — a) XVII, 239, XXIV, 37—8.

1) L. nr. 36, 17. júní 1944, § 1. — 2) L. nr. 47, 27. júní 1941, § 1. — a) XVI, 26, XVIII, 447—8, XII, 59, 60. — b) XVIII, 3, 189, 447.

óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum. — Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem falsar, ónýtir eða kemur undan skjali eða öðrum munum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin. — Sömu refsingu skal ennfremur hver sá sæta, sem falið hefir verið á hendur af íslenzka ríkinu að semja eða gera út um eitthvað við annað ríki, ef hann ber fyrir borð hag íslenzka ríkisins í þeim erindrekstri. — Hafi verknaður sá, sem í 1. og 2. málsgrein hér á undan getur, verið framinn af gáleysi, skal refsað með varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi. — **92. gr.** Hver, sem af ásetningi eða gáleysi kunngerir, lýsir eða skýrir óviðkomandi mönnum frá leynilegum hervarnarráðstöfunum, er íslenzka ríkið hefir gert, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum, eða sektum, ef brot er lítilræði eitt. — Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem af ásetningi eða gáleysi stofnar hlutleysisstöðu íslenzka ríkisins í hættu, aðstoðar erlent ríki við skerðingu á hlutleysi þess, eða brýtur bann, sem ríkið hefir sett til verndar hlutleysi sínu. — **93. gr.** Stuðli maður að því, að njósnir fyrir erlent ríki eða erlenda stjórnmálaflokka beinist að einhverju innan íslenzka ríkisins eða geti beint eða óbeint farið þar fram, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 5 árum.[a] — **94. gr.** Ef verknaði, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er beint að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum þess hér á landi, má auka refsingu þá, sem við brotinu liggur, þannig að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. — **95. gr.** [Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.[b]] — Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.][1])[a] — **96. gr.** Þegar fangelsi um tiltekinn tíma er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má í þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tíma. — **97. gr.** Mál út af brotum, sem í þessum kafla getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

1940 Nr. 19 12. febr.

XI. kafli. — Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. — 98. gr. Veki maður eða stýri uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnskipun ríkisins, þá varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 ár eða ævilangt. — Hver, sem tekur þátt í þesskonar uppreisn, svo og hver sá, sem sekur gerist um verknað, er miðar að því að breyta stjórnskipuninni á ólögmætan hátt, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. — **99. gr.** Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svipta [forsetann][2]) eða þann, sem fer með [forsetavald,][2]) lífi, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 ár. — **100. gr.** Hver, sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið ævilangt fangelsi, ef sakir eru mjög miklar.[b] — Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem á sama hátt misbrýtur við [forsetann][2]) eða þann, sem [forsetavald][2]) hefir á hendi, ráðuneytin, landsdóminn eða hæstarétt. — **101. gr.** Ef verknaður, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er hafður í frammi við [forsetann][2]) eða þann, sem [forsetavald][2]) hefir á hendi, enda eigi brotið ekki undir 99. eða 100. gr., eykst refsing sú, sem við broti er lögð, en þó ekki meira en svo, að hún tvöfaldist. Ekki skal beita vægari refsingu en varðhaldi, þegar svo stendur á. — [Sé slíkum verknaði beint gegn nánustu vandamönnum forsetans, þannig að álíta megi, að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.][3]) — **102. gr.**[c]) Hver, sem leitast við að aftra því, [að fram fari kjör forseta][4]), að kosningar fari fram til Alþingis, bæjar- eða sveitarstjórna eða annarra opinberra starfa, svo og hver, sem rangfærir eða ónýtir niðurstöðu slíkrar kosningar, skal sæta fangelsi allt

a) XVIII, 3, 189, 447. — b) V, 983, 988, VI, 95.

1) L. nr. 47, 27. júní 1941, § 2. — 2) L. nr. 100, 7. des. 1951, § 1. — 3) S. l., § 2. — 4) S. l., § 3. — a) XII, 257, 263. — b) XXIII, 194, 197—205. — c) III, 339.

að 4 árum. — Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum varðar það, ef verknaður, slíkur sem að ofan greinir, beinist að lögheimiluðum atkvæðagreiðslum um opinber málefni. — **103. gr.** Sá maður skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef sök er smáfelld, sem sekur gerist um eftirgreindar athafnir, þegar kosningar, sem í fyrri mgr. 102. gr. getur, fara fram: 1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu. 2. Leitast við með ólögmætri nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá mann til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði. 3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að maður greiðir ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefir önnur áhrif en kjósandinn ætlaðist til. 4. Greiðir, lofar að greiða eða býður manni fé eða annan hagnað í því skyni að koma honum til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði. 5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér fé eða öðrum hagnaði til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði. — **104. gr.** Þegar fangelsi um tiltekinn tíma er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má í þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tíma. — **105. gr.** Mál út af brotum, sem í 99. og 101. gr. getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

XII. kafli.[a]) — **Brot gegn valdsstjórninni.** —**106. gr.**[b]) Hver, sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því,[c]) og eins hver sá, sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða syslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. — Geri maður á annan hátt opinberum starfsmanni tálmanir í því að gegna skyldustörfum sínum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[d]) — Jafnfætis ofangreindum starfsmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs. — **107. gr.**[a]) Hafi verknaður, sem í 106. gr. getur, verið hafður frammi af mannsöfnuði, skal forgöngumönnum og leiðtogum upphlaupsins refsað með þyngri refsingu að tiltölu, og má þá beita allt að 8 ára fangelsi. Öðrum þátttakendum upphlaupsins, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnazt skipun yfirvalds, er skorað hefir á mannsöfnuðinn að sundrast, skal refsað eftir því, sem í 106. gr. segir. — **108. gr.**[b]) Hver, sem hefir í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt. — **109. gr.** Hver, sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, séu málsbætur fyrir hendi, varðhaldi eða sektum.[c]) — **110. gr.** Hafi fangar, sem eru í refsivist, sammælzt um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það fangelsi í 6 mánuði og allt að 3 árum.[d]) — **111. gr.** Hver, sem frelsar handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, svo og hver sá, sem hvetur eða hjálpar slíkum manni til að losna úr haldi, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.[e]) — Hver, sem ólöglega setur sig í samband við handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. — **112. gr.** Hver, sem aðstoðar mann, sem eftirför er veitt fyrir brot, til að komast undan handtöku eða refsingu, með því að fela hann, hjálpa honum til að flýja eða strjúka eða segja rangt til, hver hann sé, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — Sömu refsingu varðar það að

a) XIX, 42. — b) I, 277, II, 880, 1026, 1093, III, 326, IV, 68, 124, 606, 654, V, 1072, VI, 91, 361—8, 606, VII, 406, 407, 529, 539, 569, VIII, 261, 264, 531, 567—74, X, 438, XVI, 10, (XVI, 227), XVII, 211, 218, XXIII, 204, 206, XXIV, 583; um 103. gr. hgl. 1869, II, 1093, VI, 613, VII, 406, VIII, 261. — c) VI, 367—8. — d) XIV, 362, 359, (XV, 191).

a) I, 277, IV, 606, VII, 405, 575—6, XXIII, 194, 198—205. — b) II, 880, IV, 654, V, 180, VI, 91, 361—8, 606, VII, 529, 570—1, VIII, 531, IX, 672 (sýkna), (XI, 512), XIV, 161, 162, XV, 58, (XVI, 10), 226—7, XX, 19, XXII, 14, XXIII, 270, 512. — c) VI, 209, XV, 132, (XVII, 565). — d) XVIII, 13, XIX, 320, XX 147. — e) III, 326, VII, 569, VIII, 531, XV, 18, 11, XIX, 319—20.

tálma rannsókn brots með því að eyðileggja, breyta eða koma undan hlutum, sem fræðslu geta veitt við rannsóknina, eða með því að raska ummerkjum brots.[a]) — Hafi einhver framið verknað, sem lýst er í þessari grein, í því skyni að koma sjálfum sér eða nánum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu, þá er það refsilaust. — **113. gr.** Taki maður burt eða ónýti innsigli eða merki, sem sett hefir verið að opinberri ráðstöfun, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. — Hver, sem tekur burt eða skemmir auglýsingu, sem sett hefir verið upp af hálfu hins opinbera, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 mánuðum.[b]) — **114. gr.** Hver, sem ræður menn innan íslenzka ríkisins til erlendrar herþjónustu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — **115. gr.** Hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem fram hefir farið við kosningar þær og atkvæðagreiðslur, sem í 102. gr. getur, eða því, sem gerzt hefir á fundum eða í starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. — **116. gr.** Hver, sem tekur sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefir, skal sæta sektum eða varðhaldi eða, ef miklar sakir eru, fangelsi allt að 2 árum. — **117. gr.** Hver, sem vísvitandi eða af gáleysi notar opinberlega eða í ólögmætum tilgangi einkenni, merki eða einkennisbúning, sem áskilinn er íslenzkum eða erlendum stjórnvöldum eða hermönnum, eða einkenni, merki eða búning, sem er svo áþekkur hinum ofannefndu, að hætta er á, að á verði villzt, skal sæta sektum.

XIII. kafli. — Brot á almannafriði og allsherjarreglu.[c]) — **118. gr.** Ef maður kemur af stað upphlaupi í því skyni að beita menn eða muni ofbeldi eða ógna með, að því verði beitt, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi. — Sömu refsingu skulu þeir menn sæta, sem gerzt hafa leiðtogar slíks upphlaups, eftir að það var byrjað. — Aðrir þátttakendur upphlaupsins, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnazt skipan yfirvalds, er skorað hefir á mannsöfnuðinn að sundrast, skulu sæta vægari refsingu að tiltölu, og má dæma þeim þátttakendum sektir, sem ekki hafa beitt ofríki. — Hafi eitthvert það brot verið framið, sem var markmið upphlaupsins, skal beita þyngri refsingum, miðað við þátttöku hvers eins, eftir því, sem að framan segir, og má þá dæma allt að 6 ára fangelsi, nema broti sé svo varið, að þyngri hegning liggi við. — **119. gr.** Hafi upphlaup átt sér stað, án þess að ákvæði 118. gr. eigi við um það, og mannsöfnuðinum hefir verið skipað á löglegan hátt af yfirvaldi að sundrast, þá skal þeim þátttakendum, sem hlýðnast ekki skipuninni, enda þótt þeir viti um hana, refsað með sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum. — **120. gr.** Ef maður gabbar lögreglumenn, brunalið, björgunarlið eða annað hjálparlið, með því að kalla eftir hjálp að ástæðulausu eða með misnotkun brunaboða eða annarra hættumerkja, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.[a]) — **121. gr.** Hver, sem opinberlega hvetur menn til refsiverðra verka, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum. — Hver, sem opinberlega og greinilega fellst á eitthvert þeirra brota, er í X. eða XI. kafla laga þessara getur, sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.[b]) — **122. gr.** Hver, sem hindrar það, að löglegur mannfundur sé haldinn, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að 2 árum, ef miklar sakir eru, einkum ef ofríki eða ógnun í framferði hefir verið viðhaft. — Raski nokkur fundarfriði á lögboðnum samkomum um opinber málefni með háreysti eða uppivöðslu, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.[c]) — Sömu refsingu skal sá sæta, sem á sama hátt truflar opinbera guðsþjónustu eða aðrar kirkjuathafnir eða raskar útfararhelgi. — **123. gr.** Hver, sem af ásettu ráði eða stórfelldu gáleysi gerist ölvaður og stofnar þannig á sig kominn í hættu öðrum mönnum eða talsverðum fjárverðmætum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, einkum ef brot er ítrekað eða miklar sakir að öðru leyti.[d]) — Sá, sem brýtur bann við kaupum eða neyzlu áfengis samkvæmt 1. mgr. 64. gr., skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 mánuðum. — Brot gegn banni því, er í 2. mgr. 64. gr. getur, varðar sektum. — **124. gr.** Ef nokkur raskar grafarhelgi eða gerist sekur um ósæmilega meðferð á líki, þá varðar það

a) (XIII, 158). — b) VIII, 567. — c) XIX, 412.

a) XXI, 263, 267. — b) XII, 70, 60. — c) IV, 606, VI, 361—7. — d) XVI, 461.

1940 Nr. 19 12. febr.

sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. — Sömu refsingu varðar það að fara ósæmilega með hluti, sem teljast til kirkna og nota á við kirkjulegar athafnir. — **125. gr.** Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða varðhaldi. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara. — **126. gr.** Hafi maður fengið vitneskju um, að fyrirhugað er eða hafið eitthvert þeirra brota, sem í 86., 87., 89., 91., 98., 99. eða 100. gr. laga þessara getur, eða annað brot, sem lífi eða velferð manna eða mikilvægum þjóðfélagsverðmætum er búin hætta af, og hann reynir ekki af fremsta megni að koma í veg fyrir brotið eða afleiðingar þess, þar á meðal, ef þörf krefur, með því að tilkynna yfirvöldum vitneskju sína, þá skal hann, ef brotið er eftir það framið eða reynt er að fremja það, sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef miklar málsbætur eru fyrir hendi. En hafi hann látið þetta hjá líða sökum þess að hann gat ekki gert það án þess að stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu, þá skal honum ekki refsað. — **127. gr.** Hver, sem ekki sinnir kvaðningu yfirvalds um aðstoð til þess að koma í veg fyrir brot eða annan ófarnað, sem lífi, heilbrigði eða velferð manna er búin hætta af, þótt hann hefði getað veitt aðstoðina án þess að stofna sér eða verulegum hagsmunum í hættu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

XIV. kafli. — Brot í opinberu starfi.[a] — **128. gr.** Ef opinber starfsmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.[b] — **129. gr.** Ef opinber starfsmaður heimtar eða tekur sér eða öðrum til ávinnings við sköttum eða gjöldum, sem gjaldandi skuldar ekki, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við verknaðinum eftir öðrum ákvæðum laganna. Vægari refsingu að tiltölu skal beita, ef sökunautur hefir í upphafi tekið við gjaldinu í þeirri trú, að gjaldandinn skuldaði það, en heldur gjaldinu síðan í ávinningsskyni, eftir að hann komst að hinu rétta. Er heimilt að dæma varðhald þegar svo stendur á. — **130. gr.** Ef handhafi dómsvalds eða annars opinbers úrskurðarvalds um lögskipti gerist sekur um ranglæti við úrlausn máls eða meðferð þess í því skyni, að niðurstaðan verði ranglát, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum. — Hafi verknaðurinn haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsingin vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum. — **131. gr.** Ef dómari eða annar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna, framkvæmir ólöglega handtöku, fangelsan eða rannsókn eða leggur að ólögum hald á skjöl eða aðra muni, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.[a] — **132. gr.** Ef opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi réttra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, leit, fangelsan, framkvæmd refsingar eða haldsetningu, eða brýtur aðrar þesskonar reglur, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.[b] — **133. gr.** Ef opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóma, lætur fanga komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar, að refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt. — **134. gr.** Misnoti opinber starfsmaður stöðu sína til þess að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. — **135. gr.** Ef opinber starfsmaður tekur þátt í embættis- eða sýslunarbroti annars opinbers starfsmanns, sem undir hann er gefinn, eða leitast við að koma honum til að fremja slíkt brot, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. — **136. gr.**[c] Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefir fengið vitneskju um í starfi sínu eða varð-

a) Hugtakið opinber starfsmaður, II, 313, 326—7, (VIII, 154, 157—8, VIII, 274, (IX, 508—11), IX, 580, XXII, 496. Almennt um XIV. kafla, XXIII, 133, 135,605, XXIV, 299, VII, 402—3. — b) VI, 206, XV, 230, XXIII, 138, 143.

a) XI, 59, XIV, 377 (sýkna), XIX, 512, 526, XXII, 58. — b) XI, 59, XV, 172, (VIII,489). — c) (XX, 430).

ar embætti hans eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum. — Sömu refsingu skal sá sæta, sem látið hefir af opinberu starfi og eftir það segir frá eða misnotar á ofangreindan hátt vitneskju, sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara. — **137. gr.** Ef opinber starfsmaður, sem hefir póst- eða símamálefni á hendi, rífur heimildarlaust upp, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða sendingum, sem afhent eru til flutnings með pósti, eða ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, sem veitt hefir verið viðtaka til fyrirgreiðslu, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. — **138. gr.** Nú hefir opinber starfsmaður gerzt sekur um refsilagabrot með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans, og við því broti er ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.[a]) — **139. gr.** Hafi opinber starfsmaður, í öðrum tilfellum en lýst er hér að framan, misnotað stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[b]) — **140. gr.** Opinber starfsmaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gera það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum eða varðhaldi.[c]) — **141. gr.** Opinber starfsmaður, sem sekur gerist um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, skal sæta sektum eða varðhaldi.[d])

XV. kafli. — Rangur framburður og rangar sakargiftir. — **142. gr.** Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða öðru stjórnvaldi, sem hefir heimild til eiðtöku, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði og allt að 4 árum.[e]) — Hafi röng skýrsla verið staðfest með eiði eða gefin samkvæmt áður unnum eiði, getur refsingin orðið allt að 8 ára fangelsi. Jöfn eiði skal teljast hver sú staðfesting skýrslu, sem að lögum kemur í eiðs stað.[a]) — Sé skýrsla aðeins röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að upplýsa, má beita varðhaldi eða sektum. — **143. gr.** Ekki varðar það sökunaut í opinberu refsimáli refsingu, þó að hann skýri rangt frá málavöxtum. Þeim manni skal ekki heldur refsað, sem rangt hefir skýrt frá atvikum vegna þess að réttar upplýsingar um þau hefðu getað bakað honum refsiábyrgð í slíku máli, eða hann hafði ástæðu til að halda, að svo væri.[b]) — Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða öðru stjórnvaldi, sem í 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður, og hafi eiður ekki verið unninn, jafnvel láta hana falla að öllu leyti niður. — **144. gr.** Hafi maður af stórfelldu gáleysi gerzt sekur um verknað, sem refsiverður væri eftir 142. eða 2. mgr. 143. gr., ef um ásetningsverk hefði verið að ræða, þá varðar það sektum eða varðhaldi.[c]) — **145. gr.** Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu og boðizt til að vinna eið að henni eða gefið hana að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — **146. gr.** Ef maður að öðru leyti gefur opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu um málefni, sem honum er skylt að gefa upplýsingar um, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.[d]) — Ákvæði 1. málsgreinar 143. gr. koma hér til greina eftir því, sem við á. — **147. gr.** Ef maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýsingu eða gefur skriflegt vottorð um eitthvað, sem honum er ekki kunnugt um, og það er ætlað til notkunar í dómsmálum, öðrum málefnum, sem varða hið opinbera, eða gerðardómsmálum, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.[e]) — **148. gr.**[f]) Hver, sem með rangri kæru, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt

a) I, 488, II, 313, 647, IV, 739, V, 522, 721, VI, 206, VIII, 105, IX, 580, XVII, 239, XXII, 496. — b) III, 233, 246, (IV, 411), VI, 207, 208, IX, 580, XV, 231, XXII, 499, 496. — c) I, 97. — d) II, 313, 900, III, 232, 234, IV, 739, VI, 128, 202—5, 207—8, VII, 105, VIII, 274, XI, 61. — e) II, 412, 410, IV, 399, 654, 662—4, IX, 455—6, 433, XIII, 266, 259, XIV, 394, XX, 304, XXIII, 498, XXIV, 538, 550—1.

a) IV, 663, Tr. II, 66. — b) XXII, 317, XXIV, 538, Tr. II, 66, (VIII, 189, 181). — c) XXIV, 539. — d) XVII, 13, 20—1, 234, 230, XVIII, 89, XXI, 190, 186. — e) I, 662, XVII, 13, 230, 234, XXI, 190, 186, XXII, 352—3, 316—17. — f) IX, 456, 433.

leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum. Við ákvörðun refsingar skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið. Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum. — Ákveða má í dómi, eftir beiðni þess, sem fyrir óréttinum hefir orðið, að niðurstaða dóms og það af forsendum hans, sem dómur telur hæfilegt, skuli birt að opinberri tilhlutun í einu eða fleirum opinberum blöðum eða ritum. — **149. gr.**[a]) Hver, sem gerist sekur um rangan uppljóstur til yfirvalds um að refsiverður verknaður hafi verið framinn, svo og hver sá, sem ber fram rangar kærur við [forsetann,][1]) Alþingi, dómstóla eða yfirvald, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru.

XVI. kafli. — Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil. — 150. gr. Hver, sem falsar peninga í því skyni að koma þeim í umferð sem ósviknum gjaldeyri, svo og hver sá, sem í sama skyni aflar sér eða öðrum falsaðra peninga, skal sæta fangelsi allt að 12 árum. — Sé fölsun framkvæmd á þann hátt, að skert er efnisverð gjaldgengrar myntar, skal refsingin vera fangelsi allt að 4 árum. — **151. gr.** Hver, sem lætur úti peninga, sem hann veit að eru falsaðir, skal sæta sömu refsingu sem hefði hann sjálfur falsað þá. Hafi hann haldið, að peningarnir væru ósviknir þegar hann fékk þá, má beita varðhaldi eða sektum. — **152. gr.** Hver, sem lætur úti peninga, sem hann hefir grun um að séu falsaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Hafi hann haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, má beita sektum, og jafnvel, ef málsbætur eru, láta refsingu falla niður. — **153. gr.** Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út meðal manna hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög peningum eða verðbréfum, sem ætluð eru til þess að ganga manna á milli. — **154. gr.** Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem án heimildar í lögum býr til, flytur inn eða lætur úti handhafabréf, sem notuð kunna að verða til þess að ganga sem gjaldmiðill manna á milli, hvort heldur almennt eða innan sérstaks flokks manna, eða vænta má, að notuð verði á þann hátt. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til erlendra peningaseðla.

1940 Nr. 19 12. febr.

XVII. kafli. — Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn. — 155. gr. Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.[a]) Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá. — Hafi aðeins verið um lítilræði að tefla, eða miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef fremjandi hefir ekki ætlað að baka öðrum tjón, má beita varðhaldi eða sektum.[b]) — **156. gr.** Sömu refsingu, sem í 155. gr. getur, skal sá sæta, sem notar skjal með ófalsaðri undirritun, til þess að blekkja með því í lögskiptum, enda hafi útgefandi þess verið gabbaður til að undirrita skjalið í þeirri trú, að það væri annað skjal eða skjal með öðru efni. — **157. gr.** Noti maður ófalsað skjal svo sem það varðaði annan mann en þann, sem það á við, eða með öðrum hætti gagnstætt því, sem til var ætlazt, og þetta er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.[c]) — **158. gr.**[d]) Ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í opinberu skjali eða í bók eða annarskonar skjölum eða bókum, sem honum er skylt að gefa út eða rita, eða maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali eða bók, sem hann gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja, og það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru. — Sömu refsingu varðar það að nota þess háttar röng gögn í lögskiptum sem væru þau rétt að efni til. — **159. gr.** Nú hefir opinber stimpill eða merki, er sönnun skal veita fyrir því, að hlutur sé ósvikinn, eða fyrir uppruna hans, gæðum, tegund eða magni, verið sett á hlut án heimildar eða með fölsun, og skal þá sá, sem notar hlut-

1) L. nr. 100, 7. des. 1951, § 4. — a) VI, 56.

a) I, 368, 386, 685, 488, II, 577, IV, 248, 256, 484, 726, V, 77, 636, 1056—7, VII, 106, 322—3, VIII, 655, X, 456—7, 462, 474, XV, 231, XVI, 59—64, 398, 392, XVIII, 151, 148, 497, XIX, 20, 22, 182, 328. — b) XV, 231. — c) XV, 231—2. — d) II, 313, VII, 106.

inn til þess að blekkja aðra með honum í viðskiptum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. — Sömu refsingu skal sá sæta, sem í sama skyni kemur því til leiðar með svikum, að þess háttar opinber stimpill eða merki sé sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða notar slíka hluti. — Noti maður í sama skyni hluti, sem einkastimpill eða einkamerki hefir ranglega verið sett á, eða annað merki, sem á að segja til einhvers atriðis um hlutinn, sem máli skiptir í viðskiptum manna, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — Refsingu eins og að ofan greinir skal ennfremur sá sæta, sem í því skyni að blekkja í viðskiptum notar hluti, eftir að stimpill, merki eða annað auðkenni, sem löglega hafði verið á hlutinn sett, hefir verið numið burtu eða rangfært. — **160. gr.** Ef maður notar í atvinnuvegi sínum röng mælitæki eða vogaráhöld í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi. Sé sökin stórfelld, og eins ef manni verður slíkt á oftar, má þyngja hegningu allt að 6 ára fangelsi.[a]) — **161. gr.** Hver, sem notar fölsuð póstfrímerki, stimpilmerki eða önnur slík merki, sem notuð eru sem sönnun fyrir greiðslu opinberra gjalda, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Lægri refsingu að tiltölu skal sá sæta, sem notar stimpilmerki eða frímerki, sem áður hefir verið notað, eftir að merkið um notkunina hefir verið numið burtu. — Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög stimpilmerkjum, póstfrímerkjum eða öðrum slíkum greiðslumerkjum. — **162. gr.** Hver, sem rangfærir sönnunargögn eða kemur fram með röng sönnunargögn í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum. — Hver, sem til þess að halla eða fyrirgera rétti annarra eyðileggur sönnunargagn, kemur því undan eða gerir það ónothæft að öllu eða einhverju leyti, skal sæta fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi. — Nú hefir maður framið verknað þann, sem í 1. eða 2. málsgrein getur, á gögnum, sem kynnu að hafa orðið af atriði um sekt hans í opinberu máli, og er þá það verk refsilaust. — **163. gr.** Hver, sem í blekkingarskyni setur ranglega niður, flytur til, nemur á brott, rangfærir eða eyðileggur marksteina eða önnur merki, sem sýna skulu takmörk fasteignaréttinda, þar á meðal vatnsréttinda, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi, eða sektum, ef brot er smáfellt.

1940 Nr. 19 12. febr.

XVIII. kafli. — Brot, sem hafa í för með sér almannahættu.[a]) — **164. gr.** Valdi maður eldsvoða, sem hefir í för með sér almannahættu, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 mánuði.[b]) — Refsing skal þó ekki vera lægri en 2 ára fangelsi, hafi sá, er verkið vann, séð fram á, að mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn eða eldsvoðinn mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.[c]) — **165. gr.** Fangelsi skal sá sæta, sem bakar öðrum tjón á lífi, líkama eða eignum, með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða öðrum annarra slíkra farar- eða flutningatækja.[d]) — **166. gr.** Hafi verknaður, sem lýst er í 164. eða 165. gr., verið framinn í þeim tilgangi að koma af stað uppreisn, fjöldaránum eða annarri slíkri röskun á þjóðskipulagi eða allsherjarreglu, þá skal beita fangelsisrefsingu, sem ekki sé skemmri en 4 ár. — **167. gr.** Ef brot, sem í 164. eða 165. gr. getur, er framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.[e]) — **168. gr.**[f]) Ef maður raskar öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja, eða umferðaröryggi á alfaraleiðum, án þess að verknaður hans varði við 165. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi. — Ef brot er framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi. — **169. gr.** Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, sem lætur hjá líða að gera það, sem í hans valdi stendur, til þess að vara við eða afstýra eldsvoða, sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, öðrum umferðaslysum eða þess háttar óförum, sem mönn-

a) VII, 460.

a) XXIII, 311, 604. — b) Hgl. 1869: II, 986, IV, 157, V, 36, 829, VI, 76, VIII, 484, (IX, 363); Hgl. 1940: XVI, 187, XVIII, 125, XIX, 8—10, (12), XXI, 258, 252, 259, (XXI, 466). — c) XIX, 5—7, 18, XXI, 258, 252, 260, 262, 264, 267. — d) I, 135, XVIII, 469, 473, XIX, 14. — e) II, 997, XVIII, 469. — f) XVIII, 270, (XIX, 412).

um eða miklum verðmætum er búinn háski af, enda hefði hann getað gert það án þess að stofna verulegum hagsmunum sínum eða annarra í hættu.[a]) — **170. gr.** Hver, sem stofnar lífi manna eða heilsu í hættu með því að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur, skal sæta fangelsi allt að 12 árum. — Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. — **171. gr.**[b]) Hafi maður eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, þannig að heilbrigði manna sé hætta búin af venjulegri notkun þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 10 árum. — Sömu refsingu varðar það, ef slíkir munir, sem spilltir eru og skaðsamlegir heilsu manna í venjulegri notkun, eru látnir sæta meðferð, sem löguð er til að leyna skaðsemi þeirra. — Sömu refsingu varðar það ennfremur að hafa á boðstólum eða vinna á annan hátt að útbreiðslu muna, sem spilltir eru á framangreindan hátt, ef leynt er þessari skaðsemi þeirra. — Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — **172. gr.** Ef maður, án þess að brot hans varði við 171. gr., hefir á boðstólum eða vinnur að því að útbreiða neyzluvörur, sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum eru hættulegar heilbrigði manna, eða hluti, sem við venjulega notkun eru hættulegir á sama hátt, og hann leynir þessari skaðsemi þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru. — Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi. — **173. gr.** Hafi maður á boðstólum eða vinni að því að útbreiða sem læknislyf eða varnarmeðul við sjúkdómum muni, sem hann veit, að ekki eru til þess hæfir, og að notkun þeirra í þessu skyni er hættuleg lífi manna eða heilbrigði, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi. — Sé brot framið af gáleysi, varðar það sektum eða varðhaldi. — **174. gr.** Ef lífi eða heilbrigði húsdýra er stofnað í hættu á þann hátt, sem í 170.—173. gr. getur, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru. — **175. gr.** Hver, sem veldur hættu á því, að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna, með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda, sem þar að lúta, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Refsingin getur þó orðið fangelsi allt að 6 árum, ef um sjúkdóm er að ræða, sem hið opinbera hefir gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra, að berist hingað til lands. — Hver, sem á framangreindan hátt veldur hættu á því, að húsdýra- eða jurtasjúkdómar komi upp eða berist út, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru. — Sé brot samkvæmt grein þessari framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

XIX. kafli. — Ýms brot á hagsmunum almennings. — 176. gr. Ef maður veldur með ólögmætum verknaði verulegri truflun á rekstri almennra samgöngutækja, opinberum póst-, síma- eða útvarpsrekstri eða rekstri stöðva eða virkjana, sem almenningur fær frá vatn, gas, rafmagn, hita eða aðrar nauðsynjar, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru. — Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.[a]) — **177 gr.** Hver, sem tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismerki eða hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða skrauts, eða hluti, sem teljast til opinberra safna eða eru sérstaklega friðaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.[b]) — **178. gr.** Hver, sem í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum falsar eða líkir eftir vöru eða hefir slíka vöru á boðstólum, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum.[c]) — **179. gr.** Sá, sem gerir sig sekan um illa meðferð á dýrum með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum eða varðhaldi.[d]) Hafi misþyrming átt sér stað, má beita fangelsi allt að 1 ári.

XX. kafli. — Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu. — 180. gr.[e]) Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann vanrækir af sömu ástæðum framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum, barni eða foreldri, og skal

a) (XIX, 5). — b) VIII, 499—500.

a) IX, 417, (XV, 158). — b) (XII, 303). — c) 280. gr. hgl. 1869, II, 689. — d) II, 74, V, 44, 157. — e) III, 130.

hann þá sæta fangelsi allt að 6 mánuðum, ef hann vill ekki sinna tilhlýðilegri vinnu, sem fátækrastjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brot er ítrekað, má refsa með fangelsisvist allt að 1 ári. — **181. gr.**[a]) Nú þykir lögreglusjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sér á löglegan hátt, og er hann þá skyldur að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða hann aflar sér framfærslu með ólöglegu móti, svo sem með sölu á bannvöru, fjárhættuspili eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefir ofan af fyrir sér með lauslæti, þá skal refsa honum með fangelsi allt að 2 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum. — **182. gr.** Nú hefir maður verið dæmdur eftir 180. eða 181. gr. eða oftar en einu sinni fyrir auðgunarbrot, og getur lögreglan þá lagt fyrir hann í næstu 5 ár, eftir að hann hefir lokið við að taka út refsingu, að gefa sig fram á ákveðnum tíma og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelst og af hverju hann hafi framfæri sitt. Brjóti hann gegn þessum fyrirmælum lögreglunnar, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 mánuðum. — **183. gr.** Sá, sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.[b]) — Ákveða skal með dómi, hvort vinningi af fjárhættuspili eða veðmáli skuli skilað aftur eða hvort hann skuli gerður upptækur.[c]) — **184. gr.** Hver, sem aflar sér tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil eða veðmál fara fram í húsnæði, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — **185. gr.** Ef maður í atvinnuskyni beitir blekkingum eða svikum til þess að koma manni til að flytjast af landi brott, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 1 ári. — **186. gr.** Nú vinnur maður í heimildarleysi starf, sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, og skal hann þá sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum. — Nú hefir félagi verið slitið í bráð með yfirvaldsráðstöfun eða til fullnaðar með dómi, og skulu þá þeir, er halda félagsskapnum áfram eða ganga í hann eftir það, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — **187. gr.** Hafi maður fengið opinbert leyfi til einhverrar einkastarfsemi eða atvinnurekstrar, sem ekki er heimilt að stunda án slíks leyfis, og hann brýtur síðan gegn skyldum gagnvart hinu opinbera, sem slíku leyfi eru samfara, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum.

XXI. kafli. — Sifskaparbrot. — **188. gr.** Ef kvæntur maður eða gift kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða, ef hinum aðiljanum var ókunnugt um fyrra hjónabandið, fangelsi allt að 6 árum. — Sé brot framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — Ókvæntur maður eða ógift kona, sem gengur að eiga gifta konu eða kvæntan mann, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — Nú skal hjónaband ekki sæta ógildingu, og má þá dæma sektir eða varðhald eða jafnvel láta refsingu falla niður. — **189. gr.** Hver, sem gengur í hjónaband, er ógilda skal vegna skyldleika aðiljanna, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — **190. gr.** Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annarra ættingja í beinan ættlegg varðar foreldra allt að 4 ára fangelsi, og allt að 6 ára fangelsi, sé barnið yngra en 18 ára, og börnin, séu þau eldri en 18 ára, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — Holdlegt samræði milli systkina varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[a]) Hafi aðili ekki náð 16 ára aldri, má ákveða, að refsing falli niður að því er hann varðar. — **191. gr.** Ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða ungling undir 18 ára aldri, sem hann hefir til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — Varðhaldi eða sektum skal sá sæta, sem af þverúð vanrækir framfærsluskyldu sína eða skyldu til meðlagsgreiðslu gagnvart nokkrum framangreindra aðilja, sem af því geta orðið bjargþrota. — Ákveða má, að sök samkvæmt grein þessari skuli niður falla, ef sá æskir þess, sem misgert var við. — **192. gr.** Hver, sem rangfærir sönnun fyrir að-

a) VI, 157, VIII, 646, 650, X, 608, XII, 326. — b) XII, 326, XX, 468. — c) XII, 330—1, XX, 471.

a) II, 883.

erni barns eða móðerni með rangri eða ófullnægjandi skýrslu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningum um fæðingar, skal sæta varðhaldi eða sektum. — Láta má refsingu falla niður, þegar svo ber við, að barn, sem gift kona hefir getið utan hjónabands, hefir verið tilkynnt sem hjónabandsbarn og eiginmaður hennar hefir samþykkt það. — **193. gr.** Hver, sem sviptir foreldra eða aðra rétta aðilja valdi eða umsjá yfir barni, sem ósjálfráða er fyrir ásku sakir, eða stuðlar að því, að það komi sér undan slíku valdi eða umsjá, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða æfilangt.

XXII. kafli. — Skírlífisbrot.[a] — **194. gr.** Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis með ofbeldi eða frelsissviptingu, eða með því að vekja henni ótta um líf, heilbrigði eða velferð hennar sjálfrar eða náinna vandamanna hennar, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða æfilangt.[b] — Sömu refsingu skal sá sæta, sem kemst yfir kvenmann með því að svipta hann sjálfræði sínu. — **195. gr.** Hver, sem hefir samræði utan hjónabands við kvenmann, sem er geðveik eða fáviti, eða þannig er ástatt um, að hún getur ekki spornað við samræðinu eða skilið þýðingu þess, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.[c] — **196. gr.** Ef maður neyðir kvenmann til holdlegs samræðis með því að hóta henni ofbeldi, frelsissviptingu, sakburði um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hennar eða öðru verulegu óhagræði, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum, enda varði brotið ekki við 194. eða 195. gr. — **197. gr.** Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðveikrahæli, fávitahæli, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefir samræði við kvenmann, sem komið hefir verið fyrir á hælinu eða stofnuninni, þá varðar það fangelsi allt að 4 árum. — **198. gr.** Hver, sem kemst yfir kvenmann utan hjónabands með því að misnota freklega þá aðstöðu sína, að kvenmaðurinn er háður honum fjárhagslega eða í atvinnu sinni, þá varðar það fangelsi allt að 1 ári, eða sé kvenmaðurinn yngri en 21 árs, allt að 3 árum. — **199. gr.** Hver, sem kemst yfir kvenmann vegna þess að hún heldur ranglega, að þau hafi samræði í hjónabandi, eða hún er í þeirri villu, að hún heldur sig hafa samræði við einhvern annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.[a] — **200. gr.** Hver, sem á samræði við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.[b] — Hver, sem tælir stúlkubarn, sem er á aldursskeiði frá 14—16 ára, til samræðis, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.[c] — **201. gr.** Ef maður hefir samræði við stúlku, yngri en 18 ára, sem er kjördóttir hans eða fósturdóttir, eða honum hefir verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. — **202. gr.** Hafi nokkur, þegar svo er ástatt, sem í 194.—201. gr. segir, gerzt sekur um önnur kynferðismök en samræði, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu.[d] — **203. gr.** Það varðar fangelsi allt að 6 árum að hafa kynferðismök við persónu af sama kyni, þegar atvik að öðru leyti svara til þess, er í 194.—198. gr. og fyrri mgr. 200 gr. segir.[e] — Eigi nokkur kynferðismök við persónu af sama kyni, yngri en 18 ára, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum fyrir þann, sem eldri er en 18 ára.[e] Ákveða má þó, að refsing skuli niður falla, ef báðir aðiljar eru á svipuðu aldurs- og þroskaskeiði. — Hver, sem hefir kynferðismök við persónu af sama kyni á aldrinum 18 til 21 árs, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef hann hefir beitt yfirburðum aldurs og reynslu til þess að koma hinum til að taka þátt í mökunum. — **204. gr.** Hafi brot samkvæmt 195., 200., 201. eða 203. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess, er fyrir broti varð, þá skal beita vægari refsingu að tiltölu, sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi varðhaldsvistar. — **205. gr.** Refsing samkvæmt 194.—202. og 204. gr. má falla niður, ef persónur þær, er kynferðismökin hafa gerzt í milli, hafa síðar gengið að eigast, eða, ef þau voru þá í hjónabandi, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram hjúskaparsambúð. — **206. gr.** Ef maður stuðlar að því í ávinningsskyni með ginningum, hvatningum eða milligöngu, að aðrir hafi holdlegar samfarir eða önnur kynferðismök, eða gerir sér annars lauslæti annarra að tekjulind, skal hann sæta fangelsi allt að 4 árum. — Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungling, yngri en

a) XXIV, 246. — b) II, 883, 1031, IV, 394, XIX, 199, XXI, 339, 333, XXIV, 511. — c) (XIV, 168).

a) XIV, 167. — b) XIII, 84, XXI, 398, 395, XXIII, 344, XXIV, 512. — c) VI, 348. — d) III, 410, IV, 109, VIII, 34, 234, IX, 9, XII, 12, 15, XIII, 84, XX, 388—9, XXI, 333, 395. — e) XI, 358, 365, 472.

18 ára, til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti. — Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni. — **207. gr.** Hver, sem hefir kynferðismök við annan mann, sama kyns, fyrir borgun, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — **208. gr.** Nú hefir maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. eða 207. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeim greinum eða 181. gr., eða hann hefir áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, og má þá þyngja refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar. — **209. gr.** Hver, sem með lostugu athæfi særir blygðuarsemi manna eða er til opinbers hneykslis, skal sæta fangelsi allt að 3 árum, varðhaldi eða sektum.[a] — **210. gr.** Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. — Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt. — Það varðar ennfremur sömu refsingu að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

XXIII. kafli. — Manndráp og líkamsmeiðingar.[b] — **211. gr.** Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.[c] — **212. gr.** Ef móðir deyðir barn sitt í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, og ætla má, að hún hafi gert það vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veiklaðs eða ruglaðs hugarástands, sem hún hefir komizt í við fæðinguna, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum. — Ef aðeins er um tilraun að ræða, og barnið hefir ekki beðið neitt tjón, má láta refsingu falla niður. — **213. gr.** Hver, sem sviptir annan mann lífi fyrir brýna beiðni hans, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga. — **214. gr.** Ef maður stuðlar að því, að annar maður ræður sér sjálfur bana, þá skal hann sæta varðhaldi eða sektum. Sé það gert í eigingjörnum tilgangi, skal refsa með fangelsi allt að 3 árum. — **215. gr.** Ef mannsbani hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.[a] — **216. gr.** Kvenmaður, sem deyðir fóstur sitt, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[b] Ef sérstaklega ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má ákveða, að refsing falli niður. Mál skal ekki höfða, ef 2 ár eru liðin frá því að brot var framið. Ónothæf tilraun er refsilaus. — Hver, sem með samþykki móður deyðir fóstur hennar eða ljær henni lið sitt til fóstureyðingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.[c] Sé um mikla sök að ræða, einkum ef verknaðurinn er framinn í ávinningsskyni eða hann hefir haft í för með sér dauða eða stórfellt heilsutjón móður, skal beita allt að 8 ára fangelsi. Hafi verkið verið framið án samþykkis móður, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 12 árum. — **217. gr.** Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.[d] — Sókn sakar út af brotum samkvæmt grein þessari eiga þeir, sem misgert var við. Opinber málssókn er þó jafnan heimil.[e] — **218. gr.** Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. [f] — **219. gr.** Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. get-

a) III, 412, V, 48, IX, 1, XI, 365, 358, 477, 472, XX, 104, 388, XXIV, 511. — b) XIX, 412. — c) II, 939, III, 413, XX, 293.

a) II, 709 (sýkna), 719, 723, 866, 944 (sýkna), 1214, III, 46, IV, 616, 619 (sýkna), 733 (sýkna), V, 68 (sýkna), 696, 810 (sýkna), 916, VI, 164, 170, 539, 535, VII, 254, 534, 557, 559—60, VIII, 6, 10—11, 145 (sýkna), 499—500 (sýkna), X, 71—2, 66, 292—3, 289, 352, XI, 231, 250 (sýkna), 354, XII, 206, XIII, 95, 92 (sýkna), 188, XIV, 91, 355—6, 350, XV, 7, XVI, 8, 31, 357, 429, XVII, 22, 27, 117, 120, 225, 220, 250, 479, 514, 518, 520, XVIII, 39, 119, 404, 443, 455, 511, 515 (sýkna í hérd.), 542, XIX, 78, 167, 214, 290 (sýkna í hérd.), 408, 501, 534, 586, XX, 95, 85, 151, 465, XXI, 26, 405, XXIII, 36, 99, 128, 280, 306 (sýkna), 361 (sýkna), 466, 660, XXIV, 109 (sýkna), 548, 593. — b) XXII, 353, 316. — c) VIII, 254, XXII, 352, 316, — d) I, 518, II, 225, 393—5, IV, 239, V, 357, 510, 508, 781, VI, 243, 365, 391, 366, 412, VII, 406—7, VIII, 285, 575, X, 589, XI, 5, XII, 127, XV, 172, 181, XVI, 12, 9, 92, 156, 153, XVII, 275, XVIII, 92, 547, 543, XX, 100, 398, 388—91, XXI, 334, 424, XXIV, 238, 246, 511, 512. — e) XVIII, 564—5, 561. — f) II, 528, 647, IV, 231, V, 172, VIII, 568—71, 573, IX, 154 (sýkna), 454, 432 (sýkna), XII, 188, XIV, 344, XV, 128, XVI, 149, XVII, 179, 239, XVIII, 93, 98, 111, 106, XIX, 178, 383, 487, XX, 104, 299, 293, XXI, 351, 463, XXII, 431, XXIV, 375.

ur, hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.[a]) — **220. gr.** Hver, sem kemur manni í það ástand, að hann er án bjargar, eða yfirgefur mann, sem hann átti að sjá um, í slíku ástandi, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.[b]) — Hafi móðir yfirgefið barn sitt bjargarvana þegar eftir fæðingu þess, og ætla má, að það sé gert af samskonar ástæðum og í 212. gr. getur, má beita vægari refsingu að tiltölu og jafnvel láta refsingu falla niður, ef barnið hefir ekkert teljanlegt tjón beðið. — Refsingu, sem í 1. mgr. segir, skal sá sæta, sem úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, enda hefði hann átt að geta séð, að ferðamanninum myndi verða af því háski búinn. — Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska. — **221. gr.** Láti maður farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem staddur er í lífsháska, þótt hann gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sín eða annarra í háska, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.[c]) — Sömu hegningu skal sá sæta, sem ekki annast um, að neytt sé þeirra bjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lífga þá, sem líf kann að leynast með, en líta út eins og dauðir, eða viðhefir ekki þær aðferðir, sem boðnar eru þeim til umönnunar, sem lent hafa í skipreika eða öðrum svipuðum óförum. — **222. gr.** Hver, sem vísvitandi eða af gáleysi fær barni, yngra en 15 ára, geðveikum manni, fávita eða ölvuðum manni hættulega muni eða efni í hendur, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum. — **223. gr.** Ef maður vanrækir að sjá barnshafandi kvenmanni, sem er á vegum hans, fyrir nauðsynlegri fæðingarhjálp, svo að lífi eða heilbrigði barns eða móður er af því hætta búin, þá varðar það sektum eða varðhaldi. — **224. gr.**[d]) Ef maður veldur því, að annar maður á það á hættu að sýkjast af kynsjúkdómi, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Hafi það orðið af gáleysi, skal beita sektum eða varðhaldi.

a) II, 548, V, 618, XIII, 43, XIV, 91, XV, 89, 328, 361, 378, XVI, 31, XVII, 561, XVIII, 51, 141, 254 (sýkna), 470, 474, 534, XIX, 445, 460, XX, 95, 85, 127, (128, 122), 285, XXI, 32, 75, 101, 195, 460, XXII, 431, XXIII, 426, 428, 433, 463, 563, 604—5, 648, XXIV, 7, XXV, 55, 145. — b) XVIII, 534, 529. — c) VII, 116, XVII, 290. — d) IV, 398, 394, IX, 459—60. 432.

XXIV. kafli. — Brot gegn frjálsræði manna. — **225. gr.**[a]) Ef maður neyðir annan mann til þess að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gera eitthvað með því að beita líkamlegu ofbeldi eða hóta honum að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi eða frelsissviptingu eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér sökum þess málefnis, sem hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — **226. gr.** Hver, sem sviptir annan mann frelsi sínu, skal sæta fangelsi allt að 4 árum, eða varðhaldi, ef málsbætur eru.[b]) — Hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefir verið settur í heimildarleysi á geðveikrahæli, fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá skal beita fangelsisrefsingu ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða æfilangt. — **227. gr.** Hafi brot, sem í 2. mgr. 226. gr. getur, verið framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

XXV. kafli. — Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. — **228. gr.** Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefir komizt yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirzlu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — Sömu refsingu varðar það að ónýta eða skjóta undan einkagögnum þeim, sem nefnd eru í 1. málsgrein. — Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem hnýsist í hirzlur annars manns án nægilegra ástæðna. — **229. gr.** Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.[c]) — **230. gr.** Ef maður, sem hefir eða haft hefir með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum

a) I, 393, IV, 753, V, 48. — b) I, 393, IV, 399, 394, (VIII, 287), IX, 431, 454. — c) II, 110.

einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefir fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu varðar einnig samskonar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra. — **231. gr.** Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.[a]) Þó má beita varðhaldi á hærra stigi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman. — **232. gr.** Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. — Hver, sem opinberlega leggur annan mann í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í áliti almennings, sæti sektum eða varðhaldi allt að 1 ári. — **233. gr.** Hver, sem hefir í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[b]) — **234. gr.** Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.[c]) — **235. gr.** Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.[d]) — **236. gr.** Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[a]) — **237. gr.** Ef maður bregður manni brigzlum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.[b]) — **238. gr.** Ekki er heimilt að færa fram í máli út af meiðyrðum sönnur fyrir refsiverðum verknaði, sem sá, er þeirri sök er borinn, hefir verið sýknaður af með fullnaðardómi í opinberu refsimáli hér á landi eða erlendis. — Hafi maður, er sætt hefir refsidómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlazt uppreist æru, er ekki heimilt að bera hann framar þeim sökum, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á. — **239. gr.** Heimilt er að láta refsingu samkvæmt 234. og 235. gr. falla niður, ef tilefni ærumeiðingar var ótilhlýðilegt hátterni þess manns, sem telur sér misboðið, eða hann hefir goldið líku líkt.[c]) — **240. gr.** Sé ærumeiðingum beint að dánum manni, þá varðar það sektum eða varðhaldi.[d]) — **241. gr.**[e]) Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.[f]) — Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.[g]) — **242. gr.** Brot þau, sem í þessum kafla getur, skulu sæta ákæru svo sem hér segir: 1. Brot gegn ákvæðum 233. gr. sæta opinberri ákæru. 2. a. Brot gegn ákvæðum 230., 231. og 232. gr. sæta opinberri ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við.[h]) b. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið beint að manni, sem er eða verið hefir opinber starfsmaður, og aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, eða hún myndi, ef sönn væri, baka honum embættis- eða sýslunarmissi, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.[i]) c. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega, en annaðhvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift, skal brotið sæta opinberri ákæru, ef sá krefst þess, sem misgert var við. 3. Mál út af öðrum brot-

a) XV, 172, XVII, 275, XX, 100, XXI, 333; XXIV, 368. — b) XIX, 23, XXI, 339, Tr. II, 69—70. — c) I, 393, 528, II, 369, 439, III, 1242, XXI, 80. — d) I, 357, 378, 480, 524, II, 108, 171, 250, 305, 359, 439, 875 (sýkna), 1242, IV, 51 (sýkna), 423, 504, 782, V, 190, 1076, VI, 465, VIII, 100, 105, X, 285 (ekki refsað), XI, 41 (ekki refsað), 178, XII, 124, XX, 21, 19, 116, XXI, 80, XXII, 392.

a) XII, 124. — b) XXIV, 504. — c) II, 174, 171, 359, 369, IV, 424, VI, 461, (IX, 672). — d) XV, 295, XXII, 129. — e) Um bætur, I, 378, II, 110—11, 305, 371—2, 439—40, 1261, 1243, IV, 425, 411, XX, 115, 117. — f) T. d. II, 174, 360, 439 (sök fyrnd), 442—3, V, 1076, VI, 465, X, 286, (XV, 51), XXI, 85, XXII, 130; 392; XXIII, 516. — g) XXI, 85, XXII, 130, XXIII, 516. — h) XXIV, 368. — i) XXI, 79, 84, (XXII, 129).

um getur sá einn höfðað, sem misgert er við.

XXVI. kafli. — Auðgunarbrot. — 243. gr. Fyrir brot þau, er í þessum kafla getur, skal því aðeins refsa, að þau hafi verið framin í auðgunarskyni.[a]) — **244. gr.** Þjófnaður á fjármunum eða orkuforða varðar fangelsi allt að 6 árum.[b]) — Ef þjófnaðarbrot er sérstaklega stórfellt, svo sem vegna verðmætis þess, sem stolið var, eða hvernig hinu stolna eða geymslu þess var háttað, vegna aðferðarinnar, sem höfð var við þjófnaðinn, eða hættu, sem honum var samfara, svo og þegar þjófnaður er framinn af mörgum í sameiningu eða sami maður hefir gerzt sekur um marga þjófnaði, þá skal refsing að jafnaði ekki vera lægri en 3 mánaða fangelsi.[c]) — **245. gr.** Gripdeild varðar sömu refsingu sem þjófnaður.[d]) — **246. gr.** Ef maður kastar eign sinni á fundna muni eða muni, sem án aðgerða hans eru komnir í vörzlur hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.[e]) — **247. gr.** Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefir í vörzlum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.[f]) — Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það samkvæmt 1. mgr., hvort sem honum hefir verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki.[g]) — **248. gr.** Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmætan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefir þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.[a]) — **249. gr.** Ef maður, sem fengið hefir aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefir fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.[b]) — **250. gr.** Fyrir skilasvik skal refsa með allt að 6 ára fangelsi hverjum þeim, sem sekur gerist um eftirgreinda verknaði: 1. Synjar fyrir að hafa tekið við peningaláni eða öðru láni til eignar eða greiðslu sem endurgjald á að koma fyrir, eða synjar efnda á skyldu með rangri notkun sönnunargagna. 2. Selur, veðsetur, tekur undir sig eða ráðstafar á annan hátt fjármunum sínum, sem annar maður hefir eignazt þau réttindi yfir, að verknaðurinn verður ekki samrýmdur réttindum hans.[c]) 3. Hefst nokkuð það að, eftir að bú hans hefir verið tekið til skipta sem þrotabú, eða eftir að tilraunir til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi hans eru byrjaðar, sem miðar að því, að eigur eða kröfur búsins komi ekki lánardrottnum þess að gagni.[d]) 4. Skerðir rétt einhvers lánardrottins síns til þess að öðlast fullnægju af eignum hans með því að gefa rangar upplýsingar, með undanskoti eigna, málamyndagerningum, ótilhlýðilega miklum gjöfum eða mikilli eyðslu, sölu eigna fyrir óhæfilega lágt verð, greiðslu eða tryggingu gjaldkræfra krafna, eða tiltölulega hárra gjaldkræfra krafna, stofnun nýrra skulda, sem að mun rýra efnahag hans, eða

a) III, 290, 278, V, 127, 245, 247—8, 249, VI, 206, VIII, 17—19, 338, 601—2, IX, 96, X, 147, (XII, 303), XIII, 136, XV, 145–6, (XVI, 31), XVIII, 315, (XIX, 18–19), XX, 196; um skilin milli 248. gr. og 261. gr. sjá t. d. XVIII, 308, XXII, 445. — b) I, 77, 136, 160, 181, 263, 274, 290, 350, 448, 668, II, 396, 539, 667, 772, 1047, 1224, III, 256, 413, IV, 16, 256, 287, 363, 467, 514, 603, 730, 794, V, 23, 77, 757, 784, 874, 953, 979, 995, VI, 264, 434, 443, VII, 357, 564, VIII, 215—17, 230, IX, 25, 251, 302, 670, X, 340, 347—8, 477—8, 483, (X, 479), 559, 601, XII, 259, 303, XIII, 110, 240, 288, XIV, 215, XV, 230, 231, 219, XVI, 398, XVII, 56, 412—13, 565, XVIII, 13, 460, XIX, 93, 90, 99, 181—2, 188, 192, 223, 263, 267—8, 315, 321, 354, 411, XX, 194, 196, 199. XXII, 555, XXIII, 273, 352, 420, 452, XXIV, 371. — c) T. d. XI, 469, XIX, 94. — d) (II, 1224), VI, 432, XIII, 266, XVI, 132, XVII, 549. — e) I, 269, 351, II, 1292, III, 305, VII, 166, 356, VIII, 17, 48—9, IX, 76, 73, 96, X, 474–5, 559, 566, (XVI, 31), XXIII, 352. — f) I, 136, 488, II, 313, III, 289–90. 278, IV, 248, 250–1, 739, V, 142, 127, (244, 254), 350, 522, 721, 892, (1054–6), VI, 423, IX, 580, X, 458–60, (532), XIII, 125, (XIV, 211, 213), 394, XVIII, 219, 316, XXII, 460–61, 445, 496, XXV, 150. — g) T. d. XIII, 5, 147, 134, XV, 146, 144, XIX, 395, 393.

a) *Vátryggingasvik*, I, 136, II, 998, V, 828, VIII, 484, IX, 363, XVIII, 122, XIX, 4—8, 40—54; *fjársvik í viðskiptum*, ranghermi um muni, er viðskipti lúta að, I, 60, 374, 366, VII, 322, XVIII, 308, 332—6, 309, 311, 392—5, XIX, 18—19; *blekkingum beitt til að hafa út úr mönnum peninga* o. fl., I, 114, 366, 368, II, 436, IV, 343, 326, V, 128, 236—45, 254, 1054, VI, 57, IX, 550, 553, X, 147—8, 153, 155, XVI, 392, 398, XVIII, 312—13, 316, XIX, 393; *menn eru blekktir til að takast á hendur fjárskuldbindingar*, II, 750, XVIII, 315—20, Tr. II, 70; *tékkasvik*, II, 78, V, 1057, 1068—9, IX, 631, 637—8, XVIII, 308—11, XXII, 445; *greiðslusvik við bifreiðastjóra*, IX, 298, XIX, 18, 55, XX, 196, XXIV, 104; *hótelsvik*, IV, 508, XX, 445; *blekkingar við miðilsstarfsemi eða andlegar lækningar*, VIII, 337, X, 133, XII, 243. — b) XIII, 147, 135, XVIII, 308—9, 318; til álita koma þessir dómar frá eldri tíð: I, 60, 366, V, 244, 247—8, (351), 1054—6, X, 153, 195, 458—60, 469—72. — c) Til álita koma: I, 60, 366, IV, 343, 326, V, 247, IX, 631—2 (sýkna). — d) Til álita koma: II, 19, 749, III, 278.

með öðrum svipuðum hætti.[a]) — Nú hefir verknaður, sem í 4. tölulið getur, verið framinn til þess að draga taum einhvers lánardrottins öðrum til tjóns, og skal þá því aðeins refsa lánardrottninum, að hann hafi komið skuldunaut til að framkvæma ívilnunina á þeim tíma, er lánardrottinn sá, að gjaldþrot eða greiðslustöðvun vofði yfir.[b]) — Nú hefir brot verið framið, sem lýst er í 4. tölulið, án þess að nokkur sérstaklega tryggður réttur sé skertur eða án þess að árangurslaus aðfarargerð, gjaldþrot eða samningsráðstafanir um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar hafi á eftir fylgt, og skal þá því aðeins mál höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við. — **251. gr.** Hver, sem hefir fé af öðrum með því að hóta manni að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi, svipta hann eða þá frelsi, eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki næglegan rétt á sér vegna málefnis þess, er hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.[c]) — **252. gr.** Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað tekur af manni eða neyðir út úr manni fjármuni eða önnur verðmæti, kemur undan hlut, sem verið er að stela, eða neyðir mann til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, sem hefir í för með sér fjárhagstjón fyrir þann mann eða aðra, skal sæta fangelsi ekki skemur en 6 mánuði og allt að 10 árum. Hafi mjög mikil hætta verið samfara ráninu, getur refsingin þó orðið allt að 16 ára fangelsi.[d]) — **253. gr.** Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, sem fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunair þessir skyldu veittir án endurgjalds, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[a]) — **254. gr.** Ef maður heldur, án þess að verknaður hans varði við ákvæði 244., 245. eða 247.—252. gr., ólöglega fyrir eigandanum hlut eða öðru verðmæti, sem aflað hefir verið á þann hátt, er í þeim greinum segir, tekur þátt í ávinningnum af slíku broti, aðstoðar annan mann til þess að halda slíkum ávinningi eða stuðlar að því á annan hátt, að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins, þá skal honum refsað með allt að 4 ára fangelsi. Refsing má þó vera varðhald eða sektir, ef sá, sem fyrir sök er hafður, hafði í upphafi komizt ráðvandlega að verðmætum þeim, er aflað hafði verið með auðgunarbroti.[b]) — Nú standa brot þau, er í 1. mgr. segir, í sambandi við verknað, er varðar við 246. eða 253. gr., og skal þá refsað með sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. — **255. gr.** Nú hefir maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert auðgunarbrota þeirra, sem hér að framan greinir, áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, og má þá hækka refsinguna um allt að helmingi af þeirri refsingu, sem hann hefði annars hlotið. Hafi hann áður verið dæmdur oftar en einu sinni fyrir auðgunarbrot, þá má refsingin vera tvöfalt þyngri, og þegar svo stendur á, getur refsing fyrir rán orðið æfilangt fangelsi.[c]) — **256. gr.** Nú hefir eitthvert brot verið framið, sem varðar við 244.—250. gr., 253. eða 254. gr., en einungis er um smáræði að tefla, og má þá, ef sökunautur hefir ekki áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, færa refsingu niður í varðhald eða sektir, eða jafnvel láta hana falla að öllu leyti niður. — [Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 1000 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefir ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.][1])[d]) — Nú hefir brot, sem í 244.—250. og 254. gr. getur, komið niður á nánum vandamanni, og má þá láta málssókn falla niður, ef vandamaðurinn æskir þess.

a) XIV, 214, 211, XVIII, 307—19, frá eldri tíð: I, 368, 490, II, 19, 749, 756, III, 278, IV, 343, 326, 442, 908, 886, 913, 891, V, 138—9, 129, 254—5, 443, VII,420 (sýkna), VIII, 601—6, 624,—34, IX, 551, 553, 599 (sýkna), X, 150, 154. — b) VIII, 601. — c) XXIV, 299. — d) (XX, 194—5, 191), XXIII, 348, 352—4.

1) L. nr. 101, 23. des. 1950, § 1.

a) XVIII, 318. — b) I, 160—80, II, 1224, III, 311, 307, IV, 298, 287, 336, 326, 472, 466, V, 25, 245, 255, VI, 264, 270, 443—4, VII, 357, VIII, 215, 217, IX, 291—4, 288—9, X, 340, 347—8, 483, 474, (578—9), XIII, 128, 125, XVI, 41—6, 31, 411—12, 407, XIX, 93, 90, 98—9, 247—8, 263, 272—3, 352—4, 349, 794, XX, 195—7, 191. — c) XIII, 242, XV, 8, XVIII, 8, XIX, 90, 95, 193, 349, 409, XX, 191, XXII, 555. — d) V, 758, VIII, 19, IX, 25, X, 340, XIII, 288, (XIX, 288, XXII, 555).

XXVII. kafli. — Ýms brot, er varða fjárréttindi. — 257. gr.[a]) Hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[b]) — Hafi mikil eignaspjöll verið gerð, eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt, eða hafi hinn seki verið áður dæmdur fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar eða 164., 165., fyrri mgr. 168., fyrri mgr. 176. eða 177. greinar, þá má beita fangelsi allt að 6 árum.[c])— Ef verknaður, sem lýst er í 2. mgr. hér að ofan, hefir verið framinn af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.[d]) — Mál út af brotum, sem í 1. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.[e]) — **258. gr.** Ef maður kemur í veg fyrir það með spjöllum á eignum sínum eða undanskoti þeirra, að lánardrottnar hans, einn eða fleiri, geti fengið greiðslu af þeim, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári. — Um málshöfðun út af brotum samkvæmt þessari grein fer eftir sömu reglum sem í síðustu mgr. 250. gr. getur. — **259. gr.** Hver, sem heimildarlaust notar hlut annars manns og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, skal sæta sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.[f]) — Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefir í vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. — Mál út af brotum samkvæmt grein þessari skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.[g]) — **260. gr.** Hver, sem gerist sekur um gertæki, skal sæta sektum. Út af broti þessu skal ekki höfða opinbera málsókn. — **261. gr.** Hafi maður drýgt athafnir samskonar þeim, sem í 248.—250. gr. getur, án þess að auðgunartilgangur þyki sannaður, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.[h]) — **262. gr.** Ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá líða að halda lögskildar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu, þá varðar það sektum eða varðhaldi.[a]) — **263. gr.** Ef maður kaupir eða tekur við hlutum, sem fengnir hafa verið með auðgunarglæp, og hann hefir við móttökuna eða kaupin sýnt af sér stórfellt gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Ef brot er ítrekað, eða hafi sökunautur áður gerzt sekur um auðgunarbrot, þá má beita fangelsi allt að 6 mánuðum.[b])

XXVIII. kafli. — Ákvæði um bætur, brottfall erfðaréttar o. fl. — 264. gr. Nú á maður að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, eða maður hefir reynzt sekur um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns eða aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi, og má þá dæma hann til að greiða þeim, sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón, ef því er að skipta, fégjald fyrir þjáningar, hneisu, óþægindi, lýti og óprýði, svo og fyrir röskun á stöðu eða högum.[c]) — Dæma má þann, sem ábyrgð ber að lögum á dauða annars manns, til að greiða þeim, sem við það hefir misst framfæranda, bætur fyrir tjón það, er ætla má, að af því leiði fyrir hann.[d]) Ákveða má bæturnar með tiltekinni fjárhæð í eitt skipti

a) (XXI, 446). — b) V, 953, XXI, 470, 466, XXIV, 212. — c) (IX, 364), XV, 256, 272, XXI, 257, 261, 269, 466. — d) VIII, 18. — e) V, 953, XXI, 447, 466. — f) V, 777, 965, XIX, 411, 409, 416, XXI, 262—3, 267, 269, XXIV, 215, 375. — g) T.d. XVI, 464, XIX, 411, 409, 416, XXI, 18, 9, XXIII, 459, XXIV, 374. — h) (XIII, 6), XVIII, 308, 311—14, XXII, 446, 457, 463, XXIV, 107; um 259. gr. hgl. 1869, I, 114, II, 78, 436—8, 693 (hérd.), IV, 508, V, 242—4, 248—9, 254, 350, 1054, 1058, VI, 57, VII, 322, IX, 631, 637—8, X, 352, (XIII, 6).

a) XIV, 211, XVIII, 305, XXII, 445, 463; um 264. gr. hgl. 1869: III, 277, IV, 211, 343, 326, 442, 443, 446—7, 448, V, 256, IX, 295 (sýkna), 605—6, 599, X, 153. — b) XIII, 128. — c) Bifreið eða annað samgöngutæki skaðar mann utan farartækisins, V, 92, VIII, 303, IX, 464, 676, XI, 264, 345, XII, 159, 185, XIII, 1, 254, XIV, 324, 348, XV, 206, XVI, 79, 327, XVII, 470, XIX, 145, XX, 226, XXI, 451, XXIII, 339, XXIV, 222; farþegar í bifreiðum eða öðrum farartækjum hljóta meiðsl, I, 705, VII, 260, VIII, 667, IX, 277, 326, X, 79, XII, 172, XV, 211, 273, XVI, 68, 309, 340, XVIII, 503, XIX, 72, 258, XX, 499, XXI, 76, 153, XXIII, 276, XXIV, 671; bætur vegna líkamsmeiðinga af ásetningi, I, 518, II, 549, IV, 239, XI, 5, XII, 127, XVI, 9, 92, 153, XVII, 156, 179, 578, XVIII, 92, 105, 248, XIX, 175, 199, 379, 485, XX, 104, XXI, 333, 346; miskabætur vegna annarrar bótaskyldrar háttsemi, XI, 370, XIII, 15, 199, XIV, 50, 256, XVII, 150, 353, 397, XXI, 275, XXIV, 427; miskabætur o. fl. fyrir ærumeiðingar, I, 378, II, 108, 305, 368, 439, IV, 425, XX, 115, Tr., I, 72; miskabætur fyrir ólöglegar útburðargerðir, (II, 586), XII, 285, XIII, 208, XVIII, 436; bætur fyrir gæzluvarðhald, (I, 268, VII, 484, XI, 115), XII, 306, (XXIII, 103), sjá ennfremur sýknudóma lyfd. VIII, 327, 352, IX, 186, 737, X, 99; bætur dæmdar í lyfd., V, 572, IX, 277, X, 219, 886. — d) V, 457, (VII, 1), 174, 280 (barn var ófætt, er faðir þess féll frá), X, 385, XI, 76, XII, 46, XIV, 35, 43, XVI, 139, 146, XVII, 415, 490, XX, 215, 220, XXI, 477, XXIII, 577, XXIV, 617; sjá ennfremur um dánarbætur, VII, 243, XII, 42, XIV, 224, 245, XVI, 338, XIX, 418, XX, 431.

1940 Nr. 19 12. febr.

fyrir öll eða með fjárframlögum, sem greiðist á tilteknum tímum, og skal þá jafnframt ákveða, hvort trygging skuli sett fyrir greiðslu þeirra. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein segir, má einnig dæma bætur fyrir röskun á stöðu og högum.a) — Krafa um bætur fyrir annað tjón en fjártjón gengur í erfð, hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefir verið gerð fyrir dómi í opinberu máli eða komið fram í málshöfðunarskipun eða stefnu. Ekki má framselja slíka kröfu, nema hún sé viðurkennd eða dæmd. — **265. gr.** Nú sviptir maður eða reynir að svipta annan mann lífi, svo að refsivert sé eftir 211. gr., gerist sekur gagnvart honum á þann hátt, sem lýst er í 220. eða 221. gr., enda hafi það dauða hans í för með sér, eða veldur dauða hans af gáleysi með líkamsárás, svo að refsivert sé eftir 217. eða 218. sbr. 215. gr., og glatar þá sökunautur rétti sjálfum sér til handa til þess arfs, er háður var dauða hins. — Hafi maður vísvitandi í frammi ofbeldi við foreldri sitt eða annan ættingja í beinan legg upp á við, heitist við hann eða hóti honum óförum, eftir því, sem í 66. eða 233. gr. segir, meiði mjög æru hans eða gerist sekur við hann um aðrar stórfelldar mótgerðir, svo að refsivert sé, þá má dæma hann í opinberu máli til þess að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann, sem fyrir misgerðinni varð, ef hann krefst þess. — Nú hefir maður fyrirgert erfðarétti með framangreindum hætti, og má þá veita honum erfðaréttinn aftur að öllu eða nokkru leyti með erfðaskrá. — **266. gr.** Hafi fangi, sem ekki er að taka út refsingu, eða fangi, sem afplánar dagsektir eða meðlagsgreiðslur, gerzt sekur um agabrot, má ákveða honum sömu viðurlög og mælt er í 47. gr. um varðhaldsfanga, eftir því, sem nánar skal ákveðið [með reglugerð.][1]) Þó mega þau viðurlög ekki hafa í för með sér lenging fangelsisvistarinnar. — Beita má ákvæðum 48. gr. um slíka fanga eftir því, sem við á. — **267. gr.** Nú hefir barn framið brot, áður en það varð 15 ára gamalt, og skal þá lögreglustjóri í samráði við barnaverndarnefnd (skólanefnd) beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum. Ef nauðsyn ber til af þessum sökum að svipta mann foreldravaldi yfir barni, getur dómsmálaráðherra gert það, og getur hann einnig tekið ákvörðun um það, að forsjá barns skuli falin öðrum. Mega þær ráðstafanir haldast til 18 ára aldurs.

1940 Nr. 19 12. febr.

XXIX. kafli. — Um gildistöku laganna o. fl. — 268. gr. Nú er heimilað að dæma í refsivist eftir lögum, sem ekki eru felld úr gildi með þessum lögum, og skal þá breyta tegundum refsivistar sem hér segir: — Fyrir fangelsi, án nánari tilgreiningar, og fyrir fangelsi við venjulegt fangaviðurværi kemur varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. — Fyrir einfalt fangelsi kemur varðhald. — Fyrir fangelsi við vatn og brauð kemur fangelsi um fjórum sinnum lengri tíma, þó ekki skemur en 12 daga. — Fyrir hegningarvinnu kemur fangelsi um jafnlangan tíma. — **269. gr.** Nú er í eldri löggjöf skírskotað til ákvæða í lögum, sem felld eru úr gildi með lögum þessum, og skal þá líta svo á, að skírskotunin eigi við þá reglu þessara laga, sem skyldust er nefndu ákvæði. — **270. gr.** Nú á maður eftir, þegar lög þessi taka gildi, að þola refsivist samkvæmt refsiákvörðun, er gerð hefir verið fyrir gildistöku laganna, og skal dómsmálaráðherra þá breyta refsitegundinni eftir reglum þeim, sem í 267. gr.[1])segir. Maður, sem dæmdur hefir verið til hegningarvinnu, skal fá styttingu refsitíma eftir því, sem mælt er í 14. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. — Ákvörðun dómsmálaráðherra samkvæmt grein þessari má skjóta til hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum. — **271. gr.** Meðan ekki er til sérstök varðhaldsstofnun, má láta varðhaldsfanga taka út refsingu í sömu fangelsisstofnun og fanga þá, sem í fangelsisvist hafa verið dæmdir. Þó skal halda varðhaldsföngum aðgreindum frá öðrum föngum eftir því, sem kostur er á.

Lög um ákvörðun fésekta.

1948 Nr. 14 8. marz

1. gr. Hvarvetna þar, sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til núgildandi verðlags, skal lágmark þeirra og hámark breyt-

1) L. nr. 100, 7. des. 1951, § 4. — a) XX, 215; geta má eftirgreindra almennra atriða, sem á reynir við úrlausn bótakrafna í sakamálum: Samningar um kröfu varna því, að um hana sé dæmt, V, 48, X, 148, XII, 303, XIII, 6, XVII, 275; um sönnur fyrir bótakröfu, I, 183, IV, 264, V, 24, IX, 79, XI, 468, XVI, 132; krafa vanreifuð, IV, 404, 192, V, 964, XV, 181, XIX, 296, XXI, 447; kröfu frávísað af réttarfarsástæðum, (I, 62), II, 530, IV, 288, 468, V, 508, VIII, 214, IX, 647; bótakrafa ekki dæmd vegna úrslita refsimáls, XVI, 147, XXI, 446.

1) Svo, á að vera § 268.

1948 Nr. 14 8. marz
1936 Nr. 29 1. febr.

ast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma.[a])

Lög um fangelsi.

1. gr. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem í eru 700 íbúar eða fleiri, skal reisa fangelsi, til þess að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir. — **2. gr.** Kostnaður af byggingu fangelsa greiðist að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og skal, meðan þörf er á, árlega veitt fé í þessu skyni í fjárlögum. — **3. gr.** Nú telur bæjarstjórn eða hreppsnefnd nauðsyn á, að fangelsi sé reist á staðnum, og skal hún þá snúa sér til dómsmálaráðherra með beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni. Slíkri beiðni skal fylgja skýrsla um nauðsynina, nákvæm áætlun um kostnað og uppdráttur að gerð hússins. — **4. gr.** Ef fleiri beiðnir berast ráðherra en fjárveiting leyfir að teknar séu til greina, skal hann velja úr og veita féð þar, sem þörfin telst mest. — **5. gr.** Ráðherra hefir þá íhlutun um byggingu fangelsa, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað. — **6. gr.** Nú er fangelsi á staðnum, en það þarfnast endurbóta eða viðauka, og skal þá að öllu svo með fara sem segir í 1.—5. gr. — **7. gr.** Ráðherra getur veitt leyfi til, að afplána megi sektir, einfalt fangelsi og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi[1]) í fangelsum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að föngum sé engin hætta búin. — **8. gr.** Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, þar með talið hegningarhúsið í Reykjavík, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

1871 4. marz

Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl.

1. gr. Í kaupstaðnum Reykjavík skal byggja hegningarhús; í því skulu útteknar vinnuhegningar þær, sem menn eru dæmdir í fyrir afbrot, sem mál er höfðað út af á Íslandi.[1]) — **2. gr.** Til þess að framkvæma fangelsishegningar skal fyrst um sinn byggja sjö fangelsi, sem sé eitt í sameiningu við hegningarhúsið handa Reykjavík og nokkrum hluta suðuramtsins, og sitt á hverjum stað, á Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík og Eskifirði. Það skal falið á hendur stiftamtmanni að setja hinar nákvæmari reglur[2]) fyrir því, úr hverjum þinghám skuli setja dæmda afbrotamenn í hvert einstakt fangelsi. Þar að auki skulu fangelsin vera varðhaldsfangelsi fyrir þá þinghá, þar sem hvert einstakt fangelsi er, og, ef stiftamtmaður segir svo fyrir, þá einnig fyrir þá eða þær þinghár, sem næstar eru. — **3. gr.** Verði það í fleiri þinghám en nú er gert sýslumönnum að skyldu að hafa bólfestu á tilteknum stað innan sýslu, skal dómsmálastjórninni heimilt að láta byggja fleiri fangelsi, þar sem sérstaklega er þörf á því, og skal þá byggja fangelsi á heimili þess sýslumanns, sem í hlut á. — **4. gr.** Kostnaðurinn til þess að byggja hegningarhúsið í Reykjavík og halda því við, skal goldinn fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum íslenzka; má til þess á kostnað hans taka til láns fé það, sem með þarf, eftir því sem dómsmálastjórnin ákveður nákvæmar. . . .[3]) — **7. gr.** Bæjarfógetinn í Reykjavík[4]) skal hafa á hendi stjórn yfir hegningarhúsinu og fangelsinu, sem er í sambandi við það, en stiftamtmaður yfirumsjónina. Við það skal setja fangavörð, er fái laun fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum.[5]) Hinum fangelsunum skal bæjarfógeti eða sýslumaður sá, sem í hlut á, stjórna með yfirtilsjón amtmanns, og skal hann sjá um og hafa ábyrgð á gæzlu og viðurværi fanganna. — **8. gr.** Dómsmálastjórnin skal setja nákvæmari reglur viðvíkjandi fyrirkomulagi og byggingu hegningarhússins og fangelsanna. Dómsmálastjórnin sér einnig um, að út verði gefnar þær reglugerðir, sem með þarf handa þeim.

1871 4. marz

Lög um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli.

1928 Nr. 26 7. marz

Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfé allt að 100 þús. kr. til að undirbúa og láta reisa betrunarhús og vinnuhæli, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæp-

1) Sbr. hegnl. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) XIX, 399, 489, 568, XX, 8, 15, 129, 287, 387, 382, 442, XXI, 5, 172, 231, 319, (449), XXII, 38, (262), 396, XXIII, 197, 206, 285, 521, (624), XXIV, 533, féld. III, 93, 98, 126, 183.

1) Sbr. l. nr. 26, 7. maí 1928. — 2) Augl. nr. 78, 10. júlí 1876 og erbr. nr. 79, s. d. — 3) L. nr. 19, 2. nóv. 1877 og l. nr. 28, 8. nóv. 1895. — 4) Sjá nú l. nr. 65, 16. des. 1943. — 5) L. nr. 60, 12. marz 1945, § 8.

1928 Nr. 26 7. marz

ingjar, sem ekki vilja vinna fyrir sér eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.[1])

1768 15. jan.

Opið bréf um það, hvernig farið skal með arf, sem afbrotamanni tæmist, meðan hann er að taka út hegningarvinnu.

Lögin svipta eigi berum orðum vinnufanga, fremur en aðra menn, erfðarétti þeim, er þeim annars ber, en það myndi þó vera gagnstætt eðli refsingar þeirrar, er vinnufangi hefir verið í dæmdur að makleikum, ef hann, meðan á hegningartímanum stendur, fengi ráð yfir eða nyti vaxta af arfi, er honum kynni á meðan að tæmast. Oss hefir því af þessum sökum þóknazt allram. að skipa svo fyrir og bjóða, eins og Vér og hér með skipum fyrir og bjóðum hvervetna í ríkjum vorum Danmörku og Noregi, að ef manni tæmist arfur meðan hann er í hegningarvinnu, þá skal hann, hvort sem hann er dæmdur til hegningarvinnunnar um tiltekið árabil eða æfilangt, eigi fá umráð yfir arfi sínum, meðan á hegningartímanum stendur, og má eigi heldur greiða honum vexti af arfinum, heldur skal farið með arfinn eins og þá er erfingi er ómyndugur, þannig að skipaður sé fjárhaldsmaður til að annast arfinn og koma honum á vöxtu, og skulu vextirnir á ári hverju lagðir við höfuðstól, nema vinnufanginn eigi konu og börn, er þarfnist vaxtanna til lífsframfæris. Og þá er vinnufanginn er síðar laus látinn, hvort sem það er af því, að hegningartíminn er á enda, eða Vér höfum allramildilegast gefið honum upp hegningu, þá skal arfurinn, með vöxtum þeim, er við hafa bætzt, fenginn honum í hendur, ef hann er annars myndugur, sem eign hans, og skal hann gefa löglegt skilabréf fyrir. En ef hann deyr meðan á hegningartímanum stendur, skal arfurinn ganga til barna hans og næstu erfingja, beint eftir fyrirmælum laganna.

1855 9. maí

Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi.

1. gr. Á sérhverju riti, sem út kemur frá nokkurri prentsmiðju á Íslandi, skal standa nafn prentarans, og hvar ritið sé prentað. Ef út af þessu er brugðið, sektast prentarinn, og ef hann finnst ekki, þá sá, sem hefir ritið til sölu eða útbýtingar, fébótum frá 5 til 100 rd. — **2. gr.** Ef rangt er sagt til prentara, skal bæta frá 5 til 250 rd. Hin sama sekt liggur við fyrir þann, sem veit, að rangt er frá sagt, og hefir ritið til sölu eða útbýtingar. — **3. gr.** Rithöfundarnir skulu hafa ábyrgð á efni bóka þeirra, sem prentaðar eru á Íslandi, þegar þeir hafa sagt til nafns síns á ritinu, og þar að auki annaðhvort voru búsettir á Íslandi, þegar ritið kom út, eða eru undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað.[a]) — Ef enginn slíkur höfundur hefir nafngreint sig, liggur ábyrgðin með sömu skilmálum á útgefanda ritsins, og því næst á kostnaðarmanni eða þeim, sem hefir það til sölu.[b]) Ef nokkurn af hinum tilteknu skilmálum vantar, til þess, að einhver þeirra manna, sem nefndir hafa verið, verði krafður ábyrgðar, þá liggur ábyrgðin á prentaranum. — Þegar fleiri gefa út rit eitt í félagsskap, og einn þeirra gefur sig fram, sem útgefanda nokkurra kafla í ritinu, sem nægilega eru afmarkaðir, hafa hinir útgefendurnir enga ábyrgð á þeim köflum. — Sérhver þeirra manna, sem þannig kunna að fá ábyrgðina, er skyldur til, þegar á hann er skorað, og hann vill ekki sjálfur taka að sér ábyrgðina, að gefa þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru, til að sanna, að ábyrgðin liggi á einhverjum hinna áður nefndu; þó skal slíka áskorun gera, áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því hin fyrsta auglýsing um það, að ritið sé á prent komið, hefir verið birt í blöðunum; ella hefir hann enga ábyrgð af ritinu. — **4. gr.** Af sérhverju því riti, sem ekki er stærra en 6 arkir, skal prentarinn, jafnframt því sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en ein stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið, og skal hann þegar fá kvittun fyrir því, ef hann beiðist. Ef út af er brugðið, varðar það 10 til 250 rd. bótum. Ef enginn prentari er nafngreindur á bókinni, eða rangt er sagt til nafns hans, og ekki verður komizt eftir, hver prentað hafi, lendir ábyrgðin á kostnaðarmanninum eða þeim, sem hefir ritið til sölu. . . .[1]) — **11. gr.** Sérhver, sem þykist vera áreittur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrétta það, sem um hann er sagt í ritinu, getur krafizt að veitt sé viðtaka

1855 9. maí

1) Sbr. brbrgj. nr. 13, 4. marz 1929, og augl. nr. 102, 21. okt. 1930.

1) Sjá hegningarl. 25. júní 1869, § 311. — a) V, 535, 988, 983, XIV, 237. — b) II, 250.

1855 9. maí

borgunarlaust í ritið auglýsingu um, að mál sé höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða leiðréttingu, sem þó má ekki vera lengri en ¼ úr númeri, eða tilvísun um leiðréttingu í öðru riti.[a]) — Skal þetta taka upp í fyrsta eða annað númer af tímaritinu, sem kemur út næst á eftir að hann hefir æskt viðtökunnar með vottum; þó skal útgefandi, hvernig sem á stendur, ekki vera skyldur til að taka upp í eitt númer fleiri slíkar auglýsingar eða leiðréttingar, en sem komast á ¼ úr númeri. — Ef leitt er hjá sér að gegna þessari skyldu, liggja við því 10 til 50 rd. bætur, og má þvinga hlutaðeigandi til að taka upp í ritið það, sem óskað er, með því að ákveða sektir fyrir hvern dag eftir dómsatkvæði. . . .[1]) — **13. gr.** Stiftamtmaðurinn[2]) á Íslandi ákveður, hvort höfða eigi mál gegn riti fyrir sakir efnisins að tilhlutun hins opinbera. Hald má, þegar svo á stendur, einungis leggja á ritið eftir úrskurði rannsóknardómarans. — **14. gr.** Heimilt er að flytja inn í landið útlend rit. Ef stiftamtmanni virðast slík rit þess efnis, að hegningar sé vert, og ef enginn af þegnum Danakonungs getur haft ábyrgð af útbreiðslu þeirra, getur fógetinn bannað þeim, sem hefir eða haft hefir ritið til sölu eða útbýtingar, að útbreiða það framar í landinu, og skal banni þessu, eftir að búið er að stefna þeim, sem bönnuð hefir verið sala ritsins, tafarlaust fylgt fram, eftir því réttarfari, sem lögboðið er í sakamálum. Ef dómurinn staðfestir bannið, skal ákveða í dóminum, hversu langt megi líða, þangað til ritið er sent burt úr ríkinu, eða að öðrum kosti verði gert upptækt. Dóm þennan skal þrisvar birta að tilhlutun hins opinbera í einhverju íslenzku blaði og í Berlinga tíðindum[3]) og má eftir það hvorki panta ritið til sölu, selja það né útbýta því í ríkinu, og ef móti þessu er brotið, skal það sæta fébótum frá 25 til 250 rd., eða fangelsi í 14 daga til 6 mánaða. — **15. gr.** Ef þrír slíkir dómar eru lagðir á eitthvert tímarit eða fleiri slík rit, sem einn er útgefandi að, á tveggja ára tíma, má ákveða í hinum síðasta þessara dóma, að þetta rit eða önnur tímarit, sem hinn sami maður gefur út, megi ekki flytja inn í ríkið, nema því aðeins að dómsmálastjórnarherrann leyfi það. Bannið sé birt og afbrigðum gegn því hegnt, eftir því sem til er tekið í 14. gr. — **16. gr.** Það, sem ákveðið er í tilskipun þessari um prentuð rit, gildir einnig, þegar letur er gert með einhverjum öðrum tilfærum en prenti. — Sömuleiðis má heimfæra ákvarðanir þær, sem gefnar eru um prentuð rit, að 4. gr. frátekinni, að sínu leyti upp á myndir, stungnar í eir, skornar í tré og prentaðar á stein, og aðra líkingarfulla uppdrætti. Þó skal, svo framarlega sem myndirnar eru gefnar út með einhverju riti og sem hlutar úr því, ábyrgðarmaður ritsins, einnig hafa ábyrgð af myndunum.

1) Sjá hegningarl. 25. júní 1869, § 311. — 2) Tsk. nr. 12, 23. ág. 1904, I, 11. — 3) Sbr. nú l. nr. 32, 16. nóv. 1907 og l. nr. 35, 11. júlí 1911. — a) VIII, 238, 241, X, 288—9, XIII, 47, 223.

1855 9. maí

Lög um dýraverndun.[a])

1915 Nr. 34 3. nóv.

1. gr. . . .[1]) — **2. gr.** Frá 1. október 1917 skulu allir þeir, sem skepnur eiga, hafa næg hús fyrir þær allar. Brot gegn þessu ákvæði varða sömu viðurlögum, sem brot gegn 1. gr. — **3. gr.** [Ráðuneytið setur reglur[2]) um aflífun allra húsdýra, slátrun búpenings . . .,[3]) svo og um rekstur og annan flutning innanlands á sauðfé til slátrunar og á sauðfé og hrossum til útflutnings, og um meðferð á hrossum í brúkun. Skal það gert með reglugerð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.][4]) — **4. gr.** Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

1954 Nr. 58 24. apríl

Áfengislög.

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara. — **2. gr.** Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli.[b]) Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk. — Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum þau vín, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau vín, sem minna er í en 21% af vínanda að rúmmáli.

II. kafli. — Innflutningur áfengis. — 3. gr. Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast.[c]) Áfengisverzlun

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 273. — 2) Reglur nr. 63, 31. ág. 1923 og viðauki nr. 50, 4. ág. 1924 og nr. 66, 25. sept. 1924. — 3) L. nr. 63, 21. apríl 1954, § 39. — 4) L. nr. 31, 19. júní 1922. — a) II, 74, III, 100, 97, V, 44. — b) II, 1267, IX, 160, VIII, 20. — c) I, 245, 248, II, 66, 254, 300, 466, 758, 893, 1308, V, 953, VII, 526.

ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl. — **4. gr.** Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.[a]) — Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, er skip kemur frá útlöndum, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefur hann vald til að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar. — Nú hefur skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglum og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum á fyrstu afgreiðsluhöfn, en aldrei má selja, gefa eða flytja í land af þeim forða. Allt slíkt óinnsiglað áfengi skal greinilega merkt tollyfirvöldum. — Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði. — Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans. — Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.[b]) — Fyrirmæli þessarar greinar taka til flugvéla, eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa. — **5. gr.** Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað. — Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín. — Gefi enginn eigandi sig fram, áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs. — **6. gr.** Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkostum hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.[a]) — Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

III. kafli. — Tilbúningur áfengis. — 7. gr. Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.[b]) — Heimilt er ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af slíku öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skulu sett í reglugerð. — **8. gr.**[c]) Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. kafli. — Sala og veitingar áfengis. — 9. gr. Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings. — **10. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum. — Áður en útsala er sett á stofn, skal

a) I, 245. — b) VIII, 437.

a) I, 266, IV, 391. — b) Um 40 áfellisdómar eru í hrd. — c) T. d. IV, 758, VIII, 12—13, XIII, 310, XXIV, 566.

fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð. — Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í kaupstaðnum. — Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. málsgr., skulu fara fram, er ⅓ hluti kjósenda eða meiri hluti bæjarstjórnar í viðkomandi bæjarfélagi krefst þess. — Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt 3. málsgr., og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum. — **11. gr.** Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir: 1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja.[a]) — Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis).[b]) Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir. 2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður. 3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota. — **12. gr.** Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi: a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu. — Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. málsgr. Nefndin skal þannig skipuð, að áfengisvarnaráð tilnefnir einn mann, annar sé tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda og hinn þriðji af ráðherra. — Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, er í hlut á. — Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—b-liða 1. málsgr. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsrekstur-inn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn. — Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um, að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra. — Ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkvæmt ákvæðum 10. gr., falla samtímis úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúsa þar. — Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð. — Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa. Ráðherra getur ákveðið nánara eftirlit með þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir kostnað eftirlitsins, en leyfishafar skulu endurgreiða hann ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra setur þeim, er eftirlitið annast, erindisbréf um, hvernig þeir skuli haga starfi sínu. — Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs. — **13. gr.** Áfengisverzlun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitinga áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu. — Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna,

a) (VIII, 254). — b) I, 299, II, 22, 801, 947, 979, 1011, 1171.

1954 Nr. 58 24. apríl

sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr. — **14. gr.** Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fam, svo og 1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardagginn fyrsta. — Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins. — **15. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. — Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengisverzlunin og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis. — Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. kafli. — Meðferð áfengis í landinu. — 16. gr. Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.[a]) — Áfengisauglýsingar eru bannaðar. — Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein. — Nánari ákvæði skal setja í reglugerð. — **17. gr.** Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengisverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 33. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 36. gr.[b]) — **18. gr.** Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.[c]) — **19. gr.** Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkvæmt 42. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.[a]) — Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjónar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluransókn gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfesta eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar. — Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu. — Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.[b]) — **20. gr.** Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.[c]) — Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slíkt leyfi má þó einungis veita stjórnum félaganna, þegar um er að ræða árshátíðir félaganna eða samkvæmi innanfélagsmanna og gesta þeirra, sem haldin eru af sérstöku tilefni. Eigi má þó veita leyfi, nema sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir félagsmenn hafi ekki hagnað af. Slík vínveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum. Ekki má heldur veita leyfi samkvæmum félaga, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitinga- eða skemmtistaði. Sannist það, að félög misnoti áfengisveitingaleyfi eða afli þess undir fölsku yfirskini, missa þau rétt til að fá slík leyfi í tvö ár.

a) VII, 234, 236, XII, 15, 16, (XII, 117). — b) II, 678, IV, 391, 790, V, 170, 625, 1049, VI, 553, VIII, 641–2, 638–9 sýkna), IX, 162, 160 (sýkna), XXIV, 299. — c) Rösklega 70 áfellisdómar eru í hrd.

a) VI, 426, VIII, 642, 638, XXIV, 25, Tr. II, 64—6. — b) XXIII, 423 (sýkna), 502, XXIV, 25. — c) T. d. XX, 23, 196, 199, XXIII, 353, XXIV, 368.

VI. kafli. — Ölvun. — 21. gr. Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.[a]) — **22. gr.** Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi læknir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu. — Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis. — **23. gr.** Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar. — **24. gr.** Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot ítrekað.[b]) — Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlauzt af því. — Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.[c]) — Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma, áður en þeir hefja störf sín. — **25. gr.** Leiki vafi á því, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. kafli. — Áfengisvarnir. — 26. gr. Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi. — Áfengisvarnaráðunautur starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Hann skal taka laun samkvæmt VI. fl. launalaga. — **27. gr.** Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en hinir fjórir, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði. — **28. gr.** Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu. — Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra. — Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis. — Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða. — Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð. — **29. gr.** Á árunum 1955 og 1956 skal leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð, af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins 750 þús. kr. hvort ár, til viðbótar því fjárframlagi, er ákveðið er í 15. gr. l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. — Enn fremur skal á árunum 1957—1959 greiða til sama sjóðs af ágóða Áfengisverzlunarinnar 1.5 millj. kr. hvert ár. Um meðferð þessa fjár fer eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar, sbr. framangreinda lagagrein. — **30. gr.** Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Skylt er

a) T. d. XX, 109, 398, XXI, 351, 375, XXIII, 474, — b) Sjá tilvitnanir við 39. gr. bifreiðalaga. — c) VIII, 283, 302, IX, 560, (XIII, 158), XV, 233, XXI, 1, 5.

1954 Nr. 58 24. apríl

að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim. — Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs. — **31. gr.** Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis. — Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi. — Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla. — **32. gr.** Ríkisstjórnin skal láta auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum

VIII. kafli. — Refsiákvæði. — 33. gr. Fyrir brot gegn 3. gr.[a]) skal refsa þannig: 1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum: Fyrsta sinni kr. 4 000—20 000. Öðru sinni kr. 8 000 — 40000. Þriðja sinni kr. 16 000—80 000. — Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.[b]) — Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða. — Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.[c]) — Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.[a]) — Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi. 2. Nú þykir eigi sannað, að áfengi sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun,[b]) svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 400—12 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er. — Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.[c]) — **34. gr.** Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 2000—20 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 33. gr. 1., 3. málsgr. — Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá. — **35. gr.** Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 33. gr. — Sektarákvæði samkvæmt 33. og 34. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga. — **36. gr.** Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar varða sektum, 2000—20 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.[d]) — **37. gr.** Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 800—8000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 1600—20 000 kr. — Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.[e]) Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla.[f]) Lágmark leyfissviftingarinnar skal vera 2 ár Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði

a) T. d. I, 245, 248, II, 893, V, 953. — b) V, 626, 954. — c) VII, 528—9, 527.

a) II, 255, 304. — b) XXIV, 300. — c) T. d. II, 66, 255, 304, 758, 893, 1309. — d) T. d. III, 252, V, 348, 374, 409, 605, 855, 1071, VI, 154, 541. 546, 610, VII, 384, 432. — e) II, 1206, 1077. — f) II, 979.

1954 Nr. 58 24. apríl

2. málsgr. 39. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein. — **38. gr.** Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar víntegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.[a]) — **39. gr.** Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 800—8000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1600—20 000 krónum. — Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.[b]) — **40. gr.** Verði maður, sem leyfi hefur til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 39. gr.[c]) Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu. — Þjónustumenn sæta sektum, 200—4000 krónum. — **41. gr.** Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 krónum. — **42. gr.** Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. varða sektum, 200—8000 kr., og ítrekað brot 400—16 000 kr. — Brot gegn 4. málsgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu.[d]) Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.[d]) — Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings. — **43. gr.** Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 200—4000 kr. sekt og neytanda 100—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis. — Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 200—8000 kr. sektum. — **44. gr.** Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. — **45. gr.** Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 400—2000 kr. Öðru sinni 800—4000 kr. Auk sektana kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir. — **46. gr.** Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsgr., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 200—16 000 kr.[a])

IX. kafli. — Ýmis ákvæði. — 47. gr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.[b]) — Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum,og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim. — **48. gr.** Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum. — **49. gr.** Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála. — **50. gr.** Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

1954 Nr. 58 24. apríl

Lög um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917,[1]) um aðflutningsbann á áfengi.

1923 Nr. 3 4. apríl

1. gr. Vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli, skulu undanþegin ákvæðum laga 14. nóv. 1917,[1]) um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Undanþága þessi um aðflutning vína nær þó eingöngu til vína, sem eiga uppruna í löndum, sem veita beztu kjör fyrir íslenzkan saltfisk. — **2. gr.** Ráðherra getur með reglugerð[2]) sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugerðina má setja ákvæði um sektir fyrir brot gegn henni. — **3. gr.** Vegna eftirlits með óheimiluðum áfengisinnflutningi haldast óbreytt ákvæðin í lögum 14. nóv. 1917[1]) um skyldu skipstjóra að tilkynna lögreglustjóra, hve mikið áfengi og hvaða áfengi skipið hafi meðferðis, og um innsiglun þess áfengis, sem ekki á að fara hér í land.

a) V, 881, XXIII, 285. — b) T. d. V, 468. — c) V, 881. — d) XXIII, 423, 502, XXIV, 25, Tr. II, 64—6.

1) Nú l. nr. 58, 24. apr. 1954. — 2) Rgj. nr. 108, 6. nóv. 1931. — a) II, 255, 1190, 1308, V, 468, XI, 268—9. — b) VI, 549.

VII. DÓMSTÓLAR OG RÉTTARFAR

1936 Nr. 85 23. júní

Lög um meðferð einkamála í héraði.

I. kafli. — Um sáttir. — **1. gr.** Hver hreppur og hver kaupstaður skal vera sáttaumdæmi. Dómsmálaráðherra getur þó gert breytingar á þessu eftir tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. — **2. gr.** Í hverju sáttaumdæmi skulu vera tveir sáttamenn og tveir varasáttamenn. Tekur varamaður sæti aðalmanns, er hann má ekki skipa það. Ennfremur tekur varamaður sæti í sáttanefnd, ef ágreiningur verður milli sáttamanna. — Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn sáttamenn og varasáttamenn, en utan kaupstaða hreppsnefnd, til 4 ára í senn. Þó skulu núverandi sáttamenn og varasáttamenn gegna starfinu kjörtíma sinn út. Endurskipa má sáttamenn. — **3. gr.** Áður en maður tekur sæti í sáttanefnd fyrsta sinni, skal hann rita undir heit í sáttabók um það, að hann skuli rækja starfið með samvizkusemi og óhlutdrægni. — **4. gr.** Til sáttastarfans má skipa hvern mann, heilan og hraustan, karl sem konu, er náð hefir 25 ára aldri, er fjár síns ráðandi, hefir óflekkað mannorð, er búsettur í sáttaumdæminu, enda gegni hann ekki fastri dómarastöðu eða hafi málflutningsstörf að atvinnu. — Hverjum þeim, er skipa má til sáttastarfans, er skylt að taka hann að sér. Undanþegnir eru þó: 1. Embættismenn eða sýslunar, sem óhægt væri eða ómögulegt að rækja hvorttveggja starfið samtímis. 2. Þeir, sem reka eða stunda atvinnu eða gegna annarri stöðu, er ekki fær samrýmzt sáttastarfanum án verulegs óhagræðis eða tjóns aðilja. 3. Þeir, sem vegna vanheilsu mundu eiga verulega óhægt með að gegna starfanum. 4. Sextugir menn eða eldri. — Sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) metur ástæður til undanfærslu samkvæmt 1.—3. tölulið, en skjóta má úrskurði hans til dómsmálaráðherra, sem sker úr málinu til fullnaðar. — **5. gr.** Einkamál almennt skal leggja til sátta fyrir sáttamenn. Ef slík mál eru ekki löglega lögð til sátta eða lögleg sáttatilraun er ekki framkvæmd, þar sem þess er kostur, þá skal vísa máli frá dómi.[a]) Sbr. þó 11. og 15. tölul. 3. málsgr. þessarar greinar. — Undanþegin sáttatilraun eru: 1. Mál til heimtingar bóta fyrir gæzluvarðhald eða afplánun refsingar að ósekju.[b]) 2. Gagnsakir, ef ekki er krafizt sjálfstæðs dóms um gagnkröfu. 3. Mál, sem höfða má með opinberri stefnu. 4. Mál, höfðuð á hendur erlendis búsettum manni, sem ekki hefir, sækjanda vitanlega, umboðsmann hér á landi, er heimild hafi til að gera sátt fyrir hönd verjanda. — Héraðsdómari leitar sátta[c]) í: 1. Málum um faðerni barna. 2. Málum milli húsbænda og hjúa og lærimeistara og nemanda samkvæmt hjúa- og námsmannalögum. 3. Málum til kaupgreiðslu kaupafólks, vor-, haust- og vetrarmanna hjá þeim, er landbúnað reka, þeirra, er vinna á eða við útgerð manns og ekki eru lögskráðir samkvæmt sjómannalögum, verkafólks við hverskonar iðju eða iðnað, daglaunamanna við hverskonar vinnu í landi, bifreiðarstjóra, sendisveina, afgreiðslumanna við verzlanir og annarra, sem líkt er ástatt um. 4. Málum, sem sjó- og verzlunardómur fer með[d]) 5. [Málum, þar sem öðrum hvorum aðila er skylt að sæta dómi utan varnarþings síns.][1])[e]) 6. Málum til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni. 7. Skiptamálum og nauðasamninga. 8. Sakauka- og meðalgöngumálum. 9. Gagnsökum, þar sem sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu. 10. Víxilmálum og tékka og skuldabréfa samkvæmt 3. tölulið 207. gr. 11. Þar sem aðiljar hafa . . .[2]) fyrirfram samið um að ganga framhjá sáttanefnd.[f]) 12. Landamerkja- og fasteignamálum.[g]) 13. Hjónabandsmálum. 14. Málum um rétt manna til atvinnurekstrar, til firma, vörumerkis, og málum þeim, er í lögum um hlutafélög grein-

1936 Nr. 85 23. júní

1) L. nr. 46, 22. maí 1950, § 1. — 2) Sömu l., § 2. — a) I, 128, 197, 329, 580, II, 5, 938, 1010, III, 132, IV, 182, 227, 592, 832, VI, 257, VII, 69, 72, 297, XI, 271, 438, XII, 332, XIX, 538, XXII, 109; um umboð við sáttagerð, V, 101, (XXIV, 395), XI, 437. — b) XXIII, 105. — c) IX, 135, XX, 136. — d) XXIII, 181, XXV, 157. — e) XVIII, 79, XIX, 309, XX, 310, XXI, 7, 8. — f) VIII, 228, XX, 136. — g) XIV, 181.

ir og áður skyldu sæta gestaréttarmeðferð, ef þau fara eigi til sjó- og verzlunardóms. 15. Ef báðir aðiljar lýsa því . . .[1]) fyrir dómara við þingfestingu, að útilokað sé, að sátt komist á í málinu fyrir sáttamönnum. 16. Ef gallar þykja vera á sáttatilraun sáttamanna, en dómari telur sækjanda ekki verða gefin sök á þeim, getur hann krafizt þess, að dómari leiti sátta í málinu. — **6. gr.** Þegar sáttamenn fara með úrskurðarvald í málum, þá gilda sömu reglur um skyldu þeirra og rétt til að víkja sæti sem um venjulega dómendur. Annarskostar er sáttamanni skylt að víkja sæti: 1. Ef hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðilja eða þjónn. 2. Ef hann er maki aðilja, unnusti eða unnusta, skyldur honum eða mægður að feðgatali eða niðja, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn, eða skyldur eða mægður til hliðar í fyrsta lið. — Rétt er sáttamanni að víkja sæti, ef hann er riðinn við mál siðferðislega eða fjárhagslega, eða hann ber kala til aðilja, enda er aðilja rétt að krefjast þess, að sáttamenn víki sæti, ef hann telur hættu á því, að sáttamaður verði vilhallur. Sáttamanni ber jafnan að vekja athygli aðilja á því, ef hann telur einhverja slíka ástæðu vera fyrir hendi um sjálfan sig eða samverkamann sinn, er kynni að heimila honum eða gera honum skylt að víkja sæti. Sáttamenn taka báðir þátt í úrlausn þess, hvort annar þeirra eða báðir eigi að víkja sæti. — **7. gr.** Ríkissjóður leggur til tölusetta, gegnumdregna og innsiglaða bók í hvert sáttaumdæmi. Dómsmálaráðuneytið löggildir sáttabækur. Sáttamenn rita í bók skýrslu um stað og stund sáttafundar, nöfn aðilja, hverjir sótt hafi fundinn, úrskurði, ákvarðanir um frest og annað, er taka þarf ákvörðun um. Aðiljar skulu rita nöfn sín undir bókanir. — Úrskurði samkvæmt 21. gr. má þó, ef hagkvæmara þykir, rita í sérstaka bók, úrskurðabók, sem ríkissjóður leggur einnig til og löggilt er á sama hátt og sáttabók. — **8. gr.** Sækjandi snýr sér til annarshvors sáttamannsins í sáttaumdæmi verjanda með skriflega beiðni um fyrirtöku máls á sáttafundi þar. Í beiðni skal greina nöfn aðilja, stöðu og heimili, ásamt lýsingu á málavöxtum, kröfum þeim, er aðili ætlar að gera, kröfu um úrskurð sáttamanna, ef því er að skipta, og kröfu um, að máli verði vísað til aðgerða dómstóla, ef sáttatilraun verður árangurslaus, nema úrskurðar megi krefjast. — Sáttamaður ritar á kæru ákvörðun sína um stað og stund sáttafundar. Sáttamaður ákveður hverju sinni frestinn, er í kaupstöðum má skemmstur vera tveir sólarhringar, en annarsstaðar tveir til fjórir sólarhringar. Sækjandi lætur síðan birta sáttakæru, og fer um birtingu hennar með sama hætti sem um birtingu dómstefnu. — **9. gr.** Aðili skal sækja sjálfur sáttafund, nema lögleg forföll banni.[a]) En lögleg forföll eru: a. Sjúkdómur aðilja sjálfs eða heimamanna hans eða annarra, ef hann þarf að annast þá eða leita þeim læknishjálpar. b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik. c. Ef fundarsókn skyldi valda honum vinnumissi eða tjóni á atvinnu hans eða öðrum hagsmunum. d. Embættis- eða sýslunarstörf, er aðili hefir fyrirfram ákveðið eða ekki þola bið. e. Ef aðili skal sækja annan sáttafund eða dómþing, er fyrr hefir verið ákveðið, enda megi aðili ekki sækja hvorttveggja sjálfur. — Ekki er aðilja heldur skylt að sækja sjálfur sáttafund, ef hann er búsettur eða dvalfastur utan sáttaumdæmis og eigi hann að minnsta kosti 10 kílómetra veg að fara á landi til sáttafundar eða 5 kílómetra á sjó, eða samanlagt 10 kílómetra á sjó og landi. — Fyrirsvarsmanni ólögráða manns, félags eða stofnunar, er skylt að sækja sjálfur sáttafund með sama hætti sem aðilja er það. Ef fleiri en einn eru fyrirsvarsmenn aðilja, er nægilegt, ef einn þeirra sækir sáttafund með umboð hinna, ef atbeina þeirra þarf til sáttagerðar. — **10. gr.** Ef aðili sækir ekki sjálfur sáttafund samkvæmt 9. gr., skal hann, ef þess er kostur, senda þangað umboðsmann sinn með skriflegu, ótakmörkuðu umboði til að koma fram fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal vera lögráða maður, karl eða kona, með óflekkað mannorð og þeim kostum búinn að öðru leyti, að við hann sé semjandi. — **11. gr.** Nú sækir sækjandi ekki sáttafund sakir löglegra forfalla, og skal þá fresta máli hæfilegan tíma eftir ákvörðun sáttamanna, enda skal tilkynna aðilja á hans kostnað, hvenær og hvar mál verði aftur fyrir tekið. Annarskostar vísa sáttamenn máli frá sér. Ef verjandi sækir ekki sáttafund, skal ávallt vísa máli til aðgerða dómstóla, ef sækjandi sækir sáttafund og krefst þess. — **12. gr.** Nú sækir verjandi hvorki sjálfur sáttafund né sendir þangað hæfan umboðsmann með löglegu umboði, og skal þá, ef sátt kemst ekki á, dæma hann til að greiða

1) L. nr. 46, 22. maí 1950, § 2.

a) I, 212, VIII, 397, XXIÍÍ, 1.

1936 Nr. 85 23. júní

málskostnað í héraði, hver sem málsúrslit verða þar, og til að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á sáttalöggjöfinni.[a]) Ef aðili hefir sent umboðsmann á sáttafund, er gagnaðilja, er sjálfur hefir komið eða sannað hefir heimild sína til að senda þangað umboðsmann, rétt að skora á andstæðing sinn að sanna heimild sína til að senda umboðsmann fyrir sig. Ef sá aðili verður ekki við áskoruninni, fer um greiðslu málskostnaðar af hans hendi og sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni sem fyrr segir. — **13. gr.** Enginn skal eiga aðgang að sáttafundi aðrir en sáttamenn og aðiljar eða umboðsmenn þeirra, nema bæði sáttamenn og aðiljar leyfi, eða sáttamenn telji aðilja nauðsynlegt eða heppilegt að hafa sér aðstoðarmann á sáttafundi. Eigi skal bóka tilboð eða játningar aðilja á sáttafundi, og eigi má leiða sáttamenn eða aðra, sem þar kunna að vera, vitni um skýrslur aðilja um málavöxtu eða sáttaboð, nema báðir aðiljar samþykki.[b]) — **14. gr.** Eigi skal fresta meðferð máls fyrir sáttamönnum, nema báðir aðiljar samþykki, eða sáttamenn telji nauðsynlegt að veita frest til að skýra málsatriði, sem ágreiningur er um og ráða mundi úrslitum um árangur sáttatilraunar. Rétt er þá aðilja, og þá aðeins gegn mótmælum gagnaðilja, að afla skýrslna fyrir dómi eða matsgerðar um þau atriði, enda sýni hann dómara vottorð sáttamanna um frestun málsins fyrir þessar sakir. — **15. gr.** Ef sátt kemst á, þá skal rita efni hennar í sáttabók, enda ber sáttamönnum að sjá um, að það sé löglegt og skýrt og greinilega orðað. Gegn lögmæltum ritlaunum er sáttanefnd skylt að láta aðiljum í té staðfest eftirrit af sátt. Rita mega þeir og sátt samstundis á sáttakæru eða blað fest við hana. — **16. gr.** Sátt er löglegur aðfarargrundvöllur. — Sátt skortir samningsgildi, ef sáttamenn hafa með vísvitandi ósannindum, ólöglegri nauðung eða öðru óhæfilegu atferli stutt að sáttargerðinni, svo og ef á brestur skilyrði kröfuréttarins að öðru leyti til þess, að bindandi samningur geti komizt á eða haldið gildi sínu. — Sátt skortir aðfararhæfi, ef hún er ógild sem samningur, eða ef sáttamenn hafa verulega brotið skyldu sína í öðrum greinum en í 2. málsgrein segir, eða hún er gerð af óhæfum umboðsmanni.[c]) — **17. gr.** Hvervetna þess er aðili byggir rétt fyrir dómi á sátt — þar með talinn skipta-, fógeta- og uppboðsréttur — getur gagnaðili véfengt gildi hennar, og sker dómur úr. — Rétt er aðilja að höfða mál með venjulegum hætti til staðfestingar eða vefengingar sáttar. Í sambandi þar við getur aðili haft uppi kröfu um dóm um sakarefnið. — **18. gr.** Ef sátta verður ekki auðið, og sáttamenn neyta ekki úrskurðarvalds, geta þeir þess í sáttabók, að sáttatilraun hafi reynzt árangurslaus og að máli sé vísað til aðgerða dómstólanna. Jafnframt rita þeir samsvarandi vottorð á sáttakæru. — **19. gr.** Fyrirmæli 8.—18. gr. taka og til sáttatilrauna og sátta fyrir dómstólum. Þó verður dómur að leggja til grundvallar úrlausnir hliðsetts dóms varðandi sáttastarfsemi í máli, þar sem hann hefir gegnt sáttastörfum. Við sáttaumleitun dómara skal hafa þingvotta, og bókanir um sáttir skal rita í þingbók með samsvarandi hætti sem að framan segir um bókanir í sáttabækur. — **20. gr.** Dómari metur öll atriði varðandi réttarfarsgildi árangurslausrar sáttatilraunar.[a]) — Öll atriði annars um hæfileika og vald sáttamanna, svo og hvert atriði um framferði þeirra og aðferð, er þeir starfa að sáttum, má bera undir viðkomandi héraðsdómara innan 7 daga frá því, er það atvik gerðist, sem kært er. Sáttamenn eiga þá að láta aðilja í té eftirrit af því, sem þeir kunna að hafa bókað um málið, eða skriflega synjun sína um aðgerðir í því, ásamt athugasemdum um það, ef þeir vilja. Jafnframt tilkynnir aðili andstæðing sínum, að hann skjóti ágreiningnum til héraðsdómara, og sendir honum, ásamt kæru sinni og málsskjölum, vottorð um þessa tilkynningu. Andstæðingurinn getur sent dómara athugasemdir sínar innan 7 daga eftir að honum var tilkynnt málskotið. Að þeim fresti liðnum skal dómari kveða upp úrskurð um deiluefnið á vikufresti, og er það fullnaðarúrskurður. — **21. gr.** Sáttamenn hafa úrskurðarvald um mál sem hér segir: — a. Ef sækjandi sækir ekki eða lætur ekki sækja sáttafund að forfallalausu, geta sáttamenn eftir kröfu verjanda úrskurðað honum hæfilega þóknun fyrir árangurslausa fundarsókn. — b. Eftir kröfu sækjanda skulu sáttamenn úrskurða mál: 1. Ef verjandi sækir ekki sáttafund, þótt hann sé löglega til kvaddur, enda séu forföll ekki sönnuð eða senni-

a) II, 360, 503, IV, 425, 505, 638, 783, V, 827, 860, VI, 144 (sýkna), XII, 72, 75, XIII, 97, XIX, 302, 300, XXIII, 177 (sýkna). — b) III, 2, V, 498, XV, 346. — c) IV, 802–4, 858–9, 866–8, (XVII, 368); Um gerðardóma, sjá t. d. I, 124, II, 35, 278, IV, 818, VIII, 651, XI, 386, XIII, 5, 82, XIV, 188, XVII, 366, XIX, 421, XXII, 494, XXIII, 596.

a) VI, 176—7.

leg, og hafi sækjandi látið þess getið í sáttakæru, að hann mundi úrskurðar krefjast. 2. Ef verjandi sækir sáttafund og samþykkir berum orðum kröfu sækjanda, en sátt kemst þó ekki á vegna ágreinings um aukaatriði, svo sem vöxtu, afborganir, greiðslu sáttakostnaðar, eða af öðrum ástæðum. — Sáttamenn mega því aðeins úrskurða kröfu, að hún sé til greiðslu peninga borgaralegs eðlis eða greiðslu opinbers gjalds í peningum, enda nemi innstæða kröfunnar aldrei yfir 500 krónum. — Ekki mega sáttamenn úrskurða kröfu: 1. Ef verjendur eru fleiri en einn, og ekki samþykkja báðir þeirra eða allir, er sáttafund sækja, kröfuna, eða einhver þeirra hefir eigi sótt fund sakir forfalla. 2. Ef sækjandi hefir tryggt kröfu sína með kyrrsetningu eða lögbanni, og mál er lagt til sátta og lögmæti þeirra athafna er vefengt. 3. Ef verjandi telur sér óskylt að svara til sakar fyrir þeim sáttamönnum, og þeir telja þá varnarástæðu rétta. 4. Ef mál er svo flókið eða illa skýrt, að sáttamenn telja sér ekki fært að úrskurða það. — Nú hefir verjandi uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar, er sækjandi samþykkir, og skal hún þá koma til skuldajafnaðar aðalkröfu. Ef gagnkröfu er mótmælt, vísa sáttamenn málinu frá sér til aðgerða dómstólanna, nema telja megi sannað, að gagnkrafan sé annaðhvort rétt eða röng. — **22. gr.** Bóka skal kröfur aðilja, málsástæður og varnir og aðrar yfirlýsingar að aðalefni til. Fresti skal að jafnaði ekki veita, nema aðiljar séu á það sáttir. Þó má veita aðilja stuttan frest gegn mótmælum hins til að afla skjala eða vitnisburðar fyrir dómi, ef það þykir nauðsynlegt til sönnunar eða skýringarauka málsatviki. Að málflutningi loknum, sem venjulega skal vera munnlegur, bóka sáttamenn, að mál sé tekið til úrskurðar. — **23. gr.** Þegar sáttamenn úrskurða mál samkvæmt 21. gr. 1. málsgr. a. og b. 1., skal byggja úrskurð á framkomnum gögnum og skýrslum aðilja, að svo miklu leyti sem þær fara ekki í bága við þau. Annarskostar skal byggja úrskurð á því, sem fram er komið af hálfu beggja aðilja. — **24. gr.** Úrskurði skal rita í sáttabók eða úrskurðabók (sbr. 7. gr.). Í úrskurði skal greina nöfn, heimili og stöðu aðilja, kröfur og aðalefni máls og framkomnar varnarástæður, og meta gildi þeirra. Loks skal draga niðurstöðuna saman í stutt mál, hvað inna skuli af hendi, ef því er að skipta, um greiðslu vaxta og málskostnaðar o. s. frv. Úrskurði skal venjulega upp kveða þegar í stað, og aldrei síðar en viku eftir lok málflutnings. Ef aðiljar, annar eða báðir, eru viðstaddir, skal lesa úrskurð í heyranda hljóði. — **25. gr.** Úrskurði sáttamanna má fullnægja með aðför að viku liðinni frá uppkvaðningu hans, ef sá aðili, sem greiða skal eftir úrskurði, var við uppsögn hans staddur, en ella að viku liðinni frá birtingu, enda hafi aðiljar ekki orðið á annan fullnustufrest sáttir. — **26. gr.** Ákvörðun sáttamanna um að vísa máli frá sér til aðgerða dómstólanna verður ekki áfrýjað. — Úrskurði sáttamanna um efni máls má skjóta til viðkomandi héraðsdómara bæði til staðfestingar og breytingar áður liðnir séu 2 mánuðir frá uppkvaðningu hans eða birtingu samkvæmt 25. gr. Ef sérstaklega stendur á, getur héraðsdómari þó veitt, gegn 15 kr. gjaldi í ríkissjóð, leyfi til áfrýjunar, þar til 4 mánuðir eru liðnir frá áðurnefndum tíma. Nú hefir úrskurði verið áfrýjað samkvæmt framanskráðu, en máli frávísað, og þarf þá ekki leyfi til að áfrýja málinu einu sinni á ný, ef réttarstefna er út gefin eða utanréttarstefna er birt innan 4 vikna frá uppkvaðningu frávísunardóms, enda þótt málinu yrði annars ekki áfrýjað leyfislaust. — Fyrir héraðsdómi eru aðiljar bundnir við þær kröfur og viðurkenningar, sem fram hafa komið fyrir sáttamönnum. Nýjar varnir, ný gögn og nýjar gagnkröfur má leggja leyfislaust fyrir dóm. — Um meðferð máls fyrir héraðsdómi fer annars eftir almennum reglum. — **27. gr.** Sáttanefndarmaður fær 1 krónu fyrir hvert mál, er hann reynir sátt um, og að auki 2 krónur fyrir hvert mál, er hann úrskurðar samkv. 21. gr. — Sáttanefndarmenn, er þurfa að takast ferð á hendur til þess að mæta á sáttafundi, skulu fá endurgjald fyrir ferðakostnað, allt að 7 krónum á dag. — [Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilraun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. málsgr. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkv. a-lið sömu málsgr., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. málsgr. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.][1]) — **28. gr.** Sáttamenn skulu árlega senda viðkomandi sýslumanni eða bæjarfógeta (lögmanni) skýrslu um mál þau,

1) L. nr. 52, 5. júlí 1937, § 1.

er þeir hafa haft til meðferðar á árinu, eftir fyrirmynd og innan þess tíma, er dómsmálaráðherra ákveður. Einnig skulu sáttamenn senda sömu embættismönnum jafnharðan skýrslu um sektir, er aðili kann að hafa undirgengizt að greiða á sáttafundi.

II. kafli. — Um dómara o. fl.[a]) **— 29. gr.** Með dómstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara almennt sýslumenn, hver í sinni sýslu, í Reykjavík lögmaður,[1]) en í öðrum kaupstöðum bæjarfógetar. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjamálum og öðrum fasteignamálum og í lóðamerkjamálum í Reykjavík. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara. — Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður lögum samkvæmt, fer hann með mál þau, er í 1.—3. tölul. 3. málsgr. 5. gr. segir.[b]) — Rétt er héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því, og greiði sá kostnaðarauka þar af, sem slíkrar dómsathafnar beiðist. — Nú er maður settur til að dæma ákveðið mál, og skal hann þá kveða upp dóm á heimili sínu, nema dómsuppkvaðning í lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn. — **30. gr.** Dómsmálaráðherra setur dómara til að fara með og dæma einstök mál (setudómara), þar sem hinn reglulegi dómari hefir vikið dómarasæti.[c]) — Ef mál er sérstaklega umfangsmikið eða vandasamt að öðru leyti, svo að ætla má, að hinn reglulega dómara skorti tíma frá öðrum embættisstörfum eða sé af öðrum ástæðum ofvaxið að fara með það, getur dómsmálaráðherra skipað sérstakan dómara til að gegna því, enda hafi hinn reglulegi dómari færzt undan að sinna máli af nefndum ástæðum. Hinum skipaða dómara er þá, nema öðruvísi sé mælt í skipunarbréfi hans, heimilt að halda dómþing í málinu hvar á landinu sem vera skal. Heimildin í þessari málsgrein tekur og til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða. — Ríkissjóður greiðir alltaf þann kostnað, sem leiðir af skipun dómara samkvæmt þessari grein. — **31. gr.** Konungur skipar hina reglulegu héraðsdómara. Þeir taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, lífeyri eftir lífeyrislögum og skrifstofufé samkvæmt þar um settum reglum. Ríkissjóður leggur þeim til nauðsynleg skrifstofugögn. — Í kaupstöðum skulu hinir reglulegu héraðsdómarar hafa skrifstofu í kaupstaðnum, enda þótt þeir hafi jafnframt lögsögu í fleirum lögsagnarumdæmum, nema ráðherra kveði öðruvísi á. Annarsstaðar getur ráðherra, ef ágreiningur rís, ákveðið embættisbústað héraðsdómara, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. — **32. gr.** Engan má skipa í fast dómarasæti, nema hann: 1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni. 2. Sé 25 ára gamall. 3. Sé lögráður og hafi forræði fjár síns. 4. Hafi óflekkað mannorð. 5. Hafi íslenzkan ríkisborgararétt. 6. Hafi lokið embættisprófi í lögfræði við háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenzkum lögum. 7. [Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfógeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri, ritari forseta Íslands, bankastjóri,][1]) sendiherra eða fulltrúi sendiherra, verið kennari í lögum við háskólann, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða verið settur héraðsdómari, eða gegnt opinberu starfi, sem laga- eða hagfræðipróf þarf til. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum. Undantekningu frá ákvæðum þessa töluliðs má gera um menn, er sérstakan orðstír hafa getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni. — Settir héraðsdómarar og dómarar samkvæmt 30. gr. skulu fullnægja ákvæðum 1.—6. tölul. þessarar greinar. Þó má til bráðabirgða og ef sérstaklega stendur á, setja yngri mann en 25 ára, og mann, er ekki hefir lokið embættisprófi í lögum. Slíkan mann má þó ekki setja lengur en 3 mánuði í senn. — **33. gr.** Dómsmálaráðherra getur löggilt héraðsdómurum fulltrúa, er sé að minnsta kosti 21 árs gamall og fullnægi skilyrðunum í 1. og 3. og 4.—6. tölul. 32. gr. Utan kaupstaða má þó víkja frá skilyrðinu í 6. tölul., ef aðili hefir að minnsta kosti tvö ár gegnt að staðaldri skrifarastörfum í skrifstofu héraðsdómara. — Löggiltur fulltrúi getur, auk nótaríalgerða, framkvæmt á ábyrgð héraðsdómara þessar dóms-

1) Sbr. l. nr. 65 16. des. 1943. — a) I, 615, II, 1045, 1060, 1054. — b) IX, 135. — c) II, 1045, 1144.

1) L. nr. 100, 23. des. 1950, § 1.

1936 Nr. 85 23. júní

1936 Nr. 85 23. júní

athafnir: 1. Uppskriftargerðir í sambandi við skipti búa. 2. Fógetagerðir. 3. Uppboðsgerðir. — Ef fulltrúi fullnægir skilyrðum 6. töluliðar 32. gr., getur hann og kveðið upp úrskurði í sambandi við áðurnefndar dómsathafnir. — Rétt er dómsmálaráðherra að löggilda fulltrúa héraðsdómara til að framkvæma allskonar dómsathafnir í forföllum héraðsdómara eða vegna annríkis og á hans ábyrgð. — Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að fulltrúar lögmannsins í Reykjavík, einn eða fleiri, hafi með höndum, undir eftirliti lögmannsins, hverskonar dómsathafnir, og skal í reglugerðinni nánar ákveðið um þá starfskiptingu. — **34. gr.** Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.[a]) Um refsiábyrgð dómara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og sérákvæðum einstakra laga. — Í æðra dómstóli má með dómi í aðalmálinu eða sjálfstætt gera héraðsdómara að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinnar á máli, enda hafi honum verði stefnt til greiðslu skaðabóta.[b]) Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefir verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli. — Með dómi æðra dómstóls í aðalmálinu eða sjálfstætt má dæma héraðsdómara til sektar 50—1000 kr. fyrir hverskonar misferli um meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt til ábyrgðar eða æðri dómur telji aðgerðir hans svo löglausar og aðfinnsluverðar, að þær skuli varða sektum.[c]) — Ennfremur er hverjum þeim, er telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómstarfi, rétt að kæra hann fyrir æðra dómi samkvæmt ákvæðum 199. gr., enda getur þá æðri dómur dæmt dómara til að greiða sekt samkvæmt 3. málsgr. eða veitt honum áminningu.[d]) — **35. gr.** Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómaraskilyrði, eða hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfi, enda hafi áminning æðra dóms eða ráðherra ekki komið að haldi, eða dómari hefir að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega, að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti, og víkur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir, en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má. — Ef svo verður ástatt um dómara, er settir hafa verið til að gegna dómaraembætti um stundarsakir, eða dómara samkvæmt 30. gr. eða fulltrúa dómara, sem í 1. málsgr. segir, getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann, án þess að bera þurfi málið undir dómstóla. — Rétt er hverjum þeim, er samkvæmt 1. eða 2. málsgr. hefir verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar, enda höfði hann málið innan 6 mánaða frá því, er hún var gerð. — [Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið, ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.][1]) — **36. gr.** Dómari víkur úr dómarasæti í máli, ef hann er: 1. Aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðilja. Þó þarf dómari venjulega ekki að víkja, þótt hann hafi eða hafi haft í embættisnafni önnur afskipti af máli, sem hann nú skal fara með sem dómari.[a]) 2. Skyldur eða mægður aðilja að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.[b]) 3. Skyldur eða mægður fyrirsvarsmanni aðilja eða málflytjanda að feðgatali eða niðja eða að 1. lið til hliðar, maki hans, unnusti eða unnusta, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. 4. Hefir borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í málinu.[c]) 5. Hefir flutt málið eða leiðbeint aðilja í því. 6. Er svo venzlaður vitni eða matsmanni sem í 3. tölul. segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða staðfesta skýrslu sína. 7. Er óvinur aðilja, eða málið varðar hann eða venzlamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðislega, eða annars er hætta á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu.[d]) — **37. gr.** Dómari skal víkja af sjálfsdáðum, ef svo stendur á sem í 1.—6. tölul. 36. gr. segir.[e]) Annars getur hann bæði vikið af sjálfsdáðum eða eftir kröfu aðilja, enda þarf hann

a) X, 542, XXI, 42. — b) XX, 51, 53, XXI, 42. — c) II, 9, 38, 44, XI, 272, XII, 97, XIV, 372, XVI, 445. — d) XIX, 255.

1) L. nr. 32, 1. apríl 1948, § 1. — a) II, 1240, III, 77, IV, 13-14, V, 118, X, 328, XI, 302, XIII, 37, XXIII, 410, 522. — b) XXII, 356, XXIII, 45. — c) IV, 493—4, XVI, 382, XXI, 383. — d) II, 1289, III, 190, VIII, 322, XII, 320, XIII, 37, XIX, 503, XXII, 356, 487, 494, 528, XXIII, 520. — e) XXII, 528.

þá ekki að víkja fyrr en mál er tekið til dóms eða kveða þurfi upp úrskurð, nema aðili hafi krafizt þess eða mál sé munnlega flutt. — Dómari úrskurðar sjálfur, hvort hann víki sæti.[a]) Ef dómari víkur sæti, ber honum að gera það, sem nauðsynlegt kann að vera til að halda máli í réttu horfi, þar til setudómari tekur við því. Hann getur og látið af hendi eftirrit af málsskjölum og gefið út dómsgerðir, þótt hann hafi vikið sæti. — Fulltrúi dómara er, án sérstakrar skipunar, óhæfur til að vinna þau dómarastörf, sem dómari má ekki vinna samkvæmt 36. gr.[b]) — Úrskurði dómara um, að hann víki sæti, verður ekki skotið til æðra dóms.[c]) Úrskurði, þar sem dómari neitar að víkja sæti, má kæra til æðra dóms samkvæmt 199. gr., enda hvílir þá málið á meðan.[d])

III. kafli. — Um þinghöld, þingbækur, þingvotta o. fl. — 38. gr. Í kaupstöðum skal halda bæjarþing til meðferðar allra mála, sem ekki eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku eða oftar, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og á þeim stað og stund, sem ákveðið verður, ef mál eru fyrir hendi. Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann vegna embættisferðar í lögsagnarumdæmi sínu getur ekki sótt þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga. Utan kaupstaða skal halda manntalsþing til meðferðar dómsmála á þingstað réttum í þinghá hverri einu sinni á ári, eins og verið hefir, en auk þess skal aukadómþing heyja, þegar þörf gerist og á þeim stað í þinghá hverri, sem dómari ákveður hverju sinni. — Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að regluleg dómþing skuli halda í einstökum lögsagnarumdæmum eða þinghám oftar en einu sinni á ári, þar sem þörf krefur. — Þingleyfi eru frá 20. des. til 6. jan. og frá pálmasunnudegi til annars í páskum. Ennfremur getur dómsmálaráðherra ákveðið þingleyfi í kaupstöðum 1—2 mánuði á sumrin. — Framkvæma skal dómsathafnir í þingleyfum, sem ekki mega bíða, svo sem dómsuppsögn, fógetagerðir, skiptagerðir og uppboðsgerðir. — **39. gr.** Dómþing í þinghúsum og öðrum húsum, sem notuð eru til almennings nota, skal heyja í heyranda hljóði, nema aðiljar óski eða dómari telji hentara vegna aðilja, vitna eða almennings hagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum, og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði, eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra. — Ef sækjanda máls verður vísað út úr þingsal samkvæmt 1. málsgr., fellur mál hans niður. Ef verjanda er vísað út, getur sækjandi þegar krafizt dóms í málinu, eins og það þá er. — Ef einstakur maður ljær hús sín til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang að því. Ákvæðin hér að framan taka og til þinghalds í húsum einstakra manna, eftir því sem við á. — Dómari getur bannað, að viðlögðum allt að 1000 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, að skýra opinberlega í orðum eða á annan hátt frá því, sem gerist í þinghöldum, sem hann hefir ákveðið, að halda skuli fyrir luktum dyrum. — Ákvæði greinar þessarar taka einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á. — **40. gr.** Þingmálið er íslenzka.[a]) Skjölum á erlendu máli skal fylgja þýðing löggilts skjalþýðanda, ef hans er kostur.[b]) Ef aðili, eða vitni, er ekki nægilega fær í íslenzku, skal aðili hafa með sér og á sinn kostnað löggiltan dómtúlk til aðstoðar dómara, ef unnt er. Nú er löggilts skjalþýðanda eða dómtúlks ekki kostur, og skal þýðandi skjals þá staðfesta þýðingu sína fyrir dómi, ef hún er vefengd, og túlkur vinna heit fyrir dómi um, að hann skuli rækja starfann eftir beztu getu. — Ef dómari treystir sér til að þýða skjal á erlendu máli eða aðiljar þýða það og eru sammála um, að þýðingin sé rétt, eða dómari getur sjálfur spurt aðilja eða vitni á erlendu máli, kemur vöntun á skjalþýðanda eða túlki ekki að sök. Annarskostar vísar dómari máli frá dómi, dómsathöfn verður óframkvæmanleg eða ekki verður tekið tillit til skjals, allt eftir því sem á stendur. — **41. gr.** Þar sem einn maður situr í dómi, skulu jafnan vera tveir þingvottar.[c]) Þeir skulu fullnægja almennum vitnaskilyrðum, og auk þess mega þeir hvorki vera svo venzlaðir dómara né aðilja sem segir í 1. málsgr. 1. tölul. 125. gr.[c]) Það er borgaraskylda að vera þingvottur. Þeim ber 1 króna fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund, er þeir missa af

a) XIV, 761. — b) XXI, 383, XXII, 487. — c) XIV, 176, XXII, 355. — d) XXII, 494.

a) VI, 601. — b) V, 397. — c) XXIV, 627, II, 559, IV, 22, V, 912, 941.

starfi sakir þingvottastarfsemi sinnar, þó eigi minna en 50 au. fyrir hvert mál.[a]) — **42. gr.** Hverju héraðsdómaraembætti skulu fylgja þessar dómsmálabækur til afnota í einkamálum: 1. Manntalsþingbók (utan kaupstaða). 2. Bæjarþingsbók (í kaupstöðum). 3. Aukaþingbók (utan kaupstaða). 4. Sjódómsbók og verzlunardóms í kaupstöðum og þar utan kaupstaða, er þörf þykir, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. 5. Landamerkja- og fasteignamálabók (utan Reykjavíkur). 6. Skiptabók. 7. Fógetabók. 8. Uppboðsbók. — Í bækur þessar skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti, sem tíðkazt hefir, þar á meðal úrskurði, sem upp eru kveðnir þegar í stað, um skjöl þau, sem fram hafa verið lögð, um kröfur þær, sem fram hafa komið, og þau efni yfir höfuð, sem í IX. kafla greinir, vitnaskýrslur, nefningu matsmanna og staðfesting matsgerða o. s. frv. — **9.** Dómabók. Þar skal skrá dóma og úrskurði aðra en þá, sem áður greinir. Ríkissjóður leggur bækur þessar til. Þær skulu vera tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar. Dómsmálaráðuneytið löggildir þær. — Héraðsdómari, eða fulltrúi hans, heldur dómsmálabækur. Aðiljar skulu undirrita það, er hverju sinni hefir verið bókað um mál, ef það hefir að geyma skuldbindingu samkvæmt borgaralegum lögum, er þeir hafa sannfært sig um, að rétt sé bókað, en dómari og þingvottar undirita að loknu þinghaldi í einu lagi allt það, sem þar hefir verið bókað. — Dómsmálabækur skal rita skýrt og greinilega, og rita hverja blaðsíðu að fullu. Ef bókun þarf að leiðrétta, skal strika yfir hana, en hvorki skafa út né gera ólæsilegt með öðrum hætti það, sem bókað hefir verið. — **43. gr.** Skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Skjölin eru eign dómsstólsins, en lána má þau aðiljum, enda telst sá aðili, sem leggur skjal aðeins fram í einu eintaki og án eftirrits, samþykkja það.[b]) Dómari skal, eftir að dómur hefir verið kveðinn upp í máli, fá aðilja frumrit af framlögðu málsskjali gegn því, að staðfest eftirrit af skjalinu fylgi málsskjölunum, ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annarsstaðar. — Ef sækjandi skilar ekki aftur léðum málsskjölum, áður en mál er tekið til dóms, skal hefja málið, nema skjal skipti auðsjáanlega ekki verulegu máli eða aðiljar komi sér saman um innihald þess. Ef verjandi skilar ekki léðum málsskjölum, skal dæma málið eftir bókuðum kröfum sækjanda, nema svo sé ástatt um skjal sem nú var sagt. — **44. gr.**[a]) Gegn lögmæltum ritlaunum er dómara skylt að láta viðkomendum í té staðfest eftirrit úr dómsmálabókum og málsskjölum, þar á meðal dómsgerðir í heild sinni, innan hæfilegs tíma og aldrei síðar en þremur vikum eftir að eftirrits hefir verið beiðzt, en rétt er að krefjast ritlauna fyrirfram eftir því, sem dómari áætlar þau. Það varðar sektum, ef eftirrit eru ekki af hendi látin á réttum tíma, og má þá beita ákvæðum 34. gr.

IV. kafli. — Um sakaraðilja.[b]) — **45. gr.** Sakaraðili getur hver sá verið, einstaklingur, félag eða stofnun, sem að landslögum getur átt réttindi eða borið skyldur.[c]) Dómstólar, þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsréttur, hafa vald til að dæma mál allra þeirra, er aðiljar geta verið, nema undantekningar séu gerðar í landslögum eða samkvæmt þjóðarétti. — Varnir, byggðar á aðildarskorti, leiða til sýknu, ef þær metast á rökum byggðar.[d])[e]) — **46. gr.** Nú eiga fleiri en einn óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu, og eiga þeir þá óskipta sakaraðild. Ef þeir taka ekki allir þátt í málshöfðun eða ef þeim er eigi öllum veittur kostur á að svara til sakar, þá skal vísa máli frá dómi.[f]) Ef þeir sækja ekki allir dómþing, skulu þeir, er það gera, taldir hafa heimild til að skuldbinda hina. Nú eru yfirlýsingar slíkra aðilja fyrir dómi ósamrýmanlegar, og skal þá sú yfirlýsing, sem gagnaðilja er hagkvæmari, lögð til grundvallar, nema sýnt sé, að hún sé röng, eða að sá, er hana setti fram, hafi skort þekkingu á málsatviki. Ef þeir gera mismunandi kröfur, skal ekki fara út fyrir þá kröfu, er skemmst gengur. Nú skulu málsúrslit samkvæmt dómi velta á eiði eða drengskaparheiti samaðilja, eins eða fleiri, og hafa þeir þá tapað máli að því leyti, nema báðir þeir eða allir, sem eiðsheimildin nær til, vinni eið eða drengskaparheit. — **47. gr.** Því aðeins er fleirum mönnum rétt

a) Um lagagildi þessa málsliðs, sjá XI, 326. — b) (XVI, 119), XXII, 206.

a) XIX, 257. — b) IX, 346. — c) XVIII, 409. — d) (IV, 117), V, 473, IX, 221, X, 31, 525, XI, 333, XII, 132, 288, XIII, 53—4, (166—7), 200, 271, XIV, 257, XVI, 103—4, XVIII, 240, XXIII, 159. — e) Umboðsskortur, XIII, 271, XX, 187. — f) II, 732—3, VI, 181, XVI, 406, XX, 236, 256, XXII, 248, XXIV, 338, 494.

að sækja mál í félagi og því aðeins er rétt að sækja fleiri menn í einu máli, að dómkröfurnar séu af sömu rót runnar.[a]) Annarskostar vísar dómari máli frá dómi að öllu leyti, eða einhverju, ef varakrafa er gerð um dóm að efni til, að því leyti sem slík meðferð er heimil samkvæmt framansögðu. — Ákvæði fyrri málsgr. þessarar greinar taka og til skiptagerða, fógetagerða og fasteignauppboða, eftir því sem við á. — **48. gr.** Nú vill sækjandi eftir þingfestingu máls stefna nýjum aðilja til að svara til sakar ásamt þeim, er hann hefir þegar stefnt, og er það því aðeins heimilt, að skilyrðum 1. málsgr. 47. gr. sé fullnægt, enda hafi sækjanda eigi verið unnt að stefna hinum nýja aðilja áður en mál var þingfest, og verði honum ekki heldur um það kennt.[b]) — **49. gr.** Rétt er verjanda að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í máli, ef skilyrði til hans eru fyrir hendi, án þess að gagnstefna.[c]) Ef sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu, þarf gagnstefnu. Ef kröfu má skuldajafna, má jafnan krefjast sjálfstæðs dóms um afgang hennar. Annarskostar verður krafa því aðeins heimt sem gagnkrafa, að hún sé af sömu rót runnin sem aðalkrafa eða samið hafi verið um það, að hana mætti heimta með gagnsök í máli um dómkröfu aðalsakar. Aðalsök og gagnsök skulu sóttar og varðar sem eitt og sama mál. — **50. gr.** Rétt er þriðja manni að ganga inn í mál annarra manna, ef úrslit þess máls skipta hann máli að lögum. Skal hann þá stefna báðum hinum upphaflegu aðiljum, og gera kröfu um, að honum verði leyfð meðalgangan, og að honum verði dæmt sakarefnið, ef því er að skipta, eða að dómur verði annars svo felldur, að verndaður verði réttur hans.[d]) — **51. gr.** Meðferð mála þeirra, er í 46.—50. gr. segir, fer að öðru leyti eftir fyrirmælum laga þessara, eftir því sem við á. — **52. gr.** Ef úrslit máls geta skipt þriðja mann máli að lögum, svo sem vegna vanheimildar, þá getur aðili tilkynnt honum málareksturinn og skorað á hann að veita sér þann styrk í málinu, er honum er kostur. — **53. gr.** Ef sækjandi framselur réttindi þau, er dómkrafa hans varðar, eftir að sáttakæra hefir verið útgefin, eða, þar sem dómari leitar sátta eða sáttatilraun er óþörf, eftir birtingu utanréttarstefnu, útgáfu réttarstefnu eða, þar sem stefndur hefir mætt ó-stefndur, eftir þingfestingu máls, og áður en mál er tekið til dóms, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins og í því ástandi, er það þá var í, enda verður hann þá jafnan að sæta þeim vörnum, er rétt var að hafa uppi gagnvart hinum upphaflega sækjanda, nema viðskiptabréfskrafa sé, enda hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né átt að vita, að mál var höfðað eða að málshöfðun stóð til.[a]) — Nú deyr sækjandi á þeim tíma, er í 1. málsgr. segir, eða bú hans er tekið til gjaldþrotameðferðar, og taka þá erfingjar eða bú við máli, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast erfingjum eða búi, með þeim hætti, er í 1. málsgr. segir.[b]) Ef réttindin ganga ekki til erfingja eða bús, fellur mál niður að öðru en því, að dæma má erfingja eða bú til greiðslu málskostnaðar. — Ekki veldur það aðiljaskiptum, þótt sækjandi staðfesti ráð sitt á þeim tíma, sem í 1. málsgr. segir, hvernig sem fjármálum hjóna er farið. — **54. gr.** Nú afhendir verjandi á tímabili því, er í 53. gr. 1. málsgr. segir, hlut eða réttindi, er hann er sóttur til að láta af hendi, og er sækjanda þá rétt að halda máli áfram gegn hinum upphaflega verjanda, enda verður hinn nýi eigandi þá bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignazt hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annarra manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum. — Ef verjandi deyr eða bú hans er tekið til gjaldþrotameðferðar á áðurnefndu tímabili, þá tekur erfingi eða bú við málinu, ef sú skylda, sem dómkrafa varðar, flyzt á erfingja eða bú.[c]) Ella fellur mál niður að öðru en því, að dæma má bú eða erfingja til greiðslu málskostnaðar.

V. kafli. . . .[1])

VI. kafli. — Um sakarefnið.[d]) — **66. gr.** Dómstólar hafa vald til að dæma um hvert það sakarefni, sem lög og landsréttur nær til, nema það sé undan lögsögu þeirra skilið samkvæmt lögum, venju eða eðli sínu.[e]) Ef

a) II, 399, III, 273, V, 215, VII, 11, 32—3, IX, 698—9, XII, 43, (XVII, 364). — b) XII, 213. — c) V, 296, XXIV, 684. — d) II, 477, VI, 630, VII, 112, IX, 166, 163, 341, 651, 747, 750, XIII, 203, 199, XVII, 366.

1) L. nr. 52, 5. júlí 1937, § 2. — a) VII, 387. — b) VII, 47, XXI, 20. — c) XVIII, 438, XXI, 20, XXIII, 457. — d) Ódómhæfar kröfur, XI, 271, XIV, 68, XXI, 47—8, 213; hagsmunir aðilja eigi nógu miklir, XII, 212, XVIII, 370, XXIV, 574, IX, 104; sbr. hins vegar t. d. XVII, 363. — e) II, 279, V, 848, VIII, 652, XI, 91, 313, 352—3, XII, 96, 238, 270, (XIII, 6), 186, XIV, 430, 433—4, XV, 204, 349, 347, XVII, 267, XIX, 423, XX, 74; hvaða dómstóll eigi úrlausn máls, XIII, 216, XIV, 112, XV, 112, 284, XVII, 9, 10, 608, XVIII, 51, 105, XXIII, 390.

1936 Nr. 85 23. júní

dómari telur sakarefni ekki sæta lögsögn dómstóla, vísar hann málinu frá dómi. — **67. gr.** Dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli. Ekki verða þeir heldur krafðir úrlausnar um það, hvort ákveðið atvik hafi gerzt eða ekki gerzt, nema það skipti máli um úrlausn ákveðinnar kröfu í dómsmáli. — **68. gr.** Nú telur dómari sakarefni eiga að sæta úrlausn annars dómstóls, og skal hann þá vísa máli frá sér. — **69. gr.** Ef mál er höfðað til úrlausnar um rétt eða skyldu, sem sækjandi játar, að enn sé ekki til orðin, eða ljóst er, að svo er, en síðar kann að verða til, þá skal vísa máli frá dómi. — Nú er krafizt aðfarardóms um kröfu, sem að vísu reynist rétt eða kann að vera rétt, en greiðslu- eða fullnægjuskylda er enn eigi komin, þegar mál er tekið til dóms, og skal þá sýkna verjanda að svo stöddu. Veita má þó viðurkenningu með dómi um réttmæti slíkrar kröfu, ef sækjandi sýnir, að hann skiptir máli að lögum að fá slíkan dóm. — **70. gr.** Sækja má í sama máli um allar kröfur á hendur sama aðilja, er runnar eru af sömu rót eða þær eru samkynja. Ella getur verjandi krafizt frávísunar á einni kröfunni eða fleirum. — Með framhaldsstefnu getur sækjandi (gagnsækjandi) dregið kröfu inn í mál eftir þingfestingu, ef skilyrði 1. málsgr. eru fyrir hendi, enda verði vanrækslu hans ekki um kennt, að hún var ekki tekin með í öndverðu. — **71. gr.** Nú hefir aðili ekki sótt í einu máli þær kröfur, sem runnar eru af sömu rót, og er honum þá heimilt að sækja þær í öðru máli, en ekki má þá dæma verjanda til greiðslu málskostnaðar, nema ekki hafi verið unnt að höfða mál um allar eða báðar kröfurnar í einu lagi. — Nú hefir aðili höfðað mál til heimtu nokkurs hluta af kröfu, og skal honum þá að vísu heimilt að sækja um afganginn í öðru máli, en dæma skal hann þá til að greiða andstæðing sínum málskostnað, nema hann sanni, að hann vissi ekki að krafan var hærri, áður en fyrra málið var tekið til dóms, enda verði honum ekki gefin sök á þeirri vanvizku. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef nokkur hluti kröfunnar hefir verið tekinn lögtaki samkvæmt lögum um lögtak, eða verið hafður til skuldajafnaðar. — Nú hefir aðili lofað að greiða tveimur mönnum eða fleirum hluta af sömu kröfu, krafa skiptist milli ábyrgðarmanna eða erfingja, eða fleiri en einn eignast kröfu í ákveðnum hlutföllum, og er þá hverjum þeirra rétt að sækja sér sinn hluta kröfu, en taka skal til greina, er dæma skal um málskostnaðarkröfu, hvort skuldunautur mátti gera ráð fyrir eða olli sjálfur skiptingu kröfunnar. — Nú hefir aðili skipt kröfu, sem nemur yfir 500 krónum, og hefir hann þar með firrt sig rétti til að krefjast úrskurðar sáttanefndar, nema hann afsali sér því af kröfunni, sem er fram yfir 500 krónur. — Ef báðir aðiljar æskja þess, getur dómari ákveðið, að að svo stöddu megi sækja og verja mál um eitt ákveðið sakarefni, svo sem um skaðabótaskyldu, með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar, og kveður þá dómari upp dóm um það atriði, og má áfrýja honum sérstaklega innan viku frá dómsuppsögn, og hitt eða hin atriðin hvíla þá á meðan[a]) Ef á þennan hátt eru kveðnir upp tveir eða fleiri dómar í einu máli, eru þeir, eftir því sem á stendur, aðfarargrundvöllur báðir eða allir saman. Synjunarákvörðun dómara um sundurgreining sakarefnis, þá er hér segir, má kæra sérstaklega til æðra dóms, en tímann, sem kærumálið tekur, skal þó eftir föngum nota til að afla gagna, sbr. 110. og 111. gr.

VII. kafli. — Um varnarþing.[b]) — **72. gr.** Hver kaupstaður og hver hreppur á landi hér er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur, eftir tillögum viðkomandi héraðsdómara, ákveðið að leggja hreppa eða hluta úr hreppum saman í eina dómþinghá, eða skipta hreppi í fleiri en eina dómþinghá eða leggja dómþinghá eða hluta úr dómþinghá við kaupstað. — **73. gr.** Sækja má mann fyrir dómi í þinghá, þar sem hann er heimilisfastur.[c]) Ef maður á samtímis heimili í fleiri þinghám en einni, má sækja hann í hvorri eða hverri sem er. — Ef maður á hvergi heimili hér á landi og verður þó sóttur hér fyrir dómi, má sækja hann þar í þinghá, sem hann á dvöl. — Nú hefir maður hvorki heimili né dvalarstað hér á landi, en verður þó sóttur hér fyrir dómi, og má þá sækja hann í þinghá, þar sem hann er staddur. — **74. gr.** Ólögráðan mann skal sækja á varnarþingi lögráðamanns, nema hann eigi sjálfur forræði á sakarefni. —

a) IX, 594, XIII, 200, XIV, 158, XV, 282, XVI, 289, XVII, 386, 423, 462, XVIII, 414, XIX, 248, XX, 29, 256, XXII, 24, 96, 97, XXIII, 380, 579, XXIV, 201, 413; féld., I, 33, 167, II, 19, 67, 75. — b) II, 612, III, 205. — c) VII, 220—1.

75. gr. Skrásett firma eða félag skal sækja í þinghá, þar sem það er skrásett að eiga heima, eða ef mál varðar sérstaklega útibú, þá í þinghá, þar sem útibúið er skrásett að eiga heima. Önnur félög má sækja á varnarþingi formanns félagsstjórnar, enda má sækja þau í þinghá, þar sem heimilisfang þeirra er samkvæmt samþykktum þeirra. — Ríkisvaldið má sækja á varnarþingi þess embættismanns, sem svara má til sakar fyrir það í því máli.[a]) — Sérstakar stofnanir ríkis, bæjar-, sveitar- eða sýslufélaga, félaga eða einstakra manna, má sækja í þinghá, þar sem stofnunin er, án tillits til varnarþings stjórnenda eða eigenda. — **76. gr.** Íslenzka menn erlendis, er ekki verða þar sóttir, má sækja fyrir dómi í Reykjavík, nema þeir hafi heimili annarsstaðar á Íslandi. — **77. gr.** Menn, búsetta erlendis, má sækja hér á landi vegna fjárskyldna við íslenzka þegna, félög, stofnanir eða stjórnarvöld, í þinghá, þar sem þeir eru, þegar stefna eða sáttakæra er birt, eða þar sem þeir eiga eignir. Ef slíkur maður á eign víðar en í einni þinghá, má velja á milli þeirra. — **78. gr.** Nú skal kröfu gera um dóm um réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda, eða um hluti skeytta við fasteign eða í, og skal það mál sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur. Sameina má slíku máli kröfur, er af réttindum þessum eru risnar, enda þótt þær yrðu ekki einar sér sóttar á því varnarþingi.[b]) — Kröfur um greiðslu leigu eða afgjalda, þar á meðal kúgildaleigu, eftir fasteign má sækja á varnarþingi fasteignar samkvæmt fyrri málsgr. greinar þessarar. — **79. gr.** Nú hefir maður haft á hendi reikningshald eða fjárvörzlu stöðu sinni samkvæmt fyrir opinberar stofnanir eða einstaka menn eða félög, og er þá rétt að sækja mál á hendur honum í þinghá, þar sem reikningshald eða fjárvarzla fór fram, út af þeim starfa hans. — **80. gr.** Mál til efnda á eða til lausnar undan loforði eða fyrir rof eða vanefndir á loforði má sækja í þinghá, þar sem loforðið skyldi efna samkvæmt lögum, tilætlun aðilja eða eftir atvikum, að því er ætla má, hverju sinni, enda sé stefndur staddur þar í þinghá, þegar sáttakæra eða stefna er birt.[c]) Síðastnefnt skilyrði þarf þó ekki að vera fyrir hendi, ef sækja skal mál til efnda á loforði, er stefndur gaf, meðan hann dvaldist í þinghánni, og efna skyldi samkvæmt framanskráðu áður hann færi þaðan. — **81. gr.** Rétt er aðiljum að semja um meðferð máls fyrir dómi í hvaða lögsagnarumdæmi og í hvaða þinghá sem er, enda hafi sá dómur vald til að dæma málið.[a]) — Nú á stefndur samrætta eða samkynja kröfu á hendur stefnanda, og getur hann sótt hana á varnarþingi aðalsakar.[b]) — **82. gr.** Mál til greiðslu á andvirði vöru eða vinnu, er maður hefir fengið eða þegið í fastri verzlun eða annarri fastri starfstofu, enda sé það atvinna hins upprunalega skuldareiganda að láta slíka vöru eða vinnu í té, má sækja í þinghá, þar sem verzlunin eða starfstofan er.[c]) — Kröfu erlendra lánardrottna, þær er sækja mætti eftir þessari grein, ef þær væru innlendar, má sækja á varnarþingi þess, er kröfu fær til innheimtu, enda sé það atvinna hans að annast skuldaheimtur. — [Víxilmál og tékka má sækja í þinghá þar, sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Nú er víxill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í víxilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi þess, er innheimtir, ef banki er eða sparisjóður eða sá hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.][1]) — **83. gr.** Nú má eða þarf að stefna fleirum mönnum en einum í sama máli, og má þá höfða það á varnarþingi einhvers þeirra. — **84. gr.** Mál til skaðabóta, refsingar eða annarrar fullnustu sakir réttarbrota utan samninga má sækja í þinghá, þar sem brot var framið, eða ef það var víðar framið, þá í einhverri þeirra. — **85. gr.** Mál til kaupgreiðslu þeirra manna, er í 3. málsgr. 3. tölul. 5. gr. segir, má sækja í þinghá, þar sem vinnan var af hendi leyst, eða í einhverri þeirra, ef víðar var unnið. Sjómenn samkvæmt sjómannalögum mega sækja mál til kaupgreiðslu á heimili skips. — **86. gr.** Haldast skulu ákvæði um varnarþing í: 1. Skiptalögum, nr. 3 12. apríl 1878, 94. og 95. gr. 2. Siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914, 15. gr. 3. Lögum um landamerki o. fl., nr. 41 28. nóv. 1919, 8. gr. 4. Lögum um hlutafélög, nr. 77 27. júní 1921, 20. gr., 26. gr. síðasta málsgr. og 46. gr. 2. tölul. 5. Lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921, 88. sbr. 84. gr. 6. Lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 25 14. júní 1929, 30. gr.

a) XX, 77. — b) XX, 310, XXI, 7. — c) XI, 487, XIX, 300.

1) L. nr. 61, 4. júlí 1942, § 25. — a) II, 612, VII, 220—1, VIII, 228, (X, 503, XVIII, 414), XIX, 132. — b) XII, 295. — c) XV, 85, XVIII, 79.

1936 Nr. 85 23. júní

1936 Nr. 85 23. júní

VIII. kafli. — Um stefnur. — 87. gr. Aðili getur jafnan gefið út stefnu til héraðsdóms sjálfur, en fá verður hann áritun dómara á stefnu um stað og stund, er mál verði þingfest, nema það skuli gert á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Gefa skal dómari út stefnu, ef aðili óskar þess. Ef aðili eða umboðsmaður hans er ólögfróður maður, sem ekki hefir atvinnu af málflutningsstörfum, þá getur hann krafizt þess, að dómari semji fyrir hann stefnu gegn endurgjaldi, er samsvari ritlaunum. Dómari skal benda aðilja á þá galla, er hann kann að sjá á málatilbúnaði og frávísun kunna að varða, áður en hann áritar eða útgefur stefnu, en aldrei má hann synja þessara aðgerða af þessum ástæðum, enda er hann óbundinn af áliti sínu um þessi efni, þegar hann skal dæma síðar um þau. — **88. gr.**[a]) Í stefnu skal greina nöfn aðilja,[b]) stöðu og heimili svo glöggt, að ekki verði um villzt, málavöxtu í aðalatriðum, nema þeir hafi verið nægilega greindir í sáttakæru og til hennar sé vísað í stefnu, kröfur þær, sem gerðar eru,[c]) svo skýrt sem unnt er, svo sem upphæð í krónutali, skaðabætur ótiltekið eða eftir mati, vöxtu, ef því er að skipta, viðurkenningu á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir orð, ómerking þeirra, málskostnað o. s. frv. Með framhaldsstefnu má auka við kröfur og laga þær, sbr. þó 48. gr. og 2. málsgr. 70. gr.[d]) Loks skal greina í stefnu dómþing, stað og stund þess, og stefnufrest.[e]) — Rétt er, að aðili sæki dómþing óstefndur.[f]) Þeim einum, er krafa er á hendur gerð, þarf að stefna. — **89. gr.** Í hreppi hverjum eða kaupstað skal héraðsdómari skipa að minnsta kosti tvo menn til að birta kvaðningar til sáttafunda, dómstefnur og aðrar tilkynningar, og tvo til vara, er gegni þeim starfa í forföllum hinna.[g]) Það er borgaraskylda að gegna starfanum, enda er sú ein kvaðning til sáttafundar eða dóms lögmæt, er tveir stefnuvottar eða notarius publicus framkvæma, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Dómsmálaráðuneytið lætur sérprenta ákvæði laga þessara um stefnubirtingar handa stefnuvottum. — **90. gr.** Engan má skipa stefnuvott, nema hann sé 21 árs að aldri, hafi óflekkað mannorð og sé svo heill og hraustur, að hann megi rækja starfann. — **91. gr.** Stefnuvottar skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að þeir skuli rækja starfann með trúmennsku og samvizkusemi. — **92. gr.** Þá er stefnuvottar hafa birt stefnu eða sáttakæru, eða aðra tilkynningu, skulu þeir rita á hana, eða blað, fest við hana, vottorð um það, hvar birting hafi farið fram, fyrir hverjum, hvenær (hvaða viku- og mánaðardag, klukkustund).[a]) Ennfremur er þeim rétt að votta um það, ef aðili tekur birtingu gilda, þótt henni sé áfátt að einhverju leyti, svo sem ef hún er ekki birt á lögmæltum stað eða tíma dags. Í vottorði þessu skulu þeir skírskota til stefnuvottaheits síns, og taka það fram, að þeir staðfesti vottorðið með eiginhandar nöfnum sínum. Að lokum ber þeim að staðsetja og dagsetja vottorðið og rita síðan nöfn sín undir það. — Vottorðum stefnuvotta um framangreind atriði verður ekki hnekkt, nema full sönnun komi á móti þeim. — **93. gr.** Enginn er löghæfur til að birta stefnu eða aðra tilkynningu í sjálfs sín sök, ef hann er kvæntur eða giftur aðilja, skyldur honum eða mægður að feðgatali eða niðja eða í annan lið til hliðar. — **94. gr.** Stefnu skal birta á virkum degi, nema birting þoli ekki bið, frá lokum níundu stundar til loka 21. stundar. Þó má birting löglega fara fram á öðrum tímum sólarhrings, ef það er nauðsynlegt til að ná skemmsta lögmæltum fresti. — **95. gr.** Birta má sáttakæru eða stefnu á lögheimili stefnds, skrifstofu hans eða vinnustofu. Nú á stefndur fleiri lögheimili en eitt, og er þá rétt að birta stefnu á öðru eða einhverju þeirra. Ef stefndur á hvergi lögheimili, má birta stefnu á dvalarstað hans. Ef hann hefir ekki heldur dvalarstað, er rétt að birting fari fram þar, sem hann er að hitta. Stefnu samkvæmt 80. gr. má birta í þinghá, þar sem mál má höfða og þar sem stefndur hefst við eða hafðist við.[b]) — Nú er ókunnugt, hvar birta skuli, eða birta skal óákveðnum mönnum, og skal þá stefna eða önnur tilkynning birt í auglýsingablaði landsstjórnarinnar. — Nú þarf að birta stefnu eða aðra tilkynningu ólögráðum manni, og skal þá fara sem lögráðandi hans væri aðili, nema sjálfur eigi hann forræði á sakarefni.[c]) — Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu eða skrásetningarskyldu firma eða félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili eða þar, sem það skyldi skrásett. — Ef birta þarf félagi annars eða stofnun, má birting fara fram í skrifstofu félags eða

a) XXIII, 400. — b) VII, 296—7. — c) III, 296, VIII, 184—6, IX, 221, XXIII, 124, XXV, 139. — d) XX, 70. — e) III, 205, IV, 262—3. — f) XXIII, 180 (frávísun vegna skorts á stefnu). — g) XVII, 129.

a) V, 694. — b) II, 916—17, IV, 703. — c) II, 243.

1936 Nr. 85 23. júní

stofnunar eða heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns stjórnar þess eða hennar. — Stefnu eða aðrar tilkynningar til ríkisvaldsins eða ríkisstofnana má birta í skrifstofu, heimili eða vinnustofu þess, er svarar fyrir ríkisvaldið eða stofnunina, og ef fyrirsvarsmenn eru fleiri en einn, er nóg að birta fyrir formanni þeirra, eða, ef allir þeirra eru jafnsettir í stjórn eða fyrirsvari, fyrir einhverjum þeirra. — Ef birta þarf stefnu eða tilkynningu fyrir hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd eða einstökum nefndum í stjórnum þessum, er birting á heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns nægileg.[a] — Ef skipstjóra er stefnt fyrir hönd útgerðar eða skips, má birta stefnu úti í skipinu. — **96. gr.** Birta skal stefnur og aðrar tilkynningar fyrir stefndum sjálfum, ef þess er kostur, enda verður máli aldrei vísað frá, ef birting hefir farið fram fyrir aðilja sjálfum, hvar sem birt hefir verið.[b] — Ef birting fer fram á heimili manna, skal annars birta þeim, er til sama heimilis teljast, en ef ekki er þeirra kostur, þá skal birta sambýlisfólki hans eða þeim að lokum, er þar kunna að hittast. Samsvarandi er, ef birting fer fram á dvalarstað, skrifstofu, vinnustofu eða skipi.[c] — Jafnan skal afhenda þeim, er stefna, sáttakæra eða önnur tilkynning er birt, eftirrit af því, sem birt er, á kostnað þess, er birta lætur.[d] — Hver, sem tekur við eftirriti, er skyldur, að viðlagðri 10—200 króna sekt, að afhenda viðkomanda eftirrit, eða ef þess er ekki kostur, þeim, er líklegastur er til að fá honum það nægilega tímanlega.[e] — **97. gr.** Nú sækir maður sáttafund eða dómþing og krefst frávísunar vegna galla á birtingu sáttakæru eða stefnu, og skal þá ekki vísa máli frá, nema tvímælis orki, að hann sé sá maður, er stefna átti. — **98. gr.** Nú verður mál dæmt, enda þótt stefndur hafi sér að vítalausu ekki fengið vitneskju um, að honum var stefnt í aðalmáli eða aukamáli í sambandi við það, eða ekki stefnt svo tímanlega, að hann mætti dómþing sækja, og er honum þá rétt að gera fyrir æðra dómi allar þær kröfur og koma fram öllum þeim vörnum og gögnum leyfislaust, er honum myndi hafa verið rétt að hafa uppi fyrir hinum óæðra dómi, ef hann hefði átt þess kost.[f] — **99. gr.** Ef stefndur á heimili eða dvöl í þinghá, þar sem mál skal þingfesta, þá ber honum 1—6 sólarhringa frestur. — Nú á stefndur heimili eða dvöl utan þinghár, þar sem mál skal þingfesta, en þó innan takmarka sama sýslufélags, og skal stefnufrestur þá vera 1—2 vikur. Kaupstaðirnir Reykjavík og Hafnarfjörður eru í þessu sambandi taldir innan sama sýslufélags. — Nú á stefndur heimili eða dvalarstað hér á landi, en utan sýslufélags, þar sem mál skal þingfesta, og skal stefnufrestur þá vera 1—6 vikur. — Ef stefndur á heimili eða dvalarstað erlendis, skal stefnufrestur vera 1—3 mánuðir.[a] — Nú er ókunnugt um heimilisfang stefnda eða dvalarstað, og fer þá um stefnufrest samkvæmt 3. og 4. málsgr., eftir því sem við á. — **100. gr.** Ákvæði 99. gr. taka til allra einkamála í héraði, þar á meðal til vitnamála, matsmála og skoðunar og eiðsmála, nema sérstök undantekning sé gerð í lögum. — Ef stefna skal aðilja aðalmáls í meðalgöngumáli eða gagnsök, til vitnaleiðslu eða í matsmáli eða skoðunar, til þess þings, sem aðalmálið er flutt á, er nægilegt að birta stefnu samkvæmt 99. gr. fyrir aðilja sjálfum eða umboðsmanni hans 3 sólarhringum áður en aðalmálið skal fyrir tekið næst á eftir.[b] En ef mál þessi skulu fara annarsstaðar fram, má birta aðilja eða umboðsmanni hans stefnu með þeim fyrirvara, sem þeim þeirra ber, er skemmstan fyrirvara má veita. — **101. gr.** Innan takmarka 99. gr. ákveður dómari stefnufrest, þegar hann gefur út eða ritar á stefnu, ella aðili sjálfur. Ákvörðun dómara um stefnufrest verður ekki skotið til æðra dóms. Ef stefndur mætir, enda þótt stefnufrestur hafi verið settur eða verði of skammur, skal ekki vísa máli frá dómi. — **102. gr.** Birtingar eða tilkynningar, er dómari lætur fram fara samkvæmt lögum þessum, getur hann framkvæmt með símskeyti eða einum stefnuvotti.

IX. kafli. — Almennar reglur um málsmeðferð.[c] — **103. gr.** Mál er talið höfðað, þegar sáttakæra, þar sem mál er lagt til sáttamanna, hefir verið birt, en ella, þegar dómstefna hefir verið birt, eða ef verjandi mætir óstefndur, þegar sækjandi gerir kröfu fyrir sáttamönnum eða dómi um fyrirtöku máls og verjandi tjáir sig þeirri kröfu samþykkan. — **104. gr.** Mál er þingfest með framlagningu stefnu í dóm, eða, þegar verjandi mætir óstefndur, með kröfu sækjanda

a) I, 220. — b) V, 834. — c) V, 684, 688, 809, XXI, 114. — d) VII, 315, XXIII, 359, 553, 555, 558. — e) XI, 98. — f) XXI, 400.

a) I, 429. — b) XII, 295. — c) Ýmiskonar vanræksla héraðsdómara á að gæta ákvæða IX. kafla hafa ýmist varðað ómerkingu eða aðfinnslum, en fárra dóma einna er getið hér á eftir.

um fyrirtöku máls og samþykki verjanda á þeirri kröfu, og með þar tilheyrandi bókun í þingbók. — Gagnkrafa til skuldajafnaðar er þingfest, þegar hún er gerð fyrir dómi. — Nú hefir krafa verið þingfest, og verður þá ekki krafizt dóms um hana í öðru máli, meðan henni hefir ekki verið vísað frá dómi. Ef dóms er krafizt um þannig þingfesta kröfu í öðru máli, skal vísa því frá dómi.[a] — **105. gr.** Sækjanda ber þegar eftir þingfestingu að leggja fram í dóm þau skjöl, er málatilbúnað hans varða, og þau, er hann byggir kröfur sínar annars á. Ef verjandi mætir óstefndur, ber sækjanda þegar að leggja fram skriflegar kröfur og greinargerð málsatvika, nema þeim sé nægilega lýst í sáttakæru.[b] — Dómari getur veitt frest til framlagningar skjala og greinargerðar samkvæmt 1. málsgr., ef aðiljar eru á frest sáttir, og ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn framlagningar skjala eða greinargerðar þegar í stað eða dómari má ekki lengja þingið þess vegna að því sinni. — Úrskurði um fresti verður aðeins haggað með kæru samkvæmt ákvæðum 199. gr., enda hvílir þá aðalmálið á meðan, eftir því sem við á.[c] — **106. gr.** Þá er sækjandi hefir gert kröfur og lagt fram skjöl samkvæmt 105. gr., ber verjanda, nema hann fái frest samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar, að tjá sig um hverja einstaka af kröfum sækjanda, lýsa málavöxtum frá sínu sjónarmiði, leggja fram þau skjöl, er hann telur stoða sitt mál, og gera kröfur sínar.[d] — Ef dómara ber að leita sátta í máli, gerir hann það venjulega þegar er verjandi hefir tjáð sig um málið samkvæmt 1. málsgr., en rétt er þó að fresta sáttatilraun, ef dómari telur það heppilegt, enda getur hann tekið upp sáttatilraun síðar, svo og leitað sátta af nýju, þótt mál hafi fyrir sáttamenn komið, ef hann telur sáttatilraun vænlega til árangurs.[e] — **107. gr.** Nú samþykkir verjandi kröfur sækjanda í einu og öllu, en þó verður sáttar ekki auðið, og er þá málflutningi lokið. — **108. gr.** Ef ekki verður af sátt, né heldur samþykkir verjandi kröfur sækjanda samkvæmt 107. gr., þá skal dómari ganga úr skugga um það, hvort nokkrir þeir gallar muni vera á málatilbúnaði eða hvort sakarefni muni vera svo vaxið, að varða muni frávísun án kröfu. Jafnframt innir dómari verjanda eftir því, ef honum finnst ástæða til, hvort hann hafi nokkuð út á málatilbúnað að setja, er varða kunni frávísun eftir kröfu hans. Ágreining um frávísunarkröfu sækja aðiljar og verja munnlega þegar í stað, nema dómari telji sérstaka ástæðu til að veita frest.[a] — Ef mál skal sæta frávísun án kröfu, kveður dómari þegar upp frávísunardóm. Ef frávísunarkrafa kemur fram, kveður dómari upp úrskurð eða dóm um hana áður en tekið er til meðferðar máls að efni til framar en í 105. og 106. gr. segir, nema krafan byggist á ástæðum, er jafnframt varða efni máls og ekki þykja fram komnar nægar upplýsingar um málavöxtu að því leyti.[b] — Nú hrindir dómari frávísunarkröfu með úrskurði sínum, og er hann þá ekki bundinn við þann úrskurð, þegar lúka skal dómi í málinu, ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um þau atriði, er úrskurðuð voru. Synjunarúrskurði má þegar skjóta til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr., og hvílir þá málið á meðan.[c] Annarskostar verður slíkum úrskurði ekki haggað í æðra dómi, nema vísa hefði átt máli frá héraðsdómi, þótt engin krafa hefði komið fram í þá átt. — Frávísunardómi verður og aðeins haggað með kæru eftir 199. gr.[d] — Ef æðri dómur fellir synjunarúrskurð um frávísunarkröfu úr gildi, er málinu, eða þeim hluta þess, er dómsorð æðra dóms varðar, þar með lokið fyrir héraðsdómi. Nú fellir æðri dómur frávísunardóm að öllu leyti eða einhverju úr gildi, og skal héraðsdómari þá taka málið þegar upp af nýju, samkvæmt ákvæðum æðra dóms, í því ástandi, sem það var í, þegar hann tók það undir dóm, jafnskjótt sem aðili lætur honum úrlausn æðra dóms í té, enda tilkynni hann aðiljum stað og stund til endurupptökunnar.[e] — **109. gr.** Nú hefir verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi, og skal dómari þá kveða á um það, hvort flytja skuli mál skriflega eða munnlega, en breyta má hann þeirri ákvörðun eftir að gagna hefir verið aflað, ef það virðist þá heppilegt.[f] Ákvörðun dómara um þessi atriði má kæra til æðra dóms, og frestar

1936 Nr. 85 23. júní

a) V, 205, XVIII, 29, (390), XX, 1, 190, XXI, 314, 312, XXIII, 22. — b) XII, 186, XXII, 214, XXIII, 124, XXIV, 188, 263. — c) T. d. XVII, 186, 312, 440, XVIII, 701, XXI, 111—12, XXII, 374—5, XXIII, 299, 394. — d) XII, 186. — e) XX, 136, XXIII, 131, XXV, 157.

a) XVIII, 370, 567, XX, 70. — b) XII, 295, XIII, 48, XXIII, 73. — c) XI, 333, 352, 486, XVII, 378, XIX, 421, XX, 1, 74, XXII, 246, XXIII, 641, XXIV, 272, 494. — d) XII, 295, XVI, 406, XVII, 10, 9, 608, XVIII, 216, XXI, 113, 314, XXIII, 175, 385, 388. — e) IV, 11, VII, 109, VIII, 227. — f) XII, 186, 320, XVI, 438, XVII, 134, 256.

kæra málaflutningi, en nota skal þó tímann, sem kæran tekur, til öflunar gagna samkvæmt 110. og 111. gr. — Mál skal munnlega flytja. Dómari getur þó leyft skriflegan málflutning: 1. Ef hann telur hættu á því, að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi. 2. Ef annarhvor aðilja eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.[a]) — **110. gr.**[b]) Nú er mál skriflega flutt, og veitir dómari aðiljum þá fresti til að afla gagna eftir þörfum, þar á meðal skýrslna aðilja sjálfra, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal málflutningur ekki hefjast fyrr en telja má öflun gagna lokið. Báðum aðiljum ber að nota sama frest jöfnum höndum, eftir því sem við verður komið, til öflunar gagna. Þó getur dómari veitt frest til að afla nýrra gagna eftir að öflun þeirra hefir verið talið lokið, og eftir að sókn og vörn var byrjuð, ef einhver atriði í þeim veita efni til þess, eða ef ekki hefir áður verið unnt að afla gagna þeirra, er nú þykir víst eða líklegt, að fram muni koma, eða þeirra hefir ekki orðið aflað vegna leiðbeiningaskorts af hálfu dómara. Aldrei má dómari veita fresti, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs um upplýsingar varðandi málsatriði, enda hafi aðili ekki haft áður nægilega fresti í sama skyni. Staðhæfingar um málsatvik og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt sem tilefni verður til.[c]) Annarskostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana. Eftir að öll gögn eru fram komin, má aðili tvisvar flytja sókn eða vörn, nema dómari sjái, að hann þurfi þess oftar vegna skorts á leiðbeiningum. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á. — **111. gr.** Ef mál skal flytja munnlega, veitir dómari fyrst nauðsynlega fresti til að afla gagna samkvæmt fyrirmælum 110. gr. Aðilja ber að leggja fyrir dómara frumrit eða eftirrit þeirra gagna, er aflað hefir verið, svo fljótt sem verða má, áður en munnlegur málflutningur hefst. Ákveður dómari stað og stund til flutnings málsins, annaðhvort í því þinghaldi, er öflun gagna lýkur, eða síðar, enda tilkynni hann þá á-

a) XVI, 84, XXI, 302, 301, XXII, 130. — b) II, 36, 1055, IV, 360, 576, 762, 618, V, 675, VI, 4, XVI, 445, XVII, 134, XXIII, 120. — c) VI, 87, X, 405, 539—40, XII, 52, XIV, 178, XVII, 116, 155, 159, 157, XVIII, 198—9, 419, XX, 48, 185, XXI, 300, (400), XXIV, 570, 623, XXV, 191.

kvörðun sína aðilja eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.[a]) — **112. gr.** Rétt er, að talað sé tvisvar af hálfu hvors (hvers) aðilja. Dómari getur leyft aðiljum sjálfum að gera athugasemd eftir að umboðsmaður hans hefir lokið málflutningi. Dómari stýrir umræðum og gætir þess, að ræðumaður haldi sér við efnið og að málflutningur verði sem gleggstur og sæmilegastur. Getur dómari svipt þann málfrelsi, er ekki lagar sig eftir áminningum hans. — **113. gr.** Dómari má ekki fara út fyrir kröfur aðilja í dómum sínum né úrskurðum, nema um atriði sé að tefla, er hann skal taka til greina af sjálfsdáðum.[b]) Kröfum, sem ekki getur í stefnu, skal vísa frá dómi, nema tækifæri hafi verið til að koma þeim að með framhaldsstefnu eða gagnaðili samþykki framkomu þeirra.[c]) Samsvarandi er um hækkanir á kröfu eða aðrar breytingar gagnaðilja í óhag, sem ekki hafa heimild í stefnu. Ekki má dómari heldur byggja niðurstöðu sína á málsástæðum eða mótmælum, sem koma hefðu mátt fram, en hafa ekki gert það í meðferð málsins, sbr. 120. gr. Nú kemur málsástæða fram í skjali, en aðili hreyfir henni þó ekki sérstaklega í sókn eða vörn, og metur dómari það þá eftir atvikum hverju sinni, hvort slík málsástæða geti komið til greina.[d]) Með sama hætti metur dómari það, hvort þögn aðilja í sókn eða vörn við staðhæfingu eða kröfu gagnaðilja skuli meta sem samþykki eða ekki. — **114. gr.** Aðiljum ber að gefa eftir föngum glöggar og greinilegar skýrslur og yfirlýsingar fyrir dómi.[e]) Dómara ber að fylgjast með málinu í öllum atriðum og spyrja aðilja eða umboðsmenn þeirra um hvert það atriði, er honum þykir óljóst og máli kann að skipta, á hvaða stigi máls sem er, og kosta kapps um, að yfirlýsingar þeirra og skýrslur verði nægilega glöggar.[f]) Í þessu skyni getur dómari kvatt aðilja fyrir dóm af sjálfsdáðum, ef aðili sætir lögsögu hans eða ef aðilja væri skylt, ef hann væri vitni í málinu, að koma fyrir dómara þess samkvæmt 124. gr., en annarskostar biður dóm-

a) VIII, 159, X, 425, XIV, 178, XVIII, 419, XIX, 101. —b) IV, 783, VIII, 545, X, 425, 432, XI, 188, XVI, 152, 211 (máli ekki gagnáfrýjað), XXIII, 471, XXIV, 457, XXV, 121. — c) XXIII, 670, 677, 668, XXIV, 497. — d) VIII, 174, 653, 660, XI, 487, XIII, 32, XVII, 157, XX, 62, XXIII, 597, 631. — e) Ófullnægjandi greinargerðir, vanreifun, X, 300, XV, 75, 349, (XVI, 136), XIX, 235, XXIV, 627, XXV, 12. — f) T. d. X, 499, XIII, 77, XIV, 2, 74, XVI, 278.

arinn þann héraðsdómara, er lögsögu hefir yfir aðilja, að kveðja hann fyrir sig til að gefa skýrslu um þau tiltekin málsatriði, sem þörf þykir vera, ef aðili vill ekki gefa skýrslu fyrir dómara málsins. Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera.[a]) Dómari getur beint því til aðilja, að afla gagna um tiltekin málsatriði, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera, til skýringar máli. — **115. gr.** Dómara þeim, er með málið fer, er skylt að taka við skýrslu hvers þess aðilja, er óskar að gefa skýrslu fyrir dómi um málavöxtu, nema skýrslan sé sýnilega þarflaus eða þýðingarlaus.[b]) Undir sama skilorði hvílir sama skylda á dómara, sem lögsögu á yfir aðilja, ef dómari málsins á ekki lögsögu yfir honum. — Eftir kröfu aðilja, og undir sama skilorði sem í 1. málsgr. segir, skal dómari kalla gagnaðilja sjálfan fyrir dóm, eða ef hann sætir ekki lögsögu hans, biðja þann dómara, er hana hefir, að gera það, til að gefa skýrslu um málsatriði eða að skýra nánar framkomin ummæli. — Nú gefur aðili skýrslu fyrir dómi, og getur þá bæði dómari og gagnaðili beint til hans spurningum, enda sker dómari úr um ágreining varðandi skyldu hans til að svara. Einnig er þeim aðilja, er skýrslu gefur samkvæmt 1. eða 2. málsgr., heimilt að beina spurningum í sama þinghaldi til gagnaðilja síns eða umboðsmanns hans um hvert það málsatriði, er honum virðist þurfa skýringar við, og með sama skilorði sem í 1. málsgr. segir. — Dómari stýrir skýrslugjöfum aðilja í hvívetna. — Dómari tilkynnir aðiljum hverju sinni og eftir því, sem við á, hvar og hvenær þeir skuli koma fyrir dóm samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. — Ef aðili er forfallaður eða tími eða kostnaður sparast við það, getur dómari ákveðið, að aðili gefi skýrslu á heimili sínu eða dvalarstað. — Sem aðili er eftir þessari grein skoðaður lögráðandi ólögráða manns, forstjóri fyrirtækis, félags eða stofnunar og fyrirsvarsmenn opinberra hagsmuna. — **116. gr.** Nú fullnægir aðili ekki ákvæðum 105., 106., 114. eða 115. gr., og getur dómari þá, eftir að hann hefir árangurslaust bent honum á það, er ábótavant þykir, vísað máli frá dómi, eða skýrt þögn aðilja, ófullnægjandi svör eða vanrækslu á að koma fyrir dóm á þann hátt, sem gagnaðilja er hagfelldast, svo og lagt skýrslur hans til grundvallar málsúrslitum, eftir því sem við á og samrýmanlegt er því, sem fram er komið að öðru leyti í málinu.[a]) — **117. gr.** Nú eru rekin fyrir sama dómi fleiri mál en eitt út af sama réttarsambandi milli sömu eða annarra aðilja að nokkru eða öllu, og getur dómari þá ákveðið, að þau skuli sameina og flytja í einu lagi, ef honum virðist það horfa til skýringarauka eða annars hagræðis. Undir sama skilorði getur dómari ákveðið, að kröfur, sem sóttar eru í einu máli, skuli skildar að og fluttar hvor (eða hver) í máli sér, ef þær eru ekki af sömu rót runnar. — Dómari getur frestað máli af sjálfsdáðum, ef hann fær grun um það, að refsivert athæfi hafi verið framið, sem opinbert mál hefir verið höfðað eða opinber rannsókn verið hafin út af, og telja má, að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins, þar til séð er fyrir enda opinbera málsins eða rannsóknarinnar. Með sama hætti má fresta máli, ef annað einkamál hefir verið höfðað út af efni, er varðar verulegu um úrslit þess, eða það efni hefir verið réttilega lagt til úrlausnar stjórnarvalda, unz úrlausn þess efnis er fengin.[b]) — **118. gr.** Ef sækjandi mætir ekki fyrir dómi, er mál hans skal þingfesta, er málatilbúnaður hans ónýtur. Ef sækjandi mætir ekki, er þing skal síðar heyja um mál hans, þá skal hefja það. Auk málskostnaðar til verjanda, ef hann hefir komið fyrir dóm, getur dómari úrskurðað sækjanda að greiða ferðakostnað sinn, ef því er að skipta.[c]) — Ef verjandi mætir ekki, þegar mál er þingfest, skal mál jafnan flytja skriflega og dæma það eftir kröfum sækjanda og málsútlistun, að því leyti, sem samrýmanlegt er framkomnum skilríkjum, nema gallar séu á málatilbúnaði, er frávísun varða, eða sakarefni það má ekki sæta úrlausn dómsins.[d]) Nú sækir verjandi ekki þing síðar, er mál skal fyrir tekið, og skal það þá skriflega flutt, þótt munnlegur málflutningur hafi verið ákveðinn. Að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera til að hnekkja því, sem fram kann að hafa komið af hálfu

a) IV, 182, VI, 462—3, IX, 50, X, 43, XI, 272, 479, 487, XII, 80, XVI, 130, XVII, 474, XVIII, 224, 244, XIX, 557, XXIII, 65, 178, XXV, 139. — b) XIII, 77, Féld. II, 54.

a) X, 369, XVI, 278, XXII, 108, 215. — b) XII, 333, XIV, 10, XVII, 435, 505, XIX, 343, 434, XXII, 187. — c) XVII, 125, XXI, 312. — d) T. d. XII, 99, (XXV, 169). —d) II, 1153.

verjanda, getur sækjandi þá fengið frest til að afla gagna eða flytja sókn. Dæma skal það mál eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, sem fram kann að hafa komið af hálfu verjanda. — Nú er dómara kunnugt, að aðili mætir ekki vegna forfalla, og frestar dómari þá máli, enda tilkynnir hann þá aðiljum, hvar og hvenær það verði næst fyrir tekið til þingfestingar eða framhaldsaðgerða.[a]) Nú hefir aðili sem ekki hefir mætt í máli sínu, annars haft forföll, og getur hann þá snúið sé til dómara með sönnun fyrir þeim og skriflegri beiðni um endurupptöku máls, enda sé ekki þegar kveðinn upp dómur í því.[b]) Tekur dómari þá mál upp af nýju frá því, er aðili mætti síðast í því, eða frá því, er það skyldi þingfesta, ef sækjandi hefir þá ekki mætt, og tilkynnir aðiljum stað og stund þinghaldsins. — Forföll í þessu sambandi teljast atvik þau, er í 9. gr. segir, þannig að þau taka til aðilja, ef hann fer sjálfur með mál sitt, en ella til umboðsmanns hans, enda hafi hvorugur átt þess kost að senda annan í stað sinn eða tilkynna dómara forföll sín með öðrum hætti.[c]) — Ákvæði greinar þessarar taka og til gagnsaka, meðalgöngusaka og einstakra aukadómsathafna, er í sambandi standa við aðalmálið, eftir því sem við á. — **119. gr.** Hefja skal mál: 1. Ef verjandi leggur fram í dómi fulla greiðslu þess, sem hann er krafinn um í málinu, þar á meðal þess málskostnaðar, sem dómari ákveður. 2. Ef sækjandi mætir ekki samkvæmt 1. málsgrein 2. málsl. 118. gr.[d]) 3. Ef aðiljar verða á það sáttir. 4. Ef verjandi mætir ekki, en sækjandi krefst þess, að mál verði hafið. 5. Ef sækjandi krefst þess, enda þótt verjandi mótmæli því, ef hann hefir krafizt frávísunar, eða dómari hefir tjáð sækjanda samkvæmt 1. málsgr. 108. gr., að máli muni verða vísað frá dómi. — Dómari getur hafið mál: 1. Ef sækjandi greiðir ekki lögmælt gjöld samkvæmt kröfu dómara.[e]) Samsvarandi gildir um aukamál, svo sem vitnaleiðslur, eftir því sem við á. 2. Ef sækjandi hegðar sér svo ósæmilega fyrir dómi, að mál verður ekki sæmilega flutt. — Ákvörðun um hafningu máls sætir kæru samkvæmt 199. gr.

a) II, 1153. — b) XI, 412, XVIII, 557, XXIII, 486. — c) VIII, 397, XI, 412, XXIII, 1, 488. — d) XVII, 125. — e) XI, 326—7.

— **120. gr.**[a]) Nú verður dómari þess var eftir dómtöku máls, að verulega brestur á skýrleik í yfirlýsingum aðilja eða upplýsingar um málavöxtu að öðru leyti, og skal hann þá, ef bresturinn virðist stafa af því, að ákvæða 114. eða 115. gr. hefir ekki verið nægilega gætt, kveðja aðilja fyrir dóm og beina þeim spurningum til þeirra, er hann telur svars þurfa við, og ef því er að skipta, benda þeim á nauðsyn á öflun nýrra gagna. Ef aðili fellst á að afla nýrra gagna eða fresta er þörf til að útvega nýjar skýringar að öðru leyti, frestar dómari málinu í því skyni. Að því loknu getur dómari veitt aðiljum kost á að sækja mál og verja af nýju. — Ef málsskjöl glatast í vörzlum dómara eftir dómtöku, kveður hann aðilja fyrir sig, ef nauðsyn þykir til, til þess að endurflytja mál, eftir því sem kostur verður.

X. kafli. — Um sönnun og sönnunargögn. — **121. gr.** Dómari sker úr því í dómi eða úrskurði, er kann að þurfa að kveða upp um einstök atriði, hvor aðilja skuli bera halla af skorti á sönnun fyrir staðhæfingu um málsatvik, sem nægilega er mótmælt og ekki er alkunnugt á þeim stað og tíma, um venjur, erlendar réttarreglur og annað, er sanna þarf.[b]) — **122. gr.** Dómari sker úr því eftir mati á öllu því, sem fram hefir komið um atriði þau, er í 121. gr. segir, hvort staðhæfing um þau skuli talin rétt eða ekki, nema einstök fyrirmæli laga bindi hann sérstaklega um mat í þessum efnum. — **123. gr.** Yfirlýsing aðilja, er felur í sér ráðstöfun á sakarefni, bindur hann eftir reglum um gildi loforða. — Skýrsla aðilja fyrir dómi um málsatvik, sem honum er kunnugt um af eigin raun og af fullum skilningi gefin, skal að jafnaði lögð til grundvallar um það atvik, ef hún er í aðalatriðum þeim aðilja óhagstæð, enda sé ekkert fram komið, er hnekki henni eða veiki hana verulega. Ef slík skýrsla er aðilja að sumu leyti í óhag, en að öðru leyti í hag, metur dómari það

a) Beitt ýmist beint eða fyrir lögjöfnun, IX, 714, X, 364, XI, 44, 84, 254, 412, XII, 148, 183, 265, XIII, 82, XVI, 280, 295, XVII, 34, 258, 414, XIX,555, XXI, 158, 179, 415, XXII, 125—6, XXIII, 411 (kæra), Féld., II, 145, 172. — b) T. d. IV, 207, VI, 228—9, VII, 453, 495, IX, 389, 388, 689, X, 221, 218, 246, XII, 154, XIV, 294, XV, 329, XVI, 221, 225, 288, 339, 391, 388, XVII, 162, 174, 590, XVIII, 25, 43, 63, 436, XIX, 146, 455, 477, XX, 28, 42, 345, XXI,51, 60, 106, 129, 133, 196, 218, 283—4, 428, 457, 463, XXII, 18, 90, XXIII, 168, XXIV, 72, 410, 670, 679, XXV, 37, 38.

eftir atvikum hverju sinni, hvort hana skuli taka til greina að öllu, einhverju eða engu leyti. Sönnunargildi skýrslu aðilja utan réttar metur dómari með sama hætti. — **124. gr.**[a]) Hverjum 15 ára gömlum manni, karli sem konu, sem hér á landi er og eigi er aðili máls eða fyrirsvarsmaður samkvæmt 7. málsgrein 115. gr., er skylt að koma fyrir dóm á varnarþingi sínu samkvæmt 73. gr., eða utan þess, ef ekki er yfir 70 kílómetra veg á landi að fara, eða 30 kílómetra á sjó, enda séu þá reglulega fastar og tíðar áætlunarferðir milli þingstaðar og heimilis vitnis, eða samanlagt 70 kílómetra leið á sjó og landi, og svara munnlega spurningum, sem til hans er beint um málsatvik, eftir beztu getu, og draga ekkert undan, sem hann getur frá skýrt þeim til skýringar, enda hafi honum verið löglega stefnt eða komi hann óstefndur fyrir dóm. — Nú má vitni ekki koma á þingstað vegna forfalla samkvæmt 9. gr., og má þá vitnaleiðsla fara fram annarsstaðar, þar sem kostur er að taka skýrslu af vitninu. — Ef þess er krafizt, getur dómari vitnamáls úrskurðað vitni skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl eða aðra hluti, eða athuga bækur sínar og skjöl eða aðra muni og gera útdrátt úr þeim til upplýsingar um málsatvik. — **125. gr.** Rétt er vitni að skorast undan að gefa skýrslu að öllu leyti eða einhverju eða að staðfesta skýrslu sína: 1. Ef aðili er, eða hefir verið, maki þess, er unnusti þess eða unnusta, skyldur því að feðgatali eða niðja, stjúpforeldri eða stjúpbarn, tengdaforeldri eða tengdabarn, systkini þess, kjörforeldri eða kjörbarn. Sama undanþágurétt getur dómari veitt fósturforeldri og fósturbarni, eftir því hversu náið sambandið má telja hverju sinni. — Undanþágurétturinn samkvæmt framansögðu gildir þó ekki, ef óhjákvæmilegt reynist að leiða vitnið til skýringar málsatviki, er verulegu máli skiptir, og eigi hefir verið eftir eðli málsins unnt að tryggja sönnun fyrir því með öðrum hætti. — 2. Ef svar við spurningu fyrirsjáanlega veldur vitni sjálfu eða venzlamönnum þess samkvæmt 1. tölul. verulegu fjárhagstjóni eða alvarlegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki.[b]) Vitni er þó skylt að svara spurningu um hug þess til aðilja eða um hegðun sína undanfarið, að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera að fá upplýsingar um slíkt vegna sönnunargildis vitnisburðar þess. — Undanþágurétturinn samkvæmt 1. og 2. tölulið gildir ekki: a. Ef vitni hefir verið vottur að samningagerð eða loforði samkvæmt tilkvaðningu viðkomanda, og er nú krafið skýrslu um þau efni. b. Ef vitni er krafið upplýsinga um fæðingu, hjúskap eða andlát áðurnefndra venzlamanna sinna, eða um athafnir sínar eða þeirra varðandi þau fjármál þeirra, er á venzlunum byggjast. — 3. Ef spurning er óákveðin eða óljós eða svar við henni er sýnilega þýðingarlaust fyrir málið.[a]) — 4. Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslun og upplýsa má með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.[b]) — Dómara ber að vekja athygli vitnis á undanþágurétti þess áður en yfirheyrsla hefst, eða um leið og spurningu á að leggja fyrir það, sem því kann að vera óskylt að svara. — **126. gr.** Vitni er óheimilt, nema sá leyfi, sem með á, að svara spurningum um atriði: 1. Ef það hefir komizt að vitneskju um það í embætti sínu eða sýslan og það á vegna hagsmuna almennings eða ríkisins að fara leynt.[c]) — 2. Ef það varðar öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál, er leynt skal fara.[c]) — 3. Ef embættismaður eða sýslunar hefir komizt að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan, og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það.[d]) — 4. Ef vitni hefir í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar komizt samkvæmt stöðu sinni að leyndarmáli um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk vinnuveitanda síns. — 5. Sá, er ber ábyrgð á innihaldi prentaðs rits eða blaðs að lögum, má ekki skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur að riti, grein eða frásögn, sem í riti eða blaði hefir birzt, án þess að höfundur væri nægilega nafngreindur. — Ef hagsmunir ríkis eða almennings heimta það, skal vitni þó gefa skýrslu um atriði þau, er í 3.—5. tölul. greinir. — **127. gr.** Bannað er að láta vitni staðfesta skýrslu sína fyrir dómi: 1. Ef það hefir ekki náð 15 ára aldri. — 2. Ef því er svo vitsmuna vant, að það beri ekki skyn á helgi eða þýðingu staðfestingarinnar, að því er ætla má

a) X, 499, (XV, 329, fundið að framlagningu vottorða), (XXIII, 77). — b) XXIV, 33.

a) V, 534, XII, 81, XVI, 442, XVIII, 122, 120, XX, 84. — b) (XIV, 415), XIX, 276. — c) XX, 404. — d) XVII, 602, XIX, 438, (XIV, 418).

1936 Nr. 85 23. júní

eða vitað er.[a]) — 3. Ef það er undir opinberri rannsókn eða ákæru fyrir vísvitandi rangan framburð fyrir dómi, staðfestan eða óstaðfestan, eða hefir þolað refsidóm fyrir slík brot. — Dómari getur synjað að láta vitni staðfesta framburð sinn fyrir dómi: 1. Ef það hefir reynzt óstöðugt í framburði sínum eða er svo riðið við málið eða aðilja, eða málið skiptir að öðru leyti venzlamenn þess svo verulega sem í 2. tölul. 125. gr., sbr. 1. tölul., segir, að staðfestingu má telja varhugaverða.[b]) — 2. Ef ráða má af undanfarinni hegðun þess, að það muni ekki virða helgi eða þýðingu staðfestingarinnar nægilega. — **128. gr.** Þeim, sem undanþágu krefst samkvæmt 125. gr., ber við heimildarskorti eftir 126. gr. eða andmælir staðfestingu eftir 127. gr., ber að leiða sönnur að staðreyndum þeim, er máli skipta í því sambandi, nema þær séu alkunnar eða dómari sjái, að þær séu á rökum byggðar. Dómari getur og leyft vitni að staðfesta sögusögn sína um slíkar staðreyndir fyrir dómi, svo og þeim aðilja eða tilkvöddum þriðja manni, er heimildarbrest samkv. 126. gr. eða vanhæfi til staðfestingar samkvæmt 127. gr. staðhæfa. — Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í 125.—128. gr. segir, og hvað annað, er varðar vitnamálið sjálft.[c]) — Yfirlýsing fyrir vitnadómara um, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar. — Úrskurði verður einungis haggað með kæru samkvæmt 199. gr.[d]) —**129. gr.** Dómari aðalmálsins metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, og á hann í því sambandi að athuga alla aðstöðu vitnis til aðilja, hagsmuni vitnis eða venzlamanna þess af málsúrslitum, undanfarna hegðun vitnis, andlegan og líkamlegan þroska þess, áreiðanleik skynjana þess á málsatviki, minni þess, ástand þess og hegðun, þegar vitnaleiðsla fór fram, öruggleika þess og skýrleik í svörum, samræmi í frásögnum o. s. frv.[e]) — Nú gefa tvö eða fleiri óaðfinnanleg vitni samhljóða skýrslu í öllu verulegu um sömu staðreynd, er þau hafa samtímis skynjað, og skal þá að jafnaði telja fram koma fulla sönnun um þá staðreynd, enda komi ekkert fram í málinu, er verulega veiki skýrsluna. — **130. gr.** Í stefnu til vitnis skal greina nöfn aðilja samkvæmt 88. gr. og nöfn vitna með sama hætti, stað og stund þinghalds, og kalla vitnið til að koma fyrir dóm, að viðlagðri lögmæltri refsingu, ef vitnaskyldunni verður ekki fullnægt. — Ekki þarf að stefna vitnum, er áður hafa gefið skýrslu í því máli, og ekki þarf heldur að stefna þriðja manni, þótt nafn hans kynni að verða nefnt í yfirheyrslu eða bókun. — Nú mætir vitni ekki, og getur dómari þá bókað í þingbók ákvörðun sína um, að það skuli koma fyrir dóm á ákveðnum stað og stundu, að viðlagðri refsingu lögum samkvæmt, og getur aðili síðan látið birta vitni eftirrit af slíkri ákvörðun í stað venjulegrar stefnu. — **131. gr.** Ef vitni kemur fyrir dóm, en getur ekki fullnægt vitnaskyldu sinni sakir ástands síns þá, t. d. vegna ölvunar, geðshræringar o. s. frv., þá getur dómari frestað vitnaleiðslu að því leyti, svo og gert þær ráðstafanir til meðferðar á vitninu, sem kunna að vera nauðsynlegar eða heppilegar til tryggingar því, að það geti innt af hendi skyldu sína næst, er það verður kvatt til þess. — Nú fullnægir vitni ekki vitnaskyldu sinni, og varðar það hverju sinni 10—100 króna sektum til vitnastefnanda, ef hann krefst þess, eða allt að 6 mánaða fangelsi, ef brot er ítrekað í sama máli. Vitni getur kært refsiúrskurð út af fyrir sig eða í sambandi við úrskurð um vitnaskyldu sína samkvæmt 199. gr. Sá hluti refsingar, sem vitni hefir ekki tekið út, þegar það fullnægir vitnaskyldu sinni, fellur niður. — Nú sannar vitni, er úrskurðuð hefir verið refsing samkvæmt 2. málsgr., forföll sín eða upplýsir, að það hafi ekki fengið fullnægjandi vitneskju um kvaðningu þess fyrir dóm nægilega snemma, og fellir vitnadómari þá refsiúrskurð úr gildi. Ef vitni ber þessi atriði upp, er fullnægja skal refsiúrskurði, skal fresta því máli og bera athugasemdir vitnis undir vitnadómara, er úrskurðar svo, að vitni til kvöddu, hvort úrskurður skuli standa eða falla úr gildi. Þann úrskurð má kæra samkvæmt 199. gr. — **132. gr.** Vitnamál er þingfest með framlagningu vitnastefnu eða, ef vitni mætir óstefnt, með kröfu um vitnaleiðslu og samþykki viðkomanda á henni, ásamt þar tilheyrandi bókun í þingbók. — **133. gr.** Þegar vitni kemur fyrir dóm, skal dómari áminna það alvarlega um að svara spurningum eftir beztu vitund og gefa þær sannar og réttar upplýsingar um málsatvik að öðru leyti, er það

a) IX, 312, XIX, 160. — b) XVI, 264, XVII, 610, XVIII, 31, 33, XX, 323, XXII, 32, 35—6, 191, XXIII, 510, 644, 645, XXIV, 665—6. — c) XV, 286. — d) XV, 287, XVI, 442, XVII, 206, 610, XIX, 276, XX, 84, XXI, 94. — e) XI, 415, XVIII, 63.

getur, og tjáir hann því, að það skuli vera við því búið að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti. — Vitni skal, áður en yfirheyrsla um málsatvik hefst, skýra dómara frá nafni sínu, aldri, stöðu, heimili eða dvalarstað. Þá eða síðar skal vitni einnig skýra dómara frá öðru því, er honum kann að þykja ástæða til að spyrja það um varðandi hagi þess, og máli kann að skipta um vitnaskyldu þess, heimild til að vitna, hæfileika þess til að staðfesta framburð sinn og um sönnunargildi hans. Vitnastefnandi leggur venjulega í upphafi fram skriflegar spurningar til vitnis, en þegar þær eru afgreiddar, getur hann látið spyrja vitni um sérhvað annað, er máli skiptir, eftir munnlegum eða skriflegum framhaldsspurningum. Vitnastefndur getur, bæði í sambandi við vitnaspurningar vitnastefnanda, eftir því sem dómara þykir hentugt, og síðar, hvort sem hann hefir stefnt vitni eða ekki, og hvort sem vitnastefnandi neytir réttar síns til að spyrja vitni eða ekki, látið spyrja það um allt það, er hann hyggur máli skipta.[a]) — Dómari leggur spurningar fyrir vitni, lagar þær til og skýrir eftir þörfum. Óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, ósæmilegar eða sýnilega þýðingarlausar spurningar má ekki leggja fyrir vitni.[b]) Dómari getur einnig af sjálfsdáðum beint spurningum til vitnis um hvert það atriði, er hann telur þurfa frekari skýringar. Hann tekur við svörum vitnis, skýrir þau fyrir því og bókar þau, þannig að efni þeirra komi skýrt og rétt fram. — Dómari leyfir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra sjálfum að spyrja vitni, ef hentugt þykir, en stjórna skal hann þá vitnaleiðslu sem annars, að því leyti sem þörf ber til, enda getur hann hvenær sem er algerlega tekið hana í sínar hendur með venjulegum hætti. — Spyrja má aðeins eitt vitni í senn. Dómari skal, ef aðili óskar þess eða honum þykir það hentugt, láta önnur vitni fara út úr þingsalnum, meðan á yfirheyrslu hvers einstaks vitnis stendur. — Þegar yfirheyrslu tveggja eða fleiri vitna er lokið, en áður en staðfesting fer fram, getur dómari kvatt þau, tvö eða fleiri, vitni fyrir dóm saman, borið saman skýrslur þeirra, ef og að því leyti sem þær virðast ósamhljóða, vakið athygli vitnanna á ósamræminu og reynt að fá samræmi milli þeirra. — Ef spurning vitnis er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis eða annarra, getur dómari látið vitni svara henni skriflega og bókað síðan svarið, enda sannfæri vitnið sig um, að svarið sé rétt bókað, án þess að það sé lesið upp fyrir því. Ákvörðun dómara eftir þessari málsgrein verður ekki skotið til æðra dóms. — **134. gr.** Dómari les upp svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir hentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram. — Aðili getur jafnan krafizt staðfestingar á vitnisburði, með þeim undantekningum, sem í 127. gr. segir. Áður en vitni staðfestir skýrslu sína, brýnir dómari fyrir því, eftir því sem við á, þýðingu og helgi staðfestingarinnar, bæði fyrir úrslit málsins og fyrir vitnið sjálft, bæði lagalega og siðferðislega. — Staðfesting fer fram með tvennum hætti: 1. Ef vitni er í viðurkenndu trúfélagi hér á landi og lýsir sig, að gefnu tilefni fyrir dómara, trúa á guð, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég hefi sagt satt eitt og ekkert undan dregið. — 2. Ef ekki er svo ástatt um vitni sem í 1. tölul. segir, staðfestir það skýrslu sína með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefir upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi því yfir og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég hefi satt eitt sagt og ekkert undan dregið. — Eiður og drengskaparheit hafa í hvívetna sömu þýðingu að lögum. — **135. gr.** Þá er vitni hefir innt vitnaskyldu sína af hendi, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja frá dómi, skal dómari þegar í því þinghaldi ákveða vitni þóknun, ef það krefst þess, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, er vitnaleiðslu hefir krafizt, greiðir einn þóknun um sinn, en ef báðir aðiljar hafa krafizt hennar eða báðir haft hennar not, getur dómari þó ákveðið greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Úrskurði um vitnaþóknun má fullnægja með aðför. Þóknun er kræf jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn. — Vitni bera 50 aurar til 1 króna fyrir hverja klukkustund, er það missir af starfi vegna þingsóknar, þó ekki yfir 10 krónur um sólar-

a) XI, 285—6. — b) XVI, 117.

1936 Nr. 85 23. júní

1936 Nr. 85 23. júní

hring, og endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað eftir 124. gr., ef því er að skipta.[a]) — Úrskurði um vitnaþóknun verður aðeins haggað með kæru eftir 199. gr. — **136. gr.** Skoðunar- og matsgerðir, lýsingar á hlutum og aðrar rannsóknargerðir eru hér eftir nefndar einu nafni matsgerðir eða mat og þar tilheyrandi athafnir að meta. — Dómari framkvæmir almennt sjálfur þær matsgerðir, sem aðeins útheimta almenna menntun eða lagaþekkingu, enda verði það, er meta skal, fært fram í dómi fyrir dómara aðalmálsins. Ef meta skal hlut í dómi, getur dómari kvatt þingvotta þar til og látið þá staðfesta mat sitt þegar á staðnum. — **137. gr.** Nú má matsgerð ekki fara fram samkvæmt 136. gr., og kveður dómari þá matsmenn, venjulega tvo, til að framkvæma hana.[b]) — Allar matsgerðir, sem dómari framkvæmir ekki sjálfur, skulu fara fram áður en mál er endanlega tekið til dóms.[c]) — **138. gr.** Ef opinber embættismaður eða sýslunar er eitt skipti fyrir öll skipaður til að framkvæma matsgerðir fyrir almenning í embættisnafni, getur aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að framkvæma matið eða hann er fús til þess án dómkvaðningar, enda liggi það í verkahring hans. Annarskostar þarf dómkvaðningu. — **139. gr.** Þann einn má dómkveðja til matsgerðar, sem að öllu leyti er óaðfinnanlegt vitni í því máli um það atriði, er meta skal, og hefir nauðsynlega kunnáttu til að inna starfann af hendi, eða þá kunnáttu, sem beztrar er kostur, eftir því sem á stendur. Enginn, sem kunnáttuskilyrðinu fullnægir að skoðun matsdómara og skylt er að bera vitni um matsatriði, getur skorazt undan að taka við kvaðningu dómara til matsgerðar. Skylt er manni að framkvæma matsgerð utan þeirrar þinghár, sem hann á heimili eða dvalarstað í. — Dómari aðalmálsins getur nefnt matsmenn utan lögsagnarumdæmis síns, en rétt er honum, ef hentugra þykir, að biðja viðkomandi héraðsdómara að dómkveðja matsmann í sínu lögsagnarumdæmi, enda sendi hann honum bréflega beiðni um það með fullnægjandi greinargerð um, hvað meta skuli og hverjir aðiljar séu. — Matsdómari gerir aðiljum viðvart áður dómkvaðning fari fram, ef þess er þörf.[d]) Rétt er að kveðja matsmenn, ef annarhvor aðilja mætir. Ef aðiljar koma sér saman um matsmann, skal dómkveðja hann, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn.[a]) — Í kvaðningu skal skýrt greina, hvað meta skal og hvenær mati skuli lokið. En lengja má matsdómari frest, ef nauðsyn þykir. Svo skal taka fram í dómkvaðningu, að matsmenn skuli vinna verk sitt eftir beztu vitund og að þeir skuli semja skriflega skýrslu, er þeir megi vera búnir til að staðfesta fyrir dómi. — **140. gr.** Matsbeiðandi tilkynnir matsmönnum dómkvaðningu, en þeir skulu, svo fljótt sem unnt er, tilkynna aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Bæði aðiljum og dómara ber að veita matsmönnum leiðbeiningar eftir föngum um matsatriði. Matsmenn framkvæma starfa sinn allt að einu, þótt aðiljar hafi ekki mætt, nema upplýsingar vanti, sem þeir hefðu mátt veita. — Matsgerð skal fá þeim aðilja í hendur, sem hennar beiddist, eða öðrumhvorum aðilja, ef báðir hafa beiðzt hennar. Aðili getur krafizt staðfestingar á matsgerð fyrir matsdómara.[b]) Um staðfestingu fer eftir 130.—134. gr., eftir því sem við á. — Matsgerð eftir 138. gr. þarf þó ekki að staðfesta, nema dómari sjái sérstaka ástæðu til að leita nánari skýringa um matsatriði. — **141. gr.** Ef matsmaður deyr, forfallast eða reynist óhæfur til starfans, nefnir dómari mann í stað hans. Ef matsmaður vanrækir starfann, má og nefna nýjan matsmann. — Nú vanrækir matsmaður starfann, og getur matsdómari þá, að þeim manni til kvöddum, úrskurðað honum, að viðlögðum dagsektum til matsbeiðanda, að byrja á starfinu og lúka því innan ákveðins tíma. Ef miklar sakir eru, getur dómari og úrskurðað matsmanni allt að 6 mánaða fangelsi vegna vanrækslu hans. Ákvæði 131. gr. um afplánun refsingar eiga og við matsmenn, eftir því sem við á. — Matsmenn eiga heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað með sama hætti sem vitni og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður. Rétt er matsmönnum að krefjast tryggingar, sem matsdómari ákveður, ef með þarf, fyrir ferðakostnaði og verkkaupi, áður en þeir taka til starfa. Úrskurði um endurgjald og tryggingu má kæra eftir 199. gr., en ekki frestar sú kæra störfum matsmanna. — **142. gr.** Matsgerð samkvæmt 138. gr. verður venjulega ekki hnekkt með yfirmati. Annarskostar getur aðili krafizt yfirmats, bæði áður en og eftir að staðfesting mats-

a) XXIII, 520. — b) XII, 218, (XX, 84). — c) VIII, 186, X, 223, XI, 280, XVI, 120, 179. — d) XXII, 423.

a) XV, 311. — b) XI, 285—6, XVI, 132, 293.

1936 Nr. 85 23. júní

gerðar hefir farið fram. Yfirmatsmenn skulu venjulega vera tvöfalt fleiri en matsmenn. Um hæfileika þeirra, dómkvaðningu, framkvæmd starfans, staðfesting matsgerðar og annað fer eftir ákvæðum 139.—141. gr., eftir því sem við á. Ekki þarf að kveðja matsmenn til yfirmats eða staðfestingar þess. — **143. gr.** Matsdómari úrskurðar öll atriði varðandi hæfileika og dómkvaðningu matsmanna og yfirmatsmanna og annað, sem snertir sjálft matsmálið, þar á meðal, hvort það hafi verið metið, er meta skyldi samkvæmt dómkvaðningu, ef úrlausn þess er nauðsynleg vegna kröfu um endurmat eða endurskoðun matsgerðar.[a]) Úrskurði, þar sem dómari synjar að nefna ákveðinn matsmann eða leysir hann frá starfanum, verður ekki skotið til æðra dóms. Öðrum úrskurðum matsdómara má skjóta þangað eftir ákvæðum 199. gr.[b]) Matsmál hvílir þá á meðan, að því leyti sem nauðsynlegt er. — **144. gr.** Dómari aðalmálsins metur öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar, þar á meðal, hvort metið hafi verið það, er meta skyldi, með hliðsjón af matsgerðunum sjálfum og öllum öðrum upplýsingum um sömu atriði, er fram kunna að hafa komið í málinu.[c]) — **145. gr.** Nú skírskotar aðili til skjals, sem er í vörzlum sjálfs hans, og skal hann þá leggja skjalið fram, ef gagnaðili krefst þess eða dómari telur þess þörf, svo framarlega sem hann vill láta taka tillit til þess við dómsuppsögu í málinu.[d]) — Nú skorar aðili á gagnaðilja sinn að leggja fram skjal, sem er í vörzlum hans, og skal hann þá gera það, ef aðili á rétt á skjalinu eða til þess án tillits til málsins, eða ef innihald þess er slíkt, að gagnaðili skyldi bera vitni um það, ef hann væri vitni í því máli. Ef gagnaðili leggur skjalið ekki fram, getur dómari skýrt það svo, sem hann samþykki skýrslu áskoranda um efni þess. Sbr. þó 147. og 149. gr. — **146. gr.** Nú er skjal í vörzlum þriðja manns, og getur þá aðili krafizt framlagningar þess, ef gagnaðili hans hefði átt að leggja það fram eftir 2. málsgr. 145. gr.[e]) — **147. gr.** Sá, er krefst skjals samkvæmt 2. málsgr. 145. eða 146. gr., hefir sönnunarbyrði fyrir því, að skjalið sé til og að það sé í vörzlum þess, sem framlagningar er krafizt af.[f]) Áskoranda ber að leggja fram eftirrit af skjalinu, ef honum er þess kostur, en ella lýsa því eftir föngum (útgefanda, til hvers það var gefið út, útgáfustað og dag, efni þess o. s. frv.), og hvaða málsatvik á að upplýsa með því. Dómari getur, ef honum þykir sennilegt, að viðkomandi hafi skjalið í vörzlum sínum, heimilað honum að synja fyrir það með eiði eða drengskaparheiti samkvæmt 134. gr. 3. málsgr. þar fyrir dómi. — **148. gr.** Ef aðili krefst skjals af þriðja manni, og sá lætur það ekki góðmótlega fram, þá getur aðili lagt fyrir dóm í aðalmálinu skýrslur þær og gögn, er í 147. gr. segir, ásamt skriflegri beiðni um það, að þriðji maður verði skyldaður með úrskurði dómarans til að leggja skjalið fram í dóm.[a]) Ef dómara virðist ekki útilokað, að skjalið kunni að hafa þýðingu fyrir málið, kveður hann aðilja báða og þriðja mann, sem ber að mæta, að viðlagðri refsingu eftir 2. málsgr. 131. gr., fyrir dóm, og veitir þeim kost á að gera athugasemdir sínar um framlagningu skjalsins. Að því loknu kveður dómari upp úrskurð, ef með þarf, um skyldu þriðja manns til að leggja skjalið fram, og getur skyldað hann til að gera það innan tiltekins tíma, að viðlögðum dagsektum til þess aðilja, er skjalsins krafðist. Úrskurði má og fullnægja beinlínis með fógetavaldi. Ákvæði 3. málsgr. 131. gr. eiga hér við, eftir því sem á stendur. — Nú á dómari aðalmálsins ekki lögsögu yfir þriðja manni, og skal hann þá senda þeim dómara, sem hana á, skjöl þau, er málið varða, með beiðni um, að sá dómari kveðji þriðja mann fyrir dóm sinn og úrskurði um skyldu hans í framangreinda átt. Um meðferð þess máls fer eftir 147. og 148., sbr. 149. gr. — **149. gr.** Nú hefir skjal, sem skylt er að láta af hendi eða leggja fram eftir 145. eða 146. gr., að geyma atriði, sem viðkomanda er óskylt eða óleyfilegt að láta fram, og getur dómari þá úrskurðað, að skjalið verði lagt fram fyrir hann í trúnaði, og að annaðhvort verði undir umsjá hans og gegn fullkominni þagnarskyldu tekið eftirrit af því úr skjalinu, sem skylt er og heimilt að láta fram, eða, ef þess er ekki kostur, að tekin verði upp úr skjalinu með sama hætti skýrsla um þau atriði.[b]) — Nú er viðkomanda að vísu skylt samkvæmt 145. eða 146. gr. að láta fram skjal, en hann gerir sennilegt, að það baki honum tjón eða óhagræði að sleppa því úr vörzlum sínum, og getur dómari þá ákveðið, að

a) XV, 310. — b) XII, 218, XV, 310, XVII 208, XXII, 232, 300. — c) (VIII, 402), XI, 92—3, 500, XII, 31, XVI, 132, XVII, 174, XVIII, 42, XXI, 340, XXII, 90, XXIII, 503, XXIV, 575, 638. — d) VIII, 661, XVIII, 237. — e) XVII, 601, 600. — f) VIII, 661, XIII, 82.

a) XIII, 82. — b) VIII, 661, XX, 404.

1936 Nr. 85 23. júní

tekin verði ljósmynd af skjalinu eða eftirrit af því, eftir því sem á stendur. Sama er, ef skjal er sérstaklega verðmætt fyrir viðkomanda eða sérstök hætta er á, að það glatist eða spillist, ef hann sleppir því úr vörzlum sínum. Þegar svo stendur á, getur viðkomandi einnig gert það að skilyrði fyrir því, að hann láti skjal fram, að fullnægjandi trygging verði sett fyrir tjóni, er af því kynni að leiða, eða að skjalið verði geymt á tryggum stað, meðan dómari eða aðiljar þurfa að nota það, og að notkunin fari þannig fram, að fulltryggt sé, að skjalið hvorki glatist né skemmist. — Þeim skjölum, er í 2. málsgr. segir, skal dómari ávallt skila viðkomanda, þegar afnotunum er lokið. Ef mál fer fyrir æðra dóm, er viðkomanda skylt að láta uppi afnot skjals þar með sama hætti, þannig að ritari dómsins hefir þá umsjá með því, sem héraðsdómari hafði. — **150. gr.** Nú glatar þriðji maður eða skýtur undan skjali, sem hann er úrskurðaður til að láta í té samkvæmt 146., sbr. 147.—149. gr., eftir að hann vissi eða hlaut að hafa grun um, að slík skylda yrði úrskurðuð á hendur honum, og varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum. — **151. gr.** Úrskurði um atriði þau, er í 145.—149. gr. segir, verður einungis haggað með kæru til æðra dóms eftir 199. gr.[a]) Ákvörðunum sínum samkvæmt 1. og 2. málsgrein 149. gr. getur dómari þó breytt sjálfur, ef atvik liggja til. — **152. gr.** Um skyldu aðilja til að sýna eða leggja fram í dómi eða leyfa afnot af eða aðgang að öðrum sýnilegum sönnunargögnum en skjölum gilda reglurnar í 145.—151. gr., eftir því sem við á. — **153. gr.** Opinber eru þau skjöl, sem embættis- eða sýslunarmenn gefa út í embættisnafni um það, er gerist í embætti þeirra eða sýslan.[b]) — Íslenzk opinber skjöl skal telja ófölsuð, ef þau samkvæmt formi sínu og efni stafa frá embættis- eða sýslunarmanni, þar til annað sannast, enda er viðkomandi embættis- eða sýslunarmanni þá skylt að bera vitni um það atriði. — Erlend opinber skjöl skulu og talin ófölsuð, ef sannað er með vottorði konsúls eða annars trúnaðarmanns íslenzka ríkisins í viðkomandi landi eða með öðrum fullnægjandi hætti, að sá, er skjalið hefir gefið út, hafi haft heimild til þess eftir þarlandslögum. — **154. gr.** Einkaskjöl með eiginhandarnafni útgefanda undir textanum eða annarsstaðar, ef það er venju samkvæmt, teljast útgefin af honum, og með því innihaldi, er þau hafa að geyma, unz hið gagnstæða er sannað eða sennilegt gert, nema skjalið eftir útliti sínu eða efni eða annarra hluta vegna veki grun um, að það sé falsað. — **155. gr.** Ef dómara þykir ástæða til að ætla, að skjal kunni að vera falsað, rannsakar hann það atriði af sjálfsdáðum. Sönnunarbyrði fyrir falsleysi grunsams skjals hvílir á þeim, er notfæra vill sér sönnunargildi þess, eða þess úr því, sem grunur leikur á, að falsað sé. — **156. gr.** Dómari getur skyldað aðilja, sem neitar að hafa gefið út skjal, sem lagt er fram í máli, eða telur innihaldi þess ólöglega breytt, til að gefa fyrir dómi sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari ákveður. Ef hann innir ekki þá skyldu af hendi, verður venjulega ekki tekið tillit til andmæla hans gegn falsleysi skjalsins. — **157. gr.** Nú tjáist skjal vera útgefið af þriðja manni, og getur þá dómari, ef það er grunsamt eftir formi sínu eða efni eða annarra hluta vegna, eða ef falsleysi þess er andmælt, úrskurðað þriðja mann til að gefa fyrir dómi eða annarsstaðar sýnishorn af rithönd sinni, með þeim hætti, er dómari tiltekur, og að viðlagðri refsingu eftir 2., sbr. 3. málsgr. 131. gr., enda sé þriðja manni skylt og heimilt að bera vitni um það atriði. — **158. gr.** Innihald opinbers skjals skal talið rétt, ef það varðar ákveðin atvik, er skjalið tjáir hafa gerzt í embætti eða sýslan útgefanda, þar til hið gagnstæða sannast eða er gert sennilegt. Sama er venjulega um mat, er skjalið inniheldur á atriðum, sem viðkomanda er falið að framkvæma í embætti sínu eða sýslan, enda hafi hann haft nægilega aðstöðu til að rannsaka þau atriði öll, er áreiðanleiki matsins er undir kominn. — Nú er opinberu skjali ætlað að veita fulla sönnun um einstakt atriði, er embættismaðurinn hefir ekki getað sjálfur sannreynt, og skal þá gert ráð fyrir því, að atriðið sé slíkt sem skjalið greinir, nema eitthvað sérstakt mæli því í gegn. — **159. gr.** Dómari metur sönnunargildi einkaskjala með hliðsjón af öllum atvikum hverju sinni, svo sem því, hvort sá aðilja hefir gefið skjalið út, sem notar það, eða hinn, hvort það er gefið út í tilefni af málinu eða því óháð, hvort þá staðreynd, sem skjalið er um, er unnt að sanna með öðrum hætti, hversu sennilegt innihald þess

1936 Nr. 85 23. júní

a) VIII, 661, XIII, 82, XXI, 26, XXII, 188, XXIII, 61, 399. — b) XXIV, 485.

1936 Nr. 85 23. júní

er, eftir því sem á stendur, samband útgefanda við aðilja eða venzlamenn hans, afstaða útgefanda til málsins eða venzlamanna hans o. s. frv. — **160. gr.** Nú er fengin nokkur, en þó ekki alveg fullnægjandi sönnun fyrir staðreynd, er málsúrslit velta á að öllu leyti eða einhverju, og getur þá dómari látið þau, svo sem við á, fara eftir því, hvort sá aðilja, er hann hverju sinni ákveður, vinnur eið eða drengskaparheit að því, að sú staðreynd hafi gerzt eða ekki gerzt. — **161. gr.** Því aðeins má heimila aðilja að vinna eið eða drengskaparheit eftir 160. gr., að hann megi framkvæma þessar athafnir eftir 1. málsgr. 127. gr. eða upphafi 1. töluliðs og 2. töluliðs 2. málsgr. sömu greinar, og að honum sé af sjálfs sín raun kunnugt um þá staðreynd, er eiður eða drengskaparheit varðar.[a] — **162. gr.** Nú er maður sóttur til að greiða skaða sakir meðferðar sinnar á búi eða óákveðnu safni eigna annars manns eða til að afhenda slíkar eignir, og getur þá dómari, ef víst má telja, að aðili hafi valdið gagnaðilja sínum tjóni, er bæta skal, eða hafi í vörzlum sínum eignir hans áðurnefndar, er honum ber að skila, heimilað öðrumhvorum aðilja að staðfesta samkvæmt 160. gr. staðhæfingu sína um upphæð bóta eða hlutafjöldann, hvorttveggja innan tiltekins hámarks eða lágmarks, eftir því sem við á. — Einnig getur dómari, ef aðili er sóttur til að svara fyrir athafnir annarra manna, er í þjónustu hans hafa verið, eða fyrir skuldbindingar eða aðrar athafnir formanna sinna, látið málsúrslit velta á því, að aðili staðfesti, enda þótt hann sé ekki af eigin raun kunnugur staðreynd, með eiði eða drengskaparheiti, að hann sé þess sannfærður eftir vandlega athugun, að staðreyndin hafi gerzt eða ekki gerzt, eftir því sem við á. — **163. gr.** Nú leggur aðili fram í máli skjal, er tjáist gefið út af gagnaðilja, en hann staðhæfir það falsað, og lætur dómari þá, ef aðili krefst þess, gagnaðilja hans heimilt að staðfesta samkvæmt 160. gr. staðhæfingu sína um skjalið, enda sé ekki fengin með öðrum hætti fullnægjandi sönnun um það atriði.[b] Nú þykir dómara ekki fært að veita gagnaðilja heimild til staðfestingar samkvæmt framansögðu, og má hann þá heimila aðilja að staðfesta staðhæfingu sína um falsleysi skjalsins samkvæmt áðurnefndri grein. — Samsvarandi rétt hefir sá, er byggir kröfu sína á óaðfinnanlega haldinni verzlunarbók, er að öðru leyti fullnægir ákvæðum laga um verzlunarbækur, enda byggi gagnaðili ekki á samskonar verzlunarbók. — **164. gr.** Dómari getur látið úrslit máls velta á eiði eða drengskaparheiti þriðja manns, er ekki hefir borið vitni um þá staðreynd, er í eiðstaf greinir, og verið hefir fyrirsvarsmaður eða starfsmaður aðilja um þá staðreynd, enda verði aðilja ekki veittur kostur á að vinna eið eða drengskaparheit um hana. — **165. gr.** Ef aðiljar eru á það sáttir, að málsúrslit velti á eiði annars þeirra eða drengskaparheiti um tiltekna staðreynd, getur dómari þegar er málflutningi er lokið orðað eiðstaf og tekið við eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi, ef báðir aðiljar vilja.[a] Verður þá dómur kveðinn upp í samræmi við staðfestinguna. Annarskostar ákveður dómari það í dómi sínum, hvort eða að hve miklu leyti málalok skuli fara eftir eiði eða drengskaparheiti annars aðilja um ákveðna staðreynd.[b] Skal ákveða hana svo glöggt í dómi, að ekki verði um villzt, og í niðurlagi dóms skal orða það glöggt og samandregið, hvað aðilji eigi að synja fyrir eða staðfesta með eiði sínum eða drengskaparheiti, enda sé tiltekið, hver skuli verða málalok, ef staðfesting fer fram, og ef hún fer ekki fram. Í dómi skal og ákveða frest til staðfestingar, og telst frestur frá birtingu dóms fyrir þeim, sem heimild er veitt, og til þessarar athafnar, nema hann sé viðstaddur dómsuppsögn, en nægilegt er, að eiðstefna sé tekin út eða birt, ef utanréttarstefna er, áður en frestur er liðinn, enda sé stefnufrestur ekki óhæfilega langur.[c] — **166. gr.** Í eiðstefnu skal greina nöfn aðilja samkvæmt 88. gr., dagsetningu dóms og niðurlagsorð orðrétt, stað og stund til þinghalds, stefnufrest og kröfu eiðstefnanda um, að hann fái að vinna eið eða drengskaparheit samkvæmt dóminum.[d] — Þingfesting eiðsmáls fer með samsvarandi hætti og þingfesting aðalsmálsins. — Eiðsmál má reka á varnarþingi aðalmálsins, á varnarþingi eiðstefnanda samkv. 73. gr. eða eiðstefnds samkvæmt sömu grien, allt eftir vali eiðstefnanda.[e] — **167. gr.** Nú hefir eiðstefndur tekið út löglega stefnu til áfrýjunar eiðsdómi, honum til breytingar, enda sé áfrýjunarfrestur ekki liðinn, og leggur hana fyrir eiðsdómarann, og skal eiðsmáli þá frestað, þar til meðferð málsins í æðra dómi er

a) II, 1041—2. — b) XVI, 225, 221.

a) II, 165, 333, 554, 653, 934, III, 168, IV, 80, 178, VIII, 165—6. — b) VIII, 422, X, 332, XI, 208, 415, XIV, 218—19, XVI, 291, 287, 303, (XIX, 480, 477). — c) V, 834—5, 1021, VIII, 455. — d) XI, 415. — e) VIII, 318, 417, 426, IX, 30, 312, 385, X, 239, 332.

lokið. Ef eiðsheimild er staðfest í æðra dómi eða máli lýkur þar án dóms um það atriði, skal eiðsdómari, svo fljótt sem unnt er og eftir kröfu eiðstefnanda, kveðja aðilja á dómþing til að framhalda eiðsmálinu. Ef eiðsheimild er niður felld í æðra dómi, fellur eiðsmálið niður. — Nú hefir eiðstefndur ekki lagt áfrýjunarstefnu fram samkvæmt 1. málsgr., en áfrýjunarfrestur er ekki liðinn, og getur eiðstefndur þá fengið eiðsmáli frestað, ef hann lætur bóka yfirlýsingu sína um, að hann ætli að áfrýja eiðsdómi til breytinga. Taka skal hann þá út áfrýjuarstefnu innan 3 vikna þar frá, enda skal eiðsdómari að þeim fresti liðnum og eftir kröfu eiðstefnanda kveðja aðilja til þings til að framhalda eiðsmálinu, nema honum hafi verið sýnt vottorð æðra dóms um útgáfu áfrýjunarstefnu áður en nefndur 3 vikna frestur var liðinn.[a]) Áfrýjunarstefna, síðar útgefin, eða yfirlýsing um áfrýjun fresta ekki eiðsmáli, nema eiðsdómara sé sannað, að lögleg forföll eða óviðráðanleg atvik hafi hamlað. — Nú lýkst eiðsmáli ekki, og getur eiðstefnandi þá tekið út eiðstefnu af nýju, enda þótt eiðsfrestur sé liðinn, ef hann gerir það innan 3 vikna frá því að eiðsmálið var síðast fyrir dómi, enda sé stefnufrestur ekki óhæfilega langur. — **168. gr.** Dómari eiðsmáls skal leiðbeina aðiljum eftir því sem þörf gerist.[b]) Hann skal skýra eiðstaf fyrir þeim og gæta þess, að eiður eða drengskaparheit sé unnið að öllu leyti samkvæmt eiðsdómi. Áður en staðfesting fer fram, skal hann brýna alvarlega fyrir aðilja þýðing eiðs eða drengskaparheits og helgi, og leiða honum fyrir sjónir bæði þá lagalegu og siðferðislegu ábyrgð, sem vísvitandi eða gálauslega röng eiðvinning eða heitvinning hefir í för með sér. — Dómari lætur aðilja hafa upp eftir sér þau orð, er viðkomandi staðreynd varða, að viðhöfðum þeim formála, er í 1. eða 2. tölulið 3. málsgr. 134. gr. segir, eftir því hversu ástatt er um trúmálaafstöðu hans. — **169. gr.** Dómari eiðsmáls úrskurðar öll atriði varðandi formshlið eða efni eiðsmáls á grundvelli eiðsdómsins. Úrskurðum hans um þau efni verður einungis haggað með kæru til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr., enda hvílir eiðsmálið á meðan. — **170. gr.** Nú deyr sá aðili, sem heimilað var að vinna eið eða drengskaparheit, eða er úrskurðaður óhæfur til þeirra athafna, og getur þá sá aðili, er hag hefði haft af staðfestingunni, snúið sér til dómara aðalmálsins með skriflegri beiðni um endurupptöku þess, ásamt sönnun fyrir láti aðilja eða óhæfi hans til eiðeða heitvinningar. Dómari skal þá kveðja aðilja eða eftirmenn þeirra til þings á varnarþingi aðalmálsins og úrskurða, eftir að þeir hafa átt kost á að tala máli sínu, hvort mál skuli tekið upp af nýju. Úrskurð þann má kæra til æðra dóms eftir 199. gr., enda hvílir málið á meðan. — Nú er endurupptaka samkvæmt 1. málsgrein ákveðin, og fellir dómari þá, með eða án nýrra gagna, dóminn úr gildi og kveður upp nýjan dóm, þar sem fullt tillit sé tekið til hins breytta ástands og nýrra upplýsinga, sem fram kunna að koma að öðru leyti.

XI. kafli. — Um gjafsókn. — 171. gr. Orðið gjafsókn nær í kafla þessum bæði til gjafsóknar og gjafvarnar. — Dómsmálaráðuneytið veitir gjafsókn. — Athuga skal málstað umsækjanda eftir föngum áður en gjafsókn er veitt. — Í gjafsóknarbréfi skal taka fram, í hvaða máli og fyrir hvaða dómi gjafsókn sé veitt. — Gjafsókn nær bæði til aðalmálsins og aukamála í sambandi við það, svo sem vitnamála, matsmála, eiðsmála, svo og til lögbanns, kyrrsetningar og aðfarargerða til tryggingar dómkröfum þess, nema takmarkanir séu gerðar í gjafsóknarbréfi. — **172. gr.** Gjafsókn má veita, auk þess, sem sérstaklega kann að vera ákveðið í lögum: 1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum, sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi. — 2. Einstökum mönnum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega, að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins. Með beiðni um gjafsókn fylgi vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar um fjárhag og ástæður umsækjanda, og er skylt að láta slíkt vottorð í té tafarlaust og ókeypis. — Annars ríkis borgurum má því aðeins gjafsókn veita, að samskonar hlunnindi séu veitt íslenzkum ríkisborgurum í þeirra landi. — **173. gr.** Gjafsóknarhafi fær þessi hlunnindi: 1. Hann er undanþeginn greiðslu allra réttargjalda fyrir dómsathafnir þær, sem gjafsókn nær til. — 2. Hann fær ókeypis eftirrit allra þeirra skjala, þar á meðal ágrip dómsgerða, er embættis- eða sýslunarmenn afgreiða til afnota við áðurnefndar dómsat-

a) XXIII, 164. — b) II, 416.

hafnir. — 3. Honum er skipaður talsmaður, nema þess þyki engin þörf, og ríkissjóður greiðir talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til. — 4. Ríkissjóður greiðir fyrir hann gjöld fyrir allar birtingar og tilkynningar, er mál hans útheimtir eða dómsathafnir í sambandi við það, þóknun til þingvotta, vitna, mats- og skoðunarmanna og önnur slík gjöld. — **174. gr.** Svipta má mann gjafsókn, ef í ljós kemur, að hún hefur verið ófyrirsynju veitt, eða hagur hans breytist svo, að honum er hennar ekki lengur þörf. — Gjafsókn skiptir engu máli um skyldu gjafsóknarhafa til greiðslu málskostnaðar til gagnaðilja síns, né um skyldu hans til að greiða kostnað af málinu. Nú er gagnaðili dæmdur til að greiða málskostnað, og skal þá ákveða í dómi, hversu mikill hluti þess málskostnaðar skuli renna til gjafsóknarhafa, eftir því, hvern kostnað hann kann að hafa sjálfur haft af málinu, og hversu mikill hluti málskostnaðarins skuli renna í ríkissjóð.

XII. kafli. — Um málskostnað. — 175. gr. Til málskostnaðar telst: 1. Sáttakostnaður. 2. Gjöld fyrir eftirrit og ágrip dómsgerða. 3. Réttargjöld í ríkissjóð. 4. Óhjákvæmilegur ferðakostnaður dómara, aðilja og umboðsmanna þeirra. 5. Þóknun matsmanns, vitna og rannsóknarmanna.[a]) 6. Þingvottagjöld og greiðslur fyrir birtingar stefna og annarra tilkynninga. 7. Kostnaður af flutningi málsins beinlínis, hæfilega metinn eða eftir samningi aðilja. 8. Annar kostnaður, er kann að stafa beinlínis af málinu.[b]) — Málskostnaður verður því aðeins dæmdur, að aðili krefjist þess.[c]) — **176. gr.** Sá, er krefst dómsathafnar, greiðir kostnað af henni um sinn. Nú lætur dómari fara fram af sjálfsdáðum birtingar eða tilkynningar eða dómsathafnir lögum þessum samkvæmt, og skal sá kostnaður lagður út úr ríkissjóði í bili. Dómari ákveður síðan hvort annar aðili, einn eða báðir, skuli greiða, og í hvaða hlutföllum. — **177. gr.** Sá, er tapar máli í öllu verulegu, skal dæmdur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað.[d]) — Ennfremur skal aðili dæmdur til að greiða gagnaðilja sínum málskostnað, hvernig sem málsúrslit verða: 1. Ef hann hefir höfðað mál að þarflausu. 2. Ef hann hefir brotið sáttalöggjöfina samkvæmt 12. gr. 3. Ef hann hefir dregið mál að mun lengur en þörf var á, haft uppi vísvitandi rangar kröfur eða borið fram vísvitandi rangar skýrslur um málsatvik. 4. Ef hann hefir gert ráðstafanir eða látið fara fram dómsathöfn, sem sýnilega var þarflaus eða þýðingarlaus, þá getur gagnaðili krafizt af honum greiðslu þess kostnaðar, sem hann hefir haft af slíkri ráðstöfun eða dómsathöfn. — **178. gr.** Nú vinnur maður mál að nokkru, en tapar því að nokkru, eða veruleg vafaatriði eru í máli, og getur dómari þá skipt málskostnaði milli aðilja eða látið hann falla niður með öllu.[a]) — **179. gr.** Nú skulu málsúrslit velta á eiði eða drengskaparheiti aðilja, og skal þá sá venjulega greiða málskostnað, sem tapar vegna þess, að eiður eða heit verður unnið eða verður ekki unnið. — Nú eru sumar kröfur taldar fullsannaðar, en sumar verða látnar koma undir eiði eða drengskaparheiti aðilja, og er þá rétt að dæma þann, er tapar að því leyti, til að greiða nokkurn hluta málskostnaðar, en láta hinn fara eftir 1. málsgr. — **180. gr.** Nú er máli vísað frá dómi eða það er hafið, og skal þá sækjandi greiða málskostnað.[b]) — Ef sækjandi þingfestir ekki mál sitt, þá skal hann greiða stefndum ómaksbætur. Samsvarandi gildir um aukamál í sambandi við aðalmál, sjálfstæð vitna- og matsmál o. s. frv. Í eiðsmáli getur eiðsdómari með sama hætti dæmt eiðstefndum ómaksbætur. — **181. gr.** Nú hefir maður höfðað gagnsök til sjálfstæðs dóms, og skal þá fara um málskostnað sem áður segir um aðalsök. — Meðalgöngumann má dæma til greiðslu þess kostnaðar, sem hann bakar aðiljum, samkvæmt 177.—180. gr. — Ef fleiri eru sakaðaðiljar eða samaðiljar, skal að jafnaði dæma þá til greiðslu málskostnaðar in solidum, ef þess er krafizt, en ella hvern (hvorn) til greiðslu tiltekins hluta í krónutali. — Ef fleirum aðiljum eða samaðiljum skal dæma málskostnað, skal dæma þeim hann báðum eða öllum í einni heild, nema sérstaklega hafi verið krafizt skiptingar á honum milli þeirra. — **182. gr.** Nú gerir umboðsmaður aðilja sig sekan í ávirðingum þeim, sem í 3. eða 4. tölulið 177. gr. segir, og má þá dæma hann út af fyrir sig eða með umbjóðanda til að greiða kostnað þann, er þær hafa valdið gagnaðilja, enda hafi sá, er slíka kröfu gerir, gert viðkomandi viðvart um hana í tíma, svo að hann

a) XXII, 294, XXIII, 15. — b) XIX, 374. — c) II, 199, XX, 33, 136, XXII, 109, 374, XXIII, 181, 519. — d) X, 516, XIII, 97—8, XIX, 363—4, XXIV, 346.

a) VI, 466, XI, 275, XVII, 461, XVIII, 304, 295, 298, XIX, 198—9, XXIV, 400, 525. — b) XXIII, 177, 387, 390.

megi vörnum við koma, ef hann vill.[a]) — **183. gr.** Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenzkum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardegi, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi. — Ef menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja samskonar tryggingu í landi stefnanda, skal hann einnig vera undanþeginn því hér á landi. — **184. gr.** Rétt er aðilja að leggja fram í máli sundurliðaðan reikning yfir kostnað sinn, og skal þá að jafnaði dæma honum þann kostnað, sem hann hefir haft af málinu. — **185. gr.** Dómari kveður í dómi aðalmálsins á um greiðslu þess kostnaðar, sem á er fallinn, þegar dómur er upp kveðinn, og tiltekur upphæð hans, hvernig sem um hann kann að hafa verið samið. Kostnað, er síðar fellur á, má leggja undir úrskurð fógeta.[b]) — Þegar svo stendur á sem í 4. tölul. 177. gr. segir, sbr. 182. gr., getur aðili krafizt sérstaklega ákvörðunar á málskostnaði, er gagnaðili hans eða umboðsmaður hans skal greiða. Samsvarandi gildir, ef stefndi þingfestir ekki mál sitt, þar á meðal mats-, vitna- og eiðsmál. — Fógeta-, skipta- og uppboðsréttur geta metið aðilja málskostnað fyrir þeim dómum með aðfararhæfum úrskurðum.[c]) — **186. gr.** Ákvörðun um málskostnað samkvæmt 182., 183. og 2. og 3. málsgr. 185. gr. geta viðkomendur kært til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr.[d]) Ákvörðun um málskostnað samkvæmt 185. gr. 1. málsgr. má og kæra eftir 199. gr. sérstaklega, enda þótt viðkomandi vilji una við ákvörðun dómara um aðalmálið.

XIII. kafli. — Um réttarfarssektir. — 187. gr. Sektir samkvæmt lögum þessum getur dómari dæmt af sjálfsdáðum, þegar skilyrði til sektardóms eru fyrir hendi.[e]) — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið. — **188. gr.** Aðilja skal dæma í sekt: 1. Fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkvæmt 12. gr., 10—100 krónur. 2. Fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun, 20—200 krónur.[f]) 3. Fyrir þarflausan drátt á máli, 10—200 krónur.[a]) 4. Fyrir að gera vísvitandi rangar kröfur eða flytja fram vísvitandi rangar staðhæfingar til sóknar eða varnar, 20—500 krónur.[b]) 5. Fyrir ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi, um dómara, gagnaðilja eða umboðsmann hans, eða aðra menn eða í öðru sambandi, 20—200 krónur.[c]) — Málflutningsumboðsmann, sem sekur verður um brot þau, sem í 3.—5. tölul. segir, skal dæma í sekt, einan sér eða ásamt umbjóðanda sínum, eftir því sem á stendur, semkvæmt áðurnefndum tölulíðum.[d]) — Þá menn aðra, er skýrslu gefa fyrir dómi, skal sekta eftir 5. tölulið 1. málsgreinar. — Sá, sem annars kemur hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, sbr. 39. gr., skal sekta um 5—200 krónur. — Ef refsing liggur þar að auki við áðurnefndum brotum eftir öðrum lögum, má koma henni fram í sérstöku máli án tillits til ákvörðunar um réttarfarssektina. — Ákvæði greinar þessarar taka einnig til aukamála í sambandi við aðalmál, svo og sjálfstæðra dómsathafna, sem ekki standa í slíku sambandi við neitt dómsmál, og til fógeta-, skipta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á. — **189. gr.** Sektir á hendur aðilja eða umboðsmanni hans, er þeir vinna til fyrir framferði sitt í aðalmálinu, skal ákveða í dómi þess, eða ef það verður hafið eða fellur annars niður, þá um leið og sú ákvörðun er tekin. Samsvarandi gildir um sekt á hendur þessum aðiljum í aukamálum við dómsmál, sem sjálfstætt eru rekin, og málum þeim, er í síðustu málsgrein 185. gr. segir. Sektir annars skulu að jafnaði ákveðnar jafnskjótt sem brot er framið fyrir dómi. — Ákvörðun dómara um réttarfarssekt má jafnan kæra til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr.[e]) Sú kæra frestar ekki máli.

XIV. kafli. — Um dóma og úrskurði. — 190. gr. Úrskurði alla um einstök atriði máls, eða aukamála í sambandi við það, er ráða þarf til lykta allt til dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er eftir að atriði er tekið til úrskurðar. — Úrskurður skal vera byggður á forsendum, eftir því sem við á. Þar skal greina

a) XXV, 32, 35. — b) XV, 303. — c) IX, 356, X, 488, XIX, 231, XX, 444. — d) XI, 88, 275, XIV, 10, 316, XV, 242, XVI, 323, 366, 381, 465, XVII, 436, XVIII, 55, 387, 548, XIX, 255 ,299, XX, 35, 155, 159, 162, 165, 168, XXI, 303, 307, 424, XXII, 302, XXIII, 166, XXIV, 120 (máli áfrýjað), 260, 301, XXV, 56. — e) IX, 86. — f) Krafa gerð, III, 296, XII, 97, XXIII, 584.

a) IX, 313, XIV, 372, XXII, 374, 377—8, 379, 381, XXIII, 521. — b) XXI, 231. — c) VI, 465, IX, 95, 86, X, 415, XIV, 311, XVI, 446, XX, 53—4, 51, XXI, 390, XXIII, 645, XXIV, 684. — d) T. d. II, 146, VI, 313 (ummæli réttlætt sýkna), XIV, 57, XXI, 390 (XXIV, 627), vítur t. d. XIX, 235. — e) T. d. XIX, 299, XXII, 204.

aðilja, málið, sem úrskurður á við, og helztu málsástæður, svo og niðurstöðu dómarans.[a]) — Í sjálfstæðum vitna- og matsmálum, svo og í skipta-, fógeta- og uppboðsmálum gilda ákvæði 1. og 2. málsgr., eftir því sem við á.[b]) — **191. gr.** Í munnlega fluttum málum skal venjulega kveða upp dóm áður en annað mál er tekið til munnlegs flutnings, og jafnan svo fljótt sem við verður komið.[c]) — Í skriflega fluttum málum skal kveða upp dóm svo fljótt sem kostur er á, og ekki síðar en 3 vikum eftir dómtöku. — Ef ekki er kostur á að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt sem sagt hefir verið, ber dómara að greina nákvæmlega orsakir til þess, svo sem að aðrar tilteknar embættisathafnir, sem ekki þoldu bið, hafi valdið drætti, veikindi, ef mál er sérstaklega umfangsmikið, vandasamt o. s. frv.[d]) — **192. gr.** Nú er dómur fjölskipaður og mál munnlega flutt, og skulu þá allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir mega ekki allir taka þátt í uppsögu dóms, skal dómara nefna í stað þess eða þeirra, sem við hefir misst, og endurtaka munnlegan flutning málsins. Afl atkvæða skal ráða úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, er síðar skal til lykta ráða. Formaður dómsins stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms. Allir dómarar undirrita dóm í dómabókinni. — Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt sem dómar og úrskurðir. — **193. gr.**[e]) Í dómi skal greina nöfn, heimili og stöðu aðilja svo skýrt, að ekki verði um villzt, númer málsins, þing og stað og stund, er hann er uppkveðinn, hvenær málið var tekið til dóms, nafn eða nöfn dómenda, ef fleiri eru, kröfur aðilja,[f]) málsatvik og málsástæður þær,[g]) er máli þykja skipta, hvað sannað sé eða ómótmælt, hugleiðingar dómstólsins[h]) og niðurstöðu, réttarfarssektir, ef því er að skipta, ákvörðun um málskostnað og annað, er taka þarf fram, eftir því sem á stendur. Í dómsniðurlag skal, eins og tízka hefir verið, draga saman aðalniðurstöðu dómarans, að því leyti sem henni kann að þurfa að fullægja með aðför, svo og ef hann hefir sýknað aðilja að einhverju leyti eða öllu eða vísað máli frá eða einhverjum hluta þess, um réttarfarssektir, um málsúrslit samkvæmt eiði eða drengskaparheiti, innan hvaða tíma dómi skuli fullnægja o. s. frv.[a]) — Dæma má menn að viðlögðum dag- eða vikusektum til aðilja til að vinna verk, annað en peningagreiðslu, þar á meðal til að skila hlut af hendi, ef það þykir hentug aðferð til að knýja aðilja til að fullnægja dómi.[b]) Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður jafnskjótt sem dæmdur fullnægir dómi,[c]) eða sannar eða gerir sennilegt, að honum sé ómögulegt að gera það. Getur aðili fengið mál tekið upp aftur fyrir þeim dómi, er dæmdi það, og dómi breytt, allt eftir ákvæðum 170. gr., svo sem við á. Yfirlýsing um kröfu um endurupptöku máls frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafa um endurupptökuna komin til dómara innan viku eftir að yfirlýsingin kom fram fyrir fógeta. — Í dómum, þar sem aðilja er bönnuð athöfn eða hann er skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari tiltekið frest, ef það þykir nauðsynlegt eða sanngjarnt, til þess að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði. — Dómar og úrskurðir skulu vera svo glöggir og skýrir sem kostur er á. Má ekki skírskota til sannana eða atvika, er síðar kynnu að koma fram, nema að því leyti sem málsúrslit eiga að velta á eiði eða drengskaparheiti.[d]) — Fullnægja má dómi eða úrskurði samkvæmt efni sínu með aðför, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.[e]) — **194. gr.** Dómari tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði upp kveðinn, með þeim fyrirvara og þeim hætti, er honum þykir hlýða hverju sinni. — Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi í heyranda hljóði. — Ef aðili hefir ekki verið við dómsuppsögu staddur, skal sá, er byggja vill rétt á dóminum eða vill láta fresti samkv. honum byrja að líða, birta hann með sama hætti sem stefnu. — Gagnvart þeim aðilja, sem við er staddur dómsuppsögu, hefst eiðsfrestur og aðfararfrestur frá þeim degi, en ann-

a) XII, 192, XIV, 313, 315, 357, 358, 435, XV, 347, 372, XVII, 185, 382—3, 504, XIX, 243, XX, 310, XXI, 403, XXII, 372, 376, XXIII, 409, XXV, 131, 133. — b) XII, 36, XV, 75. — c) XII, 132, XIII, 66, XIV, 134. — d) XVI, 445. — e) XI, 448, 503, XIII, 108, 149, XV, 372, XVI, 179, XVII, 185. — f) XIII, 32, 104, 316, XIV, 2, 74, 357—8, 435, XV, 75, XVI, 410, XIX, 337. — g) XV, 166, XVI, 107, XVII, 127, XIX, 312, XXI, 403, XXII, 550, XXIV, 504. — h) XI, 502, 503, XXIV, 75.

a) XVI, 401, XIX, 344. — b) VI, 141, IX, 42, 399—400, XI, 320, XIX, 557, XXII, 87, 419. — c) XIV, 339. — d) XIV, 357—8, 435, XV, 75, XVI, 179, XVII, 382—3, 504, (XIX, 557), XXII, 372, 376, XXV, 131, 133. — e) IV, 762, VI, 136—7, XVI, 401.

1936 Nr. 85 23. júní

ars frá birtingardegi. Geta skal þess í þingbók, hvort aðili hafi verið viðstaddur dómsuppsögu eða úrskurðar, svo og í eftirriti af dómsathöfnum þessum. — **195. gr.** Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis milli aðilja og þeirra, sem að lögum koma í stað þeirra, um þær kröfur, er þar eru dæmdar að efni til.[a]) — Dómur er bindandi fyrir dómara, er hann hefir verið upp kveðinn samkvæmt 2. málsgr. 194. gr. Þó getur dómari, bæði af sjálfsdáðum og eftir kröfu aðilja, leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar skekkjur í dómi, en kveðja skal hann þá aðilja eða málflytjendur þeirra fyrir sig, nema um bersýnilegar ritvillur sé að ræða, og benda þeim á leiðréttingarnar og bóka glöggt, hvað leiðrétt hafi verið. Eftirrit, sem út kunna að hafa verið gefin af dómi eða úrskurði, skal afhenda dómara um leið til leiðréttingar, en frestir teljast frá uppkvaðningu samkvæmt 3. og 4. málsgrein 194. gr. — **196. gr.** Dómur hefir fullt sönnunargildi um þau málsatvik, er í honum greinir, þar til hið gagnstæða er sannað. — Krafa, sem dæmd er að efni til, verður ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól af nýju, framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi.[b])

XV. kafli. — Um málskot. — 197. gr. Dómsathöfnum þeim, sem ekki sæta kæru til æðra dóms, samkvæmt 198., sbr. 199. gr., má áfrýja innan 3 mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar.[c]) Haldast skulu þó ákvæði 96. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, lögtakslaga 16. des. 1885, 11. gr., og 8. gr. laga nr. 35 2. nóv. 1914. — Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. málslið 1. málsgr. segir, getur dómsmálaráðuneytið þó veitt, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn, næstu 6 almanaksmánuði.[d]) Ennfremur má veita slíkt leyfi næstu 2 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir ekki verið unnt að áfrýja fyrr, enda verði honum sjálfum ekki um það kennt. — **198. gr.** Kæru til æðra dóms sæta: 1. Dómsathafnir þær, er í lögum þessum greinir.[e]) — 2. Úrskurðir í sjálfstæðum mats-, vitna- og eiðsmálum, svo og þau mál sjálf.[f]) — 3. Úrskurðir skiptaréttar,[g]) þar á meðal úrskurðir í sambandi við nauðasamninga, nema úrskurðir um: a. Töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir. b. Réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki.[a]) c. Hvaða eignir draga skuli undir skipti. d. Riftingu ráðstafana, að svo miklu leyti sem þau atriði kunna að koma undir úrlausn skiptaréttar. e. Skiptagerðin sjálf. — 4. Úrskurðir fógetaréttar, nema: a. Um það, hvort fógetagerð skuli yfir höfuð fara fram eða ekki.[b]) b. Til hvaða verðmæta hún skuli ná. c. Fógetagerðin sjálf. — 5. Úrskurðir uppboðsréttar, nema: a. Um það, hvort uppboð skuli yfir höfuð fara fram eða ekki.[c]) b. Hvaða verðmæti skuli selja. c. Uppboðsgerðin sjálf. d. Hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver. e. Útgáfa uppboðsafsals á fasteign eða skipi. — **199. gr.** Sá, er kæra vill dómsathöfn, segir dómara til þess innan viku samkv. 3. og 4. málsgrein 194. gr., eða frá lokum dómsathafnar þeirrar, er kæra skal, bréflega eða með bókun í þingbók.[d]) Gerir kærandi kröfu sína í beiðni eða bókun og skýrir þær nánar, ef hann vill, enda mega ný gögn og ný atvik eða málsástæður koma fyrir æðra dóm. Með beiðni leggur kærandi 30 krónur í dómgjöld fyrir æðra dómi, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins.[1]) Því næst skal dómari gefa út þegar í stað eftirrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið.[e]) Jafnframt getur hann, ef hann vill, látið fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til æðra dóms og aðiljum eða umboðsmanni þeirra sitt eintakið hvorum. Innan viku eftir að skjölin komu til æðra dóms geta aðiljar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruatriði. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, er aðiljar senda, svo framarlega sem málinu er þá ekki lokið í æðra dómi. — Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum byggð, og getur hann þá ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni eða óhagræði, er kærandi kann að baka gagnaðilja, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan viku eftir að kæru var lýst. Ella afgreiðir dómari ekki skjölin og mál fer leiðar sinnar. — Æðri dómur getur frest-

a) VII, 318, XVIII, 390, XIX, 557, XX, 64—5, 307—8, XXI, 315, XXIII, 22, XXIV, 196, (XXV, 70). — b) XIX, 557, XXIII, 23. — c) VIII, 440, IX, 113, X, 359, XXI, 46, XXIII, 162, 164, XXIV, 555. — d) X, 359, XX, 117, XXI, 46. — e) XI, 412, XII, 99, XVI, 84. — f) X, 314 og dómar, sem til er vitnað við ákvæði um vitni, mat og eiða. — g) XXII, 278, 414.

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — a) XII, 35. — b) XI, 376, XVIII, 555, XXII, 245, 476. — c) XX, 436. — d) VIII, 397, XIV, 316, XXIII, 398. — e) X, 43.

að máli og lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari upplýsinga um einstök atriði.[a]) Einnig getur æðri dómur, með þeim fyrirvara, er hann telur hæfilegan, veitt aðiljum kost á að koma fyrir sig og flytja málið munnlega eða skriflega.[b]) Ef kærandi gerir það ekki, eða ef ekki koma þær upplýsingar innan tiltekins tíma, sem héraðsdómari kann að hafa verið krafinn um, þá getur æðri dómur vísað máli frá sér.[c]) En rétt er aðilja þá að kæra mál einu sinni af nýju. — Nú er mál munnlega flutt, og kveður æðri dómur þá þegar að málflutningi loknum upp dóm um málið. Annarskostar skal dæma það eftir skjölum þeim, sem fyrir liggja, og skal það gert innan viku eftir að dómstóllinn tók það undir dóm sinn, nema mál sé sérstaklega flókið eða vandasamt, en aldrei má dómsuppsaga þó dragast lengur en 2 vikur. Æðri dómur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóm sinn. — Æðri dómur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.[d]) Svo getur hann og dæmt aðilja eða umboðsmann hans til sekta eftir XIII. kafla, eftir því sem við á.

XVI. kafli. — Um sjó- og verzlunardómsmál. — 200. gr. Sjó- og verzlunardómur fer með og dæmir þessi mál: 1. Einkamál og refsimál um efni þau, er greinir í siglingalögum og sjómannalögum — að undanskildum málum um réttindi yfir skipum samkvæmt II. kafla siglingalaganna — og mál um vátryggingu gegn hættum á sjó.[e]) — 2. Mál út af verzlunarskiptum kaupmanna sín á milli, verksmiðjueigenda eða annarra, er líkt stendur á um, mál út af firma, vörumerki, um rétt til að fá firma eða vörumerki skráð eða um afskráningu þeirra, mál út af efnum þeim, er í lögum um hlutafélög eða samvinnufélög greinir, og mál út af brotum á þessum lögum eða ákvæðum laga um verzlunarháttu, enda virðist dómara þörf sérþekkingar til að fara með og dæma málið.[f]) — 3. Einnig getur héraðsdómari, ef honum þykir þess þörf, kvatt til sérfróða menn til að fara með og dæma mál um önnur tæknisk atriði, svo sem húsbyggingu, meiri háttar mannvirki önnur o. s. frv.[g]) — Nú er kröfu, er sæta skyldi meðferð samkvæmt 1., 2. eða 3. tölul. að framan, lýst í bú, og skal þá ágreiningur um réttmæti kröfunnar eða um stöðu hennar í skuldaröð fara fyrir sjó- og verzlunardóm, ef aðili krefst þess eða skiptaráðandi telur það hentugra.[a]) — Aðiljar einkamáls geta samið svo, að mál samkvæmt þessari grein skuli sæta meðferð almenns héraðsdóms. — Gagnkröfu til skuldajafnaðar má bera undir sjó- og verzlunardóm, enda þótt hún sé ekki þesskonar krafa. Nú er sjó- eða verzlunardómskrafa borin upp til skuldajafnaðar við almenna kröfu, og getur þá héraðsdómari nefnt með sér tvo sérfróða menn til að dæma um gagnkröfuna. — **201. gr.** Héraðsdómari er formaður sjó- og verzlunardóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem sjó- og verzlunardómsmenn heita. Þeir skulu vera að minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi, vera búsettir innan sjó- og verzlunardómsþinghár og hafa sérþekkingu á siglingum, útgerð, vélastörfum, vörum, vátryggingarstarfsemi eða verzlunarviðskiptum, einni grein hver eða fleirum. Þar sem sjó- og verzlunardómsþinghár eru ákveðnar, skipar dómsmálaráðherra sjó- og verzlunardómsmenn í hverri þeirra, að fengnum tillögum viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar, til 4 ára í senn, og ákveður tölu þeirra. Það er borgaraskylda að taka við skipun eitt kjörtímabil í senn og lengur, ef hörgull er, að dómi ráðherra, á hæfum mönnum til starfans. Dómari tekur með sér til meðferðar hvers máls einhverja tvo þeirra sjó- og verzlunardómsmanna, sem skipaðir hafa verið.[b]) Þar sem sjó- og verzlunardómsþinghár hafa ekki verið ákveðnar, nefnir héraðsdómari meðdómsmenn í hverju máli. Sama er og, ef ekki er í sjódóms- og verzlunarþinghá nægur kostur skipaðra sjó- og verzlunardómsmanna. — **202. gr.** Hver kaupstaður er sjó- og verzlunardómsþinghá. Leggja má til kaupstaðar í þessu skyni nágrenni hans. Sameina má og þinghár annars í eina sjó- og verzlunardómsþinghá eða skipta þinghám í sjó- og verzlunardómsþinghár. Dómsmálaráðherra ákveður sjó- og verzlunardómsþinghár, að fengnum tillögum viðkomandi héraðsdómara. — **203. gr.** Sjó- og verzlunardómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinni til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna.[c]) — Sjó- og verzlunardómsmenn fá greiddar úr ríkissjóði 4—12 krónur fyrir þau þinghöld,

a) XVI, 315. — b) XIV, 430. — c) Kæra tekin aftur, XVIII, 376. — d) XVII, 45, (XVIII, 556). — e) XVI, 249. — f) XVIII, 51. — g) XVIII, 357, XX, 417, XXI, 87, 340. 403, XXII, 523, 548, XXIV, 10.

a) II, 6, X, 327. — b) XVIII, 51. — c) I, 210.

sem þeir sitja í á sama degi, og að auki fyrir þátttöku í dómsuppsögn í hverju skriflega fluttu máli, svo og endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað. Formaður ákveður upphæðirnar. Ákvörðun hans um þær getur bæði sjó- og verzlunardómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr. — **204. gr.** Útgerðarmanni má stefna í málum varðandi útgerðina á varnarþingi hans samkvæmt 73. gr., eða þar, sem skip er skrásett að eiga heima. — Samsvarandi er um mál á hendur skipstjóra eða skipshöfn vegna skyldustarfa þeirra. — Nú á maður kröfu að heimta, sem er sjóveðtryggð með skipi, farmi eða farmgjaldi, og má þá höfða mál til innheimtu kröfunnar, ef sjóveð hefir verið kyrrsett, þar sem kyrrsetningin fór fram. — Mál út af ákvörðun eða skiptingu bjarglauna má höfða þar, sem bjargað var, eða þar sem björgunargóssið var flutt á land. — **205. gr.** Formaður sjó- og verzlunardóms gefur út stefnu, stýrir dómi og heldur þingbók. Hann sker og úr um hæfileika meðdómsmanna. Meðdómsmenn þarf ekki að kveðja til, ef formaður telur víst, að einungis verði lögð fram skjöl í máli eða frestur veittur. Svo getur formaður einn tekið við sjóferðaskýrslu, sem ekki má dragast, dómkvatt menn og hafið rannsókn, sem ekki má fresta, þar til meðdómsmanna er kostur. — Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga þessara um sjó- og verzlunardómsmál. — **206. gr.** Til skoðunar- og matsgerða og annarra slíkra gerða, er sjó- og verzlunardómur stendur fyrir, skal kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra, ef þess er kostur án þess að athöfnin dragist fyrir það um of. — Þegar sjóferðaskýrsla er gefin fyrir dómi, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómurinn skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir viðeigandi ákvæðum laga þessara. — Nú hefir skip farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, og ber þá sjó- og verzlunardómi að rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn venjulega fara fram þar, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess, en ef skip hefir farizt, þar sem hallkvæmast þykir. — Ef rannsókn leiðir í ljós, að hegningarverð vanræksla hafi átt sér stað, fer sjó- og verzlunardómur með mál vegna þess, þar sem rannsókn fór fram, nema dómsmálaráðherra ákveði annað varnarþing.

XVII. kafli. — Um víxilmál og tékka o. fl. — **207. gr.** Mál, er fara eftir þessum kafla, eru: 1. Víxilmál,[a]) en þau eru: a. Mál gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni, og gegn útgefendum og framseljendum eigin víxla þeim til lúkningar eða til að koma fram endurgreiðslukröfu eftir víxilrétti. b. Mál gegn útgefendum og framseljendum víxla sökum skorts á samþykki til greiðslu víxilupphæðar eða þess hluta hennar, er ekki hefir verið samþykktur. c. Mál gegn ábyrgðarmönnum (avalistum) víxilupphæðar. — 2. Mál til endurgjaldskröfu gegn tékkaskuldara samkvæmt lögum um tékka. — 3. Mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, enda hafi svo verið um samið og sá samningur verið skráður í texta skuldabréfsins. — **208. gr.** Þessar varnir einar[b]) um efni máls getur varnaraðili haft uppi: a. Að mál sé höfðað af röngum aðilja eða gegn röngum aðilja. b. Að aðilja hafi að lögum skort hæfileika til að taka á sig skuldbindinguna. c. Að undirskrift skjals sé fölsuð eða innihald þess. — Í víxilmálum má og koma að vörnum, er varða form og efni víxils, eða aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi, og önnur atriði, sem samkvæmt víxillögum eru skilyrði til að koma víxilrétti fram.[c]) Samsvarandi gildir um tékkamál. — Í málum samkvæmt 3. tölul. 207. gr. getur varnaraðili ennfremur haft uppi varnir, ef hann á ekki að sanna staðreyndir þær, sem þær byggjast á, eða þær má sanna með skjölum, sem hann hefir þegar við höndina. — Gagnkröfur til skuldajafnaðar eða til sjálfstæðs dóms má hafa uppi í málum samkvæmt þessum kafla, ef gagnkrafa er samskonar sem aðalkrafa. Svo má og koma víxilkröfu eða tékka fram hvorri gegn annarri og gegn skuldabréfskröfu. Í víxil- og tékkamálum má og koma að gagnkröfum, sem sprottnar eru af því, að aðili hefir ekki gefið tilkynningar þær til formanna sinna á tékka eða víxli, sem boðnar eru í tékka- og víxillögum. — **209. gr.** Ef aðiljar eru á það sáttir, má koma að í málum þessum öllum vörnum, sem hafa má uppi í einkamálum almennt.[d]) — Nú missir aðili færi á

a) XVIII, 379, XXI, 173. — b) XIX, 168, XXI, 111, XXIII, 488. — c) VII, 59, 61, XXIII, 159. — d) IX, 664.

að koma vörum að, og getur hann þá höfðað mál eftir almennum reglum gegn stefnanda til skaðabótagreiðslu. — Nú lætur stefnandi fara fram kyrrsetningu til tryggingar kröfu samkvæmt 207. gr., og þarf hann þá ekki að setja tryggingu vegna kyrrsetningarinnar, nema fram komi þá varnir, er koma má að samkvæmt 208. gr. — **210. gr.** Að öðru leyti fer um mál þessi eftir öðrum ákvæðum laga þessara.

XVIII. kafli. — Um mál til faðernis óskilgetinna barna. — 211. gr. Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir, meðan hún ein framfærir barn, síðan sá einstaklingur, er framfærslu þess hefir að einhverju leyti eða öllu að lögum eða samkvæmt samningi, og loks sveit[a]) eða kaupstaður, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu. — Varnaraðili er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barnsins. Ef varnaraðili er látinn áður en mál er höfðað, má höfða það á hendur búi hans að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru höfð, en ella gegn erfingjum.[b]) — Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns (fósturs), skal stefna þeim báðum eða öllum.[c]) — Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi stefnds samkvæmt 73. gr., sbr. 83. gr., eða því varnarþingi, er hann átti síðast á landi hér, ef hann er af landi farinn eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið. — Dómara er skylt að kveðja varnaraðilja fyrir dóm eftir kröfu sóknaraðilja. — Barnsfaðernismál verður höfðað í fyrsta lagi, þegar kona hefir gengið 6 mánuði með samkvæmt vottorði þjónandi læknis eða þjónandi ljósmóður,[d]) og í síðasta lagi 2 árum eftir fæðingu, ef móðir er sóknaraðili, en annars 1 ári eftir að barn kom á framfæri sóknaraðilja.[e]) Fresti þessa getur dómsmálaráðherra lengt, ef sérstaklega stendur á.[f]) — **212. gr.** Nú gengst varnaraðili við samförum við móður á getnaðartíma barns (fósturs), og verður hann þá dæmdur faðir þess,[g]) nema komið hafi fram í málinu, að fleiri hafi á tímabili þessu haft samfarir við móður, eða að líklegt megi telja, að svo hafi verið. Verður þá enginn dæmdur faðir, en allir verða þeir, eða báðir, dæmdir in solidum til að gefa með barninu og greiða barnsfararkostnað[a]) með sama hætti að öðru eins og einn sé varnaraðili, nema sannað sé, með blóðrannsókn eða öðrum hætti, að einungis einn eða annar þeirra geti verið faðir að barninu. — **213. gr.** Ef varnaraðili gengst ekki við samförunum, og ekki fæst með öðrum hætti full sönnun, skulu málsúrslit velta á eiði eða drengskaparheiti aðilja, synjunareiði mannsins (mannanna),[b]) ef ekkert er fram komið til styrktar framburði konunnar eða ef hún hefir líkur gegn sér, en fyllingareiði hennar að öðrum kosti.[c]) — Eiðstafur skal lúta að því, að maðurinn hafi eða hafi ekki haft holdlegar samfarir við konuna á nákvæmlega tilteknu tímabili, er barnið (fóstrið) telst vera komið undir á. — **214. gr.** Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrásetja skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, svo og spyrja móður um faðerni þess og skrásetja skýrslu hennar þar um. — Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu.[d]) Hann getur látið sækja bæði konuna og manninn (mennina) með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún kemur ekki fyrir dóm, neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn. Ef þess er krafizt, getur dómari annars ákveðið, að blóðrannsókn skuli gera á öllum þeim, er máli skiptir, ef því verður við komið, enda getur hann fengið aðstoð lögreglu til slíkrar framkvæmdar, ef með þarf.[e]) — Meðan á rannsókn máls stendur á barnsmóðir kröfu á aðstoð barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Utan kaupstaða á barnsmóðir sömu kröfu á aðstoð manns eða konu, sem hún nefnir til. — **215. gr.** Sækjandi barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði. Í æðra dómi má ákveða sækjanda sömu kjör, ef málstaður hans þykir líklegri en málstaður varnaraðilja. — Að öðru leyti fer um barnsfaðernismál eftir almennum ákvæðum laga þessara.

XIX. kafli. — Um mál til ógildingar skjala

a) I, 580. — b) XVII, 349. — c) II, 198, 450, IV, 592, XXIII, 493. — d) V, 465. — e) X, 405. — f) II, 450. — g) IV, 383, (XVII, 349), XIX, 481, XXI, 271, Tr. II, 71—3.

a) V, 196, X, 238—9. — b) I, 47, 576, 631, III, 139, 219, IV, 773, IX, 28, 379, (X, 239), XI, 425, XII, 150, 203, XIII, 79, 311, XXII, 228, 223. — c) II, 449, 791, 842, 1041, V, 931, 1021, VIII, 193, 221, 318—19, 320—1, 416—17, 420, IX, 310, 316, XI, 168, 174, 461, XII, 112, XXII, 223, 228; *sýkna*, III, 274, IV, 73, 450, V, 466, X, 38, 494. — d) VI, 6—7, 35, VIII, 319, X, 499, XII, 135. — e) VIII, 37—8, XI, 319.

o. fl. — **216. gr.** Með dómi má ógilda glötuð eða horfin skuldabréf, ásamt stofnum og vaxtamiðum, og hver önnur heimildarbréf. Ógildingardómur heimilar dómhafa að ráðstafa því, er skjalið hljóðar um, svo sem hann hefði það í höndum. — Skuldabréf með veði í fasteign skal ógilda á varnarþingi fasteignar, og ef það er með veði í skipi eða skipshluta, þar sem skip er skrásett. Önnur skjöl skal ógilda í þinghá, þar sem þau eru gefin út. Nú verður þessu ekki við komið, en skjal má þó ógilda hér á landi, og skal þá ógilda það á bæjarþingi Reykjavíkur, eða innan lögsagnarumdæmis beiðanda, og þá fyrir dómi í þinghá þeirri, sem héraðsdómari er búsettur í. — **217. gr.** Aðili sendir dómara skriflega beiðni um ógildingu skjals, ásamt eftirriti af því, en ella með sem nákvæmastri lýsingu á því, svo og skýrslu um örlög skjalsins. Nú telur dómari skilyrði til ógildingardóms ekki fyrir hendi, og synjar hann þá beiðninni með úrskurði, er kæra má til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr. — **218. gr.** Nú er beiðni samkvæmt 217. gr. tekin til greina, og gefur héraðsdómari þá út stefnu, þar sem kvaddur er hver sá, er kynni að hafa skjalið í höndum, til að koma fyrir dóm með það, með því að annars verði það ógilt með dómi samkvæmt kröfu stefnanda. Stefnufrestur skal vera 2—4 mánuðir frá birtingu stefnunnar, er stefnandi skal láta birta einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn kemur fram með skjalið eða mótmælir ógildingu þess, skal ógildingardómur kveðinn upp, nema gallar á málatilbúnaði séu því til fyrirstöðu. Annarskostar sker dómur úr því, hvort skjal skuli ógilda eða ekki. — Synjunardóm má kæra til æðra dóms eftir 199. gr. Um áfrýjun ógildingardóms fer eftir almennum reglum. — **219. gr.** Haldast skulu sérákvæði laga um ógildingu farmskírteina, víxla, tékka, sparisjóðsbóka og söfnunarsjóðs, bankavaxtabréfa veðdeilda Landsbankans og annarra banka eða slíkra stofnana, svo og 20. gr. laga nr. 14 20. okt. 1905. — **220. gr.** Nú sannar maður eða gerir sennilegt, að hann hafi öðlazt réttindi yfir fasteign, skrásettu skipi, bifreið eða viðskiptabréfi með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum, og getur hann þá snúið sér til hlutaðeigandi héraðsdómara, er með mál hans skyldi fara samkvæmt 216. gr., ef ógildingar væri beiðzt. Um úrskurð, útgáfu stefnu og birtingu, stefnufrest og málsmeðferð gilda samsvarandi reglur sem um ógildingardómsmál. Sá, er eignardóm öðlast, hefir samkvæmt honum heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni, eins og hann hefði til þess afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal. — **221. gr.** Haldast skulu gildandi reglur um meðferð fasteignamála samkvæmt landamerkjalögum og mál um lóðamerki og kvaðir á fasteignum í Reykjavík, þó svo, að beita skal ákvæðum þessara laga um þessi mál, að svo miklu leyti sem við verður komið.[a]) — Einnig skulu haldast fyrirmæli gildandi laga um mál til sviptingar lögræðis, um mál til að sanna dauða manns, sem ætla má, að farizt hafi af slysum, um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna og um hjónabandsmál.

1936 Nr. 85 23. júní

XX. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 222. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.[b]) — Þau mál, sem þingfest hafa verið fyrir þann dag, fara eftir eldri reglum. Þó skulu eftirfarandi ákvæði laga þessara taka til dómsathafna, sem eru hluti af málum eða standa í sambandi við þau, ef athöfnin fer fram eftir nefndan dag: a. VIII. kafli, um stefnur og tilkynningar. b. 118.—120. gr., um útivist aðilja, hafningu máls og endurupptöku. Þó skal stefndur mega fá mál tekið upp einu sinni eftir 9. eða 14. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ef hann hefir eigi mætt áður en lög þessi komu til framkvæmda. c. X. kafli, um mat dómara, vitni, matsgerðir, skjöl og eið eða drengskaparheit aðilja, enda hafi mál eða atriði ekki verið tekið til dóms eða úrskurðar fyrir nefndan dag.[c]) d. 194. gr., um dóma og úrskurði, eftir því sem við á.[d]) e. 197.—199. gr., um áfrýjun og kæru til æðra dóms, þó þannig, að 3 mánaða fresturinn telst frá þeim degi, er lögin gengu í gildi, enda verði áfrýjunarfresturinn aldrei lengri en 6 mánuðir, og kærufrestur telst frá sama degi, en verði þó eigi lengri en 14 dagar.[e]) — **223. gr.** Ákvæði IX., X. og XIV. kafla taka til málsmeðferðar fyrir skipta-, fógeta- og uppboðsrétti, eftir því, sem við verður komið, enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í lögum þessum.[f]) — **224. gr.** . . . — Gestaréttarmeðferð og einkalögreglumála er úr lögum numin. Þar sem slík meðferð er boðin eða heimiluð í lögum og þar sem til þessara meðferða er skírskotað eða fresta í sambandi við þær,

a) VIII, 676. — b) X, 488. — c) X, 223. — d) IX, 399. — e) IX, 113, X, 358. — f) X, 364, XIII, 108, 77, XIX, 337.

gilda hinar almennu reglur um málsmeðferð og fresti eftir lögum þessum.

1942
Nr. 61
4. júlí

Lög um málflytjendur.

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra. — **2. gr.** Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.[a]) — Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.[b]) — Loforð um sýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf er ekki skuldbindandi. — **3. gr.** Rétt er héraðsdómseða hæstaréttarlögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann sem lokið hefur embættisprófi í lögum, er 21 árs að aldri, hefur óflekkað mannorð, er lögráður og hefur forræði fjár síns. Dómi þeim, er í hlut á, skal tilkynnt um töku fulltrúans. — **4. gr.** Nú sækir héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til, nema annað sé sannað.[c]) — Í málflutningsumboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi.[d]) Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðila sínum í óhag.[e]) Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðila sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi. — Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðila með öllum löglegum hætti. — **5. gr.** Aðila er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu.[a]) Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn, eða fleiri, með mál þeirra.[b]) — Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig. — Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í greindum kaupstöðum má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir hæstarétti.[c]) — Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli 3. málsgr. um málflytjendur í Reykjavík og á Akureyri skuli og taka til annarra kaupstaða, þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmanna.[1]) — **6. gr.** Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður missir einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, eða fullnægir ekki skilyrðum þessara laga um skrifstofu eða búsetu, hefur hann fyrirgert rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Ef héraðsdómseða hæstaréttarlögmaður hefur verið sektaður þrisvar samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, eða ef stjórn félags héraðsdómsog hæstaréttarlögmanna leggur einróma til, að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur dómsmálaráðherra tekið af honum leyfi til málflutnings um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Leita skal áður álits dóms þess, er hlut á að máli. — Nú hefur héraðsdóms-

a) T.d. V, 1020, VI, 185, VII, 467, IX, 169, 379, X, 38, XI, 136, XII, 134, XIII, 250, XVI, 139, XVIII, 181, 535, XIX, 231, XXI, 213, 272, XXIII, 103, 577, 679. — b) Málflutningslaun, innheimtulaun o. fl., V, 824, VII, 40, 209, 221, (VIII, 142—3), XI, 32, (XVIII, 172), 186, 380, XIX, 115, 438, XX, 67, XXI, 237, XXV, 31, 35, XXIV, 389; bótamál á hendur málflutningsfirmum, IV, 478, XIV, 293. — c) V, 83, 88, VII, 297, (XIX, 66—7), XXIII, 302; IV, 93. — d) (XI, 379—80), XV, 65. — e) IV, 637, XIX, 376.

1) Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi 31. des. 1945, að Hafnarfjörður lyti fyrirmælum 3. málsgr. 5. gr. — a) XXIII, 65. — b) VII, 223, (XXII, 308). — c) IV, 737.

eða hæstaréttarlögmaður verið sviptur leyfi til málflutnings, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins. — **7. gr.** Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða.[a]) Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar. — **8. gr.** Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samvizkusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana. — Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðsdómslögmenn. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður en það veitir leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. — Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 5000 króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. — Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.[b])

II. kafli. — Um hæstaréttarlögmenn. — **9. gr.** [Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim, sem: 1. er 30 ára gamall, 2. er lögráður og hefur forræði fjár síns, 3. hefur óflekkað mannorð, 4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt, 5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í Háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum, 6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til, 7. hefur sýnt það með flutningi 3 mála, og sé eitt af þeim opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð um það, að hann fullnægi öðrum lögmætum skilyrðum til að vera hæstaréttarlögmaður. Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framangreindri prófraun að nokkru eða öllu leyti, ef dóminum er kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti. — Héraðsdómslögmönnum, sem starfað hafa að málflutningi ekki skemur en 5 ár og hafa á þeim tíma flutt fyrir héraðsdómi a. m. k. 40 mál munnlega, er heimilt að flytja fyrir hæstarétti opinber mál og einkamál, sem þeir sjálfir eða löggiltir fulltrúar þeirra hafa flutt fyrir héraðsdómi. Skulu þeir, ef þeir óska að nota heimild þessa, senda beiðni um það til hæstaréttar ásamt vottorði um, að þeir uppfylli skilyrði 1.—5. tölul. greinar þessarar. Heimild þessi fellur niður, ef hæstiréttur telur, eftir málflutning í hæstarétti eða af öðrum ástæðum, hlutaðeigandi héraðsdómslögmann óhæfan til að flytja mál fyrir hæstarétti. Framangreindan rétt geta menn þó öðlazt aftur eftir ákvörðun dómsins.][1]) — **10. gr.** Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin. — **11. gr.** . . .[2]) — **12. gr.** Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu í Reykjavík og vera búsettir þar eða í grennd við borgina. — Skylt er þeim að inna sjálfir af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim; þó er þeim rétt að fela þau öðrum hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Þegar mál er flutt skriflega eða ef hæstaréttarlögmaður getur eigi sótt sjálfur þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl. — **13. gr.** Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja opinber mál, er forseti skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti. — Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

III. kafli. — Um héraðsdómslögmenn. — **14. gr.** Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem 1. er 25 ára gamall, 2. er lögráður og hefur forræði fjár síns, 3. hefur óflekkað mannorð, 4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt, 5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu

a) XXII, 22, 20. — b) XVII, 44, XVIII, 173, 216, 236, 380, XXIV, 467, XXV, 61.

1) L. nr. 25, 16. febr. 1953, § 1. — 2) L. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43.

1942 Nr. 61 4. júlí

prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenzkum lögum, 6. hefur sýnt það með flutningi 4 munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann áður en hann gerir það, leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða héraðsdómslögmaður. — Dómsmálaráðherra setur prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. málsgr.[a]) Héraðsdómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði. — [Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í föst dómarasæti samkvæmt 32. gr. laga nr. 85, 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, skulu undanþegnir ákvæðum 6. töluliðs þessarar greinar.][1]) — **15. gr.** Áður en manni sé veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin. — **16. gr.** . . .[2]) — **17. gr.** Héraðsdómslögmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. — **18. gr.** Héraðsdómslögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér. — Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli á móti því. — Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Annars er héraðsdómslögmanni heimilt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi.

IV. kafli. — Um málflutningsmenn. — 19. gr. Ef mál er rekið utan þeirra kaupstaða, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur óflekkað mannorð og almennan andlegan þroska, meðferð máls síns. — **20. gr.** Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt.[b]) Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn félagsins. — **21. gr.** Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. — **22. gr.** Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

V. kafli. — Ýmis ákvæði. — 23. gr. Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, hvort málflytjandastarf er samrýmanlegt öðru opinberu starfi. Ef það mezt ósamrýmanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

1) L. nr. 119, 30. des. 1943, § 1. — 2) L. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — a) XXII, 20. — b) XXIII, 302.

1942 Nr. 61 4. júlí

1914 Nr. 32 2. nóv.

Lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.

1. gr. Stjórnarráðinu er heimilt að veita mönnum rétt til að vera dómtúlkar og skjalþýðendur.[a]) — **2. gr.** Ef maður vill öðlast þann rétt, sem um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rétt til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sé til að leysa þau störf vel af hendi. Heimilt er stjórnarráðinu að skipa prófnefnd og ákveða henni kaup, er greiðist úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar fyrir um prófið.[1]) — **3. gr.** Nú hefir maður öðlazt rétt þann, er um er rætt í 1. gr., og skal hann þá skyldur að vera túlkur á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Hann skal og heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir beztu vitund, og að ljósta eigi upp leyndarmálum. Rétt er þó, að aðrir menn séu dómtúlkar og skjalþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í

1) Rgj. nr. 4, 18. jan. 1935. — a) XIX, 313.

1914 Nr. 32 2. nóv.

hvert skipti. — **4. gr.** Dómtúlkar og skjalþýðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn. — **5. gr.** Stjórnarráðið semur og setur verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.[1])

1793 19. júlí

Tilskipun um vitnisburð málflutningsmanna.[a])

Ef málflutningsmanni er stefnt sem vitni í einkamáli, og honum hefir annaðhvort verið falinn flutningur þess eða ráða hans hefir verið leitað í því, þá skal hann vera undanþeginn, og honum jafnvel með öllu bannað, að bera vitni í því máli, ef úr spurningum þeim, er fyrir hann eru lagðar, verður eigi leyst, nema hann skýri frá því, sem skjólstæðingur hans, eða sá, er leitaði ráða hjá honum, trúði honum fyrir. Aftur á móti skal hann skyldur til, undir eið, eins og önnur vitni, að bera það, er hann veit til upplýsingar málinu, ef hann eigi hefir komizt að því sem trúnaðarmaður málsaðilja.

1943 Nr. 65 16. des.

Lög um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

1. gr. Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. — Ríkisstjóri veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála. — **2. gr.** Borgardómari fer með einkamál (sbr. þó 4. gr.), þar á meðal formennsku dóma í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, og úrskurðun fátækramála. — **3. gr.** Borgarfógeti fer með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, veðmálabókahald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi og alþingiskosningar. — Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrám sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði. — **4. gr.** Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss. — **5. gr.** Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa. — **6. gr.** Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum. — **7. gr.** Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu. — **8. gr.** Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn. — **9. gr.** Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði. — **10. gr.** . . .[1]) — Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.[a]) — **11. gr.** Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, eftir því sem nauðsyn krefur.

1) Gjaldskrá nr. 143, 14. nóv. 1944. — a) XIX, 439.

1943 Nr. 65 16. des.

1921 Nr. 68 27. júní

Lög um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.

1. gr. Árið 1922 og uppfrá því skulu manntalsþing í hverju lögsagnarumdæmi byrja 14., 15. eða 16. júnídag ár hvert, og skal þeim síðan fram haldið án tafar, eftir því sem staðhættir og önnur embættisverk leyfa, og skal þeim lokið hinn 15. júlídag ár hvert, nema sérstakar ástæður hamli, enda sé þeirra þá getið í þingbókinni, er síðasta manntalsþingið það ár er háð.

1) L. nr. 60, 12. marz 1945, § 8. — a) III, 231.

1919 Nr. 79 28. nó.

Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl.[1])

1. gr. Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tíðkazt, heimilt að löggilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hér á landi, til þess að skipa dómarasæti í lögreglumálum og halda sakamálsrannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans ábyrgð. — **2. gr.** Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum.[2])

1720 18. marz

„Kammerréttarskipun".

I. . . . **17.** Engin afsöl, er aðalskuldari (gjaldheimtumaðurinn) eða ábyrgðarmaður hafa út gefið, skulu gilda gagnvart slíkri kyrrsetningu, er lýst hefir verið á heimaþingi þeirra . . ., nema þau hafi verið þinglesin og árituð áður lögfrestur sé liðinn og áður en kyrrsetningin fór fram, og skal bæði kaupandi og seljandi leggja eið út á það á þinginu, þar sem á afsölin er ritað, að þau séu rétt og að engin svik búi undir. Svo skal og greint, hvort andvirði sé að nokkru greitt, og enn fremur skulu þeir, sem undir hafa ritað sem vitundarvottar, leggja eið út á það, að þeir hafi verið við, er afsölin voru undirrituð og innsigluð, og að þau hafi eigi verið fyrr út gefin en þau voru dagsett. En gjafa- og lénunarbréf og þess konar bréf skulu á engan hátt verða Vorri kröfu til hnekkis. Eigi er heldur nokkrum af þjónum Vorum, er eiga að gera Oss reikningsskil eða er falið að krefja nokkurs af tekjum Vorum frá þeim tíma, er hann var tekinn til slíks starfs, né heldur ábyrgðarmönnum, er gengið hafa í ábyrgð fyrir nokkurn af þess konar þjónum Vorum, frá því, er þeir tóku á sig ábyrgðarskuldbindinguna, leyfilegt að veðsetja neitt af eignum sínum, föstum eða lausum, hverjum sem veðsett er, og eigi er heldur nokkrum leyfilegt að taka við slíku veði, enda skal slík veðsetning, hvort sem veð er handselt eða þinglesið, vera ógild og að engu hafandi, þar til er Vér höfum fengið fullgreiddar kröfur Vorar bæði hjá gjaldheimtumanni og ábyrgðarmanni.[1])

1) Sbr. l. nr. 65, 16. des. 1943, § 11. — 2) Sjá nú l. nr. 19, 12. febr. 1940, V. kafla.

1687 18. apríl

Norsku lög Kristjáns V.

I. bók, 22. kap. — Um sektir, aðför eftir dómum o. fl. — **19.** Nú er maður . . . dæmdur til þess að greiða eitthvað eða þola aðför í eignum sínum, hvar sem þær eru, og hann gerir eigi skil innan 15 daga, eða 3 sólarhringa, ef annaðhvort hann eða andstæðingur hans er gestur, og skal fógeti þá . . . krefja aðfarar eftir dóminum. . . . — **22.** Nú ber svo við, að tveir eða fleiri beiðast þess samtímis, að fógeti geri fjárnám, og skal fógeti fyrst sinna þeim, sem eldri aðfarardóm hefir. En vanræki nokkur sjálfur rétt sinn, þá má fjárnám gera fyrir þann, er heldur máli sínu löglega fram. — **23.** Nú hafa þeir jafngamla dóma og beiðast þeir fjárnáms samtímis, þá ganga þeir allir jafnt hver öðrum, og ef þeir leita fjárnáms í sömu munum, þá fá þeir allir tiltölulegan hlut í þeim, nema einhver þeirra segi lausu fjárnáminu þegar í stað og beiðist fjárnáms af nýju í öðrum munum. — **24.** En ef svo ber við, að maður hefir öðlazt aðfarardóm á hendur skuldunaut sínum, og fær eigi gert fjárnám fyrir kröfu sinni vegna áfrýjunar fyrir æðra dóm, en annar maður fær einnig, meðan svo stendur, aðfarardóm á hendur sama skuldunaut, þá skal frá tekið svo mikið af búi skuldunauts handa þeim, sem fyrr hefir dóm hlotið og birt hann nægilega snemma fyrir fógeta, er hinn vill fjárnám gera láta, að nægilegt sé til lúkningar kröfu hans og kostnaði, og skal það, sem frá er tekið, kyrrsett vera, þar til er fullnaðardómur hefir verið kveðinn upp milli hans og skuldunauts hans. En fyrr en eignir hafa á þenna hátt verið frá teknar, má eigi gera fjárnám handa hinum. — **28. gr.** Og er sækjanda heimilt fjárnám í þeim munum, er skuldunautur hefir selt af hendi eða veðsett öðrum eftir að sækjandi lét birta honum löglega . . . stefnu til . . . hæstaréttar, eða lét kyrrsetja fjármuni hans eða sjálfan hann eða fékk aðfarardóm á hendur honum. En að öðru leyti skal ekkert, er hefir verið löglega af hendi selt, eða nokkurt löglegt veð, hverju nafni sem nefnist, bíða hnekki af fjárnáminu. . . . — **39.** Nú deyr sækjandi meðan á máli hans stendur, og mega þá erfingjar halda því á-

1) Sbr. tilsk. 30. jan. 1793, § 40, op. br. 23. júlí 1819 og 11. des. 1869.

1687 18. apríl

fram eins og hinn látni skildi við það. Sama er og um ómynduga og fjárhaldsmenn. — 40. Nú deyr sá, er sóttur er, áður en aðför sé gerð eftir undirréttardómi, og eru erfingjar hans eigi skyldir að gegna því máli fyrr en fenginn er viðstöðulaust dómur æðri réttar. . . . En ef dómur er genginn í hæstarétti konungs, þá má gera aðför án frekari málarekstur. . . . — **56. gr.** Nú er dómi áfrýjað til æðri réttar, og stefna er lögð fram fyrir þá, sem aðför eiga að gera, og má þá eigi aðför fram fara eftir þeim dómi fyrr en málið hefir verið dæmt af æðra rétti.

VI. bók, 14. kap. — Um ofríki og hervirki. — 6. Nú vill maður eigi flytjast úr leiguhúsi á fardegi réttum, enda hafi honum verið löglega byggt út, eða hann hefst við í húsi, sem hann á engan rétt til, eða hefir verið dæmdur úr, að ólofi eiganda, og má þá eigandi án frekara dóms láta þjóna réttarins ryðja húsið.[a]) ...

1887 Nr. 19 4. nóv.

Lög um aðför.

I. kafli. — Almenn skilyrði fyrir aðför. — **1. gr.** Aðför má gera eftir: 1. dómum[b]) og úrskurðum,[1])[c]) uppkveðnum af löglegum dómstólum í ríkinu. 2. Sáttum,[2]) er komizt hafa á fyrir löglegum sáttanefndum í ríkinu, dómstólum eður yfirvöldum þeim, er í lögum er boðið að leita um sættir í þeim málum er ræðir um.[d]) 3. Þinglesnum veðbréfum með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í lögum nr. 29, 16. des. 1885, 15. og 16. gr. — Um lögtak, útburðar- og innsetningargerðir án undanfarinnar lögsóknar og dóms fer eftir reglum þeim, er til þessa hafa gildar verið. — **2. gr.** Aðför skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti[3]) gera, og nefnist hann þá fógeti. — Hann kveður til aðfarar með sér tvo áreiðanlega menn sem votta.[e]) Þeir eru jafnframt án sérstaks umboðs rétt komnir til að framkvæma þær virðingar og aðrar álitsgerðar, er fyrir kunna að koma við aðförina.[f]) Séu þeir ekki færir um að meta það rétt, sem undir virðingu ber, kveður fógeti aðra til þess hæfa. Vottarnir og eins þeir, er til virðinga eru kvaddir, skulu í fógetabók rita undir yfirlýsingu upp á æru sína og trú um það, að þeir skuli virðingar af hendi inna eftir beztu sannfæringu. — **3. gr.** Nú vill maður aðfarar beiðast, og skal hann snúa sér um það til fógeta og hafa með sér eftirrit af dóminum úrskurðinum, sáttinni eður af frumriti veðbréfsins og jafnframt gefa fógeta allar þær skýrslur, er hann að öðru leyti þarf til þess að kveða á um aðförina.[a]) — Ef skuldin sjálf, auk málskostnaðar og vaxta, er bætzt hafa við frá byrjun málssóknar, fer fram úr 200 kr. eða virði þess, skal aðfarar beiðast skriflega. Að öðrum kosti nægir munnleg beiðni, er fógeti síðan færir til bókar. — **4. gr.** Það er skilyrði fyrir aðför, að dómurinn eða úrskurðurinn sé í lögmætu formi. Ef svo er, á fógeti eigi að rannsaka það eður dæma um, hvort á kunni að vera þeir gallar eða brestir, er öðrum úrslitum mundi valda, ef áfrýjað yrði. — Fógeti skal því aðeins aðfarar synja, að dómurinn eða úrskurðurinn sé eigi uppkveðinn af löglegum dómstóli eður yfirvaldi, er vald hafi til að uppkveða aðfararhæfa úrskurði, eður að honum samkvæmt efni sínu verði eigi fullnægt. — **5. gr.** Ef gera skal aðför eftir sátt, á fógeti að skera úr um allar varnir, er fram koma gegn gildi sáttarinnar, hvort heldur hún er á komin fyrir sáttanefnd, dómi eða yfirvaldi; þó má úrskurður fógeta, að því er dómsátt snertir, í engu hreyfa við gerðum dómarans. — Nú er í sáttinni frestur veittur kröfunni til fullnægingar, eður hún skilyrði bundin, eður svo er tilskilið, að hvorirtveggju skuli nokkuð af hendi inna, og verður þá eigi af aðför nema sáttin sjálf eður önnur opinber skjöl beri það með sér, eður skuldunautur kannist við, að fresturinn sé útrunninn eða skilyrðinu fullnægt, eður að sátthafi hafi af sinni hálfu innt það af hendi, er honum bar, eður við aðförina bjóðist til þess löglega, ef þá er eigi um seinan. — **6. gr.** Aðalreglurnar í 5. gr. um sættir eiga og við um veðbréf, er um getur í 1. gr. 3 lið. — **7. gr.** Aðför má gera eftir dómi og úrskurði, þá er liðinn er fullnægingarfrestur sá, er til er tekinn, enda hafi dóminum eða úrskurðinum eigi verið áfrýjað. Ef enginn frestur er tiltekinn í dóminum eða úrskurðinum, má þegar í stað aðför gera. Nú hefir tekin verið út stefna til áfrýjunar, og sker þá fógeti úr, eftir núgildandi reglum, hvort varnað geti aðfarar. — **8. gr.** Eftir

1887 Nr. 19 4. nóv.

1) Sbr. l. nr. 85, 23. júní 1936, § 25. — 2) Sbr. l. nr. 19, 4. júní 1924, §§ 22 og 46. — 3) Sbr. l. nr. 65, 16. des. 1943, § 3. — a) Um bætur, XII, 285, XIII, 208, XVIII, 438. — b) I, 110. — c) V, 165. — d) IV, 802—4, 858—9, 866—8. — e) V, 914, 942. — f) V, 609—10, 914.

a) IV, 766.

1887 Nr. 19 4. nóv.

sátt má aðför gera, þegar er skuldin eftir henni er komin í gjalddaga. Um aðför eftir veðbréfum fer eftir 15. gr. í áðurnefndum lögum 16. des. 1885. — **9. gr.** . . .[1]) En ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því, er aðför gat fram farið, og dómfelldi á heimili á Íslandi, er mönnum er kunnugt um, þá er hann skyldur til með nótaríal-áskorun eður með áskorun er hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbréfinu; og má þá eigi aðför gera fyrr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun. — **10. gr.** Ákvæði þau, er hér fara á eftir um dóma, gilda og um sættir og aðrar aðfararheimildir, þó með þeim afbrigðum, er af eðli málsins leiða.

II. kafli. — Um aðför eftir dómum, sem eigi dæma menn í peningaútlát. — **11. gr.** Nú er maður með dómi til annars skyldaður en peningaútláta, og skal þá, nema þegar svo stendur á, sem segir í 12.—14. gr., til peninga meta, hve miklu það varði dómhafa að fá dóminum fullnægt, og síðan fjárnámi heimta peningagjaldið eftir reglum þeim, er getur um í næsta kafla, enda hafi eigi, eftir að dómur var upp kveðinn, ómögulegleiki eða önnur atvik samkvæmt almennum borgaralegum lögum leyst dómfellda frá því, að fullnægja dóminum, án þess þau jafnframt hafi bakað honum skaðabótaskyldu. — Sé eigi í dóminum ákveðið peningagjald í stað þess, er upprunalega skyldi af hendi inna vegna þess, að engin varakrafa var gerð um það við rekstur málsins, getur dómhafi við aðförina látið ákveða upphæð þess. — Venjulega skal fógeti ákveða peningagjaldið með aðstoð vottanna (2. gr.); en hafi þeir eigi nægilega þekkingu til þess, getur hann kvatt aðra sér til aðstoðar, og lætur þá áður vinna sér eið. — Ef kostur er á, skal fógeti til kalla dómfellda, svo að hann fái komið með hverskonar upplýsingar og yfirlýsingar áður til tekið sé peningagjaldið. — Sjálfur metur fógeti því næst og tiltekur gjald þetta eftir málavöxtum, en þarf eigi að fara eftir áliti vottanna eður þeirra, er í stað þeirra voru tilkvaddir. Einkum á hann að annast um, að dómhafi fái fullar bætur, og, ef hann er í efa nokkrum, þá heldur að tiltaka ríflegar bætur, en eiga það á hættu að dómhafi bíði tjón af því, að dóminum verði eigi fullnægt. — Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkv. 16. gr. fyrir það að hinn fullnægir eigi dóminum, má til taka peningagjaldið með dómi í þessu máli í stað þess að gera það við aðförina. — **12. gr.** Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu. — **13. gr.** Ef maður er með dómi skyldaður til að láta einhvern hlut af hendi, á fógeti sömuleiðis að taka hlutinn með valdi, eður með annarri líkri þvingunaraðferð að framkvæma dómsákvæðið. Finnist hluturinn eigi, er til skal taka, getur dómhafi heimtað, að fyrir komi peningagjald, svo sem segir í 11. gr., og það þvínæst tekið fjárnámi. — **14. gr.** Ef maður er dæmdur verk að vinna eður eitthvert slíkt starf af hendi að leysa, getur fógeti leyft dómhafa, ef hann fer fram á það og það þykir hæggasti og beinasti vegurinn fyrir hann til að ná rétti sínum, að fá aðra til að vinna verkið, og því næst að heimta af hinum með fjárnámi það, er hann varð að borga fyrir verkið eftir reikningi, sem fógeti hefir samþykkt. Sé maður dæmdur til að gefa út eða rita undir skjal nokkurt, getur fógeti gert það með sömu verkun eins og hefði hann til þess haft umboð hans. — Ef manni með dómi er veitt leyfi til að hafast eitthvað að gegn því að bæta tjón það, er af leiðir, eða ef maður er með dómi skyldaður til að vinna eitthvert verk mót því að fá kostnaðinn við það bættan af dómhafa, þá er fógeti skyldur til, ef þess verður krafizt, og ef þörf gerist með aðstoð þeirra manna, er vit hafa á, að leysa úr spurningum, er snerta framkvæmd slíks dóms, og að ákveða peningagjald það, er greiða skal, þá er dóminum verður fullnægt. — **15. gr.** Ef manni með dómi er boðið að láta eitthvað ógert, getur dómhafi, ef brotið er móti boðinu, og eigi er í dóminum tiltekið, hverri ábyrgð slíkt sæti, látið við aðför meta til peninga bætur fyrir brotið svo sem segir í 11. gr. og síðan fjárnámi taka. Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir brotið, má með dómi í þessu máli ákveða bæturnar í stað þess að láta fógeta gera það. — **16. gr.** Nú lætur maður af mótþróa fyrir farast að fullnægja dómi, er leggur fyrir hann að gera eitthvað, eða maður af ásettu ráði brýtur á móti dómboði um að láta eitt-

1) L. nr. 14, 20. okt. 1905, § 21.

hvað ógert, og getur dómhafi þá, hvort sem hann fer fram eftir ákvæðum 11.—15. gr. eða eigi, höfðað mál á hendur hinum og fengið hann dæmdan í sektir eða fangelsi. Fullnægi hann síðar dóminum að öllu leyti, fellur hegningin niður, eða stöðvast, ef hann þegar er farinn að úttaka hana, og eins er um það, þegar dómhafi með því að fara eftir 11.—15. gr. hefir náð rétti sínum eður fengið trygging fyrir honum. — Þá er fallinn er hegningardómur, er það skylda löggæzlumanna að veita dómhafa fulltingi sitt til að ná rétti sínum, ef hann beiðist þess, með því að leita uppi og taka af dómfellda þá hluti, er hann er dæmdur til að láta af hendi, hamla honum í að fremja brot gegn dóminum, ónýta aðgerðir hans, er koma í bága við rétt dómhafa, og því um líkt. — **17. gr.** Með undanfarandi greinum er í engu fyrirgert rétti dómhafa til að neyta bráðabirgða-réttaraðfara til tryggingar fyrir því, að dóminum verði fullnægt.

III. kafli. — Um aðför eftir dómum, er dæma menn í peningaútlát. — **18. gr.** Ef maður er dæmdur til að borga peninga, má aðför gera með fjárnámi í eignum hans. Að því, er snertir sektir, sem dæmdar eru í einkamálum, þá skal farið eftir reglunum um aðför eftir sektadómum. Eigi má setja menn í skuldafangelsi. — Hinar sérstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni, eða konu, sem yfirgefin er af manni sínum eða skilin við hann að borði og sæng, skulu halda gildi sínu.[1]) — **19. gr.** Eigi skal fjárnámi taka meira en það, sem eftir virðing vottanna nægir til að fullnægja dóminum, og fyrir því sem dómhafi krefst og fógeti metur að ganga muni til lögboðinna eða annarra nauðsynlegra réttargjalda og kostnaðar, svo sem við flutning á munum, geymslu þeirra til uppboðs m. m., og enda sé áður tekið frá svo mikið sem þörf þykir vera til þeirra, er forgöngurétt kunna að hafa. — **20. gr.** Aðför fer fram eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir, annaðhvort með því móti að fógeti tekur fjárnámi til sölu við uppboð lausafé eður fasteignir af dómfellda til handa dómhafa, eður skuldir sem dómfelldi á hjá öðrum, eða að fógeti með námsgerð tekur réttindaumráð af dómfellda, og lætur annan hafa þau í hans stað. — Ef lögbönd eru á fénu eður það hefir áður verið fengið öðrum að fjárnámi, má taka það fjárnámi, er þá stendur hinu að baki. — Ef reiðu peningar eru fyrir, borgar fógeti dómhafa þá umsvifalaust upp í skuldina. Dómhafi getur ekki skorazt undan að taka við borgun í kröfum upp á sjálfan hann, er í gjalddaga eru komnar, og hann kannast við að réttar séu. — **21. gr.** Í arði og tekjum fasteigna má fullnægingar leita með svofelldu móti, að fógeti lætur annan hafa umráð eignarinnar dómhafa í hag, og lætur tekjurnar ganga upp í skuldina á sama hátt sem peninga, er koma inn við nauðungaruppboð. — **22. gr.** Nú er fjárnám gert í leigu- eða byggingarréttindum fasteigna, enda sé eigi með því gengið á rétt eiganda, og skal þá farið eftir því sem segir í næstu grein á undan. — **23. gr.** Meta skal fé, er fjárnámi er tekið, til þess, er ætla má að það seljist við uppboð undir venjulegum kringumstæðum að frádregnum uppboðs- og innheimtukostnaði. Þá er teknar eru fjárnámi kröfur, réttindi eða arður og tekjur fasteigna, skal engar virðingar á leggja, en farið eftir álitum um það, hve mikið skuli fjárnámi tekið og jafnframt haft tilhlýðilegt tillit til gjalda og kostnaðar, er af þeirri aðferð leiða. — **24. gr.** Dómfelldi eður sá, sem er við aðförina fyrir hans hönd, á rétt á að segja til þeirra muna, er fjárnámi skuli taka, og getur dómhafi eigi haft á móti því, svo framarlega að þessir munir séu að mati eður áliti fógetavottanna hæfileg trygging fyrir skuld þeirri, er ná skal inn.[a]) — Þó þarf dómhafi hvorki að ganga að fjárnámi í fasteignum, ef lausafé er til eða kröfur honum til fullnægingar, né í lausum aurum, sem mjög mundi erfitt að geyma eður selja, né í kröfum, er álíta má umþrættar eða óvissar. Ef hægt er að fá fjárnám til uppboðssölu, verður dómhafi eigi skyldaður til að leita fullnægingar á annan hátt. Ef til er annað fé, þarf dómhafi eigi að ganga að fjárnámi í munum, er aðrir hafa fengið að fjárnámi á undan honum, eður einhvern þann rétt yfir, er hann yrði að standa að baki. — **25. gr.** Segi dómfelldi eigi til eða einhver fyrir hans hönd, má dómhafi til taka þá muni, er taka skuli fjárnámi. — Þó skal fógeti gæta þess, að þeir munir séu fyrst teknir, er dómfelldi helzt megi án vera; skal því hvorki fjárnám gera í nauðsynlegri áhöfn jarðar af gangandi peningi, né í ó-

1) L. nr. 80, 5. júní 1947, § 47, sbr. l. nr. 39, 27. júní 1921, §§ 60 og 80, l. nr. 57, 27. júní 1921, §§ 16 og 18, l. nr. 20, 20. júní 1923, § 9 og l. nr. 87, 5. júní 1947.

a) V, 609.

1887 Nr. 19 4. nóv.

missandi vinnuáhöldum, né í smíðatólum eður öðrum þeim munum, er dómfelldi getur alls eigi án verið í atvinnu sinni, nema eigi séu til aðrir þeir hlutir, er hann heldur geti misst. — Ef taka skal fjárnámi hey, áburð, eldsneyti eða byggingarefni, og svo er ástatt, sem segir í 9. gr. laga nr. 1, 12. janúar 1884,[1]) þá skal fara eftir fyrirmælum þessarar greinar. — **26. gr.** Ef fjárnám skal gera eftir því, sem segir í 21. gr., sbr. 22. gr., þá skal fógeti selja hlutaðeigandi eign öðrum til forráða, er hann til þess kveður, og bjóða leiguliða eða hverjum sem er, að greiða honum afgjöld öll, og að öðru leyti gera þær þvingunar-ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að arður og tekjur eignarinnar komi dómhafa að notum. — Þessi forráðamaður gerir reikningsskil á þeim tímum, er fógeti til tekur, fyrir tekjum eignarinnar, og skilar fógeta, eins og hver annar innheimtumaður, afganginum að frádregnum umboðskostnaði, þarmeð talin þóknun handa sjálfum honum. — Þegar dómhafi hefir fengið skuld sína borgaða með áföllnum leigum og kostnaði, fær skuldunautur eign sína aftur. — Fógeti leysir úr öllum spurningum um reikningsskilin, eignarforráðin og hvenær þeim skuli aftur skilað skuldunaut, þá er um slíkt koma fram kærur eður mótmæli af hálfu dómhafa, skuldunauts eður annarra, er hlut eiga að málum. — **27. gr.** [Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera. — Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 500 kr., og auk þess allt að 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skyldaframfæri hans.[a]) — Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 100 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgr. — Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefir ekki falið það öðrum. — Rétt þann, sem ræðir um í 2. og 3. málsgr., á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum. Ekki má heldur undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.][1]) — **28. gr.** Fjárnám má aðeins gera í réttindum, er fengin eru, þegar það fer fram, en eigi í þeim, sem menn síðar kunna að eignast, svo sem í arfi, er menn eiga í vændum. — Fjárnám má gera í skuldum, er dómfelldi á að öðrum, þótt skilyrðum séu bundnar eða eigi komnar í gjalddaga, ef aðeins er hægt að segja til þeirra og ákveða með nægilegri vissu. — Þegar samningur til skilur, að hvorirtveggju aðiljar skulu nokkuð af hendi inna, má eigi fjárnám gera í því, sem skuldunautur á kröfu til af hinum, ef hann hefir eigi þegar sjálfur uppfyllt samninginn af sinni hálfu, og það, er hann á af hendi að inna, er eigið verk hans eður vinna eða eitthvað annað það, er sá, sem fjárnáms leitar, er eða verður eigi við fjárnámið fær um að láta í té eða framkvæma. — Þetta skal þó í engu vera því til fyrirstöðu, að menn nú sem fyrr geti haldið sér til vinnukaups skuldunauts eða annarra tekna hans þvílíkra, þegar heimta skal af honum framfærslueyri með barni hans eða konu, sem hann hefir yfirgefið eða er skilinn við að borði og sæng. — **29. gr.** Nú er það löglega bundið samningi við annan mann eða ákvæði hans, að lánardrottnar skuli engrar fullnægingar mega leita í tilteknum munum, og má þá eigi fjárnámi taka, enda þótt rétt væri, ef svo væri eigi til skilið. — **30. gr.** Eigi má fjárnámi taka laun embættis- eður sýslunarmanna eða þvílíkar tekjur, eigi biðpeninga, eftirlaun eða því um líkt styrktarfé, er greiðist úr lands-, sveitar- eða öðrum opinberum sjóðum, nema í gjalddaga séu komin. — **31. gr.** Fjárnámi eru ennfremur undan þegin: 1. dagpeningar og þvílík gjöld til embættismanna eður annarra, er opinberum störfum gegna, svo og ferðakostnaður og kostpeningar, er borgaðir eru tilkvöddum vottum eða virðingamönnum; 2. framfærslueyrir með konu eður barni, ef til tekinn er með yfirvaldsúrskurði, sátt eða öðru slíku ákvæði; 3. styrkur til fátækra, er stofnanir eða velgerðarfyrirtæki veita, svo og hverskonar sveitarstyrkur.[2])[a]) — **32. gr.** Eigi er lífeyrir, forlagseyrir, lífsábyrgðarfé eður þesskonar tekj-

1) Sbr. l. nr. 87, 19. júní 1933, § 22 og l. nr. 8, 5. febr. 1951, § 22. — a) XXI, 370.

1) L. nr. 18, 23. júní 1932. — 2) Sjá ennfremur l. nr. 56, 30. nóv. 1914, § 74. — a) VIII, 170.

ur, er menn hafa keypt sér eða öðrum með fjárframlagi, undanþegnar fjárnámi, nema sérstakleg lagaheimild sé fyrir, eður svo hafi löglega verið umsamið eða ákveðið í fyrstu.[a])

IV. kafli. — Um aðförina sjálfa og um réttarfarið. — 33. gr. Þegar aðfararheimild er fyrir hendi, og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför, til tekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa. — Aðför skal að jafnaði hefja að heimili dómfellda, nema þegar fógeta þykir eftir atvikum vera ástæða til út af að bregða.[b]) — Ef dómur dæmir mann til að fram selja muni eður af hendi að láta, má aðför hefja þar er þeir eru fyrir. — Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi, og er þá rétt aðför að hefja þar er hann verður fyrir, eða munir hans eru, sem til fullnægingar má nota. — **34. gr.** Eigi verður af aðför, nema dómhafi sé viðstaddur eða annar löglega um kominn hans vegna. — Eigi tálmar það aðför, þótt dómfelldi sé eigi viðstaddur.[c]) En sé heldur eigi neinn viðstaddur í umboði hans, skorar fógeti á konu hans, börn eldri en 18 ára, hjú eður aðra fullorðna heimilismenn að taka málstað hans. Ef engi þessara manna er við staddur eða vill takast það á hendur, skal beina líkri áskorun að þeim, er hann býr hjá, húsbónda eða þeim, sem á yfir honum að segja, ef einhver sá er viðstaddur. — **35. gr.** Gerðin hefst með því, að fógeti skorar á hlutaðeiganda að borga skuldina og kostnað þann allan, er dómfellda ber að greiða, svo eigi verði af frekari aðför. Verði það eigi gert, heldur fógeti gerðinni áfram eftir beiðni dómhafa samkvæmt reglunum í II. og III. kafla. — **36. gr.** Dómfelldi er skyldur að boði fógeta að ljúka upp herbergjum sínum og hirzlum, ef dómhafi fer fram á það, svo að séð verði, hvort þar séu geymdir munir, sem gert verði fjárnám í. Skorist dómfelldi undan því, eða ef engi er sá viðstaddur, er geti gegnt boðinu, má fógeti beita valdi. Ef þörf gerist, getur fógeti og leitað á dómfellda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sér geymda. Þó skal slík leit vera byggð á rökstuddum úrskurði. — **37. gr.** Skyldur er skuldunautur, ef skorað er á hann við aðförina, að segja satt og rétt til um það, hvað hann eigi til tryggingar eður lúkningar skuld sinni, og láta að öðru leyti í té allar þær skýrslur, er nauðsynlegar eru og að þessu lúta. Sé skuldunautur eigi viðstaddur, getur aðfararbeiðandi fengið gerðinni frestað og skuldunaut boðað á mót með sér með fyrirvara, sem fógeti til tekur; þetta mót getur aðfararbeiðandi krafizt að haldið sé á skrifstofu fógeta. — Nú færist skuldunautur undan því að láta í té skýrslur nokkrar, eða lætur undan fallast án löglegra forfalla, að mæta við framhald gerðarinnar, og á þá aðfararbeiðandi heimting á, að hann sé settur í einfalt fangelsi[1]) og hafður þar, þar til er hann uppfyllir skyldu þessa, þó aldrei lengur en 6 mánuði. — **38. gr.** . . .[2]) — **39. gr.** Innan þeirra takmarka, er getur um í 4. gr., mega koma fram varnir af hálfu dómfellda gegn því, að aðför fari fram í heild sinni eða að einhverju leyti eða á þann veg, sem haldið er fram. — Um framkomin mótmæli hefir dómhafi rétt til að láta uppi álit sitt. — Fógeti ræður því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið. — **40. gr.** Ef gerðin mundi ganga of nærri rétti annars manns, á hann og rétt á að mótmæla aðförinni.[a]) Hann mætir þá við gerðina, lætur færa til bókar mótmæli sín og biður um úrskurð fógeta; ber þar eftir að skoða hann sem málsaðilja í gerðinni. — **41. gr.** Sókn og vörn fyrir fógeta skal fram fara munnlega. — Fógeti leggur úrskurð sinn á þrætumálið samkvæmt framburði og játningu málsaðilja, og framkomnum skjölum og öðrum skriflegum skilríkjum. En vitnaleiðslur, skoðunar- og álitsgerðir, máli til sönnunar, mega að jafnaði eigi fram fara. — Fógeti skal leiðbeina málsaðiljum samkvæmt grundvallarreglunum í tilskipun 15. ágúst 1832.[3])[b]) — **42. gr.** Í fógetabók skal tilgreina: a) stað og stund, er gerðin skal fram fara, nöfn málsaðilja og hver sé aðfararheimildin, b) nafn fógeta og vottanna, c) hvernig gerðin hafi yfir höfuð að tala farið fram. — Verði ágreiningur um framkomnar kröfur, skal tilfæra þær orðréttar. — Ennfremur skal fógeti bóka eins og honum þykir þörf vera, frásögn málsaðilja um það, hversu mál sé skapað, þó eigi orðrétta, en svo að engu verulegu sé sleppt. — Hið bókaða skal síðan upp lesið og samþykkt. — **43. gr.** Frest má að jafnaði engan veita meðan á gerðinni stendur, nema málsaðiljar séu ásáttir.

a) X, 487. — b) II, 607, V, 914, VII, 454—5, XVII, 343, XXIV, 640. — c) II, 609.

1) Sbr. nú l. nr. 85, 23. júní 1936, § 114. — 2) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — 3) S. l., § 273. — a) (VII, 455). — b) V, 124.

1887 Nr. 19 4. nóv.

En stöðvað getur fógeti sókn og vörn, ef nauðsyn ber til, en án þess að gerðin þar með sé rofin. Fógeti skal þá, ef dómhafi krefst, láta hafa gætur á því, eða á annan veg gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar séu til þess, að allt standi í sömu skorðum, þar til er gerðin aftur verður upp tekin. Skal málsaðiljum skýrt frá, hvenær það verður. — **44. gr.** Eftir að sókn og vörn er lokið um upp kominn ágreining, leggur fógeti þegar í stað eða svo fljótt sem verða má úrskurð sinn á málið. — Úrskurður skal rökstuddur vera og skal bóka hann orðréttan. — Eigi hindrar áfrýjun framkvæmd á honum. — **45. gr.** Í fógetabók skal rita með nákvæmni hvern einstakan mun, er fjárnám er gert í og virðingarverð hans við.[a]) — Því næst kveður fógeti svo á í bókinni, að hinir uppskrifuðu munir séu teknir fjárnámi fjárnámshafa til fullnægingar, og lætur dómfellda vita, að upp frá þessu varði það hegningu að gera nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa, er komi í bága við rétt dómhafa. Sé dómfelldi eigi viðstaddur, skal þeim, er tilkvaddir eru fyrir hans hönd samkvæmt 34. gr., boðið að skýra honum frá þessu, og eftir atvikum má og tilkynna það þeim manni, er féð er hjá, er fjárnámi var tekið. — **46. gr.** Þegar fjárnám er gert í fasteign, en eigi í arði hennar og tekjum, heldur hún áfram að vera í umráðum skuldunauts, þar til er nauðungaruppboðið fer fram, nema svo reynist, að hún spillist af hans völdum eða rýrni, og getur fógeti þá fengið öðrum forráð hennar. — Fjárnámsgerðina skal þinglesa, eigi hún að hafa gildi gagnvart öðrum, er með löglegum samningum kynnu að eignast réttindi yfir fasteigninni. Skal gerðina lesa á varnarþingi, þar er fasteign liggur undir, eftir reglum þeim, er um veðsetning fasteigna gilda. — **47. gr.** Lausafé, er fjárnámi hefir verið tekið, hefir skuldunautur eigi rétt til að hafa í vörzlum sínum, ef sá vill eigi, er að fjárnámi fékk munina, nema skuldunautur setji viðunanlega trygging fyrir því, að þeir varðveitist hjá honum óskertir; en fjárnámshafa skal að jafnaði heimilt vera að taka munina til sín til geymslu, en gegn trygging, ef verð þeirra fer að mun fram úr kröfu hans. — Verði munirnir eigi í vörzlum skuldunauts, og fjárnámshafi tekur heldur eigi við þeim, annaðhvort fyrir því að hann má það eigi samkvæmt því er nú var sagt, eður hann vill eigi takast geymsluna á hendur, skal fógeti gera nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu þeirra á kostnað dómfellda. — **48. gr.** Ef skuldabréf eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið, ella hefir það eigi gildi gagnvart þeim, er síðar fær þau til eignar eða að veði, og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er án þess að vita af fjárnáminu hefir síðan borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gert hjá, gegn kvittun hans á sjálft bréfið eður gegn afhending þess. — Ef fjárnámi eru teknar kröfur annarrar tegundar, skal skuldunaut skýrt frá því, annars leysist hann frá skuld sinni með því að borga hana í góðu trausti þeim, er fjárnámið var gert hjá. Hið sama er, ef skuldunautur borgar leigur af skuldabréfi sínu. — **49. gr.** Ef sá hlutur, er tekinn var fjárnámi, verður eigi fenginn fjárnámshafa eða þeim, er fógeti hefir tiltekið, fyrir því að einhver annar maður hefir rétt til að hafa hann í sínum vörzlum, skal fógeti eftir atvikum, ef fjárnámshafi beiðist þess, tilkynna þessum manni, að skuldunautur eigi ekki rétt á því að taka við honum, þegar að því kemur að hann eigi að skila honum úr sínum vörzlum. — **50. gr.** Þegar gætt hefur verið ákvæða þeirra, er að framan getur, þá missir fjárnámshafi eigi þann rétt, er fjárnámið veitir honum til þess að ná með löglegri aðferð borgun í munum þeim, er fjárnámi voru teknir, enda þótt skuldunautur síðar deyi eða verði gjaldþrota, eða aðrir geri fjárnám hjá honum, og eigi getur skuldunautur heldur síðar selt nokkrum öðrum manni nein réttinda-umráð yfir munum, er á nokkurn hátt megi skerða rétt fjárnámshafa. — Þó missir sá, er fengið hefir lausa aura að fjárnámi, er haldizt hafa í vörzlum skuldunauts, fjárnámsréttinn gagnvart lánardrottnum skuldunauts, verði hann gjaldþrota[1]) eða þeir gera fjárnám hjá honum, ef fjárnámshafi hefir eigi innan 12 vikna frá því, er fjárnámsgerð var lokið, komið fram nauðungaruppboði, eða hann með nýrri aðför hefir komið fénu úr höndum skuldunauts, enda hafi honum eigi verið varnað sölunnar með áfrýjan, eður réttindi annarra verið því til fyrirstöðu. — **51. gr.** Ef svo reynist við nauðungaruppboð, að söluandvirði hrökkur eigi fyrir kröfu fjárnámshafa, eður ef

1887 Nr. 19 4. nóv.

a) V, 609.

1) Sbr. l. nr. 25, 14. júní 1929, § 22.

1887 Nr. 19 4. nóv.

fjárnámshafi, er eigi hefir fengið fjárnám fyrir fullri kröfu, getur vísað á muni, er taka megi fjárnámi, má fjárnámið upp taka af nýju, og því fram halda eftir áðurgreindum reglum. Hinsvegar getur sá, er fjárnám hefur verið gert hjá, krafizt þess, að gerðin skuli upp tekin af nýju og fjárnámið látið niður falla að öllu eða einhverju leyti, hafi skuld sú verið borguð að öllu eða nokkru, eftir að fjárnámið fór fram, er það var gert fyrir. — Svo getur og fógeti eftir beiðni dómhafa upptekið gerðina til þess að gera nýjar ákvarðanir um geymslu og umsjón þess, er tekið var, þegar áfrýjun á fjárnámsgerð veldur því, að miklu lengur líður þar til er uppboð fer fram en ella hefði verið, eða þegar tilefni þykir til þess vegna meðferðar dómfellda á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, en látnir vera í vörzlum hans, eða vegna kostnaðar við geymsluna eða annarra hluta vegna. — **52. gr.** Loks má og upptaka gerðina af nýju í öðrum tilfellum, en þeim, er nefnd eru í 51. gr., sbr. 50. gr., 2. lið, þegar annarhvor málsaðilja beiðist þess eða aðrir, og allir þeir samþykkja, er hlut eiga að máli. — **53. gr.** Um áfrýjun á aðför fer eftir almennum málskotareglum.[a])

1932 Nr. 30 23. júní

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenning dóma og fullnægju þeirra.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur sá, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 16. marz 1932 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilað að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

Fylgiskjal. — Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra.

1. gr. Aðfararhæfir dómar, sem gengið hafa í einhverju samningslandanna í einkamálum, skulu einnig vera bindandi í hinum ríkjunum. Sama er um dóma í sakamálum að því er þeir varða bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið. — Með dómi er átt við úrlausn réttarins um kröfu þá eða réttaratriði, sem málið er um. — **2. gr.** Í samningi þessum teljast jafnsettir aðfararhæfum dómum: 1) úrskurðir yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) í Finnlandi eða Svíþjóð um greiðsluskyldu í málum, þar sem krafan styðst við skuldabréf eða annað skriflegt sönnunargagn (lagsökningsmál), enda sé frestur til málskots (besvär) liðinn; 2) sætt, gerð fyrir sáttanefnd eða rétti; 3) aðfararhæfir úrskurðir, sem felldir eru í einkamálum, annaðhvort í dóminum eða sérstaklega, um bætur fyrir málskostnað eða um þóknun til votta eða sérfróðra manna. — **3. gr.** Útivistardómur, sem í Danmörku, Íslandi eða Noregi hefir verið felldur yfir stefndum fyrir fyrsta dómsstigi og „tredskodom", eða annar dómur, sem í Finnlandi eða Svíþjóð hefir verið felldur fyrir fyrsta dómsstigi gegn stefndum, sem ekki mætti, skal því aðeins vera bindandi í hinum ríkjunum, að svo standi á sem nú segir: 1) að stefndur hafi, þegar stefna, sáttafyrirkall eða fyrirkall til yfiraðfararvaldsmanns (överexekutor) var birt, átt heimilisfang eða skráð firma í því ríki, þar sem dómurinn er dæmdur, eða stjórn sú, sem kemur fram fyrir stefnda, hafi þá átt heima í því ríki, eða fyrirkallið verið birt umboðsmanni, sem stefndum lögum samkvæmt var skylt að hafa í þessu ríki; eða — 2) að gert hafi verið óbrigðanlegt samkomulag um, að málið skuli rekið fyrir þeim rétti, sem uppkvað dóminn; eða — 3) að dómurinn sé um bætur fyrir afleiðingar verknaðar, sem tjóni hefir valdið og framinn hefir verið í því ríki, þar sem dómurinn var dæmdur, enda sé stefna birt stefnda sjálfum, meðan hann dvelur í því ríki. — Sama er um útivistardóm, sem á hærra dómsstigi er felldur gegn stefnda, ef dómurinn hefir og verið útivistardómur á fyrsta dómsstigi. — **4. gr.** Krefjast má, að dómum, úrskurðum og sættargerðum, sem samkvæmt 1.—3. gr. eru bindandi utan þess ríkis, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn er felldur eða sættin gerð, og hægt er að fullnægja í því ríki, verði fullnægt í hinum ríkjunum. — **5. gr.** Beiðni um aðför á að senda: í Danmörku og á Íslandi fógeta, í Finnlandi og Svíþjóð yfiraðfararvaldsmanni (överexekutor), og í Noregi aðfarardómstól (namsretten). — **6. gr.** Beiðni um aðför eftir dómi eða úrskurði skal fylgja: 1) dómurinn eða úrskurðurinn

1932 Nr. 30 23. júní

a) Eftirrit af fjárnámsgerð ekki lagt fram, VI, 191; þriðji maður reynist eiga betri rétt til munar en gerðarþoli, II, 364, 592, sjá og II, 559, V, 869.

1932 Nr. 30 23. júní

í frumriti eða útskrift, staðfestri af hlutaðeigandi yfirvaldi; 2) vottorð um, að dómurinn eða úrskurðurinn sé þess eðlis, sem segir í 1. eða 2. grein, og að hann sé aðfararhæfur og megi fullnægja honum í því ríki, þar sem hann er uppkveðinn; 3) dómi, sem um ræðir í 3. grein, vottorð, er sýni, að dómurinn hafi gildi samkvæmt þeirri grein. — Beiðni um fullnægju sættar skal fylgja útskrift af sættargerðinni, staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi, svo og vottorð um, að sættin sé gerð fyrir sáttanefnd eða rétti og að henni megi fullnægja í því ríki, þar sem hún var gerð. — Skjölum, sem rituð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku. — **7. gr.** Vottorð þau, sem getur um í 6. gr., gefa: í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Noregi dómsmálaráðuneytið, í Svíþjóð fylkisstjórn (länsstyrelse). — **8. gr.** Ákvörðun um, hvort framkvæma skuli fullnægju samkvæmt þessum samningi, er tekin án þess að gagnaðili sé til kvaddur; þegar sérstaklega stendur á, má þó gefa honum tækifæri til að bera fram ástæður sínar. — **9. gr.** Aðför fer í hverju ríki fram samkvæmt þar gildandi lögum án tillits til þess, sem dómurinn, úrskurðurinn eða sættin kann að kveða á um þvingunarráðstafanir. — **10. gr.** Ákvæðin í þessum samningi um réttargildi dóma breyta að engu leyti 22. gr. í samningi frá 6. febrúar 1931,[1]) er hefir að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, og leiða ekki af sér, að dómar eða úrskurðir um slík mál fái gildi í öðrum tilfellum en þar er ákveðið. Fullnægju dómsúrskurða, sem gildi hafa samkvæmt nefndri grein, má krefjast samkvæmt 4. til 9. gr. þessa samnings. — Nú hefir í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi verið dæmdur dómur, þar sem beitt er ákvæðum löggjafarinnar um fjármál hjóna, og skal þá samningur þessi ekki ná til dómsins í Finnlandi eða Svíþjóð, ef þar hefði átt að gera út um deiluatriðið samkvæmt eldri hjúskaparlöggjöf landsins. — Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sátta um meðlagsskyldu í sifjamálum, og breytir að engu leyti samningnum frá 10. febrúar 1931[2]) um innheimtu meðlaga. — Eigi breytir samningurinn heldur að neinu leyti ákvæðum þeim, sem í öðrum samningum felast um gildi eða fullnægju dóma og annarra úrskurða. — **11. gr.** Samningur þessi nær ekki til dóma, úrskurða né sætta um: 1) frændsemi, erfðarétt, ábyrgð erfingja á skuldum, skipti dánarbúa, meðferð þrotabúa, nauðasamninga án gjaldþrotaskipta, eða riftingu réttargernings við gjaldþrot. 2) eignarrétt eða annan rétt yfir fasteign í einhverju hinna ríkjanna, skyldu til að gera ráðstafanir um slík réttindi, eða afleiðingar af vanrækslu skyldunnar; 3) skatta og gjöld til ríkis eða sveitar- eða bæjarfélags, eða önnur mál opinbers réttar, jafnvel þótt dómurinn eða úrskurðurinn hafi verið kveðinn upp í sama formi sem venja er um einkamál. — Samningurinn nær ekki til úrskurða, sem fellt hafa sérstakir dómstólar í atvinnudeilum. — **12. gr.** Af samningnum leiðir ekki skylda til að viðurkenna eða fullnægja dómi, úrskurði eða sætt, þegar augljóst er, að það mundi vera ósamrýmanlegt réttarskipulagi landsins. — **13. gr.** Samningurinn nær ekki til dóma né úrskurða, sem upp hafa verið kveðnir, né sætta, sem gerðar hafa verið, áður en samningurinn gekk í gildi. — **14. gr.** Samning þennan skal fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum komið fyrir til geymslu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, svo fljótt sem auðið er. — Milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt samninginn, gengur hann í gildi hinn 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, er fullgildingarskjölum að minnsta kosti þriggja ríkjanna hefir verið komið fyrir til geymslu. Gagnvart ríkjum, er síðar fullgilda, gengur samningurinn í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því, að fullgildingarskjalinu var komið fyrir til geymslu. — Sérhvert ríkjanna getur sagt samningnum upp gagnvart sérhverju hinna ríkjanna með 1 árs uppsagnarfresti, svo að hann gengur úr gildi 1. janúar eða 1. júlí.

1) L. nr. 29, 8. sept. 1931.— 2) L. nr. 30, 8. sept. 1931.

1932 Nr. 30 23. júní

Tilskipun um aðför eftir dómum, er leggja fyrir fyllingar- eða synjunareið. **1792** 14. sept.

Með því að Vér höfum komizt að raun um, að tilsk. 5. nóv. 1723, sem bannar að taka við fyllingar- eða synjunareiði eftir dómum, sem áfrýja má til æðri réttar, ef mótparturinn mótmælir því, er notuð af þrætugjörnum málsaðiljum og málfærslumönnum til þess að koma fram endalausum mótmælum gegn því, að slíkum dómum sé fullnusta veitt, þá hefir Oss þótt nauðsyn til bera að gera þá skipun í þessu efni, að

1792 14. sept. eigi verði, að einu leytinu, hrapað svo að eiðtöku eftir hinum uppkveðna dómi, að málsaðili fái eigi ráðrúm til að áfrýja honum, og að hinu leytinu, að hinn málsaðilinn geti eigi með vífilengjum spillt rétti mótparts síns og bakað honum óþarfa kostnað. Samkvæmt þessum grundvallarreglum bjóðum Vér hérmeð allram., að þá er fyllingar- eða synjunareiður er fyrir lagður með dómi, er áfrýja má til æðri réttar, þá skulu engin mótmæli gegn fullnustugerð hans gild vera, eftir að liðnir eru 3 mánuðir frá því dómurinn var löglega birtur hlutaðeiganda, nema því aðeins, að framlögð sé stefna til yfirréttarins, því að þá skal farið eftir Dönsku Laga 1—24—54 og Norsku Laga 1—22—56.

1792 13. jan. **Tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum.** . . . Ef maður er dæmdur með . . . dómi, sem áfrýja skal beint til hæstaréttar, . . . sökum ómótmæltrar bréflegrar skuldbindingar, til að lúka skuld, þá má dómhafi, þótt dóminum sé áfrýjað af hálfu skuldunauts, láta fógeta gera fjárnám hjá honum, nema hann setji næga tryggingu bæði fyrir hinu ídæmda og kostnaði þeim, er leiða kann af framhaldi málsins. En ef mótmæli gegn gildi skuldabréfsins eða réttmæti kröfunnar hafa fram komið í málinu, þá skal dómhafi, til tryggingar sér, aðeins fá lagða löggeymslu á fjármuni dómfellda, á þann hátt er D. L. 1. 24. 22 og N. L. 1. 22. 24 greina, og má hann þá eigi taka til sín hið löggeymda, nema hann setji næga tryggingu fyrir því, ef svo skyldi fara, að fullnaðardómur dæmdi allt eða nokkuð af hinu umþráttaða af honum.

1885 Nr. 29 16. des. **Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.**[a])

I. Um lögtak. — **1. gr.** Taka má lögtaki skuldir þær og gjöld, er nú skal greina: 1. Skatta til landssjóðs,[b]) sveitar- og bæjarsjóða, svo og önnur gjöld og greiðslur, sem eftir beinu lagaákvæði, eða eftir lögheimilaðri niðurjöfnun eða mati eiga að lúkast til landssjóðs, sveitar- og bæjarsjóða, kirkna,[1]) opinberra stofnana, embætta og sýslana. 2. Gjöld af fasteignum landssjóðs, sveitar- og bæjarfélaga, þegar eftirrit af lögtaksbeiðninni hefir birt verið skuldunaut vottfast á þann hátt, sem lagt er fyrir í opnu bréfi 21. maí 1829, 1. gr. 3. Gjöld fyrir notkun þeirra stofnana, landsnytja og annarra hluta, er til almennings þarfa eru ætlaðir, enda séu gjöld þessi ákveðin í reglugerðum og gjaldskrám, sem staðfestar eru af konungi eða ráðgjafa, eða og samþykktar eða staðfestar eru af sveitarstjórn, bæjarstjórn eða yfirvaldi lögum samkvæmt. 4. Gjöld fyrir leyfisbréf, dómgjöld, endurgjald — þar með taldir dagpeningar og ferðakostnaður — sem greiða ber þeim, er framkvæmir eða er við staddur gerðir, eftir lagaákvæði eða sem sýslunarmaður, eða sem sérstaklega er til þess kvaddur eða skipaður af yfirvaldi, enda sé í lögum eða verðskrám, staðfestum af konungi, ráðgjafa eða landshöfðingja lögum samkvæmt kveðið á um, hvað gjalda skuli eða hvernig það skuli reikna; svo er og um endurgjald annarra lögmætra útgjalda, sem erindisrekstrinum voru samfara. 5. Endurgjald þess, sem landssjóður, kirkjur, sveitar- eða bæjarsjóðir hafa orðið að greiða, til að bæta úr vanrækslu einstakra manna á lögboðnum útvegunum, aðgerðum, vinnu eða kvöðum. 6. Framfærslueyrir, sem manni ber að greiða með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni sínu, meðan móðir þess er honum gift, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við hana að óvilja hennar, eða skilið við hana að borði og sæng eða að fullu og öllu, enda sé sá framfærslueyrir ákveðinn af yfirvaldi lögum samkvæmt, eða í skilnaðarskilmálum, staðfestum af yfirvaldi, hvort heldur er skilnaður að borði og sæng eða að fullu og öllu; svo er og um skaðabætur frá húsbændum eða öðrum þeim, er gjald eiga að greiða þeim manni, er framfærsluskylda hvílir á, hafi yfirvaldið lagt lögbann á greiðsluna, eftir reglum þeim, er um það gilda. 7. Brunabótagjald af húsum, sé tryggingin lögboðin. 8. Þóknun sú, sem ákveðin er í 7. gr. tilskipunar 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót. 9. Álag eftir úttekt samkv. lögum 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, þó með þeim afbrigðum frá fyrirmælum þessara laga, sem leiða af því, að lögtakið á fram að fara tafarlaust og framkvæmast af úttektarmönnum (sbr. l. nr. 1, 12. jan. 1884, 33. gr.)[1]) 10. Andvirði fyrir lausafé, keypt á opinberu uppboði, enda greini uppboðsbókin ljóslega nafn kaupanda

1) Sbr. l. nr. 31, 3. nóv. 1915. — a) X, 245, XI, 98. — b) I, 297.

1) Sbr. l. nr. 87, 19. júní 1933, § 51 og l. nr. 8, 5. febr. 1951, § 51.

1885 Nr. 29 16. des.

og kaupverðið. — Aðrar kröfur en þær, er nú voru taldar, má eigi lögtaki taka. — Þó er lögtaksbeiðanda ávallt frjálst, að ganga eftir skuld sinni með venjulegri lögsókn, sem og að neyta lögtaks til að heimta nokkurn hluta skuldarinnar, þyki fógeta það eftir atvikum við eiga, en ganga eftir hinu með venjulegri lögsókn. Bjóði skuldunautur fram nokkurn hluta skuldarinnar, skal því boði eigi hafnað. — **2. gr.** [Lögtaksrétturinn fylgir skuldakröfunni, og ber hann því hverjum þeim, er hana síðar eignast.[a]) Rétturinn helzt þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga. Þó er það nóg, að lögtaksgerð sé byrjuð innan tveggja ára frestsins, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða.[b]) Séu gjalddagar lögtakskröfu fleiri en einn, skal þó telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga.][1]) — **3. gr.** Nú vill maður lögtaks beiðast, og skal hann um það fógeta bréf rita;[c]) hafi hann bréfleg skilríki eða sönnunargögn fyrir skuld sinni, skal hann jafnframt senda þau fógeta, ella láta honum í té nægar skýrslur til þess, að hann geti skorið úr, hvort lögtak megi fram fara. Virðist fógeta eftir fram komnum gögnum lögtak mega fram fara, ritar hann úrskurð um það á lögtaksbeiðnina, þó að því tilskildu, að lögtaksbeiðandi hafi ábyrgð á, að skuldin sé rétt, og verður þeim úrskurði einum sér eigi áfrýjað. Að öðrum kosti neitar hann beiðanda um lögtak með úrskurði, og má áfrýja honum lögum samkvæmt.[d]) — **4. gr.** [Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðnin með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minnsta kosti viku fyrr en lögtak á að fara fram. Þá er heimtir skulu skattar til ríkissjóðs, bæjargjöld eða sveitar, kirkjugjöld, brunabótagjöld, ef hreppur eða kaupstaður hefir vátryggt á sama stað, og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara.[e]) Skal það gert að minnsta kosti viku áður en lögtakið á að fara fram. Eigi er þörf að greina nöfn skuldunauta í auglýsingunni.][2]) — **5. gr.** [Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin nemur ekki meiru en 10 þúsund krónum.][1]) Nú selur lögtaksbeiðandi fógeta eða hreppstjóra í hendur beiðni sína, með árituðu birtingarvottorði, eins og segir í 4. gr., og skulu þeir þá, nema lögmæt forföll banni, framkvæma lögtakið, þegar fresturinn er liðinn. — **6. gr.** Þegar fógeti er beðinn lögtaks á framfærslueyri, þarf eigi að gera það bréflega, og má fógeti rita úrskurð sinn á yfirvaldsúrskurð þann, er ákveðið hefir meðlagið eða staðfest hefir samning um fjárhæð þess. Þá er yfirvaldsúrskurðurinn eitt sinn hefir birtur verið þeim, er hlut á eða eiga að máli, getur í sveitum hreppstjórinn, en í kaupstöðum lögregluþjónn eða einn stefnuvottur birt lögtaksúrskurð fógeta, svo að gilt sé, um innheimtu hverrar þeirrar fjárhæðar, er í gjalddaga er komin. Nú hefir beiðzt verið heimtu á slíkum framlögum, og beiðnin gild tekin, og skal fógeti án frekari áskorunar annast um innheimtuna, þar með talin sala á hinum lögteknu munum og innheimta andvirðisins. — **7. gr.** Auk aðalkröfunnar nær lögtakið og til alls kostnaðar, er leiðir af gerðinni og af geymslu og sölu hinna lögteknu muna, en ekki má heimta gjöld fyrir gerðina fyrir fram.[a]) Ef söluandvirðið hrökkur eigi fyrir kröfunni og áföllnum kostnaði, skal lögtakinu fram haldið án fyrirvara eftir 4. gr. Að öðru leyti skal lögtak fram fara eftir ákvæðum laganna um fjárnám, en eigi þarf lögtaksbeiðandi að vera við staddur gerðina.[b]) Ef gjald það, er lögtaki skal taka, eigi er ákveðið í peningum, skal fógeti eða hreppstjóri breyta því í peningagjald, ef gjaldið er ákveðið í þeim aurum, sem verðlagsskrá leggur verð á; en að öðrum kosti skulu lögkvaddir virðingarmenn kveða á um féhæð þess. Lögtak, er hreppstjóri framkvæmir, á fram að fara í viðurvist tveggja tilkvaddra votta, og getur enginn, sem hann kveður til, undan skorazt.[b]) Hann ritar gerðina í bók, er fógeti fær honum, og hefir löggilt, og skal greiða andvirði bókarinnar úr sýslusjóði. — Ef lögtaksbeiðandi eigi er við staddur gerðina, er fógeti eða hreppstjóri skyldur að taka við borgun þeirri, er fram kann að verða boðin, meðan á gerðinni stendur, hvort heldur er á skuldinni allri eða á hluta hennar, og er

1) L. nr. 83, 5. júní 1947, § 1. — 2) L. nr. 19, 6. júlí 1931. — a) V, 341—2. — b) V, 603—4, 852, 913, VIII, 470. — c) VIII, 250. — d) VIII, 440. — e) XIV, 2.

1) L. nr. 108, 28. des. 1950, § 1. — a) XXV, 34. — b) XVII, 343.

1885 Nr. 29 16. des.

það jafngilt og lögtaksbeiðandi hefði sjálfur við tekið; svo er og þeim, er lögtak framkvæmir, skylt að ákveða, hvort hinir lögteknu munir skuli eftir sem áður vera í vörzlum skuldunauts, ella annast um varðveizlu þeirra, svo að vel sé.[a]) — [Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslið 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta. — Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf. — Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparisjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inneignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til innstæðu, er nemur 5000 krónum eða minna.][1]) — **8. gr.** Sé það fógeti, sem lögtakið framkvæmir, mega varnir fram koma, meðan á gerðinni stendur.[b]) Meðan sókn og vörn fer fram fyrir fógetanum um lögmæti fram kominna mótmæla, getur venjulega aðeins lögtaksbeiðandi fengið frest til að sanna sitt mál. Ef lögtaksbeiðandi eigi er viðstaddur, og eigi verður þegar til hans náð, og fógeti þykist hvorki geta dæmt fram komin mótmæli ógild þegar í stað, né heldur tekið þau gild, skal gerðinni frestað, og málsaðiljum skýrt frá, hve nær gerðin skuli upp tekin af nýju, og fer þá sókn og vörn fram eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa. Þá er fógeti á að úrskurða um fram komin mótmæli, er hann eigi bundinn við úrskurð þann um að lögtak megi framkvæma, er kveðinn er upp samkvæmt 3. gr. Úrskurði, er tekur gild fram komin mótmæli, má áfrýja lögum samkvæmt. — **9. gr.** Sé það hreppstjóri, sem framkvæmir lögtak, mega varnir fram koma, meðan á gerðinni stendur og innan hálfs mánaðar eftir framkvæmd hennar.[c]) Komi mótmæli fram, meðan á gerðinni stendur, skal hreppstjóri bóka þau, en framkvæma lögtakið, og því næst senda fógeta eftirrit af bókinni. Mótmæli, sem fram koma, eftir að gerðinni er lokið, skal bera fram fyrir fógeta. Að hálfum mánuði liðnum frá því gerðin fór fram, leggur fógeti úrskurð sinn á fram komin mótmæli; þó má fógeti, þyki honum nauðsyn til bera, gefa málsaðiljum kost á að láta uppi álit sitt um mótmælin fyrir fógetadómi, áður hann leggur úrskurð á þau. Nú þykja fógeta fram komin mótmæli gild vera, og leiðréttir hann þá sjálfur það, er rangt er, eða lætur hreppstjóra gera það, eða hann ónýtir með úrskurði gerðina að öllu eða nokkru leyti. Taki fógeti mótmælin eigi til greina, staðfestir hann gerðina til fullnaðar. Skýra skal málsaðiljum frá málalokum. Séu mótmæli gild tekin með úrskurði, má áfrýja honum lögum samkvæmt. — **10. gr.** Leysa má lögtekna muni, þangað til uppboð fer fram, greiði maður það, er lögtak var gert fyrir, með áföllnum kostnaði. ...[1]) — **11. gr.** Nú þykir einhverjum sér óréttur ger með lögtaki, og getur hann þá áfrýjað gerðinni, hvort sem mótmæli þau, er hann ber fyrir sig, hafa fram komið við sjálfa gerðina eða eigi, og hvernig sem þeim er háttað, enda nemi gerðin slíku, er áfrýja megi.[a]) Áfrýja skal áður 8 vikur séu liðnar frá gerðardegi, eða frá staðfestingu hennar, hafi mótmæli fram komið samkvæmt 9. gr. — Uppreisn má eigi veita, þegar missiri er liðið frá sama tíma.[b]) Hafi stefna til áfrýjunar lögtaksgerðinni verið birt lögtaksbeiðanda, áður liðinn sé 3 vikna frestur sá, sem nefndur er í 10. gr., má lögtaksbeiðandi eigi selja hina lögteknu muni, þar til lögtaksgerðin hefir dæmd verið lögmæt með fullnaðardómi í því máli. Hafi lögtaksbeiðanda eigi verið varnað sölu á þennan hátt, má krefjast ónýtingar á lögtaksgerðinni, séu hinir lögteknu munir eigi þegar seldir, ella aðeins krefjast skaðabóta. — **12. gr.** Hafi sá, er fyrir lögtaki hefir orðið, önnur mótmæli gegn því en þau, að eigi hafi mátt skuldina lögtaki taka að lögum, eða lögtaksaðferðin hafi röng verið, er honum rétt mál að höfða í héraði um lögmæti gerðarinnar, enda hafi hann eigi í hyggju að koma fram ábyrgð á

1885 Nr. 29 16. des.

1) L. nr. 108, 28. des. 1950, § 2. — a) XXV, 33. — b) VIII, 440, XXIII, 508. — c) VIII, 440.

1) L. nr. 57, 25. maí 1949, § 50. — a) VII, 552, VIII, 440, X, 244. — b) I, 436.

1885 Nr. 29 16. des.

hendur fógeta, né hafi áfrýjað gerðinni eftir 11. gr.[a]) Mál þetta skal fyrst kæra fyrir sáttanefnd, og síðan höfða í þinghá þeirri, þar sem lögtak fór fram, þótt varnarþing lögtaksbeiðanda sé eigi þar; en höfða skal málið áður 8 vikur séu liðnar frá lögtaksdegi eða frá staðfestingu þess, hafi mótmæli fram komið eftir 9. gr. — Þá er fyrirkall hefir birt verið lögtaksbeiðanda, áður liðnar eru 3 vikur þær, er um getur í 10. gr., getur kærandi sett tryggingu, og með því varnað lögtaksbeiðanda sölu hinna lögteknu muna, þar til genginn er fullaðardómur í því máli; má þá og krefjast ónýtingar á lögtaksgerðinni. Hafi lögtaksbeiðanda eigi verið varnað sölu á þennan hátt, má ónýtingar krefjast á lögtaksgerðinni, séu hinir lögteknu munir eigi þegar seldir, ella aðeins krefjast skaðabóta. — **13. gr.** Sé mál höfðað út af lögtaksgerð samkvæmt 11. eða 12. gr., og reynist lögtaksgerðin ólögmæt, ber lögtaksbeiðanda, þar með talinn landssjóður, sveitarsjóðir, bæjarsjóðir, svo og aðrir yfirbjóðendur þeir og stofnanir, sem um er rætt í 1. gr., að bæta skuldunaut allan halla, er hann beðið hefir af lögtaksgerðinni, samkvæmt reglum þeim, er gilt hafa til þessa.[b]) Svo skal hann og greiða skuldunaut að skaðlausu málskostnað í öllum dómum, ef svo reynist, að skuld var krafin, sem engin var, eða eigi komin í gjalddaga, þá er lögtaksgerðin fór fram.[c]) — **14. gr.** Fyrir lögtaksgerð hverja, er hreppstjóri framkvæmir, ber honum borgun, og, ef til kemur, endurgjald fyrir ferðakostnað, eftir lögum nr. 3, 13. jan. 1882, 5. gr., sbr. 3. gr.[1]) Fyrir lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, skal goldið eins og fyrir fjárnámsgerðir, samkvæmt ákvæðum aukatekjulaganna.[2]) Fyrir hverja birting samkvæmt 4. gr. ber stefnuvottum þóknun eftir lögum nr. 3, 13. jan. 1882.[3])

II. Um fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. — 15. gr.[d]) Gera má fjárnám, þótt eigi styðjist það við dóm eða sátt, á tiltekinni skuld,[e]) sem þinglesið bréf[e]) er fyrir með veði í fasteign, hafi skuldunautur ritað undir það nafn sitt eða við það kennzt í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta, þá er skuldin er í gjalddaga komin fyrir uppsögn, eða eftir ákvæði veðbréfsins eða og fyrir greiðslufall á vöxtum eða afborgunum, sé svo með berum orðum til skilið í veðbréfinu. Fjárnámið má gera eigi einungis fyrir höfuðstól eða afborgun upp í hann, heldur og fyrir vöxtum út af fyrir sig; en eigi má fjárnám gera í öðru en veðinu, og eigi fyrri en liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga;[a]) og búi skuldunautur á hinni veðsettu eign, þá skal með þriggja daga fyrirvara birta honum með stefnuvottum, hvenær gerðin eigi fram að fara.[b]) — Um áfrýjun á slíku fjárnámi og uppboðum, er af því stafa, skal farið eftir almennum lagaákvæðum. Nú hefir skuldunautur afsalað sér rétti til áfrýjunar, áður en fjárnámsgerð fór fram, og er slíkt afsal ógilt.[c]) — **16. gr.** Ákvæði 15. gr. ná og til veðbréfa þeirra, er gerð hafa verið, áður en lög þessi öðlast gildi, sé skilyrðum þeim fullnægt, er greinin setur.

1) Sbr. l. nr. 85, 11. júní 1938, § 2. — 2) L. nr. 40, 14. apr. 1954. — 3) Sbr. l. nr. 85, 11. júní 1938, § 5. — a) V, 692, X, 244, XX, 307—8. — b) X, 244. — c) I, 298, VII, 555—6. — d) II, 538—9. — e) II, 568, V, 559.

1885 Nr. 29 16. des.

Lög um viðauka við 1. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar. **1915** Nr. 31 3. nóv.

Gjöld til kirkjufélaga utan þjóðkirkjunnar, er fengið hafa sér löggiltan prest eða forstöðumann, má taka lögtaki, enda sé niðurjöfnun á gjöldunum eða gjaldskrá staðfest af stjórnarráðinu.

Opið bréf um innheimtu eftirgjalds af jarðeignum landssjóðs.[1]) **1829** 21. maí

1) Ógreidd jarðaafgjöld, er jarðabókarsjóði Vorum bera hjá leiguliðunum á jarðeignum Vorum á Íslandi, má taka lögtaki án undanfarins dóms, ef eigi eru liðin meira en 2 ár frá gjalddaga réttum . . . Þó er þess að gæta, að umboðsmaður skal áður en hann sendir . . . beiðni sína um lögtaksskipun, birta skuldunaut vottfast eftirrit af beiðninni og bíða síðan 4 vikur, ef ske kynni, að skuldunautar kæmu með mótbárur gegn henni. . . .

Lög um sölu lögveða án undangengins lögtaks. **1951** Nr. 49 16. marz

1. gr. Nú eru gjöld tryggð með lögveði í sérstaklega tilgreindum eignum, fasteignum eða lausafé, og gjaldhæðin er ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum

1) Sbr. l. nr. 29, 16. des. 1885, § 1, 2°. — a) (V, 555), V, 1009. — b) V, 493—4, 772—3. — c) Almennt um 15. gr., VII, 96, 134, VIII, 247, 370, IX, 4, (XVIII, 301).

1951
Nr. 49
16. marz

af ráðherra, og má þá, ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddaga og lögtaksréttur er ekki fyrndur, selja lögveðið á nauðungaruppboði, en birta skal áður með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar. — **2. gr.** Uppboðið fari fram að hætti nauðungaruppboða.

1949
Nr. 18
22. marz

Lög um kyrrsetningu og lögbann.

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Ákvæði laga þessara taka til bráðabirgðagerða fógetadóms, kyrrsetningar á fjármunum og mönnum og lögbanns. Fógetagerðir þessar má framkvæma, þótt eigi sé heimild til aðfarar. — Eigi er það skilyrði til framkvæmdar gerða þessara, að sönnur séu leiddar að rétti gerðarbeiðanda, en synja skal beiðni um þær, ef tvímælalaust má telja, að gerðarhafi eigi ekki réttindi þau, er hann hyggst að tryggja, eða að mál um þau sæti ekki úrlausn dómstóla. — **2. gr.** Fógetagerðir samkvæmt lögum þessum framkvæmir héraðsdómari (í Reykjavík borgarfógeti) á þeim stað, er gerð skal fram fara, og nefnist þá fógeti. Þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður í kauptúni, framkvæmir hann þar gerðir þessar. — Nú er svo skjótrar aðgerðar þörf, að ekki næst nægilega fljótt til fógeta, og getur hreppstjóri þá framkvæmt kyrrsetningu á fjármunum og lagt farbann á menn eða lagt lögbann við tiltekinni athöfn. Hreppstjóri skal hafa votta tvo við og skrá má gerð í hreppsbók, enda gæti hann ákvæða laga þessara um skilyrði til kyrrsetningar eigna, um tryggingu aðilja, bókanir, uppskrift og virðingu kyrrsettra muna, skilyrða 8. gr. til farbanns og skilyrða 26. gr. til lögbanns. Veita skal hreppstjóri gerðarbeiðanda eftirrit af gerðinni, og skal gerðarbeiðandi senda það fógeta með beiðni um staðfesting hans á henni, enda sé beiðnin komin til fógeta innan viku frá lokum gerðar. Annarskostar fellur gerð þegar niður. Fógeti sker síðan, svo fljótt sem unnt er, út því fyrir dómi og að öðru samkvæmt lögum þessum, hvort gerðin skuli, með breytingum eða óbreytt, standa. Ef fógeti fellir gerð niður, getur hann framkvæmt nýja gerð, ef efni standa til. — **3. gr.** Hverju héraðsdómaraembætti skal fylgja fógetabók samkvæmt fyrirmælum 42. gr. laga nr. 85/1936, enda skal þar skrá nöfn aðilja og umboðsmanna þeirra, ef því er að skipta, kröfur aðilja og helztu rök til þeirra, um tryggingu, er sett kann að verða, og annað, er að framkvæmd og úrslitum gerðar lýtur, um þýðingu hennar, bann við brotum á henni og hvað við þeim liggi. — **4. gr.** Votta tvo skal hafa við hverja gerð. Þar, er virða þarf fjármuni, má láta votta framkvæma virðingu, nema sérþekkingar sé þörf, enda skal þá kveðja til menn, er starfann megi leysa af hendi. Virðingamenn skulu undirrita heit um samvizkusama framkvæmd virðingar, áður en þeir taka til starfa. — **5. gr.** Ákvæði laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði taka til fógetagerða samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt.

II. kafli. — Um kyrrsetningu. — 6. gr. Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis, enda sé krafan fallin í gjalddaga,[a]) eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför. — Kyrrsetning má þó gera, enda þótt krafa sé ekki fallin í gjalddaga: 1. Ef ástæða er til ótta um undanskot, eyðslu eða spjöll á fjármunum, þar á meðal á veði, af hálfu skuldunauts eða annarra, áður en aðför verði gerð. 2. Ef annars má óttast það eftir högum eða framferði skuldunauts, að hann muni sérstaklega torvelda fullnustu kröfu, eða ef aðför þyrfti að gera erlendis, ef fjármunir hans yrðu ekki kyrrsettir hér á landi. — Um sjólánsveð fer eftir ákvæðum siglingalaga. — Eigi má kyrrsetningu gera til tryggingar sektargreiðslu, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum. — **7. gr.** Eigi má kyrrsetja verðmæti, sem undan aðför eru þegin að lögum, né innstæður eða vöxtu þar af í stofnunum, sem undan kyrrsetningu eru þegnar lögum samkvæmt. — **8. gr.** Kyrrsetja má mann, ef svo er farið, að hann er á förum eða hyggst bráðlega að fara af landi burt án afturkomu eða líklegt má telja, að hann hyggi ekki á afturkomu til landsins, og hann á að svara til kröfu, sem sækja má fyrir hérlendum dómi, enda megi telja kyrrsetningu nauðsynlega til tryggingar fullnustu þeirrar kröfu og eigi sé fullnægjandi trygging sett eða næg verðmæti finnist hér á landi til kyrrsetningar. — Kyrrsetning á manni má verða með tvenn-

a) X, 104, IV, 811.

um hætti: 1. Varðhaldsvist. Þá má aðbúnaður og meðferð gerðarþola eigi lakari vera en fanga í gæzluvarðhaldi, enda skal taka til greina sérhagi hans með sama hætti sem sérhagi gæzlufanga. Gerðarhafi skal greiða fyrir fram á hverjum tveggja vikna fresti fúlgu með gerðarþola eftir ákvörðun fangavarðar, sem bera má þó undir fógeta til fullnaðarúrlausnar. 2. Farbann. Skal þá bjóða gerðarþola að halda sig í ákveðnu marki, enda má þá fela tilteknum manni að hafa eftirlit með honum. Fógeti ákveður þá hverju sinni, hvort fúlgu skuli greiða og hversu mikla. Nú rýfur gerðarþoli farbann, og má þá varðhaldsvist beita. — Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem aðför má gera til tryggingar kröfu, og ef fúlga greiðist ekki svo sem mælt er. — Eigi má varðhaldsvist hafa, ef krafa að innstæðu til nemur minna en 500 krónum eða 500 kr. virði, og aldrei má kyrrsetning á manni standa sex mánuðum lengur. — Sama mann má einungis einu sinni kyrrsetja vegna sömu kröfu. — Eigi má kyrrsetja skipverja ferðbúins skips, sem skrásett er á landi hér, nema skipstjóri leyfi eða útgerðarmaður, ef um skipstjóra er að tefla. — Eigi má kyrrsetja alþingismann, meðan Alþingi stendur. — Haldast skulu ákvæði framfærslulaga um aðgerðir gagnvart þeim, er eigi gegna framfærsluskyldum sínum. — **9. gr.** Gerðarbeiðni skal vera skrifleg. Skal þar greina nöfn aðilja nægilega skýrt, kröfu og af hvaða rót hún sé runnin, gjalddaga, ef því er að skipta, og rök til beiðni, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga. Skjöl þau, sem krafa er reist á, skulu venjulega fylgja beiðni. — Fógeti getur sett það skilyrði fyrir aðgerðum af sinni hendi, þegar er beiðni hefur verið honum í hendur fengin, að beiðandi setji hæfilega tryggingu fyrir greiðslu þess tjóns og miskabóta, er gerðarþola kann að leiða af gerðarbeiðni. — **10. gr.** Fógeti tilkynnir gerðarbeiðanda stað og stund til gerðar með hæfilegum fyrirvara. Gerðarþola skal eigi tilkynna gerð fyrir fram, nema gerðarbeiðandi óski þess eða ótvírætt þyki, að slík tilkynning geti ekki valdið gerðarbeiðanda réttarspjöllum. — Ef aðiljar hafa ekki orðið á annað sáttir, hefst kyrrsetning á heimili eða dvalarstað gerðarþola, nema fógeta þyki nauðsyn á að byrja hana annars staðar, svo sem ef gerðarþoli á verðmæti utan heimilislögsagnarumdæmis síns, sem hentugra þykir að kyrrsetja en verðmæti í því lögsagnarumdæmi, ef hann er útlendingur,[a]) ef hann er á förum úr landi eða annars þykir vera hætta á spjöllum á rétti gerðarþola.[b]) — **11. gr.** Í upphafi gerðar skal fógeti spyrja gerðarþola, ef hann er við staddur, um álit hans á kröfu þeirri, er kyrrsetning varðar, gjalddaga, tryggingu og önnur þau atriði, er máli skipta. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, er fógeta heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, enda verði hagsmunum gerðarbeiðanda ekki stofnað þar með í hættu. Rétt er fógeta að láta sækja gerðarþola með valdi, ef návist hans telst nauðsynleg vegna framkvæmdar gerðar. — Fresti má að jafnaði ekki veita gerðarþola gegn mótmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt sé, að rétti hans verði eigi fyrir það spillt. — **12. gr.** Áður en kyrrsetning byrjar, skal fógeti krefja beiðanda hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, nema: 1. Þegar hafi verið sett nægileg trygging, sbr. 9. gr., enda hafi fógeti borið það atriði undir gerðarþola, ef hann er við staddur eða eftir að til hans náðist. 2. Gerðarþoli hafi afsalað sér berum orðum tryggingu. 3. Krafa hafi verið eða sé berum orðum viðurkennd fyrir dómi og telja megi hana nægilega háa til greiðslu bóta, enda samþykki gerðarbeiðandi, að hún verði látin ganga upp í skaðabótakröfu eftir þörfum, ef því verður að skipta. 4. Ef krafa gerðarbeiðanda er slík, að eigi þurfi tryggingu að setja lögum samkvæmt. — Fógeti metur eða lætur meta tryggingu, ef með þarf, og gerir nauðsynlegar ráðstafanir aðrar, er hana varða. — Skylt er að skila tryggingarfé eða tryggingarskjali, ef gerðarþoli hefur ekki höfðað mál til bóta innan þess frests, sem í 3. málsgr. 24. gr. segir, eða gerðarbeiðandi hefur verið sýknaður af bótakröfu. Fógeti getur og skilað tryggingu, ef gerðarþoli hefur hvorki haft uppi bótakröfu í staðfestingarmáli né slegið þar varnagla um hana, enda eigi höfðað sérstakt mál í því skyni. — **13. gr.** Nú er nægileg trygging sett fyrir greiðslu kröfu með vöxtum til áætlaðs greiðsludags eða gjalddaga, ef krafa er ekki fallin í gjalddaga, og kostnaði, og má kyrrsetning þá ekki fram fara, enda skal fella hana niður, jafnskjótt sem nægileg trygging kann síðar að verða sett.[c]) Um mat tryggingar fer samkvæmt 12. gr. — Tryggingu skal skila, þegar

a) XIV, 4, (II, 1083, IV, 811—13). — b) VII, 453. — c) II, 278.

1949 Nr. 18 22. marz

krafa sú fellur niður, sem tryggð er. Sama er, ef gerðarbeiðandi gerir ekki reka að viðurkenningu kröfu sinnar fyrir sátt eða dómi innan 4 vikna frá því, er trygging var sett, ef krafa var þá fallin í gjalddaga, en ella innan 4 vikna frá gjalddaga. — Rétt er gerðarþola af höfða mál til lausnar tryggingar. — **14. gr.**[a]) Fógeti bókar þau verðmæti, er kyrrsetja skal, og áætlað verð hvers þeirra fyrir sig, nema kyrrsett sé eitt einstakt verðmæti, sem tvímælalaust megi telja nægilegt. Rétt er að kyrrsetja til bráðabirgða í einu lagi safn samkynja muna eða muna, sem nefndir eru sameiginlegu heiti, svo sem bókasafn, vörubirgðir, útistandandi skuldir samkvæmt verzlunarbók o. s. frv., enda séu varnir við því settar eftir föngum, að slíku munasafni verði raskað, enda skal gerðin tekin upp aftur, svo fljótt sem unnt er, og þá gerð sundurliðuð skrá um munina og áætlað verð þeirra eftir föngum. — Nú eru útistandandi skuldir kyrrsettar, og tekur kyrrsetning þá einnig til óheimtra vaxta, enda má kyrrsetja kröfu til þeirra sér. Rétt er, að fógeti eða sá, er hann nefnir til, heimti skuldir og vexti, og gerir fógeti skil í því efni, jafnskjótt sem fullnaðardómur gengur eða sátt er gerð um kyrrsetningarkröfu. — **15. gr.** Gerðarþola er rétt og skylt að boði fógeta að benda á fjármuni til kyrrsetningar, enda skal fara að óskum hans um það, hvað kyrrsetja skuli, gerðarbeiðanda að meinalausu. Brýna skal fógeti fyrir gerðarþola að segja satt og rétt til um eignir sínar og benda honum á þá refsiábyrgð, sem vísvitandi rangar skýrslur um það efni hafa í för með sér. Rétt er fógeta, ef boð hans stoðar ekki og að undangengnum úrskurði, að opna hús og hirzlur gerðarþola og annarra, sem líklegir eru til að hafa fjármuni hans í vörzlu, og leita þar fjármuna hans, svo og leita á honum sjálfum, og öðrum undir sama skilorði. En jafnan skal svo með fara, að sem minnstur miski eða óhagræði verði af. Fógeti getur úrskurðað sömu refsingu þeim á hendur, sem þverskallast við að láta upplýsingar í té samkvæmt þessari grein, og beita má við vitni. — Nú er gerðarþoli ekki viðstaddur, og getur fógeti þá skorað á einhvern þann fulltíða mann, sem við kann að vera, svo sem konu gerðarþola, börn eða heimamenn, að segja til um eignir hans. — Skylt er fógeta að benda á rétt gerðarþola til þess að taka frá tiltekna muni og verðmæti að tilteknu marki samkvæmt ákvæðum aðfararlaga, enda skal hann jafnan gæta þess, að eigi séu kyrrsettir munir þeir, er lögum samkvæmt er bannað að taka fjárnámi. — Tilkynna skal gerðarþola kyrrsetningu, ef hann var ekki við hana staddur. — Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað, getur borið fram kröfur sínar fyrir fógeta til úrlausnar, meðan gerð er framkvæmd, enda getur þriðji maður þá kært úrskurð fógeta með venjulegum hætti. — **16. gr.** Kyrrsettir munir skulu framvegis vera í vörzlu gerðarþola eða annarra, sem hann hefur falið geymslu þeirra. Þó skal fógeti eftir kröfu gerðarbeiðanda taka verðmæti til geymslu eða fá öðrum hana, ef þeim er svo varið eða högum eða framkomu vörzlumanns er svo háttað, að ástæða er til að telja gerðarbeiðanda hættu búna af varðveizlu þeirra í höndum hans, enda standi réttur þriðja manns vörzluskiptum ekki í vegi. Fógeti kveður á um tryggingu gerðarbeiðanda til handa gerðarþola og eftir kröfu hans vegna spjalla eða afnotamissis á kyrrsettum munum, er vörzluskiptum hafa sætt. — **17. gr.** Gerðarþola er óheimilt að eyða eða spilla kyrrsettum munum, heimta eða semja um kyrrsettar kröfur eða flytja til kyrrsetta muni, svo að hætta sé á réttarspjöllum þar af, eða skjóta þeim undan. Venjuleg notkun, sem ekki hefur í för með sér eyðingu eða spjöll, er honum heimil, enda er honum skylt að geyma kyrrsetta muni eftir mætti og halda þeim við eins og venja er um samskonar muni. — Nú er fasteign kyrrsett með lausafjármunum, er henni fylgja, og er gerðarþola þá heimilt að eyða þeim og skipta á þeim og öðrum slíkum munum, að því leyti sem það er venjulegt til notkunar eignarinnar, enda tekur kyrrsetningin þá einnig til slíkra þeirra muna, sem aflað er til eignarinnar. — **18. gr.** Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa kyrrsettum munum með samningum, þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni við slíkar ráðstafanir. Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skipi 5 smálesta og stærra og skrásettu loftfari, nema kyrrsetning hafi verið þinglesin (innrituð í Reykjavík), og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð. Tilkynna þarf skuldunaut, ef krafa er kyrrsett og geymslumanni kyrrsetts hlutar kyrrsetningu. Annars kostar er þeim rétt að greiða gerðarþola skuld eða skila houm hlut,

a) IV, 812.

1949 Nr. 18 22. marz

1949 Nr. 18 22. marz

ef þeir eru grandlausir um kyrrsetningu. Sama er um vaxtagreiðslur af skuld samkvæmt viðskiptabréfi. — **19. gr.** Kyrrsetning víkur fyrir fjárnámi. Niður fellur kyrrsetning, er nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða til skipta án ábyrgðar erfingja hans á skuldum. — **20. gr.** Innan viku frá lokum kyrrsetningargerðar skal gerðarhafi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til héraðsdóms á því varnarþingi, er sækja má mál til greiðslu kröfunnar, til staðfestingar kyrrsetningar, enda sé stefnufrestur hæfilegur.[a]) — Nú hefur mál eigi verið höfðað um kröfu þá, er tryggja skyldi, og skal þá í einu lagi sækja mál til staðfestingar kyrrsetningu og til viðurkenningar kröfu, ef hún er ekki í gjalddaga fallin, en ella til aðfarardóms. Koma má að öllum vörnum, sem annars eru heimilar, bæði um kröfu sjálfa og kyrrsetningargerð að formi og efni, hvort sem varnarástæða er eldri eða yngri en gerðin og hvort sem vörn hefur verið uppi höfð fyrir fógetadómi eða ekki. — Nú er mál um kröfu fyrir héraðsdómi, þá er kyrrsetning fór fram, og skal þá sameina staðfestingarmál því máli, enda skal taka það upp af nýju, ef það hefur þegar verið tekið til dóms, en dómur enn eigi upp kveðinn. Skal síðan kveða upp dóm bæði um kröfu og kyrrsetningu í einu lagi. — Nú hefur dómur þegar verið kveðinn upp í héraði, er staðfestingarmál er þingfest, og er héraðsdómara þá rétt að fresta staðfestingarmáli, ef héraðsdómi hefur verið áfrýjað, áður en dómur gengur um það, unz dómur gengur í hæstarétti, enda er rétt að taka staðfestingarmál upp af nýju, þótt það hafi verið dómtekið, áður en dómur hæstaréttar gekk. — Nú hefur beiðni um kyrrsetningu verið synjað eða kyrrsetning fellur niður, áður en frestur samkvæmt 1. málsgr. er liðinn, og er gerðarbeiðanda þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á réttmæti gerða sinna eða kyrrsetningar, enda fer um það mál samkvæmt því, er mælt var, eftir því sem við á. — Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningargerð, getur og haft uppi kröfur sínar þess vegna með meðalgöngu í staðfestingarmáli eða í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar kyrrsetningar, sem hann telur ranglega gerða á réttindum sínum, eða til skaðabóta af þeim sökum. — Eigi verður kyrrsetningargerð áfrýjað. — **21. gr.** Nú hefur eign erlendis búsetts manns verið kyrrsett hér á landi, og er þá rétt að birta stefnu til staðfestingarmáls vörzlumanni fjármunanna eða einhverjum þeirra, ef þeir eru fleiri en einn. Ef fjármunir eru kyrrsettir í tveimur lögsagnarumdæmum eða fleirum, má mál sækja í hvoru eða hverju þeirra, er gerðarhafi kýs. Í slíku máli verður einungis dæmt um lögmæti kyrrsetningar og veitt heimild til aðfarar í munum þeim, sem kyrrsettir voru, nema skuldunautur komi sjálfur fyrir dóm eða löghæfur maður með umboði hans til flutnings málsins. — Ákvæði greinar þessarar koma því aðeins til framkvæmda, að ekki standi milliríkjasamningur því í vegi. — **22. gr.** Nú verður staðfestingarmál ekki þingfest sækjanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið samkvæmt 3. eða 4. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936, og er þá rétt að höfða mál af nýju innan viku frá því, er sækjanda varð kunnugt um málalok. En eigi má oftar svo með fara, nema það megi telja sækjanda óviðráðanlegt, að máli hans lauk með þeim hætti. — Nú skyldi mál hafið samkvæmt 1. tölul. 119. gr. laga nr. 85/1936 eða kyrrsetning er niður fallin samkvæmt 19. eða 25. gr., og heldur þá mál til staðfestingar áfram, nema varnaraðili tjái sig engar kröfur gera vegna kyrrsetningar. — **23. gr.** Nú er eigi að lögum leitað staðfestingar á kyrrsetningu, og er hún þá niður fallin frá því, er gerðarhafi mátti í síðasta lagi gefa út og birta eða láta gefa út stefnu til staðfestingar hennar samkvæmt 1. málsgr. 20. gr. eða 1. málsgr. 22. gr. — Nú er staðfestingar leitað, en kyrrsetning er felld niður með héraðsdómi, og stendur hún þó næstu 3 vikur talið frá dómsuppsögu, ef gerðarhafi var við hana staddur, en ella frá birtingu dóms fyrir honum.[a]) Að loknum fresti fellur kyrrsetning niður, nema gerðarhafi sanni innan þessa tíma fyrir fógeta, að hann hafi tekið út áfrýjunarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu fyrir æðra dómi. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um niðurfall kyrrsetningar, telst hún niður fallin frá dómsuppsögu. — Eigi má aflýsa innritaðri eða þinglýstri kyrrsetningu án samþykkis gerðarhafa, nema vottorð fógeta komi til um það, að eigi hafi verið áfrýjað samkvæmt 2. málsgr. — Um vörzluskipti kyrrsettra muna ber gerðarþola jafnan að leit aðgerða fógeta, þegar svo stendur á sem

1949 Nr. 18 22. marz

a) XVI, 152.

a) XXIII, 168.

í 2. málsgr. segir, enda mega þau ekki verða, meðan gerðarhafa er kostur áfrýjunar samkvæmt henni. — **24. gr.**[a]) Nú fellur kyrrsetning niður, hvort sem það er vegna sýknunar af kröfu þeirri, er tryggja skyldi, vegna galla á gerðinni sjálfri eða vegna þess, að henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga, og ber gerðarbeiðanda þá að bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal lánstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Bæta skal og, þótt kyrrsetning reynist aðeins að nokkru ólögmæt og þótt hún falli niður sakir atvika, er gerðust eftir framkvæmd hennar, ef ætla má, að hún hefði haft bótaskyldu í för með sér annars. Þegar meta skal bætur, má bæði hafa hliðsjón til þess, hvort gerðarbeiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu eða gáleysi, og til þess, hvort gerðarþoli kann að hafa veitt sérstakt efni til aðgerðanna eða tilhögunar þeirra með framkomu sinni í sambandi við þær. — Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta. — Um aðilaskipti að kröfu um miskabætur eftir lögum þessum fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. — **25. gr.** Samkvæmt kröfu gerðarhafa skal fógeti taka kyrrsetningargerð upp af nýju: 1. Ef nauðsynlegt má teljast til verndar hagsmunum hans, svo sem til þess að kyrrsetja meira en áður var gert, til vörzluskipta kyrrsettra muna o. s. frv. 2. Til skila á tryggingu, er hann hefur sett. — Samkvæmt kröfu gerðarþola skal fógeti taka upp kyrrsetningargerð af nýju: 1. Ef munir hafa teknir verið, er eigi skyldi kyrrsetja, kyrrsett hefur verið að mun meira en þörf var til, nauðsyn þykir vera á vörzluskiptum kyrrsettra muna o. s. frv. 2. Ef gerðarþoli leysist undan kröfu eftir að kyrrsetningargerð fór fram, svo sem vegna greiðslu eða sýknudóms, eða fram er boðin lögleg greiðsla eða trygging, fúlga greiðist ekki, frestur um kyrrsetning á honum sjálfum er liðinn o. s. frv. 3. Ef staðfestingar er ekki löglega leitað eða kyrrsetning hefur verið felld úr gildi með úrslitadómi, enda sé gerðarþola nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til þess að afmá þær takmarkanir, sem gerðar hafa verið í umráðaheimild hans yfir kyrrsettum munum eða umráðamöguleika. — Samkvæmt kröfu þriðja manns skal fógeti taka gerð upp, ef þriðji maður telur hafa verið gengið ólöglega á rétt sinn með kyrrsetningu, svo sem ef telja má hann eiga þann hlut, sem kyrrsettur var o. s. frv. — Fógeti getur breytt fyrri ályktunum sínum, bæði ef ný atriði koma fram og atriði eldri en gerðin, ef þau hafa ekki komið áður fram eða eigi komið til greina við fyrri ákvarðanir fógeta. — Kæra má ákvarðanir fógeta, en ekki frestar kæra framkvæmd þeirra, nema sýnt megi þykja að dómi fógeta, að engin réttarspjöll stafi af frestun. — Nú fellir æðri dómur synjun fógeta um lausnargerð eða aðrar aðgerðir samkvæmt þessari grein úr gildi, og getur aðili þá heimtað bætur af gerðarhafa fyrir tjón það, er synjun kann að hafa bakað honum, eftir almennum skaðabótareglum. — Nú ónýtir æðri dómur lausnargerð, og ber fógeta þá að koma því í samt lag, er raskazt hefur vegna lausnargerðar hans, eftir því sem kostur er.

III. kafli. — Um lögbann. — 26. gr. Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, er raskar eða raska myndi með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðanda.[a]) Við athöfn þeirra, er fara með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélaga, má undir sama skilorði beita lögbanni, ef athöfn varðar meðferð einstaklingsréttinda eða banna skal athöfn í þágu einstaks manns, enda eigi dómstólar úrlausn málsins, eða telja má aðilja fara út fyrir valdsvið sitt. — **27. gr.** Ákvæði 9. gr., upphafsákvæði 10. gr., 11., 12., 15. gr. 2. málsgr., 16.—18. gr., 20. gr., 1. málsgr. 22. gr. og 23.—25. gr. taka og til lögbanns, eftir því sem við á og eigi er öðru vísi mælt, sbr. 28. gr.[b]) — **28. gr.** Lögbann hefst, þar sem sú eign er, er bann varðar, og annars, þar sem aðiljar verða á sáttir eða fógeti ákveður hverju sinni. — Fógeti kveður gerðarþola til, ef þess er kostur. Annarskostar skal birta honum bann. — Lögbanni verður venjulega ekki afstýrt með tryggingu, nema gerðarbeiðandi samþykki. — Um bætur fyrir miska- og lánstraustsspjöll sakir lögbanns fer eftir því, sem mælt er fyrir í 1. málsgr. 24. gr. — Greina skal glöggt í fógetabók þann verknað,

a) IV, 594.

a) (II, 519), III, 51, V, 223, XVII, 235, XXII, 236, XXIII, 167, 185, 375, XXIV, 345, 363, 367. — b) XXIV, 337.

1949 Nr. 18 22. marz

1949 Nr. 41 19. maí

sem bannaður er, og þá eign, sem bann varðar, ef því er að skipta. — **29. gr.** Nú brýtur gerðarþoli vísvitandi eða af stórvægilegu gáleysi lögbann, og varðar það sektum til ríkissjóðs eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við að lögum. — Gerðarhafi á sókn þess máls.[a]) — **30. gr.** Skylt er lögreglumönnum að veita aðstoð sína til þess að halda uppi lögbanni, enda er þeim rétt að beita valdi því til varnar, ef með þarf. — **31. gr.** Gerðarþola er skylt að bæta skaða þann, er brot hans eða manna hans, framin af ásetningi eða gáleysi, á lögbanni, hafa í för með sér. Sama er um tjón á munum eða réttindum, er lögbann varðar.

IV. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 32. gr. ... — **33. gr.** Nú hafa aðgerðir, sem lög þessi taka til, farið fram fyrir 1. júní 1949, og skal þá telja fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, frá þeim tíma. — Um gerð, er kynni að hafa verið framkvæmd af tveimur mönnum, skal fara eftir 2. málsgr. 2. gr. laga þessara, nema hún hafi verið lögð til dóms fyrir 1. júní 1949.

1693 19. des.

Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi. (Eigi birt hér, en þó fylgt)[1])

... **1.** Það skal hverjum einum leyft vera að láta selja fjármuni sína á opinberu uppboði og koma þeim í peninga, hvort sem eru jarðeignir eður kaupstaðareignir eður annað lausafé og vörur. Þó verða það að gera menn þeir, er Vér höfum allranáðarsamlegast til þess kvatt og skipað. ... — **4.** Hver og einn má í húsi sínu eða í annars góðs manns húsi, er hann fær leyfi hjá og semur við, láta bjóða upp fjármuni sjálfs sín eða þeirra, er hann er fjárhaldsmaður fyrir. — **5.** ... bæjarfógetar í kaupstöðum svo og héraðs- ... fógetar til sveita, er Vér ... höfum skipað til að stýra uppboðum þeim, er þar fyrir falla, ... skulu hafa réttar, gegnumdregnar bækur með blaðsíðutali og innsigli á. ... — **7.** Í bækur þessar ber ... að skrá ýtarlega í fyrsta lagi, hver vörurnar lét selja, í öðru lagi tíma og stað, er uppboðið var haldið, og í þriðja lagi ber að geta við hvern lið nafns þess, er keypti, og verðsins, er vörurnar voru seldar fyrir.[2]) — **9.** Og til þess að tryggja það, að allt fari rétt fram og hlutdrægnislaust, bæði seljanda vegna og kaupanda, þá skulu uppboðshaldarar hrópa hátt upp hlut þann, er verið er að selja, þrisvar sinnum eftir að hæsta boð er fengið, og verði hæstbjóðanda með svo felldu móti sleginn hluturinn, heldur hann honum átölulaust að öllu leyti. — **10.** Uppboðshaldarar skulu tilkynna í tæka tíð með prentuðum eða rituðum auglýsingum tíma og stað, er selja á eitthvað á uppboði, til þess að þeir fái vitneskju um það, er þar vilja eitthvað kaupa.[1]) — **11.** Þeir mega eigi, nokkrum manni í vil, breyta röðinni eftir hinum prentuðu skrám eða sleppa neinu, sem þar er talið, og því síður gera það fyrir bjóðanda að hraða sölunni meira en vera ber. Sæti ella hæfilegri refsingu, og ber þeim að öllu leyti að fara eftir verðlagi því, er seljandi skýrir þeim frá, og mega eigi, án hans leyfis, láta selja neitt ódýrara, nema þeir vilji ábyrgjast honum verð það, er hann hefir lagt á, ef kært verður. ... — **13.** Ef veðhafi lætur, annaðhvort samkvæmt bréfi eða dómi, selja veðið á uppboði, og sá, er fyrr átti veðið, vill bjóða í það, þá skal hann skyldur að setja uppboðshaldara þegar í stað trygging fyrir boði sínu. Að öðrum kosti verður því enginn gaumur gefinn. ... — **17.** Ef hús eða eign er seld á opinberu uppboði, þá mega uppboðshaldarar afsala eignina á þingi í hendur kaupanda, og skal afsal það vera jafngilt og öflugt, sem önnur lögleg afsöl, er eigendur gera. Þó skal um þessi afsöl þeirra fara að öllu leyti svo sem lögin ... að öðru leyti greina um afsöl.

1) Sbr. tsk. 21. júní 1793, kgsbr., 13. jan. 1792, op. br. 3. júní 1818, op. br. 19. marz 1819, l. nr. 42, 15. júní 1926, §§ 17, 18 og 29, skl. nr. 3, 12. apr. 1878, §§ 29—31, l. nr. 29, 16. des. 1885, § 1, 10, l. nr. 30, 7. maí 1928, § 14, l. nr. 40, 14. apr. 1954, l. nr. 23, 7. maí 1928. — 2) Sbr. l. nr. 29, 16. des. 1885, § 1, 10. lið. — a) XXIV, 213.

1693 19. des.

1949 Nr. 57 25. maí

Lög um nauðungaruppboð.

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Samkvæmt lögum þessum fara.[a]) 1. Uppboð til fullnustu fjárkröfum samkvæmt heimild í a. Aðfarargerð (fjárnámi, lögtaki).[b]) b. Samningi um veðrétt í fasteign, þar sem slíkt er heimilað í lögum.[c]) c. Samningi um handveð. d. Skiptameðferð þrotabúa, skuldafrágöngu dánarbúa og annarra búa, þar sem enginn ber almennt ábyrgð á skuldum. e. Lögum, þar sem aðila er mæltur lögveðsréttur í verðmætum til tryggingar greiðslu og sala heimiluð án aðfarar. 2. Uppboð til sölu á munum, er uppboðsbeiðandi hefur haldsrétt á sér til tryggingar. 3. Uppboð á standmunum og vogrekum. — **2. gr.** Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og borgarfógeti í

1) L. nr. 40, 14. apr. 1954. — a) Uppboð til slita á sameign, XVIII, 353, XXIII, 162—4. — b) IV, 35. — c) VII, **144.**

1949 Nr. 57 25. maí

Reykjavík halda uppboð. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, heldur hann uppboð. Nefnast embættismenn þessir uppboðshaldarar, er þeir fara með uppboðsmál. — Athafnir þessara embættismanna eru dómsathafnir, nema öðruvísi sé mælt í lögum. Uppboð skal halda á dómþingi. — Uppboðsbók skal vera við hvert framannefndra embætta, svo úr garði gerð sem lög mæla. — Vottar tveir skulu við uppboð vera, og fer um þá að lögum. — Uppboðshaldari úrskurðar öll atriði varðandi uppboð. — Uppboðshaldari má hvorki gera sjálfur boð á uppboði né láta annan mann gera það fyrir sína hönd. — **3. gr.**[a]) Rétt er, að hreppstjóri haldi uppboð á fjármunum þeim, er í III. kafla laga þessara greinir, enda nemi innstæða hverrar þeirrar kröfu, er selja skal til greiðslu á, eigi yfir 2000 krónur. Uppboðshaldari getur þó falið á sína ábyrgð hreppstjóra að halda uppboð, þótt ofannefndum skilyrðum sé ekki fullnægt, enda megi telja hagsmunum aðila fullkomlega borgið. — Hreppstjóri má skrá uppboð í hreppsbók, ef honum hefur ekki verið fengin sérstök löggilt uppboðsbók. — Ákvæði 2. gr. um votta og bann við boði á uppboði tekur og til hreppstjóra. — **4. gr.** Ákvæði laga nr. 85/1936 um dómara, þinghöld,[b]) aðila, málflytjendur, málflutning, fresti, hafningu máls, aðilaskýrslur, vitni, skjöl, mat og skoðun, réttarfarssektir, málskostnað, úrskurði, áfrýjun og kæru taka og til uppboðs, eftir því sem við getur átt, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum. — Áfrýjunarfrestur samkvæmt 197. gr. téðra laga skal vera 4 vikur frá lokum þeirrar dómsathafnar, sem áfrýja skal, en veitt getur dómsmálaráðherra þó leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á.[c]) — **5. gr.** Vörzlumanni þeirra verðmæta, er selja skal, er skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) og væntanlegum kaupendum aðgang að þeim eftir þörfum, eftir að uppboð hefur verið auglýst, og fræðslu um þá eftir föngum, þar til er sala fer fram, enda er lögreglumönnum skylt að veita uppboðshaldara (hreppstjóra) nauðsynlega aðstoð í því efni, ef hann krefst þess. — Nú reynist nauðsynlegt að taka muni þá, er selja skal, með valdi úr vörzlum manns, og er uppboðshaldara þá rétt að framkvæma allt þar að lútandi með sama hætti sem fógeta. — **6. gr.** Beiðni um uppboð skal vera skrifleg. Greina skal þar svo, að ekki verði um villzt, nafn, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda og eftir föngum aðra menn, er réttindi eiga í söluverðmætum. Greina skal og þau verðmæti nægilega glöggt, svo sem fasteign, skip, flugvél, bifreið o. s. frv. með viðeigandi merkjum eða einkennum, verðbréf með flokkstölu, bókstaf og númeri, ef því er að skipta, vöruteg-und, ef vörur skal selja, skepnur, svo sem hross, kýr o. s. frv. Gera skal og grein fyrir uppboðsheimild og láta þau skjöl fylgja, er sanna hana, svo sem eftirrit af lögtaksgerð eða fjárnáms, veðskuldabréf, handveðssamning o. s. frv. Uppboðshaldari getur og lagt fyrir uppboðsbeiðanda, að veðbókarvottorð verði lagt fram fyrir hann, ef beiðzt er uppboðs á fasteign eða skipi, bifreið eða flugvél. — Nú fer sá, er uppboð heldur, sjálfur með innheimtu þeirrar kröfu, er greiða skal með uppboðsandvirði, og gilda þá ákvæði 1. málsgr. ekki. — Uppboðshaldari (hreppstjóri) tilkynnir uppboðsþolanda þegar beiðni með þeim hætti, er hlýða þykir. — **7. gr.** Nú er uppboðsheimild skotið til æðra dóms, eftir að uppboðs hefur verið beiðzt, og skal þá uppboði fresta, unz málskot er til lykta leitt.[a]) Þó má, þrátt fyrir málskotið, selja muni, sem liggja undir skemmdum eða undirorpnir eru verðrýrnun að marki, eða ef geymsla þeirra er sérstökum vandhæfum bundin vegna kostnaðar eða annarra orsaka. — **8. gr.** Aðilar uppboðs eru: 1. Uppboðsbeiðandi. 2. Uppboðsþolandi. 3. Veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni. 4. Þriðji maður, er annars kemur fram á uppboði með réttarkröfu varðandi söluverðmæti eða andvirði þess eða til áfrýjunar uppboðs í heild eða einstakra hluta þess. — **9. gr.** Kaupréttur, forkaupsréttur, endurkaupsréttur eða innlausnarréttur veita ekki heimild til þess að ganga inn í boð annars manns á uppboðsþingi, nema svo sé sérstaklega mælt í lögum. — Samningur um það, að eigi skuli maður bjóða á uppboði eða einungis bjóða að tilteknu marki, er ógildur. Nú hefur maður afsalað sér rétti til tilkynninga, sem í lögum þessum eru mæltar, og er þá slíkt afsal ógilt. — **10. gr.** Til uppboðskostnaðar telst: 1. Gjöld í ríkissjóð. 2. Vottagjöld, auglýsingakostnaður, burðargjald og símskeyta, ferðakostnaður uppboðs-

a) VII, 144. — b) IV, 23. — c) XXIII, 162—4.

a) III, 292.

1949 Nr. 57 25. maí

haldara (hreppstjóra), þóknun hreppstjóra, er uppboð heldur, og greiðslur til annarra, sem kvaddir eru til starfa eða skýrslugjafar vegna uppboðs. 3. Sanngjörn þóknun til lögfræðilegs ráðunautar uppboðsbeiðanda, sbr. 1. málsgr. 21. gr. 4. Innheimtukostnaður. 5. Annar kostnaður, sem leiðir af nauðsynlegum eða heppilegum aðgerðum vegna uppboðs. — Það skilyrði má setja fyrir því, að uppboðsbeiðni verði tekin til meðferðar, að sett sé trygging fyrir greiðslu áætlaðs kostnaðar af aðgerðum vegna árangurslauss uppboðs eða uppboðs, sem aldrei varð haldið, aflýsinga á uppboði eða ef annars má vafi á því leika, að kostnaður fáist greiddur af uppboðsandvirði. — Nú verður eigi af uppboði, og skal því þá aflýst með auglýsingu, birtri einu sinni í Lögbirtingablaði, ef þess er kostur nægilega fljótt, á kostnað uppboðsbeiðanda eða uppboðsþolanda eftir ákvörðun uppboðshaldara (hreppstjóra). — **11. gr.** Skylt er þeim, er uppboð heldur, að annast innheimtu uppboðsandvirðis, nema aðilar verði á annað sáttir. — Innheimtulaun skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast. — Innheimtulaun uppboðshaldara (hreppstjóra) skal ákveða í gjaldskrá, er dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Félags héraðsdómara.

II. kafli. — Um uppboð á fasteignum og skipum. — 12. gr. Samkv. þessum kafla fara og uppboð á erfðafesturétti, erfðaábúðarrétti, grunnleigurétti og öðrum slíkum fasteignarréttindum, að því leyti sem slík réttindi mega ganga kaupum og sölum, svo og uppboð á byggingum og mannvirkjum á slíkum löndum, hvort sem þau eru seld með réttindunum eða sér. Sama er um uppboð á byggingum[a]) og öðrum mannvirkjum, sem á annars manns fasteign standa. — Skip í þessum kafla tekur til fljótandi fara fimm smálesta eða stærri.[b]) — **13. gr.** Þá er uppboðshaldara hefur borizt uppboðsbeiðni með viðeigandi gögnum, kynnir hann sér það, hvort uppboðsskilyrðum sé fullnægt, enda getur hann krafið beiðanda allra nauðsynlegra skýringa. Skylt er og eiganda söluverðmætis að veita allar skýrslur um veðbönd og önnur höft á eign, þar á meðal um sjóveð á skipi og ógreidd opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í eign hans, o. s. frv. — Þá er uppboðshaldari hefur gengið úr skugga um það, að uppboðsheimild sé fullnægjandi, gerir hann frumvarp að uppboðsskilmálum. Annars kostar synjar hann uppboðsbeiðni með úrskurði, ef þess er krafizt, enda hafi uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda verið veittur kostur á að tala máli sínu eftir þörfum. — **14. gr.** Nú hafa tveir eða fleiri krafizt uppboðs á sömu eign, áður en uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, og er þá sá, er réttindi hans ganga fyrir hinum, talinn uppboðsbeiðandi, en ef tveir eða fleiri standa jafnfætis, teljast þeir báðir eða allir uppboðsbeiðendur. — Þá er uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, er öðrum óheimilt að krefjast uppboðs á sömu eign, meðan beiðni hins er ekki niður fallin. — Eigi má kyrrsetning á eign eða aðför, sem gerð er eftir þennan tíma, baka uppboðsbeiðanda eða öðrum, er uppboðssala skiptir máli, kostnað með nokkrum hætti. Þó er veðhafa fasteignar, sem einnig á veð í fylgifé hennar lögum samkvæmt og tekið hefur þá muni fjárnámi, áður en uppboðsauglýsing var gefin út, heimilt að krefjast þess, að uppboð taki einnig til þeirra. Skal þá fyrst bjóða eign upp án fylgifjárins og án skyldu uppboðsbeiðanda til greiðslu uppboðskostnaðar vegna þess, en ef veðhafi þess fær þá eigi fulla greiðslu, þá skal bjóða eign upp með fylgifé eða svo miklu af því, er nægir. — **15. gr.** Eigi má setja væntanlegum kaupanda í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti að nauðsynjalausu nokkur óvenjulega hörð skilyrði, er ætla má, að torveldi sölu á eign. Jafnan skal uppboðshaldari eftir föngum gæta þess, að ekkert það sé í uppboðsskilmála sett, er horfir þriðja manni ólöglega til tjóns, nema samþykki hans komi til. — **16. gr.**[a]) Greina skal í uppboðsskilmálum, hvort og, ef því er að skipta, hvern kostnað af uppboði kaupandi skuli greiða. Kaupandi greiðir kostnað, þegar boð hans er samþykkt, nema öðruvísi sé mælt. Heildarfjárhæð uppboðskostnaðar skal greina, svo sem næst verður komizt. — Í uppboðsskilmálum skal geta kvaða, ítaka og annarra slíkra hafta, er á eign hvíla og veðbókarvottorð getur ekki. — Geta skal ógreiddra og áfallinna kvaðagjalda, skatta og opinberra gjalda, sem á eign hvíla, og fjárhæð þeirra hvers um sig, eftir því sem unnt er, og hvort kaupandi skuli þau greiða og þá hvenær. Heildarfjárhæð slíkra gjalda skal greina, svo sem næst verður komizt. — Nú ganga bönd

a) VIII, 243. — b) I, 348.

a) IV, 24, VII, 163—4.

1949 Nr. 57 25. maí

þau á eign, er í 2. málsgr. getur, fyrir öllum kröfum, sem greiðast eiga af uppboðsandvirði, og skal þá selja eign með þeim áhvílandi, enda ber kaupanda þá að svara til þeirra að fullu. Annars kostar skal fyrst bjóða eign upp með böndunum áhvílandi eftir söluna. Ef eigi fæst þá nægilegt boð til greiðslu krafna, er framar þeim standa, þá skal færa þau til peningaverðs og bjóða eign síðan upp án þeirra, enda fái rétthafi þá greiðslu af uppboðsandvirði, ef því er að skipta, eftir þann, er næst stendur fyrir framan hann. — **17. gr.** Nú er maður skuldbundinn samkvæmt samningi til þess að láta veðskuld standa, enda þótt veð fyrir skuldinni sé selt, og getur hann þá krafizt þess eins, að rétti hans sé ekki raskað, sbr. þó 36. gr. — Eigi þarf sá, er krafa hans er ekki í gjalddaga komin, að taka við greiðslu, enda skal uppboðshaldari þá geyma það, er honum skal greiða af uppboðsandvirði, til gjalddaga. — Nú skal greiða skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur af uppboðsandvirði, og skal þá með sama hætti geyma það, unz skilyrði rætist eða ljóst er, að það rætist ekki, eða þar til er krafa verður ákveðin. — Kaupandi greiðir samningsbundna vöxtu af veðskuldum þeim, er áfram kunna að standa eftir uppboðsafsal eða hann annars kann að fá gjaldfrest á, nema öðruvísi semji. — **18. gr.** Í uppboðsskilmálum má setja ákvæði um tryggingu, er kaupandi skuli setja, fyrir efndum á uppboðsskilmálum. Getur uppboðshaldari jafnan sett það skilyrði fyrir því, að boð sé tekið til greina eða eign sé slegin aðila, að hann setji þá þegar tryggingu fyrir greiðslu uppboðsandvirðis, uppboðskostnaðar þess, er honum ber að greiða, eða greiðslu þess taps, er verða mætti af því, ef setja þyrfti eign aftur á uppboð vegna vanefnda hans. Ákveður uppboðshaldari, hverja tryggingu setja skuli, enda leiti hann um það, eftir því sem við á, álits þeirra, er það mál varðar hverju sinni. — Þá er strandfé eða vogrek skal selja, skal veita að minnsta kosti 14 daga gjaldfrest. Þá skal og svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru innan tveggja ára frá skipstrandi, verði eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 29. gr. laga nr. 42/1926. — Ef ekki er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum, skal svo líta á, að eign sé seld svo farin sem hún er, þegar hamar fellur, að kaupandi beri áhættu á henni frá því, er boð hans er samþykkt, að hann fái vörzlur hennar og arð frá afsalsdegi og að seljandi svari hvorki til vanheimildar né leynandi lasta, enda komi rifting eða afsláttur af kaupverði því aðeins til greina, að krafa þar um komi fyrir uppboðshaldara áður en úthlutunargerð samkvæmt 34. gr. er ráðin. — **19. gr.** Ef eigi er öðruvísi mælt í uppboðsskilmálum, er hver sá, er boð gerir á uppboði, bundinn við boð sitt, þar til er annað boð hefur verið samþykkt, þó ekki lengur en 3 vikur, sbr. þó 4. málsgr. 29. gr. — Geta skal þess í uppboðsskilmálum, ef frest skal taka til samþykkis eða synjunar á boði, og hversu langur sá frestur skuli vera. — Nú gera fleiri en einn jafnhátt boð, sem eigi fæst hækkað, og ræður uppboðshaldari þá, hvorum eða hverjum eign er slegin, nema hann vilji láta hlutkesti ráða. Þó skal sá að jafnaði ganga fyrir, sem þegar sannar getu sína til fullnægingar uppboðsskilmálum. — **20. gr.** Uppboðshaldari nefnir matsmenn eða skoðunar til þess að skoða og meta söluverðmæti, ef hann telur það nauðsynlegt eða heppilegt. Uppboðshaldari gerir það, sem nauðsynlegt er til þess, að mats- og skoðunarmenn geti framkvæmt starfa sinn, enda er skuldunaut og vörzlumönnum söluverðmætis skylt að veita til þess atbeina sinn eftir föngum. — **21. gr.** Nú tekur uppboðsbeiðandi beiðni sína aftur, áður en uppboðsauglýsing samkvæmt 22. gr. hefur verið gefin út, og er þá aðgerðum samkvæmt þeirri beiðni lokið.[a]) Ef beiðni er síðar aftur tekin eða fellur niður, t. d. vegna greiðslu, þá fer með sama hætti, nema einhver sá veðhafi eða aðfararhafi, sem á kröfu gjaldfallna vegna vanskila á henni eða annarra atriða, er hana sjálfa varða, svo sem rýrnunar á veði o. s. frv., krefjist uppboðs á grundvelli þess, er þegar hefur fram farið. Metur uppboðshaldari beiðni hans samkvæmt 13. gr. — Nú fellur uppboðsbeiðni niður, og ber þá uppboðsbeiðanda samkvæmt 1. málsgr. að greiða allan löglegan kostnað, er beiðni hans hefur haft í för með sér, enda taki enginn beiðni upp samkvæmt sömu málsgrein. — **22. gr.**[b]) Þá er frumvarp að uppboðsskilmálum hefur verið gert, auglýsir uppboðshaldari þegar uppboð af sjálfsdáðum. Í auglýsingu skal nefna uppboð nauðungaruppboð, enda skal þar greina: 1. Heiti söluverðmætis eða aðra skilgreining þess, eftir því sem við á. Geta skal fylgifjár, ef því er að skipta, svo sem véla með verksmiðju, kúgilda með jörð o. s. frv., og annarra atriða í stuttu máli, er máli kunna

a) XX, 477. — b) II, 354, III, 292, IV, 24, V, 416—17.

að skipta um verðmæti og sölulíkur eignar. 2. Heiti, heimili og stöðu uppboðsbeiðanda og uppboðsþolanda, eftir því sem unnt er. 3. Uppboðsdag, stað og stund. 4. Að frumvarp að uppboðsskilmálum sé til sýnis á skrifstofu uppboðshaldara, og að athugasemdir við það skuli vera komnar til uppboðshaldara í síðasta lagi viku fyrir uppboð, enda megi aðili búast við því, að annars verði þeim eigi sinnt. — Uppboðsauglýsingu skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, þannig að eigi líði minna en 6 vikur milli fyrstu birtingar og uppboðs, og í einu öðru blaði einu sinni, ef uppboðshaldari telur það heppilegt, og með þeim fyrirvara, er hann ákveður. Þegar selja skal strönduð skip, nægir þó birting einu sinni, ef telja má skip lítilsvert, og 14 daga frestur. Rétt er, að uppboð sé birt í öðrum blöðum en áður var sagt, útvarpi eða með öðrum hætti eftir kröfu og á kostnað uppboðsbeiðanda eða uppboðsþolanda. Birting á uppboðum búa, sbr. 1. gr. 1. d., og strandskipa greiðist þó jafnan af fé búa og strandi, ef skiptaráðandi eða lögreglustjóri hafa ráðið birtingarháttum. Loks skal uppboðshaldari festa auglýsingu um uppboð upp á skrifstofu sinni með þeim hætti og þeim fyrirvara, er hann ákveður. — Uppboðshaldari skal senda skuldunaut eða eiganda eignar, ef hann er annar maður, og þeim, er samkvæmt veðmálabókum eða öðrum gögnum eiga eða ætla má eiga réttindi í eign, uppboðsauglýsingu í ábyrgðarbréfi eða tilkynningu um uppboð með öðrum tryggum hætti, svo sem símskeyti, ef þeir eiga kunnugt heimilisfang hér á landi, innan 14 daga fyrir uppboð eða þegar í stað, ef hann hefur síðar fengið vitneskju um réttháfa eða heimilisfang hans. — Nú skal selja hér erlent skip nauðungarsölu, og skal þá uppboðshaldari senda utanríkisráðuneytinu uppboðsauglýsingu, en það sendir hana svo fljótt sem kostur er utanríkisráðuneyti í heimalandi skips. — **23. gr.** Uppboð skal halda á fasteign þeirri, er selja skal, nema sérstök lagaheimild sé til annars. Nú skal selja réttindi samkvæmt 12. gr., og skal þá einnig uppboð halda á fasteign þeirri, sem réttindin eru við tengd. — Uppboð á skipi skal halda þar, sem skip er. — Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar, ef allir aðilar verða á það sáttir. — **24. gr.** Nú sækir uppboðsbeiðandi, sbr. 1. málsgr. 21. gr., ekki uppboðsþing, og verður þá ekki af uppboði, nema einhver sá, er uppboðs mátti krefjast eftir sömu gr., beiðist þess.[a]) Fresta skal þó jafnan uppboði, ef uppboðsbeiðandi lýsir forföllum. — **25. gr.** Á uppboðsstað og áður en uppboðsþing er sett tekur uppboðshaldari til athugunar og úrlausnar þær athugasemdir við frumvarp að uppboðsskilmálum, sem honum kunna að hafa borizt, sbr. 22. gr., nema það hafi þegar verið gert. Ef þeim athugasemdum er ekki andmælt og uppboðshaldari telur sér ekki skylt að hrinda þeim samkvæmt 15. grein, þá breytir hann frumvarpi sínu samkvæmt þeim. Annars kostar reynir hann að jafna ágreining og veitir aðilum kost á að tala máli sínu eftir þörfum. Ef þörf krefur, þá kveður hann upp úrskurð og breytir síðan frumvarpi, ef því er að skipta, samkvæmt úrskurði, eða geymir, ef svo stendur á, aðila rétt sinn til úthlutunargerðar, sbr. 34. gr. Að því loknu eru uppboðsskilmálar ákveðnir. — Á uppboðsþingi verða eigi hafðar uppi aðfinningar við uppboðsskilmála, er eigi hafa komið fram samkvæmt 22. gr., aðrar en þær, er fela í sér það, að uppboðshaldari hafi eigi gætt þeirra atriða einhverra, sem honum beri að gæta af sjálfsdáðun samkvæmt 15. gr. Með slíkar aðfinningar skal fara samkvæmt 1. málsgr. — Um málskot fer eftir 27. gr., svo sem við á. — Nú vill aðili veita væntanlegum kaupanda ívilnanir um greiðslu eða tryggingu o. s. frv., eða nauðsyn þykir að bæta við athugasemdum um söluverðmæti eða annað, og getur þá uppboðshaldari gert viðauka eða breytingar í þá átt á uppboðsskilmálum á uppboðsþingi, eftir því sem við þykir eiga, og skráð í uppboðsbók. — **26. gr.** Áður en tekið er til að bjóða eign upp, les uppboðshaldari uppboðsskilmála með breytingum og viðaukum, sbr. 25. gr., ef því er að skipta, veðbókarvottorð og þau skjöl önnur, er honum þykir hlýða, enda skulu uppboðsskilmálar og önnur skjöl, er söluna varða, vera til sýnis á uppboðsstað. Þegar svo er með farið, tjóar engum að bera fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskilmálum eða nokkru því, er sölu varðar og skjöl þessi greina. — **27. gr.** Uppboðshaldari ákveður minnsta mun boða, nema svo hafi verið gert í uppboðsskilmálum. Hann kallar söluverðmæti upp með þeim hætti, sem honum þykir hlýða og samkvæmt uppboðsskilmálum, ef því er að skipta, enda skal rita boð í uppboðsbók jafnharðan sem þau eru gerð, og geta nafns bjóðanda við

a) V, 115—16.

1949 Nr. 57 25. maí

hvert boð. Þá er þrisvar sinnum hefur verið skorað á menn að gera yfirboð, en enginn gefur sig fram, lýkur sölutilraunum. Veita skal aðilum kost á að gera athugasemdir og kröfur um tryggingu, nýtt uppboð, útlagningu samkvæmt 32. gr. o. s. frv., eftir því sem efni standa til, enda úrskurðar uppboðshaldari þau atriði eftir þörfum. Til marks um það, að sölutilraun sé lokið að því sinni, lætur uppboðshaldari hamar sinn falla, og að boð aðila verði tekin til athugunar innan tiltekins tíma, enda verði eign ekki öðrum seld á því tímabili.[a]) — Málskot á ákvörðun uppboðshaldara samkvæmt þessari grein eða yfirlýsing þar um frestar því aðeins uppboði, að ákvörðun varði atriði, sem uppboðshaldið sjálft veltur á, t. d. lögmæti greiðslufamboðs af hálfu skuldunautar, eignarrétt þriðja manns að söluverðmæti o. s. frv. — **28. gr.** Nú fæst ekkert boð í eign eða svo lágt boð, að enginn þeirra, er í 1. málsgr. 21. gr. segir, fær nokkuð af uppboðsandvirði, og hefur uppboðshaldari þá uppboðsþing.[b]) — Rétt er hverjum þeim, er í 1. málsgr. getur og á í vonum að fá hluta af uppboðsandvirði, að krefjast þess, að eign verði slegin hæstbjóðanda, nema sýnilegt megi telja, að hann geti ekki fullnægt uppboðsskilmálum, enda sé þar ekki öðruvísi mælt.[c]) Ef engin slík krafa kemur fram, skal hefja uppboðsþing. — **29. gr.** Þeim aðilum, er hér greinir, er rétt að krefjast uppboðs af nýju, ef þeir gera það þegar á staðnum, áður en uppboði er slitið, og setja nægilega tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar af nýju uppboði, er ekki kann að fást greiddur af því uppboðsandvirði: 1. Skuldunaut eða eiganda eignar, ef hann er annar maður, ef ekkert eða svo lágt boð hefur fengizt, að telja má, að hann bíði fjártjón að marki. 2. Réttindahafa í eign, sem missa mundi réttinda sinna í henni sakir þess, hversu lágt boð hefur fengizt. — Fleiri uppboð en tvö skal eigi halda, nema allir þeir, er uppboðsaðgerða geta krafizt samkvæmt 1. málsgr. 21. gr., samþykki. Hver sá, er eigi mótmælir, telst samþykkja. — Í auglýsingu um síðara uppboðsþing skal þess geta, að það sé annað og síðasta uppboð. Auglýsing fer eftir síðustu málsgr. 22. gr., nema allir þeir, er 1. og 2. tölul. 1. málsgr. segir, samþykki aðra meðferð á því atriði. — Nú fæst ekki svo hátt boð á síðara uppboði sem á hinu fyrra eða boð þykir ekki tækt, og eru bjóðendur á fyrra uppboði þá bundnir við boð sín, þó aldrei lengur en 6 vikur frá lokum fyrra uppboðs talið. — Nú fæst jafnhátt eða hærra boð á síðara uppboði, og getur þá hver sá, er í 1. málsgr. 21. gr. segir og væntanlega fær hluta af uppboðsandvirði, krafizt þess, að eign sé slegin hæstbjóðanda, er fullnægir eða telja má, að muni fullnægja skilmálum. — **30. gr.** Hæstbjóðandi á ekki heimtingu á því, að honum sé slegin eign, nema svo sé mælt í uppboðsskilmálum.[a]) — Uppboðshaldara er rétt að setja ókunnum mönnum eða ógjaldfærum það skilyrði á uppboðsþingi, að trygging verði sett, ef boði þeirra eigi að sinna, enda þótt ekkert sé slíkt mælt í uppboðsskilmálum. — **31. gr.** Rétt er þeim, sem slegin hefur verið eign, að framselja rétt sinn, enda hafi þá uppboðsskilmálum verið eða þeim verði þá fullnægt. Telst slíkt framsal stimpilskylt sem framsal réttar samkvæmt kaupsamningi. — **32. gr.** Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskuldabréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á uppboði og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð.[b]) Nú býður enginn betur, og skal þá hætta uppboði. — Aðili greiðir gjald í ríkissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð. — Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsgr. 21. gr. segir og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvilhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði. — Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsgr., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfu niður undir sama skilorði sem áður var mælt. — **33. gr.** Ef engin mótmæli hafa komið fram gegn uppboði, gefur uppboðshaldari út afsal að seldri eign, þegar aðili hefur fullnægt uppboðsskilmálum eða sýnir full skilríki hlutaðeigenda fyrir samþykki þeirra til þess, enda þótt uppboðsskilmálum hafi eigi verið fullnægt að þeirra leyti. — Nú hafa mótmæli komið fram gegn uppboði

a) III, 291. — b) IV, 35, 156. — c) IV, 35.

a) (V, 418). — b) II, 855, XVI, 168.

sjálfu, og má þá eigi gefa út uppboðsafsal, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, nema aðili hafi afsalað sér áfrýjunarheimild, enda reyni uppboðshaldari eftir föngum að ganga úr skugga um það, hvort hennar verði neytt.[a]) — Eigi getur sá, er veði sínu eða réttindum heldur óskertum áfram þrátt fyrir uppboð, varnað útgáfu afsals, enda taki aðili að sér skyldur þær, er á fyrra eiganda hvíldu í því sambandi. — **34. gr.** Þegar eign hefur verið slegin eða krafa um útlagningu eftir 32. gr. er fram komin, skal uppboðshaldari ganga úr skugga um það, hvort aðili fullnægir uppboðsskilmálum. Ef svo reynist, gerir hann skilagrein um kostnað af uppboði og semur frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis, ef þess er þörf, til þeirra, er fá eiga hluta af því, og í þeirri röð, er réttur hvers stendur til. Síðan kveður uppboðshaldari þá, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði samkvæmt þeirri vitneskju, sem þegar er fengin, á fund með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða, enda skal þeim þá skýrt frá því, að frumvarp að úthlutunargerð liggi til sýnis á skrifstofu hans. — Nú koma engar kröfur um breytingar á frumvarpi fram, og greiðir uppboðshaldari þá hverjum það, er honum ber. Sama er um greiðslur til einstakra aðila, sem enginn mótmælir. Ágreining um atriði, sem krafizt er breytinga á, reynir uppboðshaldari að jafna, en ef það tekst ekki, þá ræður hann ágreiningi til lykta með úrskurði, eftir að aðilar hafa átt kost á að tala máli sínu. Greiðslur samkvæmt úrskurði mega ekki fara fram, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn eða aðilar lýsa yfir eða sýna í verki, að áfrýjunarheimild verði ekki notuð.[b]) — Nú hvíla skilyrtar eða að öðru óvissar kröfur á eign, og kröfuhafi ætti að fá greiðslu af uppboðsandvirði, og leggur uppboðshaldari þá fé til geymslu, þar til er sannreynt er, hvað hverjum ber. Ef ekkert skal greiða eða ef afgangur verður, þá skal greiða þeim, er það fé hefði borið, ef engin slík krafa hefði fram komið. — **35. gr.** Nú fullnægir kaupandi ekki uppboðsskilmálum, og getur þá uppboðsbeiðandi og hver sá, er í 1. málsgr. 21. gr. segir, krafizt þess, að eign sé boðin upp af nýju á kostnað og áhættu hans og samkvæmt þeim uppboðsskilmálum, sem áður voru ráðnir, svo sem við á. Um auglýsingu uppboðs fer þá samkvæmt 29. gr. — Hinum upphaflega kaupanda er skylt að greiða það, er á þessu uppboði fæst minna fyrir eign en það, er áður var hæst boðið, auk uppboðskostnaðar. — Rétt er og hverjum þeim, er greiðslu mundi hafa fengið af uppboðsandvirði, að lögsækja kaupanda fyrir sitt leyti á varnarþingi uppboðs til greiðslu þess, er honum hefði borið. Slíka heimild hefur og uppboðshaldari fyrir hönd einhvers eða allra þeirra, er svo er farið um, hvort sem ákvæði 1. málsgr. hefur verið neytt eða ekki. — **36. gr.** Afmá skal í veðmálabókum þau veðbönd og höft á eign, sem uppboðsandvirði hefur ekki hrokkið til að greiða, aðila að kostnaðarlausu, þá er hann sýnir afsal samkvæmt 33. gr., enda skal þess geta í afsali, hver þau eru og að hve miklu leyti þau hafa ekki orðið greidd.[a]) — Veðbönd og önnur höft á erlendu skipi, sem hér er selt nauðungarsölu samkvæmt lögum þessum, falla niður undir sama skilorði sem í 1. málsgr. segir.

III. kafli. — Um uppboð á öðrum verðmætum en þeim, er í II. kafla laga þessara greinir. — **37. gr.** Uppboð fer fram þar, sem munir þeir eru, er selja skal, enda er rétt að safna saman á einn stað munum eins manns eða fleiri, eftir því sem á stendur, en greina skal þá glöggt í uppboðsbók, hver muni eigi og uppboðsheimild hvers um sig, og annað það, er nauðsynlegt kann að vera þeim til aðgreiningar. — Útistandandi skuldir og önnur ólíkamleg verðmæti skal selja á heimili uppboðsþolanda, nema uppboðshaldari telji annan stað heppilegri. — Rétt er uppboðsbeiðanda að flytja sölumuni innan hrepps, úr einum hreppi eða lögsagnarumdæmi í annan hrepp eða annað lögsagnarumdæmi, ef vonast má eftir betri sölu með þeim hætti, enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu á spjöllum á sölumunum, er af vöruskiptum, flutningi eða geymslu kunna að stafa, enda ákveður uppboðshaldari, þar sem munir eru fyrir flutninginn, um hann og tryggingu, ef ágreiningur verður. — **38. gr.** Uppboðshaldari (hreppstjóri) semur uppboðsskilmála, ef hann skal annast innheimtu uppboðsandvirðis. Annars kostar gerir uppboðsbeiðandi eða innheimtumaður frumvarp að uppboðsskilmálum, en leggja skal þó slíkt frumvarp fyrir uppboðshaldara nægum tíma fyrir uppboð, enda gæti hann þess, að ekkert sé í þeim lögum andstætt eða neitt það, er að nauðsynjalausu megi vera til tjóns skuldunaut, eiganda söluverðmæta eða öðrum. Gerir uppboðshaldari þá

a) IX, 735. — b) XXIII, 164.

a) IX, 735.

breytingar á uppboðsskilmálum eftir þörfum, enda hafi aðilum verið veittur kostur á að tala sínu máli. — Nú annast hreppstjóri uppboð, og skal ágreining þá bera undir uppboðshaldara til úrlausnar. — Nú eiga fleiri en uppboðsbeiðandi veðrétt eða önnur réttindi í söluverðmæti samkvæmt veðmálabók eða öðrum skýrslum, og ber uppboðshaldara þá að senda þeim uppboðsauglýsingu eða tilkynningu samkvæmt 22. gr., enda skal þá svo með fara sem í 25. gr. segir. — Nú skal útistandandi skuld selja, og skal þá tilkynna með sama hætti skuldunaut og ábyrgðarmönnum, ef því er að skipta. Þetta gildir þó ekki, ef selja skal heildarsafn skulda, svo sem útistandandi skuldir verzlunar eða slíks fyrirtækis, nema einhver þeirra, er það skiptir máli, vilji á sinn kostnað tilkynna einstökum skuldunautum eða ábyrgðarmönnum sérstaklega uppboð. — **39. gr.** Svo skal líta á, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum eða með öðrum hætti, að: 1. Munir séu seldir svo farnir sem þeir eru, er hamar fellur. 2. Kaupandi beri áhættu á seldum hlut frá hamarshöggi. 3. Eigi sé ábyrgð tekin á vanheimild eða leynandi löstum, og að kaupi verði því aðeins rift eða afsláttur af kaupverði vegna slíkra annmarka geti því aðeins komið til mála, að krafa þar um sé gerð til uppboðshaldara (hreppstjóra), innan þess tíma, er í uppboðsskilmálum er mælt, er vera skal áður en reikningsskil eru gerð samkvæmt 46. gr. 4. Kaupanda sé rétt að taka sölumuni í vörzlur sínar, er honum hafa verið þeir slegnir, að hann verði þá eigandi þeirra og taki af þeim ókominn, áfallinn og óheimtan arð, svo sem vexti af skuld, lamb með á o. s. frv. 5. Greiða skuli við hamarshögg. Ef einhver sá, er það kann að skipta máli, krefst þess, skal setja í uppboðsskilmála fyrirmæli um hæfilegan gjaldfrest til handa kaupendum, sem innheimtumaður telur óhætta skuldunauta, með tryggingu eða án hennar. 6. Uppboðskostnaður, annar en innheimtulaun, sé kaupanda óviðkomandi. — **40. gr.** Uppboðshaldari (hreppstjóri) auglýsir uppboð.[a]) Þar, sem blöð eru gefin út á staðnum, skal birta uppboð í einu þeirra eða fleirum einu sinni, eða tvisvar, ef þess er óskað, með að minnsta kosti viku fyrirvara.[b]) Þar, sem ekki er blaðakostur á staðnum eða ekki þykir heppilegt eða einhlítt að auglýsa í blaði, sem ekki er gefið út á staðnum, skal birta uppboð á opinberum mannfundum, ef þess er kostur, eða með auglýsingu, festri upp á þinghús eða á öðrum stöðum, þar sem fjölmenni kemur eða ætla má, að fjölmenni komi, eða með boðum um sveit eða nálægar sveitir, allt eftir því sem uppboðshaldari telur heppilegt og með hliðsjón til þess, hversu mikið og hversu verðmætt á að selja, og hvaðan kaupenda megi helzt vænta. — Uppboðsfrest má stytta, ef söluverðmæti eru bráðum skemmdum undirorpin, varðveizla þeirra er sérstaklega kostnaðarsöm eða torveld o. s. frv. — Í uppboðsauglýsingu skal greina glöggt stað og stund, er uppboð skal halda. Þar skal og vera almenn greinargerð um söluverðmæti, sérstaklega um þau, er verðmest má telja, svo sem bifreiðar, flugför og báta, listaverk, skrautgripi, úrvalsskepnur o. s. frv. — **41. gr.** Aðfararhafar, hvort sem þeir hafa gert aðför áður en eða eftir að uppboðsbeiðandi aflaði sér uppboðsheimildar, geta ekki varnað uppboði samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en eigi skal kostnaður af uppboði samkvæmt kröfu þess, er að baki stendur, koma eldra aðfararhafa til gjalds, enda skal uppboðsandvirði varið til fullnustu hans, áður en nokkur sá, er að baki honum stendur, fái greiðslu. — Rétt er aðfararhafa að krefjast uppboðs eftir birtingu uppboðs samkvæmt 40. gr., ef uppboðsbeiðandi fellur frá beiðni sinni. — Nú á maður veð í söluverðmæti, og veð það skal víkja fyrir rétti uppboðsbeiðanda, og má þá sá veðhafi ekki varna uppboði. Nú skal uppboðsbeiðandi víkja fyrir veðhafa, og er uppboðsbeiðanda þá rétt að leysa veðrétt af söluverðmætum, hvort sem krafan er fallin í gjalddaga eða ekki, enda kemur hann þá í stað veðhafa. — **42. gr.** Rétt er uppboðshaldara (hreppstjóra) að láta gera skrá, er hann getur látið margfalda eftir þörfum, um verðmæti þau, er selja skal, ef hann telur, að það muni verða aðilum til hags, enda er hverjum þeim, er telur hag að því, rétt að láta gera slíka skrá á sinn kostnað og undir eftirliti uppboðshaldara innan þess tíma, er uppboð skal halda. Uppboðshaldari ákveður, hvernig kynna skuli almenningi slíka skrá. — Í skrá skal setja uppboðsskilmála næst á eftir titilblaði. — **43. gr.** Að settu uppboðsþingi les uppboðshaldari (hreppstjóri) upp uppboðsskilmála í heyranda hljóði. Skal venjulega festa þá upp á áberandi stað til sýnis almenningi. Skrá um sölumuni, ef því er að skipta,

a) IV, 706—7, 849. — b) VI, 480.

1949 Nr. 57 25. maí

skal og liggja frammi til sýnis þeim, er vilja kynna sér hana. Enginn getur borið fyrir sig ókunnugleika á uppboðsskilmálum, ef svo er með farið. — Síðan býður uppboðshaldari (hreppstjóri) upp hvert einstakt verðmæti með stuttri lýsingu á því, eftir því sem á stendur, í þeirri röð, er hann ákveður, eftir atvikum í samráði við uppboðsbeiðanda, skuldunaut eða eiganda, ef hann er annar maður, enda sé þess gætt, að einskis manns hagsmunir séu skertir í því efni. Ef skrá um söluverðmæti hefur verið gerð samkvæmt 42. gr., skal venjulega bjóða muni upp í þeirri röð, er þar greinir. Rétt er að selja í einu númeri fleiri en einn samkynja muna, ef nauðsynlegt eða hentugt þykir, enda má jafnan auka munum við hvert númer, ef eigi fæst annars boð í það. Ef selja skal útistandandi skuldir, skal og venjulega reyna sölu á hverri skuld sér, en rétt er þó að selja í einu lagi safn slíkra skulda samkvæmt bókum lánardrottins, svo sem útistandandi skuldir atvinnufyrirtækis, enda hafi það áður verið athugað eftir föngum, hvers virði ætla megi þær, og væntanlegum kaupendum veittur kostur á slíkri athugun. Jafnan skal veita mönnum kost á að athuga söluverðmæti eftir föngum, áður en uppboði á því er lokið. — **44. gr.** Uppboðshaldari (hreppstjóri) skal veita mönnum nægan kost á að gera boð og eigi láta hamar falla, fyrr en þrisvar sinnum hafi skýrt og glöggt verið skorað á menn að hækka boð, og enginn hafi sinnt þeirri áskorun, enda hafi mönnum verið veitt nægilegt ráðrúm til þess að hugleiða það, hvort gera skuli hærra boð. Nú gera tveir eða fleiri jafnhátt boð, og ræður uppboðshaldari (hreppstjóri) þá, hverjum hann slær, en þó gengur sá fyrir, er leggur þegar fram greiðslu, þeim er gjaldfrest vilja fá. Ef boð þykir eigi tækt, er sá, er næst hæst bauð, bundinn við boð sitt, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum. — Greina skal í uppboðsbók nægilega skýrt hvert verðmæti í framhaldandi töluröð, söluverð þess og kaupanda. Nú er greitt við hamarshögg, og þarf þá ekki að greina kaupanda, nema hann óski þess sérstaklega, en einungis geta þess, að þegar sé greitt. — Enginn á heimtingu á því, að honum sé slegið söluverðmæti, þótt hann hafi boð gert í það, nema öðruvísi sé mælt í uppboðsskilmálum. — **45. gr.** Nú þykir það orka tvímælis, hvort nægilega hátt boð hafi fengizt í einstakt söluverðmæti, eða rétt þykir að veita kaupanda frest til þess að fullnægja uppboðsskilmálum, og getur uppboðshaldari (hreppstjóri) þá frestað ákvörðun um það, hvort boð skuli samþykkja, eða til að veita kaupanda færi á fullnægingu skilmála, enda eru hæstbjóðandi og næstbjóðandi þá bundnir við boð sitt næstu viku. — **46. gr.** Jafnskjótt sem uppboðsandvirði er komið í hendur uppboðshaldara (hreppstjóra), gerir hann reikning yfir kostnað, þar á meðal innheimtulaun, ef þau hafa eigi þegar verið frá dregin, og uppboðsandvirði og greiðir síðan til uppboðsbeiðanda það, er honum ber, og afganginn til fyrri eiganda, ef því er að skipta. — Ef fleiri kröfuhafar en uppboðsbeiðandi gefa sig fram, skal svo með fara sem í 34. gr. segir, eftir því sem við á. — **47. gr.** Taka má uppboðsandvirði lögtaki næstu 12 mánuði eftir gjalddaga. — Heimta má uppboðsandvirði með lögsókn á varnarþingi uppboðs. — Ákvæði 35. og 36. gr. taka til uppboða samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt. — **48. gr.** Ef innheimtumaður uppboðsandvirðis er ráðinn, fara innheimtulaun eftir samkomulagi, enda setur hann þá tryggingu, sem allir þeir, er hluta eiga að fá af uppboðsandvirði, verða á sáttir og um er kunnugt. Annars kostar ákveður uppboðshaldari (hreppstjóri) tryggingu. — Sá, er innheimtir uppboðsandvirði, ábyrgist það sem sjálfs sín skuld, enda ræður hann, hvort og hverjum gjaldfrest skuli veita, og hverja tryggingu uppboðskaupandi skuli setja, ef því er að skipta. — Ráðnum innheimtumanni ber að standa skil á uppboðsandvirði til uppboðshaldara (hreppstjóra) með þessum hætti: 1. Því, sem greitt er við hamarshögg, viku eftir lok uppboðs. 2. Því, er síðar skal greiða, 2 vikum að gjaldfresti liðnum. — Uppboðshaldari getur þó veitt lengri frest, þegar sérstakar ástæður eru til, svo sem ef uppboð hefur verið mjög yfirgripsmikið, ef uppboðsskuld hefur ekki greiðzt á gjalddaga o. s. frv. — Ef brestur verður á greiðslum af hálfu ráðins innheimtumanns, ber honum að greiða 5% ársvöxtu af því fé, er greiðsludráttur verður á, enda má sækja hann til greiðslu á varnarþingi uppboðs. Dómari leitar sátta í því máli. — **49. gr.** Nú hafa verðbréf með skráðu gengi hér á landi eða erlendis, svo sem ríkisskuldabréf, veðdeildarbréf, hlutabréf o. s. frv., verið tekin fjárnámi, og er upp-

1949 Nr. 57 25. maí

1949 Nr. 57 25. maí

boðshaldara þá rétt að selja þau eða láta banka eða miðlara selja þau. — Kröfur, sem teknar hafa verið fjárnámi, er uppboðshaldara rétt að innheimta eða láta innheimta, jafnskjótt sem þær falla í gjalddaga. Ef annar en uppboðshaldari annast innheimtu, þá kveður hann á um tryggingu af hendi innheimtumanns og semur um þóknun fyrir starfann, að því leyti sem hún greiðist ekki af skuldunaut, enda hafi fógeti eða skiptaráðandi ekki gert slíkar ráðstafanir áður. Eftirrit af fjárnámsgerð um innheimtukröfur og vottorð uppboðshaldara um innheimtuumboð er full sönnun innheimtuheimildar. — Ráðinn innheimtumaður greiðir innheimtufé til uppboðshaldara með þeim hætti, er uppboðshaldari ákveður. Hann fer síðan með það fé sem áður er mælt um uppboðsandvirði.

IV. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 50. gr. . . . — **51. gr.** Aðgerðir, sem fram fara vegna uppboðs eftir gildistöku laga þessara, fara eftir þeim. Þó skal uppboð, sem byrjað er áður en lög þessi koma til framkvæmdar, en heldur síðan áfram, fara eftir eldri lögum. — Nú hefur uppboð verið birt, áður en lög þessi komu til framkvæmdar, og skal þá, ef þess er kostur, tilkynna uppboð samkvæmt 22. eða 40. gr., svo og birta uppboð framar en gert hefur verið samkvæmt ákvæðum téðra greina, ef því verður við komið og einhver aðila krefst þess.

1793 21. júní

Tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiptaráðenda.

1)[1]) Skipti á dánar-, . . . eða þrotabúum bera undir skiptaráðanda, þar er sá, er skiptin eru eftir, átti sjálfur varnarþing, er skiptin hófust. — **2)** Þegar borgarar eiga heima utan lögsagnarumdæmis þeirra kaupstaða, þar sem þeir hafa borgararétt (en það á sér eigi sjaldan stað í Noregi), skulu þeir því heyra undir hinn almenna skiptarétt, þar sem þeir eiga heima, og skiptaráðandi þar því fara með skipti eftir þá, svo og skipa fjárhaldsmenn og gegna skyldum yfirfjárráðanda . . .

1911 Nr. 32 11. júlí

Lög um úrskurðarvald sáttanefnda.

. . .[1]) — **12. gr.** Rétt er að hreppstjóri geri í umboði fógeta aðför . . .[2]) í skuldamálum, ef skuld fer eigi fram úr 100 kr., eftir þeim reglum, er þar eru um settar í lögum, og á hann fyrir gjald . . .[1])

1) Sbr. l. nr. 3, 12. apríl 1878, § 95. — 2) L. nr. 85, 23. júní 1936, § 224.

1878 Nr. 3 12. apríl

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl.

Fyrsti þáttur. — Um tilkynning andlátsins og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiptaráðandi skipti dánarbúi. — 1. kapituli. — 1. gr. Þegar maður deyr, skal tafarlaust eða að minnsta kosti svo fljótt sem unnt er, tilkynna það skiptaráðanda eða hreppstjóra, en hann gefur ókeypis vottorð um tilkynninguna, þegar þess er krafizt. Hafi látið verið tilkynnt hreppstjóra, skal hann þegar skýra skiptaráðanda frá því. — Ef annað hjóna er eftir á lífi og viðstatt, er það skylda þess, að tilkynna látið, ella erfingja þeirra, sem komnir eru til lögaldurs, ef viðstaddir eru; en að öðrum kosti er það skylda þess, er hinn framliðni var til húsa hjá, eða heimilismanna hans, þeirra sem til lögaldurs eru komnir. — Eigi má prestur jarða lík fyrri, en honum hefir verið sýnt vottorð skiptaráðanda eða hreppstjóra um tilkynningu látsins.[2]) Þó má út af þessu bregða, ef eigi hefir verið unnt að tilkynna látið; en þegar svo er, skal presturinn tafarlaust skýra hreppstjóra frá látinu og greftruninni. — **2. gr.** Ef vanrækt er að tilkynna lát, svo sem mælt er fyrir í 1. gr., varðar það sekt, allt að 100 kr., er rennur í landssjóð, og skal sækja mál það sem opinbert lögreglumál. Hin sama sekt liggur við, ef prestur vanrækir skyldur þær, er honum ber að gæta eftir sömu grein. — **3. gr.** Lát má tilkynna bæði skriflega og munnlega, og skal þá, ef unnt er, tilgreina, hvar hinn framliðni hafi átt heimili eða dvöl, hverjir erfingjar hans séu, og hvar fjármunir hans séu niður komnir. — Það er skylda þess, sem skýrir frá látinu, og annarra, er hafa eigur hins dána í vörzlum sínum, að gæta þeirra vandlega, þangað til skiptaráðandi ráðstafar þeim. — **4. gr.** Rétt er, að einn erfingja krefjist þess, að skiptaráðandi skipti búi, þótt allir hinir séu á það sáttir, að skipta sjálfir. Þar á móti geta hvorki þeir, er eiga gjafir, né þeir, er eiga skuldir að heimta í búinu, krafizt opinberra skipta. — **5. gr.** Skiptaráðandi tekur dánarbú til skipta, hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki: — a) þegar einhver erfingjanna eigi er kominn til lög-

1) Sjá nú l. nr. 85, 11. júní 1938, § 2. — 2) L. nr. 42, 8. maí 1950.

aldurs, þá er skipti byrja; — b) þegar einhver erfingjanna er sviptur fjárforræði, þá er skiptin byrja. En ef það er kvæntur maður, er býr saman við konu sína, og þau eiga félagsbú saman, þá má fjárhaldsmaður hans ásamt konunni taka þátt í erfingjaskiptum fyrir hönd þess, er sviptur hefir verið fjárforræði; — c) þegar einhver erfingjanna er erlendis, þá er skipti byrja, eða eigi er kunnugt, hvar hann er, og hann hefir eigi veitt öðrum manni umboð til að gæta hags síns við skiptin. Nú er eigi kunnugt, hvar erfingi er niður kominn, og engin vissa fyrir, að hann hafi lifað arfleifanda, og mega erfingjar samt sjálfir skipta með sér, ef fimm ár eru liðin frá því, er síðast spurðist til hans. — Skiptaráðandi skal og taka til skipta dánarbú eftir gjaldheimtumenn og reikningshaldara, þegar hið opinbera eða ómyndugir eiga forgöngurétt eða lögboðinn veðrétt í eigum þeirra, og má þá eigi selja erfingjunum búið í hendur fyrri, en séð hefir verið borgið kröfum hins opinbera eða hinna ómyndugu. — **6. gr.** Hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki, skal skiptaráðandi enn fremur taka til skipta dánarbú þau, er hinn látni hefir löglega ákveðið að þannig skuli skipta. Jafnvel þó arfleifandi láti eftir sig arfgengt afkvæmi, skal honum heimilt að ákveða með gerningi, í því formi sem fyrir skipað er um arfleiðsluskrár, að búinu skuli skipt af skiptaráðanda, eða tilnefndum skiptaforstjórum, er eigi hafi dómsvald. Sömu ákvörðun getur það hjóna, er eftir lifir og situr í óskiptu búi, gert um allt félagsbúið. — **7. gr.** Nú hafa erfingjar sjálfir tekið bú til skipta, og kemur ei til opinberra skipta, þó slík breyting verði á, meðan á skiptum stendur, að skiptaráðandi hefði átt að skipta búi, ef þannig hefði verið ástatt frá fyrstu. — **8. gr.** Ef erfingjar, er sjálfir skipta, verða missáttir, er hverjum þeirra heimilt að krefjast, að skiptaráðanda sé selt búið í hendur til skipta samkvæmt því, sem fyrir er mælt um dánarbú, þegar gengizt er við arfi og skuldum. — **9. gr.** Nú hefir skiptaráðandi byrjað á skiptum, en nauðsyn til opinberra skipta hefir horfið, áður en skiptum er lokið, og geta erfingjar þá krafizt, að búið sé fengið sér í hendur, ef þeir allir eru á eitt sáttir um það. Til þessa þarf þó samþykki skuldheimtumanna þeirra, er hafa gefið sig fram, nema skuldir þeirra séu þeim borgaðar, eða þeir fái fulla tryggingu fyrir greiðslu skuldanna á gjalddaga. Ef innköllun til skuldheimtumanna hefir verið út gefin, má eigi selja erfingjum bú í hendur fyrri, en innköllunarfresturinn er liðinn. — Sama er og um skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eftir lifir og má sitja í óskiptu búi, geti heimtað búið sér fram selt til frjálsra umráða. — **10. gr.** Þegar ætla má eftir því, sem fram er komið, þegar látið er tilkynnt, að dánarfé sé eigi meira en fyrir útfararkostnaði, má skiptaráðandi þá þegar selja það þeim í hendur, sem kostar útförina. — Nú hyggur skiptaráðandi, eftir því sem honum er þannig kunnugt orðið, að dánarfé nemi eigi 200 kr., og hrökkvi þó fyrir skuldum, og fara þá eigi fram opinber skipti, þó annars bæri nauðsyn til þess eftir fyrirmælum 5. gr. a—c, ef einn eða fleiri af erfingjum eru myndugir, og bæði þeir og fjárhaldsmenn hinna ómyndugu lýsa því yfir þá þegar, að þeir gangist við arfi og skuldum. — Ákvarðanirnar í 76.—79. gr. ná eigi til þessara búa. — **11. gr.** Að öðru leyti ber að fara eftir því, sem fyrir er mælt í 7. kapítula laga þessara, um það, hvers erfingjum ber að gæta, þá er þeir vilja neyta réttar síns til að skipta sjálfir búi, og um það, hver skilríki þurfi af þeirra hálfu í þessu efni.

1878 Nr. 3 12. apríl

Annar þáttur. — Um opinber skipti. — 2. kapituli. — Um byrjun og fyrstu aðgerðir á opinberum skiptum. — 12. gr. Þegar skilyrðin fyrir opinberum skiptum eiga sér stað, og lög þessi ákveða eigi öðruvísi, þá skal skiptaráðandi byrja skiptagerð eins fljótt og því verður við komið, eftir að látið hefir verið tilkynnt honum, eða honum á annan hátt hefir orðið það kunnugt, og tekur hann þá eigur búsins undir umsjón sína, annaðhvort með því að innsigla þær, eða á annan hagkvæman hátt; svo ber honum og að sjá um, að þeir munir búsins, sem eru í öðrum lögsagnarumdæmum, verði annaðhvort innsiglaðir, eða að skiptaráðandinn þar taki þá undir sína umsjón. — Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að sjá um, að bókað sé nafn eiganda og ritað á skuldabréf þau, er finnast í búinu, og bera með sér að vera handhafaeign. Verði skiptaráðandi þess vísari, að hinn framliðni hafi átt fé á skuldastöðum, ber honum að gera um það þá ráðstöfun, sem þörf er á. — Þessi gerð skipta-

ráðanda nær eigi til þeirra muna, sem ætla má að séu annarra eign, og þeir þegar geta heimtað sér selda í hendur. — **13. gr.** Nú eru skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eftir lifir, megi sitja í óskiptu búi, eða að erfingjar megi taka bú til skipta án íhlutunar skiptaráðanda, að vísu eigi fyrir hendi, þá er látið er tilkynnt, en þó þykir mega sjá fyrir, að þeim verði fullnægt innan skamms tíma, og má skiptaráðandi þá fresta gerðinni um hríð, nema honum þyki hætt við, að eigum búsins sé spillt, eða að þær misfarist. — **14. gr.** Skiptaráðanda ber, sem fyrst eftir að hann hefir tekið við búinu, að rannsaka, hverjir eigi arf og gjafir að taka, svo og tilkynna þeim látið hverjum um sig, ef á þarf að halda; ber honum að gera það á þann hátt, sem honum þykir bezt við eiga eftir því sem á stendur, og má hann til þess hafa handfalið bréf. Sé einhver erfingja eða gjaftökumanna ómyndugur, á skiptaráðandi að sjá um, að honum sé skipaður fjárhaldsmaður sem fyrst, ef það ekki þegar hefir verið gert. Nú er erfingi fjarstaddur og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega fresta skiptum þangað til ráðstöfun hans er fengin, enda mætir enginn með umboði af hans hálfu, og ber skiptaráðanda einnig að sjá um, að honum sé skipaður fjárhaldsmaður, og hefir hann í öllum greinum sömu réttindi og skyldur og er háður sama eftirliti, sem fjárhaldsmenn ómyndugra. — **15. gr.** Jafnsnemma þessu, eða svo fljótt, sem því verður við komið, ber skiptaráðanda að láta upp skrifa og virða dánarbúið; svo skal og tilgreina kröfur og skuldir búsins, eftir því sem þá er kunnugt, nema haganlegra þyki að fresta þessu, þangað til farið hefir verið yfir reikningsbækur búsins og skjöl þess, en það ber skiptaráðanda að gera sem fyrst, þó svo, að erfingjunum gefist kostur á að vera viðstaddir. — **16. gr.** Gerðir þær, sem nú hafa verið nefndar, framkvæmir skiptaráðandi eða hreppstjóri fyrir hans hönd með tveimur vottum, er virða skulu eignir búsins og leggja eið við; en ef sérstakrar þekkingar þarf við, tilnefnir skiptaráðandi virðingarmenn, sem til þess eru hæfir. Skiptaráðandi lætur vottana vinna eið að virðingunni á skiptafundi, ef þess er krafizt, áður skiptum er lokið. Þegar hreppstjóri framkvæmir gerðir þessar, ritar hann þær í bók, er skiptaráðandi löggildir, og sendir honum eftirrit sem fyrst, eftir að gerðinni er lokið. — Þegar gerðir þessar eiga fram að fara, skal kalla til erfingja og þá, er til gjafa eiga að telja, ef því verður við komið, án þess að það valdi drætti. Annaðhvort við lok uppskriftarinnar, eða á skiptasamkomu, er haldin sé sem fyrst þar á eftir, ber skiptaráðanda að fá tillögur erfingjanna um ráðstafanir þær á búinu, sem eigi má fresta, og ráða síðan af, hvað gera skuli; svo skal hann og skora á þá að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka á sig ábyrgð á skuldum hins framliðna eða ekki. Sama er og um hreppstjóra, þegar hann skrifar upp bú. Veita má erfingjum stuttan umhugsunarfrest til þessarar yfirlýsingar. Nú er erfingi ómyndugur eða fjarstaddur, og hefir honum verið skipaður fjárhaldsmaður eftir 14. gr., og lýsir fjárhaldsmaður því þá yfir fyrir hönd erfingja, hvort hann taki ábyrgð á skuldum. Rétt er að skiptaráðandi varni því, að fjárhaldsmaður gangist við arfi og skuldum, þótt hann vilji, ef skiptaráðandi álítur, að erfingi bíði tjón af því. — **17. gr.** Nú hafa erfingjar, sem verið hafa viðstaddir gerð þá, sem um er getið í næstu grein á undan, lýst því yfir, að þeir takist á hendur ábyrgð á skuldum búsins, eða að minnsta kosti eigi skorast undan slíkri ábyrgð, en sumir erfingja eru fjarstaddir og hafa eigi látið í ljós vilja sinn, og ber skiptaráðanda þá tafarlaust að kveðja á skiptafund alla þá, er til arfs og gjafa eiga að telja í búinu. — Þegar þeir, er arf eða gjafir eiga að taka, allir eru innanlands og skiptaráðanda er kunnugt um heimili þeirra eða verustaði, skal hann gera þeim aðvart hverjum fyrir sig, annaðhvort með handföldu bréfi, eða á annan hátt, er honum þykir við eiga. — Nú er eigi kunnugt um alla þá, er arf eða gjafir eiga að taka, eða hvort þeir séu innanlands, eða hvar þeir séu, og skal boða þá á skiptafund með auglýsingu, sem tvisvar sinnum sé birt í blöðum þeim, sem ætluð eru til almennra auglýsinga. — Skiptaráðandi tiltekur boðunarfrestinn eftir atvikum. — **18. gr.** Á skiptafundi þeim, sem um er rætt í 17. gr., ber skiptaráðanda að skýra erfingjum og gjaftökumönnum frá efnahag búsins, að því leyti kunnugt er; síðan skal hann skora á erfingja að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sér ábyrgð á skuldum hins dána eða ekki. — Nú fæst eigi á fundum þeim, sem um er rætt í 16. og 17. grein, yfirlýsing af hálfu

1878 Nr. 3 12. apríl

allra erfingja um, að þeir vilji taka að sér ábyrgð á skuldum búsins, og skal þá fara með búið svo sem segir í 3. kap. laga þessara, þannig, að ábyrgð á skuldum þess nái eigi lengra, en efni þess hrökkva til.

3. kapituli. — Um skipti á dánarbúum, þegar erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum.[a]) **— I. Almennar ákvarðanir. — 19. gr.** Nú hafa erfingjar eigi gengizt við arfi og skuldum, og ber skiptaráðanda þá að fara sem mest eftir tillögum skuldheimtumanna um meðferð á búinu, þangað til skuldir þeirra hafa verið þeim goldnar, eða þeir hafa fengið tryggingu fyrir greiðslu þeirra; en upp frá því ber að telja erfingjana rétta umráðamenn búsins. — Ef nauðsyn ber til að láta af hendi fjármuni úr búinu, eða gera aðra samninga í þarfir þess, áður en útgert er um það eftir fyrirmælum 16. og 17. greinar, hvort erfingjar gangist við arfi og skuldum eða ekki, þá er skiptaráðanda þetta heimilt; en gæta skal hann þess, að réttur skuldheimtumanna sé í engu skertur. — **20. gr.** Þegar erfingjar gangast eigi við arfi og skuldum, skal tafarlaust gefa út innköllun til skuldheimtumanna, og taka það með berum orðum fram í henni, að erfingjar hafi eigi tekið að sér ábyrgð á skuldum búsins, sbr. þó 42. gr.[b]) — Ákvæði[1]) eldri laga um, að skiptaráðanda beri sérstaklega að skýra sumum skuldheimtumönnum eða öðrum frá skiptum, skulu standa óbreytt. — **21. gr.** Í innköllun til skuldheimtumanna skal og með sama fyrirvara skora á þá, er arf og gjafir eiga að taka, ef eigi er þegar kunnugt, hverjir þeir eru og hvar þeir eru, að gefa sig fram; en eigi hafa þeir misst réttar síns, þó þeir eigi gefi sig fram eftir innköllununi. Annarrar eða frekari innköllunar til erfingja þarf eigi við, og þegar innköllun til skuldheimtumanna löglega hefir verið sleppt (sbr. 42. gr.), þarf skiptaráðandi eigi að bíða með skipti á búinu lengur, en annarra orsaka vegna er nauðsynlegt. — **22. gr.** . . .[2]) — **23. gr.** Halda skal skiptafundi í búum svo oft, sem þurfa þykir, og boðar skiptaráðandi til þeirra á þann hátt, sem bezt á við á hverjum stað.[c]) Svo ákveður hann og fyrirvara, stund og stað. — **24. gr.** Um málefni þau, sem til umræðu koma á skiptafundi, og um meðferð búsins, skal fara eftir tillögum fundarmanna þeirra, er atkvæðisrétt hafa (19. gr.); þó má skiptaráðandi hafna tillögum fjárhaldsmanns, ef hann ætlar, að þær séu skjólstæðing hans í óhag. Meðan innköllunarfresturinn eigi er liðinn, á skiptaráðandi eigi heldur að taka til greina ályktanir þær, er gætu komið í bága við hag skuldheimtumanna, er eigi hafa enn gefið sig fram, eða skerða réttindi nokkurs manns. — Nú greinir fundarmenn á, og sker skiptaráðandi úr ágreiningi þeirra, og ber honum, svo sem unnt er, að taka tillögur þeirra til greina, en þó má hann ráða ágreiningnum til lykta á annan hátt, en tillögurnar hafa orðið, og fara eftir því, er hann ætlar haganlegast fyrir alla hlutaðeigendur, einkum þá, sem ómyndugir eru og fjarstaddir, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. — **25. gr.** Nú sækir maður eigi skiptafund, er honum hefir verið löglega boðaður, og hefir hann þá fyrirgert rétti sínum til að mótmæla ályktunum þeim, er þar hafa gerðar verið um stjórn búsins; en eigi hefir hann fyrir þá sök afsalað sér neinum rétti eða kröfu. — **26. gr.** Nú kemur enginn þeirra á skiptafund, er atkvæðisrétt hafa um málefni búsins, og gerir skiptaráðandi út um málefni þau, er til umræðu áttu að koma á þeim fundi, á þann hátt, er hann ætlar bezt henta. Þó ber skiptaráðanda, ef um áríðandi málefni er að gera og því verður við komið, að kveðja til fundar af nýju, áður en því sé ráðið til lykta. — **27. gr.** Þegar selja á fjármuni bús, skal það gert á almennu uppboðsþingi, er fram fer samkvæmt fyrirmælum laganna um nauðungaruppboð. Selja má þó fjármuni án uppboðs, ef meiri hluti þeirra, er koma á fund og atkvæðisrétt hafa, samþykkir, og skiptaráðandi er á sama máli, og þess hefir þar að auki gætt verið, sem fyrir er mælt í fyrri kafla 24. gr., sbr. 25. gr. Sama er og, ef skiptaráðandi ræður af að selja muni, sem hætt er við að skemmist eða rýrni í verði, ef þeir eru geymdir. — **28. gr.** Ríkisskuldabréf, skuldabréf lánsfélaga, hlutabréf í bönkum og í járnbrautum og önnur slík ígildisskjöl, sem gangverð hafa innanríkis, skal selja eftir gangverði, nema skuldheimtumenn eða erfingjar vilji láta leggja sér þau út eftir gangverði. — Nú á bú skuldakröfur, sem eigi eru þess eðlis, að þær verði lagðar út skuldheimtumönn-

1) Op. br. 10. apríl 1795 og kansellibr. 17. maí 1823. — 2) L. nr. 19, 4. júní 1924, § 2. — a) XXIII, 405. — b) XII, 35. — c) IV, 496.

1878 Nr. 3 12. apríl

um eða erfingjum með fullri upphæð þeirra, en eigi þykir tiltækilegt að kosta málssókn fyrir þeirra sakir, annaðhvort af því að krafan sé óvís, eða vegna tafar þeirrar, er hlytist af málssókninni, eða annarra orsaka vegna, og skulu þær þá seldar á uppboðsþingi, nema erfingjar eða skuldheimtumenn vilji láta leggja sér þær út eftir tiltölu, eða einn þeirra eða fleiri bjóðist til að taka þær fyrir ákveðið verð, og hinir samþykki. — **29. gr.** Skiptaráðandi sér um, að fjármunir búsins séu seldir, jafnskjótt og haganlegt þykir;[a]) eiga skuldheimtumenn, meðan greiðslu á skuldum þeirra eigi er borgið, rétt á að heimta, að sem bráðast verði að því undið, og þarf eigi að bíða eftir því, að innköllunarfresturinn sé liðinn. Nú er greiðslu skulda lokið, og er það þá komið undir erfingjum eða úrskurði skiptaráðanda, eftir grundvallarreglum 50. gr., sbr. 46., 48., 59. og 62. gr., hvort og hvenær selja skuli fjármunina. — **30. gr.** Skiptaráðandi framkvæmir öll þau störf, er lúta að meðferð búsins; en krefja má hann þess, að innheimtumaður sé fenginn, og skal hann kosinn með atkvæðafjölda á skiptafundi, sem kvatt hefir verið til, af þeim, er þar eiga atkvæðisrétt; en skiptaráðandi sér um, að sá, sem kosinn er, setji veð eða aðra ábyrgð, ef þurfa þykir. — **31. gr.** . . .[1]) Svo má skiptaráðandi og fela innheimtumanni á hendur að heimta inn skuldir búsins, og skal hann þá greiða skiptaráðanda það fé, jafnskjótt sem það heimtist. — Þóknun innheimtumanns fyrir starfa hans skal ákveða með samningi, eða með úrskurði skiptaráðanda, ef eigi hefur verið um samið. — **32. gr.** Meðan á skiptum stendur, er skiptaráðanda heimilt að neyta þeirrar aðstoðar, er hann kynni þurfa til að gegna þeim störfum í búinu, sem hann eigi sjálfur að lögum er skyldur að gegna, svo sem er málflutningur, stjórn og umsjón á fasteignum, rannsókn á bókum og skjölum, svo og að ljúka við fyrirtæki, er hinn framliðni hefir byrjað á. — Þóknun þeirra, sem hafa störf á hendi í þarfir búsins, ákveður skiptaráðandi, ef ágreiningur verður um.

II. — Um stöðu skuldheimtumanna. — 33. gr. Upp frá því, er dánarbú er tekið til opinberra skipta, skal bera upp fyrir skiptaráðanda allar kröfur á hendur hinum framliðna og til eftirlátinna muna hans.[a]) — Nú hefir málssókn verið hafin gegn hinum framliðna og stefna verið honum löglega birt, og er þá rétt, að því máli sé haldið áfram gegn búinu til dóms á því varnarþingi, þar sem það var löglega höfðað. — **34. gr.** Þegar dánarbú er tekið til opinberra skipta, fellur kyrrsetning á munum þess úr gildi, og eigi má framar kyrrsetja muni þess né gera fjárnám í því og halda nauðungaruppboð til greiðslu skuldakröfum.[b]) En eigi breytist fyrir þá sök í neinu réttur þeirra, sem fyrir lát hins dána hafa gert fjárnám í eigum hans, eða fengið fjármuni setta í löggeymslu. Rétt er og, að menn selji muni, sem eru til tryggingar og selja má án undanfarandi lögsóknar, svo sem er um þá, er hafa handselt veð, eða veð samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr.[1]) eða hið opinbera samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 9. gr., og tsk. 26. febr. 1872, 7. gr.[2]) — **35. gr.** Skiptaráðandi ákveður og úrskurðar, hvernig fara skuli með búið og úthluta því, hann sker úr, hvort kröfur gegn búinu verði teknar til greina eða ekki, sbr. þó 33. grein. Þar á móti getur hann eigi skyldað neinn til að greiða búinu fé, eða leysa verk af hendi fyrir það, eða að öðru leyti lagt dóm á kröfur búsins gegn öðrum. Nú hefir verið lýst til skuldar í búinu, en búið hefir skuldakröfu á móti, og úrskurðar skiptaráðandi þá, að hve miklu leyti hún megi koma upp í skuldina. Ef heimtað er, að fram seldir séu munir úr búinu eða afsalaðir, má skiptaráðandi binda það því skilyrði, að efndar séu við búið skuldbindingar þær, er þar af leiða. Nú hefir fé verið greitt úr búinu gegn ábyrgðarkvittun, og sker skiptaráðandi þá einnig úr, hvort það skuli aftur goldið að nokkru eða öllu sökum nýrra sannana eða atvika. — **36. gr.** Hver, sem á til skuldar eða annarrar kröfu að telja í búi, skýri frá því á skiptafundi eða í bréfi til skiptaráðanda, er lætur í té vottorð um það, ef þess er krafið, og getur þess í skiptabókinni eða annarri bók, sem til þess er ætluð. — Sá, er segir til skuldar á þennan hátt, verður aðnjótandi allra þeirra réttinda, sem kæra til sáttanefndar eða málshöfðun hefir í för með sér, að því er snertir borgun á vöxtum, riftingu á skuldafyrningu og fleira þess konar. — **37. gr.** Þegar innköllunarfrestur til skuldheimtumanna er liðinn, ber skiptaráðanda

1) L. nr. 57, 25. maí 1945. — a) XX, 477, 476.

1878 Nr. 3 12. apríl

1) Sbr. l. nr. 18, 4. nóv. 1887, §§ 1 og 3. — 2) Sjá nú l. nr. 62, 30. des. 1939. — a) X, 327. — b) XVII, 147.

1878 Nr. 3 12. apríl

innan mánaðar að semja skrá um skuldir þær, sem sagt hefir verið til, og raða þeim niður, ef þess gerist þörf; síðan leggur hann fram skrána á skiptafundi, sem löglega hefir verið boðaður, ásamt skírteinum skuldheimtumanna.[a]) Á fundi þessum ber að yfirskoða skrána ásamt athugasemdum skiptaráðanda um hana, og skora á hlutaðeigendur að láta í ljósi álit sitt um skuldakröfurnar. Nú vefengja þeir skuld eða halda því fram, að hún sé ekki á réttum stað í skuldaröðinni, og skulu þeir þá bera upp mótmæli sín á fundinum, eða í síðasta lagi áður fjórar vikur eru liðnar frá fundardegi, og þar eftir fram fylgja þeim tafarlaust. Skuld, sem eigi hefir verið mótmælt innan þess tíma, ber að telja samþykkta. Á fundi þeim, sem hér er um rætt, skal einnig, ef verða má, leggja fram yfirlit yfir fjárhag búsins. — **38. gr.** Nú er skuldakröfu mótmælt, og skal þá skiptaráðandi leita um sættir, en ef sættum eigi verður á komið, leggur hann úrskurð á, hvort taka skuli kröfuna til greina að nokkru eða öllu leyti, og skal fara með það mál eftir réttarfarsreglum þeim, sem í gildi eru.[b]) Á sama hátt skal ráða til lykta ágreiningi um forgöngurétt skulda, og hverjum öðrum ágreiningi um úthlutun búsins. Skiptaráðandi útvegar búinu talsmann í slíkum málum, ef þurfa þykir. — **39. gr.** Eigi má leggja úrskurði skiptaráðanda til grundvallar fyrir meðferð búsins, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, án þess áfrýjað hafi verið (96. gr.), nema málspartar lýsi því yfir, að þeir uni úrskurðinum, eða honum eigi verði áfrýjað að lögum.[c]) — Nú er úrskurði áfrýjað, og honum breytt eða hann ónýttur, og skal þá taka það til greina við skiptin, og, ef þörf gerist breyta því, sem gert hefir verið, ef skiptum eigi er lokið; en sé skiptum lokið, verður þeim í engu breytt, nema úthlutunargerðinni sé áfrýjað. — Sama er um yfirréttardóma, sem kveðnir hafa verið upp, er úrskurði skiptaráðanda hefir verið áfrýjað. — **40. gr.** Nú vill einhver þeirra, er atkvæðisrétt hafa í búinu, áfrýja skiptaúrskurði eða dómi, enda hafi hann ei í því máli verið mótpartur búsins, en búið vill una úrslitum málsins, og er honum það heimilt, nema málspartar hafi sín á milli gert samning um ágreiningsefnið, eða málskotið geti valdið missi réttinda, er úrskurðurinn eða dómurinn heimilar búinu.[d]) — **41. gr.** Hafi búinu grætzt fé við málskotið, eiga áfrýjendurnir rétt á að krefja þess, að búið endurgjaldi þeim það, er þeir hafa til kostað, þó eigi fram yfir það, er búinu hefir grætzt. Ef skiptum er lokið, þegar fullnaðardómur er uppkveðinn, fá áfrýjendur kostnað sinn borgaðan af því, er grætzt hefir. Með það, sem umfram kann að verða, skal fara á þann hátt, er segir í 45. gr.

III. — Um lok skipta. — 42. gr. Ef eigur búsins nema ekki meiru en útfararkostnaði, má skiptaráðandi láta þær upp í útfararkostnaðinn og lúka þar með skiptunum. Nú verður eigi meira afgangs útfararkostnaði, en þarf til greiðslu á kröfum skuldheimtumanna, þeirra er forgöngurétt hafa, og má skiptaráðandi leggja þeim út fjármuni búsins eftir skuldaröð réttri, og lúka þar með skiptunum. — **43. gr.** Þegar liðnar eru þær 4 vikur, sem getið er um í 37. gr., frá því skuldayfirlit hefir verið lagt fram, ber skiptaráðanda, ef fé er fyrir hendi, að greiða skuldheimtumönnum skuldir þeirra.[a]) — **44. gr.** Nú er fé umfram, þá er skuldum er lokið, og ber skiptaráðandanum að skipta því meðal erfingja og gjafatökumanna, þá er eigur búsins eru saman komnar og innheimtar. — **45. gr.** Eigi þarf að fresta skiptalokum sökum skuldbindinga, sem bundnar eru óvísum skilyrðum, en þegar svo langt er komið, að búinu fyrir annarra hluta sakir má skipta, skal taka frá það, sem þurfa kann til að fullnægja þessum skuldbindingum. Ef síðar verður sú raun á, að eigi þarf alls þess, sem frá hefir verið tekið, til að fullnægja skuldbindingunum, skal því, sem umfram er, skipt milli erfingja og gjaftökumanna. — Svo má og lúka skiptum, þótt hinn framliðni hafi átt arf í óskiptu búi, eða aðra kröfu, sem óvís er að upphæð og standa verður ógreidd um óákveðinn tíma, en þegar þar að kemur, skulu skiptin tekin fyrir af nýju. — **46. gr.** Hver erfingja á heimtingu á, að arfahluti hans sé lagður honum út eftir virðingu, og hið sama er um búshluta þess hjóna, er eftir lifir; en sé erfingi ófulltíða, og fjárhaldsmaður hans vilji neyta þessa réttar fyrir hans hönd, þarf til þess samþykki skiptaráðanda. Ef fleiri en einn erfingja krefja þess, að hinn sami hlutur sé þeim út lagður, skal hlutkesti ráða, en það hjóna, sem eftir lifir, gengur ávallt fyrir. — Um rétt þess hjóna, sem eftir lifir, gagn-

a) VI, 37. — b) I, 197, II, 938—9, V, 385. — c) XXIII, 164. — d) XV, 380.

a) VI, 37.

1878 Nr. 3 12. apríl

vart erfingjum til að halda öllu búinu, eða meiru af búinu en nemur búshluta þess og erfðahluta, skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 59. og 62. gr. laga þessara. — **47. gr.** Þegar leggja á út eftir virðingu alla fjármuni búsins eða nokkra þeirra, og hlutaðeigendur ekki vilja una við virðinguna, er hverjum þeirra heimilt að heimta nýja virðingu á þeim hlutum, er hann eigi álítur rétt virta. Kveður þá skiptaráðandi menn til að virða af nýju, og gerir áður viðvart öllum hlutaðeigendum. Þegar virðingargerð er lokið, skal vinna eið að henni fyrir skiptaráðanda, ef krafið er. — **48. gr.** Eigi má, nema með samþykki landshöfðingja,[1]) leggja ófulltíða erfingja út erlend skuldabréf, sem eigi ganga kaupum og sölum innanríkis, eða eru þeim annmörkum bundin, að erfitt er að fá vitneskju um gjalddaga, er þeim er sagt upp, eða vextir af þeim eru greiddir utanríkis. — **49. gr.** Skiptum ber að lúka á skiptafundi, ef því verður við komið, og ef allir hlutaðeigendur lýsa því yfir, að þeir uni við þau, á úthlutun þegar fram að fara. — Ef skiptum af einhverjum orsökum ekki verður lokið á skiptafundi, en allt að öðru leyti er undir búið, ber skiptaráðanda að taka búið til fullnaðarskipta, og, áður sex vikur eru liðnar, semja frumvarp til úthlutunargerðar. Að því búnu kveður hann hlutaðeigendur af nýju á fund, og ef þeir þá eigi allir lýsa yfir því, að þeir fallist á frumvarpið, eða eigi allir koma á fundinn, skal frumvarpið vera enn tvær vikur til sýnis hjá skiptaráðanda, og verða þeir, er mótmæli vilja hefja, að koma fram með þau áður sá tími er liðinn. Virðist skiptaráðanda aðfinning við frumvarpið til greina takandi, leiðréttir hann frumvarpið, en að öðrum kosti, eða hafi engin mótmæli fram komið í tækan tíma, verður frumvarpið óbreytt að fullnaðarskiptum, er eigi verður breytt, nema þeim sé áfrýjað. Ef allir hlutaðeigendur eigi hafa lýst því yfir, að þeir uni við skiptin, má úthlutun eigi fram fara, fyrr en áfrýjunarfrestur (96. gr.) er liðinn og hafi eigi verið áfrýjað.

4. kapítuli. — Um skipti á dánarbúum, þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda. — **50. gr.** Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, ber að haga skiptum á búinu eftir því, sem fulltíða erfingjum og fjárhaldsmönnum þeirra, sem ófulltíða eru og fjarstaddir, um semur; þó má skiptaráðandi neita, að samþykkja tillögur fjárhaldsmanns, er hann hyggur, að þær séu skjólstæðing hans í óhag. — Nú eru erfingjar ósamþykkir, eða koma eigi á skiptafund, þegar gera skal út um eitthvert málefni, og skal þá skiptaráðandi gera út um málið, og meta tillögur þær, sem fram hafa komið, og líta á hag allra hlutaðeigenda, einkum þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir. — **51. gr.** Við skipti á þessum búum þarf eigi að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, þegar allir erfingjar eru fulltíða og viðstaddir, nema einhver erfingja krefji þess; en sé einhver þeirra ófulltíða eða fjarstaddur, skal gefa út innköllun nema skiptaráðanda þyki þess eigi þörf. — Eigi má skipta búinu með erfingjum nema með samþykki skuldheimtumanna þeirra, er gefið hafa sig fram, eða ef skuldheimtumenn hafa fengið skuldir sínar goldnar eða tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga. Hafi innköllun verið útgefin, má eigi skipta, fyrri en innköllunarfresturinn er liðinn. — **52. gr.** Eftir að skiptum er lokið, ábyrgjast erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, skuldir þær, sem lýst hefir verið og búið krafið um, áður en skipti fóru fram. Skuldir þær, sem búið ekki hefir verið krafið um, en ekki eru fyrir þá sök gengnar úr gildi, ábyrgjast erfingjar að tiltölu við arftökurétt, nema þeir eftir samningi séu skuldbundnir einn sem allir og allir sem einn, eða hinn framliðni hafi átt að gera skil fyrir konungsfé, ómyndugrafé, fátækrafé eða kirknafé, en erfingjar hafi skipt með sér án þess að gera reikningsskil fyrir. — **53. gr.** Þegar gengizt er við arfi og ábyrgð skulda, má kyrrsetja eigur búsins, svo og taka þær fjárnámi og selja við nauðungaruppboð, ef lögboðin skilyrði eru fyrir því. Nú hafa eigur búsins verið kyrrsettar, áður en erfingjar tóku að sér skuldaábyrgð, og fer þá um kyrrsetninguna sem hún aldrei hefði misst gildi sitt. — **54. gr.** Nú vill skuldheimtumaður hins framliðna öðlast fjárnámsrétt fyrir skuld sinni, og má hann þá hefja málssókn á hendur erfingjunum á varnarþingi því, er skipti fara fram. — Rétt er að stefna til erfingjanna sé birt fyrir skiptaráðanda einum, og að stefnufresturinn sé ákveðinn eftir heimili hans, að viðbættum 4 vikum, en skylt er skiptaráðanda að gera erfingjum aðvart um stefnuna. — **55. gr.** Að öðru leyti skal fara með bú þessi á þann hátt, er segir í 3. kap., nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

1) Nú dómsmálaráðherra.

1878 Nr. 3 12. apríl

5. kapituli. — Um skipti á dánarbúum, þegar það hjóna, er eftir lifir, ábyrgist skuldir.[1]) — **56. gr.** Þegar það hjóna, sem eftir lifir, ábyrgist skuldir búsins, enda sé búinu eigi skipt sem þrotabúi, skal gæta þess, sem segir hér á eftir, hvort sem erfingjar eru útarfar eða afkvæmi hins látna; en ábyrgist það eigi skuldir, fer um skiptin, sem hér á undan segir. — **57. gr.**[2]) Þegar skipta á með erfingjum hins framliðna, og því hjóna, sem eftir lifir og ábyrgist skuldir, ber skiptaráðanda að sjá um, að því sé sem minnst tálmun ger í afnotum búsins. — Nú þykir mjög hætt við, að það hjóna, sem eftir lifir, muni fara illa með eigur búsins, meðan á skiptum stendur, og má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvaddur, eða eftir áskorun erfingja eða fjárhaldsmanna, svipta það forráðum búsins og fá þau í hendur vönduðum manni, sem á að gæta búsins sem fjárhaldsmaður þess, meðan á skiptum stendur. — Ráðstöfun þessa skal birta á þingum, og einnig auglýsa hana í blöðum eða á kirkjufundum, ef þurfa þykir. — **58. gr.** Hið eftirlifandi hjóna tilgreinir, hverjir erfingjar séu, en skiptaráðandi sér um, að þeim verði tilkynnt skiptin samkvæmt 14. og 23. gr. Ef erfingi eða gjaftökumaður er fjarstaddur, og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega draga skiptin fyrir hans sakir, enda mætir enginn með umboði af hans hálfu, annast skiptaráðandi um, að fjárhaldsmaður verði kvaddur til að gæta hagsmuna hans við skiptin. — **59. gr.** Skiptin skal byggja á framtölu hins eftirlifanda á eigum og skuldum búsins, ef erfingjar og fjárhaldsmenn taka hana gilda, og skiptaráðanda eigi þykir ástæða til að rengja hana fyrir hönd ófullтíða eða fjarstaddra erfingja, og þótt framtalan þyki ekki í alla staði rétt, ber samt eigi að selja fjármuni búsins, heldur láta virða þá af óvilhöllum mönnum samkvæmt 47. gr.[a]) Eigi þarf heldur að rannsaka, hvort skuldir þær, sem fram hafa verið taldar, séu sannar, fremur en skiptaráðanda þykir nægja, svo sem að þær séu bornar undir skuldheimtumenn o. s. frv.[b]) — Hið eftirlifandi hjóna má halda öllu búinu eða nokkru af því, hvort sem eru fasteignir, skip eða aðrir munir, þó meira nemi en búshluta þess og arfi, enda skuldbindi það sig til, ef til kemur, að greiða samerfingjum sínum í peningum það, sem umfram er.[1]) — **60. gr.** Nú er fé umfram skuldir eftir framtölu hins eftirlifanda, og þarf eigi fyrir þá sök að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema búið verði síðar tekið til skipta sem þrotabú. — Þótt erfingjar taki við arfi eða andvirði arfs eftir það hjóna, sem dáið er, lendir eigi á þeim nein ábyrgð á skuldum búsins. En hafi hið eftirlifandi úthlutað eða greitt erfingjum hins framliðna meira en þeim ber að réttu, og þannig gert á hluta skuldheimtumanna sinna, geta skuldheimtumennirnir krafið þess, að því sé aftur skilað, ef sú verður raun á, að bú hins eftirlifanda hrökkvi eigi fyrir skuldum. Ef skuldheimtumenn þá rengja framtölu hins eftirlifandi hjóna, sem farið hefir verið eftir við úthlutunina, geta þeir heimtað, að hið eftirlifanda vinni eið að henni. — **61. gr.** Þótt hið eftirlifandi hjóna skipti með erfingjum hins framliðna á þennan hátt, geta skuldheimtumenn félagsbúsins eins fyrir það fylgt fram rétti sínum gagnvart hinu eftirlifanda. — Þegar hið eftirlifandi hjóna hefir verið svipt búsforráðum samkvæmt 57. gr., annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptur búsforráðum. — **62. gr.** Nú skipta börn eða barnabörn hins framliðna með foreldri því, afa eða ömmu, sem eftir lifir, eða börn og barnabörn skipta eftir lát hins eftirlifandi með stjúpforeldri, eða með stjúpafa eða stjúpömmu, og mega þá erfðahlutir hinna ómyndugu standa inni hjá því hjóna, sem eftir lifir, gegn veði í gervöllu búinu eftir þinglýstu ágripi af skiptagerð, ef arfur barna eða barnabarna eigi verður greiddur af hendi, án þess að selja verði það af lausafé eða fasteignum búsins, sem hið eftirlifandi með þarf til atvinnu sinnar eða til daglegra nauðsynja.

6. kapituli.[2]) **— Um skipti á félagsbúi, þegar hjón skilja. — 63. gr.** Þegar hjón skipta félagsbúi í lifanda lífi með aðstoð skiptaráðanda, sér hann um, að búsafnot þess hjóna, er eftir býr, bíði eigi af því meiri tálmun, en brýn nauðsyn krefur til þess, að hag hins verði borgið. Ef mjög þykir uggvænt, að það hjóna, sem eftir býr, muni fara illa með fjármuni búsins, má skiptaráðandi annaðhvort ótilkvaddur eða eftir áskorun hins hjónanna

1) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, VII. kafli. — 2) Sbr. l. nr. 3, 12. jan. 1900, § 28. — a) VI, 83. — b) VI, 84.

1) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, §§ 58 og 59. — 2) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, VII. kafli.

1878 Nr. 3 12. apríl

svipta það hjóna, er eftir býr, búsforráðum samkvæmt 57. gr., þar til skiptum er lokið. — **64. gr.**[1]) Muni búsins skal skrifa upp og virða á vanalegan hátt, og ef málspartar eigi heimta hlut sinn úr búinu lagðan sér út eftir virðingu, hvort heldur í fasteign eða lausafé, skal selja fjármunina samkvæmt 27. og 28. gr.[a]) Nú verða málspartar eigi ásáttir um, hvernig úthluta skuli, og gengur sá fyrir, er fært hefir inn í búið þann hlut, sem ágreiningur er um, ella ræður hlutkesti. — **65. gr.** Ef kona rengir framtölu mannsins á skuldum búsins, leggur skiptaráðandi úrskurð á, hvort taka skuli til greina við skiptin þær kröfur, sem rengdar eru. — **66. gr.** Ef maðurinn fargar eigum búsins eða heimtir inn útistandandi skuldir þess, eftir að hann hefir skilið við konu sína að fullu og öllu eða að borði og sæng, ber honum að gera skiptaráðanda skil fyrir því, er honum hefir greitt verið. — **67. gr.**[2]) Eigi skal gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema maðurinn æski þess. Konan hefir eigi ábyrgð á skuldum búsins, þó hún taki við því, sem henni er lagt út í búshluta hennar. Um það, hvort henni sé skylt að láta það aftur af hendi við skuldheimtumenn, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 2. lið 60. gr. — **68. gr.** Þótt hjón skipti með sér búi, geta skuldheimtumenn engu að síður fylgt fram rétti sínum gagnvart manninum, eins og skipti ekki stæðu yfir. Ef það hjóna, sem eftir býr, hefir verið svipt búsforráðum eftir 57. og 63. gr., annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviptur fjárforráðum. — **69. gr.** Nú hefir konan ábyrgð á nokkrum hluta af skuldum félagsbúsins, og skal þá fara eftir því, sem fyrir er mælt í 65., 67. og 68. gr., með þeim breytingum, sem þörf er á.

Þriðji þáttur. — Um erfingjaskipti. — 7. kapítuli. — **70. gr.** Ef erfingjar vilja sjálfir skipta búi án íhlutunar skiptaráðanda, enda sé það leyfilegt eftir því, sem að framan segir, ber þeim að skýra skiptaráðanda frá því, og láta honum í té skilríki þau, er honum þykja nauðsynleg. Þó ber eigi að heimta af lögörfum sannanir fyrir skýrslu þeirra um skyldleika við arfleifanda, nema skiptaráðanda þyki ástæða til að rengja sögusögn þeirra, og getur hann þá krafið þess, að þeir útvegi skýrslur henni til styrkingar. Ef farið er fram á, að þau skilyrði séu fyrir hendi, er heimila að ganga fram hjá manni við skiptin, sem arf ætti að taka, ef hann hefði lifað arfleifanda, þá ber skiptaráðanda að prófa skírteinin fyrir því og leggja síðan úrskurð á; og ef erfingjum þá veitist leyfi til að skipta sjálfir, býður hann þeim að gefa sem fyrst út innköllun til erfingja (22. gr.) með þeim fyrirvara, er hann sjálfur ákveður. Ef erfingjar vilja leiða vitni um málsatriði þau, er skýra þarf, áður en þeim verði veitt skiptaleyfi, má skiptaráðandi taka móti framburði vitnanna og láta þau vinna eið að honum, ef þurfa þykir. — **71. gr.** Nú fara erfingjar þess eigi á leit, að skipta sjálfir, eða láta eigi í té skýrslur þær, er skiptaráðandi krefst, eða gefa eigi út innköllun til erfingja innan þess tíma, er skiptaráðandi hefir ákveðið, sbr. 3. málsgr. í næstu grein á undan, og skal fara með búið, svo sem segir um opinber skipti. En ef skiptaráðanda þykja næg skilríki vera framkomin fyrir því, að selja megi erfingjunum búið í hendur, byrjar hann eigi á skiptum. Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafið þess, að búið sé tekið til opinberra skipta; þó ber þeim áður að sanna að fullu arftökurétt sinn, ef hinir erfingjarnir vilja eigi við hann kannast. — **72. gr.** Skiptaráðandi má eftir tilmælum erfingja þeirra, sem mætt hafa, skora á fulltíða erfingja, sem eigi hafa mætt, ef kunnugt er um bústað þeirra, að lýsa yfir, hvort þeir æski opinberra skipta, og skal með berum orðum taka fram í áskoruninni, að ef þeir lýsi eigi yfir vilja sínum um þetta, þá verði það skilið á þann hátt, að þeir vilji skipta búinu með hinum erfingjunum. Nú koma þeir eigi á skiptafund, og senda eigi annan mann með umboð sitt, og skipar skiptaráðandi vandaðan mann til að gæta hagsmuna þeirra við erfingjaskiptin, og skýrir þeim síðan frá. Nú kemur erfingi síðar sjálfur á skiptafund, eða sendir mann með umboð sitt, og lýkur þá umboði þess, er skiptaráðandi skipaði. — **73. gr.** Þegar svo er ástatt, sem segir í þriðju málsgrein 70. gr., má eigi lúka skiptum, fyrr en innköllunarfresturinn er liðinn, nema erfingi sá, er gengið hefir verið fram hjá, hafi látið mæta fyrir sína hönd við skiptin. En ef út af því er brugðið, ábyrgist hinir erfingjarnir honum, allir sem einn og einn sem allir, tjón það og skaða, er hann bíður af því. — **74. gr.** Nú hefir bú verið skrifað upp og virt, eða framtala hins eftirlifandi

1878 Nr. 3 12. apríl

1) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, §§ 58 og 59. — 2) Sbr. l. nr. 3, 12. jan. 1900, §§ 30 og 31. — a) XIV, 284, 282, XIX, 151, XXII, 484.

1878 Nr. 3 12. apríl

hjóna á eigum og skuldum búsins hefir reynzt rétt samkvæmt 59. gr., og fulltíða erfingjar og fjárhaldsmenn ófulltíða og fjarstaddra erfingja allir samt beiðast þess, að búið verði selt sér í hendur til umráða og skipta, og má skiptaráðandi veita þeim það, hvort sem búið er stórt eða lítið, nema sérstök lög hamli eða lögmæt ráðstöfun hins framliðna, enda virðist skiptaráðanda, eftir efnahag búsins, högum erfingja og öðrum atvikum, að hag þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, sé engin hætta búin af því. Ef skiptaráðanda þykir þörf á því, getur hann áður leitað álits sveitarstjórnar eða áreiðanlegra og kunnugra manna. Þó má því aðeins selja búið erfingjunum í hendur, að skuldheimtumenn þeir samþykki, er gefið hafa sig fram, nema skuldir þeirra séu þeim borgaðar eða þeir fái tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga, og hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna, verður innköllunarfresturinn að vera liðinn. — Þegar bú þannig er selt erfingjum í hendur, skulu fulltíða erfingjar ábyrgjast hinum, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, að farið sé eftir fyrirmælum 77. gr., og að skilað verði aftur því, sem úthlutað hefir verið, ef skiptaráðandi ákveður svo samkvæmt 79. gr. — Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við, þar sem erfingjar allir eru ófulltíða eða fjarstaddir. — **75. gr.** Nú kemur erfingjum eigi saman um skiptin, og geta þeir, ef þeir verða ásáttir um það, borið ágreininginn undir skiptaráðanda þann, er búinu hefði átt að skipta, ef opinber skipti hefðu fram farið, og sker hann úr eftir réttarfarsreglum í skiptamálum, en leita skal hann fyrst um sættir. — **76. gr.** Nú er búi skipt án íhlutunar skiptaráðanda, þótt erfingjar ekki séu allir fulltíða eða séu ekki innanlands (sbr. 5. gr. b., 7. gr. og 74. gr.), og skal þá lúka skiptum, ef unnt er, áður en ár er liðið frá láti arfleifanda. Við erfingjaskipti er það undir erfingjum komið, hvort gefa skuli út innköllun til skuldheimtumanna; en í búum þeim, sem um er rætt í þessari grein, skal þó gefa út innköllun til skuldheimtumanna, ef líkindi eru til, að hinn framliðni hafi átt óvanaleg skuldaskipti út af verzlun eða öðru þesskonar. — **77. gr.** Í þeim búum, sem um er rætt í 76. gr., ber eigi að leggja út annað en peninga í erfðahlut ófulltíða erfingja og fjarstaddra, nema skiptaráðandi samþykki, eða þannig sé ástatt, sem um er getið í 62. gr. Þegar þeim er skipt, skal rita á eitt skjal skrá yfir eigur og skuldir búsins, útreikning á erfðahlutum, og hvað hverjum hafi verið lagt út í hans hluta. Skjali þessu skulu fylgja skírteini um, að fjárhaldsmenn hafi tekið við fjármunum þeim, er skjólstæðingum þeirra hafa hlotnazt; rita erfingjar og fjárhaldsmenn nöfn sín undir skjalið, og skal síðan senda skiptaráðanda það sem fyrst til endurskoðunar. Nú þykir skiptaráðanda ekkert athugavert við skiptin, að því er snertir hagsmuni ófulltíða og fjarstaddra erfingja, og ritar hann þá samþykki sitt á skjalið, og færir það síðan inn í skiptabókina eða lætur eftirrit af því fylgja henni. Að öðrum kosti boðar hann alla erfingja og fjárhaldsmenn á fund með sér, á þann hátt sem segir í 17. gr., og skorar á þá að gera betur grein fyrir skiptunum, og ef til kemur, leiðrétta þau samkvæmt aðfinningum hans; en ef þeir skorast undan því, getur skiptaráðandi ónýtt skiptin með úrskurði sínum, og þá þegar tekið búið til skipta samkvæmt fyrirmælum laga þessara um skipti á dánarbúum, þegar tekið er við arfi og skuldum. — Þegar svo stendur á, sem um er getið í 62. gr., skal þinglýsa útdrætti úr skjali því, sem um er rætt í þessari grein, og skal hann þinglesinn á sama hátt og fyrir sama gjald, sem útdráttur úr skiptagerð — **78. gr.** Ef erfingjar eigi lúka skiptum innan árs, og hafa eigi nægar afsakanir fyrir sig að bera, getur skiptaráðandi einnig tekið búið til skipta á þann hátt, er segir í 77. gr. — **79. gr.** Nú tekur skiptaráðandi bú til skipta, og úthlutar því samkvæmt fyrirmælum undanfarandi greina, og eru erfingjar þá skyldir að skila aftur fjármunum þeim, er þeim kunna að hafa verið úthlutaðir, ef skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess að skiptin verði leiðrétt. — **80. gr.**[1]) Um réttindi hjóna, erfingja, gjaftökumanna og skuldheimtumanna við skipti á búum þeim, sem skipt er án íhlutunar skiptaráðanda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum eldri laga og fyrirmælum þessara laga, að því leyti sem þau eiga við.

Fjórði þáttur. — Um skiptingu á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum. — 8. kapituli. — A. Almenn ákvörðun. — 81. gr. Um skipti á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 2. og 3. kapítula laga þessara, með þeim breytingum, sem nauð-

1) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, VII. kafli.

1878 Nr. 3 12. apríl

synlegar eru, og þeim ákvörðunum, sem hér fara á eftir, um niðurröðun skulda. — **B. Um niðurröðun skulda.** — **I.** Um niðurröðun skulda þeirra, er lúkast eiga úr búinu sem heild. — **82. gr.** Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga: a. Útfararkostnaður hins framliðna eftir reikningi úrskurðuðum af skiptaráðanda. — b. Skiptakostnaður, það er gjöld, sem rísa af skiptunum sjálfum og löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera vegna skiptanna.[a]) — c. Skiptalaun. — Kröfur þær, sem nefndar eru í staflið a og b, ganga fyrir skiptalaunum (staflið c). — **83. gr.**[b]) Næstar þessum kröfum ganga þær, er nú skal greina og í þessari röð: — a. Skuldir, sem rísa af því, að hinn framliðni hefir haft undir höndum fé landsins, kirkna, sveitarfélaga, stofnana, ómyndugra, eða annarra einstakra manna, annaðhvort sem embættismaður, sýslunarmaður, eða í umboði af hálfu hins opinbera.[c]) — b. Þessu næst ganga jafnhliða hverjar öðrum þær kröfur, er nú skal greina. — 1. Leiga af híbýlum og öðru húsrúmi, þó eigi fyrir lengri tíma en eitt ár á undan síðasta fardegi fyrir lát hins framliðna. — 2. Landskuld, leigur af innstæðukúgildum, og önnur jarðarafgjöld. — 3. Skattar og gjöld til landssjóðs, sveitarfélaga, prests og kirkju, þó eigi fyrir lengri tíma en 2 ár á undan síðasta gjalddaga fyrir lát hins framliðna.[d]) — 4. Ofanálag á jarðir, jarðarhús og innstæðu, er jörðu fylgir, eftir löglegri úttektargerð. — 5. Kaup og matarverð vinnuhjúa og annarra þjónustumanna fyrir eitt ár, svo og kaup daglaunamanna og sveina, og kennslupilta hjá iðnaðarmönnum fyrir vinnu síðasta árið.[e]) — c. Næstar þar á eftir koma skuldir til lyfsölumanna og lækna fyrir læknislyf, gjald til lækna fyrir lækningar og ferðir og til yfirsetukvenna, og fyrir hjúkrun í veikindum, fyrir það ár, sem yfir stendur, og næsta ár á undan. — **84. gr.**[1]) Næstar á eftir skuldum þeim, sem nefndar eru í 83. gr., koma þær skuldir, sem tryggðar eru með veðrétti í öllu lausafé búsins, hvort sem veðrétturinn er lögákveðinn eða byggður á samningi,[2]) og gengur hin eldri veðskuldin fyrir hinni yngri.[f]) — **85. gr.** Þegar lokið er öllum þeim skuldum, sem til greindar eru í 82.—84. gr., skal verja því, sem eftir er af fé búsins, til greiðslu allra annarra skulda þess að réttri tiltölu við upphæð hverrar skuldar.[a]) Gjafir, sem eigi hafa verið af hendi leystar fyrir lát hins framliðna, verða eigi heimtaðar úr búinu, nema skuldheimtumenn bíði engan halla af greiðslu þeirra.[b]) — **II.** Um rétt þeirra skuldheimtumanna, er hafa tryggingu fyrir greiðslu skulda sinna í einstökum hlutum eða réttindum, sem eru eign búsins. — **86. gr.** Um hlutfallið milli skuldheimtumanna, er kröfur þeirra veita þeim umráð yfir eða forgöngurétt í einstökum hlutum eða réttindum, sem eru eign búsins, skal fara eftir því, sem lög ákveða; þó skal þess einnig gætt, sem hér á eftir segir. — **87. gr.** Þá fjármuni búsins, sem veðbundnir eru, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda, hvort sem veðrétturinn er lögákveðinn eða byggður á samningi; síðan skal greiða veðhafanda skuld hans af andvirði veðsins, en afgangurinn rennur saman við aðrar tekjur búsins. Sama er, ef skuldheimtumaður hefir önnur réttindi í einstökum hlutum búsins til tryggingar fyrir kröfu sinni. — **88. gr.** Fyrir kröfum þeim, sem nefndar eru í 87. gr., ganga: — a. Útfararkostnaður (82. gr. a.). — b. Skiptakostnaður og skiptalaun (82. gr. b og c), að því leyti, sem gjöld þessi að öllu eða nokkru snerta hina veðbundnu hluti eða réttindi. — **89. gr.** Skuldir þær, sem nefndar eru í 83. gr., ganga fyrir sjálfsvörzluveði í einstökum lausum aurum, er veðrétturinn er byggður á samningi.[c])

Fimmti þáttur. — Viðaukagreinir. — 9. kapituli. — 90. gr. Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t. a. m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, fer sem um opinber skipti á dánarbúum, með þeim breytingum, sem leiða af eðli þeirra.[d]) Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrirmælum 8. kap., sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru. — **91. gr.**[1]) Eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, má eigi skipa skiptanefndarmenn né veita skiptastjórum, sem tilnefndir eru í erfðaskrá, dómsvald. — Til þess að skipta-

1) Sjá l. nr. 31, 19. maí 1930, § 14. — 2) Sbr. l. nr. 18, 4. nóv. 1887, § 4. — a) VIII, 551. — b) VIII, 122, 551, XIV, 273. — c) III, 109, 112. — d) III, 109—10, 113, XXIII, 661. — e) XVIII, 134, 139—40. — f) XIV, 273.

1) Tsk. nr. 12, 23. ágúst 1904, I. 11, l. nr. 46, 13. júní 1937, § 33 og l. nr. 77, 27. júní 1921, §§ 34—41. a) VIII, 551. — b) X, 487. — c) XIV, 273. — d) II, 234, X, 327.

forstjórar án dómsvalds geti tekið bú til skipta, þurfa þeir að hafa löggilding yfirvalds. — Amtmaður veitir umboðið, þegar skiptaforstjórarnir eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, enda sé því að öðru leyti ekkert til fyrirstöðu, og menn þeir, er tilnefndir hafa verið, áreiðanlegir og fullveðja. Þar á móti veitir landshöfðingi umboðið, þegar beðið er um að skipa skiptaforstjóra, sem eigi eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, og þegar skiptaforstjóri, sem tilnefndur er í löglegri erfðaskrá, er fallinn frá, eða getur eða vill eigi skipta búinu, og enginn annar hefir verið tilnefndur í erfðaskránni til að ganga í hans stað. Skiptaforstjórum ber að haga sér eftir lögum þessum, en að öðru leyti fer um skyldur þeirra og störf eftir þeim reglum, sem nú eru í gildi. — **92. gr.** Nú er hafin lögsókn til arfs eða gjafar úr dánarbúi eða mál höfðað gegn erfingjum til greiðslu skulda hins framliðna, og má höfða slík mál á því varnarþingi, er hinn framliðni átti á dánardægri.[a]) — **93. gr.** Þegar lögsókn er hafin til þess að erfingi eða skuldheimtumaður skili aftur því, er honum hefir verið úthlutað við opinber skipti, af því að sú úthlutun síðar reynist röng, þá má höfða það mál í þeirri þinghá, er skiptin fara fram. — **94. gr.** Mál þau, sem um er rætt í 54., 92. og 93. gr., má kæra fyrir sáttanefnd í þeirri þinghá, þar sem hefja má lögsókn eftir fyrirmælum nefndra greina; þó skal veita þeim, er búa utan sáttaumdæmisins, að minnsta kosti fjögra vikna frest á undan sáttaumleitun. — **95. gr.** Um það, hver sé réttur skiptaráðandi, fer eftir gildandi lögum.[1]) En ef íslenzkur maður, sem eigi á fast heimili á Íslandi, deyr erlendis, og búi hans eigi er skipt þar, ákveður landshöfðingi, hver skiptaráðandi á Íslandi skuli skipta búinu. — **96. gr.** Skiptagerð verður að áfrýja innan 12 vikna, frá því skiptum er lokið (49. gr.).[2])[b]) — Úrskurðum, sem upp eru kveðnir, meðan á skiptunum stendur, má áfrýja út af fyrir sig, og skal það þá gert innan 12 vikna, frá því úrskurðurinn var kveðinn upp. Hið sama er um aðrar ályktanir skiptaráðanda. Þó skal eigi að síður halda skiptunum áfram, en skiptaráðanda ber að sjá um, að þau raski eigi rétti áfrýjanda, meðan á áfrýjuninni stendur. — Eigi skal veita uppreist, úr því ár og dagur er liðinn, frá því áfrýjunarfrestur var á enda. — **97. gr.** Nú heldur skiptaráðandi eigi tilhlýðilega áfram skiptum á búi, og skal þá amtmaður áminna hann, en ef sú áminning verður árangurslaus, má landshöfðingi skipa annan mann til að skipta búinu í hans stað. Skal skiptaráðandi þá tafarlaust selja búið í hendur þeim, er skipaður hefir verið; ella skal víkja honum frá embætti um stundarsakir og lögsækja hann til að hafa fyrirgert embætti sínu; þar að auki skal hann sæta sektum og bæta skuldheimtumönnum og erfingjum skaða þann, er þeir hafa beðið af vanhirðingu hans. Skiptaráðandi greiðir þeim, er skipaður hefir verið, þóknun fyrir starfa hans, en landshöfðingi tiltekur upphæð hennar. — Nú er búi skipt af skiptaforstjórum, er tilnefndir hafa verið í erfðaskrá, og það kært, að skipti dragist um of, og skal þá fyrst gefa skiptaforstjórum kost á að svara kærunni; en reynist hún síðan á rökum byggð má landshöfðingi skipa svo fyrir, að búið verði selt í hendur skiptaráðanda þeim, er skiptin bera undir. — **98. gr.** Að því leyti er skiptaráðendur hafa undir höndum fjármuni dánarbúa og þrotabúa, ber þeim að gera reikningsskil á sama hátt og hingað til;[1]) svo skulu og haldast óbreytt ákvæði laganna um eftirlit með því, að skipti séu eigi dregin um skör fram, um endurskoðun skipta, og um eftirlit með fjárforráðum ómyndugra. — Með konunglegri tilskipun má setja nákvæmari ákvæði um þessi atriði, svo og um það, hverri þvingun skuli beita, ef eigi er hlýtt. — **99. gr.**[2]) Skiptaráðandi veitir leyfi til, að sitja í óskiptu búi; þó á sá, er um leyfið biður, kost á, að skjóta úrskurði skiptaráðanda undir háyfirvaldið. — **100. gr.** Ef embættismaður er skyldaður til, að greiða skaðabætur fyrir aðgerðir sínar við skipti, eða fyrir skort á eftirliti með þeim, hvort sem er í dánarbúum, þrotabúum eða öðrum búum, ábyrgist landssjóðurinn greiðslu skaðabótanna, ef þær fást eigi hjá embættismanninum eða úr búi hans. — **101. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmán. 1879, og ná þau ekki einungis til þeirra búa, sem eftir það verða tekin til skipta, heldur ber skiptaráðendum einnig upp frá því að hegða sér eftir þeim við skipti á eldri búum, sem þá eigi eru leidd til lykta, að því leyti, sem því eftir atvikum verður við komið.

1) Sjá nú einkum tsk. 21. júní 1793. — 2) Sbr. l. nr. 19, 2. okt. 1895. — a) X, 503. — b) XXIII, 164.

1878 Nr. 3 12. apríl

1) Rgj. nr. 82, 11. des. 1929. — 2) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, VIII. kafli.

1861 4. jan.

Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857 um innkallanir í búum.

1. gr. . . .[1]) — **2. gr.** Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. mega fara fram með 6 mánaða fresti, skal birta á Íslandi í blaði því, sem ákveðið er til að birta í almennar auglýsingar.[2]) . . . Frestinn ber að reikna frá seinasta birtingardegi. . . . **4. gr.**[3]) Við skipti á dánarbúum eftir þá menn, sem engin líkindi eru til að eftir lífsstöðu sinni hafi átt í neinum sérstaklegum viðskiptum út af verzlun eður öðru slíku, má sleppa hvers konar innköllun, hvort sem hinn dáni lætur mikið eða lítið eftir sig, ef erfingjar hans eður þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir vilji taka að sér lögmætar skuldir búsins, ef einhver skuldakrafa seinna kynni að koma fram. — **5. gr.** Framangreindar ákvarðanir eiga einnig við þegar ekkja, sem situr í óskiptu búi, vill gefa út innköllun til skuldheimtumanna manns hennar, eður þegar erfingjar, sem skipta sjálfir sín á milli, vilja gefa út innköllun til skuldheimtumanna arfleifanda.[4])

1935 Nr. 108 8. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur um erfðir og skipti á dánarbúum, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 19. nóvember 1934 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli koma í gildi. Ennfremur er ráðherra heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

Fylgiskjal I. — Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, Forseti lýðveldisins Finnlands, Hans hátign konungur Noregs og Hans hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa orðið ásáttir um að gera samning um erfðir og skipti á dánarbúum, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína. . . .:

I. Arfur og óskipt bú. — 1. gr. Nú er ríkisborgari í einhverju samningsríkjanna við lát sitt búsettur í einhverju hinna ríkjanna, og skal þá rétturinn til lögerfða ákveðinn samkvæmt lögunum í því ríki, þar sem hann átti heimilisfang. Hafi hinn látni ekki átt heimilisfang í þessu ríki síðustu fimm árin, skal þó farið eftir lögunum í því ríki, sem hlutaðeigandi átti ríkisfesti í, ef einhver erfingi eða dánargjafaþegi, sem þetta hefir réttarlega þýðingu fyrir, óskar þess. Hafi arfurinn samkvæmt lögum ríkisfestislandsins átt að ganga til ríkisins, er ekki hægt að gera slíka kröfu. — Beiðni um að farið skuli eftir lögum ríkisfestislandsins skal borin fram innan sex mánaða frá látinu, eða sé skiptum ekki lokið innan þess tíma, áður en skiptunum er lokið. Eftir að skiptum er lokið, getur sá, sem hefir tekið þátt í skiptunum, ekki borið fram slíka beiðni. — Ákvæðin í þessari grein um réttinn til arfs ná einnig til lögákveðins réttar eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi, ef hinn látni lætur ekki eftir sig lögerfingja, og ennfremur til slíks réttar til meðlags af eignum dánarbús, sem erfingi á kröfu til umfram erfðahluta sinn samkvæmt lögunum í því ríki, sem hinn látni átti ríkisfesti í. — **2. gr.** Nú var hinn látni búsettur í ríki, þar sem lögin heimila eftirlifandi maka setu í óskiptu búi með lögerfingjum, og skal þá farið eftir þessum lögum, einnig þótt hinn látni hafi verið ríkisborgari í einhverju hinna ríkjanna. Nú hefir hinn látni ekki átt heimilisfang í ríkinu síðustu fimm árin, þá getur lögerfingi þó strax eða seinna krafizt skipta, ef það er heimilað í lögum þess ríkis, sem hinn látni átti ríkisfesti í. Þennan rétt hefir lögerfingi þó ekki, ef eftirlifandi maki var við stofnun hjúskapar ríkisborgari í því ríki, sem hinn látni var búsettur í. — Nú á að framkvæma skipti eftir sænskan ríkisborgara samkvæmt slíkri kröfu, sem ræðir um í fyrstu málsgrein, og hefir þá eftirlifandi maki þann rétt til þess að taka handa sjálfum sér við skiptin fjármuni að ákveðinni verðupphæð, sem sænsk lög mæla fyrir um. — **3. gr.** Nú var hinn látni búsettur í ríki, þar sem lögin veita ekki eftirlifandi maka rétt til setu í óskiptu búi með lögerfingjum, og skal þá makinn samt hafa þann rétt til setu í óskiptu búi, sem lögin í því ríki, sem hinn látni átti ríkisfesti í, kynnu að heimila, ef hann hefir ekki átt heimilisfang í landinu síðustu fimm árin. Þeir gerningar, sem lög ríkisfestislandsins fela skiptarétti eða

1) L. nr. 19, 4. júní 1924, § 2. — 2) L. nr. 32, 16. nóv. 1907 og l. nr. 35, 11. júlí 1911. — 3) Sbr. l. nr. 3, 12. apr. 1878, § 51. — 4) Sbr. l. nr. 20, 20. júní 1923, § 67.

1935 Nr. 108 8. maí

öðru opinberu yfirvaldi að framkvæma, framkvæmast þá af hinum venjulega undirrétti í því ríki, sem hinn látni átti heimilisfang í. Nú er eftirlifandi maki einnig búsettur þar, þá skal, ef lög ríkisfestislandsins fyrirskipa eftirlit með stjórn búsins, eftirlitið framkvæmt af eftirlitsmanni (god man), sem til þess er skipaður af réttinum. Ef rétturinn hefir gert skrá yfir eignir búsins og skuldir (boupptecknings), þá skal ekki farið eftir lagafyrirmælum ríkisfestislandsins um hvernig slíkar skrár skulu færðar. — **4. gr.** Nú er í dönskum lögum sett ákvæði um, að skipaður skuli forráðamaður með ekkju, sem vill sitja í óskiptu búi, þá skal því aðeins farið eftir þessu ákvæði, að ekkjan hafi, við lát manns síns, verið búsett í Danmörku. Nú búsetur ekkjan sig síðar í einhverju hinna ríkjanna, og fellur forráðamennskan þá niður. — **5. gr.** Ákvæðin í 2., 3. og 4. gr. um heimildina til setu í óskiptu búi með lögerfingjum gilda á hliðstæðan hátt um heimildina til setu í óskiptu búi með kjörbarni eða lögerfingjum þess. — **6. gr.** Sá sem samkvæmt 1., 2. eða 3. gr. krefst þess, að farið verði eftir lögum ríkisfestislandsins, skal, ef það er nauðsynlegt, sanna, að umrædd skilyrði séu fyrir hendi, og gefa upplýsingar um efni laga ríkisfestislandsins. — **7. gr.** Við skipti á félagsbúi hjóna við lát annars eða beggja þeirra, skal, ef ekki leiðir annað af ákvæði 2. málsgr. 2. gr., farið eftir þeim reglum, sem settar eru um fjármál hjóna í 3. og 6. gr. í samningnum frá 6. febrúar 1931. — **8. gr.** Arfleiðsluskrá gerð af arfleifanda, sem við lát sitt var ríkisborgari í einhverju samningsríkjanna, og búsettur er í einhverju þeirra, skal, að því er formsatriðin snertir, álítast gild, ef við arfleiðslugerninginn er farið eftir lögunum í því ríki, sem arfleiðsluskráin er gerð í, eða sem arfleifandi átti heimilisfang í, eða ríkisfesti, við arfleiðslugerninginn. Ógilding arfleiðsluskrár telst gild, ef arfleifandi hefir farið eftir lögunum í því ríki, sem hann átti heismilisfang eða ríkisfesti í við ógildinguna. — **9. gr.** Um aldur og lögræði, sem krafizt er til þess að geta gert arfleiðsluskrána, eða ógilt hana, skal farið eftir lögunum í því ríkjanna, sem arfleifandi átti heimilisfang í við arfleiðslugerninginn eða við afturköllunina. Hafi arfleifandi þá ekki átt heimilisfang í því ríki síðustu fimm árin, er arfleiðsluskráin, eða afturköllunin, einnig gild, ef uppfyllt eru þau skilyrði, sem sett eru í lögum ríkisfestislandsins. — **10. gr.** Um það, hvort arfleiðsluskrá eða ógilding arfleiðsluskrár sé gild vegna sálarástands arfleiðanda, eða vegna svika, blekkinga, þvingunar eða annarra óleyfilegra áhrifa, skal dæmt eftir lögum þess ríkjanna, sem arfleiðandi átti heimilisfang í við arfleiðslugerninginn eða ógildingu hans. — **11. gr.** Ákvæði í finnskum eða sænskum lögum um að arfleiðsluskrá skuli, eftir lát arfleiðanda, afhent til réttarins innan ákveðins tíma (testamentsbevakning), gilda einnig um arfleiðsluskrá eftir ríkisborgara í einhverju hinna samningsríkjanna, ef arfleiðandi var búsettur í Finnlandi eða Svíþjóð við lát sitt. Sama gildir um ákvæði í finnskum eða sænskum lögum um að erfingi, sem vill mótmæla gildi arfleiðsluskrár, skuli hefja málsókn innan ákveðins tíma frá því að arfleiðsluskráin hafði verið birt honum (testamentsklander). — **12. gr.** Um það, hvort dánargjafir, erfðasamningar og erfðaafsöl hafi gildi gagnvart arfleifanda, skal, ef arfleiðandi var ríkisborgari í einhverju ríkjanna við lát sitt, dæmt eftir lögunum í því ríkjanna, sem hann átti heimilisfang í þegar gerningurinn var gerður. — Á sama hátt skal dæma um það, hvort fjármunir, sem erfingi hefir þegið af arfleiðanda meðan hann var enn á lífi, skuli taldir fyrirframgreiðsla upp í arf. — **13. gr.** Þær sérstöku reglur, sem gilda í einhverju ríkjanna um rétt einhvers erfingja til fasteignar með öllu tilheyrandi, eða um heimild arfleiðanda til þess að ráðstafa slíkri eign með ákvæði í arfleiðsluskrá til handa einstökum erfingjum, gilda um eignir í því ríki. — Um réttinn til þess að gera ráðstafanir í arfleiðsluskrá varðandi óðalsrétt yfir fasteign (fideikommissariske Bestemmelser) eða aðrar ráðstafanir um slíka eign vegna ófæddra, skal einnig dæmt eftir lögunum í því ríki, sem eignin er í. Um réttinn til þess að gera slíkar ráðstafanir um annað en fasteignir gildir þessi samningur ekki. — **14. gr.** Nú hefir ríkisborgari í einhverju ríkjanna eignast kjörbarn, en ættleiðingarleyfið er veitt í einhverju þessara ríkja með fyrirvara um rétt kjörforeldra til þess að ráða yfir eftirlátnum munum sínum án tillits til ættleiðingarinnar, og skal þá þessi fyrirvari einnig hafa gildi í hinum ríkjunum. — **15. gr.** Um það, hvort einhver hafi fyrirgert rétti sínum til arfs, eða dánargjafar, og um heimild til þess að svipta erfingja arfi, skal, hafi arfleiðandi verið ríkisborgari í einhverju ríkjanna, dæmt eftir lögunum í því ríkj-

1935 Nr. 108 8. maí

anna, sem hann var búsettur í við látið. — **16. gr.** Um fyrningu réttar til arfs eða dánargjafar eftir ríkisborgara í einhverju ríkjanna skal dæmt eftir lögunum í því ríkjanna, sem hann var búsettur í við látið.

II. Skuldir arfleiðanda. — **17. gr.** Um ábyrgð erfingja á skuldum ríkisborgara í einhverju samningsríkjanna, og um ábyrgð þeirra á, að dánargjöf verði innt af hendi, eða fyrirmæli arfleiðsluskrár uppfyllt, skal farið eftir lögunum í því ríkjanna, sem arfleiðandi var búsettur í við lát sitt. Sama gildir um ábyrgðina á fullnægju meðlagsskyldu, sem hvílir á hinum látna gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns. — **18. gr.** Áskorun (proklama) til lánardrottna að viðlagðri ógildingu kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, sem gefin hefir verið út í búi eftir ríkisborgara í einhverju ríkjanna, gildir ekki að því er snertir kröfur, sem kunnugt er um, ef kröfuhafi er búsettur í einhverju hinna ríkjanna, og hann hefir ekki í tæka tíð fengið sérstaka tilkynningu um áskorunina og afleiðingar hennar, eða hefir á annan hátt fengið vitneskju um hana.[a])

III. Skiptameðferð. — **19. gr.** Um skiptameðferð á dánarbúi, og um skipti milli erfingja hins látna og eftirlifandi maka, skal, ef hinn látni var ríkisborgari í einhverju ríkjanna, og var búsettur í einhverju þeirra, farið eftir lögunum í því ríki, sem hann var búsettur í við lát sitt, og slík mál heyra undir dómstólana í sama ríki, ef búsmeðferðin heyrir undir dómstólana samkvæmt þargildandi lögum. — Nú hefir eftirlifandi maki, sem er ríkisborgari í einhverju ríkjanna, setið í óskiptu búi, og skal nú skipta búinu, þá fer um búskiptin samkvæmt lögum þess ríkjanna, sem eftirlifandi maki er búsettur í, eða var búsettur í við lát sitt, og búskiptin skulu heyra undir dómstóla þess ríkis að svo miklu leyti, sem svo er fyrir mælt í lögum sama ríkis. Skiptameðferð búsins skal einnig ná til eigna, sem eru í einhverju hinna ríkjanna. — **20. gr.** Um rétt eftirlifandi maka til þess að velja sér sérstaka muni við búskipti, gegn greiðslu eða endurgjaldslaust, skal farið eftir þeim lögum, sem gilda samkvæmt 19. gr. um skiptameðferð búsins. Sama gildir um heimild maka til þess að fá við búskiptin frest til greiðslu arfshluta gegn því að erfinginn fái veð fyrir kröfu sinni, þó þannig, að veðrétti í eignum, sem eru í hinum ríkjunum, er aðeins hægt að skipta samkvæmt þargildandi reglum. — **21. gr.** Ágreiningur um réttinn til arfs eða dánargjafar eftir einhvern, sem var ríkisborgari í einhverju ríkjanna og búsettur í einhverju þeirra, um réttindi eftirlifandi maka, og um kröfur, sem gerðar eru á hendur dánarbúinu, en ekki á hendur arfþegum persónulega, heyrir undir dómstólana í því ríki, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir við búskiptin samkvæmt 19. gr. — Með samþykki aðiljanna er þó hægt að höfða málið í einhverju hinna ríkjanna, nema skiptaréttur annist um búskiptin, skiptaforstjóri, eða skiptaráðandi (boutredningsman eða skifteman), tilnefndur af réttinum, eða málið varði sjálf skiptin á slíku búi. Dómstólamál um gildi arfleiðsluskrár, sem gerð hefir verið af einhverjum búsettum í Finnlandi eða Svíþjóð (testamentsklander), verður ekki höfðað í hinum ríkjunum. Sama gildir um mál, sem höfðað er til þess að reyna að ógilda skipti eftir einhvern, sem búsettur var í Finnlandi (klander). — **22. gr.** Nú eru eignir búinu tilheyrandi í einhverju öðru ríkjanna en því, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir við búskiptin, og skulu þá dómstólarnir í því ríki, sem eignirnar eru í, ef þess er farið á leit, annast um uppskrift þeirra og geymslu til bráðabirgða, og um sölu þeirra eigna, sem ekki er ráðlegt að séu geymdar. Að öðru leyti skulu yfirvöldin í síðarnefndu ríki veita aðstoð við búskiptin, ef um er beðið, í þeim efnum, sem heimilt er samkvæmt lögum sama ríkis. — Beiðnina má senda beint til hlutaðeigandi yfirvalds. Krefjast má fyrirframgreiðslu kostnaðar vegna aðstoðarinnar, ef það telst nauðsynlegt. Skjölum, sem rituð eru á íslenzku eða finnsku, skal fylgja löggilt þýðing á dönsku, norsku eða sænsku. — Nú hefir látið orðið í öðru ríki en búseturíki hins látna, og skulu þá þar eftirlátnar eignir, jafnvel þó engin beiðni komi fram um það, teknar til geymslu samkvæmt þeim fyrirmælum, sem gilda á staðnum. — **23. gr.** Nú er dánarbú, sem um ræðir í 19. gr., undir opinberum skiptum í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi, og skulu þá lagaákvæði, sem takmarka heimild kröfuhafa til þess að leita fullnægju í búinu með málssókn, einnig gilda að því er snertir eignir, sem eru í einhverju öðru ríkjanna en því, þar sem skiptin fara fram. Þetta gildir þó ekki um heimildina til þess að innheimta skatta og önnur opinber gjöld sem eru lögð á í því ríki, þar sem eignirn-

a) XII, 35.

1935 Nr. 108 8. maí

ar eru, eða um heimildina til þess að leita fullnægju í eignum, sem kröfuhafi hefir veðrétt eða haldsrétt í. — **24. gr.** Nú er dánarbú, sem ræðir í 19. gr., undir opinberum skiptum í Danmörku, á Íslandi eða í Noregi, og skal þá farið, á hliðstæðan hátt, eftir 7. gr. í samningi um gjaldþrotaskipti, frá 7. nóvember 1933, við ákvörðun á spurningum um forgangsrétt krafna. — **25. gr.** Lagaákvæði í einhverju ríkjanna um, að þinglýsing sé nauðsynleg til þess að varðveita gagnvart dánarbúi réttindi, sem aflað hefir verið með réttargerningi eða með fjárnámi eða lögtaki, skulu ekki gilda um eignir, sem eru í hinum ríkjunum við látið. — **26. gr.** Að svo miklu leyti sem framkvæmd undanfarandi ákvæða er því háð, hvar fjármunur er, skal krafa, sem tilheyrir arfleiðanda, álítast vera í því ríki, sem hefir í gildi lög þau, sem farið er eftir samkvæmt 19. gr. um skipti á dánarbúinu. Sé krafan bundin við skuldabréf eða annað skjal sem framvísa þarf til þess að koma fram kröfunni, þá skal hún álítast vera í því ríki, þar sem skjalið er. — Skrásett skip, eða flugvél, telst vera í því ríki, þar sem það á heimisfang.

IV. Almenn ákvæði. — 27. gr. Nú hefir dómstóll í einhverju samningsríkjanna fellt úrskurð um, að búi, sem um ræðir í 19. gr., skuli skipt af skiptaréttinum, af skiptaforstjóra, eða af skiptaráðanda (boutredningsman), eða að búinu skuli skipt með aðstoð skiptamanns (skifteman), eða að það skuli afhent til einkaskipta, og skal þá sá úrskurður einnig vera bindandi í hinum ríkjunum. — Sama gildir um úrskurð um réttindi eftirlifandi maka til setu í óskiptu búi. — **28. gr.** Ákvæðin um viðurkenningu dóma og sátta og um fullnægju þeirra, í samningi frá 16. marz 1932, gilda einnig um dóma og sættir um rétt til arfs eða dánargjafir, um réttindi eftirlifandi maka, og um ábyrgð á skuldum arfleiðanda, ef hinn látni átti ríkisfesti í einhverju ríkjanna og var búsettur í einhverju þeirra. — Hin sérstöku ákvæði í 3. gr. og í 6. gr. 3. lið í sama samningi um útivistardóma yfir stefndum, sem ekki mætti, gilda aðeins ef dómurinn varðar ábyrgð eftirlifandi maka, eða hinna einstöku erfingja, á skuldum hins látna. — **29. gr.** Ekki skal farið eftir ákvæðunum í samningi þessum, ef arfleifandi hefir látizt áður en samningurinn gekk í gildi, og heldur ekki, ef eftirlifandi maki hefir setið í óskiptu búi, og hið fyrrlátna hjóna hefir látizt áður en samningurinn öðlaðist gildi. — **30. gr.** Samning þennan skal fullgilda, og fullgildingarskjölin skulu sett til vörzlu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, eins fljótt og auðið er. — Samningurinn gengur í gildi milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt hann, 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að minnst þrjú samningsríkjanna hafa afhent fullgildingarskjöl sín að samningnum. Með tilliti til þeirra ríkja, er seinna fullgilda samninginn, gengur hann í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að fullgildingarskjalið var afhent. — Sérhvert samningsríki getur, gagnvart sérhverju hinna ríkjanna, sagt upp samningnum til þess að ganga úr gildi 1. janúar eða 1. júlí eftir að eitt ár er liðið frá uppsögninni.

1935 Nr. 108 8. maí

Fylgiskjal II.

Í sambandi við undirskriftina í dag undir samninginn milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um erfðir og skipti á dánarbúum hafa umboðsmenn samningsríkjanna gert eftirfarandi yfirlýsingu: — Samningsríkin eru ásátt um, að beiðnir um upplýsingar um efni laga, sem í gildi eru í einhverju ríkjanna, skuli sendar af hlutaðeignadi dóms- eða utanríkismálaráðuneyti, og ef spurt er um dönsk, finnsk, íslenzk eða norsk lög, þær sendar til dómsmálaráðuneytisins, en ef spurt er um sænsk lög, til réttardeildar utanríkismálaráðuneytisins (Utrikesdepartementets Rättsavdeling). Upplýsingar skal alltaf gefa að svo miklu leyti sem skýr lagafyrirmæli eru fyrir hendi, og að öðru leyti eftir því, sem ástæður leyfa.

Tilskipun um forgöngurétt ómyndugra o. fl.[1])

1821 19. des.

1) Að bæði póstkassinn og allir aðrir konunglegir fjársjóðir, eins þeir, sem í kammerréttarorðunni frá 18. marz 1720 ekki útþrykkilega nafngreinast, skuli hjá þeim, hverra skylda er að veita viðtöku konungs tekjum, hvort sem þessir eru þeir eiginlegu svo nefndu gjaldkerar, ellegar þeim er einungis fyrir þeim vörzlum trúað sem verki sameinuðu öðru embætti, njóta fyrir kröfur sínar sama forgangsréttar og vissu, sem nefnd fyrirskipan, ásamt tilskipun frá 30.

1) Sbr. l. nr. 95, 5. júní 1947 og skl. nr. 3, 12. apr. 1878, § 83.

1821 19. des. jan. 1793 í § 40 áskilur konungs fjársjóðum hjá þar til nefndum embættismönnum. — 2) Að sá forgangsréttur, sem póstkassanum ber til gjaldkera eigna, einninn gilda skuli um peningabréf og dýrgripi, sem afhendast póstmeisturum til burtsendingar með bögglapóstum, fyrir hverjum póstkassinn standa skal í ábyrgð, ef tapast við póstþjóna ótrúmennsku ellegar hirðuleysi.[1]) — 3) Að ómyndugir og aðrir, hverra eigur eða fjársjóðir, að laga og tilskipana boðum, setjast undir konunglega skipaðra yfirvalda ellegar réttarþjóna stjórn og vörzlur, sömuleiðis njóta skuli þess forgangs- og pantréttar hjá þessum, sem § 1 ákveður. . . . — 4) Að Vort danska kanselli vera skuli það stjórnarráð hvar, samkvæmt tilskipun frá 30. janúar 1793 § 40, leyfis til afhendingar ellegar veðsetningar beiðast á af þeim í nr. 3 nefndu embættismönnum, og skal því þess vegna skýrslu senda, þegar einhver þeirra embættismanna verður um skuldir lögsóttur. Allt eins ber samþykki þessa stjórnarráðs að öðlast, áður en hjá þvílíkum embættismanni verði útlag eftir sætt framkvæmt. Þó má og nauðsyn verða, að því leyti sömu embættismenn undir eins veita vörð vorum tekjum, einnig að halda sér til þess stjórnarráðs, undir hvers umsjón þvílíkar tekjur lagðar eru. . . .

1819 16. nóv. **Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs.**

(Ákveðið, að ef gjaldheimtumaður konungssjóða geri sátt við skuldheimtumann sinn fyrir sáttanefnd, þá skuli tekið berum orðum fram í sáttinni, að fullnæging hennar með fjárnámi skuli eigi vera til tálmunar rétti þeim, er sjóður konungs hafi á hendur gjaldheimtumanninum, samkv. tsk. um kammerréttinn 18. marz 1720 og tsk. 30. jan. 1793, og að aðför eftir slíkum sáttum megi eigi fara fram, fyrr en hlutaðeigandi stjórnarráði hefir verið skýrt frá henni, og það leyft aðförina).

1823 17. maí **Kansellíbréf um tilkynningu um andlát eða gjaldþrot skuldunauta hins opinbera o. fl.**

. . . Hans Hátign konungurinn hefir því 30. f. m. . . . með allrahæstum úrskurði fallizt á: 1) Að . . . öllum reglulegum skiptaráðendum skuli fyrir lagt, þegar er innköllun er út gefin í búi, að leita upplýsingar í veðbókinni um það, hvort konungssjóður yfir höfuð, ríkisskuldasjóðurinn . . . eða nokkur önnur undir lok liðin konungleg stofnun, er fjármunir hennar hafa runnið í ríkisskuldasjóðinn, eða, að lokum, nokkur opinber stofnun, eigi nokkurt tilkall til eigna búsins, og ef svo er, skuli hann, . . . tilkynna það hlutaðeigandi háyfirvaldi, er aftur skýrir ríkisskuldastjórninni eða stjórn hlutaðeigandi opinberrar stofnunar frá því. . . . — 2) Að öllum skiptaráðendum skuli sömuleiðis boðið, ef þeir fá vitneskju um það, af skuldalýsingum í bú eða á annan hátt, að veðskuldabréf, er veð er fyrir í fasteign, er búið á, er veðsett aftur opinberri stofnun, að gefa skýrslu um það á sama hátt og áður er sagt, ef stofnunin hefir ekki þá þegar sagt til skuldar sinnar í búinu. . . . — 3) Að öllum uppboðshöldurum skuli boðið, þegar fasteignir á að selja á uppboði, að undangengnu fjárnámi, og fyrrnefndir konungssjóðir eða einhver opinber stofnun á síðri veðrétt í þeim en uppboðskrefjandinn, að leita, þegar er beiðzt er uppboðsins, áðurnefndra upplýsinga í veðbókunum, og gefa síðan tafarlaust skýrslu á fyrrgreindan hátt. — 4) Að sama skylda skuli hvíla á öllum uppboðshöldurum, þegar er beiðzt er uppboðssölu á fasteignum, sem bú það á, er executores testamenti . . . skipta. — 5) Að vottorð þau úr veðbókunum, er skiptaráðendur, uppboðshaldarar og skiptanefndarmenn (en um skyldu þeirra í ofangreindu efni mun það sem þarf verða tekið fram í skipunarbréfum þeirra) beiðast sökum ofangreindra fyrirmæla og aðeins til að fullnægja þeim, skuli veitt ókeypis.

1823 17. maí

Opið bréf handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafé sínu. **1869** 11. des.

Forréttindi þau, sem opið bréf 23. júlímán. 1819 veitir forgangskröfum þeim, sem þar er um rætt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafé, sem fengið er eftir auglýsingu téðs opins bréfs, skulu einnig koma til greina, þegar gerð er aðför eða fjárnám til lúkningar slíkrar forgangskröfu, án þess nauðsynlegt sé til framkvæmdar greindra forréttinda að heimta, að öllu búi skuldunautsins sé skipt sem gjaldþrota. Þó leiðir það af N. L. 1.—22.—28.[1]) (D. L. 1.—24.—26.),

1) Sbr. l. nr. 31, 12. febr. 1940, IV. kafli.

1) Sbr. l. nr. 19, 4. nóv. 1887, § 24.

1869 11. des.

að ekki má með slíkri gerð taka til veðsetts lausafjár, ef að og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangskröfunni. Eigi skal heldur, þá er heimt eru inn opinber gjöld, sem hvíla á fasteignum, byrja lögtakið á lausum aurum, ef engir eru til óveðsettir, en þegar svo er ástatt, skal þegar taka fasteignina lögtaki; en aftur skulu hin önnur gjöld til ríkis og sveitar, sem ekki hvíla á fasteignum, heldur aðeins á gjaldendum sjálfum, talin með þeim kröfum, sem, eins og að ofan er sagt, má leita lúkningar á með lögtaki í lausafé, þó veðsett sé. Annars er það vitaskuld, að hvorki framangreind ákvörðun, né heldur opið bréf 23. júlímán. 1819, gerir neina breytingu á hlutfalli því, sem ákveðið er í lögunum eða seinni tilskipunum, meðal ýmissa flokka af forgangskröfum, hvers til annars, og skal þess sér í lagi gætt, að gjöld til ríkissjóðsins gangi fyrir sveitargjöldum.

1929 Nr. 25 14. júní

Lög um gjaldþrotaskipti.[a])

1. gr. Bú einstaklings, firma eða félags er skylt að taka til gjaldþrotaskipta: 1. Ef þess er krafizt af þeim, er telur sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrottna sína og á ekki nægilegt fé til greiðslu skulda sinna. 2. Eftir kröfu lánardrottins um bú manns, er strokið hefir af landi brott eða felur sig, að því er ætla má sökum skulda, enda sé hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiptum baki lánardrottnum tjón. 3. Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi eigi fyrir skuldum.[b]) — Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin félög, firmu eða einstakir menn, er reka verzlun, útgerð, siglingar, verksmiðjuiðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur —, sem stöðvað hefir greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu, og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta.[c]) — **2. gr.** Sá, er krefst þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta, skal senda skiptaráðanda um það skriflega beiðni og telja þar fram ástæður sínar fyrir beiðninni, láta fylgja lista yfir eignir og skuldir og skrá yfir verzlunarbækur þær, er hann hefir haldið. — Komi krafan um gjaldþrotaskiptin frá lánardrottni, skal henni fylgja rökstuðningur og skilríki, svo sem útskrift af árangurslausri aðför eða löghaldsgerð. — **3. gr.** Þegar skiptaráðandi hefir tekið við kröfu um gjaldþrotaskipti, hvort heldur er frá skuldunaut eða lánardrottni, skal hann tafarlaust rannsaka, hvort krafan sé á rökum reist, og getur hann í því skyni kallað á fund sinn lánardrottna eða skuldunaut eða hvoratveggju, og krafizt skilríkja og ástæðna af þeim. Neiti skuldunautur að svara spurningum skiptaráðanda og gefa upplýsingar, eða ef hann sækir ekki boðaðan skiptafund án þess að lögleg forföll hamli, er rétt að líta svo á, að skuldunautur samþykki skýrslu lánardrottna. Þegar skiptaráðandi hefir fengið þær skýrslur og upplýsingar, er hann telur þörf á, skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan um gjaldþrotaskipti skuli tekin til greina eða eigi. — **4. gr.** Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskipta, frestar ekki skiptum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja muni búsins, nema með samþykki þrotamanns, fyrr en fullnaðardómur er genginn, nema því aðeins, að eignir liggi undir skemmdum. — **5. gr.** Gjaldþrotaskipti teljast byrjuð, þegar skiptaráðandi hefir fengið í sínar hendur beiðni skuldunauts, eða kveðið upp úrskurð um skipti að beiðni lánardrottins.[a]) — Þegar gjaldþrotaskipti eru byrjuð, getur lánardrottinn, sem gert hefir kröfu um skiptin, eigi afturkallað þau. Hinsvegar getur skuldunautur, hafi hann einn gert kröfu um skiptin, afturkallað beiðni sína, ef hann gerir það sennilegt, áður en innköllun er útgefin, að hann geti staðið í skilum við lánardrottna sína, enda komi ekki fram mótmæli frá þeim, er gefið hafa sig fram með kröfur á búið. Skiptaráðandi fellir úrskurð um það, hvort afturköllun á beiðni skuldunauts skuli til greina tekin. — **6. gr.** Skiptaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaðinu og gefa út áskorun (proclama) til lánardrottna, með þeim kröfulýsingarfresti, sem til er tekinn í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924.[b]) — Skylt er skiptaráðanda að auglýsa með sama hætti, ef gjaldþrotaskipti falla niður, og einnig þegar þeim lýkur, sbr. 37. gr. — **7. gr.** Þeg-

a) II, 102. — b) II, 388, IV, 119, V, 543. — c) IV, 343, 326, VI, 563, 575 (sýkna), VII, 420 (sýkna), VIII, 606 (sýkna), (IX, 548), 585, 632, 635—6, X, 150, 155, XVIII, 307, XXII, 463.

a) VII, 421. — b) Tr. I, 61.

1929 Nr. 25 14. júní

ar skiptaráðandi hefir úrskurðað gjaldþrotaskipti, skal þrotamaður tafarlaust leiddur fyrir lögreglurétt og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á síðastliðnum missirum og hvernig fénu hafi verið varið. Hafi þrotamaður verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sérfróða menn endurskoða bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali þrotamanns, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsins.[a]) — Sé um félag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdarstjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögregluréttí og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna. — **8. gr.** Dómara ber að rannsaka fyrir lögregluréttinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort þrotamaður hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot á lögum þessum, eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti. — Virðist dómara það koma í ljós við rannsóknina, að eigi sé ástæða til þess að ætla, að þrotamaður eða aðrir hafi með sviksamlegum hætti átt sök á gjaldþrotinu, og eigi að neinu leyti brotið sett lög og reglur í sambandi við gjaldþrotin, skal dómara þó alltaf skylt að senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál gegn einhverjum út af gjaldþrotunum. — Ef dómara hins vegar finnst það bert af lögregluréttarrannsókninni, að þrotamaður eða einhver annar hafi gerzt sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotin, með því t. d. að skjóta undan einhverjum af eignum búsins, eða með ráðstöfunum til þess að firra búið einhverjum munum þess eða réttindum, eða á einhvern annan hátt brotið gildandi lagaákvæði til verndar almennu lánstrausti, svo sem með því að halda ekki lögboðnar verzlunarbækur eða hafa bókhald þeirra í ólagi, gera vísvitandi rangt upp efnahag sinn, taka vörur að láni án þess að ætla sér að greiða þær, sóa fé sínu með eyðslusömum lifnaði, eða á annan hátt brotið gildandi refsiákvæði, þá skal dómari, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins, að undan genginni frekari rannsókn, ef ástæða þykir til, höfða mál til refsingar gegn þrotamanni, stjórn eða framkvæmdarstjóra gjaldþrota félags eða firma, eða öðrum þeim, er ætla megi að eigi sök á afbrotunum. — Reynist þrotamaður eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis sannir að sökum um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið, skal dæma þá til þess að hafa fyrirgert rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil, þó ekki skemur en 5 ár, og æfilangt ef miklar sakir eru.[a]) — **9. gr.** Dómari getur úrskurðað, að þrotamaður eða forráðamenn gjaldþrota fyrirtækis séu settir í einfalt fangelsi,[1]) ef þeir gera ekki grein fyrir eignum og skuldum búsins, án þess að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef þeir þrjózkast við að láta í té upplýsingar við uppskrift á eignum búsins eða gefa skýrslur um ástæður og hag búsins, svo og ef þeir reyna að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis dómara. Lengd fangelsistímans skal hverju sinni ákveðin af dómara, eftir því sem honum virðast ástæður til, þó eigi lengur en 6 mánuðir. — **10. gr.** Heimilt er skiptaráðanda, með samþykki skiptafundar, að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sé örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fé búsins, sér og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot búsmuna má ekki lengur veita en eitt ár, nema allir lánardrottnar verði á það sáttir, en þó aldrei eftir að skiptum búsins er lokið. — **11. gr.** Þegar gjaldþrot byrja, skal þrotamaður tafarlaust sviptur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans, svo og því, sem hann eignast meðan á skiptunum stendur, og skal eignum hans varið til þess að fullnægja öllum þeim löglegum kröfum, er voru á hendur þrotamanni, er skipti byrjuðu, svo og til greiðslu kostnaðar þess, er af skiptunum leiðir. Undanþegin eru þó gjaldþroti þau verðmæti eða munir, er ekki má gera fjárnám í samkvæmt fyrirmælum einstakra manna, lagaákvæða eða annarra sérstakra heimilda og undantekninga laga þessara. — **12. gr.** Eftir að gjaldþrotaskipti byrja, getur enginn öðlazt rétt á hendur búinu með samningum við þrotamann, né losazt undan skyldum, er á honum hvíla gagnvart því. Undantekning er þó, ef samið er við þrotamann

a) VII, 422, VIII, 549.

1) L. nr. 19, 12. febr. 1940, § 268. — a) IV, 343, 326, 449, 443, 914, 886, V, 257, VIII, 607, 636, IX, 632, X, 206, XVIII, 352, XXII, 463.

1929 Nr. 25 14. júní

áður en viðskiptin (sic) eru auglýst, enda hafi þá viðsemjanda verið ókunnugt um, að skiptin voru byrjuð. — **13. gr.** Tæmist þrotamanni arfur meðan á skiptum stendur, rennur arfurinn til þrotabúsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, er þrotamanni hlotnast á því tímabili. Ákvæði þessi koma þó því aðeins til framkvæmda, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda séu því ekki til fyrirstöðu. — **14. gr.** Ef gjaldþrotabúi berast peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, sem sent hefir verið þrotamanni til þess að hann greiddi andvirði fyrir, þá getur búið orðið eigandi að slíkum munum, þótt þeir hefðu ekki verið orðnir eign þrotamanns áður, ef búið greiðir andvirðið á réttum gjalddaga.[1]) — **15. gr.** Það, sem þrotamaður vinnur sér inn meðan á skiptum búsins stendur, rennur ekki til búsins. — **16. gr.** Allar lögmætar kröfur, er lánardrottnar hafa á hendur þrotamanni, sem fullnægja á með eignum búsins, verður að meta til peningaverðs, og sé miðað við, hvað miklu það varði lánardrottna að fá kröfurnar greiddar.[a]) — Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru í gjalddaga fallnar, þegar skipti byrja, og getur búið greitt þær þegar í stað, án tillits til gjalddaga þess, sem þrotamaður kann að hafa samið um. — **17. gr.**[b]) Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, en þó því aðeins, að lánardrottinn sjálfur, eða sá, er hann hefir erft skuldakröfuna eftir, hafi fengið hana áður en skiptin byrjuðu, enda hafi lánardrottni þá eigi verið kunnugt um, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, né lánardrottinn fengið framsal kröfunnar með það fyrir augum að skuldajafna kröfu væntanlegs þrotabús við kröfu þess á hendur sér. Skiptaráðandi skal gera gangskör að því að upplýsa og staðreyna, hvernig krafa sú er til komin, er lánardrottinn vill skuldjafna við kröfu búsins á hendur sér, og gæta þess sem auðið er, að til skuldajafnaðar geti ekki komið, ef lánardrottinn hefir fengið gagnkröfu sína með þeim hætti, er að framan greinir, og getur skiptaráðandi látið kröfuhafa staðfesta framburð sinn með eiði, ef honum virðist ástæða til. — Eigi má framselja skuldabréf búsins, áður en liðinn sé innköllunarfrestur, né heldur síðar, ef mótkröfu er lýst á þann hátt, að fyrirgert sé með því gagnkröfurétti. — **18. gr.** Hafi þrotamaður tekið fasteign á leigu, kemur búið í hans stað frá því að gjaldþrotaskipti hefjast, nema öðruvísi hafi verið um samið.[a]) En búið og leigusali geta sagt upp leigumálanum með venjulegum uppsagnarfresti, miðað við fardaga eða flutningsdag, þó samið hafi verið um lengri leigutíma eða lengri uppsagnarfrestur tilskilinn. En bæta verður þá sá, er leigumálanum segir upp, halla þann, sem gagnaðili kann að bíða af því, að leigumálanum var ekki haldið áfram. — **19. gr.** Hafi þrotamaður á síðustu 6 mánuðum áður en hann varð gjaldþrota greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottin fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hefir greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sé greitt, þá getur búið rift greiðslunni og krafizt þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefir fengið, eða andvirði þess.[b]) — **20. gr.** Veðskuldbindingar þær, er þrotamaður hefir gengizt undir á tímabili því, er ræðir um í 19. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, eru ógildar að því er búið snertir.[c]) — **21. gr.** Ákvæði 19. og 20. gr. eiga þó ekki við, ef þrotamaður sannar, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan eða veðsetningin fór fram.[d]) Það sama gildir og, ef sá, er þrotamaður hefir skipt við, færir fram sönnur fyrir því, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að þrotamaður ætti fyrir skuldum, þegar svo stendur á, er í áðurnefndum greinum segir. — **22. gr.**[1]) Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla, eftir sætt um greiðslu skuldar, er þrotamaður hefir gengið að, á tímabili því, sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sérréttindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiðir, nema því aðeins, að sannað verði, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti þá fyrir skuldum. — **23. gr.** Hafi þrotamaður á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi

1) Sbr. l. nr. 39, 19. júní 1922, §§ 39—41. — a) I, 102. — b) V, 109.

1) Sbr. l. nr. 19, 4. nóv. 1887, § 50. — a) XVI, 263. — b) IV, 587—8, VII, 69—70, 75—8. — c) II, 28, III, 60, 65, IV, 625, XV, 277. — d) III, 60, 65, IV, 170.

bráðlega að höndum bera, ívilnað sumum lánardrottnum sínum, hinum til tjóns, þannig að saknæmt sé, þá getur búið krafizt þess, að greiðslunni eða ráðstöfuninni sé rift og að lánardrottinn skili aftur því, er hann hefir þannig fengið, eða andvirði þess, séu líkur til þess, að lánardrottni hafi verið kunnugt um ástæður þrotamanns, þegar greiðslan eða ráðstöfunin fór fram.[a]) — **24. gr.** Þegar einhverjum ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, eftir ákvæðum næstu greinar hér á undan, á hann rétt á því, að honum sé greitt aftur það, er hann hefir látið af hendi við þrotamann, umfram það, er hann fékk greiðslu fyrir. Og þegar greiðslu er skilað aftur, er afstaða hans til búsins að þessu leyti sú sama og ef engin greiðsla hefði fram farið. — Sé eindagaður víxill greiddur með vanalegum gjaldeyri, er ekki unnt að krefjast þess, að sá skili aftur greiðslunni, sem hafði haft rétt til þess að krefjast greiðslu á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en hafi misst þennan rétt við greiðsluna. Hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var greiddur með, af þeim, sem að lokum hefði haft hag af greiðslunni, ef hann hefði ekki áður verið greiddur, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut eins og segir í 25. gr. — **25. gr.** Hver sá, er á hinu síðasta ári, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, ef þrotamaður átti þá ekki fyrir skuldum, hefir þegið af honum gjöf, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða andvirði hennar, ef ástæða er til þess að ætla, að gjafþega hafi þá verið kunnugt um, að þrotamaður átti þá ekki nægilegt fé fyrir skuldum. Ef það hefir bakað gjafþega fjárútlát að taka á móti gjöfinni, ber búinu að greiða það að fullu. Hið sama gildir, þótt ráðstöfun þrotamanns líti út sem sala, makaskipti, leigumáli eða annar slíkur viðskiptagerningur, ef ætla má af öllum atvikum, að ráðstöfunin hafi í raun og veru verið gjöf. — **26. gr.** . . .[1]) — **27. gr.** Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slíkir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdaforeldra og tengdabarna, arfleifanda og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram eftir að þrotamaður átti ekki nægilegt fé fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi þrotamanns kröfu um ógildingu.[a]) Sönnunarbyrði þess, að þrotamaður hafi átt nægilegt fé fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á þrotamanni. — Hafi þrotamaður gert kaupmála tveim árum eða skemmri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt þrotamaður hafi þá átt nægilegt fé fyrir skuldum. — Þó skal kaupmáli halda gildi, þótt skemmri tími sé liðinn en 2 ár, ef hann er gerður fyrir giftingu, enda hafi eign sú, sem kaupmáli er gerður um, áður verið í eigu þess hjóna, sem séreign öðlast samkvæmt kaupmálanum. — Hafi þrotamaður afsalað sér arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema þrotamaður sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fé fyrir skuldum. — **28. gr.** Hafi sá, er haft hefir viðskipti þau við þrotamann, er ræðir um í 19.—27. gr., afhent öðrum hluti þá eða réttindi, er hann hefir fengið, hefir búið þá einnig gagnvart þeim rétt á að krefjast munanna eða réttindanna, eða andvirðis þeirra, ef ætla má, að þeim hafi verið kunnugt um, að tilgangurinn með framsalinu væri sá, að hindra búið í því að njóta réttar síns.[b]) — **29. gr.** Hafi þrotamaður á mánuðinum næsta áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta keypt vörur eða muni, sem hann hefir ekki greitt, og vörurnar eða munirnir eru óskertir í vörzlum hans, þegar skiptin byrja, getur sá, er selt hefir vörurnar eða munina, krafizt þeirra úr búinu aftur, nema líklegt þyki, að honum hafi verið kunnugt, þegar hann gerði kaupin við þrotamann, að hann ætti ekki lengur fyrir skuldum og að gjaldþrot væru yfirvofandi. — Geri lánardrottinn slíka kröfu á hendur búinu, skal skiptaráðandi láta hann leggja fram sannanir fyrir kröfu sinni, og kveða síðan upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan verði tekin til greina eða ekki. Þeim úrskurði má áfrýja með venjulegum hætti. — **30. gr.** Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 19.—28. gr., skal sá fara með fyrir hönd lánardrottna, sem til þess verður kjörinn á skiptafundi.[c]) Með mál þessi skal fara sem gestaréttarmál, og er varnarþing málsins heimili þrotamanns. Mál skal höfða tafarlaust, þegar

1) L. nr. 20, 8. marz 1954, § 133, X, 487. — a) IV, 584, 587.

a) V, 561, 588; Tr. I, 61—2. — b) V, 584, VIII, 605. — c) I, 610, II, 413, V, 573—4.

skiptafundur hefir tekið ákvörðun um það, og reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiptum búsins.[a]) — **31. gr.** Hver lánardrottinn getur heimtað gjaldþrotaskipti eftir ákvæðum laga þessara í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. skiptalaganna frá 12. apríl 1878.[b]) Þegar skiptaráðandi skiptir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur einnig hver lánardrottinn krafizt gjaldþrotaskipta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja megi gjaldþrotaskipta á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 19., 20., 22., 25. og 26. gr., frá þeim tíma, er búið var tekið til skiptameðferðar. — **32. gr.** Skiptaráðanda skal skylt, þar sem því verður við komið og máli skiptir, að ávaxta í banka eða sparisjóði fé gjaldþrotabúa og annarra þeirra búa, sem undir opinberum skiptum eru, þannig að lánardrottnar eða erfingjar njóti vaxta af inneign búanna. Skal skiptaráðandi að jafnaði hafa sérstaka sparisjóðsbók fyrir hvert bú, er hann hefir undir skiptum, og leggja þar inn jafnóðum það fé, er búunum berst.[c]) — **33. gr.** Komi það í ljós meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við skiptin, skal þegar lúka skiptum, enda ber sá, er gjaldþrotanna hefir krafizt, ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur af eigum búsins. Þó getur lánardrottinn sá, er krafizt hefir gjaldþrotaskipta og er í vafa um ástand búsins, komizt hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir yfir því og lætur bóka í skiptabók, að hann álíti, að búið hrökkvi ekki fyrir kostnaði við framhald skiptanna, og að þann kostnað vilji hann ekki greiða, er framhald skiptanna hefir í för með sér, og getur hann þá krafizt þess, að skiptunum skuli þegar lokið. — **34. gr.** Að liðnum innköllunarfresti til lánardrottna, má hvenær sem vill afhenda þrotamanni bú hans í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiptaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim lánardrottnum, sem hafa gefið sig fram með kröfum á búið. Sönnun fyrir því, að skuld sé greidd að fullu, sem lýst hefir verið í þrotabúið, er jafngild samþykki hlutaðeigandi lánardrottins. — **35. gr.** Þegar öðruvísi er ástatt, lýkur gjaldþrotaskiptum með úthlutun skiptaráðanda til lánardrottna.[a]) — **36. gr.** Skylt er skiptaráðanda að lúka skiptum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiptum eru, svo fljótt sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema lögmætur skiptafundur samþykki, að skipti dragist lengur. — **37. gr.** Þegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykkt á skiptafundi og skiptum búsins að öðru leyti lokið, skal skiptaráðandi auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að skiptum búsins sé lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve háa hundraðstölu af kröfum sínum lánardrottnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrottnar hafa ekki fengið greiddar. — Á sama hátt og eftir sömu reglum skal auglýsa nauðasamninga, sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 19, 4. júní 1924. — Ef bankar, sparisjóðir og opinberar lánsstofnanir veita skuldunautum sínum eftirgjafir á skuldum þeirra að einhverju eða öllu leyti, skulu þessar lánsstofnanir skyldar að auglýsa eftirgjafirnar í Lögbirtingablaðinu, eftir sömu reglu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar. — Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð[1]) til leiðbeiningar skiptaráðendum um efni og form þessara auglýsinga. Auglýsingakostnaður greiðist af almannafé. — **38. gr.** Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, 10 ár eftir að skiptum lýkur.[b]) — **39. gr.** Brot gegn ákvæðum 5. málsgr. 1. gr. varða sektum eða fangelsi.[c]) — Ef skiptaráðandi brýtur í bága við ákvæði 32. og 36. gr. laga þessara, varðar það hann sektum eða embættismissi, ef miklar sakir eru. — **40. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929, og skal beita þeim við þau gjaldþrotaskipti og önnur skipti, að svo miklu leyti sem lögin snerta þau, við þau bú, sem tekin eru til opinberra skipta eftir að lög þessi öðlast gildi. Þau bú, sem tekin eru til skipta fyrir gildistöku laga þessara, hlíta ákvæðum eldri laga. Þó skal beita ákvæðum 36. og 37. gr. laga þessara við þau bú, sem eru undir skiptum, þegar lög þessi öðlast gildi. Skylt skal og að lúka skiptum á öllum þeim búum, sem undir opinberum skiptum standa, þegar lög þessi öðlast gildi, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku laga þess-

a) XV, 68. — b) X, 487. — c) III, 231.

1) Rgj. nr. 58, 13. júní 1930. — a) II, 385. — b) II, 234, III, 256, IV, 326, XX, 490—1. — c) XXII, 463.

ara, með undantekningu þeirri, er getur um í niðurlagi 36. gr.

1934 Nr. 21 24. marz

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.

1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur um gjaldþrotaskipti, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 7. nóvember 1933, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

Fylgiskjal. — Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.

1. gr. Gjaldþrot, sem úrskurðað hefir verið í einhverju samningsríkjanna, nær einnig til eigna skuldunauts í hinum ríkjunum. — Um meðferðina á slíkum eignum gilda, sé ekki öðruvísi ákveðið í eftirfarandi greinum, lagaákvæði þess ríkis, sem gjaldþrotaskiptin eru úrskurðuð í, um þær takmarkanir, sem gjaldþrotið hefir í för með sér á umráðarétti skuldunauts yfir eignum sínum, svo og um það, hvaða eignir tilheyri búinu, eða sem hægt er að draga undir það með riftun gerninga, um réttindi og skyldur skuldunauts meðan stendur á gjaldþrotaskiptum, um stjórn og meðferð búsins, um rétt kröfuhafa og annarra rétthafa til þess að leita fullnægju í gjaldþrotabúinu, og um úthlutun, nauðasamninga, og önnur lok gjaldþrotaskipta. — Eignir, sem ekki verða yfirleitt notaðar til fullnægju kröfuhafa samkvæmt lögum þess lands, þar sem þær eru, verða ekki dregnar inn í búið. — **2. gr.** Verði í einhverju samningsríkjanna úrskurðað gjaldþrot, sem nær til eigna í einhverju hinna ríkjanna, skal skiptaráðandi auglýsa úrskurðinn um gjaldþrotaskipti þegar í stað í hinu síðartalda ríki, í blaði því, er flytur opinberar tilkynningar. Skiptaráðandi skal, samkvæmt þargildandi lögum, einnig annast um þinglýsingu, innfærslu í fasteignaskrá, í skipaskrá eða aðra opinbera skrá. — Öllum þeim kröfuhöfum í hinum ríkjunum, sem kunnugt er um, skal send sérstök tilkynning um gjaldþrotið, nema því aðeins, að krafan verði tekin til greina án þess að henni sé lýst í búið. Kröfuhöfum í hinum ríkjunum skal einnig gefin tilkynning um mótmæli, sem eru sett fram gegn kröfum þeirra. — **3. gr.** Dómstólar samningsríkjanna skulu, samkvæmt beiðni skiptaráðanda í einhverju hinna ríkjanna, annast um uppskrift eigna, sem í ríkinu eru, og geymslu þeirra til bráðabirgða; þeir skulu einnig annast um sölu eigna, sem ekki er ráðlegt að geyma. — Að öðru leyti geta skiptaráðendur, að því er snertir eignir, sem eru í öðru ríki en því, sem gjaldþrotin eru úrskurðuð í, óskað aðstoðar yfirvaldanna, á sama hátt og þarlendir skiptaráðendur. — Slíka beiðni má senda beint til hlutaðeigandi yfirvalds. Krefjast má fyrirframgreiðslu kostnaðar vegna aðstoðarinnar, ef það telst nauðsynlegt. — Skjölum, sem rituð eru á íslenzku eða á finnsku, skal fylgja löggilt þýðing á dönsku, norsku eða sænsku. — **4. gr.** Um það, hvort þinglýsing eða innfærsla í fasteignaskrá sé skilyrði fyrir því, að löggerningar, sem skuldunautur hefir gert fyrir gjaldþrotið um fasteign og það, sem henni tilheyrir, hafi gildi gagnvart gjaldþrotabúi, svo og um riftun slíkra gerninga, fer eftir lögum þess lands, þar sem fasteignin er. Sama gildir um það, hvort þinglýsing gjaldþrotsins sé nauðsynleg til þess að hindra, að löggerningar, sem skuldunautur gerir, meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, um slíka eign, séu bindandi fyrir búið. Hliðstæðar spurningar um skrásett skip eða flugvél, eða um hluta í skipi eða flugvél, skulu leystar samkvæmt lögum heimalands skipsins eða flugvélarinnar. — Sé svo ákveðið í lögum einhvers samningsríkjanna, að þinglýsing, skrásetning eða önnur birting sé skilyrði fyrir því, að afhending eða sjálfsvörzluveð í öðrum lausafjármunum en þeim, sem nefndir eru í fyrstu málsgrein, hafi gildi gagnvart þrotabúi, þá skal farið eftir lögum þessa ríkis að því er snertir gildi slíks gernings og um riftun hans, ef fjármunirnir eru þar við byrjun gjaldþrotaskipta. — Um áhrif gjaldþrots á rétt, sem orðið hefir til við fjárnám eða lögtak, fer eftir lögum þess lands, þar sem gerðin hefir verið framkvæmd. — **5. gr.** Um rétt veðhafa til þess, meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, að leita fullnægju í veðinu, skal farið eftir lögum þess ríkis, þar sem veðið er við byrjun gjaldþrotaskipta. Þetta ákvæði gildir á sama hátt þegar um er að ræða fullnægju vegna haldsrétts. — Um áhrif gjaldþrotsins á heimildina til þess að halda

1934 Nr. 21 24. marz

áfram fullnægjugerð samkvæmt fjárnámi eða lögtaki, skal farið eftir lögunum í því ríki, þar sem gerðin er framkvæmd. — **6. gr.** Reglurnar um sölu fjármuna, er tilheyra gjaldþrotabúi, ákvarðast af lögum þess ríkis, sem fjármunirnir eru í. — **7. gr.** Um forgangsrétt kröfu fyrir öðrum kröfum til fullnægju í ákveðnum munum, sem við byrjun gjaldþrotaskipta eru í einhverju hinna ríkjanna, svo og um röð sérstakra forgangsréttinda, veðréttinda, og tryggðra réttinda í slíkum munum, fer eftir lögunum í því ríki, þar sem fjármunirnir eru við byrjun gjaldþrotaskipta. Þessi sérstöku réttindi ganga á undan almennum forgangskröfum. — Um forgangsrétt fyrir sköttum og öðrum opinberum gjöldum, sem jafnað hefir verið niður í öðru samningsríki en því, þar sem gjaldþrot hefir verið úrskurðað, fer eftir lögunum í því ríki, þar sem sköttunum eða gjöldunum hefir verið jafnað niður. Um forgangsrétt fyrir húsaleigu fer, ef húseignin er í öðru ríki en því, þar sem gjaldþrotið var úskurðað, eftir lögunum í því ríki, þar sem húseignin er. Forgangsrétturinn nær aðeins til eigna í því ríki, þar sem sköttunum eða gjöldunum er jafnað niður, eða húseignin er í. Sé um sérstakan forgangsrétt að ræða, fer um skuldaröðina samkvæmt fyrstu málsgrein. Sé forgangskrafan hinsvegar venjuleg, gengur hún á undan öðrum almennum forgangskröfum. Um röð milli venjulegra forgangsréttinda fyrir sköttum og sérstakra forgangsréttinda, sem getur um í 1. málsgr., fer, þrátt fyrir ákvæðin í nefndri málsgrein, eftir lögunum í því ríki, þar sem skatturinn er lagður á. Að öðru leyti er ekkert ákveðið í samningi þessum um það, hvort fullnægju verði leitað í gjaldþrotabúi fyrir sköttum og gjöldum, sem er jafnað niður í öðru af ríkjunum en því, þar sem gjaldþrotin hafa verið úrskurðuð. — **8. gr.** Að svo miklu leyti sem framkvæmd undanfarandi ákvæða er því háð, hvar fjármunirnir eru, skal krafa, er tilheyrir þrotamanni, álítast vera í því ríki, þar sem gjaldþrotaskiptin eru úrskurðuð. Sé krafan bundin við skuldabréf eða annað skjal, sem framvísa þarf til þess að koma fram kröfunni, þá skal hún þó álítast vera í því ríki, þar sem skjalið er. — Skrásett skip eða flugvél telst vera í því ríki, þar sem það á heimilisfang, nema við framkvæmd 6. gr. — **9. gr.** Ákvæði samnings þessa gilda ekki um rétt eða skyldu þrotabús til þess að ganga inn í samning, gerðan af skuldunaut, sem ekki er alveg fullnægt af beggja hálfu við byrjun gjaldþrotaskipta. — **10. gr.** Ákvæðin í samningi, er undirritaður var þann 16. marz 1932, um viðurkenningu og fullnægju dóma og sátta, skulu einnig gilda um dóma og sættir um riftanir og aðra ónýtingu réttargerninga vegna gjaldþrota, sem hefir verið úrskurðað í einhverju samningsríkjanna. — Endanlegur úrskurður réttar í einhverju samningsríkjanna, er staðfestir skuldasamninga í gjaldþrotabúi, skal hafa gildi einnig í hinum ríkjunum. — Ákvæði þessi gilda enda þótt gjaldþrotið nái til eigna í einu eða fleirum ríkjanna. — **11. gr.** Samningur þessi gildir því aðeins um dánarbú, sem tekin eru til gjaldþrotaskipta, að ríkin hafi gert með sér samning um meðferð dánarbúa að öðru leyti. — **12. gr.** Samningur þessi nær einnig til opinberrar skiptameðferðar (Likvidation) á bönkum, svo framarlega sem skiptameðferðin, samkvæmt lögum þess lands, þar sem bankinn hefir aðsetur sitt, útilokar gjaldþrotameðferð. — Í tilkynningu þeirri, sem um ræðir í 2. grein, skal tekið fram, að skiptameðferðin sé þess eðlis, að samningurinn nái til hennar. — **13. gr.** Hafi rétturinn, sem úrskurðaði gjaldþrotið, byggt heimild sína til þess á öðru en því, að skuldunautur eigi eða hafi við dauða sinn átt heimilisfang í ríkinu, eða félag eða stofnun, sem tekin er til gjaldþrotaskipta, eigi heimilisfang í landinu, þá skal þetta tekið fram í úrskurðinum um gjaldþrotaskipti. Ef það er gert, gildir samningurinn ekki um gjaldþrotaskiptin. Gjaldþrotaskiptunum er hægt að halda áfram, enda þótt gjaldþrot verði seinna úrskurðað í einhverju hinna samningsríkjanna. — **14. gr.** Hugtakið „skiptaráðendur" í þessum samningi nær einnig til skiptaréttar og skiptadómara (Konkursdommeren). — **15. gr.** Tilraun til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar, sem byrjað hefir verið á í einhverju samningsríkjanna, útilokar, að byrjað sé á gjaldþrotameðferð eða tilraun til nauðasamninga í hinum ríkjunum, og hafa þar í för með sér sömu takmarkanir í heimildinni til þess að leita fullnægju með þvingunarráðstöfun eins og tilraun til nauðasamninga í heimalandinu. — Ef tilraun til nauðasamninga leiðir til þess, að slíkur samningur verður staðfestur, þá skal hann einnig verða bindandi í hinum ríkjunum. — Ákvæðin í 13. gr. gilda á tilsvarandi hátt. — **16. gr.** Ef beiðni um gjaldþrotameðferð eða um tilraun til nauðasamninga hefir verið send rétti áður en samningurinn gengur í gildi,

1934 Nr. 21 24. marz

þá nær hann ekki til þeirra skipta. — **17. gr.** Samningur þessi skal fullgiltur, og fullgildingarskjölin skulu sett til vörzlu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, eins fljótt og auðið er. — Samningurinn gengur í gildi milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt hann 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að minnst þrjú samningsríkjanna hafa afhent fullgildingarskjöl sín að samningnum. Með tilliti til þeirra ríkja, er seinna fullgilda samninginn, gengur hann í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að fullgildingarskjalið var afhent. — Sérhvert samningsríkjanna getur, gagnvart sérhverju hinna ríkjanna, sagt upp samningnum til þess að ganga úr gildi næsta 1. janúar eða 1. júlí eftir að eitt ár er liðið frá uppsögninni.

1924 Nr. 19 4. júní

Lög um nauðasamninga.

I. kafli. — Orðaskýringar o. fl. — 1. gr. Nauðasamningur er í lögum þessum samningur gerður með atbeina skiptaréttur milli skuldunauts og lögmælts meiri hluta lánardrottna hans um skuldagreiðslur, og bindur samningurinn einnig minni hluta lánardrottnanna eftir að skiptaréttur hefir staðfest hann. — Samningsmenn eru þeir lánardrottnar nefndir, er nauðasamningur bindur. — Samningskröfur eru þær kröfur nefndar, er nauðasamningur tekur til. — Atkvæðismenn eru þeir lánardrottnar nefndir, sem eiga kröfur, er atkvæðisréttur um nauðasamning fylgir. — Atkvæðiskröfur eru þær kröfur, er atkvæðisréttur um nauðasamning fylgir. — **2. gr.** Hvarvetna þess, er lögheimilt er að gefa út áskorun (proklama) til lánardrottna að viðlögðum missi kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, skal kröfulýsingarfrestur vera 4 almanaksmánuðir frá síðustu birtingu áskorunar talið.[a])

II. kafli. — Um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts. — 3. gr. Nú er bú manns tekið til gjaldþrotaskipta að honum lifanda, og er honum þá rétt að bera upp frumvarp til nauðasamninga. Skal hann skila frumvarpinu með nafni sínu undir til skiptaréttar í síðasta lagi viku eftir að kröfulýsingarfrestur er liðinn. Frumvarp, er síðar kemur fram, en áður en úthlutun fer fram, má þó taka til meðferðar, ef fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, veitir til þess samþykki sitt, enda fylgi frumvarpinu skrifleg yfirlýsing þeirra um það atriði. — Í frumvarpi skal greina: 1. Hvern hundraðshluta af samningskröfum skuldunautur ætli að greiða. 2. Hvenær þær greiðslur skuli fara fram. 3. Hvort trygging verði sett fyrir skilvísri greiðslu, og, ef svo er, þá hver. 4. Önnur atriði, er skuldunautur vill taka fram og hann ætlar máli skipta. — **4. gr.** Skuldunautur hefir ekki rétt til að leita nauðasamninga samkvæmt 3. gr., ef hann 1. Hefir á síðustu 2 árum fyrir gjaldþrotaskiptin orðið sannur um brot þau, er í 262. og 263. gr. alm. hegningarlaga segir.[1]) 2. Hefir ekki, þegar bú hans var síðast tekið til gjaldþrotameðferðar, haldið þær bækur, sem honum var lögskylt að halda, eða ef bækur þær, sem hann hefir haldið, hvort sem honum var lögskylt að halda þær eða ekki, eru sviksamlega haldnar eða bókhaldið var í verulegri óreiðu að dómi skiptaréttar. 3. Hefir farið burt úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiptaréttar eða þverskallast við að láta skiptarétti í té alla þá fræðslu um hag sinn, er hann má veita og honum er lögskylt. — Nú er hafin opinber rannsókn um atriði þau, er í 1. tölulið greinir, og skal þá fresta meðferð frumvarps að nauðasamningum, þar til aðili er sýknaður með dómi eða ákæruvaldið hefir fallið frá málshöfðun. — **5. gr.** Ekki má taka frumvarp að nauðasamningi til meðferðar, nema fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, samþykki, ef skuldunautur hefir eftir skiptaupphaf eða 3 mánuðum eða síðar fyrir þann tíma komið fram með frumvarp að nauðasamningi, er annaðhvort hefir fallið við atkvæðagreiðslu eða því hefir verið synjað staðfestingar. — Skrifleg yfirlýsing lánardrottna um samþykki þeirra skal fylgja frumvarpinu. — **6. gr.** Rétt er skuldunaut að breyta frumvarpi sínu eða auka við það, þar til það er borið upp á skiptafundi til umræðu. Eftir það getur skuldunautur ekki breytt eða aukið við frumvarpið, nema eftir áskorun eins eða fleiri atkvæðismanna eða samkvæmt leiðbeiningum skiptaréttar. — **7. gr.** Skiptaráðandi leggur frumvarp að nauðasamningi þegar fram í skrifstofu sinni er hann hefir úrskurðað það tækt, og skal það liggja frammi viku að minnsta kosti til sýnis lánardrottnum. Framlagning frum-

1924 Nr. 19 4. júní

a) II, 234.

1) Sbr. nú l. nr. 19, 12. febr. 1940, § 250.

varps skal birta með þeim hætti, er skiptaréttí þykir hlýða. Framlagningartíminn telst frá auglýsingardegi. — Nú þykir skiptarétti frumvarp að nauðasamningi ekki tækt, sbr. 4. og 5. gr., og skal hann þá kveða upp rökstuddan úrskurð um það, enda hafi skuldunautur átt kost á að tala máli sínu áður. — Úrslit eftir 1. og 2. málsgr. tilkynnir skiptaréttur skuldunaut þegar í stað. — **8. gr.** Skiptaréttur auglýsir með þeim hætti, er honum þykir hlýða, að frumvarp að nauðasamningi verði lagt fram á skiptafundi nánar tilteknum. Ef þess er kostur, þá skal leggja frumvarpið fyrir fund þann, er rannsakar framkomnar kröfur (37. gr. skiptalaganna). Ella skal halda fund til að ræða frumvarpið svo fljótt sem kostur er. — Skiptaréttur getur frestað umræðum eða atkvæðagreiðslu um frumvarp frá einum fundi til annars, ef honum þykir það nauðsynlegt eða hentugt. Til þeirra funda skal boða sem til skiptafunda (23. gr. skiptalaganna). — **9. gr.** Meðan meðferð nauðasamnings stendur yfir má ekki selja eignir búsins framar en nauðsynlegt kann að vera til greiðslu þeirra skulda, sem nauðasamningur tekur ekki til, og yfir höfuð skal búinu haldið í því horfi á meðan, að hagur skuldunauts raskist sem minnst vegna skiptameðferðarinnar á búi hans. — **10. gr.** Allir lánardrottnar skuldunauts, þeir er lýst hafa í tækan tíma kröfum sínum, eða kröfur þeirra eru án þess teknar til greina, og greiðslu eiga að fá af eignum búsins (13. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894),[1]) hafa atkvæðisrétt um frumvarp að nauðasamningi, nema einhverjar þær takmarkanir eða undantekningar, sem hér fara á eftir, taki til þeirra. — **11. gr.** Nú á lánardrottinn fleiri en eina atkvæðiskröfu, og hefir hann þó að eins eitt atkvæði, þegar atkvæðismenn eru taldir, en kröfur hans eru samanlagðar, þegar reikna á kröfumagn með samningi og móti. — Nú fer sami maður með umboð fleiri atkvæðismanna, og skulu þá hverjum þeirra talin atkvæði eins og þeir hefðu sjálfir farið með atkvæðisrétt sinn. — Ef fleiri en einn eiga kröfu saman, þá fara þeir allir (báðir) með eitt atkvæði. — **12. gr.** Þessir lánardrottnar eiga ekki atkvæði um frumvarp að nauðasamningi: 1. Þeir, sem hlutbundinn rétt hafa yfir eignum búsins til tryggingar kröfu sinni, að því leyti sem tryggingin telst nægileg til að greiða kröfuna. Um þann hlutann, sem eigi telst tryggður, hafa þeir atkvæðisrétt. 2. Þeir, er forgangskröfur eiga á hendur búinu (82. og 83. gr. skiptalaganna). 3. Þeir, er kröfu gera til gjafa úr búinu. 4. Maki skuldunauts, frændur hans að feðgatali eða niðja, tengdaforeldri og tengdabörn eða unnusti eða unnusta hans. 5. Þeir, er nota kröfu til skuldajafnaðar (20. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894).[1]) Ef krafa er ekki öll höfð til skuldajafnaðar, fylgir henni atkvæðisréttur að því leyti. 6. Þeir, er eignazt hafa fyrir framsal kröfu á hendur skuldunaut eftir upphaf gjaldþrotaskipta (8. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894),[2]) eða eftir að skuldunautur hefir skilað skiptarétti árangurslaust frumvarpi að nauðasamningi til þess að afstýra gjaldþrotaskiptunum, nema aðili hafi eignazt kröfuna vegna skuldbindingar, er hann hefir tekið á sig fyrir þann tíma, svo sem ábyrgð, sem hann hefir undirgengizt fyrir skuldunaut og eigi greitt fyrr en eftir upphaf skipta. — Vextir áfallnir eftir upphaf gjaldþrotaskipta teljast ekki með, þegar reikna skal kröfumagn. 7. Þeir, er hafa afsalað sér hlutbundnum tryggingarrétti, skuldajafnaðarheimild eða forgangsrétti eftir þann tíma, sem í 6. tölul. segir, nema að því leyti, sem þeir kynnu ella að hafa átt atkvæðisrétt, sbr. 1. og 5. tölul. 8. Þeir, er eiga skildagaðar kröfur, en skildaginn er ekki fram kominn. — **13. gr.** Nú skilur menn á um kröfu, hvort sem ágreiningurinn er um sæti kröfu í skuldaröð, tilvist hennar, tryggingu eða annað, og hefir lánardrottinn þá ekki atkvæðisrétt að sinni. En ef svo reynist, að úrslit kynnu að verða önnur, ef þeir tækju þátt í atkvæðagreiðslu, er deilukröfur eiga, þá skal skiptaréttur rannsaka lögmæti þeirra krafna og að lokinni rannsókn skera úr því, hverjar þeirra og með hvaða fjárhæð skuli verða atkvæðakröfur. En ekki bindur sá úrskurður, ef síðar verður leitað dómsúrlausnar um þær kröfur. — **14. gr.** Atkvæðisrétt hefir lánardrottinn um frumvarp að nauðasamningi, þó að krafa hans hafi ekki verið viðurkennd. En ekki missir skuldunautur þar fyrir réttinn til að mótmæla kröfunni. — Atkvæðisréttur fylgir kröfu, þó að hún sé ekki fallin í gjalddaga. — **15. gr.** Frumvarp skal telja samþykkt með þeim hætti, sem hér segir: 1. Ef skuldunautur býðst til að greiða 50% eða meira af samningskröfum — og þar með talin full greiðsla, en

1) Sbr. nú l. nr. 25, 14. júní 1929, § 11.

1924 Nr. 19 4. júní

1) Sbr. nú l. nr. 25, 14. júní 1929, § 17. — 2) Sömu lög, § 5.

1924 Nr. 19 4. júní

greiðslufrestur er áskilinn —, þá þarf samþykki ⅔ atkvæðismanna, er fari með að minnsta kosti ⅔ af atkvæðiskröfum. 2. Ef skuldunautur býður minna en 50% af samningskröfum, en þó meira en 20%, þá þarf samþykki ¾ í báðar áttir. 3. Ef skuldunautur býður 20% eða minna, þá þarf samþykki ⅚ í báðar áttir. — **16. gr.** Nú fæst einungis nægur meiri hluti með frumvarpi í aðra áttina, og skal skiptaréttur þá ákveða fund af nýju, er haldinn sé ekki síðar en 14 dögum eftir. Ef þá fæst ekki nægur meiri hluti í báðar áttir, þá er frumvarpið fallið. — Þeir, sem greiddu atkvæði með frumvarpi á fyrra fundinum, teljast og gera það á síðara fundinum, enda þótt þeir sæki hann ekki, nema þeir hafi tjáð skiptarétti, að þeir hafi vikið frá atkvæði sínu. — **17. gr.** Nú er frumvarp samþykkt á fundi, og skal skiptaréttur, eftir því sem honum þykir þurfa, rannsaka öll þau atriði, er máli skipta að lögum um gildi og staðfestingu samningsins. Rétt er skiptarétti að stefna fyrir sig í því skyni og að viðlögðum þingvítisbótum með gestaréttarfyrirvara þeim mönnum, er telja má líklegt, að upplýsingar geti gefið, enda hefir skiptaréttur vald til að spyrja og eiðfesta vitni um öll þessi atriði. Ef vitni á varnarþing í öðru lögsagnarumdæmi, skal héraðsdómari þar spyrja það eftir tilmælum skiptaréttar. — **18. gr.** Ef allir atkvæðismenn hafa sótt fund, þar sem frumvarp að nauðasamningi hefir hlotið samþykki (15. gr.), þá getur skiptaréttur þegar staðfest samninginn, eftir atvikum að lokinni rannsókn samkvæmt 17. gr. Nú hafa ekki allir atkvæðismenn sótt fund, og á skiptaréttur þá að skora á þá með auglýsingu í Lögbirtingablaði að bera upp fyrir honum rökstudd mótmæli gegn frumvarpinu innan 14 daga frá birtingu auglýsingarinnar. Ef engin mótmæli koma, þá getur skiptaréttur þegar staðfest samninginn með þeim hætti, sem sagt var. Annars kostar boðar skiptaréttur til fundar af nýju með viku fyrirvara, nema sjálfur þurfi hann lengri frest til rannsóknar samkvæmt 17. gr., og á þeim fundi tekur hann svo ákvörðun um það, hvort staðfesta skuli samning eða ekki, enda hafi atkvæðismenn fengið kost á að lýsa áliti sínu á framkomnum mótmælum. — Birta skal einu sinni í Lögbirtingablaði, ef samningur hefir fallið eða hefir ekki fengið staðfesting. — Skiptaréttur kveður upp rökstuddan úrskurð um staðfesting nauðasamnings og synjun staðfestingar. — **19. gr.** Skiptarétti er skylt að leiðbeina aðiljum eftir grundvallarreglum um meðferð almennra einkamála í héraði. — **20. gr.** Synja skal skiptaréttur um staðfesting á nauðasamningi, ef 1. Það kemur í ljós eftir samþykkt hans, að fyrirmæli 4. gr. standa staðfestingu í vegi. 2. Í samningi eru fyrirmæli í óhag einhverra þeirra lánardrottna, er samningur bindur ekki, enda hafi samþykki þeirra ekki komið til. 3. Einhverjum samningsmanna eða öðrum er eða hefir verið ívilnað í samningnum eða í sambandi við samningagerðina án samþykkis allra atkvæðismanna, eða ef réttur einhvers samningsmanns er fyrir borð borinn án samþykkis hans. 4. Skiptaráðanda þykir víst, að skuldunautur eða aðrir hafi gefið rangar skýrslur um veruleg atriði og ætla megi, að þær skýrslur hafi skipt máli um ákvörðun lánardrottnanna, er þeir samþykktu frumvarpið. 5. Ekki þykja sæmilegar líkur fyrir efndum nauðasamnings. 6. Einhver samningsmanna krefst þess og sýnt er, að samningurinn brýtur verulega bág við sameiginlega hagsmuni samningsmanna, svo sem ef skuldauppgjöfin er að mun meiri eða gjaldfrestur að mun lengri en skuldunautur hefði þurft að fá, eða trygging er stórum minni en honum hefði verið unnt að veita. — **21. gr.** Þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu skiptaréttar, bindur hann alla þá, er atkvæðisrétt eiga um frumvarp að honum, og ennfremur þá skuldheimtumenn, sem eigi hafa atkvæðisrétt og 3., 4., 6., 7. og 8. tölul. 12. gr. segir, og þá, sem í 13. gr. getur, þótt þeir hafi verið úrskurðaðir frá atkvæðisrétti. — **22. gr.** Nauðasamningur hefir sömu verkanir sem dómssátt væri milli skuldunauts og samningsmanna, ef kröfur þeirra hafa verið viðurkenndar í samningnum (sbr. 13. og 14. gr.). — **23. gr.** Nauðasamningur haggar ekki heimild lánardrottins til þess að ganga að veði, sem þriðji maður kann að hafa sett til tryggingar samningskröfu né til að krefjast fullrar greiðslu af ábyrgðarmanni eða öðrum, sem ábyrgjast slíka skuld jafnframt skuldunaut. — **24. gr.** Nauðasamningur leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem frá er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar. — Nú greiðir þriðji maður, ábyrgðarmaður, samskuldari o. s.

1924 Nr. 19 4. júní

frv. þann hluta skuldar, sem skuldunautur tók á sig með nauðasamningi, og er honum þá skylt að greiða þriðja manni hundraðshlutann samkvæmt nauðasamningi að réttri tiltölu við það, sem hinn hefir greitt. — **25. gr.** Nú er krafa deilukrafa eða skildöguð, en skildagi ekki fram kominn, eða krafa hefir ekki verið viðurkennd, og er skiptaréttí þá skylt, ef aðili krefst þess, að binda staðfestingu því skilyrði, að lagt verði fé til hliðar fyrir svo miklu af hverri slíkri kröfu, er svarar til þess, sem greitt er þegar eða greiða á á næstu 6 mánuðum af öðrum samningskröfum, þó þannig, að aldrei verði kostur þessara samningsmanna betri en kostur annarra um greiðslur samkvæmt nauðasamningi. — Ef krafa er deilukrafa, verður lánardrottinn þó að höfða mál til greiðslu eða viðurkenningar hennar áður 6 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu nauðasamnings. Ef krafa er skildöguð, getur skuldunautur krafizt tryggingar aftur, ef skildagi er eigi framkominn áður ár er liðið frá sama tíma. — **26. gr.** Ekki eru samningsmenn leystir undan ákvæðum nauðasamnings framar en í lögum þessum segir, þótt hann verði ekki efndur. — Nú býður skuldunautur til nauðasamninga af nýju eða bú hans verður tekið til skiptameðferðar sem þrotabú eða skuldfrágöngudánarbú áður en hann hefir að fullu efnt nauðasamning, og er þá samningsmönnum rétt að heimta samningskröfur sínar með fullri upphæð, að því frádregnu, sem þegar kann að vera greitt, eins og ef enginn nauðasamningur hefði verið gerður. Samsvarandi gildir um ábyrgðarmenn og aðra, er greitt kunna að hafa skuldir fyrir skuldunaut, sbr. 24. gr. — **27. gr.** Staðfestan nauðasamning skal skrásetja í skiptabók, enda skulu allir þeir, er greitt hafa atkvæði með honum, undirrita hann í skiptabókinni. — Áður en bú er afhent skuldunaut skal þess gætt, að allir skuldheimtumenn, sem nauðasamningur tekur ekki til, hafi fengið sitt eða fulla tryggingu, nema þeir samþykki framsal búsins með öðrum kostum. Ef skuldunautur skyldi greiða samningsmönnum að einhverju leyti eða öllu þegar í stað eða setja tryggingu, þá ber skiptaréttí og að afhenda ekki búið fyrr en það hefir verið gert, nema samþykki aðilja komi til. — Loks getur skiptaréttur haldið búinu í umsjá sinni, þar til greiddur hefir verið allur kostnaður af samningagerð og skiptum. — Skiptaréttur gerir skuldunaut skil fyrir meðferð sinni á búinu. — **28. gr.** Ef nauðasamningur hlýtur staðfestingu, þá skal þegar birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði.[1]) Einnig skal birta þá eða síðar, sbr. 3. mgr. 27. gr., með sama hætti tilkynningu um framsal búsins í hendur skuldunaut. Svo skal og tilkynna til firmaskrár og hlutafélaga- og samvinnufélagaskrár, ef þau félög eiga hlut að máli, staðfestingu og aðalefni nauðasamnings og framsal bús í hendur skuldunaut. Tilkynningu skal fylgja eftirrit af nauðasamningi og staðfestingarúrskurði, eða dómi um staðfestingu, ef staðfesting hefir fengizt fyrir áfrýjun. — **29. gr.** Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings, 1. Að skuldunautur hefir sjálfur, eða þriðji maður með vitund hans, ívilnað samningsmanni eða heitið honum ívilnun fram yfir aðra áður en samningagerðin hófst eða meðan hún stóð yfir, enda megi telja ívilnun hafa haft áhrif á samningagerðina. 2. Að nauðasamningur hafi komizt á fyrir óráðvandlegt atferli af hálfu skuldunauts, svo sem vísvitandi rangar skýrslur hans um hag hans, undanskot fjár o. s. frv., eða 3. Að skuldunautur hefir í sambandi við gjaldþrotaskiptin gert sig sekan um atferli, sem varðar refsingu eftir 262. eða 263. gr. almennra hegningarlaga,[2]) eða hefir greint vísvitandi rangt frá um atriði, sem máli skipta, í bókum þeim, er hann hefir haldið, — og er honum þá skylt að greiða samningsmönnum, sem ekki hafa tekið þátt í því atferli, sem nú var talið, kröfur þeirra með fullri upphæð eigi síðar en á upphaflegum gjalddaga, svo og ábyrgðarmönnum og samskuldurum sínum það allt, er þeir kunna að greiða eða hafa greitt og skuldunaut hefði verið skylt að endurgreiða, ef nauðasamningur hefði enginn verið gerður. Samningsmenn halda og óskertum rétti sínum gagnvart þriðja manni, er ábyrgist samningskröfu eða sett hefir veð til að tryggja hana. — **30. gr.** Nú líða 3 ár og 6 mánuðir svo, að samningsmaður hefir ekki fengið viðurkenningu skuldunauts um ónýting nauðasamnings vegna fyrirmæla 29. greinar, eða hann hefir ekki höfðað mál til ónýtingar nauðasamningi, og er hann þá bundinn við samninginn.

III. kafli. — Um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi skuldunauts. — 31. gr. Nú vill skuldunautur, er eigi hyggst

1) Sbr. l. nr. 25, 14. júní 1929, § 37. — 2) Sbr. nú l. nr. 19, 12. febr. 1940, § 250.

1924 Nr. 19 4. júní

geta staðið í skilum við lánardrottna sína, gera nauðasamning, og skal hann þá afhenda skiptarétti þeim, er fara skyldi með skipti á búi hans, skriflega beiðni um það, að hann geri ráðstafanir til samningatilrauna. — Beiðni skal fylgja: 1. Greinargerð um orsakir til þess, að skuldunautur leitar nauðasamninga. 2. Efnahagsreikningur skuldunauts, gerður á þeim tíma, að engin veruleg breyting geti hafa orðið á efnahag hans síðan. 3. Sundurliðuð skrá yfir eignir skuldunauts, gerð á sama tíma sem efnahagsreikningur hans, og sé í skránni nákvæm skýrsla um fasteignir hans, skip, lausafé, kröfur, er hann á hjá öðrum, o. s. frv. 4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna skuldunauts, nafn hvers lánardrottins, skuldarupphæð, gjalddagi, trygging fyrir skuld o. s. frv. 5. Skrá um bækur, er skuldunautur heldur, hvort sem hann er bókhaldsskyldur eða ekki. 6. Drengskaparyfirlýsing um það, að skýrslur hans samkvæmt 1.—5. tölulið séu gefnar eftir beztu vitund. 7. Frumvarp að nauðasamningi, og sé þar tekið til, hvern hundraðshluta af skuldum sínum aðili hyggst að greiða, hvenær greiðslur eigi að fara fram, hverja tryggingu hann ætli að setja, ef því er að skipta, og annað, er hann vill hafa í nauðasamningi. 8. Meðmæli frá að minnsta kosti ¼ væntanlegra samningsmanna, bæði að tölu og kröfumagni. 9. Fjárhæð, 50—200 kr., eftir ákvörðun skiptaréttar, til greiðslu kostnaðar af samningatilraunum. — **32. gr.** Þeim, sem ekki hafa rétt til að leita nauðasamninga meðan bú þeirra sætir gjaldþrotameðferð (4. gr.), er og meinað að leita nauðasamninga samkvæmt 31. gr. — Nú hefir skuldunautur borið fram frumvarp að nauðasamningi á síðustu 12 mánuðum, er annaðhvort hefir fallið eða verið synjað staðfestingar, og má skiptaráðandi þá ekki taka frumvarp hans til meðferðar, ef ætla má, eftir efni frumvarpsins að dæma, að úrslitin hljóti að verða hin sömu sem síðast. — Nú hefir gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts lokið svo fyrir missiri eða skemmri tíma, að skuldunaut hefir eigi verið fengið bú sitt til frjáls forræðis, eða hann hefir gert nauðasamning fyrir 12 mánuðum og eigi efnt hann, og má þá eigi leita nauðasamninga fyrir hann, nema samþykki og yfirlýsing lánardrottna samkvæmt 5. gr. komi til. — **33. gr.** Skiptaráðandi skal þegar skrá í skiptabók athugasemd um, að beiðni samkvæmt 31. gr. sé til hans komin, og nefna fylgiskjöl með henni, enda skal nákvæmlega greina dag og stund, er beiðnin kom í skrifstofu skiptaréttar. Ef þörf þykir, rannsakar skiptaréttur málavöxtu, eftir atvikum með þeim hætti, sem í 17. gr segir, áður en hann úrskurðar, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki. Einnig kveður skiptaréttur skuldunaut á fund sinn, ef þörf þykir, enda er skiptarétti skylt að leiðbeina skuldunaut og veita honum kost á að lagfæra það, er ábótavant þykir vera um beiðnina eða fylgiskjöl með henni eða annað. — Jafnskjótt sem unnt er leysir skiptaréttur úr því með rökstuddum úrskurði, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki. — Ekki skal taka beiðni til meðferðar og niður falla samningatilraunir, ef þær eru byrjaðar, ef 1. Svo reynist ástatt sem í 32. gr. segir. 2. Skuldunautur veitir skiptarétti ekki þá fræðslu um efnahag sinn, sem hann er krafinn um og máli skiptir, að áliti skiptaréttar, svo og ef skuldunautur þverskallast við fyrirmælum skiptaréttar um meðferð á búi sínu (36. gr.). 3. Ekki verður komizt að sæmilega áreiðanlegri niðurstöðu um hag skuldunauts. 4. Skuldunautur fer svo úr lögsagnarumdæminu, að ekki verði náð nógu skjótlega til hans, þegar þörf er, að dómi skiptaréttar. 5. Víst þykir, að óhjákvæmilegt verði að synja samningi staðfestingar, enda breyti skuldunautur honum ekki í það horf, sem skiptaréttur telur nauðsyn til bera. 6. Skuldunautur ívilnar einstökum samningsmönnum meðan á samningatilraunum stendur. — **34. gr.** Nú synjar skiptaréttur að taka til greina beiðni samkvæmt 31. gr., og skal hann þegar skýra skuldunaut frá því. — Ef beiðnin er tekin til greina, hvort sem það er gert eftir úrskurði skiptaréttar eða úrlausn æðra dóms, þá skal telja samningaráðstafanir byrjaðar frá þeirri stundu, er beiðni um þær kom til skiptaréttar. — **35. gr.** Frá því er samningatilraunir byrja (34. gr.) og þar til þeim er lokið má enginn væntanlegra samningsmanna kyrrsetja fjármuni skuldunauts né gera aðför í þeim. — Frá upphafi samningstilrauna og þar til atkvæðagreiðslu lánardrottna um nauðasamning er lokið getur enginn samningsmanna látið taka bú skuldunauts til gjaldþrotameðferðar, sbr. þó 36. gr., nema hann hafi til þess samþykki atkvæðismanna, er fari með nægilegt atkvæðamagn til þess að fella nauðasamning. Eftir að samningur er samþykktur og þar til skiptaréttur hefir úrskurðað um staðfestingu hans getur eng-

1924 Nr. 19 4. júní

1924 Nr. 19 4. júní

inn samningsmanna fengið bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta. — Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu lánardrottins eftir þessari málsgrein, og skal þá telja riftingarfresti (22., 23., 25., 26. og 28. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894)[1]) til upphafs nauðasamninga (34. gr.). — Lánardrottnar þeir, sem nauðasamningur bindur ekki, geta gengið að skuldunaut lögum samkvæmt þrátt fyrir samningatilraunirnar. — **36. gr.** Frá því að beiðni samkvæmt 31. gr. er komin til skiptaréttar og þar til samningagerð er lokið má skuldunautur ekki greiða neinum af væntanlegum samningsmönnum skuldir hans, eindagaðar eða óeindagaðar, né veita neinum samningsmanni ívilnanir fram yfir hina. — Skuldunautur fer með bú sitt og heldur áfram atvinnurekstri sínum meðan á samningatilraunum stendur, undir umsjá skiptaréttar eða annars umsjármanns, er skiptaréttur setur, ef honum þykir þess þörf. — Skuldunautur má ekki veðsetja eignir sínar frá því að samningatilraunir hófust (34. gr.) og þar til þeim er lokið. Ekki er honum heldur heimilt að selja, leigja eða láta af hendi með öðrum hætti fasteignir sínar né skrásett skip sín. Aðrar eignir getur hann af hendi látið, ef afhendingin verður talin til venjulegra ráðstafana í atvinnurekstri hans. Ekki má skuldunautur heldur taka lán né stofna nýjar skuldir fram yfir það, sem nauðsynlegt er til atvinnurekstrar hans eða heimilisframfærslu að áliti skiptaréttar. — Ógildar eru ráðstafanir skuldunauts þær, sem honum eru bannaðar samkvæmt 3. málsgr., nema ákvörðun um samningagerð hafi ekki verið birt (37. gr.) og kaupunaut hafi verið ókunnugt um hana, enda verði honum ekki á þeim ókunnugleika sök gefin. Ef skuldunautur brýtur fyrirmæli þessarar greinar verulega, þá skal skiptaréttur taka bú hans til gjaldþrotaskipta, ef einhver lánardrottna hans krefst þess. — **37. gr.** Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið, að beiðni samkvæmt 31. gr. skuli til greina tekin, skal skiptaréttur birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði áskorun til allra þeirra lánardrottna skuldunauts, er væntanlegur nauðasamningur bindur og kröfur áttu á hendur honum við upphaf samningatilrauna (34. gr.), um að lýsa fyrir skiptarétti kröfum sínum innan 4 vikna frá síðustu birtingu auglýsingar. Auglýsingu skal einnig þinglýsa á varnarþingi skuldnauts og á varnarþingi skipa og fasteigna hans. Fyrir þinglýsingar þessar greiðist ekkert gjald.[a]) — Eigi missir lánardrottinn kröfu sinnar, þótt hann lýsi henni ekki samkvæmt 1. málsgr., en ekki hefir hann rétt til að taka þátt í meðferð frumvarps að nauðasamningi, nema kröfulýsing hans sé komin til skiptaréttar að minnsta kosti viku fyrir þann fund, er atkvæðagreiðsla um frumvarpið skal byrja.[b]) Og ekki skal fresta meðferð frumvarps vegna lánardrottna, er eigi hafa lýst kröfum sínum samkvæmt 1. málsgr. — Í auglýsingu þeirri, sem í 1. málsgr. getur, skal einnig boðað til fundar til þess að ræða frumvarp að nauðasamningi, og ef til vill greiða atkvæði um það, og skal ekki hafa þann fund síðar en 14 dögum eftir lok kröfulýsingarfrests. — Loks skal skiptaréttur tilkynna öllum væntanlegum samningsmönnum í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti, ef bréf mundu ekki berast nægilega fljótt, að nauðasamninga verði leitað fyrir skuldunaut, að kröfum skuli lýst innan ákveðins tíma (sbr. 1. málsgr.) og að fundur verði haldinn til að ræða og ef til vill greiða atkvæði um frumvarpið (sbr. 3. málsgr.). Ekki raskar það þó gildi nauðasamnings, þó að lánardrottni hafi ekki borizt tilkynning samkvæmt þessari málsgr. — Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið að taka beiðni skuldunauts til greina skal leggja hana með fylgiskjölum (31. gr.) fram í skrifstofu skiptaréttar til sýnis lánardrottnum, enda eiga þeir rétt á að fá eftirrit af frumvarpi að nauðasamningi fyrir lögmælt ritlaun. — **38. gr.** Skuldunautur getur afturkallað frumvarp sitt þangað til skiptaréttur hefir lýst því yfir, að atkvæðagreiðsla um það skuli fara fram. Afturköllun skal auglýsa í Lögbirtingablaði og þinglýsa samkvæmt 1. málsgr. 37. gr. — Breytingar getur skuldunautur gert á frumvarpi sínu og viðauka við það með sama hætti sem í 6. gr. segir. Sker skiptaréttur svo úr því, hvort frumvarp, þannig breytt, fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að samningatilraunir megi halda áfram. — **39. gr.** Að liðnum kröfulýsingarfresti semur skiptaréttur skrá yfir allar framkomnar kröfur, bæði nöfn og heimili lánardrottna, skuldarupphæð eða efni kröfu að öðru leyti, gjalddaga ásamt athugasemd um það, hvort

1924 Nr. 19 4. júní

1) Sbr. nú l. nr. 25, 14. júní 1929, §§ 19—22, 25—26 og 29.

a) X, 383. — b) XV, 26.

skuldunautur viðurkenni kröfu eða mótmæli henni, hvort krafa sé skildöguð o. s. frv. Einnig gerir skiptaréttur skrá um eignir og skuldir skuldunauts, ef ekki hefir reynzt unnt að fara eftir skrá þeirri, er skuldunautur hefir sjálfur afhent (31. gr.). Skjöl þessi, svo og breytingartillögur og viðaukatillögur skuldunauts við frumvarpið, skal leggja fram í skrifstofu skiptaréttar. — **40. gr.** Ef nauðsyn ber til, þá getur skiptaréttur tekið sér aðstoð við rannsókn á búinu og eftirlit á kostnað skuldunauts. Skiptaréttur ákveður þóknun til handa aðstoðarmönnum sínum. — **41. gr.** Á fundi þeim, sem í 3. málsgr. 37. gr. segir, leggur skiptaréttur fram skjöl þau öll, sem í 31. og 40. gr. getur. — Sækja skal skuldunautur þann fund, nema sjúkdómur, veður eða vötn banni. Skal hann senda einhvern góðan mann í stað sinn, ef þess er kostur. Nú telur skiptaréttur víst eða líklegt, að skuldunautur hafi hvorugt mátt gera, og frestar hann þá fundi hæfilegan tíma. Ef skuldunautur sækir ekki fund að forfallalausu, þá falla samningatilraunir niður samkvæmt úrskurði skiptaréttar. Úrskurð skal birta eins og mælt er í fyrri málsgr. 38. gr. — Skuldunaut er skylt að veita lánardrottnum sínum á fundi allar þær skýringar og upplýsingar, sem hann má og máli skipta. — Einnig er einstökum lánardrottnum skylt að svara spurningum skiptaréttar og annarra lánardrottna um skipti hans við skuldunaut. Ef lánardrottinn svarar ekki, enda þótt telja megi hann munu geta það, eða svarar vísvitandi rangt um veruleg atriði, þá getur skiptaréttur úrskurðað, að hann skuli hafa fyrirgert atkvæðisrétti sínum um frumvarpið. Og auk þess varðar atferli lánardrottins refsingu eftir 147. og 149. gr. alm. hegningarlaga.[1]) — Ef fundi er frestað, boðar skiptaréttur til fundar af nýju með þeim hætti, sem honum þykir hlýða. — **42. gr.** Hver sem skuldar þeim, er nauðasamninga leitar, getur, ef nauðasamningur kemst á, dregið frá það, sem hann kann að eiga hjá honum, hvernig sem kröfu og gagnkröfu er varið, enda hafi gagnkröfuhafi eða sá, sem hann hefir erft kröfu eftir, öðlazt hana áður en auglýsing um nauðasamninga var birt (37. gr.), án þess að honum væri þá kunnugt um, að skuldunautur undirbyggi þá eða leitaði nauðasamninga, eða gagnkrafan stafar af skuldbindingu, sem gagnkröfuhafi hefir undirgengizt fyrir þennan tíma, og svo var ástatt um skuldunaut og vitneskju hins, sem fyrr var sagt. Nú leikur vafi á um það, hvenær gagnkrafa er til orðin, og getur gagnkröfuhafi þá staðfest skýrslu sína þar um með eiði fyrir skiptarétti. — Meðan samningagerð stendur yfir má skuldunautur ekki framselja viðskiptabréfskröfur sínar með þeim hætti, að skuldajafnaðarheimild glatist, nema aðilja sé sett trygging fyrir því tjóni, er hann kann að bíða þar af. — Ef gagnkröfuhafi krefst þess, þá skal skiptaréttur skrá á viðskiptabréf skuldunauts, þegar nauðasamningur er staðfestur, að aðilja sé áskilin skuldajafnaðarheimild samkvæmt þessari grein, þó að bréfið verði framselt, nema gagnkröfuhafa sé sett trygging við tjóni, er hann kynni að bíða, ef skuldajafnaðarheimild hans glatast vegna framsals, og skal þá aðferð hafa, ef bréfið er víxill. — Ákvarðanir skiptaréttar um gagnkröfur samkvæmt þessari grein eru ekki bindandi, ef ágreiningur verður síðar um þær. — **43. gr.** Þeir, sem öðlazt hafa kröfur á hendur skuldunaut fyrir upphaf nauðasamninga (34. gr.), hafa atkvæðisrétt um þá eftir þeim reglum, sem í 11.—14. gr. segir.[a]) — Nauðasamningur tekur yfir óeindagaðar kröfur, en rétt er að draga frá sparisjóðsvexti frá greiðsludegi og til gjalddaga, ef fyrr er greitt. — Rétt er að meta til peningaverðs allar kröfur á hendur skuldunaut, er nauðasamningur tekur til, ef það er nauðsynlegt til að koma jöfnuði á milli allra samningsmanna og til að reikna atkvæðamagn með nauðasamningi og móti. — Um atkvæðamagn og samþykkt nauðasamninga fer annars eftir 15. og 16. gr. — **44. gr.** Nauðasamningur er gildur, þegar skiptaréttur hefir staðfest hann. Fara skal skiptaréttur eftir 17.—18. gr. — Skiptaréttur synjar staðfestingar: 1. Ef það kemur í ljós eftir samþykkt nauðasamnings, að fyrirmæli 32. gr. standa staðfestingu í vegi. 2. Ef svo stendur á sem í 2.—6. tölul. 20. gr. segir. — **45. gr.** Svo fer um skrásetningu nauðasamnings í skiptabók og undirskrift lánardrottna sem í 27. gr. er mælt. — Auglýsing og tilkynning um synjun og staðfesting nauðasamnings skal fara eftir 28. gr. — **46. gr.** Um verkanir nauðasamnings fer eftir 21.—26. gr., sbr. 43. gr. — Sá, er forgangskröfu á á hendur skuldunaut, heldur forgangsrétti sínum þar til mánuði eftir lok nauðasamninga, enda þótt krafan sé þá orðin það gömul, að for-

1) Sbr. nú l. nr. 19, 12. febr. 1940, §§ 142, 144 og 146.

a) X, 383.

gangsréttur á búi skuldunauts væri þá annars glataður. — **47. gr.** Skuldunautur, sem hefir í frammi nokkra þá athöfn, sem í 262. og 263. gr. almennra hegningarlaga segir[1]) meðan á nauðasamningatilraunum stendur eða eftir að hann var tekinn að hyggja á slíka samninga, sæti refsingu eftir þeim greinum. — **48. gr.** Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings: 1. Að svo hefir verið farið að sem í 1. og 2. tölul. 29. gr. segir, eða 2. Að skuldunautur hefir gerzt sekur samkvæmt 47. gr., eða hefir greint vísvitandi rangt frá í bókum sínum um atriði, sem máli hafa skipt um samþykkt eða staðfestingu nauðasamnings, og fer þá um gildi hans samkvæmt 1. og 2. málsgr. 29. gr.

IV. kafli. — Áfrýjun. — 49. gr. Ákvörðunum skiptaréttar samkvæmt II. og III. kafla laga þessara má skjóta til hæstaréttar eftir þeim reglum, sem hér segir.[a]) — **50. gr.** Úrskurði, þar sem beiðni eftir 3. og 31. gr. er tekin til greina, verður ekki áfrýjað. — Úrskurði, þar sem synjað er að taka beiðni samkvæmt 3. og 31. gr. til greina, úrskurði, þar sem ákveðið er, að samningatilraunir skuli falla niður eða þar sem nauðasamningi er synjað staðfestingar, getur skuldunautur einn áfrýjað. — Öðrum ályktunum skiptaréttar getur hver sá áfrýjað, er ályktun varðar hag hans að lögum. — Áfrýjunarfrestur er vika frá uppkvaðning úrskurðar eða frá lokum þeirrar dómsathafnar, er áfrýja skal. Úrskurði um staðfestingu á nauðasamningi má þó áfrýja innan 14 daga. — Úrskurði hæstaréttar um þóknun aðstoðarmanna skiptaréttar eftir 40. gr. má fullnægja með aðför í búi skuldunauts, ef á þarf að halda. — **51. gr.** Áfrýja má þegar ákvörðunum skiptaréttar, en ekki stöðvar áfrýjun samningatilraunir. — Nú er úrskurðað, að samningatilraunir skuli niður falla, eða nauðasamningi er synjað staðfestingar, og skal þá ekki telja samningatilraunum lokið fyrr en liðinn er áfrýjunarfrestur, enda sé áfrýjunarbeiðni þá ekki fram komin, eða hæstiréttur hefir staðfest úrskurðinn. — Ef úrskurðað er, að nauðasamning skuli staðfesta, má ekki framselja skuldunaut bú hans né hætta eftirliti fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, enda hafi ekki verið áfrýjað, eða hæstiréttur hefir staðfest úrskurð skiptaréttar. — **52. gr.** . . .[1]) Nú þykir hæstarétti málið ekki nægilega skýrt, og leggur hann þá fyrir skiptarétt að afla upplýsinga þeirra, sem vantar. Skal skiptaréttur gera það svo fljótt sem kostur er á, og fer um þá rannsókn eftir 17. og 41. gr. Eftirrit rannsóknar sendir skiptaréttur hæstarétti jafnskjótt sem kostur er . . .[1])

1924 Nr. 19 4. júní

V. kafli. — Um gjöld o. fl. — 53. gr. Fyrir starfsemi skiptaréttar samkvæmt III. kafla þessara laga skal greiða gjald í ríkissjóð, sem reiknast þannig, í hlutfalli við eignir skuldunauts samkvæmt skýrslu hans eftir 31. gr.: ⅓% af fyrstu 20000 kr., ⅕% af næstu 80000 kr., ⅛% af því, sem þar er fram yfir. Þó verður lægsta gjald aldrei minna en 20 kr., og hæsta gjald aldrei meira en 500 kr. Gjaldið reiknast af heilum hundruðum, og tala, sem endar á 50 eða hærri tölu, verður hækkuð í 100, en tala, sem endar á lægri tölu, verður færð niður í 100. — Ef beiðni samkvæmt 31. gr. er synjað, skal gjalda einar 10 kr. Ef samningatilraunir falla niður áður en frumvarp að nauðasamningum er borið upp til atkvæðagreiðslu eða ef samningi er synjað staðfestingar, skal gjalda hálft gjald. — Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta 4 mánuðum eða fyrr eftir lok samningaumleitana eða eftir staðfestingu nauðasamnings, og skal þá draga það frá skiptagjaldi, sem greitt hefir verið í ríkissjóð vegna samningagerðarinnar. Þegar gjaldþrotameðferð bús lýkur með nauðasamningi, skal aldrei greiða nema ¼ skiptagjalds í ríkissjóð. — **54. gr.** Áfrýjandi greiði 20 kr. í ríkissjóð fyrir fyrirtöku máls í hæstarétti, og skal senda skiptarétti gjaldið ásamt áfrýjunarbeiðni, og vottar skiptaréttur um greiðslu þess um leið og hann sendir hæstarétti skjölin. Að öðru leyti greiðast engin gjöld fyrir meðferð máls í hæstarétti. — Hæstiréttur getur gert þeim, er áfrýjað hefir án þess að hann verði talinn hafa haft sæmilega ástæðu til þess, eða fyrir ósæmileg ummæli eða vísvitandi ósannindi í málaflutningi, að greiða 20—200 kr. sekt til ríkissjóðs. — Að öðru leyti dæmir hæstiréttur engan málskostnað. — **55. gr.** Ef skiptaréttur dregur óhæfilega störf þau, sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum, má beita 1. málsgr. 97. gr. skiptalaganna. 100 gr. sömu laga á hér og við.

1) L. nr. 19. 12. febr. 1940, § 250. — a) VII, 318.

1) Sbr. l. nr. 85, 23. júní 1936, § 224.

Lög um meðferð opinberra mála.

I. kafli. — Um það, til hvaða mála lögin taka. — 1. gr. Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til. — **2. gr.** Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum: 1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög. 2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna. 3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns. 4. Mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar. 5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja. 6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.[a]) 7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna. 8. Mál vegna heitinga. 9. Mál til ógildingar hjúskap. 10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga. 11. Mál til brottnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingum, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild. 12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra. — **3. gr.** Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

II. kafli. — Um dómendur í héraði. — 4. gr. Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og sakadómari í Reykjavík rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.[a]) — Í kaupstöðum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum. — **5. gr.** Dómsmálaráðherra getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. — Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm einum eða fleirum dómurum, er halda megi dómþing hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.[a]) — Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.[b]) — **6. gr.** Sjó- og verzlunardómur starfar að þeim málum, er í 1. og 2. tölul. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði greinir. Siglingadómur fer með þau mál, sem í lögum nr. 68/1947 segir. Um meðferð þessara refsimála fer eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. — Nú verður það uppvíst í sjó- eða verzlunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma þær í þeim dómi ásamt sjó- eða verzlunarbrotunum. — Nú kemur það upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, og skal þá rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skal þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. málsgrein. — **7. gr.** Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta. — Ákvæði 2. og 3. málsgr. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein. — **8. gr.** Skylt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa. — Undan kvaðningu eru skildir: 1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra. 2. Ráðherrar og skifstofustjórar í stjórnarráði. 3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi. 4. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra. 5. Embættislæknar og ljósmæður. — **9. gr.** Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi: 1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði. 2. Óflekkað mannorð. 3. Lögræði og fjárforræði. 4. Aldur frá 25—70 ára. 5. Sérþekking á sakarefnum. — **10. gr.** Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í með-

a) XXIII, 390.

a) V, 657, 821, VI, 606—7, IX, 484. — b) XXIV, 9, 13, 21, 83, 594; sjá og um fiskveiðibrot við l. nr. 5/1920.

1951 Nr. 27 5. marz

ferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.[a]) — **11. gr.** Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8.—10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæru til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda. — **12. gr.** Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helzt að lögum. — Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsgr. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. — **13. gr.** Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn.[b]) Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar sækjanda og verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir. — **14. gr.** Nú missir meðdómanda við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir. — **15. gr.** Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp dóma og úrskurði, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.[c]) — Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.[d]) — **16. gr.** Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi. — Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum: a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar; b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum; c. ef sökunautur er undir 18 ára aldri; d. af velsæmisástæðum eða e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings. — Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis. **17. gr.** Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir sakadómi[a]) og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kauptúnum, sbr. 2. málsgr. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi. — **18. gr.**[b]) Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum. — Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þetta. — Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli. — Sakadómari í Reykjavík skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð. — **19. gr.** Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt. — Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.[c])

III. kafli. — Um ákæruvaldið. — 20. gr. Dómsmálaráðherra fer með ákæruvaldið, sbr. þó 112.—114. gr. Hann fyrirskipar rannsókn opinbers máls og hefur yfirstjórn hennar með þeim takmörkunum, er í lögum þessum greinir. Hann kveður og á um höfðun og

a) XXIV, 56—7, 40. — b) XXIII, 304. — c) (XVII, 1, 170). — d) Um vanhæfi héraðsdómara til meðferðar tiltekins dómsmáls, V, 620, VI, 57—8, IX, 486—7, XVII, 211, XXIII, 523, XXIV, 38, 40.

a) Um lögreglurétt og aukarétt eftir eldri tíðar lögum o. fl., I, 705, II, 775, XVI, 248, XIX, 288. — b) XXIV, 110. — c) XXIV, 38; XX, 251.

1951 Nr. 27 5. marz

áfrýjun opinbers máls samkvæmt lögum þessum.[a]) — **21. gr.** Nú skal mál því aðeins höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal þá handhafi ákæruvalds og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur aðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.[b]) — **22. gr.** Handhafi ákæruvalds skal jafnan leita umsagnar viðkomandi ráðuneytis, áður en hann ákveður málshöfðun á hendur starfsmanni til refsingar fyrir brot í opinberu starfi. Ráðuneytinu ber að láta í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem kostur er. — **23. gr.** Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot er sætir málshöfðun einstaks aðila, má höfða opinbert mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi.[c]) En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök á, ef hann krefst þess, unz dómur er uppkveðinn í héraði. — **24. gr.** Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsidóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breytzt sökunaut í hag, síðan refsiákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari sent dómsmálaráðherra tillögur um niðurfellingu saksóknar. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.[d]) — Binda má niðurfelling saksóknar skilyrðum, svo sem að sökunautur sæti eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar, að honum verði komið í vist á góðu heimili tiltekinn tíma, að hann fremji ekki refsiverðan verknað tiltekinn tíma, allt að fimm árum, neyti ekki áfengra drykkja eða deyfilyfja tiltekinn tíma, greiði tiltekna sekt eða bætur, ef því er að skipta o. s. frv.

IV. kafli. — Um varnarþing. — 25. gr. Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir. — Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar. — Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þess fari fram, og má þá bera þessi atriði undir dómsmálaráðherra, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur dómsmálaráðherra af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fara fram. — **26. gr.** Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (brotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir. — Nú verður því ekki komið við eða óhagfellt þykir að höfða mál á brotavarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir. — **27. gr.** Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál skuli höfðað, en bera má hann það mál undir dómsmálaráðherra, enda þoli málið þá bið, er þar af verður. — Ef brot er framið á íslenzku skipi eða flugfari utan íslenzkrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema dómsmálaráðherra þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgreinar. — Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema dómsmálaráðherra þyki hentara að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. mgr. — **28. gr.** Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim

a) (XVI, 249). — b) I, 523, (XVI, 147), XVIII, 560, XXIII, 311, 316, XI, 512, 56, XII, 12, XXI, 253. — c) (XVIII, 561), XXIV, 215, 213. — d) XIX, 278, 283.

báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðum hér að framan.[a]) Ef mál hefur verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur dómsmálaráðherra ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga eða óhentugra að sækja þau í einu lagi. — Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi. — **29. gr.** Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða, eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá borið það atriði undir dómsmálaráðherra, sem sker úr því til fullnaðar. — Dómsmálaráðherra getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli brotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- og dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla sakargagna, til að hraða máli eða vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum dómsmálaráðherra um þessi efni verður ekki haggað í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi. — **30. gr.** Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem dómsmálaráðherra ákveður. — **31. gr.** Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sá krefjist þess, er misgert er við, eftir því sem við getur átt.

V. kafli. — Um lögreglumenn og upphaf rannsóknar. — **32. gr.** Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, fer hann með lögregluvald. Þar sem sérstakir lögreglumenn eru skipaðir, eru þeir lögreglustjóra til aðstoðar. Annars staðar aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra. — Sakadómari í Reykjavík skal stýra rannsóknum opinberra mála þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar. — Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum sakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík. — **33. gr.** Hver, sem skipaður er lögreglumaður, skal hafa lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfans. Skulu þeir einir valdir til starfans, sem telja má valinkunna og vandaða. Allir lögreglumenn, bæði þeir, sem nú eru, og þeir, er síðar verða skipaðir, skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvizkusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess. — Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum sakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík. Sakadómari hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota. — Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum erindisbréf. — **34. gr.** Lögreglumönnum ber að sýna árvekni í starfa sínum og kunna glögg skil á ábyrgð þeirri, sem starfa þeirra fylgir. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að uppljóstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þeir skulu kynna sér þau lög og reglur, sem þeir eru settir til að viðhalda, svo sem refsilöggjöf, umferðalöggjöf, áfengislöggjöf, lögreglusamþykktir o. s. frv. Þeir skulu vera kunnugir staðháttum á starfssvæði sínu, svo sem föng eru á, og vita skil á brotamönnum og háttum þeirra. Þeim ber að afla sér sérstakrar þekkingar og æfingar í rannsókn vettvangs, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum. Kunna skulu þeir að taka skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir um atburði í starfa sínum. — **35. gr.** Nú fá lögreglumenn vitneskju eða rökstuddan grun um, að refsiverð háttsemi, er beri undir opinbera ákæruvaldið, hafi drýgð verið í umdæmi þeirra, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, og ber þeim þá að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafan-

a) I, 718, II, 151, 207, 216, III, 339, IV, 108, 653, V, 43, VI, 252, VIII, 13, 340, 497, 566, 597, 638, 646, IX, 288, 431, 487—94, XII, 58, XIII, 85, 218, 300, XIV, 237, XV, 117, (147, 150, 153), 172, 219, XVII, 407, XIX, 1, XX, 300, XXI, 1, 79, 319, XXII, 240, XXIII, 128, 194, XXIV, 537.

ir, sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna[a]) og gæta þess, að þau spillist ekki, svo og framkvæma hvað eina, er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lög leyfa, svo sem: 1. Leita þeirra, sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m. a. um háttsemi og dvalarstaði á þeim tíma, sem brot var framið. 2. Finna sjónarvotta og heyrnar og aðra, sem skýrslur kunna að geta gefið til skýringar sakaratriðum, og prófa þá, svo fljótt sem kostur er,[b]) þ. á m. afla sem nákvæmastrar frásagnar um orð, útlit og háttsemi grunaðs manns, og þess, sem kveðst hafa orðið fyrir broti, þegar eftir að það tjáist hafa verið framið, athuga fjármeðferð og efnahag grunaðs manns, bæði fyrir brot og eftir, er því er að skipta. — Þegar sannreyna skal, hvort maður endurþekki annan mann, skal hann látinn benda á þann mann í hópi fleiri manna, ef þess er kostur.[c]) 3. Rannsaka vettvang, gera af honum glöggvan uppdrátt, framkvæma þar mælingar, afgirða hann eða teppa umferð um hann í bili og varna þar við röskun á ummerkjum, unz vettvangsrannsókn hefur farið fram.[d]) 4. Hafa uppi á munum, sem brot hefur verið framið með eða ætla má til þess ákveðna, svo og munum, sem brot hefur komið niður á eða gerðir hafa verið með refsiverðum verknaði,[e]) og athuga, hvort grunaður maður hefur nokkra þá muni í vörzlum sínum, er benda til vistar hans á vettvangi. 5. Athuga, hvort verknaður hefur látið eftir sig merki á mönnum eða munum, svo sem á líkama manna, klæðum, hjólför á vegi, merki eftir verkfæri, fingraför og fóta, og rannsaka eða láta rannsaka þau.[f]) 6. Hlutast til um sérfræðilega rannsókn á mönnum, munum og vettvangi, eftir því sem ástæða er til, svo sem blóðrannsókn og aðra læknisrannsókn, efna- og eðlisfræðilega rannsókn, leturrannsókn o. s. frv.[g]) 7. Annast töku ljósmynda af vettvangi, mönnum og munum eftir þörfum. — Gefa skulu lögreglumenn sakadómara í Reykjavík og annars staðar héraðsdómara skýrslu um aðgerðir, svo fljótt sem verða má. — Nú er svo mælt í lögum, að einstakur maður eigi ákæruvald eða skuli taka þátt í því, og skulu lögreglumenn þá tilkynna yfirboðara sínum málavöxtu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það ástand, sem er, eða til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram, ef reki verður gerður að málinu samkvæmt kröfu aðila. — **36. gr.** Nú fer maður með starfa og brýtur öryggisreglur, sem um hann eru settar, og skal lögreglumaður þá til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m. a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfhýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða brot er stórfellt. — **37. gr.** Við yfirheyrslu, leit, kyrrsetning muna og aðra rannsókn skal lögreglumaður hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott hið fæsta, sé þess kostur.[a]) — **38. gr.** Lögreglumenn skulu gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það, sem nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum, né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum o. s. frv. — Nú telur maður sig sæta ólögmætum harðræðum af hendi lögreglumanns, og á hann þá rétt á því að koma fyrir yfirmann lögreglumannsins, svo fljótt sem kostur er, og bera fram kvörtun fyrir honum. — **39. gr.** Lögreglumenn skulu stöðugt miða alla rannsókn sína við það, að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli, sem þeir hafa til meðferðar, og rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sektar sakaðs manns og sýknu. Þeir taka skýrslur af grunuðum mönnum og vitnum, áður en til dómara næst, og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður. Lögreglumaður lætur þann, sem hann prófar, fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir honum að gefa sönn og rétt svör við spurningum og draga ekkert undan, er máli kann að skipta, og ganga skal úr skugga um það, ef ástæða er til, hvort skýrsla prófaðs manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra. Þess skal jafnan gætt vandlega, að svör manna við spurningum séu skilmerkileg og rétt færð í letur og sem orðréttast, einkum ef um svör grunaðra manna er að tefla. — **40. gr.** Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskylt að svara spurningum, er beinlínis

a) XV, 8, XVII, 476. — b) XVII, 291, XVIII, 511. — c) XIV, 395, XXII, 411. — d) XV, 94, XVI, 1, 200, XVII, 291, XVIII, 511, 530, XIX, 492, XXI, 460. — e) XVII, 189—90. — f) XXI, 460. — g) III, 46, IX, 769, XVII, 291, 304, 518, XVIII, 530, XX, 250, 316, XXI, 433, 460.

a) XX, 251.

varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag. — Spurningar lögreglumanna skulu vera skýrar, stuttar og ótvíræðar. Ekki mega þeir reyna með nokkrum hætti að rugla mann með ósannindum eða á annan hátt, þannig að verða kynni til þess, að hann vissi miður en ella, hverju hann svaraði, eða til þess, að hann svaraði röngu. Þá mega þeir ekki gefa sökuðum manni fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi, ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða það sé ekki á valdi þeirra að veita þau. — Ekki má prófa mann lengur en 6 klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Skal hverju sinni bókað, hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur. — Lögreglumenn skulu spyrja hvern mann sér án viðurvistar annarra sakaðra eða vitna, unz ástæða kann að verða til samprófunar á síðara stigi rannsóknar.[a]) — Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára, og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd, ef þess er kostur, og getur nefndin þá sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar.[b]) — Nú kann prófaður maður ekki íslenzku eða skjali þarf að snúa af íslenzku á erlent mál eða af erlendu máli á íslenzku, og skal þá, ef kostur er og þurfa þykir, kveðja löggiltan dómtúlk og skjalaþýðanda til aðstoðar.[c]) Annars kostar skal fá þann, er færastan má telja. — Lögreglumenn gera skriflegar og nákvæmar skýrslur um rannsókn sína og staðfesta þær fyrir dómi samkvæmt ákvörðun dómara. — **41. gr.** Skylt er mönnum að viðlögðum sektum, ef þeir eru til þess kvaddir og ef þeir mega án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annarra, sem þeir eiga að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta lögreglumönnum í té muni, er hann ræður yfir, í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki, en hafa skal hann endurgjald fyrir verk og annað, er hann lætur lögreglumönnum í té samkvæmt þessari grein, og fer um það sem um annan sakarkostnað. — Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sökunauts. — **42. gr.** Nú telur sakadómari eða lögreglustjóri ekki ástæðu til þess að sinna framkominni kæru eða til að halda áfram rannsókn út af henni, og er honum þá skylt að láta kæranda í té skriflega ályktun sína þar um ásamt skjölum eða eftirriti af skjölum þeim, er málið varða. Og getur kærandi þá borið málið undir dómsmálaráðherra, sem tekur fullnaðarákvörðun um það, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram, sbr. þó 74. gr. — Nú hafa lögreglumenn framkvæmt rannsókn á hendur tilteknum sökuðum manni, en ekki hafa sakaratriði eða sakargögn þótt nægileg til ákæru, og á þá eigi að halda rannsókn áfram eða taka hana upp af nýju gegn þeim manni, nema ný sakargögn séu fram komin eða þau séu líkleg til að koma fram, enda sé refsikrafa þá eigi fyrnd að lögum eða saksókn niður felld samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þó gildir áðurgreint ákvæði ekki, ef rannsókn má telja líklega til styrktar skaðabótakröfu vegna brots, ef það þykir standa aðila á nægilega miklu að koma fram skaðabótakröfu sinni. — Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið felld niður, og á hann þá rétt á vottorði sakadómara eða lögreglustjóra um það.

VI. kafli. — Um hald á munum. — 43. gr. Leggja skal hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli, þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ætla má, að þeir verði gerðir upptækir. — Til muna í þessu sambandi teljast einnig skjöl. — **44. gr.** Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar og muni, sem eru í vörzlum pósts og síma, enda sé það gert til rannsóknar á ætluðu broti, er varðað getur 20000 króna sekt, og heimilt væri að kyrrsetja og athuga slík skjöl og muni, ef komin væri í hendur viðtakanda. Tilkynna skal sendanda og viðtakanda tökuna, ef þeir hafa ekki verið viðstaddir. Dómari kveður á með úrskurði um rannsókn á efni slíkra skjala og sendinga. — **45. gr.** Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, framkvæmir rannsókn á vettvangi, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni, sem þá finnast og telja má til sakargagna. En tilkynna skal þetta dómara, svo fljótt sem verða má. — **46. gr.** Í þarfir rannsóknar brots má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að taka muni úr ákveðnu takmarki o. s. frv. — **47. gr.** Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað

a) XV, 257, XVI, 392, XX, 120, XXI, 360. — b) XXIII, 307. — c) (III, 78), 248, XI, 603, XIX, 527, XX, 80.

a) IV, 267, XIX, 288.

hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

VII. kafli. — Um leit. — 48. gr. Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annaðhvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna. — Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl. — **49. gr.** Leit að manni, sem handtaka skal eða leiða á fyrir rannsóknara eða dómara, má gera í húsi hans og húsum annarra manna, ef gild ástæða er til að ætla, að sá, sem leitað er, haldi sig þar. — **50. gr.** Í húsakynnum, sem opin eru almenningi, og í húsum, þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leit gera, er þörf þykir, þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 48. og 49. greinar. — **51. gr.** Leit samkvæmt 48. og 49. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara.[a]) Þó er lögreglumönnum jafnan rétt að framkvæma leit af sjálfsdáðum, ef bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum. **52. gr.** Húsráðanda eða staðar, þar sem leit er gerð, skal veittur kostur á að vera viðstaddur leitina, ef unnt er. En ef hann er fjarverandi, skulu heimilisfastir venzlamenn hans, þjónar eða aðrir til þess kvaddir. — **53. gr.** Leit má framkvæma á hvaða degi, sem vera skal, og á öllum tímum sólarhrings, ef hún þolir ekki bið. — **54. gr.** Leit á manni og líkamsskoðun má gera, ef hann er sakaður um brot, er varðað getur 20000 króna sekt eða sektum og upptöku eigna. Má m. a. taka honum blóð og framkvæma á honum aðra þá rannsókn, er gerð verður á honum heilsu hans að meinalausu. — **55. gr.** Á öðrum en sökuðum manni má leit gera, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi á sér muni, er hald skal á leggja, eða vitneskja fáist við leitina um sakaratriði, enda geti brot það, sem rannsakað er, varðað 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eigna. — **56. gr.** Um leit og líkamsrannsókn samkvæmt 54. og 55. gr. skal kveðið á með úrskurði dómara. Þó er lögreglumanni rétt að ákveða slíka rannsókn, ef henni má eigi fresta, unz úrskurður dómara er fenginn. — Leit og líkamsrannsókn á konum skal framkvæmd af konum eða lækni, ef því er að skipta. — **57. gr.** Af mönnum má taka myndir og fingraför í þarfir opinberrar rannsóknar. — **58. gr.** Haldast skulu sérákvæði í lögum um leit í húsum og á mönnum, svo og um líkamsrannsóknir.

VIII. kafli. — Um handtöku. — 59. gr. Rétt er dómara jafnan að gefa skipun um handtöku grunaðs manns, er það má telja nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Slíka skipun getur dómari þó ávallt gefið, ef maður sinnir ekki að nauðsynjalausu kvaðningu um að koma fyrir lögreglumann eða dómara. — Rétt er dómara að gefa út handtökuskipan, birta hana opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana: 1. Ef handtekinn maður víkur úr gæzlu eða refsivist eða maður brýtur bann dómara við för úr ákveðnu marki eða firrir sig eftirliti, sem dómari hefur sett honum. 2. Ef ókunnugt er um dvalarstað manns, sem sakaður er um brot, sem varðað getur 20000 króna sekt eða 6 mánaða refsivist. — **60. gr.** Heimilt er einstökum manni að handtaka mann: 1. Ef dómari hefur skipað handtöku samkvæmt 59. gr., 2. mgr. 2. Ef hann stendur mann að háttsemi, sem varðað getur refsivist og sætir opinberri ákæru. 3. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli. — Handtekinn mann skal tafarlaust leiða fyrir lögreglumann eða dómara. — **61. gr.** Skylt er lögreglumönnum að handtaka mann eftir skipun dómara. Þeim er og rétt að taka mann fastan án dómsúrskurðar: 1. Ef þeir standa hann að refsiverðri hegðun, enda sæti brotið opinberri ákæru. 2. Ef maður er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumanni skýrslu um nafn sitt og heimilisfang eða reikar um heimilislaus. 3. Ef það þykir nauðsynlegt grunuðum manni eða öðrum til varnar. 4. Ef það þykir nauðsynlegt til þess að aftra grunuðum manni frá því að spilla sakargögnum eða fara úr lögsagnarumdæmi eða torvelda rannsókn máls að öðru leyti, enda megi telja varhugavert að bíða skipunar dómara. 5. Ef maður hefur leyfislaust farið úr gæzlu eða firrt sig eftirliti, sem honum hefur löglega verið sett. 6. Ef maður hefur ekki forfallalaust gegnt kvaðningu lögreglumanns til að gefa skýrslu í opinberu máli. 7. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli, eða hefur hér ekki landvistarleyfi. — Lögreglumaður skal hverju sinni meta, hvort nauðsyn sé handtöku þegar í stað, t. d. vegna hættu á undanskoti sak-

a) IV, 267, XIX, 288.

argagna, flótta sakaðs manns, framhaldi refsiverðrar háttsemi o. s. frv. — Alþingismenn má ekki taka fasta, meðan Alþingi stendur, nema þeir séu staðnir að glæp. — **62. gr.** Rétt er lögreglumönnum án dómsúrskurðar að leita manns, sem handtaka skal, á heimili hans, í sjálfs hans húsi eða skipi, eða í húsi, sem stendur opið almenningi, svo og í öðrum húsum eða skipum, ef honum er veitt þangað eftirför, eða hætta er á því, að hann spilli sakargögnum eða komi sér undan, ef beðið er dómsúrskurðar. — **63. gr.** Mann, sem tekinn hefur verið fastur, skal leiða fyrir dómara án undandráttar, enda sé hann ekki þegar látinn laus eða fluttur aftur í gæzlu, sem hann hefur sætt samkvæmt dómsúrskurði. Nú verður handtekinn maður, sem sakaður er um refsivert athæfi, ekki þegar í stað leiddur fyrir dómara, og er þá heimilt að hafa hann í haldi, unz til dómara næst, enda sé kyrrsetning hans og einangrun nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, svo sem vegna hættu á því, að hann beri sig saman við samseka menn eða vitni, spilli sakargögnum, skjóti þeim undan eða komi sjálfum sér undan. — Nú hafa lögreglumenn handtekið mann, án þess að hann sé sakaður um refsiverða hegðun, sbr. 7. tl. 61. gr., og skal þá tilkynna dómara handtökuna tafarlaust, enda geri hann þá viðeigandi ráðstafanir, svo fljótt sem verða má. — **64. gr.** Þess ber lögreglumönnum að gæta eftir föngum, þar á meðal með leit á manni án dómsúrskurðar, að maður, sem tekinn hefur verið fastur, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér, og að hann hafi þá aðbúð, að ekki verði heilsu hans eða lífi hætta búin, meðan hann er í gæzlu. Sjúka menn, þungaðar konur eða konu, sem hefur barn á brjósti, skal ekki láta í venjulega fangaklefa, heldur veita þeim þá aðbúð, sem þeim hæfir. Sömu meðferð skal að jafnaði hafa á börnum undir 16 ára aldri. — Ákvæði 2. mgr. 38. gr. eiga hér við. — **65. gr.** Lögreglumönnum er rétt að taka grunaða menn undir gæzlu án handtöku, þar á meðal banna þeim för úr ákveðnu takmarki um stund eða fela öðrum eftirlit með þeim.

IX. kafli — Um gæzluvarðhald og aðra gæzlu á sökunaut.[a]) — **66. gr.** Þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir dómara, skal hann, nema sökunautur hafi þegar verið látinn laus, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Nú hefur sökunautur ekki verið tekinn fastur, og getur þá dómari þegar í frumprófi ákveðið, að hann skuli setja í varðhald. Svo getur dómari, á hvaða stigi rannsóknar sem er, ákveðið, að varðhaldi skuli beita, og sömuleiðis látið sökunaut lausan úr varðhaldi, jafnskjótt sem honum þykir ástæðulaust að beita því lengur. Gæzluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn tími, sem dómari getur þó stytt eða lengt með úrskurði annan ákveðinn tíma, ef ekki þykir fært að láta sökunaut lausan.[a]) — **67. gr.** Mann má því aðeins setja í gæzluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerzt sekur um refsiverða hegðun.[b]) Gæzluvarðhaldi skal að jafnaði beita: 1. Ef ætla má, að sökunautur muni torvelda rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka. 2. Ef sökunautur hefur strokið, falið sig eða farið út úr ákveðnu marki eða gert tilraun í þá átt, eða líklegt þykir, að hann muni gera það, eða hann hefur ekki sinnt kvaðningu dómara. 3. Ef sökunautur reikar um án þess að hafa fast heimili eða dvalarstað, svo að vitað sé, ef telja má, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér, eða ef hann er útlendingur og sennilegar skýrslur vantar um hann sjálfan eða heimilisfang hans. 4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. 5. Ef ætla má, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið. 6. Ef varðhald má telja nauðsynlegt til þess að verja aðra fyrir árásum sökunauts eða hann fyrir árásum eða áhrifum annarra manna. — Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitazt hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður. — **68. gr.** Ef sökunautur er fyrir dómi, þegar úrskurður um gæzluvarðhald er kveðinn upp, þá skal honum þegar birtur þar úrskurðurinn. Annars kostar skal láta lögreglumann þegar birta honum úrskurðinn, og ef því er að skipta, taka hann fastan og setja hann í varðhald. Eftirrit af úrskurði skal, þegar þess er krafizt, láta í té, svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en sólarhring þar frá.

a) Þörf á gæzluvarðhaldi o. fl., V, 257—8, 329, 777, 965, IX, 185, 433, XIII, 259, 287, XIX, 507; ýmsar aðfinnslur, IV, 256, 230, 730, IX, 185.

a) IV, 731. — b) II, 570, III, 87, IX, 190—1.

— **69. gr.** Gæzluvarðhaldi má ekki beita: 1. Ef brot það, sem um er að tefla, getur ekki að lögum varðað þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi. 2. Ef sökunautur er alþingismaður, meðan Alþingi er háð eða meðan fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki, ef þingdeild hans leyfir gæzluvarðhald eða alþingismaður hefur verið staðinn að glæp. 3. Ef sökunautur er innan 16 ára aldurs.[a]) Í stað varðhalds skal hann með úrskurði falinn forsjá barnaverndarnefndar (skólanefndar), er komi honum fyrir á góðu heimili, eða fái honum aðra viðunandi gæzlu eftir þörfum. 4. Sjúklinga og vanfærar konur eða konur með barn á brjósti skal úrskurða til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu þeirra sé borgið. — **70. gr.** Gæzlufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til þess að gæzlan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal, svo sem kostur er, að beita þá hörku eða harðýðgi.[b]) — Um gæzluna gilda annars þessar reglur: 1. Gæzlufangar skulu ekki hafa lakara viðurværi en refsifangar. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þ. á m. fatnaði, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu. 2. Gæzlufangar skulu að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi, og ekki skulu þeir gegn vilja sínum hafðir með refsiföngum. Eigi skulu gæzlufangar yngri en 18 ára hafðir með eldri föngum. 3. Dómari ákveður, hvort og að hve miklu leyti gæzlufangi megi hafa samband við aðra menn en fangaverði og hvernig eftirliti skuli haga, ef slíkt samband er leyft, enda sé þess jafnan gætt, að leyfa gæzlufanga ekki samband við menn, ef ætla má það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Rétt er að verða við óskum gæzlufanga um að hafa samband við lækni og prest, ef þess er kostur. 4. Bréf, skeyti eða önnur skjöl frá gæzlufanga eða til hans lætur dómari athuga og kyrrsetja, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknar eða ef efni þeirra er ósæmilegt, en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta. 5. Gæzlufanga má skylda til að ræsta og hirða klefa sinn eftir fyrirmælum dómara. 6. Gæzluföngum er heimilt að útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Bóka mega þeir og afla sér með samþykki fangavarðar. — Dómari getur svipt gæzlufanga fríðindum, er honum hafa leyfð verið samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, ef hann misnotar þau eða verður sekur um agabrot. — Gæzlufangi getur borið fram kvörtun fyrir dómara undan meðferð fangavarðar á sér. — **71. gr.** Nú hefur dómari ákveðið að setja sökunaut í gæzluvarðhald, og getur sökunautur þá, ef dómari telur það nægilega tryggt, fengið að halda frelsi sínu að einhverju leyti eða öllu gegn tryggingu, er hann eða aðrir setja, eða gegn ábyrgð annarra manna, venjulega búsettra á landi hér, er dómari tekur gilda. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð bókar dómari í þingbók og lætur viðkomendur undirrita þá bókun eða hann lætur þá gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Ef trygging er sett, þá ber dómara að gera nauðsynlegar ráðstafanir lögum samkvæmt til verndar hennar gagnvart sökunaut og öðrum mönnum. Ef munir eru settir að handveði, ber dómara að geyma þá á tryggum stað. — Trygging eða ábyrgð skal miða við ákveðna fjárhæð, og skal vera tilskilið, að þeirri fjárhæð skuli vera fyrirgert til ríkissjóðs, ef sökunautur fer úr marki því, er dómari setur honum, án leyfis dómara. — Nú brýtur sökunautur boð dómara um dvöl í ákveðnu takmarki, og skal þá af tryggingarfé eða ábyrgðarfé greiddur skaði sá, er sökunautur hefur verið dæmdur til að greiða, ef með þarf. Ef sökunautur kemur af sjálfs sín vilja fyrir dómara innan mánaðar frá því, er hann braut boð dómara, getur dómari ákveðið, að tryggingu eða ábyrgð sé þó ekki fyrirgert, nema að því leyti sem það brot hans hefur valdið sérstökum kostnaði. — Sökunautur skal fá tryggingu leysta, ef hann kýs heldur að fara í gæzluvarðhald. Trygging eða ábyrgð, er annar maður setur, skal leyst, ef hann krefst þess og sökunautur hefur ekki brotið boð dómara um vistarmark hans. Svo fellur trygging eða ábyrgð niður, ef dómari ákveður allt að einu að setja sökunaut í varðhald eða sökunautur andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar úrslitadómur er um málið genginn. — Ágreining vegna tryggingar eða ábyrgðar úrskurðar dómari, og má skjóta þeim úrskurði með kæru til æðra dóms eða með áfrýjun opinbera málsins sjálfs. — **72. gr.** Hvort sem trygging eða ábyrgð er sett eða ekki, getur dómari lagt fyrir sökunaut að halda sér í ákveðnu tak-

a) VI, 348. — b) II, 992.

marki (hreppi, kaupstað, lögsagnarumdæmi o. s. frv.)[a]) eða komið honum til dvalar og gæzlu á ákveðnu heimili með meiri eða minni takmörkunum á frelsi hans. Þar sem fangahúss er ekki kostur, er hverjum, sem er þess megnugur að áliti dómara, skylt að takast á hendur vist og gæzlu fanga, nema hann megi teljast hættulegur lífi manna eða heilbrigði. Ef því er að skipta, ber dómara að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til geymslu fangans, svo sem varðveizlu á honum í aðgreindum, nægilega traustum klefa, ef ekki er fangahús til ráðstöfunar o. s. frv. — Ákvörðun sinni um gæzlu sökunauts samkvæmt þessari grein getur dómari breytt, hvenær sem honum þykir ástæða til.

X. kafli. — Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.[b]) **— 73. gr.** Héraðsdómari getur, hvenær sem honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt, hafið réttarrannsókn í opinberu máli, hvort sem mál hefur verið kært til hans eða ekki. Ef grunaður maður hefur verið tekinn fastur, ber héraðsdómara að setja dóm, svo fljótt sem unnt er, eftir að hann hefur fengið vitneskju um handtökuna. Í hinu fyrsta þinghaldi (frumprófi) skal dómari reyna eftir föngum að ganga úr skugga um sekt eða sýknu sökunauts. Lýkur dómari þegar rannsókn, ef hann telur það koma fram, að sökunautur muni sýkn vera, hvort sem það er af því, að refsikrafan er fyrnd, sýnt er, að ekki er um refsivert brot að tefla, o. s. frv. Sama er, ef hann telur víst, að máli hljóti að verða vísað frá dómi vegna aðildarskorts opinbera ákæruvaldsins. Annars kostar heldur hann rannsókn áfram, þar til honum þykir það, sem máli skiptir, rannsakað til fullrar hlítar eða örvænt þykir, að rannsókn muni bera árangur. Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm. — Nú æskir dómsmálaráðherra, sækjandi, sökunautur eða verjandi rannsóknar á tilteknum sakaratriðum, og skal dómari þá taka slíka málaleitun til greina, enda megi ætla, að sú rannsókn geti skipt máli. — Dómari skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir, unz dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður. — **74. gr.** Dómari getur borið það undir dómsmálaráðherra, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá dómsmálaráðherra ákvörðun um það atriði. Dómsmálaráðherra getur og af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa dómsmálaráðherra verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákæruvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari dómsmálaráðherra kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um það, hvort taka skuli kröfu dómsmálaráðherra eða ekki til greina. — **75. gr.**[a]) Dómara ber að rannsaka öll atriði, er varða sekt sökunauts eða sýknu eða honum kynni að verða til málsbóta eða refsiauka, svo sem: 1. Verknaðinn sjálfan, er framinn hefur verið eða ætla má, að framinn hafi verið, stað og stund, og öll nánari atvik, er ætla má, að máli skipti, svo sem það, á hverjum eða hverju brot hefur niður komið, með hvaða hætti það hefur verið framið, hvort um fullframið brot eða tilraun sé að tefla, hversu langt tilraun hafi verið komin o. s. frv., sbr. 35. gr. 2. Það allt, er sökunaut sjálfan varðar, svo sem: a. Hugarfar hans (ásetning, gáleysi), er hann framdi brotið, hvatir hans og tilgang, ef þau atriði skipta máli, o. s. frv.[b]) b. Aldur hans. Og skal hann venjulega sanna með fæðingarvottorði sökunauts, ef þess er kostur málinu án verulegrar tafar. Annars kostar má láta skýrslu sökunauts nægja, enda lýsi þá dómendur og þingvottar áliti sínu á því, hvort sú skýrsla samrýmist útliti hans og öðrum kunnum staðreyndum, ef dómara þykir þess þörf. c) Hegðun undanfarið. Og skal það atriði sanna með sakavottorði og öðrum gögnum, sem fyrir hendi kunna að vera.[c]) d. Þroski, andlegur og líkamlegur, heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, menntun, uppeldi, efnahagur og aðrar ástæður o. s. frv., eftir því sem þörf virðist krefja. Ef ástæða þykir til, skal leggja sökunaut undir viðeigandi læknisrannsókn í

a) XIX, 379. — b) Í mörgum dómum eru aðfinnslur um atriði, sem aflaga hafa farið í héraði, en ókleift er að vitna til þeirra hér.

a) XXIII, 453, XXV, 50, 146. — b) XV, 257. — c) I, 275, II, 256, 467, XVI, 334, XXI, 466. — d) XV, 257.

þessu skyni.[a]) e. Hegðun og hugarfar sökunauts, eftir að hann framdi brotið eða brotin, svo sem það, hvort hann hefur séð eftir því, boðið fram bætur eða á annan hátt leitazt við að gera yfirbót, eða hvort hann hefur reynt að dylja brotið, neytt hagnaðar af því, reynt að torvelda rannsókn þess o. s. frv. f. Ef um tilraun er að tefla, hvort hann hafi horfið sjálfkrafa frá henni, eða hvort brot hefur ekki orðið fullframið af öðrum ástæðum. g. Ef fleiri menn en einn eru við brot riðnir, þá ber eftir föngum að rannsaka, hvern þátt hver (hvor) um sig hafi átt í því, svo sem það, hver (hvor) hafi átt upptökin og hvaða ráðum hafi verið beitt í því efni. — **76. gr.** Dómari lætur lögreglumann eða einn stefnuvott tilkynna sökunaut og öðrum þinghöld með hæfilegum fyrirvara, enda nægir, að næsta þinghald sé tilkynnt í þinghaldi þeim, sem þar eru viðstaddir. Nú er sökunautur í gæzlu, og skal honum þá gert kleift að koma fyrir dóm. — **77. gr.**[b]) Dómari kynnir sér rannsókn lögreglumanna eftir föngum, áður en hann hefur prófun á sökunaut eða öðrum, enda lesi hann ekki fyrir þeim skýrslur lögreglumanna, fyrr en hann hefur spurt þá um þau sakaratriði, er hann telur á því stigi rannsóknar ástæðu til að spyrja um. Ef skýrslu fyrir lögreglumönnum og skýrslu fyrir dómi ber á milli, bendir dómari aðilum á ósamræmið, þegar hann telur það henta. — Þeir menn, sem spurðir eru fyrir dómi í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju um það af dómara, þegar mál er orðið svo skýrt, að honum er þess kostur, hvort þeir eru spurðir vegna grunar þeim á hendur um brot eða kvaddir vitnisburðar. Ef dómari kveður mann yfirheyrðan vegna grunar á honum um refsiverða hegðun, þá er honum óskylt að svara spurningum dómarans, er þá hegðun varða, enda ber dómara að benda sökunaut á þetta, þegar er efni standa til, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.[c]) — Nú kýs sökunautur að svara spurningum dómara, og skal þá bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli. Bókanir skal bera undir sökunaut, skrá síðan breytingar og athugasemdir, sem sökunautur vill gera við bókun á svörum sínum, lesa þær bókanir upp fyrir honum og geta þess að lokum, hvort hann hafi viðurkennt bókanir réttar eða ekki. — Ákvæði 38. og 40. gr. gilda og um rannsókn fyrir dómi að breyttu breytanda.[a]) Þó er dómara rétt að láta sökunaut hlýða á prófun vitnis eða matsmanns og gæta þar réttar síns, enda sé ekki ástæða til að ætla, að sökunautur kunni að hafa þau áhrif á vitni eða matsmann, að það eða hann segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist hans kunni að torvelda rannsókn málsins, svo sem vegna færis sökunauts til undanskots sakargagna eða til þess að dylja sannleikann með öðrum hætti. — Dómari samprófar sökunauta, er honum þykir hættulaust, að rannsókn torveldist þess vegna, til þess að fá samræmi milli skýrslna þeirra, ef þess er kostur, eða staðfestingu á þeim.[b]) Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum. — **78. gr.** Dómari kynnir sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar.[c])

1951 Nr. 27 5. marz

XI. kafli. — Um sækjanda og verjanda. — 79. gr. Nú sætir mál sókn og vörn fyrir dómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá héraðsdómari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með málið. — Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós og yfir höfuð að létta dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunni að vera áfátt og benda dómara tafarlaust á það, til þess að úr því verði bætt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt. — Sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara. — **80. gr.** Nú er farið með mál samkvæmt 79. gr., og skal þá jafnan skipa verjanda. — Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda: 1. Meðan hann sætir gæzlu-

a) XV, 257. — b) XXIII, 453, XXIV, 110, XXV, 50, 146. — c) VI, 368, VII, 375.

a) III, 248, VI, 603, XX, 251. — b) VIII, 134. — c) II, 577, IX, 185, XV, 147, 150, 153, XVI, 228, 333, XVII, 190, XX, 251.

varðhaldi. 2. Ef hann er sakaður um brot, er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv. 3. Ef brot getur varðað 10000 króna sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna, er verulegum verðmætum nema, miðað við efnahag og ástæður sökunauts.[a]) Þó getur dómari skipað sökunaut verjanda, þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vafaatriði eru í máli um lög eða staðreyndir, sbr. 2. málsgr. — Án óskar sökunauts skipar dómari honum réttargæzlumann: 1. Hvarvetna þess, er matsmenn eiga að staðfesta framburð eða matsgerð að sökunaut fjarstöddum. Dómari veitir réttargæzlumanni kost á að kynna sér það allt, er staðfesta skal, og annað, sem nauðsynlegt kann að vera til skilnings á því, áður en staðfesting fer fram. Ber réttargæzlumanni að gæta hagsmuna sökunauts við staðfestingu. 2. Dómari getur skipað sökunaut réttargæzlumann í rannsókn máls, ef sökunautur er að áliti dómari sérstaklega sljór eða skilningslítill eða haldinn annmörkum, er torvelda skynjan hans, svo sem sjóndepru, málleysi eða heyrnarleysi, sökunautur er undir 18 ára aldri eða annars er honum svo farið eða framkoma hans fyrir dómi er slík, að dómari telji skipun réttargæzlumanns heppilega. — Nú játar sökunautur á sig afdráttarlaust brot og eigi er vafi um staðreyndir, svo sem þær, er varða hækkun eða lækkun refsingar, refsileysi eða niðurfall refsingar, sakhæfi o. s. frv., eða lagatriði, og skal þá eigi skipa verjanda. — **81. gr.** Dómari skal jafnan, þegar lögskylt er eða ástæða þykir til að skipa sökunaut verjanda eða réttargæzlumann, vekja athygli hans á því atriði og veita honum kost á að benda á einhvern þann mann, er rétt hefur að lögum til þess að fara með það starf fyrir dómi almennt og sérstaklega í því máli.[b]) Dómari ákveður svo, hvern skipa skuli. — Nú eru fleiri en einn maður fyrir sökum hafðir, og skal þá vera sami maður verjandi þeirra beggja eða allra, ef telja má, að hagsmunir þeirra rekist ekki á. — Nú vill sökunautur ekki, að honum verði verjandi skipaður, og skal það þá ekki gert, nema dómara þyki allt að einu ástæða til þess. Sjálfum er sökunaut rétt að halda uppi vörn fyrir sig. Svo er honum og rétt að ráða á sinn kostnað hvern þann löghæfan mann, sem dómari samþykkir, til að halda uppi vörn fyrir sig, hvort sem skylt er að skipa verjanda eða ekki.[a]) — **82. gr.** Í Reykjavík og annars staðar, þar sem kostur er löggiltra málflutningsmanna, skal verjandi tekinn úr hópi þeirra. Þó getur dómari eftir ósk sökunauts skipað honum einhvern annan mann, er fara má með mál annarra manna, þar sem eigi eru löggiltir málflutningsmenn, ef hann telur hag sökunauts borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. — **83. gr.** Dómari sá, er með aðalrannsókn máls fer, skipar verjanda í því máli. Nú skal staðfesting vitnisburðar, matseða skoðunargerðar fara fram í öðru lögsagnarumdæmi, og skipar þá dómari þar verjanda til þess að vera við staðfestingu, nema verjandi í aðalmálinu sé þar við staddur. — **84. gr.** Það er borgaraskylda hverjum heilum, lögráða manni að taka að sér starfa sækjanda og verjanda í opinberu máli. Þann, er dómari telur rækja starfann óviðunandi, getur hann leyst frá honum og skipað annan í staðinn. Sama er, ef sækjanda eða verjanda verða forföll, er að áliti dómara hindra þá frá því að inna starfann af hendi. — **85. gr.** Ekki má skipa þann mann verjanda, sem hefur borið vitni eða verið mats- eða skoðunarmaður í því máli, eða þann, er vera mundi óhæfur dómari í því sökunaut í óhag, eða þann, er riðinn kann að vera við málið[b]) eða hefur að öðru leyti hag eða óhag af úrslitum þess, né heldur þann, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið. — **86. gr.** Verjandi er háður sömu skyldum sem sækjandi, eftir því sem við getur átt, sbr. 79. gr. Honum ber að leiðrétta atvikalýsingu sækjanda, þar er efni þykja standa til, draga fram allt það, er verða má sökunaut til sýknu eða hagsbóta, og gæta réttar hans, er hann sætir varðhaldi eða annarri gæzlu að því leyti. Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæzlu, nema dómari telji hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts, enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots eða brota þeirra, sem um er að tefla, og um þau önnur atriði, er hann hefur komizt að í starfa sínum og eigi eru almenningi þegar kunn. — Skipuðum verjanda ber þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvörðun dómara, nema hann hafi

a) V, 781, VI, 44. — b) XV, 147, 150, 153

a) IV, 754, VIII, 574—5, XVIII, 163. — b) IV, 754.

1951 Nr. 27 5. marz

berum orðum afsalað sér henni.[a]) — **87. gr.** Dómara er skylt að láta sækjanda og verjanda í té skjöl þau, er mál varða, eða eftirrit þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg til sóknar eða varnar þess, en skylt er þeim að skila þeim aftur til dómara, þegar starfa þeirra er lokið, ef þess er krafizt.[b]) — Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal ákveða í dómi í máli, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi, getur dómari ákveðið þóknun og hver hana greiði með úrskurði, er bóka skal í þingbók, og er sú ákvörðun bindandi og aðfararhæf sem dómur væri. Dómari getur og með sama hætti ákveðið verjanda eða réttargæzlumanni samkvæmt 80. gr., 2. mgr., 1. tölul., og 3. mgr., þóknun. — Þóknun sækjanda og verjanda greiðist sem annar sakarkostnaður. — **88. gr.** Ef sækjandi eða verjandi torveldar rannsókn eða misbeitir stöðu sinni með öðrum hætti eða rýfur þagnarskyldu sína samkvæmt 86. gr., varðar það refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna um brot í embætti og sýslan.

XII. kafli. — Um vitni, mat, skoðun og skjöl. — 89. gr. Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorazt geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði: 1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum. 2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust. 3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja. 4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir. 5. Tengdaforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum. — **90. gr.** Dómari getur leyst fósturforeldri sökunauts eða fósturbarn undan vitnaskyldu, ef honum virðist samband þeirra mjög náið. — Sama gildir um vitnisburð unnusta eða unnustu, að því er varðar atvik, er gerðust, áður en þau heitbundust. — **91. gr.** Aðila er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venzlamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.[c]) — **92. gr.** Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali. — **93. gr.** Án leyfis viðkomandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varða eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina. — Embættismenn og sýslunar verða ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema viðkomandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis. — **94. gr.** Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess, sem með á: 1. Verjanda um það, er sökunautur hefur trúað honum fyrir um málsatvik, eftir að hann hefir tekið vörnina að sér. 2. Prestum, læknum, ljósmæðrum og lyfsölum um atriði, er varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema brot varði minnst tveggja ára refsivist.[a]) — Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan til varnar sökunaut, og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði. — **95. gr.** Heimilt er dómara, nema leyfi aðila komi til, að undanþiggja vitni að svara spurningum, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk, hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komizt að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni aðila til leyndar ríkari en hagsmuni ákæruvaldsins um skýrslu. — **96. gr.** Dómari skal leiðbeina aðilum um þau atriði, er varða vitnisburð og í 89.—95. gr. getur. — **97. gr.** Dómari metur það hverju sinni, hvort barn hafi náð þeim þroska, að það beri það skynbragð á sakaratvik, að vitnisburður þess um það skipti máli. — Samsvarandi hátt hefur dómari á um vanþroska menn eða geðbilaða. — **98. gr.** Skylt er vitni að koma fyrir dóm utan varnarþings síns, hvar sem er á landinu, ef nauðsynlegt þykir til samprófunar vitnis við sökunaut eða önnur vitni, enda sé því séð fyrir farkosti og því sem minnstur bagi gerður. — Vitni, sem eigi má koma fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika síns eða heimamanna sinna, má prófa annars staðar, þar sem kostur er að taka af því skýrslu. — Dómari getur úrskurðað vitni skylt að hafa með sér sakargögn til skýringar eða framlagningar í dómi eða athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera

a) I, 183, IV, 754, V, 278 (hérd.), (VIII, 574—5, XVIII, 163, XIX, 110, XXIII, 480), XXI, 441. — b) XI, 406. — c) VII, 375, XXIII, 311.

a) (VII, 374—5), XX, 10, XXI, 149, 150, 152.

útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum. — **99. gr.** Dómari getur látið lögreglumann (hreppstjóra) eða einn stefnuvott kveðja vitni til þess að koma fyrir dóm og gefa skýrslu í opinberu máli, að viðlagðri refsingu. Ef vitni sinnir eigi kvaðningu að forfallalausu, getur dómari fært eða látið færa það fyrir dóm með valdi. Beita má ákvæðum 131. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við á. — **100. gr.**[a]) Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsiábyrgð, er vitni kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara. — Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn: 1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð,[b]) og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi. 2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir,[b]) og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. 3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu. — Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það. — **101. gr.** Eigi skal heitfesta: 1. Barn undir 15 ára aldri. 2. Þann, sem svo er vitsmunavant eða svo geðbilaður, að hann ber ekki skyn á eða er ófær til að meta helgi eða þýðingu heitfestingar. 3. Sakaðan mann eða mann, sem dómari veit eða má ætla, að síðar verði sakaður í því máli.[a]) — **102. gr.**[b]) Að heitfestingu lokinni hefst vitnaleiðsla um sakaratriði. Gæta skal dómari þess, að spurningar hans séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi, framar en efni standa til, og ekki sýnilega þýðingarlausar. Ganga skal úr skugga um það, hvort skýrsla manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra. — Nú hefur vitni eða aðrir gefið skýrslur fyrir lögreglumanni eða aðrir en það fyrir dómi, og kynnir dómari þá slíkar skýrslur eða önnur sakargögn eigi fyrir vitni, fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess.[c]) Utanréttarvottorðum þess, er vitni skyldi bera, um sakaratriði, má dómari ekki veita viðtöku, nema skýrslan sé gerð að tilhlutun hans eða lögreglumanns eða dómara þyki standa sérstaklega á, svo sem ef eigi er kostur annarrar skýrslu frá þeim aðila. — Vitni hvert skal prófa sér og eigi láta önnur vitni hlýða á.[d]) Um návist sökunauts fer samkvæmt 77. gr. Samprófa skal vitni við sökunaut og aðra, ef á greinir, þegar dómara þykir hentugt.[e]) — Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum. — Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra, og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bókað svarið, enda eigi vitnið kost á að sannfæra sig um rétta bókun, án þess að svarið sé lesið upp. — Þar sem verjandi er við rannsókn annars staðar, er honum rétt að beina því til dómara, að hann leggi spurningar um tiltekin atriði fyrir þá, sem prófaðir eru. — Bóka skal svör svo, að ótvírætt og tæmandi komi fram efnið í svörum, og orðrétt jafnan, ef ástæða er til að ætla, að orðrétt bókun geti skipt máli um mál almennt eða einstök sakaratriði. — **103. gr.** Dómari rannsakar af sjálfsdáðum öll atriði, er varða

a) I, 245, 352, II, 314, 629, 999, IV, 754, VI, 42, 548, VII, 548, VIII, 134—5, 326, IX, 433, X, 533, XV, 257, XVI, 333, 351, XVII, 211, XIX, 78, XXI, 405, 433, XXII, 58, XXIII, 285, XXIV, 292. — b) XXV, 16.

a) XVI, 351. — b) XVI, 228. — c) XVII, 212. — d) XIII, 289. — e) XV, 147, 150, 153, XVI, 200, 333, 392, XIX, 78.

1951 Nr. 27 5. marz

skyldu vitnis eða heimild til að gefa skýrslu og hæfi til þess að staðfesta hana. Dómari getur látið vitni eða aðra staðfesta skýrslu sína um þessi efni. — Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í grein þessari segir, og annað, er varðar vitnamálið sjálft. Yfirlýsing vitnis fyrir vitnadómara um það, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar. — **104. gr.** Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt úrskurði dómara útlagðan kostnað þess vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og ástæður. — **105. gr.**[a]) Ákvæði 136.—144. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál, eftir því sem við á, og með þeim breytingum og viðaukum, sem hér segir: 1. Dómari rannsakar sjálfur vettvang, muni og verksummerki, eftir því sem við verður komið og hann hefur þekkingu til, bæði á þingstað og annars staðar með kunnáttumönnum og án þeirra, sbr. 35. gr. 2. Dómari framkvæmir eða lætur framkvæma mat og skoðun af sjálfsdáðum svo og samkvæmt tilmælum ákæruvaldsins, sökunauts eða verjanda hans, eftir því sem efni standa til. 3. Dómari gerir sökunaut, sækjanda og verjanda viðvart um dómkvaðningu mats- og skoðunarmanna, ef ástæða er til, en dómkvaðning, matsgerð og staðfesting hennar fer fram, þótt þeir komi ekki. 4. Dómari veitir mats- og skoðunarmönnum leiðbeiningar og úrskurðar, að hverju leyti athugasemdir áðurnefndra aðila, sbr. 2. tl., skuli til greina teknar. Mats- eða skoðunargerð skal fá dómara í hendur, og ákveður hann staðfestingu samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hafa tíðkazt. — **106. gr.** Líkskoðun fer fram, hvar sem er og hvarvetna þess, er dómara þykir nauðsynlegt.[b]) — Krufning líka má einungis framkvæma samkvæmt úrskurði dómara, nema nánasti venzlamaður eða nánustu venzlamenn leyfi, þegar ástæða þykir til vegna öflunar sakargagna.[c]) — Um framkvæmd líkskoðunar og krufningar fer samkvæmt gildandi reglum, þó svo, að dómari ákveður hverju sinni í samráði við hlutaðeigandi kunnáttumann, hvað gera skuli. — **107. gr.** Ákvæði 149. gr. laga nr. 85/1936 gildir og í opinberum málum, svo sem við á

XIII. kafli. — Um sönnunarbyrði og mat sakargagna. — 108. gr. Sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákæruvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun, er eigi verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafa.[a]) — **109. gr.** Dómari metur það eftir atvikum, hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana, svo sem atriði, er í 2.—6. tölul. 35. gr. getur, uppeldi sökunauts, þekking hans og menntunarástand, framkomu í rannsókn málsins o. s. frv. — **110. gr.** Dómari metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, með hliðsjón af ákvæðum 129., 144., 153., 154., 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936.[b])

XIV. kafli. — Um mál ungmenna, sektavald lögreglumanna, dómsáttir og ákæru. — 111. gr. Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkvæmt 30. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög um vernd barna og ungmenna. — **112. gr.** Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:[c]) 1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja. 2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú

a) XXIV, 478. — b) III, 47. — c) VIII, 498.

a) Um mat á sönnunargögnum, II, 869, 872, 899, 905, 1007, 1229, 1267, 1285, III, 337—9, IV, 287, V, 481, 954, 996, 1046, 1049, 1053, 1056—7, VI, 42, 157—8, 552, VII, 403, 418, 569, VIII, 133, 253, 563, 569—71, IX, 137, 185, 454, 561, 694, X, 147, 153, 155, 340, 458—60, 462, 534, 578—9, XI, 1, 16, 19—20, 75, XIII, 288, XIV, 344, 377, 394, XV, 219, 271, XVI, 54—6, 56—9, 64, 320, 398, 428, XVII, 36, 41, 123, 564—5, XIX, 1—2, 12, 223, 511—12, 566—7, 570, XX, 85, 334—6, 453, XXI, 183—4, 181, 346—7, 351, 363, 359, 441, XXII, 172, 177, 250, 259, 262, 315—16, 411, XXIII, 205, 262, 205—6, 266—8, 424, 537, XXIV, 238, XXV, 182; sökunautur tekur aftur játningu, IV, 287, VIII, 597—8, IX, 288—9, 454—5, XIV, 394, XX, 251, 440. — b) XXIV, 41. — c) XVI, 229.

1951 Nr. 27 5. marz

var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur og verðmæti fer ekki fram úr kr. 3000.00. — Senda skal dómsmálaráðherra skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölul. 1. málsgr. þessarar greinar, eftir þeim reglum, er hann ákveður. — Nú telur dómsmálaráðherra, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða að mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara.[a] — Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á umferðarlögum, bifreiðalögum eða lögreglusamþykkt, og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr 300 króna sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók, er lögreglumaður heldur. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal lögreglumaður þá senda kæru til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald lögreglumanna og meðferð þessara mála að öðru leyti. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð, og ákveður þá dómari eða dómsmálaráðherra, að mál skuli tekið til meðferðar af nýju, enda fellir dómari þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi. — **113. gr.** Dómari höfðar mál af sjálfsdáðum á hendur sökunaut, sem ekki hefur komið fyrir dóm, ef: 1. Honum hefur sjálfum verið löglega birt kvaðning fyrir dóm á tilteknum stað og tíma og fullnægi kvaðningin ákvæðum 1.—3. tölul. 115. gr., enda sé skýrt greint í henni, að fjarvist hans verði metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki, og að hann megi ekki vænta frekari viðvörunar.[b] 2. Ekki er kunnugt um, að nauðsynjar banni honum komu fyrir dóm. 3. Ætla má, að brot hans varði eigi yfir 3000 króna sekt eða eignaupptöku. 4. Fram er komin fyrir sekt hans skýrsla eins lögreglumanns eða annars opinbers starfsmanns eða gögn, er jafna megi til slíkrar skýrslu. — Ef tveir menn eða fleiri eru sakaðir um sama brot, verður þessi meðferð venjulega því aðeins höfð, að skilyrði 1.—4. tölul. sé fullnægt um þá báða eða alla. — Eigi skal ómerkja í æðri dómi gerðir dómara samkvæmt þessari grein, nema sýnt þyki, að dómara hafi missýnzt í mjög mikilsverðum atriðum. — Ákvæði 112. gr., 2. mgr., um skýrslur til dómsmálaráðherra eiga við um mál samkvæmt þessari grein. — **114. gr.** Í málum, þar sem sökunautur hefur skýlaust játað sig hafa haft alla þá háttsemi, sem hann er borinn og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær, er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfiskorti o. s. frv., eða notkun lagaákvæða, svo sem um val milli tveggja eða fleiri ákvæða sér eða saman, um aðild o. s. frv., er dómara heimilt að höfða mál af sjálfsdáðum, sbr. þó 22. gr. — Fara skal um þau atriði, sem í grein þessari getur, eftir 3. og 4. málsgr. 113. gr. — **115. gr.** Er dómari telur rannsókn lokið, sendir hann dómsmálaráðherra eftirrit af öllu því, sem í henni er fram komið, til ákvörðunar um það, hvað gera skuli.[a] Þegar er dómsmálaráðherra hefur fengið rannsókn máls í hendur, athugar hann, hvort semja skuli ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum.[b] Ef honum virðist það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semur hann ákæru, en annars kostar lætur hann við svo búið standa. — Nú ákveður dómsmálaráðherra málshöfðun, og semur hann þá ákæruskjal, er hann sendir dómara.[c] Í því skal greina, svo og að eigi verði um villzt: 1. Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum. 2. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund, eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, eða aðra skilgreining svo og þær lagagreinar, sem það er talið varða við.[d] 3. Þær kröfur, sem gerðar eru, svo sem kröfur

1951 Nr. 27 5. marz

a) XXIV, 594, V, 23. — b) (VIII, 587).

a) Leita þarf umsagnar aðilja, áður en mál er höfðað, XVI, 248, eða dæmt, XIV, 125. — b) XXIII, 132. — c) Þörf á stefnu eftir eldri lögum, t. d. II, 577, VII, 263, XV, 57, 90. — d) Ákæruefni ógreinilega markað, óskýrt eftir hvaða lagaákvæðum mál er sótt, I, 490, II, 1006, V, 952, VII, 263, VIII, 17, ÍX, 488—90, 655—6, XIV, 16, XV, 147, 150, 153, XVI, 333, XIX, 106 (aðfinnsla), 204, 224, 288 og 385 (ómerking), XX, 250, XXIII, 604 (dómur er ekki lagður á ákæruatriði), XXIV, 83; héraðsdómari leysir ekki úr öllum ákæruatriðum, XVII, 314, XXII, 445—6, XXIII, 132, XXIV, 602; ýmsir ágallar á ákæru, XVIII, 558, 560.

um refsingu, réttindamissi, eignartöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.[a]) — Í ákæruskjali má ekki skírskota til fram kominna sannana[b]) eða setja þar lögfræðilegar athugasemdir framar en sagt var. — Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins á ákæruskjal og lætur síðan birta fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæruskjalið er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta. — Nú ákveður dómari málshöfðun samkvæmt 114. gr., og semur hann þá ákæru, er fullnægi ákvæðum 1.—3. tölul., enda fer um birtingu hennar og annað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. — **116. gr.** Fresti til þinghalds í opinberum málum má stytta eftir þörfum frá því, sem mælt er í einkamálum. Tilkynningar má birta á sömu stöðum sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir, svo og í varðhaldi eða á gæzlustað, ef því er að skipta. Rétt er, að lögreglumaður eða einn stefnuvottur birti. Ákærða skal afhenda eftirrit af kvaðningu samkvæmt 113. gr. eða ákæruskjali. — **117. gr.** Nú er óvíst um þann mann, er kröfu skal á hendur gera, eða dvalarstað hans, en mál hans sætir þó lögsögu íslenzkra dómstóla, og skal þá birta ákæru eða kröfur í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stund og stað til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara. — **118. gr.** Dómsmálaráðherra getur ávallt svo og dómari samkvæmt 114. gr. gefið út framhaldsákæru, enda sé mál ekki þegar dæmt í héraði: 1. Ef leitt er í ljós, eftir birtingu ákæru, að ákærði hafi eða kunni að hafa drýgt önnur eða frekari brot en í ákæru segir. 2. Ef sýnt er, að ákæru er ábótavant, svo sem háttsemi ákærða ranglega lýst eða saksótt eftir öðrum refsiákvæðum en brot á undir. — Framhaldsákæru skal jafnan gefa út eigi síðar en 3 vikum eftir að þörfin á henni varð kunn, enda skal veita ákærða kost á að koma að vörn eftir þörfum. — Aldrei má dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum.[c]) Rétt er þó dómara að dæma áfall á hendur sökunaut, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt undir sama skilorði að dæma eftir öðrum refsiákvæðum en segir í ákæru, en gefa skal hann þá nefndum aðilum kost á því að reifa málið að því leyti og af nýju, ef því er að skipta.[a]) — **119. gr.** Nú hefur rannsókn dómara á hendur tilteknum sökuðum manni eigi leitt í ljós sakaratriði eða sakargögn, sem nægileg hafa þótt til ákæru, og má þá eigi taka það mál upp af nýju, nema skilyrðum 2. málsgreinar 42. gr. sé fullnægt, enda fer um rannsókn skaðabótakröfu sem þar segir. — Ákvæði 3. mgr. 42. gr. gildir hér að breyttu breytanda. — **120. gr.** Þegar kvaðning samkvæmt 113. gr. eða ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.[b])

XV. kafli. — Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi. — 121. gr. Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt 115. gr., 5. málsgr., eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál. Leggur hann þá fram eftirrit af dómprófum máls og önnur gögn, er fram hafa komið og unnt er að leggja fram á dómþingi. Kynna skal sökunaut, ef þess er kostur, efni þeirra gagna, er honum hafa ekki áður kynnt verið, og fá viðurkenningu hans um það, að þau varði hann eða málið, ef unnt er. Ef verjanda skal skipa, þá skal gera það í þessu þinghaldi, nema það hafi verið áður gert. Verjanda eða ákærða, ef hann ætlar sjálfur að verja sig, skal fá í hendur málsskjöl og setja frest til varnar, enda skal þá ákveða næsta þinghald. — Frumrit skjals, þar sem eftirrit má eigi að sama gagni koma, eða muni, sem úrslit máls varða,

a) VII, 264, VIII, 217, XXIII, 498. — b) VII, 234, XVIII, 558, XIX, 288. — c) Í málshöfðunartilkynningu, stefnu eða ákæruskjali, er vanrækt að gera kröfu um bætur, I, 61—2, IV, 288, 467—8, 487, V, 508, VIII, 217, XIII, 289, XXI, 447; um *vexti*, V, 523, um *eignaruppтöku*, XII, 39, XVIII, 155, XIX, 303; um *réttindasviftingu*, XXIII, 498, XXIV, 588; um *ómerkingu* ummæla, XIV, 18, 163, um *greiðslu sakarkostnaðar*, VII, 260, XII, 39, 104, XIII, 289, XIV, 163, XVI, 334, XXI, 447. Stefnt eingöngu til réttindasviftingar, XVI, 199, XXIII, 171, 344. Stefna þrengri en málshöfðunarskipun, III, 298. Ákæruefni lýst í ákæruskjali, en ógetið refsiákvæðis, XXIII, 352. Dómstefna ekki birt né málshöfðun tilkynnt ella, II, 254, V, 964, XIII, 287. Þess getið, að ekki hafi verið ákært út af brotum á tilteknum ákvæðum, II, 95, 149, V, 67, 829, VIII, 487, XIII, 157, XIV, 56, XV, 158–9, XVI, 10, 460, XIX, 22—3, 412, XXIII, 311.

a) II, 1089, V, 522, 758—9, 829, VII, 561, VIII, 19—20, 487—8, X, 147, 474—5, XI, 16, XII, 118, (XIV, 56), XXII, 200, 496, XXIV, 511—12, 655. — b) Þetta heiti var fyrst tekið upp með hrd. XXI, 1. Heitin „réttvísin — valdstjórnin", sjá t. d. II, 19, IV, 917, VIII, 155, 214, sjá um valdstjórnarmál, t. d. VII, 373, XX, 10, X, 316.

lætur dómari venjulega ekki aðilum í hendur, nema til athugunar í þinghaldi, enda er rétt að gera ljósmyndir af slíkum gögnum aðilum til afnota. — **122. gr.** Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., nema dómari telji framhaldsrannsóknar þörf, ef: 1. Sökunautur kemur fyrir dóm og óskar eigi skipaðs verjanda, þó að honum væri það rétt, eða að halda uppi vörn annars. 2. Vörn kemur þá þegar fram. — Nú eru sökunautar tveir eða fleiri, og má þá mál því aðeins til dóms taka, að svo standi á um báða eða alla sem í 1. og 2. tölul. segir. — **123. gr.** Dómari ákveður hverju sinni, hvort vörn skuli flutt munnlega eða skriflega. — **124. gr.** Ákærða eða verjanda hans er rétt, áður en vörn er flutt, ef því er að skipta, að bera sérstaklega undir dómara hvert það atriði, er hann telur varða því, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, eins og þá stendur á, svo sem að máli beri að vísa frá dómi, að því beri að fresta til frekari rannsóknar eða varnar, að dómari sé óhæfur o. s. frv., og krefjast úrlausnar dómara þar um. Tekur dómari ákvörðun um það, hvort kröfu skuli taka til greina eða ekki, með rökstuddum úrskurði, ef hann telur ekki eiga að gera það, og dómi, ef frávísunarkrafa er tekin til greina. — Nú er krafizt frávísunar máls, og skal þá dómsmálaráðherra veittur kostur á því að tjá sig um málið, áður en dómari tekur ákvörðun um þá kröfu. — Synjunarúrlausn dómara má kæra til æðra dóms, ef dómsmálaráðherra samþykkir. — **125. gr.** Nú er vörn fram komin og framhaldsrannsókn lokið, ef því er að skipta, og tekur dómari þá mál til dóms. — Nú verður dómara það ljóst eftir dómtöku, að rannsaka þurfi betur einhver atriði, og gerir hann þá ákærða og verjanda svo og sækjanda, ef því er að skipta, viðvart um það, enda fer um slíka rannsókn með sama hætti sem ella.[a]) Rétt er dómara að veita aðilum kost á því að flytja framhaldsvörn í máli, að rannsókn lokinni, eftir því sem efni standa til. Að svo búnu tekur dómari mál til dóms af nýju. — **126. gr.** Nú hefur ákærði ekki sinnt kvaðningu samkvæmt 113. gr. og skilyrðum hennar er að öðru leyti fullnægt, og tekur dómari þá þegar mál til dóms og kveður upp refsidóm á hendur ákærða. — **127. gr.** Nú kemur ákærði eða sjálfvalinn verjandi hans ekki fyrir dóm, þegar þingfesta skal mál, og tekur dómari þá mál þegar til dóms, nema: 1. Honum sé kunnugt um nauðsynjar annars þeirra eða beggja. 2. Hann telji rétt að hafa framhaldsrannsókn um sakaratriði. 3. Honum þykir annars standa svo á, að rétt sé að fresta máli og veita aðilum færi á því að halda uppi vörn. — Dómari gerir aðilum viðvart um þinghald til framhaldsrannsóknar, og að henni lokinni, ef því er að skipta, frest til varnar og stað og stund til næsta þinghalds. Ef frestað er máli samkvæmt 1. eða 3. tölul., tilkynnir dómari aðilum það og frest þann, sem ákveðinn er, og stað og stund næsta þinghalds, enda verði mál þá tekið til dóms. Ef ekki er komið fyrir dóm af hendi ákærða að settum frestum liðnum, skal venjulega taka mál til dóms. — **128. gr.** Nú skilar skipaður verjandi ekki vörn innan tiltekins tíma, og getur dómari þá sett honum nýjan frest, enda getur dómari falið öðrum löghæfum manni vörn, ef dómari telur mál hafa dregizt eða munu dragast óhæfilega lengi fyrir aðgerðaleysi skipaðs verjanda. — **129. gr.** Nú hefur dómari birt ákæru eða kröfur samkvæmt 117. gr., og er þá rétt að taka mál til dóms, þótt ákærði eða stefndi komi þar ekki, ef: 1. Skilyrðum 114. gr. er fullnægt. 2. Dómsmálaráðherra og dómari telja mál fullrannsakað og ákærða hefur verið skipaður verjandi samkvæmt ósk hans og kostur veittur til varnar eða hann hefur lýst því fyrir dómara, að hann æskti engrar varnar. Annars kostar skal fresta máli að svo stöddu. 3. Gerð er krafa á hendur aðila um upptöku eignar. — **130. gr.** Sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 131.—136. gr. fer fram í: 1. Málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940. 2. Málum, sem sæta ákæru dómsmálaráðherra samkvæmt 115. gr., sbr. 22. gr., ef: a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagaatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t. d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið; b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög. — Dómsmálaráðherra rannsakar og ákveður hverju sinni, hvort mál er þess eðlis, að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess, hvort ákærði æski þess, að sókn og vörn verði flutt í máli hans, ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á. — **131. gr.** Þegar er dómsmálaráðherra hefur ákveðið meðferð máls

a) III, 340.

1951 Nr. 27 5. marz

samkvæmt 130. gr., sendir hann dómara eða formanni dóms samkvæmt 5. gr. tilkynningu um ákvörðun sína. Dómari (formaður) skipar því næst sækjanda og verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr. — **132. gr.** Dómari (formaður dóms) veitir sækjanda og verjanda sameiginlegan frest til að undirbúa sókn og vörn. Þeir skulu kynna sér rækilega alla málavöxtu og rannsaka, hvaða sakaratriði sé rétt að leiða betur í ljós en þegar er gert, sbr. 79. og 86. gr. Gera skulu þeir skrá um sakargögn, er athuga þarf, og þau vitni, sem þeir vilja leiða, hvort sem þau hafa verið leidd áður eða ekki. Skulu þeir kynna hvor öðrum efni skrárinnar og fá dómurum hana í hendur fyrir dómþing svo tímanlega, að þeir geti yfirfarið efni hennar. — **133. gr.** Á næsta dómþingi skal þingfesta mál með þeim hætti, sem í 121. gr. segir. Þá er máli hefur verið lýst og sækjandi og verjandi hafa gefið sig fram og ákæra hefur verið lesin upp, ber þeim að tjá sig um atriði þau, er því kynnu að varða, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, og fer þá svo sem í 124. gr. er mælt. — **134. gr.** Frekari rannsókn máls fer fram fyrir dómi, ef þess er þörf og kostur, og taka sækjandi og verjandi þátt í henni. — Dómur kveður ákærða og aðra fyrir sig, nefnir skoðunar- og matsmenn, tekur við staðfestingu þeirra og segir fyrir um öflun annarra gagna, eftir því sem efni standa til. — Sækjandi gerir fyrst stuttlega grein fyrir sakaratriðum og ákæru svo og þeim sakargögnum, sem hann ætlar að styðja ákæru við. Þá skal ákærði spurður um sakaratriði og honum veittur kostur á því að tjá sig um þau. Ef frásögn hans fer í atriðum, sem máli skipta, í bága við fyrri skýrslu hans, skal honum bent á ósamræmið og þau atriði prófuð af nýju. Ef ákærði játar brot á sig, ákveður dómur, að hverju leyti þörf er frekari sakargagna. — Því næst flytur sækjandi fram sakargögn og spyr vitni. Verjandi tekur þá við, flytur fram sakargögn af sinni hendi og leiðir vitni. Sækjandi og verjandi gagnspyrja vitni jafnóðum og þau eru spurð. Um vitnaleiðsluna gilda ákvæði 102. gr. Dómendur spyrja ákærða, vitni og aðra eftir þörfum, stjórna prófun sækjanda og verjanda og skera úr öllum vafa og ágreiningsefnum. — Nú verður ekki hjá því komizt, að rannsókn einstakra atriða fari fram fyrir dómi annars staðar, og er þá rétt, að sækjandi og verjandi komi þar fyrir dóm með sömu skyldum og réttindum sem mælt var, ef dómendum aðalmáls þykir nauðsynlegt. — **135. gr.** Þá er gögn öll eru fengin, skal dómur kveða á um það, hvort flytja skuli mál munnlega eða skriflega. Mál skal flytja munnlega, nema bæði sækjandi og verjandi óski skriflegs málflutnings, enda telji dómur skriflegan flutning máls heppilegri, svo sem vegna þess, hve mál er umfangsmikið. — Nú er mál munnlega flutt, og skal málflutningur þá fara fram þegar í fyrsta þinghaldi, sbr. 133. gr., eða þegar gögn öll eru fram komin, sbr. 134. gr. Sækjandi talar fyrst, en verjandi síðan, enda má hvor flytja tvær ræður, en rétt er ákærða að taka einu sinni til máls að loknum ræðum sækjanda og verjanda. Um munnlegan málflutning fer annars eftir 112. gr. laga nr. 85/1936. — Nú er mál skriflega flutt, og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn sína, en verjandi síðan vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má síðan flytja einu sinni af hvors hálfu. — Að lokinni sókn og vörn skal mál taka til dóms. — **136. gr.** Nú þykir dómi eftir dómtöku máls svo áfátt um rannsókn einhvers atriðis, að ekki megi við hlíta, og skal þá hafa framhaldsrannsókn þar um, enda megi ætla, að hún kunni að bera árangur. Ákveður dómari (formaður) í samráði við sækjanda og verjanda stund og stað til rannsóknar eða gerir ráðstafanir til þess, að rannsókn fari fram utan síns lögsagnarumdæmis, ef því er að skipta. Um rannsókn samkvæmt þessari grein fer annars samkvæmt 134. gr. Dómur getur, að rannsókn lokinni og eftir að sækjandi og verjandi hafa kynnt sér árangur hennar, veitt þeim kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum, ef honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt. — Að loknum aðgerðum samkvæmt þessari grein skal taka mál til dóms af nýju. — **137. gr.** Fresta skal meðferð máls: 1. Ef nauðsynjar banna dómara, málflytjanda eða öðrum, sem leysa ber af hendi starf í þarfir máls, að inna af hendi störf sín á tilsettum tíma. 2. Ef þeir koma ekki fyrir dóm, er gefa skulu skýrslu í opinberu máli eða staðfesta hana, enda megi ætla hana skipta nokkru máli. 3. Ef óviðráðanleg atvik tálma annars framkvæmdum, svo sem veður eða vötn, sóttkvíun o. s. frv. 4. Ef framhaldsrannsókn er ákveðin, sem eigi er unnt að hafa þá þegar, eða bíða verður annarra aðgerða til framkvæmdar máli, svo sem skipunar dómara eða málflytjanda o. s. frv. — Dómari getur frestað máli: 1. Vegna uppkvaðningar úrskurða og annarra ráðstafana

1951 Nr. 27 5. marz

sakir máls. 2. Til sóknar eða varnar máls. — **138. gr.** Hraða skal meðferð opinberra mála eftir föngum, enda verði þess jafnan gætt að afla allra fáanlegra skýringa um málavöxtu. Dómari (dómur) ræður gangi máls, enda er hann óbundinn af yfirlýsingum málflytjenda eða kröfum, nema þær séu borgararéttar eðlis. Eigi skiptir það máli, hvenær yfirlýsingar koma fram í rannsókn eða flutningi máls.

XVI. kafli. — Um sakarkostnað.[a]) **— 139. gr.** Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst: 1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins. 2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.[b]) 3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv. 4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.[c]) 5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna. 6. Þingvotta- og birtingargjöld. 7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför. 8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.[d]) — Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða. — **140. gr.** Nú er ákærði sýkn dæmdur af refsikröfum, af hvaða ástæðu sem er, eða refsimál gegn honum fellur niður, án þess að svo sé ástatt sem í 112. gr. segir, og skal þá einnig sýkna hann af málskostnaðarkröfu.[e]) Þó skal dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða að einhverju leyti eða öllu, ef hann hefur orðið kostnaðar valdur með vísvitandi eða stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn máls eða í sambandi við hana.[f]) — Nú eru tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum, og eru sumir sýknaðir og sumir sakfelldir, og skal þá frá draga þann hluta kostnaðar, er telja má aðeins koma hinum sýknaða eða sýknuðu við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu einnig beinlínis valda að honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega, metur dómari það, í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.[g]) — **141. gr.** Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot, sem honum er sök á gefin, og skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum. — Nú er ákærði sakfelldur fyrir sum þau brot, er honum er sök á gefin, en sýkn dæmdur af öðrum, og getur dómari þá ákveðið, að hann skuli greiða nokkurn hluta kostnaðar, en að hinn hlutinn skuli greiddur úr ríkissjóði, með þeim hætti, er í 140. gr. segir.[a]) — Kostnað, sem sækjandi eða verjandi eða lögreglumenn eru valdir að vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma sökunaut til að greiða.[b]) Getur dómari ákveðið í dómi refsimálsins eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skyldu þeirra til að greiða slíkan kostnað, en veita skal hann þeim áður kost á að láta uppi álit sitt. — **142. gr.** Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í sama máli og sekir dæmdir, og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða gæzlu- eða varðhaldskostnað sinn og þóknun til skipaðs verjanda síns einum sér, ef hann hefur fengið sér skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir.[c]) Þá hina sakfelldu, sem eru saman um verjanda, skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans. — Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru dæmdir til refsingar fyrir það í sama máli, og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum (sbr. þó 1. málsgr.).[d]) Ef samband þeirra einhverra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt, skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum, er honum þykir sanngjarnt vera.[e]) — **143. gr.** Í dómi og úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar.[f]) Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar, ákveður dómari aukamálsins. — Dómari gerir heildarreikning yfir sakarkostnað og sendir hann ásamt fylgiskjölum til dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninginn og greiðir dómara það, sem hann kann að hafa lagt út eða greiða á síðar. Refsidómur ásamt úrskurðuðum reikningi verður þá lögleg heimild til aðfarar í fé ákærða eða ákærðu. — **144. gr.** Til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða til undirbúnings eignartöku, ef því er að skipta, skal

a) Ef hérd. er ómerktur, t. d. IX, 494—5, XXIV, 594. — b) VIII, 574—5; IV, 752, XVIII, 163. — c) II, 758—9. — d) (III, 248). — e) IV, 492, 487, VII, 466, VIII, 501, IX, 548, XV, 272, 256, XIX, 280, XXI, 447. — f) XXII, 317; héraðsdómari dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, VII, 264, XVIII, 559. — g) VII, 466, XXII, 317, VI, 209, VIII, 13, XXI, 447, XXIII, 207—8.

a) T. d. V, 964, XVI, 228; XXII, 317. — b) III, 339—40, XVI, 228, XVII, 153. — c) II, 757, VI, 619, 263, VIII, 326, IX, 431. — d) VI, 209–10, VIII, 607, XXI, 447. — e) IX, 289, XIX, 24—5, XXIII, 206—8, 605. — f) XVI, 334.

1951 Nr. 27 5. marz

dómari, ef hann hefur jafnframt fógetavald, kyrrsetja eða láta fógeta annars kyrrsetja eignir sökunauts eða sökunauta, ef hættu má telja á því, að þeim verði ella undan skotið eða að þær glatist eða rýrni að mun, svo að ekki verði nægilegt til greiðslu sakarkostnaðar eða bóta á sínum tíma, og fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, en þó með þeim afbrigðum, er hér segir: 1. Tryggingu þarf enga að setja. 2. Ábyrgð á kyrrsetningu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum. 3. Mál til réttlætingar kyrrsetningu þarf ekki að höfða. — Dómari kveður á um varðveizlu kyrrsettra muna og sér um, að þær ráðstafanir verði gerðar, er með þarf að lögum til verndar kyrrsetningu. Eigi skal stimpilgjald eða þinglýsingar greiða fyrir þessar ráðstafanir. — Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem ákærði hefur verið sýknaður með úrslitadómi eða úrskurði af greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða málsókn hefur verið undan felld eða látin niður falla og eigi koma ákvæði 112. gr. til greina, og á hann þá heimtingu á því, að honum verði honum að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og úr gildi felldar þær ráðstafanir aðrar, sem gerðar kunna að hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Ef ákærði hefur greitt sakarkostnað eða dæmdar skaðabætur, á hann og heimtingu til hins sama, en greiða verður hann þá kostnað þar af.

XVII. kafli. — Um bætur til handa þriðja manni. — 145. gr. Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal dómari þá, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsimáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli.[a]) Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeini dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta.[b]) Bera skal slíka kröfu undir ákærða,[a]) enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til. — **146. gr.** Ef máli er til lykta ráðið samkvæmt 112. gr. og sökunautur samþykkir bótakröfu og samkomulag verður um greiðslu hennar, skal dómari bóka það, og er þann gerning að meta sem sátt fyrir dómi.[b]) — Um lyktir bótakröfu í refsimáli fer annars sem hér segir: — Ef dómur gengur ekki um efni refsikröfu fyrir þá háttsemi, sem bótakrafa er sprottin af, þá verður ekki heldur dæmt um hana. Sama er, ef ákærði er sýknaður af þeirri háttsemi vegna þess, að eigi þykir sannað, að hann hafi framið hana.[c]) Ef hann er sýkn dæmdur af öðrum rökum, svo sem vegna sakhæfisskorts, eða refsing er látin niður falla, en skilyrðum skaðabótaskyldu er þó talið vera fullnægt, má dæma kröfuna.[d]) Ef sannanir þykir skorta um tjón aðila að öllu leyti, skal vísa kröfu frá dómi.[e]) Dómari ákveður annars bætur með venjulegum hætti.[e]) — **147. gr.** Í æðra dómi skal taka skaðabótakröfu, sem dæmd hefur verið að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti, ef annar hvor aðili æskir þess, enda gilda þar ákvæði 145. gr. um skyldu sækjanda og verjanda. — Skjóta má sérstaklega til hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dóminum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer það málsskot að lögum um meðferð einkamála fyrir æðra dómi.[f]) — **148. gr.** Aðrar kröfur borgararéttareðlis, sem rót sína eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í refsimáli, svo sem missi erfðaréttar, ógildi hjúskapar o. s. frv., og skal þar dæma þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.[g]) — **149. gr.** Nú hefur leit verið gerð hjá þriðja manni

a) XIII, 289, XXI, 447, 461. — b) *Fjárhæð bóta* o. fl., I, 147, 183, V, 23, 721, XI, 10—11, XII, 46, XVI, 12, 92, XVII, 179, XIX, 178, 383—4, 488, XXI, 347—8. *Miskabætur*, t. d. XIX, 105, 115, 203, XXI, 333, XXIV, 241. *Um sönnun á tjóni*, I, 198, II, 463, 547, III, 304, V, 910, VI, 252, VIII, 391, XXIII, 456, 453. *Ósannað, hver valdur væri að tjóni*, XI, 468. *Krafa vanreifuð* o. fl., V, 963, VII, 84, 405, IX, 332, 364, 370, XV, 181, XVI, 464, 132, XIX, 39—40, 45, 296, XXI, 447. *Um vexti*, V, 523, XVII, 184, XVIII, 106, XIX, 48. *Um matskostnað*, XIX, 45, 48. *Um aðild að bótakröfu*, II, 528, VI, 251—2. Bótakrafa á hendur eiganda bifreiðar dæmd í refsimáli gegn bifreiðarstjóra, V, 43. Hlutum skilað eftir uppsögu héraðsdóms, IV, 266. Sætt um kröfu girti fyrir dóm, X, 148, XVII, 275. Bótakrafa ekki dæmd í héraðsdómi, og því ekki dæmd í HR, I, 198, II, 646. *Solidarisk greiðsluábyrgð*, IX, 417, (294), XIX, 39, 355. *Bótakröfur á hendur varnarliðsmönnum*, sbr. l. 110/1951, XXIV, 246, 511.

a) III, 247, IV, 286, V, 507. — b) T. d. XII, 303, XIII, 6, XVII, 413. — c) VI, 501, XXI, 446; XXIII, 99. — d) XVII, 239. — e) Sjá við 145. gr. — f) 1, 147, XVIII, 248, (V, 43). — g) (IX, 76).

1951 Nr. 27 5. marz

eða hald verið lagt á muni hans í rannsókn opinbers máls, og á hann þá kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafa fram farið á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, og fyrir fjártjón, er aðgerðin hefur valdið honum, enda verði honum eigi gefin sök á því, að hún fór fram eða hvernig hún fór fram. Í stað bótakröfu má láta aðila í té yfirlýsingu samkvæmt 158. gr., eftir því sem við á.

XVIII. kafli. — Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.[a]) — **150. gr.** Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina, að: 1. Sökunautur hafi ekki með vísvitandi eða stórvægilega gáleysislegu ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum annars til að torvelda rannsókn o. s. frv., og 2. Rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin vegna þess, að sú háttsemi, sem hann var borinn, hafi talizt ósaknæm, eða sönnun hafi ekki fengizt um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðum, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan. — Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta. — **151. gr.** Dæma má bætur fyrir handtöku,[b]) leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðing í för með sér, aðrar en gæzluvarðhald og refsivist, sbr. 152. og 153. gr., svo og fyrir leit í húsum og hald á munum: 1. Ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða. 2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. — **152. gr.** Bætur skal að jafnaði dæma fyrir gæzluvarðhald,[c]) sem óleyfilegt er samkvæmt 1.—3. tölul. 69. gr., án tillits til ákvæða 1. eða 2. tölul. 150. gr. Sama er um bætur til þeirra, er í 4. tölul. sömu greinar segir, enda hafi mátt sjá, að svo var ástatt um þá, sem þar greinir, eða þeir hafi vakið athygli viðkomenda á því. — Um bætur fyrir gæzluvarðhald annars fer eftir 150. gr. — Taka skal sérstaklega til greina, ef sannað er eða ætla má, að sökunautur hafi liðið tjón á heilsu sinni vegna frelsisskerðingar. — **153. gr.** Nú verður það ljóst, að maður hefur saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna, og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum 1. tölul. 150. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök aðila á því, að hann var ranglega dæmdur. — **154. gr.** Bótakröfu má hafa uppi sem hér segir:[a]) 1. Ef rannsókn hefur ekki leitt til ákæru, getur aðili krafizt úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur ríkissjóði til bóta. Kveður dómari þá upp úrskurð um kröfuna, að fengnu áliti dómsmálaráðherra. Úrskurði má áfrýja til æðra dóms. 2. Ef mál gengur til dóms, getur aðili krafizt úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur ríkissjóði, enda ber þá sækjanda og verjanda og tjá sig um hana í flutningi máls þar. Ákvæðum dóms um bótakröfu má áfrýja til æðra dóms ásamt málinu eða sérstaklega, ef máli er ekki áfrýjað. 3. Nú eru þær leiðir ekki farnar, sem í 1. og 2. tölul. getur, og er aðila þá rétt að höfða mál í héraði, þar sem sú aðgerð fór fram, er krafa er á reist, með venjulegum hætti, enda sé dómsmálaráðherra stefnt fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim. Fer þá mál eftir reglum um meðferð einkamála, enda skal veita aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. En dæma má hann til greiðslu sakarkostnaðar, ef hann tapar máli, eftir almennum reglum.[b]) — **155. gr.** Ríkissjóður ábyrgist jafnan greiðslu bóta, en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið aðgerðum þeim, sem krafa var reist á, eða framkvæmt þær með sama hætti. — Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur samkvæmt 150.—152. gr., tekin upp af nýju og það kemur í ljós, að grundvöllur sá, sem bótakröfu mátti reisa á, var ekki fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna. — **156. gr.** Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer samkvæmt 3. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. — **157. gr.** Bótakrafa fyrnist á 6 mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var laus látinn úr refsivist.[c]) Ef refsimál hefur farið til hæstaréttar, telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar. — **158. gr.** Sökunautur, er orðið hefur fyrir þeim að-

a) XVIII, 162, X, 243. — b) XXV, 109—10, VII, 1, 484, X, 231—6, XI, 115. — c) I, 273, XII, 306, XX, 427, XXIII, 105, 113, X, 242.

a) Eldri úrlausnir en þessi lög, sjá við 151. og 152. gr. — b) XXIII, 104. — c) X, 243, XII, 306, XXV, 104—105.

1951 Nr. 27 5. marz

gerðum, sem taldar eru í 151.—153. gr., getur í stað bóta krafizt vottorðs þess opinbers starfsmanns, sem máli hans hefur ráðið til lykta, um það, að komið hafi í ljós, að sökunautur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur, að sökunautur eigi rétt á slíku vottorði, ber honum að láta það í té.

XIX. kafli. — Um sektir. — 159. gr. Ef sækjandi eða verjandi, hvort sem hann er skipaður eða ekki, gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt á hendur frá 200—5000 krónur í dómi eða úrskurði, eftir því sem á stendur.[a] — **160. gr.** Sömu sektum, er ákveða má samkvæmt 159. gr., skal sá sæta, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi.[b] — **161. gr.** Sá skal sæta sektum eða varðhaldi, sem brýtur bann dómara samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. eða í ræðu eða riti gefur opinberlega vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit. — Ef sækjandi eða verjandi brýtur ákvæði 1. málsgr. og brot þeirra þykja eigi varða nema sektum, enda liggi full vitneskja fyrir um það, má svo með fara, sem í 159. gr. segir. — Mál út af þessum brotum fara annars sem opinber mál almennt. **162. gr.** Ef brot þau, er í 159., 160. og 161. gr. segir, varða þyngri refsingu að lögum en þar segir, skal sækja þá sök í almennu opinberu máli. — **163. gr.** Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í ríkissjóð. — Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

XX. kafli. — Um dóma og úrskurði. — 164. gr. Úrskurði, er kveða þarf upp í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, eftir að atriði er tekið til úrskurðar. Úrskurðir skulu vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir. — **165. gr.** Ákvæði 191. og 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála. — **166. gr.** Dómar í opinberum málum skulu vera glöggir og skýrir svo sem kostur er á. Ekki

a) T. d. VI, 16, IX, 418. — b) XXIV, 62, XXI, 445, 441.

má skírskota til sannana eða atvika, er síðar kunna að koma fram. — Í dómi skal greina nafn, stöðu og heimili ákærða, svo að ekki verði um villzt, númer málsins, þing, stað og stund, er dómur er upp kveðinn, hvenær mál var tekið til dóms, nafn dómanda eða nöfn, ef fleiri eru en einn, málsatvik og málsástæður[a] þær, er máli þykja skipta, hugleiðingar dómara um niðurstöðu,[b] skilorð, ef skilorðsbundið er dæmt, réttarfarssektir, ef því er að skipta, um skaðabótakröfu, eignartöku, sakarkostnað[c] og annað, er máli kann að skipta. Niðurstöðu dóms skal síðan saman draga í niðurlag hans, eins og tízka hefur verið, að því leyti sem honum á að fullnægja með aðför, og svo ef ákærði er alsýknaður.[d] — Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, enda þótt eigi sé sett í þá aðfararákvæði sérstaklega. — Ef sektir eru dæmdar eða úrskurðaðar, skal ákveða í dómi eða úrskurði vararefsingu lögum samkvæmt tiltekinn tíma, er ákærði skuli þola, ef sekt greiðist ekki innan ákveðins tíma frá birtingu eða uppsögu dóms eða úrskurðar, sbr. 3. málsgr. 167. gr. — Ákvæði um aðfararfrest skal annars ekki setja í dóma eða úrskurði í opinberum málum, hvorki um refsingu né annað.[e] — **167. gr.** Dómari tilkynnir ákærða eða verjanda hans, ef þess er kostur, hvar og hvenær dómur eða úrskurður, ef með þarf og það á við, verði kveðinn upp, og með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða. — Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi í heyranda hljóði. Eftirrit af dómi eða úrskurði skal veita sækjanda og verjanda eða ákærða svo fljótt sem unnt er, ef þess er krafizt. — Ef ákærði er viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, þarf ekki að birta honum dóm eða úrskurð. Ella skal birting dóms fram fara með venjulegum hætti, og úrskurðar, er það á við.[f] — Ef ákærði er við dómsuppsögu eða úrskurðar staddur, telst frestur samkvæmt 4. málsgr. 166. gr. frá uppsögudegi, en ella frá birtingardegi. — Dómari gerir nauðsynlegar ráðstafanir til birtingar dóma og úrskurða. — Geta skal þess í þingbók, hvort ákærði hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar. Í eftirriti af dómsathöfnum þessum skal þess og geta. — **168. gr.** Dómur bindur ákærða, handhafa ríkisvalds og aðra aðila um atriði þau, sem þar eru dæmd, svo sem refsingu, skaðabætur,

a) V, 955, 965, XII, 118, XIV, 162, XXIV, 602. — b) XIV, 385. — c) XIV, 163, XVI, 334. — d) VII, 264. — e) I, 369, II, 20, VI, 58. — f) V, 995, VIII, 489, XI, 17, XV, 8.9

réttindamissi, réttarfarssektir, eignatöku, sakarkostnað o. s. frv. — Ákvæði 2. málsgr. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál. — **169. gr.** Refsiákvæðum,[a]) ákvæði um eignatöku, málskostnaðb) eða skaðabætur í dómi í opinberu máli eða úrskurði má ekki fullnægja með aðför fyrr en afráðið er, að því verði ekki skotið til æðra dóms, en þá má því þegar fullnægja, nema sekt skuli greiða og greiðslufrestur hennar sé ekki liðinn.

XXI. kafli. — Um kæru til æðra dóms. — 170. gr. Ekki verður skotið til æðra dóms: 1. Ákvörðun um, að meðdómendur skuli til kvaddir. 2. Ákvörðun um, að rannsókn eða meðferð máls skuli fara fram fyrir luktum dyrum. 3. Ákvörðun um brottvísun af dómþingi. 4. Synjun um skoðun skjala og kynningu annarra sakargagna. 5. Ákvörðun um, að verjanda skuli skipa. 6. Ákvörðun um fresti, sbr. þó 172. gr., 9. tölul. 7. Ákvörðun um skriflegan eða munnlegan málflutning. 8. Ákvörðun um að veita verjanda leyfi til viðtals við sökunaut. 9. Ákvörðun um, að rannsókn eða málsmeðferð skuli tekin upp af nýju. — **171. gr.** Dómsmálaráðherra einn getur kært til æðra dóms eða leyft aðila að kæra: 1. Úrskurði dómara, að hann eða meðdómandi skuli eða skuli ekki fara með mál.c) 2. Synjun á kvaðningu meðdómenda. 3. Frávísunardóm og úrskurð dómara samkvæmt 74. gr. 4. Ákvæði um sakarkostnað, sbr. þó 172. gr., 11. tölul.d) — **172. gr.** Aðili getur kært til æðra dóms: 1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa. 2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls. 3. Úrskurð um varðhald og aðra gæzlu á sökunaut og tryggingu.e) 4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa. 5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi. 6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.f) 7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn. 8. Úrskurð um líkrannsókn. 9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málflutnings.g) 10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið. 11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða, sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu. — **173. gr.** Kæra samkvæmt 172. gr., 1.—4. tölul., frestar ekki framkvæmdum í máli. Kæra samkvæmt 6. og 7. tölul. frestar ekki aðgerðum, ef hún varðar þóknun vitna eða mats- og skoðunarmanna. — Þegar öðruvísi stendur á, frestar kæra samkvæmt 172. gr. þeim framkvæmdum í rannsókn opinbers máls og meðferð, sem fara mundu í bága við niðurstöðu æðra dóms, ef hún yrði andstæð hinni kærðu dómsathöfn, nema slík framkvæmd verði talin brýnt nauðsynleg til þess að rannsókn málsins komi að fullu gagni, enda verður ákvörðun dómara um það efni eigi haggað. Þetta gildir þó ekki um vitnaheimild eða vitnaskyldu né um samsvarandi skyldu matsmanna eða skoðunarmanna. — **174. gr.** Þar sem kæra frestar framkvæmdum, skal dómari, eftir því sem unnt er, ganga þegar úr skugga um það, hvort kært verði. — Kærandi skal lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá því, er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra, bréflega til dómara eða með bókun í þingbók, og gera kröfur sínar ásamt þeim athugasemdum, er honum þykir hlýða, enda mega ný gögn og ný málsatvik koma fyrir æðra dóm. Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera eftirrit af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en sökunaut eða verjanda hans eitt eintak, svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.). Innan 3 sólarhringa eftir móttöku skjalanna getur æðri dómur lagt dóm á kærumálið, enda getur hver aðila sent honum athugasemdir sínar á þeim fresti. — Athugasemdir, er síðar koma, skal þó taka til greina, ef þær koma, áður en dómur er upp kveðinn. — Ef kæra frestar framkvæmdum rannsóknar eða málsmeðferðar, skal æðri dómur hafa lokið dómsorði á kærumál innan 10 daga frá móttöku skjalanna, nema mál sé sérstaklega margbrotið eða dómurinn telji óhjákvæmilegt, að nýrra gagna sé aflað. Að þeim fengnum fer um dómsuppsögu sem áður segir. — Aldrei má dómsuppsaga dragast lengur en 2 vikur, eftir að skjöl öll, þar á meðal ný sakargögn, hafa til æðra dóms komið, hvort sem kæra frestar framkvæmdum eða ekki. — Sekta skal kæranda um 200—5000 krónur til ríkissjóðs fyrir tilefnislausa kæru.

a) VIII, 489. — b) XV, 159. — c) XXIV, 36. — d) XXIII, 479. — e) (IX, 190—1). — f) (VII, 373, XX, 10, XXI, 149, 150, 152). — g) XXIV, 478.

1951 Nr. 27 5. marz

XXII. kafli. — Um áfrýjun.[a] — **175. gr.**[b] Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja dómi án kröfu ákærða: 1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira. 2. Ef sérstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir. — Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja eftir kröfu ákærða: 1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot. 2. Ef dæmd refsing nemur 5000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist. 3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans. 4. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 5000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef dómsmálaráðherra vill láta við dóminn sitja. — Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði. — Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun.[b] Rétt er dómsmálaráðherra að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans. — **176. gr.** Nú er máli áfrýjað að kröfu ákærða, og verður þá refsing eða önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd, nema ákæruvaldið áfrýi málinu í þessu skyni af sinni hálfu. — **177. gr.** Nú hefur ákærða verið dæmt áfall og svo er ekki farið sem í 1. tölul. fyrri málsgreinar 175. gr. segir, og skal héraðsdómari þá spyrja ákærða, ef hann er við dómsuppsögu staddur, hvort hann æski áfrýjunar, en ella skulu stefnuvottar gera það eftir fyrirlagi dómara, þegar þeir birta sakfellda dóminn.[c] — Nú er dómsmálaráðherra skylt að áfrýja eftir kröfu ákærða, og skal ákærði þá hafa að forfallalausu tilkynnt dómara kröfu sína um áfrýjun innan 2 vikna frá áðurnefndum tíma. Annars kostar má svo meta sem hann uni við dóminn. — Héraðsdómari skal jafnan afgreiða dómsgerðir til dómsmálaráðherra svo fljótt sem unnt er.[a] — **178. gr.** Ákvörðun um áfrýjun samkvæmt 175., sbr. 179. gr., frestar fullnustu ákvæða um refsingu, eignartöku, sakarkostnað, svo og skaðabætur, enda hafi ákærði ekki berum orðum samþykkt skaðabótakröfu að öllu leyti. Ákvörðun um áfrýjun frestar og ákvæðum dóms um réttindamissi, nema þau verði talin sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, eða óviðurkvæmilegt megi telja, að dómfelldi haldi réttindum þrátt fyrir áfrýjun.[b] Dómari getur þess í dómi, ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.[c] — **179. gr.** Þegar dómsmálaráðherra hefur fengið dómsgerðir, rannsakar hann, hvort skylt sé eða rétt að áfrýja máli af hálfu ákæruvalds eða eftir ósk ákærða. Ef fleiri en einn eru fyrir sökum hafðir, tekur hann ákvörðun um áfrýjun að því er varðar mál hvers þeirra.[d] — Dómsmálaráðherra skal hafa tekið ákvörðun um áfrýjun eigi síðar en 3 mánuðum eftir að dómsgerðir hafa komið honum í hendur. — Nú er áfrýjun ráðin, og ritar dómsmálaráðherra þá fyrirkall á dómsgerðir til ákærða eða ákærðu og annarra aðila þess efnis, að málinu sé stefnt til hæstaréttar, að það verði þar þingfest, svo fljótt sem kostur er, og aðili eða aðilar megi ekki vænta annars fyrirkalls. Síðan sendir dómsmálaráðherra dómara dómsgerðir til birtingar á fyrirkalli fyrir aðilum. Að lokinni birtingu endursendir dómari dómsgerðir til dómsmálaráðherra, er svo afgreiðir þær til hæstaréttar. Skipar þá forseti dómsins sækjanda og verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær síðan sækjanda. — **180. gr.** Sækjandi undirbýr ágrip dómsgerða með þeim hætti, sem tíðkazt hefur, og lætur síðan, er hann hefur veitt verjanda kost á athugun frumvarps síns, fjölrita ágrip. Þá er ágrip hefur borizt hæstarétti, ákveður forseti þingfestingardag máls og tilkynnir sækjanda og verjanda það með hæfilegum fyrirvara. — **181. gr.** Þegar er sækjandi og verjandi hafa fengið málsskjöl í

1951 Nr. 27 5. marz

a) Ýms atriði í sambandi við áfrýjun: Eldri dómar hafa ekki verið lagðir fram, I, 275, IV, 364, 603, 607, V, 1015, VII, 56, 548, 562, 564; sakavottorð (fæðingarvottorð) eru ekki meðal gagna máls, I, 275, VI, 562, 575, VII, 560, VIII, 576, XI, 56, XIII, 287, XVI, 333, XXI, 466; fölsuð gögn fylgja ekki máli út af fölsun, V, 78, XIX, 324; uppdráttur er ekki meðal málsskjala, V, 745, né úrskurður um húsleit, V, 329. — b) VIII, 485; áfrýjað gagngert til réttindasviptingar, XVI, 199, XXIII, 171, 344—5. — b) (II, 1308, XXI, 83). — c) V, 996, XII, 128.

a) VIII, 489, XI, 17, XII, 128, XV, 89; gallaðar dómsgerðir, XXI, 433. — b) V, 1047. — c) XXIII, 355, XXV, 149. — d) (VIII, 489).

hendur, sbr. 179. gr., ber þeim um leið og þeir undirbúa ágrip dómsgerða að gera skrá um þau atriði, er þeir telja miður rannsökuð en skyldi. Skulu þeir senda hæstarétti skrá þessa, um leið og honum berst ágripið. Hæstiréttur kveður síðan á um það, hvort leita skuli frekari gagna, og hvort dómurinn geri það sjálfur, sbr. 182. gr., eða hvort sækjandi og verjandi skuli gera gangskör að því með frekari prófun máls í héraði. Eftir að þeir hafa aflað þeirra gagna, sem dómur hefir boðið þeim, gera þeir viðbótarágrip, og senda síðan hæstarétti framhaldsrannsókn og viðbótarágrip. Ákveður dómur svo þingfestingu, sem áður segir. — **182. gr.** Nú ákveður hæstiréttur framhaldsrannsókn máls þar fyrir dómi, og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá, er prófa skal, enda fer um skyldu manns til þess að gefa skýrslu þar og veita fræðslu um hvert atriði, er dómur telur máli skipta, um prófun þeirra og um viðurlög með sama hætti, sem segir í lögum þessum um rannsókn og meðferð fyrir héraðsdómi. — **183. gr.** Um öll þau atriði, er varða galla á málatilbúnaði í héraði eða hæstarétti eða málsmeðferð í héraði eða undirbúning málsmeðferðar eða hana sjálfa í hæstarétti, getur hæstiréttur kveðið upp úrskurð eða dóm, áður en málflutningur þar hefst,[a]) eða á hverju stigi hans sem vera skal, svo sem um frávísun sakar frá dómi, hvort ómerkja skuli héraðsdóm, um fresti, um ágrip dómsgerða, um öflun frekari gagna o. s. frv. — **184. gr.** Nú verður það bert í flutningi máls eða við athugun dómenda síðar, að leita þurfi frekari gagna en þegar hefur verið gert, og ætla má, að framhaldsrannsókn kunni að bera árangur, og getur hæstiréttur þá kveðið upp úrskurð, þar sem héraðsdómari, sækjandi og verjandi eru skyldaðir til að afla fræðslu um þau atriði, sem til eru tekin í úrskurði, og um það annað, sem framhaldsprófun veitir efni til. — **185. gr.** Hæstiréttur vísar máli frá dómi vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef ákæra hefur ekki verið birt aðilum eða fyrirkall til hæstaréttar. Ómerkt getur hæstiréttur héraðsdóm, ef verulegir gallar þykja á meðferð hans annars í rannsókn eða málsmeðferð, enda þyki eigi hentara að bæta úr því með þeim hætti, sem í 181. og 182. gr. segir. — **186. gr.** Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara sekt á hendur, 200—2000 krónur til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós.[a]) Einnig er ákærða rétt að krefjast þess, að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir rannsókn opinbers máls og meðferð, og ber þá dómsmálaráðherra að setja í fyrirkallið kröfu hans í því efni.[b]) Svo getur dómsmálaráðherra af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í fyrirkalli. — Sækjanda ber að gæta hagsmuna ríkisvaldsins gagnvart dómara, ef hann er krafinn ábyrgðar, en verjanda hagsmuna ákærða að því leyti. Nú kemur héraðsdómari fyrir hæstarétt vegna ábyrgðarkröfu og er sýkn dæmdur, og getur dómurinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef dómsmálaráðherra hefur gert hana, til þess að greiða dómara málskostnað. — **187. gr.** Nú þykir sækjandi eða verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert þeim, öðrum eða báðum, 200—2000 króna sekt á hendur til ríkissjóðs.[c]) — **188. gr.** Nú þykir hæstarétti að vísu vera gallar á verki héraðsdómara, sækjanda, verjanda eða annarra, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá talið gallana og vítt viðkomendur fyrir þá, eftir því sem honum þykir ástæða til.[d]) — **189. gr.** Dómar hæstaréttar skulu afgreiddir til dómsmálaráðuneytis með þeim hætti, sem nú tíðkast.

XXIII. kafli. — Um endurupptöku dæmdra opinberra mála. — 190. gr. Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli, og verður það mál þá ekki síðan tekið upp af nýju, nema til þess séu þau skilyrði, er í þessum kafla segir. — **191. gr.** Eftir kröfu dómsmálaráðherra skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir miklu minna brot en það, er hann var borinn, upp af nýju: 1. Ef ákærði hefur, síðan dómur gekk, játað sig hafa framið brot það, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram, er ótvírætt benda til sektar hans. 2. Ef ákærði eða aðrir hafa haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá þau málalok, sem orðin eru, svo sem ef falsvitna er aflað, fölsuð skjöl eru látin fram koma, vitni, mats- eða skoðunarmenn gefa vísvitandi rangar skýrslur, enda megi

a) V, 821.

a) T. d. XI, 17. — b) VI, 44. — c) T. d. VI, 16. — d) T. d. V, 1058—9, VII, 263—4.

1951 Nr. 27 5. marz

ætla, að slík skjöl eða hegðun hafi orkað málalokum að öllu eða nokkru leyti. — **192. gr.** Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir að mun meira brot en það, er hann hefur framið, skal taka mál upp af nýju: 1. Ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur eða dæmdur fyrir að mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk. 2. Ef ætla má, að falsgögn eða athæfi, sem í 2. tölul. 191. greinar getur, hafi valdið refsidómi að einhverju leyti eða öllu. — Ef nokkur þeirra aðila, er að lögum eiga að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fá vitneskju eða rökstuddan grun um nokkur þeirra atriða, er í 1. og 2. tölul. segir, þá ber þeim að veita dómfellda vitneskju um það. — Ákvæði 3. og 4. málsgr. 175. gr. taka og til endurupptöku eftir þessari grein. — **193. gr.** Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til hæstaréttar og send dómsmálaráðherra. Greina skal í beiðni þau atriði, er vefengd eru í dómi, og þær ástæður, sem til vefengingar eru taldar liggja, sbr. 191. og 192. gr. Skjöl, er beiðni kunna að vera til styrktar, skulu fylgja henni, eftir því sem unnt er. — Nú er beiðandi sviptur frelsi, og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni um endurupptöku eftir ósk aðila og koma henni á framfæri, enda er dómara skylt að skipa honum þegar réttargæzlumann, ef þess er óskað. Ef gallar þykja vera á beiðni, skal aðila jafnan veittur kostur á að lagfæra þá, áður en ráðið er, hvort hún skuli tekin til greina eða ekki. — **194. gr.** Dómsmálaráðherra sendir beiðnina til hæstaréttar ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn héraðsdómara, ef um héraðsdóm er að tefla. — Hæstiréttur lætur héraðsdómara framkvæma nauðsynlega rannsókn, áður en hann tekur ákvörðun um endurupptöku. — Nú leiðir rannsókn í ljós, að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt, og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra beiðni sína í samræmi þar við. — **195. gr.** Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, og gerir dómsmálaráðherra þá ráðstafanir til áfrýjunar málsins, og fer um meðferð þess fyrir hæstarétti samkvæmt ákvæðum laga þessara. — **196. gr.** Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku hæstaréttarmáls, og fer þá um rannsókn samkvæmt 181. eða 182. gr.[a]) — Um undirbúning málsmeðferðar og flutning fyrir hæstarétti fer samkvæmt ákvæðum laga þessara. — Nú telur hæstiréttur ekki rök hníga til breytingar á dómi, og vísar hann endurupptökumáli þá frá sér. Annars kostar dæmir hæstiréttur málið að efni til. — **197. gr.** Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns, og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi. — **198. gr.** Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu dómsmálaráðherra, og fer þá um málskostnað eftir ákvæðum 141. gr. — Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema aðili hafi aflað úrskurðar til hennar með skýrslum, er hann vissi ósannar vera. Skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum. — **199. gr.** Ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms, nema hæstiréttur mæli svo. — Heimil er endurupptaka máls, þótt aðili hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því.

1951 Nr. 27 5. marz

XXIV. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 200. gr. Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1951. — Lögmæti aðgerða þeirra, sem fram hafa farið fyrir gildistöku laga þessara, skal meta eftir eldri lögum. — Aðgerðir, sem fram fara eftir gildistöku laga þessara, skulu fara eftir þeim. — **201. gr.** Nú hefur stefna til héraðsdóms eða tilkynning, sem í stað stefnu kemur, verið birt ákærða eða einhverjum þeirra eða öllum, ef fleiri eru, og skal þá málsmeðferð fara eftir eldri lögum, nema dómsmálaráðherra þyki 130. gr. laga þessara taka til sakarefnis og ástæða vera til málsmeðferðar eftir 131.—136. gr. sömu laga. Rétt er og að hafa meðferð á máli slíka sem í 5. gr. laga þessara segir, þótt máli sé svo komið sem áður var sagt, enda sé þá aðilum veittur kostur varnar eftir þörfum.

1823 8. jan.

Opið bréf um testamenti og notarialgerðir. . . . **6)** Við svarakröfur (til mannanefnda) skulu munnleg andsvör hlutaðeigenda, ef þessir fyrirsynja, ekki gerast að álitum, nema svarakrafan sé framsett af notario publico. — **7)** Undir ströngustu embættisábyrgð sé notario uppálagt sjálfum að framkvæma þau verk og meðtaka þær skýrslur, um hverjar hann ber vitni, þó má, ef við þarf, annar á-

a) Mál endurupptekið samkv. tilmælum héraðsdómara, X, 316.

1823 8. jan. reiðanlegur maður . . . setjast . . . til að framkvæma verk hans í forföllum þessa embættismanns og ber þess í gerðunum, sem útgefast, að geta, er þau verk af þvílíkum útréttast. — 8) Loksins ber notario til alls, er honum viðkemur að framkvæma, framvegis tvö vitni til staðfestingar að brúka.[1])

1935 Nr. 112 18. maí **Lög um hæstarétt.**

I. kafli. — Almenn ákvæði. — 1. gr. Stofna skal hæstarétt á Íslandi, og er dómsvald hæstaréttar Danmerkur í íslenzkum málum jafnframt afnumið. — **2. gr.** Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstiréttur tekur til starfa. Til hæstaréttar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir. — **3. gr.** Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti hæstaréttar sem formaður, 2 hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri í dóminum, og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í héraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annarra kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli. — Um skipun hæstaréttar o. fl. — 4) gr. Hæstarétt skipa 5 dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta til ekki skemmri tíma en árs í senn. — **5. gr.** Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3. Með konunglegri tilskipun skal kveðið á um, hvenær dóm skal setja með 5 dómendum. — Ef autt verður sæti forseta, kjósa hinir dómendurnir forseta í stað hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans. Ef forseti víkur sæti í máli eða forfallast, þá kjósa hinir dómendurnir forseta, meðan hins reglulega forseta er ekki kostur. — Nú verður dómur ekki fullskipaður, sakir þess að dómari eða dómarar víkja sæti í máli og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern kennara lagadeildar háskólans eða einhvern meðal hæstaréttarmálflutningsmanna eða einhvern héraðsdómara, sem fullnægir skilyrðum þessara laga, til þess að vera skipaður dómari í hæstarétti, og er þeim skylt að taka við þeirri kvaðningu. — Nú forfallast dómari, eða sæti hans verður laust af öðrum ástæðum, og velur þá dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum dómsins, einhvern lagakennara háskólans til að taka sæti í dóminum, þar til hinn reglulegi dómari tekur þar aftur sæti eða þar til nýr dómari verður skipaður. — Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði. — **6. gr.** Hæstaréttardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum: 1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, er fengið hafa 2. einkunn við lagapróf, dómaraembætti, ef hæstiréttur mælir með honum, enda hafi hann sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögum eða lögfræðistörfum að öðru leyti. 2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta kennari í lögum við háskólann, hæstaréttarmálflutningsmaður, hæstaréttarritari, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, eða 5 ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, lögmanns eða bæjarfógeta í Reykjavík, við samningu dóma og úrskurða, eða fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík við rannsókn opinberra mála og samningu dóma í þeim, eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með fræðimennsku eða á annan hátt. 3. Sé 30 ára gamall. 4. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörfereldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarétti. — Áður en dómaraembætti í hæstarétti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni. — **7. gr.** Eigi má hæstaréttardómari taka þátt í meðferð máls: 1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli. 2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðilja eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. 3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. 4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.[a]) 5. Ef hann hefir fellt

1935 Nr. 112 18. maí

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apr. 1954 og l. nr. 85, 11. júní 1938, § 8.

a) IV, 493.

dóm eða úrskurð í málinu í héraði. 6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.a) — **8. gr.** Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarétti geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæðum þeim er í 7. gr. segir. — Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni. — **9. gr.** Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins. Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum. Laun ritara skulu ákeðin í launalögum. Þóknun annarra starfsmanna skal ákveðin í fjárlögum. — **10. gr.** Hæstaréttarritari hefir þessi störf á hendi: 1. Gefur út stefnur til hæstaréttar. 2. Heldur bækur hæstaréttar. 3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv. 4. Lætur í té eftirrit af bókum dómsins og skjölum. 5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur. 6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins. 7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins. — Samsvarandi störf öll vinnur hæstaréttarritari fyrir synodalrétt. — **11. gr.** Hæstiréttur heldur þessar bækur: 1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist. 2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði. 3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða. 4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv. 5. Dagbók. 6. Bréfabók. 7. Aukatekjubók. 8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga. — Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald. — **12. gr.** Hæstiréttur skal haldinn í Reykjavík. — Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstaréttar, hvar og hvaða dag og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

III. kafli. . . .[1])

IV. kafli. — Um stefnur og stefnufrest.b)

1) L. nr. 61, 4. júlí 1942, § 25. — a) IV, 493. — b) Um birtingu hæstaréttarstefnu o. fl., I, 618, II, 1291, V, 694, VI, 462, VIII, 421, XVII, 532, XXIII, 25.

— **21. gr.** Í einkamálum fer um stefnur til hæstaréttar sem hér segir: — 1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstaréttarritara. — Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það, að minnsta kosti viku fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður. — 2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.a) — Hæstaréttarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti. — **22. gr.** . . .[1])

V. kafli. — Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarétt.b) — **23. gr.** . . .[1]) — **24. gr.** Einkamálum öllum má áfrýja til hæstaréttar, ef sakarefni verður eigi met-

1) L. nr. 27, 5. marz 1951, § 202.

a) II, 1023, IV, 198. — b) Nokkur almenn atriði, er varða: *Áfrýjendur:* Þriðji maður, er telur sig eiga verðmæti, er fjárnumin hafa verið o. fl.: II, 364, 592, 559 (kona gerðarþola), V, 601 (hjón), 555, VIII, 169, sjá og um annarskonar meðalgöngu, II, 477, IX, 650. Eigandi skips áfrýjar sem sjóveðréttarþoli, V, 716, VII, 112, VIII, 421, IX, 341, 749. Vátryggjandi áfrýjar dómi, V, 816. Sameigendur gerast sakmiðlar, (XIX, 446). Maður, er eignast eign eftir uppsögu héraðsdóms, áfrýjar, VII, 378. Maður, er dvalfestur var í íbúð, stendur að áfrýjun á útburðargerð á hendur þeim, er leigði honum, XVI, 292. Sá, er dæmd hefir verið eiðsheimild, áfrýjar til lengingar á eiðsfresti, VIII, 454. Gæzluvarðhaldsúrskurði áfrýjað, X, 185. Málflytjandi áfrýjar sektarákvæði, VI, 311, (VII, 388). — Háttsemi málsaðilja samrýmist ekki áfrýjun máls, III, 367, IV, 770—1, (VII, 41—2), VIII, 485, XI, 328, XIII, 39, XIV, 321, XVII, 199, 256, 279, XIX, 375—6, XXI, 164—5, XXIII, 96. Vanrækt að stefna til HR öllum þeim, er stefna þarf, IV, 22, 117, V, 543, XV, 379, XIX, 151. Áfrýjun máls er áfrýjanda ekki nægilega ríkt hagsmunaefni, XIX, 66, XXIV, 290. Krafa, sem hreyft er í HR, ódæmd í héraði, II, 1158, 349, XIX, 230, 421, XXI, 184, XXIII, 132, 157. Krafa, málsástæða, mótmæli of seint borin fram, V, 674, VI, 461, VII, 450, XI, 320, XIV, 182, XXIV, 570. Stefnt til réttargæzlu í HR, t. d. V, 415, 460, VII, 6, 18, XXI, 42, 389, 456, XXIV, 626. Dómsákvæði ekki áfrýjað (gagnáfrýjað), II, 82, IV, (34), 64, 874, V, 43, 165, 1031, 197, VII, 317, 388, VIII, 44, 117, IX, 232, 676, XII, 285, XIII, 181, XIV, 293, XVII, 460, XIX, 285, XX, 365, XXIII, 278. Ódómhæf krafa, XXI, 47. Spurning, hvort dómsathöfn liggi fyrir, I, 262, VI, 579. Krafa ekki lögð til sátta, VII, 67. Gögn, sem fylgja eiga dómsgerðum, t. d. I, 275, IV, 824, VII, 56, 562, XIII, 255, XIX, 325. Fundið að tilefnislitlum áfrýjunum, XI, 343, XIX, 478, XXII, 263, XXIII, 489, XXIV, 570. Beitt réttarfarssektum vegna tilefnislausra kærumála, sjá við 188. gr. 3. tl. eml.

ið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.[a]) — Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstaréttar, ef krafan nemur 50 krónum.[b]) Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast. — Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 50 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu. — Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgr., eftir því sem við á. — **25. gr.** Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstaréttar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.[c]) — **26. gr.** Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstaréttar, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið.[d]) Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.[e]) — **27. gr.** Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarétti, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.[f]) — **28. gr.** Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir.[g]) Enn fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unnt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kennt.[a]) — Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs.[b]) Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert. — Ákvæði 27. gr. skal hér gilda, svo sem við á.[c]) — **29. gr.** Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála. — **30. gr.** Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstaréttar, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.[d]) — **31. gr.** Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstaréttar samkvæmt ákvæðum þessa kafla. — **32. gr.** Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarétti.[e]) — **33. gr.** Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.[f]) — Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.[g])

VI. kafli. — Um meðferð mála fyrir hæstarétti. — **34. gr.** Skjóta má dómsathöfn til hæstaréttar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt eð efni til.[h]) — **35. gr.** Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, svo sem tíðkazt hefir, eftir því sem samrýmanlegt er lögum þessum. — **36. gr.** Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarétti í einkamálum, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áð-

a) I, 262, VI, 579—80, VII, 318, VIII, 549, XXIV, 473, 475. — b) II, 599, 912, XXIII, 518. — c) II, 599, 912, X, 516, XI, 98, XII, 279. — d) I, 262, VIII, 440, IV, 170, IX, 115. —e) I, 262, II, 547, VIII, 440. — f) V, 415. — g) I, 153, II, 916, V, 682, XVII, 532, XXI, 46, XXIV, 555—6.

1) Sbr. nú l. nr. 27, 5. marz 1951, § 202, sbr. XXIII. kafli.

a) II, 398. — b) I, 196, 592, II, 698, 699, V, 682, XVII, 532. — c) II, 698, 699. — d) V, 694, 948, X, 316, XIV, 97. — e) XII, 308, XX, 427. — f) V, 116, XXI, 44. — g) V, 257—8, 444, 1058—9, VII, 392. — h) VIII, 70, VI, 462, X, 405, XXIII, 25.

ur.[a]) Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv., með sama hætti sem áður gilti um yfirdómsmál.[b]) — Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í stefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn, eða eftirrit af þeim, og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstaréttar að minnsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.[c]) — **37. gr.** Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram á skrifstofu hæstaréttar, að minnsta kosti viku áður en mál skal flytja munnlega, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.[d]) — **38. gr.** Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarétti skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði. — Mál skal þó flytja skriflega: 1. Ef stefndur sækir eigi þing, og 2. Ef réttur-inn leyfir það, enda hafi að minnsta kosti annar aðilja eða umboðsmanna óskað þess. — **39. gr.** Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala sjálfur einu sinni. — Þegar mál er skriflega flutt, er rétt, að sókn og vörn sé tvisvar flutt. — **40. gr.** Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.[e]) — **41. gr.** Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi.[f]) En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt. — Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef hæstiréttur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað. — Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.[a]) — Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstiréttur þá fresti til sóknar og varnar. — **42. gr.** Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá hæstarétti, þá skal hann skýra hæstaréttarritara frá því og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.[b]) — **43. gr.** Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

VII. kafli. — Um uppsögn dóma og úrskurða o. fl.[c]) — **44. gr.** Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið. Ef mál er munnlega flutt, má að jafnaði ekki fyrir taka munnlegan flutning annars máls fyrr en dómur er ákveðinn. — **45. gr.** Áður en dómur eða úrskurður er uppkveðinn í máli, sem flutt hefir verið munnlega, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útivistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði greiðir sá fyrstur, sem til er kjörinn hverju sinni, enda færi hann atkvæði sitt í letur, er verður frumvarp að dómi eða úrskurði. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði. — Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úslitum. — **46. gr.** Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, sem þar til verður kjörinn, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Síðan ganga skjöl málsins og frumvarpið milli hinna dómendanna, er gera svo tillögur sínar um málið. Ef breytingartillögur koma fram við frumvarpið eða ágreiningur verður um forsendur eða niðurstöðu, skal fund halda um málið og ákveða dóm eftir því, er í 45. gr. segir. — **47. gr.** Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta,

a) VII, 307—8, 450, 469, XI, 321—2. — b) IV, 422, VI, 1, XXI, 399, (IV, 178). — c) IV, 422, VII, 469, IX, 677—8. — d) XX, 55—6, (IV, 824). — e) XXIV, 289. — f) V, 594, XXIV, 290.

a) IV, 793, 847, XVII, 139. — b) XV, 245, XX, 54, XXI, 164. — c) Um málskostnað í dómum HR, sjá t. d. VIII, 371, 548, X, 412, XI, 255, 299, XV, 242, XXI, 64, 329, XXII, 137, 264, XXIII, 104, XXIV, 144, 194, 263, 285, 345—6, XXV, 117—18; sjá og við upphaf XII. kafla eml.

1935 Nr. 112 18. maí

1935 Nr. 112 18. maí

skal atkvæði greiða um efni máls eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega. — Öll atkvæði skal rita á samskonar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem afsals- og veðmálabækur samkvæmt lögum nr. 30 7. maí 1928, og eru það atkvæðabækur dómsins. — **48. gr.** Í dómi skal greina: 1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er. 2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti, sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóma. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjunar dómsathafnar, og greinir hann þá rök sín í forsendum. — **49. gr.** Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefir verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis. — Alla dóma hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta jafnharðan í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækilegt efnisyfirlit. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafnsins og fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður. — **50. gr.** Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkennt. — Í opinberum málum er hæstiréttur þó ekki bundinn við kröfur málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts. — **51. gr.** Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi. — Dómsgerðir hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta undir. — Hæstaréttarritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

VIII. kafli. — Um gjöld, sektir o. fl. — 52. gr. . . .[1]) — **53. gr.** Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í ríkissjóð.[a]) — **54. gr.** Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.[1])

IX. kafli. — Niðurlagsákvæði. — 55. gr. Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið. — **56. gr.** Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstiréttur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstaréttar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstiréttur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda. — Hæstaréttardómarar eiga sæti í landsdómi. — **57. gr.** Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað. Dómarar skulu þó aðeins vera 3 þangað til fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum.

1) L. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. –

1935 Nr. 112 18. maí

Norsku lög Kristjáns V.

1687 15. apríl

I. bók, 6. kap. — Um málskot. — 1. Nú fela málsaðiljar dánumönnum að ráða til lykta ágreiningi, og er oddamaður með eða eigi, þá er allt það, sem þeir gera, enda sé það heimilt eftir umboði þeirra, statt og stöðugt, og verður því eigi skotið til nokkurs dómstóls til ógildingar. En þó heldur konungur sínum rétti. — **11.** Ef maður áfrýjar dómi undirdómara fyrir yfirdómara til ónýtingar, og sá dómur verður í öllum greinum staðfestur af yfirdómaranum, þá ber honum að greiða andstæðingi sínum hæfileg ómakslaun og undirdómaranum það sem sanngjarnt er eftir málavöxtum. — **15.** Svo er og, ef maður vill stefna andstæðingi sínum og kærir eigi yfir málsmeðferð eða dómi, heldur yfir því, að andstæðingur hans hafi annað hvort krafizt þess, er síðar sést, að áður hafi verið greitt, eða hann hafi á annan hátt beitt rangindum í málinu, þá má hann stefna andstæðingi sínum fyrir . . . hæstarétt fyrir það tjón, er hann hefir þannig bakað honum með ólöglegu móti eða fyrir fals, eftir því sem málavextir eru til og hann treystir sér til að halda fram og verja

1) Sbr. l. nr. 40, 14. apríl 1954, § 43. — 2) T. d. II, 1171, VI, 117, 123, IX, 68.

1687 15. apríl

með réttu. — **18.** Nú kemur maður með mál fyrir . . . hæstarétt konungs, er hefir þegar verið eða átti að hafa verið dæmt í undir- og yfirdómi, og hann hefir þó eigi með sér dómrit í málinu, þá skal honum vísað frá dómi, og gjaldi andstæðingi sínum ómaksbætur.

I. bók, 9. kap. — Hverjir megi sækja dómþing fyrir sjálfa sig og aðra. — 13. Nú fer málflutningsmaður út fyrir umboð sitt, umbjóðanda sínum til tjóns, þá ber honum að svara umbjóðanda fyrir það.

1831 21. des.

Tilskipun um lögleiðing nokkurra lagaboða á Íslandi, sem út komu fyrir Danmörku árið 1827.

I. 1) . . . Einnig á stiftamtmaðurinn yfir Íslandi[1]) . . . að geta meðdeilt: f) Leyfisbréf til að leiða ný vitni og framleggja ný skjöl, í þeim málum, er kærð verða fyrir nefndum yfirrétti.[2]) — **2)** Bónarbréf um þau í 1. gr. nefndu leyfisbréf eiga að vera löguð eftir því, sem fyrirskrifað er um þau bónarbréf, er fyrir oss fram leggjast . . . þau undir bókstafsmerkinu f tilgreindu leyfisbréf meðdeilast án borgunar, þegar hlutaðeigandi hefir beneficium paupertatis eður processus gratuiti til þess málaferlis, en annars ekki.

1895 Nr. 19 2. okt.

Lög um stefnur til æðri dóms í skiptamálum.

1. gr. Þá er skotið er til yfirdóms skiptagerð, úrskurði, uppkveðnum meðan á skiptunum stendur, eða öðrum gerðum skiptaráðanda, er áfrýja má, skal stefna aðeins birt skiptaráðanda þeim fyrir hönd búsins, er þá ályktan hefir gert, sem áfrýjað er, og hlutaðeigendum þeim, er komið hafa fram sem málsaðilar við meðferð þess málsatriðis, sem skotið er til æðri dóms, enda séu þeir heimilisfastir á Íslandi eða hafi þar umboðsmenn og sé það tilkynnt og skráð í skiptabókinni og hafi þeir umboð til að taka á móti stefnu fyrir hinna hönd.[a]) — Nú hafa skiptaforstjórar, er tilnefndir eru í erfðaskrá, haft bú til skipta, og skal þá einnig stefna þeim, nema þeir séu dánir, áður áfrýjað er, og aðrir eigi tilnefndir í þeirra stað, eða sé þeim á annan hátt varnað að taka á móti stefnunni. — Við birting stefnunnar fyrir skiptaráðanda skal veita honum 6 vikum lengri fyrirvara en almennt er fyrirskipað. — **2. gr.** Þegar áfrýjunarstefna hefir verið birt skiptaráðanda, skal hann annast um, að kvatt sé til skiptafundar og boðað til hans eftir reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 23. gr. laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., og skal þess með skýlausum orðum getið, að áfrýjun hafi farið fram; á skiptafundi þessum skal gera ályktun um, hvað gera skuli út af áfrýjuninni. — **3. gr.** . . .[1])

1895 Nr. 19 2. okt.

Opið bréf (frá kansellíinu) um birting á stefnum fyrir stroknum föngum.

1820 15. des.

Hans Hátign konunginum hefir 6. þ. m. . . . allramildilegast þóknazt að úrskurða á þá leið: Að þegar sakamálum er stefnt fyrir æðra rétt, skuli sú fyrirkallsauglýsing gild álítast, sem fram fer í fangelsinu, þó fanginn kynni þaðan að vera strokinn.

---

1) **Nú dómsmálaráðuneytið.** — 2) Nú Hæstarétti.

1) L. nr. 22, 6. okt. 1919, § 57. — a) II, 55, III, 422, XV, 380.